01	Forsætisráðuneyti	64 211	86 925	22 714	35,4
02	Menntamálaráðuneyti	1 178 898	1 798 569	619 671	52,5
03	Utanríkisráðuneyti	78 565	128 822	50 257	64,0
04	Landbúnaðarráðuneyti	348 009	558 273	210 264	60,4
05	Sjávarútvegsráðuneyti	122 456	168 449	45 993	37,6
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	328 926	499 688	170 762	51,9
07	Félagsmálaráðuneyti	252 699	402 778	150 079	59,4
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 895 282	4 892 308	1 997 026	69,0
09	Fjármálaráðuneyti	710 035	1 231 263	521 228	73,4
10	Samgönguráðuneyti	828 698	1 151 151	322 453	38,9
11	Iðnaðarráðuneyti	260 178	420 728	160 550	61,7
12	Viðskiptaráðuneyti	506 730	884 625	377 895	74,6
13	Hagstofa Íslands	5 796	9 102	3 306	57,1
14	Ríkisendurskoðun	7 049	10 755	3 706	52,6
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	270 519	375 790	105 271	38,9
		7 909 120	12 690 987	4 781 867	60,5

7. Framkvæmdaframlög 1982 og 1983

(Framlög til verklegra framkvæmda, fjárfestingarstyrkir og framlög til fjárfestingarsjóða, lánagreiðslna og endurlána).

	Fjárlög 1982 í þús. kr.		Frumvarp 1983 í þús. kr.	
Framkvæmdaframlög samtals		**1 333 044**		**1 851 352**
I Verklegar framkvæmdir		**826 889**		**1 083 807**
1. Hreinar ríkisframkvæmdir		509 561		674 279
Þar af:				
Vegagerð, nema sýsluvegir og vegir í kauptúnum	311 795		411 615	
Skólabyggingar	69 907		87 978	
Landshafnir	2 500		5 500	
Flugmál	33 100		41 375	
Ríkisspítalar	28 217		40 200	
Landgræðsluáætlun, landvernd og skógrækt	24 938		36 693	
Annað	39 104		50 918	
2. Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum		317 328		409 528
Þar af:				
Skólabyggingar	89 801		114 710	
Hafnargerð	66 685		82 456	
Sjúkrahús og læknisbústaðir	63 300		78 605	
Landbúnaðarmál	48 162		64 200	
Sýsluvegir	19 500		24 960	
Annað	29 880		44 597	
II Fjárfestingarstyrkir		**51 895**		**80 774**
1. Til sveitarfélaga		43 418		71 538
Þar af:				
Vegir í kauptúnum og kaupstöðum	43 000		71 030	
Annað	418		508	
2. Til einstaklinga og samtaka		8 477		9 236
III Framlög til fjárfestingarsjóða, lánagreiðslna og endurlána		**454 260**		**686 771**
1. Til fjárfestingarsjóða		345 144		455 822
Þar af:				
Byggingarsjóður ríkisins	57 200		71 514	
Byggingarsjóður verkamanna	111 314		148 050	
Byggðasjóður	52 500		69 825	
Fiskveiðasjóður	25 960		26 600	
Stofnlánadeild landbúnaðarins	16 660		20 828	
Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra	28 140		39 960	
Framkvæmdasjóður aldraðra	24 500		34 790	
Lánasjóður sveitarfélaga	4 410		5 510	
Erfðafjársjóður	9 832		16 185	
Iðnlánasjóður	500		625	
Iðnrekstrarsjóður	10 000		16 564	
Aðrir sjóðir	4 128		5 371	

		Fjárlög 1982 í þús. kr.		Frumvarp 1983 í þús. kr.
2. Til lánagreiðslna og endurlána		109 116		230 949
Þar af:				
Ríkisábyrgðasjóður	13 000		20 000	
Sjóefnavinnslan vegna yfirtöku lána	—		1 200	
Landshafnir, endurgreiðsla lána	1 187		1 463	
Hafnarbótasjóður	5 130		6 410	
Orkusjóður:				
1. Dreifikerfi í sveitum	21 000		27 000	
2. Lánagreiðslur, framlög	17 000		75 809	
3. Jarðhitaleit	3 000		4 000	
4. Sveitarafvæðing	2 700		4 500	
Rafmagnsveitur ríkisins	7 750		12 170	
Ríkisútvarp-sjónvarp	2 200		1 312	
Félagsheimilasjóður	7 290		10 352	
Lántökukostnaður vegna l. nr. 9/1980, 13/1981 og 13/1982	19 707		55 233	
Landhelgissjóður	5 449		9 697	
Annað	3 703		1 803	

8. Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B- hluta og fjáröflun til þeirra.

	Fram-kvæmdir þús. kr.	Eigið fé þús. kr.	Fjár-veiting þús. kr.	Lán-tökur þús. kr.
A-HLUTI				
II Hita- og vatnsveitulagnir	**5 000**		**5 000**	
Vatnsveitur	5 000		5 000	
III Samgöngumannvirki	**545 121**		**270 171**	**274 950**
Vegagerð	411 615		162 615	249 000
Almenn hafnargerð	84 181		63 731	20 450
Landshafnir	5 500			5 500
Flugvallagerð	41 375		41 375	
Önnur samgöngumál	2 450		2 450	
IV Önnur opinber starfsemi	**533 686**		**523 686**	**10 000**
Skólabyggingar	202 688		202 688	
Sjúkrahús	118 805		118 805	
Landbúnaðarmál	106 298		106 298	
Aðrar framkvæmdir	105 895		95 895	10 000
Samtals A-hluti, sbr. töflu 7, verklegar framkvæmdir	**1 083 807**		**798 857**	**284 950**
B-HLUTI				
I Raforku- og rafveituframkvæmdir	**211 230**	**33 100**	**1 000**	**177 130**
Landsvirkjun	18 100	18 100		
Rafmagnsveitur ríkisins	153 630	15 000		138 630
Dreifikerfi í sveitum	27 000			27 000
Sveitarafvæðing	12 500		1 000	11 500

	Framkvæmdir þús. kr.	Eigið fé þús. kr.	Fjárveiting þús. kr.	Lántökur þús. kr.
II Hita- og vatnsveitulagnir	**19 000**			**19 000**
Hitaveitur, lán Orkusjóðs	7 500			7 500
Jarðhitaleit	11 500			11 500
III Samgöngumannvirki	**165 710**	**111 210**		**54 500**
Póstur og sími	129 300	74 800		54 500
Ríkisútvarp	34 910	34 910		
Skipaútgerð ríkisins	1 500	1 500		
IV Önnur opinber starfsemi	**109 375**	**26 000**		**83 375**
Áburðarverksmiðja ríkisins	43 375			43 375
Landssmiðjan	31 000	19 000		12 000
Sementsverksmiðja ríkisins	35 000	7 000		28 000
Samtals B-hluti	**505 315**	**170 310**	**1 000**	**334 005**
Samtals A- og B-hluti	**1 589 122**	**170 310**	**799 857**	**618 955**

9. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa
Skipting eftir tekjustofnum

	Þús. kr.	Þús. kr.
Erfðafjárskattur		21 600
Erfðafjársjóður	16 185	
Gúmmígjald		1 500
Vegasjóður	1 500	
Innflutningsgjald af bensíni		406 800
Vegasjóður	406 800	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		3 000
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	3 000	
Álgjald		17 000
Byggðasjóður	17 000	
Miðagjald til Menningarsjóðs		1 400
Menningarsjóður	1 400	
Skemmtanaskattur		11 000
Sinfóníuhljómsveit Íslands	1 100	
Félagsheimilasjóður	9 900	
Launaskattur til Byggingarsjóðs verkamanna		148 050
Byggingarsjóður verkamanna	148 050	
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		280 000
Tryggingastofnun ríkisins	280 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillubátum og búvélum		14 600
Tryggingastofnun ríkisins	14 600	
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		38 170
Atvinnuleysistryggingasjóður	38 170	
Sérleyfisgjald		400
Sérleyfissjóður	400	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		440
Gæsluvistarsjóður	440	
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		5 400
Framleiðslueftirlit sjávarafurða	5 272	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	128	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		20
Krabbameinsfélag Íslands	20	
Vitagjald		1 500
Vitastofnun Íslands	1 500	
Skipaskoðunargjald		600
Siglingamálastofnun ríkisins	600	
Bifreiðaskattur		160 000
Vegasjóður	160 000	
Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra		28 400
Framkvæmdasjóður aldraðra	28 400	
Skipulagsgjald		5 872
Skipulagsstjóri ríkisins	5 872	
Flugvallagjald		39 000
Flugmálastjórn	39 000	
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H. Í.		4 705
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	4 705	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		13 000
Ríkisábyrgðasjóður	13 000	
Sérlyfjagjald		430
Lyfjaskrárnefnd um sérlyfjaeftirlit	430	
Samúðarskeyti Landssímans		700
Minningarsjóður Landspítalans	700	
Rafmagnseftirlitsgjald		7 450
Rafmagnseftirlit ríkisins	7 450	
Verðjöfnunargjald		120 000
Orkusjóður	120 000	
Markaðir tekjustofnar skv. tekjuáætlun		1 331 037
Markaðir tekjustofnar skv. gjaldaáætlun	1 325 622	
Skerðing tekjustofna	5 415	
Samtals	1 331 037	1 331 037

10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa
Skipting eftir viðtakendum

		Þús. kr.
01-171	Byggðasjóður:	
	Álgjald	17 000
02-276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:	
	Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis H. Í.	4 705
02-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands:	
	Hluti skemmtanaskatts	1 100
02-976	Menningarsjóður:	
	Miðagjald til Menningarsjóðs	1 400
02-985	Félagsheimilasjóður:	
	Hluti skemmtanaskatts	9 900
05-215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	5 272
05-272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	128
07-272	Byggingarsjóður verkamanna:	
	Hluti af launaskatti	148 050
07-301	Skipulagsstjóri ríkisins:	
	Skipulagsgjald	5 872
07-971	Erfðafjársjóður:	
	Erfðafjárskattur	16 185
08-271	Tryggingastofnun ríkisins:	
	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	280 000
	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillubátum og búvélum	14 600
08-273	Atvinnuleysistryggingasjóður:	
	Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald	38 170
08-385	Framkvæmdasjóður aldraðra:	
	Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra	28 400
08-395	Lyfjanefnd og sérlyfjaeftirlit:	
	Sérlyfjagjald	430
08-399	Krabbameinsfélag Íslands:	
	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20
08-399	Minningarsjóður Landspítalans:	
	Samúðarskeyti Landssímans	700
08-471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	440
09-971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	13 000

		Þús. kr.
10-211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmígjald	1 500
	Innflutningsgjald af bensíni	406 800
	Bifreiðaskattur	160 000
10-332	Vitastofnun Íslands:	
	Vitagjald	1 500
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	600
10-471	Flugmálastjórn:	
	Flugvallagjald	39 000
10-672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	400
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	3 000
11-301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	7 450
11-371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	120 000
	Samtals	1 325 622

11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda

	%	%
Beinir skattar		19,0
Eignarskattar	2,8	
Tekjuskattar	16,2	
Óbeinir skattar		79,6
Gjöld af innflutningi	16,5	
Gjöld af framleiðslu	7,5	
Gjöld af seldri vöru og þjónustu	49,5	
Aðrir óbeinir skattar	6,1	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,2
Ýmsar tekjur		1,2
Samtals		100,0

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1981, fjárlögum 1982 og frumvarpi til fjárlaga 1983, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti).

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**51 167**	**51 069**	**71 761**
101	Embætti forseta Íslands	4 787	2 554	3 595
201	Alþingi	38 116	40 815	56 075
301	Ríkisstjórn	6 242	5 259	7 965
401	Hæstiréttur	2 022	2 441	4 126
01	**Forsætisráðuneyti**	**50 222**	**64 211**	**86 925**
101	Aðalskrifstofa	7 971	7 151	8 615
102	Þjóðhagsstofnun	2 515	2 547	4 018
171	Byggðasjóður, framlag	37 500	52 500	69 825
901	Húsameistari ríkisins	1 222	1 052	1 572
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	1 014	961	2 895
02	**Menntamálaráðuneyti**	**945 168**	**1 178 898**	**1 798 569**
101	Aðalskrifstofa	10 597	10 819	16 839
102	Húsakaup Laugavegi 166, Rvk., hluti	94	—	—
201	Háskóli Íslands	75 180	94 791	145 197
202	Tilraunastöð háskólans á Keldum	2 944	2 848	4 465
203	Raunvísindastofnun háskólans	8 934	10 275	15 111
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2 600	3 739	4 932
206	Orðabók háskólans	912	1 112	1 704
207	Íslensk málnefnd	—	—	345
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	1 872	2 203	3 719
232	Rannsóknaráð ríkisins	1 606	1 940	2 533
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	2 139	3 176	4 705
301	Menntaskólinn í Reykjavík	9 592	10 385	16 060
302	Menntaskólinn á Akureyri	8 488	9 335	13 558
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	3 008	2 888	4 590
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	13 587	14 395	21 758
305	Menntaskólinn við Sund	9 222	12 310	16 105
306	Menntaskólinn á Ísafirði	4 614	7 162	9 690
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	5 328	6 109	9 813
308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	3 203	4 361	7 719
319	Framhaldsskólar, almennt	1 329	6 276	7 923
321	Kennaraháskóli Íslands	13 694	19 526	28 256
322	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans	4 093	4 391	6 118
331	Íþróttakennaraskóli Íslands	1 936	6 174	11 598
336	Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	379	511	528
351	Fjölbrautaskólar í Reykjavík	26 877	31 213	44 695

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
352	Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	6 767	7 502	12 160
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	6 868	7 938	10 203
354	Fjölbrautaskólinn á Akranesi	6 141	10 232	14 922
355	Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	2 467	2 784	4 188
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	4 147	6 508	9 731
357	Fjölbrautaskólinn á Selfossi	2 042	6 405	10 433
358	Framhaldsskólinn í Neskaupstað	512	2 053	4 081
359	Verkmenntaskóli á Akureyri	—	3 300	6 100
422	Námsgagnastofnun	8 779	10 473	15 529
423	Endurskoðun námsefnis	4 414	5 134	7 713
431	Iðnfræðsluráð	2 131	2 863	4 157
501	Tækniskóli Íslands	8 466	10 280	14 706
506	Vélskóli Íslands	6 537	6 887	9 924
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	2 576	3 002	4 211
514	Iðnskólinn í Reykjavík	18 302	20 564	29 947
515	Iðnskólar utan Reykjavíkur	10 016	7 694	11 011
516	Iðnskólar, almennt	—	2 412	3 096
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	1 626	1 572	3 659
518	Fiskvinnsluskólinn	1 376	6 853	7 157
521	Hjúkrunarskóli Íslands	3 615	7 826	11 326
522	Nýi hjúkrunarskólinn	932	1 076	1 644
523	Fósturskóli Íslands	2 254	2 998	5 003
553	Hússtjórnarskólar	4 578	5 099	7 179
561	Myndlista- og handíðaskólinn	2 598	2 774	4 325
562	Leiklistarskólinn	1 731	1 651	2 628
563	Tónlistarfræðsla	15 738	18 820	28 853
571	Sjómannaskólahúsið	2 543	3 335	4 415
580	Samvinnuskólinn	3 000	3 369	4 518
581	Verslunarskóli Íslands	7 700	9 186	14 267
601	Héraðsskólinn Reykholti	3 628	2 562	3 696
602	Héraðsskólinn Núpi	2 511	2 261	3 272
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	1 457	1 248	1 881
604	**Héraðsskólinn Reykjum**	2 521	2 151	3 268
605	Alþýðuskólinn Eiðum	4 131	2 459	3 854
606	Héraðsskólinn Skógum	2 217	2 133	3 166
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	1 663	1 630	2 574
609	Héraðsskólinn Laugum	2 463	2 220	3 344
610	**Héraðsskólar, almennt**	—	6 250	5 230
621	Skálholtsskóli	1 135	897	1 232
679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	47	—	—
700	Grunnskólar, Reykjavík	90 542	92 148	135 546
710	Grunnskólar, Reykjanesi	76 113	72 652	121 258
730	Grunnskólar, Vesturlandi	32 256	29 567	46 638
740	Grunnskólar, Vestfjörðum	19 607	21 703	35 306
750	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	22 736	22 429	35 203

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
760	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	48 063	46 383	71 584
770	Grunnskólar, Austurlandi	26 471	25 324	40 489
780	Grunnskólar, Suðurlandi	37 914	39 062	58 477
791	Grunnskólar, almennt	4 775	11 669	17 310
792	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög	250	65 609	81 420
797	Skólar fyrir þroskaheft börn	24 284	22 284	36 873
799	Heyrnleysingjaskólinn	4 693	5 542	8 447
802	Vernd barna og ungmenna	805	814	1 610
803	Dagvistarheimli, stofnkostnaður	10 724	15 000	22 000
871	Unglingaheimili ríkisins	2 876	1 940	1 986
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	82 472	117 252	214 943
881	Náms- og fræðimenn, framlög	4 580	4 279	4 720
883	Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	79	161	236
884	Jöfnun á námskostnaði	6 392	9 450	14 175
885	Fullorðinsfræðsla	510	345	507
901	Landsbókasafn Íslands	3 126	3 585	5 441
902	Þjóðminjasafn Íslands	4 627	5 691	8 957
903	Þjóðskjalasafn Íslands	1 418	1 976	3 059
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	474	614	791
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	167	224	329
906	Listasafn Einars Jónssonar	359	512	761
907	Listasafn Íslands	1 617	2 165	3 739
908	Kvikmyndasafn Íslands	301	552	535
931	Náttúruverndarráð	2 361	2 711	3 825
972	Ríkisútvarp, sjónvarp	1 505	2 200	1 312
973	Þjóðleikhúsið, framlög	19 733	20 413	28 313
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	4 568	5 916	9 409
975	Vísindasjóður	80	80	80
976	Menningarsjóður, framlag	902	1 000	1 610
977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu	7 649	12 000	15 000
980	Listskreytingasjóður ríkisins	—	—	2 000
982	Listir, framlög	9 743	15 201	27 293
983	Ýmis vísindaleg starfsemi	111	207	156
984	Norræn samvinna	591	1 182	1 411
985	Félagsheimilasjóður	2 813	7 290	10 352
986	Íþróttasjóður	7 337	10 877	13 575
988	Æskulýðsmál	1 265	1 704	2 303
989	Ýmis íþróttamál	3 175	5 449	7 725
991	Húsfriðun	521	801	2 216
999	Ýmislegt	2 373	2 595	3 085

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
03	**Utanríkisráðuneyti**	**69 967**	**78 565**	**128 822**
101	Aðalskrifstofa	11 876	10 580	16 369
102	Varnarmáladeild	1 335	1 022	1 908
201	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	14 323	14 487	21 935
301	Sendiráð Íslands í Bonn	1 646	1 780	3 380
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1 800	1 994	3 479
303	Sendiráð Íslands í London	2 235	2 302	4 502
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	2 191	1 845	3 971
305	Sendiráð Íslands í Osló	1 834	2 029	3 655
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	2 480	2 445	4 488
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1 729	2 026	3 297
308	Sendiráð Íslands í Washington	2 272	2 999	5 735
309	Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York	2 894	3 490	6 588
311	Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO	2 638	2 641	4 461
312	Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	1 948	1 867	4 055
313	Sendiráð, almennt	—	—	50
399	Ýmis utanríkismál	7 019	12 532	16 748
401	Alþjóðastofnanir	11 747	14 526	24 201
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**278 755**	**348 009**	**558 273**
101	Aðalskrifstofa	2 470	2 946	4 423
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	2 664	3 325	4 260
172	Jarðasjóður	145	802	1 003
201	Búnaðarfélag Íslands	6 897	8 700	12 332
205	Veiðistjóri	1 669	1 275	1 749
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	12 320	13 706	18 085
207	Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum	2 113	3 563	5 582
231	Skógrækt ríkisins	8 294	7 183	11 458
235	Landgræðsla ríkisins	13 411	6 408	9 120
241	Landnám ríkisins	2 551	2 225	2 302
242	Mat á landbúnaðarafurðum	515	542	783
243	Sauðfjárveikivarnir	3 453	2 935	4 314
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	242	292	428
246	Veiðimálaskrifstofan	3 292	3 930	5 085
247	Yfirdýralæknir	4 610	5 474	7 661
270	Landgræðslu- og landverndaráætlun	158	14 248	20 230

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
271	Landgræðslusjóður, framlag	279	360	478
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	491	323	430
286	Landbúnaður, framlög	646	637	1 135
287	Stofnlánadeild landbúnaðarins	10 289	16 660	20 828
288	Jarðræktarframlög	34 167	48 295	64 843
290	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	145 096	160 000	262 650
291	Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973	6 341	5 548	7 976
299	Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála	3 651	20 200	65 824
501	Bændaskólinn Hvanneyri	6 045	7 450	11 565
502	Bændaskólinn Hólum	4 238	7 465	8 307
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	2 708	3 517	5 422
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**94 845**	**122 456**	**168 449**
101	Aðalskrifstofa	3 317	3 872	6 095
201	Fiskifélag Íslands	4 027	5 256	7 817
202	Hafrannsóknastofnun	33 197	39 693	59 786
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	5 264	7 289	10 897
215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	13 149	14 495	21 980
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	656	856	1 308
271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	50	—	—
272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	117	96	128
274	Aflatryggingasjóður	8 694	12 170	15 515
275	Fiskveiðasjóður	17 613	25 960	26 600
298	Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu	1 945	4 186	5 358
299	Ýmislegt á sviði sjávarútvegs	2 569	3 587	5 246
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	4 247	4 996	7 719
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**346 174**	**328 926**	**499 688**
101	Aðalskrifstofa	4 120	3 957	6 520
102	Stjórnartíðindi	1 543	1 755	2 199
103	Kosningar	1	—	—
201	Hæstiréttur	1 165	1 772	2 382
202	Ríkissaksóknari	2 245	2 696	4 086
203	Borgardómarinn í Reykjavík	4 335	4 721	7 208
204	Borgarfógetinn í Reykjavík	5 317	4 974	7 502
205	Sakadómur Reykjavíkur	4 037	4 793	7 117
206	Lögreglustjórinn í Reykjavík	61 173	64 317	95 898
207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	324	225	—
208	Rannsóknarlögregla ríkisins	11 855	12 978	19 790

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
209	Dómhús í Reykjavík	—	100	100
211	Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	322	196	300
212	Bæjarfógeti Akranesi	4 300	3 305	4 992
213	Sýslumaður Borgarnesi	4 624	2 461	3 743
214	Sýslumaður Stykkishólmi	4 928	3 896	5 545
215	Sýslumaður Búðardal	954	1 417	1 973
216	Sýslumaður Patreksfirði	2 625	1 923	2 903
217	Bæjarfógeti Bolungarvík	1 578	1 034	1 577
218	Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	5 342	3 493	5 104
219	Sýslumaður Hólmavík	1 713	1 049	1 104
221	Sýslumaður Blönduósi	3 280	2 424	3 631
222	Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	3 707	2 525	3 617
223	Bæjarfógeti Siglufirði	2 303	2 258	3 445
224	Bæjarfógeti Ólafsfirði	1 225	1 126	1 640
225	Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	14 620	10 057	15 032
226	Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	5 820	4 092	5 941
227	Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	3 957	2 136	4 537
228	Bæjarfógeti Neskaupstað	1 396	1 314	2 065
229	Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	3 475	4 206	7 509
230	Sýslumaður Höfn í Hornafirði	1 960	1 650	2 408
231	Sýslumaður Vík í Mýrdal	1 223	931	1 427
232	Sýslumaður Hvolsvelli	2 556	2 551	3 670
233	Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	5 215	4 615	6 751
234	Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	8 197	5 064	7 531
235	Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	13 849	9 960	15 011
236	Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	15 216	12 975	19 479
237	Bæjarfógeti Kópavogi	9 228	8 004	12 289
238	Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	740	848	1 279
241	Hegningarhús	2 681	2 997	4 496
242	Vinnuhælið Litla-Hrauni	10 372	9 155	15 376
243	Vinnuhælið Kvíabryggju	2 006	2 139	3 181
244	Fangelsi við Síðumúla	1 981	2 602	3 731
247	Eftirlitsstofnun með brotamönnum	441	485	751
251	Landhelgisgæslan	54 880	55 407	85 474
252	Bifreiðaeftirlit ríkisins	13 109	10 703	15 828
253	Almannavarnir ríkisins	1 754	1 891	1 839
254	Sjómælingar Íslands	2 371	2 640	3 595
255	Umferðarráð	1 306	1 397	2 498

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
262	Löggildingarstofan	571	609	931
281	Dómsmál, ýmis kostnaður	3 274	2 458	6 053
282	Ýmis löggæslukostnaður	2 370	2 939	3 999
283	Fangamál, ýmis kostnaður	1 099	3 253	1 859
284	Áfengis- og fíkniefnamál	75	97	143
301	Þjóðkirkjan	25 616	30 335	50 028
371	Kirkjubyggingasjóður	600	820	1 000
372	Kirkjugarðasjóður	1	1	1
373	Kristnisjóður	1 199	1 200	1 600
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**178 039**	**252 699**	**402 778**
101	Aðalskrifstofa	2 985	3 292	5 055
271	Húsnæðisstofnun ríkisins	47 910	57 200	71 514
272	Byggingarsjóður verkamanna	73 090	111 314	148 050
301	Skipulagsstjóri ríkisins	3 786	5 624	8 389
302	Ríkissáttasemjari	1 560	1 699	2 402
371	Lánasjóður sveitarfélaga, framlag	2 992	4 410	5 510
399	Vatnsveitur	1 700	3 200	5 000
951	Brunamálastofnun ríkisins	÷6	1	—
952	Endurhæfingarráð	336	488	707
953	Jafnréttisráð	297	372	722
954	Vinnueftirlit ríkisins	÷772	—	—
971	Erfðafjársjóður, framlag	10 500	9 832	16 185
972	Bjargráðasjóður Íslands	2 430	4 900	8 522
976	Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra	15 753	28 140	39 960
977	Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta	3 396	7 174	15 927
978	Heimili fyrir þroskahefta	—	—	47 084
981	Vinnumál	6 418	8 349	11 173
982	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	—	—	1 500
999	Ýmis framlög	5 664	6 704	15 078
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**2 386 107**	**2 895 282**	**4 892 308**
101	Aðalskrifstofa	4 272	4 256	7 135
271	Tryggingastofnun ríkisins	1 788 603	2 137 900	3 483 000
273	Atvinnuleysistryggingasj., framlag	62 453	78 600	120 000
274	Eftirlaunasjóður aldraða	7 549	9 818	14 570
301	Landlæknir	2 059	2 137	3 120
302	Ríkisspítalar, skrifstofa	8 314	7 832	12 981
310	Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar	—	2 567	2 917
311	Rannsóknastofa háskólans	6 637	9 436	12 385
312	Blóðbankinn	5 015	3 082	6 090
319	Matvælarannsóknir ríkisins	1 782	1 921	—
321	Geislavarnir ríkisins	—	223	—

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
322	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	1 633	1 796	--
323	Tryggingaeftirlitið	258	—	—
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	4 252	5 256	7 469
325	Hollustuvernd ríkisins	—	—	7 463
371	Landspítalinn	224 741	281 965	420 839
372	Landspítalinn, kvennadeild	35 105	40 939	65 890
373	Kleppsspítali	59 889	66 261	109 048
374	Vífilsstaðaspítali	22 741	23 676	39 038
375	Kristneshæli	8 656	9 765	16 154
376	Kópavogshæli	29 987	32 028	51 308
377	Vistheimilið Gunnarsholti	4 264	3 202	5 222
378	Læknishéraðasjóður	162	350	450
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	54 998	95 141	119 315
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	10 072	24 500	34 790
386	Landakotsspítali	—	—	153 393
387	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	—	—	122 729
391	Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	26 364	32 519	51 108
392	Berklavarnir	447	—	—
393	Skólayfirlæknir	354	340	—
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	505	442	639
399	Ýmis heilbrigðismál	10 530	13 921	17 137
471	Gæsluvistarsjóður, framlag	1 832	2 445	3 185
481	Bindindisstarfsemi	703	958	1 181
501	Ljósmæðraskóli Íslands	886	895	1 515
502	Þroskaþjálfaskóli Íslands	1 044	1 111	2 237
09	**Fjármálaráðuneyti**	**240 706**	**710 035**	**1 231 263**
101	Aðalskrifstofa	7 565	8 164	12 873
103	Ríkisbókhald	5 903	5 849	8 751
104	Ríkisfjárhirsla	1 793	1 553	2 563
201	Ríkisskattstjóri	6 702	7 159	10 936
202	Skattstofan í Reykjavík	10 216	11 937	18 024
203	Skattstofa Vesturlands, Akranesi	1 415	1 672	2 551
204	Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði	1 216	1 707	2 461
205	Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	1 360	1 630	2 554
206	Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	2 666	3 097	4 719
207	Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	1 357	1 534	2 476
208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	1 578	1 692	2 746
209	Skattstofa Vestmannaeyja	664	751	1 137
211	Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	3 539	4 076	6 225
212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	6 604	4 798	12 358
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1 436	1 732	2 650

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	4 006	3 569	5 235
261	Tollstjórinn í Reykjavík	9 560	10 534	15 870
263	Tollgæslan	12 027	12 520	19 655
282	Tollamál	798	412	6 350
381	Uppbætur á lífeyri	89 403	102 893	225 420
382	Eftirlaun samkvæmt launalögum	619	758	1 124
383	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn	809	1 016	1 016
384	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur	447	611	611
402	Fasteignamat ríkisins	5 194	4 596	6 893
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	1 403	25 000	37 000
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	769	218	—
971	Ríkisábyrgðasjóður, framlag	8 381	13 000	20 000
981	Skrifstofubygging við Suðurgötu, Hafnarfirði	6 081	3 600	2 580
989	Vegna launa- og verðlagsmála	—	420 000	511 600
990	Efnahagsráðstafanir	—	—	200 000
999	Ýmislegt	47 195	53 957	84 885
10	**Samgönguráðuneyti**	**621 668**	**828 698**	**1 151 151**
101	Aðalskrifstofa	2 518	2 686	4 152
211	Vegagerð ríkisins	423 058	593 330	838 000
321	Strandferðir, framlög	31 529	40 546	48 171
325	Rekstrardeild ríkisskipa	1 732	2 021	3 323
331	Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa	3 862	4 007	4 527
332	Vitastofnun Íslands	9 357	9 809	16 489
333	Hafnarmál	52 508	77 402	98 294
341	Siglingamálastofnun ríkisins	6 899	6 949	8 849
342	Sjóslysanefnd	299	392	294
471	Flugmálastjórn	69 417	67 314	92 834
485	Ýmis framlög	953	1 145	1 495
651	Ferðamálaráð	3 487	4 250	6 299
652	Veðurstofa Íslands	13 822	17 113	25 888
656	Landmælingar Íslands	1 665	1 334	2 136
672	Sérleyfissjóður	562	400	400
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**275 668**	**260 178**	**420 728**
101	Aðalskrifstofa	3 374	3 441	5 624
201	Iðntæknistofnun Íslands	6 453	8 089	12 315
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	5 298	5 674	8 399
204	Verkstjórnarnámskeið	303	349	415
205	Stjórnunarnámskeið	295	331	477

		Reikningur 1981 þús. kr.	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.
206	Námskeið í stjórn vinnuvéla	200	284	421
207	Eftirmenntun í iðju og iðnaði	300	600	1 300
221	Lánasjóðir iðnaðarins	15 982	10 500	17 189
234	Lagmetisiðjan Siglósíld	1 000	1 000	2 500
235	Fyrirtæki og stofnanir, framlög	1 604	2 176	2 894
240	Iðnaðarrannsóknir	—	—	4 000
289	Jöfnunargjald	20 854	29 866	43 355
299	Iðja og iðnaður, framlög	7 816	3 572	5 050
301	Orkustofnun	27 521	39 177	57 631
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	5 216	5 319	7 979
311	Landsvirkjun, eiginfjárframlag	3 820	—	—
321	Rafmagnsveitur ríkisins	25 428	7 750	12 170
371	Orkusjóður	148 233	135 450	233 409
399	Ýmis orkumál	1 971	6 600	5 600
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**426 188**	**506 730**	**884 625**
101	Aðalskrifstofa	3 377	3 997	6 464
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	388 500	466 000	839 000
202	Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar	28 759	30 000	29 200
902	Verðlagsstofnun	5 135	6 238	9 456
903	Skráning hlutafélaga	417	495	505
13	**Hagstofa Íslands**	**4 615**	**5 796**	**9 102**
101	Aðalskrifstofa	3 406	4 249	6 801
102	Þjóðskráin	1 209	1 547	2 301
14	**Ríkisendurskoðun**	**5 735**	**7 049**	**10 755**
101	Aðalskrifstofa	5 735	7 049	10 755
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**	**154 271**	**270 519**	**375 790**
101	Aðalskrifstofa	3 201	3 751	5 759
181	Ríkisbifreiðar, framlög	—	700	1 000
182	Tölvumál	341	3 076	4 031
991	Ýmis lán ríkissjóðs	150 729	262 992	365 000
	Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)	6 129 295	7 909 120	12 690 987

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til fjárlaga, sem hér er lagt fram, mótast af miklum efnahagserfiðleikum, er steðja að landsmönnum um þessar mundir. Um langt árabil hefur ekki horft jafnilla í efnahagsmálum flestra ríkja sem einmitt nú. Fullsýnt er, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur landsmanna dragast saman á árinu 1982 og til frekari samdráttar kann að koma á árinu 1983. Til viðbótar óvenjulega erfiðum ytri aðstæðum, lágu verði á afurðum og sölutregðu á sjávarafurðum og iðnaðarvörum kemur alvarlegur aflabrestur, stöðvun loðnuveiði og minnkandi þorskveiði. Við aðstæður sem þessar fer ekki hjá því að minna verði til skiptanna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna en áður var.

Fjárlagafrumvarpið einkennist eins og fyrri frumvörp þessarar ríkisstjórnar af eindregnum vilja til að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Fjárfestingar ríkisstofnana og framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga minnka að magni til. Hins vegar er leitast við að tryggja fólkinu í landinu óskerta félagslega þjónustu.

Ríkisstjórnin hefur tvívegis á árinu gripið til meiri háttar efnahagsráðstafana. Í lok janúarmánaðar beitti ríkisstjórnin sér fyrir verulegri niðurfærslu verðlags með stórauknum niðurgreiðslum, lækkun aðflutningsgjalda, lækkun launaskatts á iðnaði og lækkun stimpilgjalda. Jafnframt voru áætluð útgjöld ríkissjóðs á árinu 1982 lækkuð um 120 m. kr. með ýmiss konar sparnaðar- og aðhaldsaðgerðum. Ráðstafanir þessar náðu tilgangi sínum á fyrri hluta ársins og áformaður sparnaður ríkissjóðs hefur í meginatriðum staðist. Hins vegar voru nýjar aðgerðir óhjákvæmilegar um mitt ár til að styrkja stöðu útgerðar og fiskvinnslu eftir að verulegur aflasamdráttur lá fyrir ásamt sölutregðu á skreið. Með setningu bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsráðstafanir í ágústmánuði síðast liðnum var gengi krónunnar lækkað í þágu útflutningsatvinnuvega, tímabundið vörugjald hækkað og stefnt að samræmdri lækkun búvöruverðs, fiskverðs og verðbóta á laun 1. desember n. k. ásamt lækkun verslunarálagningar í kjölfar gengisbreytingar. Einnig voru ákvarðanir teknar um sérstakar bætur til láglaunafólks og fjárveitingar auknar til Byggingarsjóðs ríkisins.

Á undangengnum árum hefur fjárhagur ríkissjóðs breyst mjög til batnaðar. Á árunum 1975—1978 svaraði skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands til 4—5,2% af vergri þjóðarframleiðslu. Í árslok 1981 var skuldin hins vegar komin niður í 1,1% af vergri þjóðarframleiðslu.

Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1980 sem lagður var fram á s. l. ári var rekstrarafgangur ríkissjóðs um 3,7% af heildarútgjöldum.

Ríkisreikningur fyrir árið 1981 liggur nú fyrir. Heildartekjur ríkissjóðs voru 6 304 m. kr. og heildarútgjöld 6 129 m. kr. Rekstrarafgangur hefur því verið 175 m. kr. eða sem svarar 2,9% af heildarútgjöldum.

Á árinu 1982 hefur fjárhagur ríkissjóðs áfram verið í viðunandi jafnvægi. Í ágústlok voru tekjur ríkissjóðs samkvæmt bráðabirgðauppgjöri um 5 656 m. kr. en útgjöld 5 710 m. kr. Útgjöld voru því um 54 m. kr. umfram tekjur eða sem svarar tæplega 1% af útgjöldum. Til samanburðar má rifja upp stöðu ríkissjóðs fyrstu átta mánuðina undanfarin ár:

Árið 1978	−6,1%	Árið 1981	−1,5%
Árið 1979	−7,6%	árið 1982	−1,0%
Árið 1980	−1,0%		

Meðal aðhaldsaðgerða sem reyndar hafa verið á þessu ári er aukið eftirlit með yfirvinnugreiðslum til opinberra starfsmanna og auknar hömlur á utanferðum. Sérstök nefnd ráðuneytisstjóra athugar ástæður til utanferða á vegum ríkisstofnana og hefur þegar orðið talsverður árangur í aðhaldsátt af þessu aukna eftirliti.

Enda þótt afkoma ríkissjóðs sé viðunandi á fyrstu átta mánuðum ársins er þó augljóst, að meiri óvissa ríkir nú um marga þætti ríkisfjármálanna en oft áður. Tekjur ríkissjóðs voru óvenjumiklar á fyrstu mánuðum ársins vegna mikils innflutnings og veltu í þjóðfélaginu. Á

síðustu vikum og mánuðum hefur þó komið fram samdráttur í tekjum og verður að ætla að verulegur afturkippur komi í tekjur á seinasta hluta ársins vegna samdráttar í efnahagskerfinu. Getur þá brugðið til beggja vona um niðurstöðu í árslok og vafalaust verður rekstrarafgangur ríkissjóðs minni á þessu ári en undanfarin tvö ár.

Reiknitala fjárlagafrumvarps er miðuð við 42% hækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Rétt er að minna á, að reiknitala fjárlaga hefur aldrei verið verðbólguspá fyrir komandi ár. Lengi vel var ekki gert ráð fyrir neinni verðbólgu í fjárlögum en látið nægja að hækka fjárlög sem nam mismun á fjárlögum seinasta árs og raunverulegri verðbólguþróun. Á seinni árum hefur verðbólguþróun á komandi ári verið tekin með í áætlunartölur fjárlaga að vissu marki. Til viðbótar reiknitölu fjárlaga, 42% verðlagshækkun fyrir komandi ár, verður að taka tillit til þess, sérstaklega í launa- og rekstrarliðum, að verðbólga verður talsvert meiri árið 1982 en fjárlög þess árs gerðu ráð fyrir. Af þessum sökum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1983 um 60,5% frá fjárlögum 1982.

Áætluð útgjöld ársins 1982 eru um 8 932 m. kr. í stað 7 909 m. kr. í fjárlögum, sem bæði skýrist af meiri verðbólgu en reiknað var með, eins og áður segir, og stórauknum niðurgreiðslum á árinu vegna aðgerða í efnahagsmálum. Miðað við þessa áætluðu útkomu ársins 1982 hækka útgjöld þessa frumvarps um 42,1%.

Þrátt fyrir áætlaða 42% verðlagshækkun er ekki gert ráð fyrir að ýmsir mikilvægir tekjuliðir hækki samsvarandi. Ástæðan er að sjálfsögðu fyrirsjáanlegur samdráttur í þjóðartekjum og viðskiptaveltu. Á þetta einkum við sölugjald sem hækkar aðeins um 33,2% frá áætluðum tekjum þessa árs og aðflutningsgjöld sem aðeins hækka um 27,4% frá áætluðum tekjum ársins.

Þrátt fyrir verulegan samdrátt í fjárfestingu og margháttaðar aðrar aðhaldsaðgerðir, sem ýmsar stofnanir eiga sjálfsagt eftir að kvarta yfir, verður ekki fram hjá því komist vegna þessa mikla samdráttar í viðskiptum og veltu, sem virðist óhjákvæmilegur og bráðnauðsynlegur eins og sakir standa, að afgreiða fjárlög að þessu sinni með minni rekstrarafgangi en verið hefur undanfarin tvö ár. Í frumvarpinu er hann áætlaður 82 millj. kr. og minnkar sennilega í meðförum Alþingis, ef að venju lætur.

Hinn 28. júlí s. l. skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að yfirfara og endurskoða ákvæði frumvarps þess til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem lagt var fyrir Alþingi á s. l. hausti. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum, Sambandi ísl. sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti en ríkisskattstjóri mun verða hópnum til ráðuneytis. Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu um áratugaskeið og hefur mikilli vinnu verið varið til að undirbúa upptöku slíks kerfis hér á landi. Tvívegis hafa verið lögð fyrir Alþingi viðamikil frumvörp um þetta efni, en í bæði skiptin hefur þau dagað uppi. Allir þingflokkar og flestir hagsmunaaðilar hafa opinberlega lýst yfir fylgi sínu við staðgreiðslu opinberra gjalda en þegar á hefur reynt, hefur ekki verið þrýst á um afgreiðslu málsins og viðbrögð við frumvarpi því sem lagt var fram í fyrra voru heldur neikvæð.

Sú óvissa sem ríkt hefur um framtíðarskipulag á innheimtu opinberra gjalda hefur verið mjög óheppileg og tvímælalaust hindrað vélvæðingu og hagræðingu á þessu sviði. Með skipan starfshópsins er að því stefnt að binda endi á þetta óvissuástand. Er starfshópnum ætlað að kanna til þrautar hvort hægt sé að ná almennri samstöðu um texta staðgreiðslufrumvarps, sem dugir til að tryggja málinu brautargengi. Ef það tekst ekki í þessari lotu, virðist einsýnt að leggja verður hugmyndina um staðgreiðslukerfi á hilluna í bili og beina kröftunum að öðrum brýnum verkefnum á sviði skattamála. Meðal þessara verkefna er endurskoðun á söluskattskerfinu, en eins og kunnugt er hefur hin almenna óbeina skattlagning verið burðarásinn í tekjum ríkissjóðs á síðustu árum. En spurningin er hvort kerfi söluskattsálagninga sé ekki gallað í grundvallaratriðum. Árið 1975 var gefin út yfirgripsmikil greinargerð um virðisaukaskatt, en í grannlöndum okkar hefur það skattform nú hvarvetna komið í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta. Er nú á vegum fjármálaráðuneytisins hafin samning frumvarps um virðisaukaskatt og er að því stefnt, að drög að frumvarpi um þetta efni verði tilbúin í byrjun næsta árs. Þessum frumvarpsdrögum er ætlað

það hlutverk að leggja grundvöll að umræðum um endanlega stefnumótun á þessu sviði. Nýlega var gefin út ný reglugerð um innheimtu söluskatts á grundvelli laga sem sett voru á s. l. vori. Er innheimta verulega hert og eftirlit aukið.

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist í grófum dráttum af þrennu. Í fyrsta lagi eru útgjöld vegna rekstrar- og neyslutilfærslna til atvinnuvega og einstaklinga nokkru þyngri gjaldaliðir í þessu frumvarpi en var í frumvarpi fyrir árið 1982. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur eru hvorar tveggja útgjaldaliðir, sem aukist hafa yfir 60% frá fjárlögum. Útgjöld til almannatryggingakerfis, bótafjárhæðir lífeyristrygginga, útgjöld vegna lyfjakostnaðar o. fl. hækka einnig mjög mikið. Þá má nefna að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækkar um 82%, m. a. vegna ákvæða um aukna þátttöku sjóðsins í umframfjárþörf námsmanna. Í annan stað einkennir þetta frumvarp, að framlög til opinberra byggingarframkvæmda og fjárfestingarlánasjóða eru skert allnokkuð að raungildi. Framlög til fjárfestingar atvinnuveganna hækka almennt um 33% frá því sem ákveðið var með lánsfjárlögum nr. 13/1982. Þegar í hlut eiga sjóðir sem aðallega veita bein framlög en ekki verðtryggð lán, t. d. Framkvæmdasjóður aldraðra og Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, hækka framlög um 42% milli ára. Í þriðja lagi einkennist frumvarpið af aðhaldssemi í rekstrarfjárframlögum til stofnana og fyrirtækja. Mjög fáar nýjar stöður bætast við og ný verkefni bætast ekki við nema lög kveði svo á um eða verkefni geti talist óhjákvæmileg. Um einstaka gjaldaliði vísast til greinargerðar frumvarpsins hér á eftir. Nokkur málefni er þó rétt að fjalla um sérstaklega.

Framlög til vegamála nema alls 838 m. kr., sem samsvarar 2,0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu 1983. Stefnt er að því að framlög til vegamála á árinu nemi um 2,1% af vergri þjóðarframleiðslu. Er m. a. í því sambandi gert ráð fyrir að leitað verði til Byggðasjóðs um hliðstæð framlög til vegamála eins og veitt eru á yfirstandandi ári jafnframt því, sem tekjur og tekjustofnar vegasjóðs verða endurskoðuð.

Framlög til málefna þroskaheftra, bæði vistunar og kennslu þessa fólks, aukast frá því sem er 1982. Á árinu 1982 taka til starfa í flestum landshlutum vistheimili og stofnanir þroskaheftra. Rekstur þessara stofnana er æði kostnaðarsamur, en áhersla er á það lögð að unnt reynist að reka þær stofnanir, sem settar hafa verið á fót. Þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir beinum fjárveitingum til fjögurra viststofnana sem fjármagnaðar hafa verið með daggjöldum.

Með lögum nr. 59/1982 veitti Alþingi heimild til þess, að fjármögnun á rekstri sjúkrastofnana og vistheimila fari fram með beinum fjárveitingum í stað daggjalda. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur því til að færa Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á svokölluð föst fjárlög frá og með næstu áramótum. Til þess tíma er nauðsynlegt að kannaðir verði ýmsir þættir sem annars vegar snerta kostnaðarhlutdeild sjúkrasamlaga í rekstri sjúkrahúsanna og hins vegar aðra útgjaldaliði sjúkrasamlaga.

Í frumvarpinu eru 200 m. kr. ætlaðar sérstaklega á árinu 1983 til þess að mæta útgjöldum vegna aðgerða, sem getið er í ágústyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hér er fyrst og fremst um að ræða láglaunabætur á árinu 1983 að upphæð 125 m. kr., sem koma til viðbótar 50 m. kr. greiðslum í sama tilgangi nú í desember. Einnig er um að ræða viðbótarframlag til húsnæðismála eins og áður er komið fram.

Lánajöfnuður ríkissjóðs er þannig, að endurgreiðslur lána auk framlaga til hlutafélaga nema 42 m. kr. hærri fjárhæð en áætlaðar lántökur. Lánsfjáröflun til A-hluta ríkissjóðs nemur alls 525 m. kr. eða 40,3% hærri fjárhæð en ákveðið var í lánsfjárlögum 1982. Lánsfjáröflunar til framkvæmda fyrirtækja ríkissjóðs í B-hluta hefur að jafnaði verið getið í fjárlagafrumvarpinu, þó svo þær fjárhæðir sem þar hafa birst hafi iðulega tekið breytingum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum. Að hluta til er ólokið umfjöllun um fjárfestingu og lánsfjáröflun, einkum í orkugeiranum. Mun Alþingi gerð grein fyrir áformum ríkisstjórnarinnar í þessu efni í lánsfjáráætlun, en að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 hefur verið unnið jafnhliða fjárlagafrumvarpinu og verður hún væntanlega lögð fyrir Alþingi að nokkrum vikum liðnum.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1982

Meginforsendur frumvarpsins

Gerð fjárlagafrumvarps 1983 er byggð á tilteknum reikniforsendum um þróun launa, verðlags og gengis milli áranna 1982 og 1983. Miðað er við 42% almenna verðlagshækkun frá meðaltali ársins 1982 til meðaltals 1983. Gengið er út frá að verðhækkun í helstu viðskiptalöndum nemi um 2—3% og að hækkun innflutningsverðs auk gengisaðlögunar nemi um 42% eins og almennt verðlag.

Launaáætlun einstakra stofnana er í frumvarpinu sett á áætlað launastig um næstu áramót og er þá miðað við 7,5% hækkun verðbótavísitölu 1. des. n. k. að viðbættum 4% vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna. Á sérstökum fjárlagalið er fjárveiting að fjárhæð 482 m. kr. sem ætluð er til að mæta verðbótahækkunum launa á árinu 1983 auk launahækkunar vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna umfram það sem þegar er getið. Þar sem aðalkjarasamningar og sérkjarasamningar við fjölmenna hópa ríkisstarfsmanna eru sem stendur ófrágengnir leiðréttist launaliður einstakra stofnana um n. k. áramót. Að því er varðar almennt rekstrarfé stofnana er gengið út frá því að framlög hækki um 40—42% frá fjárlögum 1982.

Áætlun um framkvæmdaframlög eru almennt miðuð við að framlög til meiri háttar framkvæmdaflokka hækki um 28—30% frá framkvæmd fjárlaga 1982. Á það skal minnst að framlög til framkvæmda- og fjárfestingarlánasjóða voru lækkuð um 6% sem hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í febrúar 1982. Tillögur um framlög til einstakra framkvæmda eru við það miðaðar að fjárveitingar nægi eftir því sem við á til heillegra byggingaráfanga. Framlög til fjárfestingarlánasjóða eru á sama hátt og undanfarin ár nokkru lægri en einstök lög gera ráð fyrir, en þó miðuð við þá almennu reglu, að framlög aukist um 33% frá framkvæmd fjárlaga 1982.

Tekjuáætlun frumvarpsins er reist á þeim reikniforsendum um breytingar verðlags og kauplags, sem raktar eru hér að framan, á þjóðhagsspá fyrir árið 1983, svo og áætlun um tekjuinnheimtu 1982. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við, að velta dragist saman um 5% að raungildi milli 1982 og 1983. Varðandi aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 8% minnkun almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 2% í erlendri mynt en um nálega 42% í krónum að meðaltali milli áranna 1982 og 1983. Áætlanir um tekjuskatta einstaklinga eru miðaðar við, að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs milli 1981 og 1982. Gert er ráð fyrir, að skattvísitala verði ákveðin 152 stig miðað við 100 1982 í samræmi við áætlaða breytingu tekna milli áranna 1981 og 1982. Í tekjuáætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir, að lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og sjúkratryggingagjald verði framlengd til ársloka 1983 og sama gildi um lagaákvæði um innheimtu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi falli niður í febrúarlok 1983 eins og gildandi lög kveða á um.

Áætlun um rekstur fyrirtækja í B-hluta frumvarpsins, sem ekki fá framlög úr ríkissjóði, miðast almennt við verðlag á áætlunartímanum, en um rekstur B-hluta aðila og einkum mikilvæg gjaldskrármál þeirra verður að venju fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Þá er einnig í nokkrum tilvikum ólokið umfjöllun um fjárfestingar- og lánsfjármál orkufyrirtækja í B-hluta og fjármál Húsnæðisstofnunar ríkisins. Um þessi mál mun m. a. fjallað í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1983.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru áætluð 12 691 m. kr. á árinu 1983 og er það um 60,5% hækkun frá fjárlögum 1982. Hafa ber í huga við slíkan samanburð að fjárlagatölur ársins 1982 eru lægri heldur en talið er að verði í reynd. Kemur þar einkum til, að hækkun

verðlags milli áranna 1981 og 1982 verður nær 48—50% samanborið við reikniforsendu fjárlaga þessa árs sem var 33%. Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar í febrúar 1982 höfðu nokkur áhrif á tekju- og gjaldahlið fjárlaganna. M. a. voru niðurgreiðslur auknar, framlög til fjárfestingarsjóða og verklegra framkvæmda lækkuð auk þess sem breytingar voru gerðar á tekjuhlið fjárlaganna. Ennfremur er ljóst að aukning í almannatryggingakerfinu hefur reynst meiri en áætlað var fyrir í fjárlagaáætlun ársins 1982. Kemur þar fyrst og fremst til aukning útgjalda sjúkratrygginga og aukin útgjöld samfara hækkun lífeyrisbóta. Um mitt ár 1982 var útgjaldahlið ríkisfjármála endurmetin með tilliti til framangreindrar þróunar og var niðurstaðan á sambærilegum grundvelli sú að útgjöld ársins 1982 gætu numið 8 932 m. kr. Sé þessi tala lögð til grundvallar nemur hækkun gjalda fjárlagafrumvarps 1983 42,1%.

Á eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á helstu tegundum útgjalda í frumvarpinu og gildandi fjárlögum og þar á eftir fer stutt yfirlit um einstaka gjaldaflokka. Tölur eru tilfærðar í milljónum króna, en þess skal jafnframt getið að allar fjárhæðir í 1.—6. grein frumvarpsins eru í þúsundum króna.

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun %
Laun	2 198	3 731	69,7
Önnur rekstrargjöld	521	904	73,5
Viðhald	249	352	41,4
Vextir	263	365	38,8
Almannatryggingar	2 138	3 483	62,9
Niðurgreiðslur	466	839	80,0
Útflutningsbætur	160	263	64,4
Efnahagsráðstafanir	125	200	60,0
Aðrar rekstrartilfærslur	609	954	56,7
	6 729	11 091	64,8
Sértekjur	153	252	64,7
Rekstrarliðir samtals	6 576	10 839	64,8
Framkvæmdaframlög:			
Verklegar framkvæmdir	827	1 084	31,1
Fjárfestingarstyrkir	52	81	55,8
Framlög til sjóða og lánagreiðslna	454	687	51,3
Framkvæmdaframlög alls	1 333	1 852	38,9
Útgjöld samtals	7 909	12 691	60,5

Laun. Launaliður frumvarpsins nemur í heild 3 731 m. kr. og er það 69,7% hækkun frá fjárlagatölu 1982. Á eftirfarandi yfirliti eru sýndir helstu þættir sem skýra hækkun launaliðarins frá fjárlögum ársins 1982.

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun %
1. Launaliðir alls	2 198	3 731	69,7
÷ Launahækkun komandi ár	295	482	
2. Launaliður á áramótaverðlagi hvors árs	1 903	3 249	70,7
3. Skýringar á hækkun:			
— tilfærslur á launalið	—	241	
— viðbætur, aukin starfsemi	—	14	
— grunntaxtahækkun	—	925	
— flokkaskrið, sérkjarasamningar og gengisáhrif	—	167	

Laun einstakra stofnana eru áætluð á verðlagi um n. k. áramót eins og fram er komið. Bæði í fjárlögum ársins 1982 og frumvarpi ársins 1983 eru sérstakar fjárhæðir til þess að mæta launahækkun komandi árs. Vegin meðalhækkun launa 1983 er talin 14,5%, þ. a.

10,5% vegna hækkunar verðbótavísitölu og 4% vegna áhrifa kjarasamninga ríkisstarfsmanna umfram það sem þegar er áætlað í framlögum til stofnana. Fjárveiting vegna þessa nemur alls 482 m. kr. á árinu 1983.

Hækkun launaliðarins er í megindráttum fjórþætt:

Í fyrsta lagi hækka launaliðir vegna ákvörðunar um að færa fjárveitingarliði sem áður töldust til yfirfærslna, og vegur þyngst tilfærsla á Landakotsspítala, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og heimilum þroskaheftra af daggjöldum almannatryggingana á föst fjárlög. Alls skýrir tilfærsla þessara stofnana 227 m. kr. Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta taldist að meginefni til sem yfirfærsla til einstaklinga og samtaka í fjárlögum ársins 1982. Í frumvarpi ársins 1983 er talið réttara að flokka útgjöld vegna þessa sem laun, rekstrargjöld o. s. frv. og veldur þetta um 14 m. kr. hækkun launaliðarins.

Í öðru lagi er um að ræða hreinar viðbætur á launalið. Talið er að nemendum á framhaldsskólastigi fjölgi milli skólaáranna 1981/82 og 1982/83 um allt að 4% og er tekið tillit til þessa. Aukning launaútgjalda vegna þessa er metin um 4—6 m. kr. Aftur á móti er ekki um að ræða aukningu útgjalda á grunnskólastigi vegna aukinnar kennslu enda fjölgar nemendum þar óverulega. Áætlað er fyrir heilsársiaunum 11 stöðugilda á ríkisspítölum sem fjárveitinganefnd heimilaði á árinu 1982, auk 6 stöðugilda sem heimiluð voru 1982 vegna flutnings sjúklinga á vegum ríkisspítala frá Stykkishólmi til Reykjavíkur. Þetta eykur launaútgjöld um 4 m. kr. Í frumvarpinu hafa verið áætluð laun vegna nokkurra nýrra stöðugilda sem er skýrt í greinargerðinni hér að neðan, alls um 6 m. kr.

Í þriðja lagi hækkar launaliðurinn vegna almennrar hækkunar á launatöxtum, þ. e. hækkun verðbótavísitölu launa og almenn grunnlaunahækkun. Launaliðir stofnana í fjárlögum 1982 eru á áætluðu verðlagi um áramót 1981/82 og laun stofnana á árinu 1983 eru á áætluðu verðlagi um n. k. áramót. Launaliður stofnana hækkar um 48,6% vegna almennrar launataxtabreytingar sem skýrist þannig. Fyrst er áætlað fyrir 3,25% hækkun launa vegna niðurstöðu kjaradóms sem gilti frá nóvember 1981 og 0,7% vegna launataxtasamræmingar BSRB og BHM. Einnig er áætlað fyrir 4,0% almennri grunnlaunahækkun ríkisstarfsmanna vegna nýgerðs kjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra og við það miðað að sama launahækkun nái til annarra hópa ríkisstarfsmanna. Verðbótavísitala hefur á árinu 1982 hækkað þannig: 7,51% 1. mars; 10,33% 1. júní; 7,5% 1. september og áætluð hækkun 1. desember er 7,5%.

Í fjórða lagi skýrist stór hluti hækkunar launaliðarins af margs konar launabreytingum sem ná fyrst og fremst til tiltekinna hópa ríkisstarfsmanna. Laun lækna og hjúkrunarstétta hafa hækkað umfram það sem áætlað var í fjárlögum ársins 1982. Áhrif þessa teygja sig að hluta aftur til miðs árs 1981 þegar gerðir voru kjarasamningar við lækna. Sérkjarasamningar við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða skýra einnig allverulega hækkun launaliðar heilbrigðisstofnana. Hjá kennurum grunnskóla og framhaldsskóla hefur orðið umtalsvert launaflokkaskrið allt frá einum upp í þrjá flokka. Aðrir, fjölmennir starfshópar hafa áunnið sér launaréttindi vegna starfsaldurs eða annarra ákvæða, en þessir þættir verða ekki sundurliðaðir með einföldu móti. Að síðustu má nefna að laun sendiráðsstarfsmanna hækka almennt umfram áðurnefnd 48,6% vegna gengisbreytinga.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaflokkur nemur alls 904 m. kr. og er hækkunin frá fjárlögum 1982 73,5%. Við áætlun þessa liðar hefur verið tekið tillit til þess að almenn reikniforsenda verðlags milli áranna 1982 og 1983 er 40—42%. Mikil hlutfallsleg hækkun þessa útgjaldaliðar skýrist fremur öðru af tilfærslu útgjalda eins og getið er um í skýringum um launalið. Að frádregnum rekstrargjöldum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Landakotsspítala og heimila þroskaheftra hækka önnur rekstrargjöld um 51,7% sem felur í sér nokkra aukningu. Rekstrarútgjöld ríkisspítala og framhaldsskólastigsins aukast nokkuð umfram reikniforsendu vegna aukinnar starfsemi.

Viðhald. Viðhaldsliður er í heild 352 m. kr. í frumvarpinu og er það 41,4% hækkun frá fjárlagatölu ársins 1982. Vegaviðhald nemur rúmlega 67% alls viðhalds og er það svipað hlutfall og verið hefur. Til annars viðhalds en vega renna því 115 m. kr. Að teknu tilliti til þeirra stofnana sem nú fá fjárveitingu beint úr ríkissjóði í stað daggjalda hækkar viðhald um 38%.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 365 m. kr. eða 38,8% hærri en í fjárlögum 1982. Áætlunin er byggð á forsendum frumvarpsins um hækkun hlutaðeigandi vísitalna að því er tekur til verðtryggðra lána og gengis varðandi erlend lán, auk þess sem nettóbreyting á skuldastöðu ríkissjóðs bæði við Seðlabanka og aðra aðila hefur áhrif á áætlunartöluna.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga eru áætluð samtals 3 483 m. kr. í frumvarpinu og er hér um að ræða 62,9% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sambærileg hækkun næmi 73% að meðtöldum sjúkrastofnunum sem nú teljast til launaliðar og rekstrargjalda. Ástæður þess að útgjöld almannatrygginga hækka verulega umfram 42% eru í megindráttum þríþættar: Við samanburð á fjárlagaupphæðinni 1982 og frumvarpstölum 1983 ber að hafa í huga að í fjárlögum 1982 var ekki áætlað fyrir bótahækkunum og hækkun sjúkratryggingagreiðslna sem leiddi af kjarasamningum haustið 1981. Í annan stað valda áhrif kjarasamninga við heilbrigðisstéttir, allar götur aftur til læknasamninganna sumarið 1981 og annarra samninga eftir þann tíma, að útgjöld hækka mikið. Í þriðja lagi er ljóst að útgjöld almannatrygginganna, sér í lagi sjúkratryggingannna, hafa aukist að magni til, m. a. vegna nýrra sjúkrastofnana og aukinnar starfsemi við eldri stofnanir.

Niðurgreiðslur. Framlag til þessa liðar nemur 839 m. kr. sem er 80,0% hækkun frá fjárlögum 1982. Framlag til lífeyrissjóðs bænda nemur 33 m. kr. en til niðurgreiðslna á vöruverði renna alls 806 m. kr. Áætluð útgjöld til niðurgreiðslna á vöruverði 1982 miðað við þegar teknar ákvarðanir nema alls 710 m. kr.

Útflutningsbætur. Á árinu 1982 er talið að útflutningsbótakrafa á ríkissjóð vegna 10% marksins nemi um 185—190 m. kr. Útgjöld á árinu 1983 eru áætluð í samræmi við áætlaðar lágmarksbótakröfur 1982 og 42% hækkun verðlags til næsta árs.

Efnahagsráðstafanir. Í fjárlögum 1982 voru áætlaðar 125 m. kr. til þess að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum. Hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í febrúar 1982 var ráðstöfun þessa fjár til aukinna niðurgreiðslna. Nýsettum bráðabirgðalögum um efnahagsráðstafanir fylgdi yfirlýsing um margþættar hliðarráðstafanir sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir. Fjárhæð þeirri, sem ætluð er í þessu frumvarpi, alls 200 m. kr., verður í megindráttum ráðstafað til þessara hluta.

Aðrar rekstrartilfærslur. Alls nema rekstrartilfærslur 954 m. kr. og er það 56,7% hækkun frá fjárlögum 1982. Hér er um að ræða ýmiss konar tilfærslur til neyslu og rekstrar sem ekki eru tilfærðar annars staðar í yfirliti hér á undan. Þyngst vega þar framlög til fyrirtækja og sjóða í B-hluta frumvarpsins. Einstök framlög hækka mismikið en sérstaklega skal getið framlags til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem hækkar um 98 m. kr. eða 82%. Skýrist sú hækkun m. a. af hækkun lánveitinga úr 90% í 95% miðað við umframfjárþörf námsmanna. Aðrar skýringar koma hér einnig til, svo sem fjölgun lánveitinga auk gengis- og verðforsendna.

Sértekjur. Áætlaðar sértekjur stofnana nema alls 252 m. kr. og er það 64,7% hækkun frá fjárlögum árið 1982. Er í þessu sambandi gert ráð fyrir að gjaldskrár og þjónustugjöld hækki til samræmis við hækkun rekstrarútgjalda stofnana.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög nema samtals 1 852 m. kr. og er það 38,9% hækkun frá fjárlögum 1982. Með lánsfjárlögum nr. 13/1982 voru framlög til fjárfestingar-

sjóða almennt lækkuð um 6% frá því sem fram kemur í fjárlögum. Þá var einnig í febrúar s. l. ákveðið að lækka framlög til verklegra framkvæmda um 6%. Tillögur um framlög til verklegra framkvæmda og til sjóða eru almennt miðaðar við 28—33% hækkun frá framkvæmd fjárlaga 1982, sem felur í sér nokkru lægri hlutfallshækkun borið saman við fjárlagatölur. Í vissum tilvikum hefur reynst nauðsynlegt að taka tillit til gerðra verksamninga sem krefst meiri hækkunar en forsendur fjárlaga gera ráð fyrir. Verklegar framkvæmdir og fjárfestingarstyrkir nema alls 1 165 m. kr. sem er hækkun um 32,5% frá fyrra ári. Framlög til fjárfestingarsjóða og lánagreiðslna nema alls 687 m. kr. og er það hækkun um 51,3% frá fjárlögum 1982. Er það nokkur raungildisaukning og skýrist m. a. af mikilli hækkun á endurgreiðslu lána Orkusjóðs og endurgreiðslna af lánum sem tekin hafa verið af Framleiðsluráði landbúnaðarins á árunum 1980—82.

Tekjuhlið

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er meðal annars reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem raktar eru hér að framan, reiknitölu fjárlagafrumvarpsins um verðlags- og kauplagsbreytingar á árinu 1983 og áætlun um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1982.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 eru áætlaðar samtals 12 772,8 m. kr. samanborið við 9 388,7 m. kr. í áætlun fyrir árið 1982 og 7 967,3 m. kr. í fjárlögum ársins 1982. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1983 frá áætlun fyrir árið 1982 nemur 3 384,1 m. kr., eða 36,0%, en 60,3% frá fjárlögum 1982. Til samanburðar má nefna, að heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 1982 eru taldar munu aukast um 56,6% frá 1981 (62,9% 1980—1981).

	1980	1981	Fjárlög 1982	Endurskoðuð áætlun 1982	Frumvarp 1983
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m. kr.	3 680,9	5 994,7	7 967,3	9 388,7	12 772,8
Hækkun frá fyrra ári, %	54,8	62,9	32,9	56,6	36,0

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1982 114,3 m. kr., sem er tæplega 69% hækkun frá álagningu fyrra árs. Álagning eignarskatts á félög hækkaði heldur minna, eða um 56%. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1982 yrði samkvæmt þessu tæplega 63% hærri en 1981.

Áætlanir um álagningu eignarskatta á árinu 1983 eru byggðar á þeirri meginforsendu, að fasteignamat hækki um sem næst 58% frá desember 1981 til jafnlengdar 1982 og verðhækkun annarra eigna sé svipuð. Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 152 miðað við 100 1982, en fjárhæð skattfrjálsrar eignar einstaklinga breytist með skattvísitölu samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Á þessum forsendum ætti hækkun eignarskatts einstaklinga á hvern framteljanda að verða heldur meiri en svarar verðhækkun eigna. Miðað við að eignastofn aukist um 1—2% að magni milli áranna 1981 og 1982 er áætlað að heildarálagning eignarskatts einstaklinga og félaga aukist um 60% milli áranna 1982 og 1983.

Á ofangreindum forsendum um álagningu og miðað við að innheimta af álagningu og eftirstöðvum verði svipuð og á þessu ári er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 155 m. kr. og innheimta eignarskatts félaga 128 m. kr. á árinu 1983.

Með lögum nr. 19/1982 var ákveðið, að á sama hátt og á árinu 1981 skyldi lagður sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1982. Í tekjuáætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að innheimta þessa skatts verði 32,1 m. kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Í tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir árið 1983 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin, þannig að álagning hækki um 58% og álagningarstofninn aukist um 1—2%. Á þessum forsendum er álagning skattsins áætluð 54,7 m. kr. og innheimta 49,5 m. kr. að meðtalinni innheimtu eftirstöðva fyrri ára.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1982, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 1 670,4 m. kr. Hækkun frá frumálagningartölum fyrra árs nemur tæplega 65%. Barnabætur námu 318,1 m. kr. en voru 211,4 m. kr. í fyrra, eða 50% hækkun. Afsláttur til greiðslu eignarskatts, útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur nú 117,2 m. kr. en 77,1 m. kr. í fyrra, eða 52% hækkun. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga 1982 nemur þannig 1 234,8 m. kr., sem er tæplega 70% hækkun frá frumálagningu 1981. Sé gert ráð fyrir að innheimtuhlutfall verði svipað á þessu ári og í fyrra er nú áætlað að nettóinnheimta 1982 nemi um 1 080 m. kr.

Áætlun frumvarpsins um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1983 er reist á þeirri meginforsendu, að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs. Áætlað er að heildartekjur einstaklinga til skatts hækki um 52% á mann milli áranna 1981 og 1982. Sem fyrr getur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 152 stig miðað við 100 stig 1982 í samræmi við breytingar tekna. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts einstaklinga hækki um 52% frá áætlun um endanlega álagningu 1982, og að auki er gert ráð fyrir um 1% fjölgun framteljenda. Forsendur um innheimtuhlutfall eru hinar sömu og í áætlun fyrir árið 1982. Samkvæmt ofangreindum forsendum er reiknað með að álagning og innheimta tekjuskatts einstaklinga á árinu 1983 verði sem hér segir (í m. kr.):

	Uppgjör 1981	Áætlun 1982	Frumvarp 1983
Eftirstöðvar í ársbyrjun	114,0	182,0	290,0
Brúttóálagning	988,7	1 628,0	2 510,0
Til innheimtu	1 102,7	1 810,0	2 800,0
Innheimt brúttó	929,7	1 520,0	2 350,0
Frá dragast barnabætur og persónuafsláttur	292,8	440,0	675,0
Innheimt nettó	627,9	1 080,0	1 675,0

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1982 nam 56,2 m. kr., sem er 66% hækkun frá álagningu fyrra árs. Við áætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum um tekjubreytingar og í tekjuskattsáætluninni hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að álagning gjaldsins nemi um 85 m. kr. á árinu 1983 og að nettóinnheimta álagningar og eftirstöðva verði um 80 m. kr.

Áreiðanlegar tölur um álagningu tekjuskatts félaga árið 1982 liggja ekki fyrir, en reiknað er með að álagning nemi um 200 m. kr. sem er um 70% hækkun frá endanlegri álagningu 1981 eins og hún er áætluð út frá ríkisreikningi. Miðað við svipað hlutfall innheimtu af álagningu og eftirstöðvum frá fyrra ári og var 1981 er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga á árinu 1982 verði um 163 m. kr. Þótt óvissan um endanlega álagningu tekjuskatts félaga ætti að vera minni en á síðustu tveimur árum verður að hafa nokkurn fyrirvara á þessum áætlunum, þar sem munurinn á frumálagningu og endanlegri álagningu hefur verið talsverður. Í áætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að skattstofn tekjuskatts félaga hækki minna en tekjur einstaklinga milli áranna 1981 og 1982 vegna slakrar afkomu atvinnugreina. Talið er að innheimta tekjuskatts félaga að meðtöldum skatti á bankastofnanir verði um 285 m. kr., og er þá tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva frá fyrri árum en miðað við óbreytt hlutfall innheimtu.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1982 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 954,5 m. kr. Tölur um innheimtu og innflutning á fyrstu átta mánuðum þessa árs gefa á hinn bóginn til kynna að innflutningur hafi verið talsvert meiri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í endurskoðaðri áætlun um tolltekjur ríkissjóðs er gert ráð fyrir að innheimtan verði um 1 156 m. kr. á árinu 1982. Reiknað er með svipuðu tollhlutfalli í

almennum innflutningi (án bíla) og 1981, eða rétt tæplega 8%. Tollhlutfall í bifreiðainnflutningi er einnig talið svipað og á síðasta ári.

Í þjóðhagsforsendum þessa frumvarps er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur dragist saman um 8% að raungildi frá þessu ári. Ennfremur er gert ráð fyrir að innflutningsverð hækki um 2% í erlendri mynt en um 42% í krónum.

Hvað almennan innflutning varðar, er í áætlun fyrir 1983 gert ráð fyrir að án bíla verði tollhlutfall svipað eða ívið lægra en á þessu ári. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr bifreiðainnflutningi á næsta ári, en tollhlutfall hans haldist hins vegar óbreytt.

Á þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs af bifreiðum áætlaðar 450 m. kr. 1982, tolltekjur af bensíni eru taldar munu nema 213 m. kr. og aðrar tolltekjur rösklega 780 m. kr. Heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum á árinu 1983 yrðu samkvæmt þessu rösklega 1 446 m. kr., eða 25% hærri en í áætlun fyrir árið 1982. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs næmi því 11,3% á næsta ári, samanborið við 12,3% á þessu ári og 13,5% 1981. Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hafa því lækkað verulega á síðustu árum.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 267 m. kr. á árinu 1982, sem er óbreytt frá fjárlögum og 57% hærra en á árinu 1981. Áætlanir um bensínsölu eru óbreyttar frá fjárlagaáætlun, eða um 121 milljón lítra. Í áætlun fyrir 1983 er reiknað með svipaðri bensínsölu og innflutningsgjald af bensíni er samkvæmt því áætlað 406,8 m. kr. Ennfremur er gert ráð fyrir að bensíngjald breytist í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

Innflutningsgjald af bifreiðum var í fjárlögum 1982 áætlað 125,1 m. kr. Þessi áætlun var gerð með hliðsjón af áhrifum þeirrar lækkunar á gjaldinu sem ákveðin var með reglugerð nr. 453/1981. Með reglugerð nr. 225/1982 var gjaldið lækkað enn frekar frá 1. maí s. l. Í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í ágústmánuði var gjaldhlutfallið á hinn bóginn hækkað um 7 hundraðshluta í hverjum flokki. Þegar þær breytingar á gjaldhlutföllum, sem hér hafa verið raktar, eru metnar, sýnist mega ætla, að meðalgjaldið hafi lækkað um rösklega helming frá því sem var fyrir mitt ár 1981, eða úr 35—37% í 16—17% nú. Á móti tekjutapi ríkissjóðs á árinu 1982 vegna þessarar lækkunar vegur hins vegar mun meiri bifreiðainnflutningur en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Samanlögð áhrif alls þessa eru því þau, að innflutningsgjaldið er talið munu skila um 110 m. kr. á þessu ári í stað 125 m. kr. í fjárlögum. Miðað við talsverðan samdrátt í bifreiðainnflutningi á næsta ári svo og með hliðsjón af núgildandi gjaldskrá er áætlað að tekjur af gjaldinu á næsta ári gætu orðið svipaðar og á þessu ári, eða 110 m. kr.

Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu á árinu 1982 er áætlað 5,3 m. kr. og í áætlun fyrir 1983 er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum, þ. e. að þessi olíuinnflutningur verði svipaður og á árinu 1982. Tekjur af jöfnunargjaldi eru áætlaðar 50 m. kr. 1982 og á sömu forsendum og gilda um innflutning er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu á næsta ári nemi 65 m. kr. Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi er talið skila 17 m. kr. á þessu ári. Með því að gildandi lög um gjald þetta kveða á um lækkun á gjaldinu í fjórum þrepum til ársloka svo og að það skuli einungis innheimt til febrúarloka næsta árs eru tekjur af þessu gjaldi einungis áætlaðar um 1 m. kr. á næsta ári.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 1 654 m. kr. 1982, samanborið við 1 412 m. kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1981 er rösklega 40%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 2 109 m. kr. á árinu 1983, eða 27% hækkun frá 1982. Samkvæmt þessum áætlunum yrðu innflutningsgjöld um 16,5% af heildartekjum ríkissjóðs 1983, samanborið við 17,6% 1982 og 19,6% 1981.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 742 m. kr. á árinu 1982, eða 170 m. kr. meiri en í fjárlögum. Skýringin á þessari miklu hækkun frá fjárlögum er einkum tvíþætt. Annars vegar verða verð- og veltubreytingar í innflutningi mun meiri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Hins vegar var með bráðabirgðalögum, nr. 79/1982, ákveðið að hækka sérstakt, tímabundið vörugjald um rösklega 30% fyrir tímabilið

23. ágúst 1982 til 28. febrúar 1983. Ennfremur var ákveðið að leggja gjald á nokkra vöruflokka sem áður höfðu verið undanþegnir gjaldinu.

Samanlögð áhrif þessa á innheimtar tekjur ríkissjóðs af sérstöku vörugjaldi eru metin þannig, að á árinu 1982 nemi heildartekjur 690 m. kr. í stað 524 m. kr. í fjárlagaáætlun. Á næsta ári eru innheimtar tekjur af sérstöku vörugjaldi áætlaðar 890 m. kr. Álgjald er áætlað 11,8 m. kr. 1982 og 17 m. kr. 1983. Er þá miðað við 79 000 tonna framleiðslu, lágmarksgjaldið 20 dollara á hvert tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakanda.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Heildartekjur undir þessum lið voru á fjárlögum 1982 áætlaðar 3 969 m. kr. Í endurskoðaðri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 4 739 m. kr., eða rösklega 19% meiri en í fjárlagaáætlun. Hækkun þessa má einkum rekja til breyttra verð- og veltuforsendna svo og breytinga á álagningu og innheimtu launaskatts. Áætlun um sölugjald fyrir árið 1983 er reist á þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Á þessum forsendum er áætlað að innheimt sölugjald á næsta ári verði 4 510 m. kr., eða rösklega 33% hærra en 1982. Hlutur sölugjalds í heildartekjum ríkissjóðs 1983 næmi samkvæmt þessu 35%, samanborið við 36% 1982. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti er hér ekki meðtalinn, en hann er áætlaður 245 m. kr. 1982 og 330 m. kr. 1983.

Tekjur ríkissjóðs af launaskatti á árinu 1982 eru áætlaðar 480 m. kr., samanborið við tæplega 390 m. kr. í fjárlögum, þrátt fyrir þá lækkun launaskatts á iðnfyrirtækjum sem ákveðin var með lögum nr. 5/1982. Ástæða þessa er tvíþætt: annars vegar verulega breyttar launaforsendur; hins vegar tíðari innheimta en áður. Gert er ráð fyrir að innheimtar tekjur af launaskatti nemi 590 m. kr. á árinu 1983, eða 23% hækkun, og er þá gengið út frá launaforsendum frumvarpsins auk áætlunarinnar fyrir árið 1982.

Rekstrarhagnaður ÁTVR er í fjárlögum 1982 áætlaður 532 m. kr. og var þá miðað við að útsöluverð hækkaði í samræmi við hækkun kauptaxta og verðlags. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður ÁTVR verði 616 m. kr., einkum vegna breyttra verðlagsforsendna. Í áætlun fyrir 1983 er rekstrarhagnaður ÁTVR talinn verða 830 m. kr., eða tæplega 35% hærri en 1982.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 576 m. kr. á þessu ári samanborið við 530 m. kr. í fjárlögum og stafar munurinn einkum af meiri innheimtu tekna af gjaldi á ferðalög til útlanda, og af stimpilgjaldi, sem þó var verulega lækkað á árinu 1982 af stimplun afurðalána. En þyngra vega áhrif breyttra verðlags- og veltuforsendna. Í heild eru tekjur undir liðnum aðrir óbeinir skattar áætlaðir 778 m. kr. 1983 eða 35% hærri en 1982.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða rösklega 17 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1983 eru þessar tekjur taldar verða 24 m. kr. eða 40% hærri en 1982.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar um 118 m. kr. 1982 og í áætlun fyrir 1983 er reiknað með að þessir tekjuliðir skili um 160 m. kr., sem er 35% hækkun.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1982 og endurskoðaða tekjuáætlun fyrir árið 1982:

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1982—1983

Innheimtar tekjur í m. kr.

	Fjárlög 1982	Endurskoðuð áætlun 1982	Frumvarp 1983
1. Eignarskattar	**223,4**	**230,4**	**354,1**
2. Tekjuskattar	**1 137,3**	**1 312,4**	**2 068,4**
3. Gjöld af innflutningi	**1 411,8**	**1 654,2**	**2 108,6**
a) Almenn aðflutningsgjöld	954,5	1 156,2	1 446,3
b) Bensín- og gúmmígjald	267,8	268,4	408,3
c) Innflutningsgjald af bifreiðum	125,1	110,0	110,0
d) Annað	64,4	119,5	144,0
4. Skattar af framleiðslu	**571,6**	**741,8**	**960,0**
a) Sérstakt vörugjald	524,2	690,0	890,0
b) Annað	47,4	51,8	70,0
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	**3 968,7**	**4 739,0**	**6 320,4**
a) Sölugjald	2 802,5	3 385,0	4 510,0
b) Launaskattur	389,6	480,0	590,0
c) ÁTVR	532,0	616,0	830,0
d) Annað	244,6	258,0	390,4
6. Aðrir óbeinir skattar	**529,6**	**575,6**	**777,6**
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	**12,0**	**17,1**	**24,0**
8. Ýmsar tekjur	**112,9**	**118,2**	**159,7**
Samtals	7 967,3	9 388,7	12 772,8
Beinir skattar	1 360,7	1 542,8	2 422,5
Óbeinir skattar	6 481,7	7 710,6	10 166,6
Aðrar tekjur	124,9	135,3	183,7

Heildarinnheimta tekna ríkissjóðs á árinu 1982 er áætluð 9 388,7 m. kr., eða tæplega 57% meiri en 1981. Hækkunin á næsta ári er mun minni, eða um 36% miðað við endurskoðaða tekjuáætlun 1982, en rösklega 60% frá fjárlögum. Hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er samkvæmt yfirlitinu talinn 19,0% 1983, en 16,4% 1982 (17,1% í fjárlögum 1982), og hlutur óbeinna skatta 79,6% 1983, en 82,1% 1982 (81,3% í fjárlögum 1982).

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar ríkissjóðs og ríkisstofnana. Þar kemur fram að afborganir og hlutafjárframlög nema 28 383 þús. kr. hærri upphæð en nýjar lántökur og útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 15 000 þús. kr. Þessir liðir eru jafnaðir með áætluðum rekstrarafgangi frumvarpsins sem nemur 81 848 þús. kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir eðli inn- og útstreymis lánajafnaðarins. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1983, sem lögð verður fram á næstu vikum, verður gerð nánari grein fyrir lánsfjáröflun ríkissjóðs og hún tengd innlendum og erlendum lánsfjármarkaði í víðara samhengi.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun til A- og B-hluta ríkissjóðs er áætluð 1 533 544 þús. kr. Gert er ráð fyrir 841 180 þús. kr. fjáröflun af innlendum uppruna og 692 364 þús. kr. erlends lánsfjár. Áætlað er að innlausn eldri spariskírteina nemi 21 000 þús. kr. þannig að innlent lánsfé til ráðstöfunar A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 1 030 180 þús. kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983 mun gerð nákvæm grein fyrir fjáröflun ríkissjóðs og annarra opinberra aðila og ráðstöfun fjárins.

Í 6. gr. frumvarpsins er leitað heimildar til spariskírteinaútgáfu allt að 200 000 þús. kr. Auk þess byggir innlenda fjáröflunin á greiðslum Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna yfirtöku á eignum byggðalína, í samræmi við samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o. fl. Heimildar til innlendrar lántöku umfram það sem aflað er samkvæmt 6. gr. og heimildar til erlendrar lántöku mun leitað með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Lánahreyfingar út

Heildarútstreymi á lánahreyfingum nemur 568 383 þús. kr. Afborganir af lánum ríkissjóðs nema alls 429 000 þús. kr., þar af renna 100 000 þús. kr. til Seðlabankans og 329 000 þús. kr. til annarra aðila. Ráðgerð hlutafjár- og eiginfjárframlög eru alls 105 000 þús. kr. Að lokum er áætlað fyrir aðstoð við Flugleiðir hf. alls 34 383 þús. kr. og er sú fjárhæð færð sem útstreymi á lánahreyfingum. Nánari skýringar á hlutafjár- og eiginfjárframlögum og aðstoð við Flugleiðir hf. er að finna í greinargerðinni hér á eftir.

Heildarráðstöfun lánsfjár til A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 1 512 544 þús. kr. Til A-hluta er ráðstafað 525 000 þús. kr., en samkvæmt lánsfjárlögum 1983 nam sambærileg fjárhæð 374 080 þús. kr. Hækkunin er því 150 920 þús. kr. eða 40,3%. Lánsfjárráðstöfun til B-hluta nemur 987 544 þús. kr., en nam samkvæmt lánsfjárlögum 1982 849 090 þús. kr. Hækkun B-hlutans nemur því 138 454 þús. kr. eða 16,3%.

Hér á eftir fer yfirlit um skiptingu fjármagns á einstaka þætti ásamt greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs skv. frumvarpi til fjárlaga 1983

(Í þús. kr.)

A-hluti:

Þjóðarbókhlaða	10 000
Vegagerð	249 000
Landshafnir	5 500
Hlutafjár- og eiginfjárframlög	105 000
Aðstoð við Flugleiðir hf.	34 383
Styrking dreifikerfis í sveitum	27 000
Hafnargerð vegna skipaiðnaðar	20 450
Jarðhitaleit	4 000
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	4 500
RARIK, fjármagnsútgjöld	12 170
Annað	52 997
Samtals	525 000

B-hluti:

Byggðasjóður	100 000
Lánasjóður íslenskra námsmanna	90 000
Lagmetisiðjan Siglósíld	4 000
RARIK, almennar framkvæmdir	138 630
Kröfluvirkjun:	
Fjármagnsútgjöld	219 382
Virkjunarrannsóknir:	
Fjármagnsútgjöld	21 783
Orkusjóður:	
Byggðalínur, fjármagnsútgjöld	224 491
Hitaveitulán	7 500
Jarðhitaleit	7 500
Sveitarafvæðing	7 000
Iðnaðarrannsóknir	3 000
Sementsverksmiðja ríkisins	28 000
Landssmiðjan	12 000
Áburðarverksmiðja ríkisins	43 375
Póstur og sími:	
Vörukaupalán	9 000
Lagning sjálfvirks síma	45 500
Fljótsdalsvirkjun:	
Fjármagnsútgjöld	26 383
Samtals	987 544

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Ráðgerðar framkvæmdir á árinu 1983 eru samtals að fjárhæð 15 000 þús. kr. Fjármögnun framkvæmda er áætluð annars vegar með lántökum að fjárhæð 10 000 þús. kr. og hins vegar með 5 000 þús. kr. fjárveitingu. Framkvæmdirnar miðast fyrst og fremst við kaup og uppsetningu álklæðningar utanhúss.

Vegagerð ríkisins. Heildarútgjöld til vegamála á árinu 1983 eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 838 000 þús. kr. Fjármögnun er þríþætt. Markaðir tekjustofnar eru taldir nema 568 300 þús. kr., ríkisframlag 20 700 þús. kr. og lántaka 249 000 þús. kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

Landshafnir. Áætlað er að verja 5 500 þús. kr. til framkvæmda við landshafnir, sem fjármagnaðar verða með lántökum. Skipting framkvæmdafjárins er með eftirtöldum hætti: Landshöfnin Þorlákshöfn 3 000 þús. kr., landshöfnin Rifi 500 þús. kr., og landshöfnin Keflavík—Njarðvík 2 000 þús. kr.

Hlutafjár- og eiginfjárframlög. Ríkissjóður áformar lántökur að fjárhæð samtals 105 000 þús. kr. til að standa straum af eiginfjár- og hlutafjárframlögum ársins 1983. Lánsfjárhæðin skiptist þannig að 10 400 þús. kr. renna til Landsvirkjunar og er þar um að ræða síðasta framlagið af fimm vegna aukningar á eiginfé fyrirtækisins. Samkvæmt lögum nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður greiðir vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum, hverri að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, og er hér um aðra greiðslu að ræða. Endurgreiðsla þessi er skoðuð sem eiginfjárframlag til bankans. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar verður 3 660 þús. kr. og er það þriðja framlagið af fimm. Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 22,2 milljónum dollara í allt að 68,0 milljónir dollara. Hlutafjáraukningin mun greiðast á næstu 5 árum og er framlag ársins 1983 áætlað 8 255

þús. kr. Að síðustu er hér áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á aðild að í samræmi við heimildir í 6. grein fjárlagafrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlögum alls að fjárhæð 75 185 þús. kr. Þar af eru áætluð hlutafjárframlög í grænfóðurverksmiðjum í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, samtals að fjárhæð 4 500 þús. kr.

Aðstoð við Flugleiðir hf. Ráðgerð aðstoð ríkissjóðs við Flugleiðir hf. vegna erfiðrar samkeppnisaðstöðu Norður-Atlantshafsflugs félagsins er 34 383 þús. kr. og er áformað að afla til þess lánsfjár.

Styrking dreifikerfis í sveitum. Heildarútgjöld til styrkingar dreifikerfis í sveitum eru 27 000 þús. kr. og er áformað að fjármagna framkvæmdirnar með lántökum. Á árinu 1982 eru veittar 21 000 þús. kr. til þessa verkefnis.

Hafnargerð vegna skipaiðnaðar. Ráðgert er að afla 20 450 þús. kr. lánsfjár til að standa undir kostnaði við áframhaldandi framkvæmdir er miða að bættri hafnaraðstöðu skipasmíðastöðva.

Jarðhitaleit. Ráðgert er að ríkissjóður afli 4 000 þús. kr. lánsfjár til jarðhitaleitar. Jafnframt er Orkusjóði ætlað að taka að láni 7 500 þús. kr. í sama tilgangi. Alls verða því 11 500 þús. kr. til ráðstöfunar til þessa verkefnis.

Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar. Áætlað er að verja úr ríkissjóði 4 500 þús. kr. til þessara verkefna, þar af 3 500 þús. kr. til sveitarafvæðingar og 1 000 þús. kr. til að greiða fyrir uppsetningu einkarafstöðva. Jafnframt er ráðgert að Orkusjóði verði aflað 7 000 þús. kr. lánsfjár til framkvæmda við sveitarafvæðingu.

Rafmagnsveitur ríkisins, fjármagnsútgjöld. Á árinu 1982 var fallist á, að ríkissjóður stæði skil á vöxtum og afborgunum tiltekinna lána Rafmagnsveitnanna vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækisins. Afborganir og vextir af þessum lánum nema alls 12 170 þús. kr. á árinu 1983.

Annað. Auk þeirra verkefna, sem þegar er getið hér að framan, mun ríkissjóður þurfa að afla lánsfjár á árinu 1983 að fjárhæð alls 52 997 þús. kr. til ótilgreindra verkefna.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Heildarráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1983 er áætlað að verði 1,3% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs, en framlag til sjóðsins hefur verið skert til samræmis við aðra fjárfestingarlánasjóði. Fjáröflun sjóðsins er 69 825 þús. kr. fjárveiting og lánsfjáröflun að fjárhæð 100 000 þús. kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um sjóðinn hér á eftir.

Lánasjóður ísl. námsmanna. Samkvæmt lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki skal lánveiting Lánasjóðs íslenskra námsmanna mæta 95% af umframfjárþörf námsmanna á árinu 1983 í stað 90% áður. Nauðsynlegt mun að afla sjóðnum lántökuheimildar að fjárhæð 90 000 þús. kr. til þess að unnt reynist að standa við skuldbindingar. Um aðra fjármögnun sjóðsins vísast til athugasemda um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneyti.

Lagmetisiðjan Siglósíld. Á undanförnum árum hefur fyrirtækið átt við rekstrarerfiðleika að etja og er nú ráðgerð gagnger endurskipulagning á starfsemi þess. Fyrirhugað er að afla fyrirtækinu 4 000 þús. kr. lánsfjár auk 2 500 þús. kr. fjárveitingar, og auðvelda þannig upptöku nýrra og arðbærari framleiðslugreina er stuðlað geti að bættri afkomu.

RARIK, almennar framkvæmdir. Ráðgerðar framkvæmdir hjá Rafmagnsveitum ríkisins á árinu 1983 eru eftirfarandi (í þús. kr.):

Virkjanir	1 050
Stofnlínur	40 830
Aðveitustöðvar	45 450
Innanbæjarkerfi	48 000
Dísilstöðvar, tæki o. fl.	11 800
Byggðalínur	6 500
Samtals	153 630

Veigamestu verkefni ársins 1983 eru áframhald lagningar raflínu frá Laxá í Aðaldal til Kópaskers, og bygging nýrrar línu frá Stuðlum til Eskifjarðar ásamt uppsetningu aðveitustöðva. Fjármögnun framkvæmda er fyrirhuguð með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með öflun lánsfjár að fjárhæð alls 138 630 þús. kr. Í öðru lagi eru áætlaðar tekjur af heimtaugargjöldum 15 000 þús. kr. Til frekari sundurliðunar á skiptingu framkvæmdafjár Rafmagnsveitna ríkisins vísast til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1983.

Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld. Ráðgert er að afla Kröfluvirkjun lánsheimildar til að standa undir fjármagnskostnaði virkjunarinnar. Gert er ráð fyrir 219 382 þús. kr. lántöku á árinu 1983 til greiðslu afborgana og vaxta af eldri lánum.

Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld. Áformuð er lántaka að fjárhæð 21 783 þús. kr. til greiðslu vaxta og afborgana eldri lána vegna virkjunarrannsókna. Samkvæmt nýlega undirrituðum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. ber Landsvirkjun að greiða þann hluta af kostnaði vegna virkjunarrannsókna sem telst vera umfram almennar rannsóknir, sem Orkustofnun framkvæmir. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvernig uppgjöri Landsvirkjunar vegna virkjunarrannsókna skuli háttað.

Orkusjóður, vegna byggðalína. Áætluð útgjöld vegna áhvílandi lána sem tekin hafa verið til byggðalínuframkvæmda og endurfjármögnunar eru talin nema 224 491 þús. kr. árið 1983. Samkvæmt samningi ríkissjóðs Íslands og Landsvirkjunar yfirtekur Landsvirkjun byggðalínur frá og með 1. janúar 1983. Áætluð greiðsla Landsvirkjunar af útgefnum skuldabréfum vegna yfirtöku fyrirtækisins á eignum byggðalína nemur alls 72 680 þús. kr. á árinu 1983. Á þessu stigi er ekki lokið athugun á því hvernig staðið verður að kostnaðaruppgjöri á byggðalínulánum að öðru leyti.

Orkusjóður, vegna hitaveitulána. Framkvæmdir við hitaveitur eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Á undanförnum árum hefur Orkusjóður veitt lán til þessara framkvæmda. Lántaka Orkusjóðs 1983 er fyrirhuguð 7 500 þús. kr. og mun féð endurlánað hitaveitufyrirtækjum.

Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til jarðhitaleitar nemur alls 4 000 þús. kr. Auk þess er ráðgert að afla 7 500 þús. kr. lánsfjár til Orkusjóðs vegna þessa verkefnis.

Orkusjóður, vegna sveitarafvæðingar. Framlag A-hluta ríkissjóðs til sveitarafvæðingar nemur alls 3 500 þús. kr. Einnig mun aflað heimildar til 7 000 þús. kr. lántöku til fjármögnunar á brýnum framkvæmdum við rafvæðingu afskekktra sveita.

Iðnaðarrannsóknir. Stofnað hefur verið B-hluta fyrirtækið Iðnaðarrannsóknir og munu reglur verða settar um hið nýja fyrirtæki, þar sem m. a. verður tryggt að jákvæðar

niðurstöður rannsókna verði framseldar til áhugaaðila. Bein fjárveiting til fyrirtækisins nemur 4 000 þús. kr. Auk þess er ráðgert að afla alls 3 000 þús. kr. lánsfjár. Samtals verða því til ráðstöfunar 7 000 þús. kr. sem renna til athugana á ýmsum kostum í iðnaðaruppbyggingu landsmanna.

Sementsverksmiðja ríkisins. Á árinu 1982 var aflað 8 000 þús. kr. lánsfjárheimildar til framkvæmda við verksmiðjuna auk 10 000 þús. kr. vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækisins. Framkvæmdir við breytingu á olíubrennslu yfir í kolabrennslu eru hafnar og er áætlaður kostnaður við framkvæmdir á árinu 1983 35 000 þús. kr., þar af er farið fram á heimild til lántöku allt að fjárhæð 28 000 þús. kr.

Landssmiðjan. Stefnt er að áframhaldandi framkvæmdum við verkstæðishús Landssmiðjunnar við Skútuvog á árinu 1983. Fyrirhugað er að fjármagna framkvæmdir að hluta með lántöku að fjárhæð alls 12 000 þús. kr. og með sölu á eignum fyrirtækisins að Sölvhólsgötu í Reykjavík.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Á árinu 1981 var hafist handa við byggingu sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Áætluð lántökuþörf er 43 375 þús. kr. en stefnt er að því að framkvæmdum ljúki á miðju ári 1983.

Póstur og sími, vörukaupalán. Á sama hátt og á undanförnum árum er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir alls að fjárhæð 9 000 þús. kr.

Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma. Með lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma var Pósti og síma veitt heimild til allt að 20 000 þús. kr. lántöku árlega í 5 ár á verðlagi 1981, til fjármögnunar framkvæmda við lagningu sjálfvirks síma. Lántaka ársins 1983 er áætluð 45 500 þús. kr. Í lánsfjárlögum 1982 var veitt lánsheimild að fjárhæð 34 200 þús. kr. til þessa verkefnis.

Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld. Áætlaður fjármagnskostnaður af áhvílandi lánum, er tekin voru til að kosta athuganir á virkjunarmöguleikum í Fljótsdal nemur 26 383 þús. kr. 1983. Samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o. fl. tekur Landsvirkjun meðal annars að sér að reisa og reka Fljótsdalsvirkjun. Hins vegar er endanlegt uppgjör ófrágengið milli Landsvirkjunar og ríkisstjórnarinnar vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1982 (í þús. kr.):

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	**120 000**	**100 000**	**−20 000**
Greitt af skuldabréfum	120 000	100 000	−20 000
Önnur lán	**196 723**	**329 000**	**132 277**
Innlend lán óverðtryggð	25 268	3 800	−21 468
Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu	49 415	70 700	21 285
Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu	19 275	59 400	40 125
Lán verðtryggð skv. vísitölu framfærslukostnaðar	20 082	21 200	1 118
Happdrættisskuldabréf verðtr. skv. vísitölu framfærslukostnaðar	30 868	96 500	65 632
Erlend lán og gengistryggð	29 815	55 400	25 585
Ýmis lán, ósundurliðuð	22 000	22 000	—
Samtals	316 723	429 000	112 277

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1982. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1982. Ekki verður fjallað sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur sínar að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	51 067	71 761	20 694	40,5

Verður nú vikið að helstu skýringarþáttum hækkunarinnar frá fjárlögum 1982.

101 Embætti forseta Íslands. Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar um 1 041 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 3 595 þús. kr. Launaliður hækkar um 724 þús. kr., verður 2 119 þús. kr., og er þar eingöngu um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 417 þús. kr. og verða 1 456 þús. kr. Er það í hátt við almennar verðlagsbreytingar. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 100 þús. kr. og verður 20 þús. kr., en í fjárlögum 1982 var sérstök fjárveiting á þessum lið vegna endurnýjunar á bílakosti embættisins.

401 Hæstiréttur. Fjárveiting nemur samtals 4 126 þús. kr. og er það 1 685 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 1 669 þús. kr. eða 69,4%, sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Skýring hækkunarinnar er sú að áætlað er fyrir launum átta hæstaréttardómara í stað sjö en samkvæmt lögum nr. 67/1982 fjölgar dómurum við hæstarétt. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 þús. kr. og verða 54 þús. kr., sem er í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	7 151	8 615	1 464	20,5
Annað	57 060	78 310	21 250	37,2
Samtals	64 211	86 925	22 714	35,4
Þar af markaður tekjustofn	9 000	17 000	8 000	88,9

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

101 Aðalskrifstofa. Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 1 464 þús. kr. og verður fjárveitingin samtals að fjárhæð 18 615 þús. kr. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 1 282 þús. kr. og verður 3 736 þús. kr. Svarar það til 52,2% hækkunar frá fjárlögum 1982. *Stjórnarráðshús* hækkar um 74 þús. kr. og verður 265 þús. kr. sem

er hækkun um 39,1%. *Fálkaorðan* verður 25 þús. kr. sem er hækkun um 10 þús. kr. frá fjárlögum 1982. *Viðhald ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu* hækkar um 100 þús. kr. og verður 300 þús. kr. og er sú fjárhæð áætluð til áframhaldandi viðhaldsframkvæmda á bústaðnum. *Rekstur ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu* hækkar um 76 þús. kr. og verður 250 þús. kr. *Ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum* hækkar um 20 þús. kr. og verður 160 þús. kr. Framlag *til Hrafnseyrar* verður 50 þús. kr. og er það lækkun um 150 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Framlag til *skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs* hækkar um 922 þús. kr. og verður 2 309 þús. kr. Skýring þessarar hækkunar er sú, að hér er um samningsbundið framlag að ræða og er hlutur Íslands fyrir árið 1983 1 257 þús. NOK en framlagið miðaðist við 1 134 þús. NOK fyrir árið 1982. Þar til viðbótar eru gengisbreytingar íslensku krónunnar frá því framlagið fyrir árið 1982 var ákveðið. Framlag til *öryggismálanefndar* hækkar um 300 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr. Þá hækkar liðurinn *gjöf Jóns Sigurðssonar* um 90 þús. kr. og verður framlagið 270 þús. kr. Liðurinn *stjórnarskrárnefnd* hækkar um 60 þús. kr. og verður 250 þús. kr. Eitt viðfangsefni fellur nú niður. Er það framlag til *Grænlandssjóðs* en fjárveiting í fjárlögum árið 1982 nam 1 320 þús. kr. *Grænlandssjóður* var stofnaður með lögum nr. 102/1980. Í 3. gr. laganna er kveðið svo á um að framlagsskylda ríkissjóðs nái yfir árin 1981 og 1982, og skuli miðast við 1 250 þús. kr. sem breytist þó í hlutfalli við breytingar á gengi dönsku krónunnar. Framlagsskyldu ríkissjóðs varðandi ákvæði ofangreindra laga hefur nú verið fullnægt og fellur því framlag til sjóðsins niður.

102 Þjóðhagsstofnun. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 4 018 þús. kr. og er það 1 471 þús. kr. eða 57,7% hækkun frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 2 338 þús. kr. eða 59,4% sem er nokkru hærra en almennar verðlagsforsendur frumvarpsins segja til um. Skýring þessarar hækkunar er sú að tekið hefur verið tillit til flokkatilfærslna. Að öðru leyti er launahækkunin í samræmi við forsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 700 þús. kr. eða 70% og er skýring þessarar hækkunar sú að stofnunin hefur nú nýverið flutt í nýtt og stærra húsnæði og aukast leigugreiðslur samfara því. Viðhald hækkar um 4 þús. kr. og nemur alls 17 þús. kr. Þá lækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 100 þús. kr., en í fjárlögum 1982 voru veittar 150 þús. kr. á þessum lið til húsgagnakaupa. Loks hækka sértekjur stofnunarinnar um 1 471 þús. kr. eða 57,7% og nema alls 4 018 þús. kr. eða sem svarar til helmings útgjalda stofnunarinnar.

171 Byggðasjóður. Framlag til Byggðasjóðs nemur 69 825 þús. kr. sem er hækkun um 17 325 þús. kr. eða 33,0% frá fjárlögum 1982. Þá er ennfremur gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að fjárhæð 100 000 þús. kr. Áætlað ráðstöfunarfé Byggðasjóðs verður samkvæmt framansögðu sem svarar til 1,3% af útgjöldum ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Fjárveiting verður 2 895 þús. kr. sem er hækkun um 1 934 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Launaliður verður 673 þús. kr. og hækkar um 310 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun umfram almennar forsendur frumvarpsins er um 150 þús. kr. og skýrist af vanáætluðum launagreiðslum vegna gæslustarfa o. fl. í þjóðgarðinum. Önnur rekstrargjöld verða 420 þús. kr. sem er hækkun um um 227 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Viðhald verður 370 þús. kr. og hækkar um 90 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur alls 1 700 þús. kr. og er það hækkun um 1 380 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Stofnkostnaðarfjárveitingin rennur fyrst og fremst til framkvæmda og endurbóta á Þingvallabæ og lífrannsókna í Þingvallavatni. Sértekjur verða 268 þús. kr. sem er hækkun um 73 þús. kr. frá fjárlögum 1982.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	10 819	16 839	6 020	55,6
Fræðslumál	1 063 134	1 628 453	565 319	53,2
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	104 945	153 277	48 332	46,1
Samtals	6 178 898	1 798 569	619 671	52,6
Þar af markaðir tekjustofnar	12 136	17 105	4 969	40,9

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna, sem fær hluta af einkaleyfisgjaldi af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands, hækkar um 1 529 þús. kr. og verður 4 705 þús. kr. Skemmtanaskattur sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilasjóðs hækkar um 2 900 þús. kr. og verður 11 000 þús. kr. Miðagjald sem rennur til Menningarsjóðs hækkar um 540 þús. kr. og verður 1 400 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka menntamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Framlag hækkar um 6 020 þús. kr. og verður 16 839 þús. kr. Skiptist hækkunin þannig eftir gjaldategundum: Laun hækka um 3 958 þús. kr. og er það í samræmi við almennar kaupgjaldshækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 984 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, enda tekið mið af niðurstöðutölum ríkisreiknings 1981. Viðhald hækkar um 58 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður um 20 þús. kr. og nemur fjárveiting til þessara verkefna alls 170 þús. kr.

201 Háskóli Íslands. Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 50 406 þús. kr. og verður 145 197 þús. kr. sem er hækkun um 53,1% frá fjárlögum 1982. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 40 794 þús. kr. og verða 113 295 þús. kr. sem er hækkun um 56,2% frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld verða 24 371 þús. kr. og hækka um 8 695 þús. kr. eða 55,4% frá fjárlögum 1982. Þá verður gjaldfærður stofnkostnaður 41 600 þús. kr. sem er hækkun um 6 230 þús. kr. Liðurinn sértekjur hækkar um 5 313 þús. kr. og verður 34 069 þús. kr. Verður nú gerð nánari grein fyrir hækkun útgjalda á einstökum gjaldategundum og viðfangsefnum þar sem tilefni er til athugasemda.

Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar háskólans verður 8 981 þús. kr. sem er hækkun um 3 611 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Launaliður hækkar um 2 012 þús. kr. sem er um 60,4% og er sú hækkun nokkuð umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Skýring þessarar hækkunar er sú að tekin er inn í frumvarpið ný staða deildarfulltrúa fyrir félagsvísindadeild og er kostnaður við þá stöðu um 171 þús. kr. Þá hækkar liðurinn auka- og forfallavinna um 90 þús. kr. umfram almennar launaforsendur. Önnur rekstrargjöld verða 3 763 þús. kr. sem er hækkun um 1 640 þús. kr. frá fjárlögum 1982 eða sem svarar til 77,2% og hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Þá hækka sértekjur á vegum yfirstjórnar um 41 þús. kr. og verða 125 þús. kr.

Læknadeild. Fjárveiting til læknadeildar hækkar um 7 555 þús. kr. og verður 22 127 þús. kr. sem er hækkun um 51,8% frá fjárlögum 1982. Laun verða 21 768 þús. kr. og er það hækkun um 7 719 þús. kr. eða 54,9% frá fjárlögum 1982. Tekin er inn ein ný dósentsstaða í námsbraut í hjúkrunarfræði og er kostnaður vegna þeirrar stöðu um 199

þús. kr. Þá hækkar stundakennsla nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, en að öðru leyti skýrist launahækkun innan læknadeildar af almennum verðhækkunarforsendum. Önnur rekstrargjöld verða 1 608 þús. kr. sem er hækkun um 205 þús. kr. eða 14,6% frá fjárlögum 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni læknadeildar í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Læknadeild án námsbrauta	897	1 037	140	15,6
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	277	395	118	42,6
Námsbraut í hjúkrunarfræði	29	44	15	51,7
Námsbraut í sjúkraþjálfun	200	132	−68	−34,0
Samtals	1 403	1 608	205	14,6

Eins og sést á ofangreindu yfirliti hækka önnur rekstrargjöld hjá læknadeild án námsbrauta um 140 þús. kr. eða um 15,6%. Skýring þessarar litlu hækkunar er sú, að breyting verður á kennslufyrirkomulagi í líffærafræði. Eftirleiðis mun kennslan fara fram hér á Íslandi, en kennslu í líffærafræði hefur hingað til orðið að sækja til Bretlands. Að líffærafræði undanskilinni hækka rekstrargjöld í læknadeild án námsbrauta um 41,0%. Önnur rekstrargjöld við námsbraut í sjúkraþjálfun lækka um 68 þús. kr. og verða 132 þús. kr. Skýring þessarar lækkunar er sú, að gert er ráð fyrir að leigugreiðslur fyrir verklega kennslu í sjúkraþjálfun verði 120 þús. kr. árið 1983 í stað 193 þús. kr. sem áætlað er fyrir í fjárlögum 1982. Að leigugreiðslum frátöldum hækka önnur rekstrargjöld við námsbraut í sjúkraþjálfun um 55% frá fjárlögum 1982. Aðrar rekstrargjaldahækkanir hjá læknadeild eru í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Þá hækka sértekjur um 369 þús. kr. og verða 1 249 þús. kr. en sértekjur læknadeildar koma að mestu leyti frá rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

Tannlæknadeild. Fjárveiting til tannlæknadeildar hækkar um 1 717 þús. kr. og verður 5 070 þús. kr. Þar af hækka laun um 1 440 þús. kr. og verða 4 281 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 324 þús. kr. og verða 899 þús. kr. og er það nokkru meiri hækkun en forsendur segja til um. Á næsta ári er ráðgert að tannlæknadeild flytji í nýtt og stærra húsnæði og samfara því aukast rekstrargjöld nokkuð. Þá hækka sértekjur um 47 þús. kr. og verða 110 þús. kr.

Viðskiptadeild. Framlag til viðskiptadeildar hækkar um 1 959 þús. kr. og verður fjárveiting 5 133 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 906 þús. kr. og verða 4 946 þús. kr. sem er umfram áætlaðar grunn- og verðbótahækkanir launa samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Skýring umframhækkunar er að gert er ráð fyrir nýrri stöðu prófessors í þjóðhagfræðigreinum, en áætlaður viðbótarkostnaður samfara því nemur 243 þús. kr. Þá eykst stundakennsla sem svarar 25 þús. kr. umfram verðforsendur. Að öðru leyti hækkar launaliður viðskiptadeildar í hátt við verðlag. Önnur rekstrargjöld verða 187 þús. kr. sem er hækkun um 53 þús. kr. frá fjárlögum 1982.

Verkfræðideild. Fjárveiting til verkfræðideildar hækkar um 12 621 þús. kr. og verður 34 813 þús. kr. Launaliður hækkar um 11 161 þús. kr. eða 56,8% og verður þar með 30 809 þús. kr. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: Tekin er inn 1,0 staða prófessors í frumlíffræði við líffræðiskor og er kostnaður við þá stöðu um 235 þús. kr. Þá hækkar stöðuhlutfall tækjavarðar úr 0,5 í 1,0 stöðu og verður viðbótarkostnaður vegna þess um 70 þús. kr. Þá hækkar launakostnaður vegna stundakennslu um 300 þús. kr. umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Að öðru leyti er um almennar

launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld verða 4 389 þús. kr. sem er hækkun um 1 579 þús. kr. eða 56,2% frá fjárlögum ársins 1982.

Rekstur fasteigna. Fjárveiting til reksturs fasteigna Háskóla Íslands verður 13 593 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 5 048 þús. kr. eða 59,1% frá fjárlögum ársins 1982. Laun hækka um 2 551 þús. kr. eða 61,6% frá fjárlögum og er skýring þess sú að ræstingarkostnaður eykst umfram verðlagsforsendur samfara aukningu á húsnæði sem Háskóli Íslands hefur yfir að ráða. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 507 þús. kr. og verða 6 918 þús. kr. sem er hækkun um 56,8% frá fjárlögum 1982. Skýring þessarar hækkunar er sú, að húsaleigugreiðslur og fasteignagjöld vaxa umfram verðlagsforsendur frumvarpsins af ástæðu sem þegar er getið. Að öðru leyti er um almennar verðhækkanir á þessum fjárlagalið að ræða. Þá hækka sértekjur um 10 þús. kr. og verða 20 þús. kr.

Sameiginleg útgjöld. Sameiginleg útgjöld Háskóla Íslands hækka um 3 788 þús. kr. og verða 9 375 þús. kr. Launaliður hækkar um 2 544 þús. kr. eða 63,2% frá fjárlögum 1982, sem er nokkuð umfram verðlagshækkanir. Hækkunin skýrist af því að við gerð tillögu um fjárveitingu til prófstjórnar, stundakennslu, rannsóknaauka samkvæmt kjarasamningum og sameiginlegs tölvukostnaðar háskólans var höfð hliðsjón af raunkostnaði 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 244 þús. kr. eða 79,5% og verða 2 808 þús. kr. Helstu skýringar á þessari hækkun eru eftirfarandi: Áætlað er fyrir öðrum rekstrargjöldum í rannsóknasjóð stundakennara að fjárhæð 150 þús. kr. sem er nýtt, ferðakostnaður í rannsóknaleyfum hækkar um 69,6% og verður 1 145 þús. kr. og hefur þá verið höfð hliðsjón af raunkostnaði árið 1981 og það sem af er árinu 1982, fjárveiting til háskólafyrirlestra hækkar um 12 þús. kr. eða 121%, tölvukostnaður hækkar um 42 þús. kr. eða 52,0% og prófstjórn hækkar um 32 þús. kr. eða 121%. Að öðru leyti hækka önnur rekstrargjöld sem forsendum frumvarpsins nemur.

Félagsvísindadeild. Fjárveiting hækkar um 2 325 þús. kr. eða 57,0% og verður 6 405 þús. kr. Launaliður verður 6 121 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 2 238 þús. kr. eða 57,6% frá fjárlögum 1982. Skýring hækkunarinnar er eftirfarandi: Gert er ráð fyrir stundakennslu í félagsráðgjöf og felur það í sér kostnað að fjárhæð 155 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir stundakennslu í þessari námsgrein áður. Aðrar hækkanir launa umfram verðlagsforsendur eru vegna aukinna fjárveitinga til stunda- og æfingakennslu í ýmsum kennslugreinum. Önnur rekstrargjöld hækka um 87 þús. kr. og verða 284 þús. kr. sem er í samræmi við forsendur frumvarpsins.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 41 600 þús. kr. árið 1983. Gert er ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárins verði með eftirgreindum hætti:

Framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 1983.

Fjármögnun:		þús. kr.
Eign 1. janúar 1983		3 700
Framlag H. H. Í.		23 819
Fjárveiting		13 700
Vaxtatekjur		381
Ráðstöfun:	Samtals	41 600
A. Almennt		þús. kr.
Viðhald húsa og lóða		3 500
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu		4 000
Skipulagning lóða og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð		500
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar		600
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða		500
Úrbætur í síma- og öryggismálum		500
B. Nýbyggingar	Samtals	9 600
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð		32 000
	Samtals A + B	41 600

Í ársbyrjun 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á Háskóla- og Landspítalalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps er menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978. Verkefni samráðshópsins var að kanna og endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og Landspítala. Samráðshópurinn sendi frá sér álit, dagsett 11. desember 1978. Þeir sem þá skipuðu fjárveitinganefnd Alþingis gátu fyrir sitt leyti fallist á þau áform um tilhögun framkvæmda og fjármögnun þeirra sem fram komu í áliti samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi frá Happdrætti Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Fjárhæðin sem gengið var út frá, 9 000 þús. kr., var miðuð við verðlag í október 1978. Nú þegar hafa 53,6% af fjárhæðinni m. v. raungildi verið innt af hendi til Háskóla Íslands. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 13 700 þús. kr. beinni fjárveitingu til framkvæmda eða sem svarar til 23% af raungildi upphaflegu fjárhæðarinnar.

207 **Íslensk málnefnd.** Íslensk málnefnd var áður viðfangsefni undir liðnum 02-983 Ýmis vísindaleg starfsemi. Lagt er til að stofnaður verði nýr fjárlagaliður, Íslensk málnefnd, og verður fjárveiting alls 345 þús. kr. Er það hækkun um 245 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Fjárveitingin skiptist þannig eftir gjaldategundum: Til launa eru ætlaðar 265 þús. kr. Einvörðungu er um að ræða laun lausráðins starfsfólks svo og þóknun vegna nefndarstarfa. Til að standa straum af öðrum rekstrarkostnaði eru ætlaðar 80 þús. kr. Meðal þeirra verkefna sem nefndin vinnur að er hagfræðiorðasafn, og er talið að takast muni að gefa það út á árinu 1983.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 1 516 þús. kr. og verður 3 719 þús. kr. Laun hækka um 931 þús. kr. eða 61,7%. Í fjárlögum 1982 var áætlað fyrir launum lausráðins starfsmanns í hálfa stöðu er skyldi annast skrifstofuhald stofnunarinnar. Fjárveitingu fyrir árið 1983 er ætlað að nægja fyrir launagreiðslu til starfsmanns í heilu stöðugildi er sinni þessu verkefni. Aukakostnaður er af þessu hlýst er áætlaður 93 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 265 þús. kr., eða 60%, sem er nokkuð umfram verðlagshækkanir. Skýrist það m. a. af auknu húsrými hjá stofnuninni. Viðhald hækkar um 20 þús. kr. og verður alls 80 þús. kr. Fyrirhugað er að auka við sýningaraðstöðu safnsins á náttúrugripum. Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar nemur því 500 þús. kr. sem er hækkun um 300 þús. kr. frá fjárlögum 1982, og verður fénu m. a. varið til innréttingar á sýningarhúsnæði.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Framlag hækkar um 593 þús. kr. og verður samtals 2 533 þús. kr. Laun hækka um 610 þús. kr. og má rekja þá hækkun til almennra kaupgjaldsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 155 þús. kr. og er það undir almennri forsendu um verðlagsbreytingu. Ástæðuna má m. a. rekja til þess, að á árinu 1982 lýkur endurskoðun langtímaáætlunar fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Fjárveiting til viðfangsefnisins *langtímaáætlun* er nú fyrst og fremst ætluð til að standa straum af kostnaði við kynningu áætlunarinnar og kosta smærri samræmingarverkefni fyrir rannsóknastofnanirnar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 15 þús. kr. og verða samtals 115 þús. kr. Ætlað er að sértekjur stofnunarinnar hækki samtals um 187 þús. kr. og verði 587 þús. kr. Er það umfram forsendur frumvarpsins um verðlagshækkanir, en fyrirhugað er að auka sölu á þjónustu viðfangsefnisins *upplýsingamál.*

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Fjárveiting til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna hækkar um 1 529 þús. kr. og verður 4 705 þús. kr. sem er hækkun um 48,1% frá fjárlögum 1982. Tekjum sjóðsins skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði við rannsóknastarfsemina í landinu, einkum til byggingarframkvæmda og meiri háttar tækjakaupa hjá rannsóknarstofnunum.

301-307 Menntaskólar. Hér verður fjallað á einum stað um alla menntaskóla og helstu breytinga getið. Launaliður hækkar að meðaltali um 54,2% eða um 26 713 þús. kr. Hér er fyrst og fremst um samningsbundnar hækkanir milli ára að ræða. Hækkun launa skýrist einnig af því að gert er ráð fyrir um 2% fjölgun nemenda í menntaskólum. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 296 þús. kr. sem er lítið eitt umfram almennar verðlagshækkanir. Stofnkostnaður nemur 10 190 þús. kr. og er 772 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1982. Stofnkostnaðarframlagið skiptist á eftirfarandi hátt: Til Menntaskólans á Akureyri renna 100 þús. kr. vegna hönnunar á byggingu fyrir félags- og samkomuaðstöðu, til Menntaskólans á Ísafirði renna 5 000 þús. kr. vegna þriðja áfanga skólahúss og 5 090 þús. kr. renna til Menntaskólans á Egilsstöðum vegna áframhaldandi byggingaframkvæmda við heimavist. Menntaskólinn í Kópavogi er ekki með í þessum samanburði við fjárlög 1982 en framlag til stofnkostnaðar nam þá 400 þús. kr. Hann sameinast nú framhaldsdeildum Víghólaskóla og nefnist hér eftir Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut. Starfsemi hans verður því getið í umfjöllun um fjölbrautaskóla. Meginskýring þess að stofnkostnaðarframlag hækkar ekki meira en raun ber vitni er að framlag til Menntaskólans við Sund fellur niður vegna uppgjörsmála, en það nam í fjárlögum 1982 1 960 þús. kr.

319 Framhaldsskólar, almennt. Framlag hækkar um 1 647 þús. kr. og verður 7 923 þús. kr. Samkvæmt frumvarpinu hækka laun undir þessum lið um 1 290 þús. kr. og nema alls 3 949 þús. kr. Hér er um að ræða áætluð útgjöld vegna forfallakennslu, orlofs kennara, launa prófdómara o. fl. Í fjárlögum 1982 voru áætlaðar 1 270 þús. kr. á öðrum rekstrargjöldum, er ætlaðar voru til að mæta útgjöldum í kjölfar óvæntrar nemendafjölgunar í framhaldsskólum. Ekki er áætlað fyrir hliðstæðum útgjöldum nú. Framlag til viðhalds framhaldsskólanna hækkar um 450 þús. kr. og verður alls 1 850 þús. kr. Framlag til tækjakaupa í framhaldsskólum hækkar um 1 080 þús. kr. og verður 1 554 þús. kr. Þar af er ætlunin að ráðstafa 900 þús. kr. til tölvuvæðingar í framhaldsskólum, en sérstakur starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins hefur fjallað um þau mál. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 87 þús. kr. og verður 570 þús. kr. Hér er um að ræða kostnað við endurmenntunarnámskeið og námskeið í uppeldis- og kennslufræðum.

321 Kennaraháskóli Íslands. Framlag til skólans nemur samtals 28 256 þús. kr. sem er 8 730 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Launaliður hækkar um 5 520 þús. kr., eða 42,9%, sem er innan almennra launahækkana. Skýringin er sú að réttindanámi fyrir grunnskólakennara lýkur í ársbyrjun 1983. Önnur rekstrargjöld nema 2 750 þús. kr. og eru 1 073 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1982. Þetta er töluvert umfram almennar verðlagshækkanir og er vegna þess að nú er áætlað fyrir kostnaði við endurmenntunarnámskeið á þessum lið, samtals 400 þús. kr., en var í fjárlögum 1982 sem yfirfærsla til einstaklinga og samtaka. Til viðhalds eru áætlaðar 270 þús. kr. eða 70 þús. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1982. Til stofnkostnaðar eru ætlaðar 7 270 þús. kr. vegna áframhaldandi framkvæmda við nýbyggingu skólans og er framlag til stofnkostnaðar 2 460 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1982. Sértekjur eru áætlaðar 408 þús. kr. sem er 183 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands. Heildarframlag hækkar um 5 424 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og nemur samtals 11 598 þús. kr. Launaliður nemur 1 852 þús. kr. og hækkar um 374 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi er innan almennra launahækkana vegna ofáætlunar í fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við almennar verðlagshækkanir og nema 450 þús. kr. Til viðhalds renna 100 þús. kr. og í stofnkostnað eru ætlaðar 9 220 þús. kr. til nýbyggingar íþróttahúss sem boðin var út á þessu ári. Með fjárveitingu í fjárlögum 1982, 4 250 þús. kr., og framlagi samkvæmt frumvarpinu er stefnt að því að ljúka megi undirstöðum alls hússins og gera 2/3 hluta

þess fokhelda. Loks eru áætlaðar sértekjur 24 þús. kr. og eru þær óbreyttar frá fjárlögum 1982.

351 **Fjölbrautaskólar í Reykjavík.** Framlag hækkar samtals um 13 482 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og rennur til Fjölbrautaskólans í Breiðholti og til Ármúlaskóla. Laun hækka um 12 325 þús. kr., eða 54,7%, önnur rekstrargjöld um 532 þús. kr., framlag til viðhalds hækkar um 65 þús. kr. og framlag til stofnkostnaðar um 560 þús. kr. Hækkun á launalið umfram almenna launaforsendu er vegna launaskriðs og aukinnar starfsemi við öldungadeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Hækkun rekstrargjalda er eingöngu vegna verðlagsbreytinga. Stofnkostnaðarframlag nemur 7 560 þús. kr. Þar af eru 7 165 þús. kr. vegna lokaframkvæmda við E-álmu Fjölbrautaskólans í Breiðholti en 395 þús. kr. eru vegna samnings ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar frá árinu 1978. Heildarframlag nemur 44 695 þús. kr.

352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Heildarframlag nemur 12 160 þús. kr. sem er 4 658 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Hækkun launaliðar nemur 4 093 þús. kr. eða 58,6%. Þetta er töluvert umfram almennar launahækkanir og er aðallega vegna nýstofnaðrar öldungadeildar við skólann. Önnur rekstrargjöld hækka um 205 þús. kr. sem er í hátt við almenna verðlagsþróun. Framlag til viðhalds nemur 20 þús. kr. og hækkar um 10 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Loks nemur stofnkostnaðarframlag 350 þús. kr. og eru 310 þús. kr. vegna frágangs lóðar og endurbóta en 40 þús. kr. vegna kennslutækjakaupa. Í fjárlögum 1982 var ekkert framlag til stofnkostnaðar.

354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Fjárveiting til skólans nemur 14 922 þús. kr. og nemur hækkun frá fjárlögum 1982 4 690 þús. kr. Laun hækka um 3 686 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 280 þús. kr. Þetta er hvort tveggja nokkuð umfram almenna verðlagsþróun, enda er áætlað fyrir fleiri nemendum nú en í fjárlögum 1982. Viðhald hækkar um 24 þús. kr. frá fjárlögum en framlag til stofnkostnaðar hækkar um 700 þús. kr. og nemur 4 100 þús. kr. Þar af eru 600 þús. kr. vegna lokaframkvæmda við 1. áfanga verknámshúss, 150 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði og 3 350 þús. kr. eru til nýbyggingar heimavistar.

356 **Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Heildarfjárveiting verður 9 731 þús. kr. og hækkar um 3 223 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Launaliður hækkar um 1 920 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 120 þús. kr. Báðir gjaldaliðir hækka umfram almenna forsendu um verðlagsbreytingu og skýrist það af nemendafjölgun og stækkun húsnæðis, en tekið hefur verið í notkun nýtt verknámshús. Viðhald hækkar um 13 þús. kr., stofnkostnaður um 1 170 þús. kr. og framlag til stofnkostnaðar verður samtals 5 100 þús. kr. Stofnkostnaðarframlagið skiptist þannig: 1 075 þús. kr. eru til almenns kennslubúnaðar fyrir iðnnám, 135 þús. kr. eru til framkvæmda við verknámshús og 3 890 þús. kr. eru ætlaðar til áframhaldandi framkvæmda við byggingu heimavistar við skólann.

357 **Fjölbrautaskólinn á Selfossi.** Fjárveiting nemur samtals 10 433 þús. kr. og hækkar um 4 028 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 2 189 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 119 þús. kr. Þetta eru hækkanir umfram almenna verðlagsforsendu enda skólinn í mótun og spáð töluverðri nemendafjölgun. Til viðhalds eru áætlaðar 20 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir slíku í fjárlögum 1982. Stofnkostnaður er samtals 4 000 þús. kr. og hækkar því um 1 700 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Framlaginu er fyrirhugað að verja á eftirfarandi hátt: Til nýbyggingar skólahúss 3 770 þús. kr. og til kaupa á vélum, tækjum og skrifstofubúnaði 230 þús. kr.

358 **Framhaldsskólinn í Neskaupstað.** Heildarframlag nemur 4 081 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum 1982 er 2 028 þús. kr. Laun hækka um 632 þús. kr., eða 55,3%, og önnur rekstrargjöld um 30 þús. kr. Auk almennrar verðlagsbreytingar skýrist hækkun

þessara gjaldaliða af auknum umsvifum enda um nýjan skóla að ræða. Viðhald áætlast 8 þús. kr. og stofnkostnaður 2 200 þús. kr. sem rennur til innréttinga 1. áfanga skólahúss.

359 **Verkmenntaskóli á Akureyri.** Fjárveiting til skólans nemur alls 6 100 þús. kr. og rennur hún öll til stofnkostnaðar. Fjárveiting í fjárlögum 1982 nemur aftur á móti 3 300 þús. kr. Um 2 500 þús. kr. af fjárveitingu ársins 1983 rennur til að ljúka byggingu 1. áfanga skólans og 3 600 þús. kr. til byrjunarframkvæmda við byggingu smiðju og félagsaðstöðu við skólann.

422 **Námsgagnastofnun.** Framlag hækkar um 5 056 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 15 529 þús. kr. Meðferð á fjárlagatillögum stofnunarinnar er með svipuðu sniði og var í fjárlögum 1982 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Að undanförnu hefur nefnd unnið að endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar og munu niðurstöður hennar væntanlega liggja fyrir síðar á árinu. Meðal annars kemur til álita að breyta ýmsum þáttum í rekstri stofnunarinnar og taka upp viðfangsefnaskiptingu á fjárlagaliðnum.

517 **Hótel- og veitingaskóli Íslands.** Framlag til skólans nemur alls 3 659 þús. kr. Þar af eru 1 500 þús. kr. ætlaðar til að leysa húsnæðismál skólans. Að öðru leyti eru breytingar útgjaldaliða í samræmi við forsendur frumvarpsins.

518 **Fiskvinnsluskólinn.** Framlag til skólans nemur alls 7 157 þús. kr. Framlagið skiptist þannig að til launa, annarra rekstrargjalda og viðhalds renna 2 668 þús. kr. og hækka þessir rekstrarliðir í hátt við launa- og verðlagsbreytingar. Framlag til stofnkostnaðar verður 5 000 þús. kr. og er ætlað til nýbyggingar skólans sem nú er á hönnunarstigi. Þá nema sértekjur alls 511 þús. kr. og er áætlað að þær hækki um 146 þús. kr. eða 40%.

523 **Fósturskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans hækkar um 2 005 þús. kr. og verður 5 003 þús. kr. Laun verða 4 287 þús. kr. sem er hækkun um 1 641 þús. kr. eða sem svarar til 62,0% frá fjárlögum 1982. Fyrrnefnd hækkun sem er nokkuð umfram verðhækkunarforsendur skýrist af því að í fjárlögum 1982 var áætlað fyrir einni bekkjardeild til viðbótar þeim sem fyrir voru. Gert var ráð fyrir að kennsla þeirrar deildar hæfist í október 1982. Nú er hins vegar áætlað fyrir kennslukostnaði allt árið 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 91 þús. kr. og verða 350 þús. kr. Viðhald hækkar um 280 þús. kr. og verður 300 þús. kr. sem fara á til utanhússviðgerða á húsi skólans. Gjaldfærður stofnkostnaður verður óbreyttur frá fjárlögum 1982 eða 90 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 7 þús. kr. og verða 24 þús. kr.

562 **Leiklistarskóli Íslands.** Fjárveiting hækkar um 977 þús. kr. og verður 2 628 þús. kr. Launaliður hækkar um 800 þús. kr. og verður 2 027 þús. kr. sem er hækkun umfram launaforsendur frumvarpsins. Skýrist hækkunin af því að á síðastliðnu skólaári var enginn námshópur á 2. námsári en verður hins vegar á næsta ári. Önnur rekstrargjöld hækka um 275 þús. kr. og verða 640 þús. kr. sem er umfram verðviðmiðun frumvarpsins og skýrist af því að tekið er nokkurt tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Aðrir gjaldaliðir hækka um 32 þús. kr. og verða 155 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 131 þús. kr. og verða 181 þús. kr.

563 **Tónlistarfræðsla.** Framlag nemur alls 28 853 þús. kr. en það er hækkun um 10 033 þús. kr. eða 53,3% frá fjárlögum 1982. Til launagreiðslna við tónlistarskóla í landinu renna 28 443 þús. kr. en 410 þús. kr. eru styrkir til hljóðfærakaupa tónlistarskóla.

571 **Sjómannaskólahúsið.** Framlagið hækkar um 1 080 þús. kr. og verður 4 415 þús. kr. Laun hækka um 631 þús. kr. og verða 1 957 þús. kr. Hækkunina má rekja til almennra kaupgjaldsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 283 þús. kr. og verða 958 þús. kr. Er það einnig í samræmi við verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Gjaldfærður

stofnkostnaður hækkar um 166 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Gert er ráð fyrir framhaldi þeirra viðhaldsframkvæmda sem hafnar voru á árinu 1982.

610 Héraðsskólar, almennt. Framlag á þessum fjárlagalið rennur til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar í héraðsskólum. Framlag til viðhalds nemur 1 280 þús. kr. og hækkar um 28% frá fjárlögum 1982. Framlag til stofnkostnaðar nemur 3 950 þús. kr. og hækkar um 1 300 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.

700-780 Grunnskólar, rekstur. Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla á þessum liðum hækkar um 195 233 þús. kr. eða 55,9%. Laun verða 503 370 þús. kr. og hækka um 183 436 þús. kr., eða 57,3%, og er það verulega umfram almennar launahækkanir. Skýringin er sú að tilfærslur hafa verið milli launaflokka á árinu 1982 frá gerð fjárlaga þess árs og er talið að meðallaunaflokkur kennara hafi hækkað um tvo frá því sem þá var gert ráð fyrir. Það hefur m. a. leitt af sér álíka hækkanir á áætlaðri yfirvinnu og ýmsum framlögum og greiðslum sem miðast við laun. Talið er að þessar hækkanir séu allt að 7% og skýri um 22 400 þús. kr. af hækkun launaliðar í frumvarpi 1983. Til lækkunar á launalið koma tæplega 800 þús. kr. (miðað við launagrunn frumvarpsins) þar sem ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til kennslu 5 ára barna í Reykjavík 1983, enda hafa talsmenn Reykjavíkurborgar lýst yfir að hún taki ekki þátt í rekstri bekkjardeilda 5 ára barna frá og með upphafi núverandi skólaárs (1982/83). Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi fræðsluskrifstofa frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld verða 38 643 þús. kr. og hækka um 11 040 þús. kr. eða 40%. Yfirfærslur til sveitarfélaga, sem er framlag til fræðsluskrifstofa, sbr. 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, hækka um 757 þús. kr. eða 43,7% og verða 2 488 þús. kr.

791 Grunnskólar, almennt. Fjárveiting hækkar um 5 641 þús. kr. og verður 17 310 þús. kr. Tvö ný viðfangsefni eru nú tekin inn á þennan lið: *Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala* 265 þús. kr. og *fræðslusýningar fyrir fötluð börn* 220 þús. kr. Til *framhaldsdeilda grunnskóla* renna nú 10 762 þús. kr. Framlagið hækkar um 3 407 þús. kr. og er það nokkru minna en svarar verðlagsbreytingum. Menntaskólinn í Kópavogi verður nú með fjölbrautasniði og því fellur niður framhaldsdeild við Víghólaskóla. Sé framhaldsdeild við Víghólaskóla undanskilin í samanburðinum nemur hækkun milli ára 4 207 þús. kr. Framlag til launa *stjórnskipaðra prófdómara* hækkar um 635 þús. kr. og verður 1 790 þús. kr. Framlag til *umferðarfræðslu í skólum* hækkar um 94 þús. kr. og verður 304 þús. kr. Til *framkvæmdar sundskyldu í skólum* renna 3 800 þús. kr. Hækkun nemur 1 010 þús. kr. Til *skíðakennslu í skólum* hækkar framlag um 14 þús. kr. og verður 49 þús. kr. Til *unglingafræðslu* renna 20 þús. kr. og nemur hækkunin 6 þús. kr. Framlag til *rannsókna á áhrifum skólaskyldu* er óbreytt að krónutölu eða 100 þús. kr.

792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög. Fjárveiting hækkar um 15 811 þús. kr., og nemur alls 81 420 þús. kr. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárins.

797 Skólar fyrir þroskaheft börn. Þessi liður var áður nefndur „Stofnanir afbirgðilegra barna". Nokkrir kostnaðarliðir hafa verið fluttir á milli viðfangsefna. Laun verða 26 072 þús. kr. og hækka því um 10 534 þús. kr. eða 67,7%. Skýrist hækkunin þannig: Aukning á kennslu (föst laun og stundakennsla) nemur um 2 320 þús. kr. og á öðrum störfum um 360 þús. kr., þar með talin ein staða sálfræðings á viðfangsefninu *Dagvistun forskólabarna* (199 þús. kr.) og 0,25 stöðugildi sjúkraþjálfara í *Kjarvalshúsi* (48 þús. kr.) eða samtals um 2 680 þús. kr. Eftir stendur launahækkun sem nemur 7 854 þús. kr. eða 50,5% og er vegna almennrar launahækkunar samkvæmt forsend-

um frumvarpsins. Aukning á kennslumagni stafar bæði af fjölgun nemenda og aukinni kennslu margra þeirra nemenda sem fyrir eru. Önnur rekstrargjöld verða 4 238 þús. kr. og hækka því um 1 427 þús. kr. eða 50,7%. Viðhald lækkar um 158 þús. kr. og verður 347 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 385 þús. kr. og hækkar um 80 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga eru áætlaðar 4 100 þús. kr. og hækka því um 1 850 þús. kr. eða 82,2%. Hér er um að ræða kostnað við vistun og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum. Þessi kostnaðarliður er á viðfangsefninu *Dagvistun forskólabarna* ásamt 199 þús. kr. launum til sálfræðings sem fyrr er getið. Hér er um nýja stöðu að ræða og er sálfræðingnum ætlað að gera starfs- og námsáætlanir fyrir forskólabörn og vinna með foreldrum og kennurum að áætlunum þessum. Talið er að þetta geti sparað pláss á dagvistarstofnunum en foreldrar geti þess í stað sjálfir sinnt börnum sínum heima. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 893 þús. kr. eða 80,2% og verða 2 006 þús. kr. Hér er um að ræða þrjá liði. Í fyrsta lagi eru áætlaðar 1 766 þús. kr. til að greiða dvalarkostnað þroskaheftra barna sem eru vistuð hjá vistunarforeldrum en gerður hefur verið samningur um þessar greiðslur og fylgja þær launabreytingum. Í öðru lagi eru 200 þús. kr. áætlaðar til greiðslu á sumardvöl þroskaheftra barna og er það óbreytt tala frá fjárlögum 1982. Báðir þessir kostnaðarliðir eru á viðfangsefninu *Sameiginleg þjónusta*. Í þriðja lagi er um að ræða 40 þús. kr. til *Bliss-nefndar* sem er nýtt viðfangsefni. Er þetta framlag til íslensku *Bliss-nefndarinnar*, en s. l. fjögur ár hefur farið fram hér á landi kennsla í bliss-táknmáli fyrir þroskahefta. Sértekjur eru áætlaðar 275 þús. kr. og hækka um 75 þús. kr. Hér er um að ræða endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna útlagðs kostnaðar við tannviðgerðir (65 þús. kr.) annars vegar og vegna vistunar barna hjá vistforeldrum hins vegar (210 þús. kr.).

Skipting stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum (í þús. kr.) er eftirfarandi:

Viðfangsefni		Stöðugildi áætluð	Fjárveiting 1983
0102	**Öskjuhlíðarskóli**	**45,4**	**10 990**
0103	**Kjarvalshús, greiningarstöð**	**13,0**	**3 022**
0104	**Þjálfunarskólar**	**63,0**	**13 483**
	Kópavogshæli	16,0	3 521
	Sólheimar	2,0	476
	Geðdeild Hringsins	9,67	1 937
	Bjarkarás	6,33	1 416
	Safamýrarskóli	16,33	3 326
	Tjaldanes	1,67	436
	Sólborg	11,0	2 371
0105	**Dagvistun forskólabarna**	**1,0**	**4 299**
0106	**Sameiginleg þjónusta**	**3,0**	**5 039**
	Sameiginlegur kostnaður		2 423
	Dvalarkostnaður, vistun		1 556
	Fjölskylduheimili, Reynilundi	3,0	860
	Sumardvöl		200
0107	**Bliss-nefnd**		**40**
	Samtals	**125,3**	**36 873**

Í þessari upptalningu yfir stöðugildi eru bæði heimilaðar stöður og „reiknuð" kennarastöðugildi miðuð við kennslumagn. Þau stöðugildi sem ekki eru vegna kennslu eru 26,5, þar af 10,5 hjá Öskjuhlíðarskóla, 12,0 hjá Kjarvalshúsi, 1,0 hjá Dagvistun forskólabarna og 3,0 hjá fjölskylduheimilinu að Reynilundi 4.

802 **Vernd barna og ungmenna.** Alls hækka fjárveitingar undir þessum lið um 797 þús. kr. og nema alls 1 610 þús. kr. Framlag til *Barnaverndarráðs* hækkar samkvæmt frumvarpinu um 470 þús. kr. og verður 962 þús. kr. Er það verulega umfram áætlaðar verðlagshækkanir sem m. a. stafar af því að nú er áætlað fyrir nýrri starfsemi, foreldraráðgjöf. Hækkun framlaga af þeim sökum er um 265 þús. kr. Að öðru leyti er um verðlagsbreytingar að ræða. Áætlað er að styrkgreiðslur ríkisins til *meðferðarheimilisins að Smáratúni* hækki um 327 þús. kr. og nemi 600 þús. kr. á árinu 1983. Menntamálaráðuneyti og meðferðaraðilar að Smáratúni hafa nú gert með sér samkomulag um ýmis atriði er að rekstri heimilisins lúta og er tekið tillit til þess. *Framlög til styrktar munaðarlausum, vanræktum og fötluðum unglingum til náms* og til *sumardvalarheimila* eru óbreytt að krónutölu.

803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag til byggingar dagvistarheimila verður 22 000 þús. kr. og hækkar því um 7 000 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Framlag hækkar meira en til annarra framkvæmdaliða. Við lausn kjaradeilna 1980 féllst ríkisstjórnin á gerð langtímaáætlunar um uppbyggingu dagvistar barna í landinu. Fjárveitinganefnd Alþingis mun samkvæmt venju gera tillögu um skiptingu fjárins.

871 **Unglingaheimili ríkisins.** Framlag til unglingaheimilisins hækkar um 46 þús. kr. og verður 1 986 þús. kr. Fjárveitingin felur í sér 2,4% hækkun frá fjárlögum 1982. Helsta orsök þess, að framlag hækkar ekki meir en raun ber vitni, er að sértekjur stofnunarinnar hækka um 2 085 þús. kr. eða 130,7% og verða 3 680 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar miðast við daggjöld Borgarspítalans og eru greiddar af sveitarfélögum fyrir vistmenn. Skýringin á hækkun sértekna er annars vegar hækkun daggjalda sjúkrastofnana milli ára og hins vegar fjölgun vistmanna, sem leiðir af sér auknar tekjur. Laun hækka um 1 473 þús. kr. og verða 4 381 þús. kr. Við meðferð á öðrum fjárlagaliðum heimilisins var höfð hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings 1981. Eftirtaldar hækkanir verða á einstökum liðum frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 281 þús. kr. og verða 700 þús. kr. Viðhald hækkar um 332 þús. kr. og verður 410 þús. kr., sem ráðstafa skal til viðhalds og málningar á húseignum heimilisins.

872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag til sjóðsins hækkar um 97 061 þús. kr., eða 82,3%, og verður 214 943 þús. kr. Að auki er áætlað að sjóðnum verði aflað lántökuheimildar að fjárhæð 90 000 þús. kr. og er það 80% hækkun frá fjárlögum 1982. Við áætlun á útlánagetu sjóðsins er tekið tillit til laga nr. 72/1982 er um sjóðinn gilda. Gert er ráð fyrir að mætt verði 95% af umframfjárþörf námsmanna á árinu 1983 í stað 90% áður en það skýrir um 14 175 þús. kr. af hækkun framlags til sjóðsins. Styrkveitingar eru áætlaðar 19 900 þús. kr. og er það 103% hækkun frá fjárlögum 1982.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Heildarframlag hækkar um 443 þús. kr. Til *félagsstofnunar stúdenta* eru nú veittar 1 632 þús. kr. og hækkar framlag um 577 þús. kr. Framlag til *viðhalds stúdentagarða* hækkar um 36 þús. kr. og verður 2 136 þús. kr. Niður fellur framlag til *hjónagarða* sem var 170 þús. kr. í fjárlögum 1982. Að öðru leyti eru framlög undir þessum lið óbreytt að krónutölu og koma til nánari athugunar í fjárveitinganefnd.

885 **Fullorðinsfræðsla.** Framlag til *Bréfaskólans* hækkar um 117 þús. kr. Framlag til *námsflokka* hækkar um 21 þús. kr. Hækkun framlaga til *félagsmálanámskeiðs* nemur 13 þús. kr. og til *Heimilisiðnaðarskólans* 11 þús. kr. Samtals hækka því fjárveitingar undir þessum lið um 162 þús. kr. og nemur fjárveiting alls 507 þús. kr.

902 **Þjóðminjasafn Íslands.** Framlag hækkar um 3 266 þús. kr. og verður 8 957 þús kr. Fjárveitingin skiptist á eftirtalin viðfangsefni: *Þjóðminjasafn, Örnefnastofnun, sjóminjasafn og byggða- og minjasöfn.* Viðfangsefnið *byggða- og minjasöfn* er nýtt.

Undir því viðfangsefni er áætlað fyrir rekstrar- og byggingarstyrk til byggðasafna samkvæmt 42. gr. laga nr. 52/1969. Áður var áætlað fyrir þessum styrkjum undir viðfangsefninu *Þjóðminjasafn*. Framlög skiptast þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 708 þús. kr. og verða 4 431 þús. kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu skrifstofumanns í hálfu starfi. Kostnaðarauki af þessum sökum er 93 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 248 þús. kr. og verða 906 þús. kr. sem er að mestu leyti í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld *Þjóðminjasafns* aukast nokkru meira en svarar til verðlagsbreytinga sem stafar af auknum umsvifum tengdum tækniminjum. Grímnir, blað *Örnefnastofnunar,* kemur ekki út 1983. Því hækka rekstrargjöld *Örnefnastofnunar* nokkru minna en svarar til verðlagsbreytinga. Viðhald hækkar um 151 þús. kr. og verður 572 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 15 þús. kr. og verður 354 þús. kr. og til sveitarfélaga vegna *byggða- og minjasafna* renna 2 400 þús. kr. sem er hækkun um 1 350 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Samkvæmt venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárins. Framlag til einstaklinga og samtaka (vegna *sjóminjasafns)* lækkar um 200 þús. kr. og verður 400 þús. kr. en unnið er að viðgerð svokallaðs Bryde-pakkhúss í Hafnarfirði. Sértekjur lækka um 24 þús. kr., en þessi liður var nokkuð ofáætlaður í fjárlögum ársins 1982.

906 Listasafn Einars Jónssonar. Framlag hækkar um 249 þús. kr. og verður 761 þús. kr. Laun hækka um 112 þús. kr. og verða 321 þús. kr. Hækkanir þessar má rekja til almennra kaupgjaldsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 24 þús. kr. og verða 80 þús. kr. Viðhald hækkar um 107 þús. kr. og verður 360 þús. kr. Í fjárlögum ársins 1982 var veitt fé til átaks í viðhaldsmálum safnsins. Nú er ætlast til þess, að nokkrum hluta viðhaldsfjár verði varið til framkvæmda í garði safnsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 þús. og verður 10 þús. Sértekjur lækka um 5 þús. kr.

907 Listasafn Íslands. Framlag hækkar um 1 574 þús. kr. og verður 3 739 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 584 þús. kr. og verður sú hækkun öll rakin til almennra verðlagshækkana í samræmi við forsendur frumvarpsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 990 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. Helmingi fjárveitingarinnar, eða 1 000 þús. kr., verður varið til framkvæmda við nýbyggingu safnsins en hinum helmingnum til listaverkakaupa. Gert er ráð fyrir að sértekjur verði óbreyttar að krónutölu og nemi 45 þús. kr.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Framlag lækkar um 17 þús. kr. og verður 535 þús. kr. Laun hækka um 58 þús. kr. og verða 114 þús. kr., sem er um 30 þús. kr. umfram forsendur frumvarpsins en gert er ráð fyrir að sú fjárhæð fari til lausráðningar á aðstoðarfólki. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 þús. kr. og verða 142 þús. kr. Viðhald verður 43 þús. kr. og hækkar um 40 þús. kr. Verulegur hluti þeirrar fjárveitingar rennur til viðhalds safnmuna. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 105 þús. kr. og verður 295 þús. kr. Í fjárlögum 1982 var veitt fé til að koma upp kvikmyndageymslu. Því verkefni er nú að mestu lokið og því lækkar þessi liður. Sértekjur eru ætlaðar 60 þús. kr. en engar sértekjur voru áætlaðar á stofnunina í fjárlögum 1982.

931 Náttúruverndarráð. Heildarfjárveiting nemur 3 825 þús. kr. og er það 1 114 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982 eða 41%. Laun hækka um 643 þús. kr., eða 54,4%, sem er nokkurn veginn í samræmi við almennar kaupgjaldshækkanir. Við meðferð á öðrum rekstrargjöldum og sértekjum var höfð hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings árið 1981 og gerðar lagfæringar með tilliti til þess. Af þessum orsökum hækka önnur rekstrargjöld um 566 þús. kr., eða 67,4%, og sértekjur um 234 þús. kr. eða 117%. Viðhald hækkar um 5 þús. kr. og verður 18 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður

hækkar um 134 þús. kr. og verður 1 012 þús. kr. Skiptist fjárveitingin þannig: *Þjóðgarðurinn í Skaftafelli* 120 þús. kr., *þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum* 400 þús. kr., *Friðlýsingarsjóður* 177 þús. kr., *merkingar og eftirlit friðlýstra svæða* 225 þús. kr. og loks 90 þús. kr. til annarra viðfangsefna.

972 **Ríkisútvarp, sjónvarp.** Framlag úr ríkissjóði nemur 1 321 þús. kr. sem er vegna afborgana og vaxta af lánum teknum á árunum 1979—1981. Fjárveitinganefnd Alþingis mun taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við afgreiðslu fjárlaga svo sem verið hefur.

973 **Þjóðleikhúsið, framlög.** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld í B-hluta verði 42 063 þús. kr. sem er hækkun um 15 158 þús. kr. eða 56,3% frá fjárlögum 1982. Áætlað er fyrir tveimur nýjum stöðum við Þjóðleikhúsið, eru það ein staða skrifstofumanns og ein staða listdansstjóra, og verður viðbótarkostnaður um 305 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að staða leikritahöfundar verði framvegis talin með föstum heimiluðum stöðum og verði að jafnaði ráðið tímabundið í stöðuna. Viðbótarkostnaður verður enginn þar sem fjárveiting var fyrir hendi í fjárlögum 1982. Gert er ráð fyrir að tekjuöflun hússins verði með eftirgreindum hætti: Framlag ríkissjóðs að fjárhæð 28 313 þús. kr. sem er hækkun um 7 900 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Tekjur af seldri vöru og þjónustu eru áætlaðar að verði 13 625 þús. kr. sem er hækkun um 7 158 þús. kr. frá fjárlagaáætlun 1982. Ofangreind hækkun eigin tekna felur í sér að aðgöngumiðaverð þarf að hækka meira en sem nemur verðhækkunarforsendum frumvarpsins. Þá hækka vaxtatekjur um 100 þús. kr. og verða 125 þús. kr.

974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Fjárveiting verður alls 9 409 þús. kr. og er það 3 493 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 5 880 þús. kr. og verða 15 685 þús. kr. Ný lög um hljómsveitina, nr. 36/1982, tóku gildi á þessu ári og kveða meðal annars svo á um, að í hljómsveitinni skuli vera minnst 65 stöðugildi hljóðfæraleikara. Í launalið fjárlaga 1982 var gert ráð fyrir 63 stöðugildum alls, þar af 58 stöðum hljóðfæraleikara, er því áætlað fyrir fjölgun stöðugilda um 7 í frumvarpinu. Alls hækka laun af þessum sökum um 1 130 þús. kr. Við áætlun annarra liða er tekið tillit til aukinna umsvifa hljómsveitarinnar með hliðsjón af lagasetningunni, en meðal nýmæla er að hljómsveitinni er ætlað að halda hljómleika á ýmsum stöðum á landinu. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 200 þús. kr. og verða 3 600 þús. kr. Seldar vörur og þjónusta verða 2 483 þús. kr. sem er 1 271 þús. kr. eða 104,8% hækkun frá fjárlögum 1982. Liðurinn aðrar tekjur hækkar um 2 316 þús. kr. og verður 7 393 þús. kr., en hér er um að ræða framlag Ríkisútvarps, Reykjavíkurborgar og bæjarsjóðs Seltjarnarness. Samkvæmt nýju lögunum skulu framlög vegna rekstrarkostnaðar hljómsveitarinnar skiptast í hlutföllunum: Ríkissjóður 56%, Ríkisútvarp 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%.

976 **Menningarsjóður, framlag.** Framlag hækkar um 610 þús. kr. og verður 1 610 þús. kr. Í tekjuáætlun er talið að miðagjald til Menningarsjóðs nemi 1 400 þús. kr. Auk þess er gert ráð fyrir 210 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag til byggingar þjóðarbókhlöðu hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Þar af eru 10 000 þús. kr. fjármagnaðar með lántöku. Fyrirhugað er að verja meginhluta fjárins til kaupa og uppsetningar á utanhússklæðningu og til tengdra verka á 3. og 4. hæð hússins.

980 **Listskreytingasjóður ríkisins.** Með lögum nr. 34/1982 var stofnaður Listskreytingasjóður ríkisins. Í 3. gr. laganna segir að framlag ríkisins skuli nema 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.). Þar sem nokkur atriði í framkvæmd þessara laga eru ennþá óljós, enda sjóðurinn nýlega stofnaður, er fjárveiting fyrir árið 1983 áætluð 2 000 þús. kr.

982 Listir, framlög. Framlög undir þessum lið hækka um 11 887 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Samtals verða framlög þessi því 27 293 þús. kr. Viðfangsefnum fjölgar um eitt. Nú er veitt 25 þús. kr. til *alþjóðaráðstefnu myndlistarmanna.* Framlög til leiklistarstarfsemi breytast eins og hér greinir: Framlag til *Leikfélags Reykjavíkur* hækkar um 482 þús. kr. og verður 1 212 þús. kr. Framlag til *Leikfélags Akureyrar* hækkar um 512 þús. kr. og verður 1 212 þús. kr. Hækkun á framlagi til *Alþýðuleikhússins* nemur 812 þús. og verður það 1 212 þús. kr. Til *leiklistarstarfsemi* renna 1 650 þús. kr. og hækkar framlag um 550 þús. kr. Til *Bandalags ísl. leikfélaga* renna 225 þús. kr. sem er hækkun um 75 þús. kr. Framlag til *annarrar leiklistarstarfsemi* nemur 150 þús. kr. og hækkar um 50 þús. kr. Til *Leiklistarráðs* renna 67 þús. kr. og hækkar framlag því um 22 þús. kr. Framlag til *Íslensku óperunnar* hækkar um 900 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Til *Íslenska dansflokksins* renna 375 þús. kr. og hækkar framlagið um 125 þús. kr. Framlag til *Brúðuleikhúsa* hækkar um 25 þús. kr. og verður 75 þús. kr. Til *Ferðaleikhúss* renna 45 þús. kr. og hækkar framlag um 15 þús. kr. Til *kynningar á íslenskum leikritum erlendis* renna 200 þús. kr. Hækkun nemur 100 þús. kr. Framlög til bókmenntastarfsemi hækka sem hér segir: Til *höfundamiðstöðvar* 13 þús. kr. og verður framlag 38 þús. kr. Til *Rithöfundasambands Íslands* 7 þús. kr. og verður framlag 22 þús. kr. Til *Launasjóðs rithöfunda* 1 200 þús. kr. og verður framlag 3 600 þús. kr. *Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga* hækka um 31 þús. kr. og verða 94 þús. kr. Til *Rithöfundasjóðs Íslands* hækkar framlag um 600 þús. kr. og verður 1 800 þús. kr. Til *Þýðingarsjóðs* hækkar framlag um 250 þús. kr. og verður 750 þús. kr. Til *kynningar á ísl. bókmenntum erlendis* renna 200 þús. kr. sem er 50 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Til *kynningar á norrænum bókmenntum í Bandaríkjunum* renna 75 þús. kr. og nemur hækkunin 25 þús. kr. Framlög til tónlistarstarfsemi hækka sem nú verður tilgreint: Til *lúðrasveita* renna 100 þús. kr. sem er 50 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1982. Framlög til *annarrar tónlistarstarfsemi* hækka um 65 þús. kr. og verða 195 þús. kr. Framlag til *tónlistardaga* hækkar um 13 þús. kr. og verður 38 þús. kr. Til *kynningar á íslenskri tónlist erlendis* renna nú 75 þús. kr. og hækkar framlag því um 25 þús. kr. Framlag til *íslensku Tónverkamiðstöðvarinnar* nemur 225 þús. kr. og hækkar um 75 þús. kr. Framlög er flokkuð verða til myndlistar breytast sem hér segir: Styrkir til *myndlistarskóla og námskeiða* hækka um 410 þús. kr. og verða 1 230 þús. kr. Til *listasafna* renna 262 þús. kr. og nemur hækkunin 87 þús. kr. Til *Listasafns alþýðu* renna 380 þús. kr. og nemur hækkunin 305 þús. kr. til *F. Í. M.* renna 150 þús. kr. og hækkar framlag um 50 þús. kr. Til *Myndhöggvarafélagsins* renna 55 þús. kr. og hækkar framlag því um 18 þús. kr. Til *Nýlistarsafns* renna 68 þús. kr. og hækkar framlag um 23 þús. kr. Til viðfangsefnisins *íslensk grafík* renna 30 þús. kr. sem er 10 þús. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1982. Eins og fyrr er frá greint er nú tekið upp viðfangsefnið *alþjóðaráðstefna myndlistarmanna.* Til *kynningar á íslenskri myndlist erlendis* renna nú 200 þús. kr. Framlag hækkar um 150 þús. kr. Til *listiðnaðarmála* renna 100 þús. kr. og nemur hækkunin 70 þús. kr. Til *Vefnaðar- og listiðnaðarskóla Sigrúnar Jónsdóttur* renna 30 þús. kr. og hækkar framlagið um 10 þús. kr. Breytingar á framlögum til kvikmyndagerðar eru sem hér greinir: Til *Kvikmyndasjóðs* er áætlað að renni 3 000 þús. kr. og nemur hækkunin 1 500 þús. kr. til *Félags kvikmyndagerðarmanna* er ætlað að renni 45 þús. kr. sem er hækkun um 15 þús. kr. Til *Fjalakattarins* er ætlað að renni 30 þús. kr. og hækkar framlag þá um 10 þús. kr. Til *kynningar á íslenskum kvikmyndum erlendis* er áætlað að veita 75 þús. kr. og hækkar það framlag um 25 þús. kr. milli ára. Framlög til viðfangsefna er eigi verða felld undir einstakar listgreinar hækka sem hér segir: Til *heiðurslauna listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis* er ætlað að renni 1 200 þús. kr. sem er 694 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1982. Til *listamannalauna, úthlutað af nefnd sem Alþingi kýs skv. lögum nr. 29/1967* renna samkvæmt frumvarpinu 1 700 þús. kr. og hækkar framlag þá um 585 þús. kr. Til *listkynningar* er áætlað að renni 150 þús. kr. Hækkun nemur 50 þús. kr.

Til *starfslauna listamanna* er ætlað að veita 2 500 þús. kr. Hækkun nemur 1 385 þús. kr. Til *Bandalags íslenskra listamanna* renna 30 þús. kr. Hækkun 10 þús. kr. Til *lista og menningarmála, almennt* renna 500 þús. kr. Hækkun 250 þús. kr. Til *Listahátíðar í Reykjavík*, gegn jafnháu framlagi Reykjavíkurborgar, renna 263 þús. kr. Hækkun 88 þús. kr. Til *Norrænu sumarvinnustofunnar* renna 60 þús. kr. og er það hækkun á framlagi um 20 þús. kr. Að síðustu er að nefna að til *endurskoðunar höfundarlaga* renna 75 þús. kr. samkvæmt frumvarpinu en framlag hækkar um 25 þús. kr.

983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Heildarframlag lækkar um 51 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður 156 þús. kr. Nokkrar breytingar verða á viðfangsefnum. *Íslenskri málnefnd* er nú ætlað fé undir fjárlagalið 02-207. Fjárveiting til *Íslenskrar málnefndar* er 100 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Tvö ný viðfangsefni eru tekin inn á þennan lið: *Sameindalíffræðiþing Evrópu* 1 þús. kr. Styrkt er ferð Íslendings á fundi þessara samtaka. Sameindalíffræðiþing Evrópu ræður yfir nokkru fé. Vegna aðildar Íslands að samtökunum eiga m. a. íslenskir vísindamenn kost á að sækja um styrki til sameindalíffræðiþingsins. Nú er einnig styrkur á þessum fjárlagalið til *Eðlisfræðifélags Íslands* að upphæð 12 þús. kr. Styrkir til *Íslenska stærðfræðifélagsins* og *Hins íslenska náttúrufræðifélags* hækka um 2 þús. kr. til hvors félags. Hlutur *Stærðfræðifélagsins* er þá 9 þús. kr., en *Náttúrufræðifélagsins* 7 þús. kr. Til *vísinda- og fræðimanna* renna 22 þús. kr. og hækkar framlag um 6 þús. kr. Styrkur til *Surtseyjarfélagsins* er áætlaður 20 þús. kr. og hækkar um 5 þús. kr. milli ára. Styrkur til *jöklarannsókna og mælinga* hækkar um 4 þús. kr. og verður 18 þús. kr. Loks hækkar styrkur til *tímaritsins Jökuls* um 17. þús. kr. þannig að heildarstyrkur verður 67 þús. kr.

984 **Norræn samvinna.** Framlag hækkar um 229 þús. kr. og verður 1 411 þús. kr. Hækkun á framlagi Íslands vegna *samstarfs á sviði menningarmála* nemur 123 þús. kr. Heildarframlag Íslands vegna *norræna menningarmálasamstarfsins* nemur þannig 1 164 þús. kr. Framlag til *norræns samstarfs* hækkar um 28 þús. kr. og verður 98 þús. kr. Fé af þessum lið rennur fyrst og fremst til að styrkja ferðir Íslendinga á norræn námskeið og ráðstefnur, enda eigi þeir ekki kost á þess háttar stuðningi annars staðar frá. Styrkur til *Norræna félagsins* hækkar um 22 þús. kr. og verður 77 þús. kr. *Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum* er samkvæmt frumvarpinu 5 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum eða 17 þús. kr. *Styrkur til færeysks rithöfundar til dvalar á Íslandi* er áætlaður 5 þús. kr. sem er 1 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1982. Nýtt viðfangsefni er nú tekið inn á þennan lið, *Nordkalott*. Hér er um að ræða margvíslegt samstarf Íslendinga og annarra íbúa á norðurslóðum, en auk Íslendinga teljast íbúar nyrðri héraða Noregs, Svíþjóðar og Finnlands til þessa hóps. Fjárveitingin til þessa viðfangsefnis er 50 þús. kr.

985 **Félagsheimilasjóður.** Framlag til sjóðsins verður 10 352 þús. kr. og hækkar um 3 062 þús. kr. eða 42,0%.

986 **Íþróttasjóður.** Framlag hækkar um 2 695 þús. kr. og verður 13 575 þús. kr. *Rekstrarstyrkir* hækka um 245 þús. kr. og verða alls að upphæð 945 þús. kr. Til *byggingar íþróttamannvirkja* er áætlað að renni 12 630 þús. kr. og hækkar það framlag þá um 2 450 þús. kr. Svo sem venja er mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar.

987 **Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur.** Nú er fé til þessara verkefna veitt undir lið 02-997 Húsfriðun. Því fellur liðurinn 02-987 niður.

988 **Æskulýðsmál.** Fjárveiting hækkar um 599 þús. kr. og verður 2 303 þús. kr. Framlag til einstakra viðfangsefna er sem hér greinir: Til *Æskulýðsráðs ríkisins* 345 þús. kr. og er það hækkun um 115 þús. kr. Til *Æskulýðssambands Íslands* renna 80 þús. kr. og er

það hækkun um 20 þús. kr. Til *Ungmennafélags Islands* renna 1 396 þús. kr. og er það hækkun um 346 þús. kr. Til *Bandalags íslenskra skáta* fara 226 þús. kr. og hækkar framlag um 56 þús. kr. Til *skátahreyfingarinnar vegna Úlfljótsvatns* fara 53 þús. kr. og hækkar það framlag um 13 þús. kr. Til *Bandalags íslenskra farfugla* renna 8 þús. kr. og hækkar framlag um 1 þús. kr. Til *íslenskra ungtemplara* eru ætlaðar 80 þús. kr. og hækkar framlag um 20 þús. kr. Til *landssambands KFUM og KFUK* fara 53 þús. kr. og er það hækkun um 13 þús. kr. Til *KFUM vegna starfsemi í Vatnaskógi* renna 33 þús. kr. og hækkar framlag um 8 þús. kr. Að síðustu hækkar framlag til *KFUK vegna starfsemi í Vindáshlíð* um 7 þús. kr. og verður 29 þús. kr.

989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag hækkar um 2 276 þús. kr. eða 41,7% og verður 7 725 þús. kr. Framlag til einstakra viðfangsefna verður eins og hér segir samkvæmt frumvarpinu: Til *Íþróttasambands Íslands* 5 600 þús. kr., hækkun 1 600 þús. kr. Til *farkennslu í íþróttum* 30 þús. kr., hækkun 10 þús. kr. Til *skíðaskólans í Kerlingarfjöllum* 56 þús. kr., hækkun 16 þús. kr. Til *íþróttamála fatlaðra* 375 þús. kr., hækkun 125 þús. kr. Til *Ólympíunefndarinnar* 150 þús. kr., hækkun 50 þús. kr. Til *útgáfu handbókar um skólaíþróttir* 30 þús. kr., hækkun 10 þús. kr. Til *Taflfélags Reykjavíkur* 20 þús. kr., hækkun 6 þús. kr. Til *Skáksambands Íslands* 98 þús. kr., hækkun 33 þús. kr. Til *styrkja vegna alþjóðaskákmóta* er áætlað að renni 45 þús. kr., og hækkar þá framlag um 15 þús. kr. *Forseta FIDE* er ætlað að styrkja með 800 þús. kr. fjárframlagi. Hækkar það um 273 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Til *stórmeistara í skák* er ætlað að renni 500 þús. kr. og hækkar sú fjárveiting um 162 þús. kr. Til *skákskólans á Kirkjubæjarklaustri* er ætlað að veita 21 þús. kr. og hækkar sú fjárveiting um 6 þús. kr. Niður fellur styrkur til sumarnámskeiða sem nam 30 þús. kr. í fjárlögum 1982 og rann þá til rekstrar íþróttaskóla að Leirá í Borgarfirði. Sá skóli hefur nú hætt starfsemi.

991 **Húsfriðun.** Þessi liður hét áður Húsfriðunarsjóður. Nú eru á þessum lið þrjú viðfangsefni: *Húsfriðunarsjóður, Viðeyjarstofa og Nesstofa* og *Bernhöftstorfa.* Heildarfjárveiting undir þessum lið verður 2 216 þús. kr. Til *Húsfriðunarsjóðs* renna nú 816 þús. kr. Framlag hækkar um 385 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af er ætlað að verja 145 þús. kr. til starfslauna við teikningu gamalla húsa. Til endurbóta *Viðeyjarstofu* og *Nesstofu* er ætlað að verja 500 þús. kr. Framlag hækkar um 130 þús. kr. Til *Bernhöftstorfu* renna 900 þús. kr. Fjárveiting undir þessum lið hækkar um 1 785 þús. kr. en sé tekið tillit til að í raun er tveim fjárlagaliðum slegið saman nemur hækkunin 1 415 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Fjárveitingar undir þessum lið hækka um 490 þús. kr. og verða 3 085 þús. kr. Framlag til *Safnastofnunar Austurlands vegna Skriðuklausturs* hækkar um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins *ýmis framlög* hækkar einnig um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Nú er veitt fé til *endurbyggingar Búðakirkju* að upphæð 120 þús. kr., en kirkja þessi var byggð árið 1848. Niður falla fjárveitingar til *bókasafns í húsi Jóns Sigurðssonar,* til *sumarskólans í Edinborg* auk *styrks til náms í talkennslu fyrir vangefin börn.* Heildarupphæð þessara styrkja í fjárlögum ársins 1982 var um 10 þús. kr. Einnig fellur niður fjárveiting til *minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað,* enda lokagreiðsla í gildandi fjárlögum. Framlög til annarra viðfangsefna undir þessum lið eru óbreytt að krónutölu frá fjárlögum.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	11 602	18 277	6 675	57,5
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	14 487	21 935	7 448	51,4
Sendiráðin	25 418	47 661	22 243	87,5
Alþjóðastofnanir	27 058	40 949	13 891	51,3
Samtals	78 565	128 822	50 257	64,0

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka utanríkisráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 16 369 þús. kr. og er það hækkun um 5 789 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi skiptist þannig á einstök viðfangsefni og gjaldategundir: Framlag til *yfirstjórnar* ráðuneytisins hækkar um 4 606 þús. kr. og verður 12 807 þús. kr. Gert er ráð fyrir einni nýrri tímabundinni stöðu sendiherra sem aðsetur hefur á aðalskrifstofu ráðuneytisins og er viðbótarkostnaður vegna þess um 310 þús. kr. Að öðru leyti hækkar framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins samkvæmt verðlagsforsendum frumvarpsins. Kostnaður vegna *samninga við erlend ríki* hækkar um 27 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Kostnaður vegna *þátttöku í alþjóðaráðstefnum* hækkar um 398 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. sem er hækkun um 36,1% frá fjárlögum 1982. Framlag til *kjörræðismanna* verður 127 þús. kr. sem er hækkun um 37 þús. kr. Liðurinn *upplýsinga- og kynningarstarfsemi* hækkar um 136 þús. kr. og verður 570 þús. kr. Fjárveiting til *kaupa á kvikmyndum og myndböndum fyrir sendiráðin til landkynningar* verður óbreytt frá fjárlögum 1982 eða 100 þús. kr. Liðurinn *markaðsmál* verður 995 þús. kr. sem er hækkun um 530 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Gert er ráð fyrir að fjárveiting þessi fari til að greiða kostnað við starfsemi viðskiptafulltrúa við sendiráðið í London og er fjárveitingin miðuð við áætlað verðlag um mitt ár 1983. Þá hækkar liðurinn *kynning á menningu Norðurlanda* um 55 þús. kr. og verður 170 þús. kr. Er fjárveitingin ætluð til að greiða heimsendingarkostnað á sýningarmunum sem sendir voru til Bandaríkjanna í tengslum við áðurnefnda kynningu.

102 Varnarmáladeild. Fjárveiting til Varnarmáladeildar hækkar um 886 þús. kr. og verður 1 908 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir. Laun verða 1 331 þús. kr. sem er hækkun um 718 þús. kr. og er það umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Skýring hækkunarinnar er sú að áætlað er fyrir kostnaði við fastanefndir hjá Varnarmáladeild svo og auknum ræstingarkostnaði og sumarafleysingu. Aðrar launahækkanir eru í samræmi við launaforsendur frumvarpsins. Önnur gjöld hækka samtals um 176 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Þá hækka sértekjur um 8 þús. kr. og verða 28 þús. kr.

301—313 Sendiráðin. Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 47 661 þús. kr. og er það hækkun um 22 243 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður sendiráðanna hækkar samtals um 14 586 þús. kr. eða sem svarar til 88% hækkunar frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi á launalið er eingöngu til komin vegna gengisbreytinga íslensku

krónunnar svo og vísitöluhækkunar sem átt hefur sér stað í viðkomandi löndum þar sem sendiráð eru starfrækt. Önnur rekstrargjöld verða 14 943 þús. kr. sem er hækkun um 7 261 þús. kr. Viðhaldsliður sendiráðanna hækkar samtals um 311 þús. kr. og verður 966 þús. kr. Tekinn er upp nýr fjárlagaliður 03—313 Sendiráð, almennt og er gert ráð fyrir fjárveitingu til viðhalds að fjárhæð 50 þús. kr. Fjárhæð þessi er ætluð til að mæta ófyrirsjáanlegu viðhaldi á eignum sendiráðanna. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 85 þús. kr. og verður 547 þús. kr.

399 **Ýmis utanríkismál.** Fjárveiting til ýmissa utanríkismála verður samtals að fjárhæð 16 748 þús. kr. sem er hækkun um 4 216 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Fjárveitingin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag til *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* verður 12 391 þús. kr. sem er hækkun um 2 384 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Ráðgert er að verja ofangreindri fjárveitingu á eftirfarandi hátt:

	Þús. kr.
Norræn aðstoðarverkefni	2 680
Íslensk tvíhliða aðstoð	8 811
Ný verkefni í undirbúningi	500
Skrifstofukostnaður	400
Samtals	12 391

Í fjárlögum 1982 er veitt heimild til sölu á m/s Bjarti og jafnframt að verja mætti söluandvirði skipsins til smíði á nýju skipi og taka lán að því marki sem á skorti. Samningur um smíði nýs skips hefur nú nýlega verið undirritaður og undirbúningur smíðarinnar á lokastigi. Samkvæmt kostnaðaráætlun er smíðaverð og verð tækjabúnaðar 1,9 milljónir dollara, sem fyrirhugað er að fjármagna með eftirgreindum hætti: Söluandvirði m/s Bjarts, þ. e. inngreiðslur 1982 og 1983, er 4 200 þús. kr., og óráðstöfuð fjárveiting 1982 nemur um 2 600 þús. kr. Þessu til viðbótar verður hluta af fjárveitingu 1983 ráðstafað til smíðarinnar, auk þess sem aflað verður lánsfjár.

Liðurinn *samskipti við Vestur-Íslendinga* hækkar um 82 þús. kr. og verður 332 þús. kr. Framlag til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna* er á áætluðu verðlagi um mitt ár 1983 og verður fjárveiting 1 850 þús. kr. sem er hækkun um 750 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Tekinn er upp einn nýr liður, *sérstök matvælaaðstoð*, og verður fjárveiting 2 000 þús. kr. Þessari fjárhæð er fyrirhugað að verja til matvælaaðstoðar til þróunarlandanna. Þá fellur niður liðurinn *aðstoð við pólsku þjóðina* en fjárveiting var 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1982. Framlög til annarra viðfangsefna eru óbreytt frá fjárlögum 1982.

401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana er samtals að fjárhæð 9 675 þús. kr. og verður framlagið 24 201 þús. kr. Hækkun sem rekja má til gengisbreytinga íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar og breytingar á kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að er samtals að fjárhæð 8 033 þús. kr. Framlög til þróunaraðstoðar sem heyra undir þennan fjárlagalið hækka samtals um 1 642 þús. kr. og nema alls 6 622 þús. kr.

Framlög til þróunaraðstoðar. Framlög Íslands til þróunaraðstoðar er að finna á þremur stöðum í frumvarpinu, þ. e. undir liðnum ýmis utanríkismál (03-399), alþjóðastofnanir (03-401) og í 1. gr. frumvarpsins undir liðnum lánahreyfingar út, en þar er að finna framlag Íslands til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA). Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerð framlög Íslands til þróunaraðstoðar árið 1983 í þús. kr. samanborið við fjárlög 1982.

		Frumvarp 1983	Fjárlög 1982	Hækkun í %
03-401	**Alþjóðastofnanir**			
0110	Þróunaraðstoð S.þ.	4 788	3 600	33
0111	Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	332	250	33
0112	Aðstoð við Palestínuflóttamenn	146	110	33
0113	Flóttamannastofnun S.þ.	462	347	33
0115	Matvælaáætlun S.þ.	211	159	33
0117	Namibíusjóður/S-Afríkusjóður	160	120	33
0128	Alþjóðaráð Rauða krossins	260	196	33
0143	Neyðarhjálparstofnun S.þ.	90	68	33
0146	Mannfjöldasjóður S.þ.	40	30	33
0147	Alþjóðamatvælasjóðurinn	133	100	33
		6 622	4 980	33
03-399	**Ýmis utanríkismál**			
0101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	12 391	10 007	24
0102	Flóttamannaráð Íslands	108	108	—
0106	Háskóli S.þ.	1 850	1 100	68
0108	Sérstök matvælaaðstoð	2 000	—	—
		16 349	11 215	45,8
1. gr.	**Lánahreyfingar út**			
	Alþjóðaframfarastofnunin	3 660	2 760	33
	Samtals þróunaraðstoð	26 631	18 955	40

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	7 073	9 686	2 613	36,9
Búnaðarmál	322 504	523 293	200 789	62,3
Skólar	18 432	25 294	6 862	37,2
Samtals	348 009	558 273	210 264	60,4

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins verður 4 423 þús. kr. Er það hækkun um 1 477 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 939 þús. kr. í samræmi við almennar launahækkanir samkvæmt verðlagsforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 538 þús. kr. sem er 60% hækkun frá fjárlögum 1982 og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981 varðandi þessa gjaldategund.

171 Jarðeignir ríkisins. Framlag ríkissjóðs verður 4 260 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 935 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982 eða sem svarar 28,1%. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 **Jarðasjóður.** Framlag ríkissjóðs verður 1 003 þús. kr. sem er hækkun um 249 þús. kr. frá lögum nr. 13/1982 eða sem svarar 33%. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmust.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar alls um 4 379 þús. kr. og verður 18 085 þús. kr. Laun hækka um 3 719 þús. kr. eða 57,2%, þar af um 232 þús. kr. vegna launa tilraunastjóra á Stóra-Ármóti, sem áætlað var fyrir undir yfirfærslum til fyrirtækja og atvinnuvega í fjárlögum 1982. Að öðru leyti hækka laun í hátt við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 125 þús. kr. eða 2,9%. Stafar það af því, að ekki er gert ráð fyrir viðfangsefninu *tilraunabú, óskipt* í frumvarpi ársins 1983. Í fjárlögum ársins 1982 var aftur á móti áætlað fyrir 1 200 þús. kr. til þessa viðfangsefnis. Sömuleiðis fellur niður viðfangsefnið *mótframlag vegna styrks frá Alþjóðakjarnorkustofnuninni* sem var 20 þús. kr. í fjárlögum 1982. Að þessum liðum frátöldum hækka rekstrargjöld um 43,8% frá fjárlögum ársins 1982. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 232 þús. kr. og verða 951 þús. kr. Þar af er gert ráð fyrir 100 þús. kr. framlagi til fjósbyggingar að Stóra-Ármóti. Yfirfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega lækka um 190 þús. kr., en í fjárlögum ársins 1982 var framlag ríkisins til Stóra-Ármóts áætlað undir þessum lið. Framlag til tilraunastöðva sem fram kemur í B-hluta frumvarpsins hækkar um 849 þús. kr. og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Hestur	548	740	192	35,0
Reykhólar	283	390	107	37,8
Möðruvellir	1 042	1 402	360	34,5
Skriðuklaustur	469	603	134	28,6
Sámsstaðir	305	361	56	18,4
Samtals	2 647	3 496	849	32,1

Þá hækka sértekjur um 356 þús. kr. og verða 991 þús. kr.

207 **Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum.** Framlag til þessa verkefnis verður samtals að fjárhæð 5 582 þús. kr. sem er hækkun um 2 019 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka samtals um 2 006 þús. kr. og verða 5 537 þús. kr. sem er 56,8% hækkun frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi, sem er umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, stafar af því að í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir 36 stöðum allt árið 1983 og 4 stöðum frá 1. júlí 1983. Launaliður í fjárlögum 1982 var hins vegar vegna 30 staða allt árið 1982 og 6 staða frá 1. júlí 1982. Nettó aukning á launalið jafngildir því í raun 5 stöðum. Önnur rekstrargjöld verða 45 þús. kr. og er það hækkun um 13 þús. kr. eða 40,6% frá fjárlögum 1982.

231 **Skógrækt ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 4 275 þús. kr. og verður 11 458 þús. kr. Laun hækka um 2 995 þús. kr. og verða 8 699 þús. kr. sem er 52,5% hækkun frá fjárlögum ársins 1982. Gert er ráð fyrir hálfri stöðu skógarvarðar, sem er ný, og að staða fulltrúa breytist í stöðu skrifstofustjóra. Útgjöld vegna þessa nema samtals um 155 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld verða 2 500 þús. kr. sem er hækkun um 1 225 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi sem er nokkuð umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins á fyrst og fremst rót sína að rekja til hækkunar á viðfangsefninu *skóggræðsla*. Þá eru 35 þús. kr. af fjárveitingu til rekstrargjalda sérstaklega ætlaðar til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi.

Liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verða samtals 2 344 þús. kr. sem er hækkun um 640 þús. kr. eða 37,5%. Þá hækkar liðurinn til einstaklinga og samtaka um 130 þús. kr. og verður 330 þús. kr. Sértekjur verða 2 415 þús. kr. sem er hækkun um 715 þús. kr. eða 42% frá fjárlögum 1982.

235 **Landgræðsla ríkisins.** Framlag hækkar um 2 712 þús. kr. og verður 9 120 þús. kr. Laun hækka um 1 436 þús. kr. og verða 4 310 þús. kr. Tekin er inn ein föst staða gróðureftirlitsmanns sem áætlað var fyrir undir öðrum dagvinnulaunum í fjárlögum 1982. Staða þessi felur ekki í sér umframútgjöld frá fjárlögum. Að öðru leyti er um að ræða almennar launahækkanir samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld verða 3 619 þús. kr. og hækka um 1 358 þús. kr. frá fjárlögum 1982 eða um 60%. Hækkun umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist m. a. af hækkun á framlagi til *almennrar landgræðslu* umfram verðbreytingar milli ára. Þá hækka liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 858 þús. kr. og verða 3 351 þús. kr. sem er 34,4% hækkun frá fjárlögum 1982. Sértekjur verða 2 160 þús. kr. sem er hækkun um 940 þús. kr. og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag til stofnunarinnar hækkar samtals um 77 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verður framlagið 2 302 þús. kr. Rekstrargjaldaliðir hækka samtals um 604 þús. kr. og verða 1 949 þús. kr. sem er í samræmi við verðbreytingar milli ára. Fjárveiting til *grænfóðurverksmiðja* lækkar um 392 þús. kr. og verður 335 þús. kr. Fjárveitingunni er fyrirhugað að verja til endurgreiðslu á láni sem tekið var við endurnýjun á hluta af vélakosti grænfóðurverksmiðjunnar í Ólafsdal. Framlag til *skipulagningar* og *byggingar íbúðarhúsa í sveitum* verður 350 þús. kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1982. Framlag til einstaklinga og samtaka verður 150 þús. kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum, en hér er um að ræða framlag ríkissjóðs til *Hólsfjallaáætlunar*. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 135 þús. kr. og verða 482 þús. kr. Grænfóðurverksmiðjurnar í Saltvík og Hólminum falla nú niður sem sérstakir fjárlagaliðir í B-hluta frumvarpsins enda verða þær fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Fjallað verður um þær í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Fjárveiting til Veiðimálaskrifstofunnar verður 5 085 þús. kr. sem er hækkun um 1 155 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 2 808 þús. kr. og hækka um 996 þús. kr. Er það í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 441 þús. kr. og verða 1 527 þús. kr. Yfirfærslur til B-hluta, en þar er um að ræða framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði, lækka um 417 þús. kr. og verður framlagið 300 þús. kr. Fjárveitingu þessari er ætlað að mæta því sem á vantar til að eigin tekjur nái að standa undir rekstri stöðvarinnar. Skýring þess að framlagið lækkar er sú að í fjárlögum 1982 var sérstök fjárveiting að upphæð 300 þús. kr. vegna breytinga á starfsmannahúsi við stöðina. Þá hækkar framlag til Fiskræktarsjóðs um 135 þús. kr. og verður fjárveitingin 450 þús. kr.

247 **Yfirdýralæknir.** Fjárveiting hækkar um 2 187 þús. kr. og verður 7 661 þús. kr. Laun hækka um 2 412 þús. kr., þ. a. 292 þús. kr. vegna einnar nýrrar stöðu dýralæknis, en að öðru leyti er um almennar launabreytingar að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 237 þús. kr. og verða 814 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar aftur á móti um 450 þús. kr. og verður 300 þús. kr. sem fyrirhugað er að verja til að koma upp vinnuaðstöðu við dýralæknisbústaðinn í Krossholti á Barðaströnd. Fjárveiting til *júgurbólgurannsókna* hækkar um 19 þús. kr. og verður 75 þús. kr. Framlag til rannsókna á *búfjársjúkdómum* hækkar um 13 þús. kr. og verður 49 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 44 þús. kr. og verða 100 þús. kr. Hefur þá verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981.

270 **Landgræðslu- og landverndaráætlun.** Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar hækkar um 5 982 þús. kr. og verður 20 230 þús. kr. sem er 42% hækkun frá fjárlögum ársins 1982. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlögum 1982 og hins vegar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983.

	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.	Hækkun %
Landgræðsluáætlun, RALA	1 030	1 465	42,0
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	1 900	2 700	42,0
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	8 080	11 470	42,0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	338	480	42,0
Landþurrkun	2 400	3 405	42,0
Fyrirhleðslur	500	710	42,0
Samtals	14 248	20 230	42,0

Ofangreind framlög 1983 fara eftir samþykktri þingsályktunartillögu um landgræðslu og landverndaráætlun 1982—1986, þar sem kveðið var á um árlegar fjárveitingar úr ríkissjóði. Í nefndri tillögu er gert ráð fyrir að verðbætur greiðist á framlög áranna 1983—1986 er miðist við framlög ársins 1982. Eins og sést á ofangreindu yfirliti hækka framlög til allra verkefna um 42,0% frá fjárlögum ársins 1982 í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

286 **Landbúnaður, framlög.** Fjárveiting verður 1 135 þús. kr. sem er hækkun um 498 þús. kr. eða 78,1% frá fjárlögum ársins 1982. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: Fjárveiting til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* hækkar um 500 þús. kr. og verður 750 þús. kr. Niður fellur framlag til viðfangsefnisins *búfjártryggingar samkvæmt lögum nr. 20/1943* en fjárveiting til þessa verkefnis nam 2 þús. kr. í fjárlögum 1982.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Fjárveiting til Stofnlánadeildar landbúnaðarins verður 20 828 þús. kr. sem er hækkun um 5 168 þús. kr. eða 33,0% frá lögum nr. 13/1982. Hefur þá verið tekið mið af meginforsendum frumvarpsins um að framlög til fjárfestingarsjóða hækki 33,0% frá áðurnefndum lögum.

288 **Framlög samkvæmt jarðræktarlögum.** Fjárveiting verður 64 843 þús. kr. og er það hækkun um 16 548 þús. kr. eða 34,2% frá fjárlögum 1982. Viðfangsefnið *jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur* hækkar um 10 263 þús. kr. og verður 41 363 þús. kr., *framræsla* hækkar um 1 320 þús. kr. og verður 5 320 þús. kr. *Nýjar búgreinar og hagræðing* hækkar um 3 206 þús. kr. og verður 12 922 þús. kr. Þá hækkar viðfangsefnið *rekstrargjöld* um 1 759 þús. kr. og verður 5 238 þús. kr.

290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Útflutningsbætur vegna framleiðsluársins 1982/1983 eru áætlaðar nema samtals 262 650 þús. kr. og hækka um 102 650 þús. kr. eða sem svarar til 64,1% hækkunar frá fjárlögum 1982. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af verðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

299 **Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.** Fjárveiting hækkar um 45 624 þús. kr. og verður 65 824 þús. kr. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: *Lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980, 13/1981 og 13/1982* hækkar um 35 526 þús. kr. og verður 55 233 þús. kr. Þar af eru vextir 4 950 þús. kr. og afborganir 50 283 þús. kr. Þar til viðbótar greiðir Byggðasjóður 5 000 þús. kr. afborgun af því láni sem tekið var árið 1980 samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 9/1980. Tekin eru upp tvö ný viðfangsefni: *Ýmis*

framlög að fjárhæð 100 þús. kr. og *niðurskurður sauðfjár* með fjárveitingu að upphæð 10 000 þús. kr. en fjárveiting þessi er einn liður í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar frá því í ágúst 1982. Niður fellur fjárveiting til *hrossaræktarbúsins að Kirkjubæ*. Í gildandi fjárlögum runnu 1 þús. kr. til þessa viðfangsefnis. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

501 **Bændaskólinn Hvanneyri.** Fjárveiting verður 11 565 þús. kr. sem er hækkun um 4 115 þús. kr. eða sem svarar til 55,2% frá fjárlögum ársins 1982. Launaliður hækkar um 2 598 þús. kr. og verður 7 484 þús. kr. sem er í samræmi við meginforsendur frumvarpsins um hækkun á launalið. Önnur rekstrargjöld verða 4 382 þús. kr. sem er hækkun um 1 345 þús. kr. eða 44,2%. Viðhald verður 787 þús. kr. sem er hækkun um 321 þús. kr. eða 68,8% og gjaldfærður stofnkostnaður verður 3 425 þús. kr. sem er hækkun um 1 565 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Fyrirhugað er að verja viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingu á eftirfarandi hátt:

	Viðhald þús. kr.	Gjaldfærður stofnkostnaður þús. kr.
Yfirstjórn	62	500
Rekstur skóla	575	2 650
Rannsóknir og tilraunastarfsemi	50	75
Búrekstur	100	200
Samtals	787	3 425

Gjaldfærðum stofnkostnaði á viðfangsefninu *yfirstjórn* er áformað að verja þannig, að 100 þús. kr. eru til framkvæmda við rafveitu staðarins, 350 þús. kr. til bútæknisafns og 15 þús. kr. til minni háttar tækjakaupa. Gjaldfærðum stofnkostnaði á viðfangsefninu *rekstur skóla* er ráðstafað þannig að 2 000 þús. kr. eru til byrjunarframkvæmda við nýtt rannsóknahús, 400 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við gamla skólahúsið og 250 þús. kr. til framkvæmda við skólastjórabústaðinn. Á liðnum *rannsóknir og tilraunastarfsemi* eru 75 þús. kr. áætlaðar til tækjakaupa. Þá eru 200 þús. kr. til framkvæmda við hlöðu og 50 þús. kr. í minni háttar tækjakaup. Sértekjur verða 4 513 þús. kr. sem er hækkun um 1 714 þús. kr. frá fjárlögum 1982.

502 **Bændaskólinn Hólum.** Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1982 var gert ráð fyrir að skólahald við Bændaskólann á Hólum hæfist að nýju haustið 1981 og voru fjárveitingar í fjárlögum 1982 miðaðar við skólahald allt það ár. Hins vegar var ýmsum annmörkum háð að áætla fjárveitingar á nýjan leik eftir að skólahald hafði legið niðri um stundarsakir og bera rekstrarfjárveitingar 1983 þess nokkur merki. Fjárveiting til Bændaskólans á Hólum verður 8 307 þús. kr. sem er hækkun um 842 þús. kr. Laun verða 2 994 þús. kr. sem er hækkun um 1 046 þús. kr. eða 53,6%. Önnur rekstrargjöld verða 1 513 þús. kr. sem er hækkun um 573 þús. kr. eða 60,9% frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi, sem er nokkuð umfram verðlagshækkanir, skýrist af því að betri upplýsingar liggja nú fyrir um rekstrarkostnað. Viðhald verður 1 500 þús. kr. sem er lækkun um 1 490 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Ráðgert er að verja viðhaldsfjárveitingu á eftirfarandi hátt: Endurbætur á hesthúshlöðu 750 þús. kr., viðgerðir á vatns- og skolplögnum 300 þús. kr. og almennt viðhald tækja og búnaðar 450 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 930 þús. kr. og verður 3 060 þús. kr. sem fyrirhugað er að verja þannig, að 1 300 þús. kr. fara til byggingarframkvæmda við aðstöðuhús, 1 560 þús. kr. renna til byggingar loðdýrahúss og kaupa á loðdýrum og 200 þús. kr. til tækjakaupa. Sértekjur skólans hækka um 217 þús. kr. og verða 760 þús. kr. Er það hækkun um 40,0% frá fjárlögum ársins 1982.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins. Fjárveiting verður 5 422 þús. kr. sem er hækkun um 1 905 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 150 þús. kr. og verða 3 343 þús. kr., sem er í hátt við almennar launaforsendur frumvarpsins. Liðirnir önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 511 þús. kr. og verða 1 741 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 258 þús. kr. og verður 1 038 þús. kr. Fyrirhugað er að ráðstafa honum á eftirfarandi hátt: Framkvæmdir við skólahús 638 þús. kr., endurbygging gróðurhúsa 300 þús. kr., frágangur á lóð við garðyrkjustöð skólans 50 þús. kr. og frágangur og trjárækt umhverfis skólann 50 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 14 þús. kr. og verða 700 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	3 872	6 095	2 223	57,4
Útvegsmál	113 588	154 635	41 047	36,1
Annað	4 996	7 719	2 723	54,5
Samtals	122 456	168 449	45 993	37,6
Þar af markaðar tekjur	3 500	5 400	1 900	54,3

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem hækkar um 1 900 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Útflutningsgjaldið skiptist þannig milli viðtakenda: Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins fær 128 þús. kr. sem er hækkun um 32 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 5 272 þús. kr. af gjaldinu og er það hækkun um 1 868 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Verður nú fjallað nánar um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 2 223 þús. kr. Einstakir gjaldaliðir hækka sem hér segir: Laun hækka um 1 474 þús. kr., þar af eru 68 þús. kr. vegna nýrrar stöðu ritara í hálfu starfi en 1 406 þús. kr. hækkun orsakast af almennum kaupgjaldsbreytingum. Önnur rekstrargjöld hækka um 610 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, en mið er tekið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald hækkar um 9 þús. kr. og nemur alls 36 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 130 þús. kr. og verður 150 þús. kr. sem fyrst og fremst verður varið til kaupa á ljósritunarvél.

202 Hafrannsóknastofnun. Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 20 093 þús. kr. og verður 59 786 þús. kr. sem er hækkun um 50,6% frá fjárlögum ársins 1982. Laun hækka um 11 450 þús. kr. og verða 32 594 þús. kr. Önnur rekstrargjöld verða 19 883 þús. kr. sem er hækkun um 6 521 þús. kr. eða 48,8% frá fjárlögum 1982. Hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist af hækkun olíukostnaðar hjá rannsóknaskipum stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 1 025 þús. kr. eða 37,8% frá fjárlögum 1982 og verður 3 733 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 947 þús. kr. og verður 5 476 þús. kr. sem er hækkun um 55,1% frá fjárlögum 1982. Þar af eru 1 200 þús. kr. áætlaðar til kaupa á geymsluhúsnæði fyrir stofnunina. Sértekjur verða 1 900 þús. kr. sem er hækkun um 850 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Gert er ráð fyrir að úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar verði hið sama og fjárlög 1982 gerðu ráð fyrir, þ. e. R/S Árni Friðriksson 9 mán., R/S Bjarni Sæmundsson 9 mán., R/S Dröfn 9 mán. og R/S Hafþór 5 mán. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis verði gerð grein fyrir áætlun um rannsóknaleiðangra á

vegum stofnunarinnar á árinu 1983 og ráðstöfun á fjárveitingu til svokallaðra tímabundinna verkefna. Sjávarútvegsráðherra hefur nú nýverið skipað nefnd sem gera á tillögur um framtíðarskipan á stjórn og rekstri stofnunarinnar.

274 **Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 4 075 þús. kr. frá lögum nr. 13/1982. Verður framlagið þar með 15 515 þús. kr. Um Aflatryggingasjóð gilda að stofni til lög nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum. Framlag ríkissjóðs hefur verið skert samkvæmt þeirri meginforsendu frumvarpsins að framlög til sjóða hækki almennt um 33% frá lögum nr. 13/1982.

275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 6 600 þús. kr. eða 33% frá lögum nr. 13/1982. Um Fiskveiðasjóð gilda lög nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum. Framlagið breytist í samræmi við eina af meginforsendum frumvarpsins um hækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlag hækkar um 1 659 þús. kr. og verður 5 246 þús. kr. Hækkunin skiptist sem hér segir á einstök viðfangsefni: Framlag til *veiðieftirlits* hækkar um 1 340 þús. kr. Þar af eru 259 þús. kr. vegna fjölgunar stöðugilda um eitt. Að öðru leyti hækkar framlag til þessa viðfangsefnis í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Framlag til *sjóvinnunámskeiða* hækkar um 52 þús. kr. og verður 182 þús. kr. Framlag til *tækninámskeiða* hækkar um 10 þús. kr. og verður 60 þús. kr. Framlag til *vinnu- og rekstrarhagræðingar í fiskvinnslufyrirtækjum* hækkar um 90 þús. kr. og verður 422 þús. kr. Fjárveiting til viðfangsefnisins *mörkun fiskveiðistefnu* hækkar um 167 þús. kr. og verður 765 þús. kr. Framlag til *eftirlits með hvalvinnslustöðvum* og til *skólabáta* eru óbreytt frá fjárlögum 1982.

901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Framlag hækkar um 2 723 þús. kr. og verður 7 719 þús. kr. Laun hækka um 1 372 þús. kr., verða 3 968 þús. kr., og er það í samræmi við forsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 290 þús. kr. og verða 3 690 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins og skýrist af því að tekið er mið af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1981, en samrekstur að Keldnaholti hefur orðið kostnaðarsamari en ráð var fyrir gert. Framlag til viðhalds hækkar um 137 þús. kr. og verður 326 þús. kr. Er það einnig umfram verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Fé þetta renni til viðhalds bygginga sem undir þennan fjárlagalið heyra. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 34 þús. kr. og verður 45 þús. kr. Skal það fé notað til að tryggja *yfirstjórn* skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna aðgang að tölvubúnaði. Áætlað er að sértekjur hækki um 110 þús. kr. og verði 310 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	5 712	8 719	3 007	52,6
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	290 858	438 340	147 482	50,7
Þjóðkirkjan	32 356	52 629	20 273	62,6
Samtals	328 926	499 688	170 762	51,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 2 563 þús. kr. og verður 6 520 þús. kr. Laun hækka um 1 650 þús. kr. og verða 4 661 þús. kr. Þar af eru 106 þús. kr. ætlaðar til lausráðningar starfsmanns í hálfa stöðu vegna eftirlits með löggæslukostnaði. Að öðru leyti er um almennar verðlagshækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 829 þús. kr. og verða 1 729 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins, en höfð hefur verið hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1981. Viðhald hækkar um 30 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 54 þús. kr. og verður 80 þús. kr.

102 Stjórnartíðindi. Framlag verður 2 199 þús. kr. sem er hækkun um 444 þús. kr. eða 25,2% frá fjárlögum 1982. Hækkunin er nokkru minni en almennar forsendur frumvarpsins segja til um og skýrist það fyrst og fremst af hækkun sértekna. Laun hækka um 105 þús. kr., eða 45,2%, og verða 337 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 787 þús. kr., verða 2 357 þús. kr. og viðhald hækkar um 2 þús. kr. og verður 5 þús. kr. Sértekjur hækka um 450 þús. kr. og verða alls 500 þús. kr., enda er gert ráð fyrir hækkun áskriftargjalda umfram verðlagsforsendur.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 2 528 þús. kr. og verður 7 502 þús. kr. Laun verða 6 224 þús. kr. sem er hækkun um 2 285 þús. kr. Í fjárlögum 1982 var yfirvinna við stofnunina verulega vanáætluð og hækkar yfirvinna umfram verðlagsforsendur um 225 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar verðlagsbreytingar á launalið að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 357 þús. kr. og verða 1 214 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 114 þús. kr. og verður 64 þús. kr. Er skýring þessarrar lækkunar sú að í fjárlögum 1982 var sérstök fjárveiting til kaupa á símaskiptiborði.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 31 581 þús. kr. og verður 95 898 þús. kr. Laun hækka um 27 497 þús. kr., eða 50,5%, og verða 81 935 þús. kr. Er það í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 163 þús. kr. og verða 11 070 þús. kr. eða sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald verður 3 320 þús. kr. og hækkar um 933 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 942 þús. kr. og verður 2 625 þús. kr. Verður fjárhæðinni varið til eftirtalinna verkefna: Kaup á bifreiðum og bifhjólum fyrir almenna löggæslu 1 900 þús. kr., kaup á bifreið fyrir vegaeftirlit 170 þús. kr., talstöðvar og tengdur búnaður 228 þús. kr., og að síðustu 327 þús. kr. til ýmiss búnaðar. Þá hækka sértekjur um 954 þús. kr., eða 45,4%, og verða 3 052 þús. kr.

207 Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. Þar sem byggingu lögreglustöðvarinnar er lokið fellur þessi liður niður.

211-237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.
Framlög hækka um 48 562 þús. kr. og verða 143 224 þús. kr. Laun hækka um 38 622 þús. kr. eða 51,3% og verða 113 936 þús. kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru þær að um áramótin 1982/1983 fellur niður tímabundin heimild til ráðningar tveggja kvenfangavarða á Akureyri en áætlað er fyrir vistun kvenfanga undir fjárlagalið 06-283 Fangamál, ýmis kostnaður. Er fjárveiting því felld niður hér. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 762 þús. kr., verða 20 823 þús. kr., og er það í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 798 þús. kr. og verður 2 385 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 413 þús. kr. og verður 8 610 þús. kr. Helstu framkvæmdaframlög eru: 750 þús. kr. til byggingar stjórnsýslumiðstöðvar í Búðardal, 100 þús. kr. til athugunar á húsnæðisþörf sýslumanns- og bæjarfógetaembættisins á Akureyri, 1 650 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á Seyðisfirði, 100 þús. kr. til stækkunar skrifstofurýmis bæjarfógetaembættisins í Neskaupstað, 3 600 þús. kr. til byggingar sýsluskrifstofu á Eskifirði, 900 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á

Hvolsvelli og 250 þús. kr. til endurbóta og lagfæringa á skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta í Keflavík. Þá renna 1 260 þús. kr. til ýmissa smærri verkefna hjá embættunum. Sértekjur hækka um 1 033 þús. kr., verða 2 530 þús. kr., og er það meira en verðlagshækkunum nemur.

242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Á árinu 1981 gerði fjárlaga- og hagsýslustofnun að ósk og í samráði við dómsmálaráðuneytið athugun á rekstri vinnuhælisins. Sérstök áhersla var lögð á endurskipulagningu framleiðslu, bílamál og fjármál hælisins. Fjárveiting til vinnuhælisins nemur alls 15 376 þús. kr. og hækkar hún um 6 221 þús. kr. eða 67,9% frá fjárlögum 1982. Launaliðir nema alls 12 336 þús. kr. og hækka um 5 271 þús. kr. eða 74,6% frá fjárlögum. Hækkun launa á rót sína að rekja til þess að framlög til ýmissa launaþátta hafa nú verið endurskoðuð í tengslum við niðurstöður áðurnefndrar athugunar. Greiðslur til fanga hafa verið endurmetnar og skýra þær 500 þús. kr. af hækkun launa umfram almennar launabreytingar frumvarpsins. Um 760 þús. kr. umframhækkunarinnar eru fram komnar vegna fjölgunar vistmanna á hælinu á árunum 1980—1981 og um 200 þús. kr. skýrast af aukinni læknisþjónustu. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 275 þús. kr. eða um 40,2% og verða 4 440 þús. kr. Viðhald hækkar um 185 þús., verður 400 þús. kr., og er ætlað til þess að bæta aðbúnað starfs- og vistmanna. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 300 þús. kr. og er það hækkun um 90 þús. kr. frá fjárlögum. Sértekjur hækka samkvæmt frumvarpinu um 600 þús. kr. eða 40% og nema alls 2 100 þús. kr. Talið er að sértekjur megi auka frá því sem hér er áætlað með aukinni fjölbreytni í framleiðslu.

251 **Landhelgisgæslan.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar samtals um 30 067 þús. kr. og verður 85 474 þús. kr. Miðað er við rekstur fjögurra skipa, samtals í 31 mánuð, þ. e. Ægir og Týr í 10 mánuði hvort skip, Þór í 6 mánuði og Óðinn í 5 mánuði. Hjá fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri þriggja flugfélaga, þ. e. eini Fokker-27 (TF-Syn) og tveimur þyrlum. Þyrlurnar eru TF-Rán, sem sinnir gæslu- og björgunarstörfum, og TF-Gró, sem sinnir ýmsum smærri verkefnum frá varðskipum eða landi eftir aðstæðum. Laun hækka um 12 760 þús. kr. og verða 36 568 þús. kr. sem skýrist af almennum launabreytingum samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 617 þús. kr., eða 50,0%, og verða 31 824 þús. kr. Hefur þá sérstaklega verið tekið tillit til örra verðhækkana á olíu, sem er á áætluðu verðlagi um mitt ár 1983. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 2 477 þús. kr. og verða 7 507 þús. kr. Framlag til Landhelgissjóðs, sem fram kemur í B-hluta, hækkar um 4 248 þús. kr. og verður 9 697 þús. kr. Er þar áætlað fyrir afborgunum og vöxtum af láni því sem tekið var vegna kaupa á Sikorsky-þyrlu Landhelgisgæslunnar. Sértekjur hækka um 35 þús. kr. og verða 122 þús. kr.

253 **Almannavarnir ríkisins.** Fjárveiting til Almannavarna ríkisins nemur samtals 1 839 þús. kr. og er það 2,8% lækkun frá fjárlögum 1982. Lækkunin skýrist af því að gjaldfærður stofnkostnaður verður 153 þús. kr. og felur það í sér 618 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1982. Við fjárlagaafgreiðslu á Alþingi var bætt við 656 þús. kr. á þennan lið, að hluta vegna uppsetningar á fjarskipta- og viðvörunarkerfi fyrir Vestfirði, Breiðafjörð og Austfirði og að hluta vegna kostnaðar við tækjabúnað á Kröflusvæðinu. Aðrir gjaldaliðir hækka í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

255 **Umferðarráð.** Fjárveiting hækkar um 1 101 þús. kr., eða 78,8%, og verður 2 498 þús. kr. Laun verða 822 þús. kr. sem er hækkun um 265 þús. kr. og er í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 131 þús. kr., eða 71,7%, og verða 2 707 þús. kr. sem er verulega umfram verðlagshækkanir. Þessi hækkun

skýrist af 500 þús. kr. fjárveitingu vegna norræns umferðaröryggisárs á árinu 1983. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 5 þús. kr. og verða 19 þús. kr. Að lokum hækka sértekjur um 300 þús. kr. og verða 1 050 þús. kr.

262 **Löggildingarstofan.** Framlag hækkar um 322 þús. kr. og verður 931 þús. kr. Laun hækka um 427 þús. kr., verða 1 252 þús. kr., sem er í samræmi við almennar kaupgjaldshækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 69 þús. kr. og verða 240 þús. kr. Viðhald hækkar um 7 þús. kr. og verður 29 þús. kr. Á sama hátt og hækkun rekstrargjalda er það í samræmi við forsendur frumvarpsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 49 þús. kr. og verður 110 þús. kr. og er ætlaður til kaupa á búnaði til prófunar á vogum og fleiru. Sértekjur hækka um 230 þús. kr. og verða 700 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins sem skýrist af því að tekið er mið af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1981.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Fjárveiting hækkar um 3 595 þús. kr. og verður 6 053 þús. kr. Viðfangsefnið *málskostnaður* hækkar um 2 500 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsforsendu frumvarpsins. *Útgáfa lagasafns* verður 610 þús. kr., en í fjárlögum 1982 var veitt til þessa viðfangsefnis 100 þús. kr. Jafnframt eru áætlaðar 250 þús. kr. sértekjur af sölu lagasafnsins. Tvö ný viðfangsefni eru tekin upp: *Próf skjalaþýðenda,* en til þess viðfangsefnis eru ætlaðar 50 þús. kr., og *tölvunefnd,* en til þess viðfangsefnis eru ætlaðar 269 þús. kr. Aðrar hækkanir, 646 þús. kr., eru vegna almennra verðlagshækkana. Sértekjur eru áætlaðar 1 000 þús. kr. sem er 380 þús. kr. hærra en áætlað var í fjárlögum þessa árs. Er það að nokkru umfram forsendur, og er skýringarinnar á því að leita í fyrrnefndum áætluðum tekjum vegna útgáfu lagasafns.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlag til þjóðkirkjunnar hækkar um 19 693 þús. kr. eða um 64,9% frá fjárlögum 1982. Fastar stöður eru hálfri fleiri en í fjárlögum 1982. Ástæðan er, að nú er gert ráð fyrir hálfri stöðu prests er þjóni heyrnarskertum. Helstu breytingar á framlögum til viðfangsefna eru sem hér segir: Framlag til *yfirstjórnar* hækkar um 976 þús. kr., eða 91,8%. Þar af eru 568 þús. kr. hækkunarinnar til komnar vegna hækkunar launa og verka þar saman almennar kaupgjaldshækkanir og launaskrið. Önnur rekstrargjöld hækka um 368 þús. kr. og er þar um nokkra magnaukningu að ræða. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 40 þús. kr. Fjárveiting til *biskupsbústaðar* hækkar um 221 þús. kr. og verður 250 þús. kr. Hefur þá verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Framlag til *Skálholtsstaðar* hækkar um 200 þús. kr. Framlag til *Hins íslenska biblíufélags* lækkar um 200 þús. kr. Framlag til *söngmálastjóra þjóðkirkjunnar* hækkar um 217 þús. kr. Laun hækka um 90 þús. kr. sem er nokkuð umfram kaupgjaldshækkanir og stafar af vanáætlun í fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 107 þús. kr. sem er einnig nokkuð umfram forsendur frumvarpsins. Til gjaldfærðs stofnkostnaðar eru veittar 20 þús. kr. en fjárveiting er engin í fjárlögum 1982. Framlag til *bygginga á prestsetrum* hækkar um 2 540 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og nemur fjárveiting alls 3 500 þús. kr. Fjárveiting til *viðhalds embættisbústaða* hækkar um 4 000 þús. kr. og verður tvöfalt hærri en í fjárlögum 1982 eða 8 000 þús. kr. Framlag til *presta og prófasta* hækkar um 10 912 þús. kr. Af þeirri hækkun skýrast 72 þús. kr. af fjölgun stöðugilda presta um 0,5 eins og að framan er getið, og 10 840 þús. kr. hækkun er afleiðing almennra kaupgjaldsbreytinga. Veitt er fé til nýs viðfangsefnis: *Löngumýri, Skagafirði,* vegna starfs fyrir aldraða á nefndum stað. Fjárveiting er áformuð 120 þús. kr. Fjárveiting til *bændakirkju að Skarði, Skarðsströnd* fellur nú niður. Í fjárlögum 1982 eru 40 þús. kr. ætlaðar til þessa viðfangsefnis. Önnur viðfangsefni hækka um 747 þús. kr. og eru þá ýmist óbreytt frá fjárlögum 1982 eða hækka í samræmi við verðlagsforsendur.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	3 292	5 055	1 763	53,6
Húsnæðismál	168 514	219 564	51 050	30,3
Önnur félagsmál	80 893	178 159	97 266	120,2
Samtals	252 699	402 778	150 079	59,4
Þar af markaðir tekjustofnar	125 478	170 107	44 629	35,6

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum 1982 sem hér segir: Markaður tekjustofn Byggingarsjóðs verkamanna hækkar um 36 736 þús. kr. og verður 148 050 þús. kr. Skipulagsgjald, sem rennur til Skipulagsstjóra ríkisins, hækkar um 1 540 þús. kr. og verður 5 872 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti, sem fer til Erfðafjársjóðs, hækkar um 6 353 þús. kr. og verður 16 185 þús. kr. Hefur þá tekjustofn sjóðsins verið skertur frá gildandi lagaákvæðum í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur alls 5 055 þús. kr. sem er hækkun um 1 763 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Skýringar þessarar hækkunar eru eftirfarandi: Launaliður hækkar um 1 110 þús. kr. sem er hækkun um 49,1% og er það í samræmi við almennar launaforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 648 þús. kr. sem er hækkun um 64,8% frá fjárlögum þessa árs og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings árið 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 5 þús. kr. og verða 40 þús. kr.

271 Húsnæðisstofnun ríkisins. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins nemur alls 71 514 þús. kr. Þetta er hækkun um 17 744 þús. kr. eða 33% frá þeirri fjárveitingu sem ákveðin er í lögum nr. 13/1982. Auk þess er sjóðnum ætlað viðbótarframlag á árunum 1982 og 1983 samkvæmt efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar frá því í ágúst s.l. alls að fjárhæð 85 000 þús. kr. Ákvörðun um skiptingu fjárins milli ára liggur ekki fyrir. Áætlun um útlán og fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins kemur til umfjöllunar í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun enda ræðst útlánageta sjóðsins af því lánsfjármagni sem sjóðnum er þar ætlað. Auk ríkisframlagsins er á þessu stigi gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað lánsfjár hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, hjá lífeyrissjóðum og af skyldusparnaði. Í forsendum um rekstur Húsnæðisstofnunar 1983 er ekki gert ráð fyrir 10,5 stöðugildum á tæknideild stofnunarinnar sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1982. Á árinu 1980 veitti Alþingi heimild til tveggja ára tímabundinnar ráðningar í þessar stöður og var sú tilhögun staðfest af ráðningarnefnd ríkisins í mars 1981. Umræddar stöður falla því niður frá og með áramótum 1982/83 nema öðruvísi verði ákveðið. Aftur á móti er áætlað fyrir nýrri stöðu fulltrúa til að safna upplýsingum um húsnæðismál og vera húsbyggjendum og húskaupendum til ráðgjafar um íbúðarkaup.

272 Byggingarsjóður verkamanna. Með lögum nr. 51/1980 eru markaðar tekjur Byggingarsjóðs verkamanna ákveðnar 1% af launaskattsstofni. Framlag hækkar um 43 415 þús. kr. eða 41,5% frá því sem ákveðið er í lögum nr. 13/1982. Framlag nemur alls 148 050 þús. kr. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað hluta af lánsfé lífeyrissjóða, en fjármál sjóðsins munu koma til umfjöllunar við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir 1983.

301 Skipulagsstjóri ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 2 765 þús. kr. og verða útgjöld 8 389 þús. kr. Laun verða 2 338 þús. kr. sem er hækkun um 819 þús. kr. frá fjárlögum 1982 eða 53,9% og er skýring þeirrar hækkunar eingöngu almennar launahækkanir samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 046 þús. kr. sem er 40,1% hækkun frá fjárlögum 1982. Framlag til sveitarfélaga hækkar um 900 þús. kr. eða 60% og verður 2 400 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er ríkissjóði skylt að greiða árlega til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Þar að auki rennur til stofnunarinnar skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.

371 Lánasjóður sveitarfélaga. Fjárveiting til lánasjóðs sveitarfélaga verður 5 510 þús. kr. sem er hækkun um 1 365 þús. kr. eða 33,0%. Framlag ríkissjóðs er miðað við þá meginforsendu frumvarpsins að framlög til fjárfestingarsjóða hækki almennt um 33,0% frá lögum nr. 13/1982. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægri fjárhæð en nemur 2,5% af tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár.

399 Vatnsveitur. Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga hækkar um 1 800 þús. kr. sem er hækkun um 56,2% frá fjárlögum 1982. Verður fjárveiting því 5 000 þús. kr. til þessa verkefnis.

951 Brunamálastofnun ríkisins. Lög nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál tóku gildi 12. maí 1982 og féllu þar með úr gildi lög nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál. Samkvæmt ákvæðum laganna er brunavarnariðgjöldum m.a. ætlað að standa undir rekstri Brunamálastofnunar ríkisins. Í lögunum voru iðgjöld hækkuð úr 1,25% í 1,75% af brúttó-iðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga á fasteignum og lausafé). Launaútgjöld stofnunarinnar hækka um 355 þús. kr. eða 54,3% og verða 1 008 þús. kr. Er það í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 97 þús. kr. og verða 335 þús. kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 2 þús. kr. og verða samtals 65 þús. kr. og verður varið til minniháttar tækjakaupa. Þá er áætlað að sértekjur hækki um 455 þús. kr. og verði 1 408 þús. kr. Sú hækkun er nokkuð umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og skýrist af fyrrnefndum breytingum á brunavarnariðgjaldi, enda gert ráð fyrir að brunavarnariðgjöld standi undir rekstri stofnunarinnar.

953 Jafnréttisráð. Fjárveiting til jafnréttisráðs verður 722 þús. kr. sem er hækkun um 350 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Helstu liðir til skýringar á ofangreindri hækkun eru þessir: Launaliður verður 542 þús. kr. sem er hækkun um 246 þús. kr. eða 83,1%. Skýring þessarar hækkunar er sú að gert var ráð fyrir að fjölgað yrði um eina stöðu við stofnunina í fjárlögum 1982. Hins vegar hækkaði fjárveiting aðeins um fjárhæð sem jafngilti hálfri stöðu. Nú er því gert ráð fyrir að fjárveiting verði fyrir tveimur stöðugildum árið 1983. Önnur rekstrargjöld verða 168 þús. kr. sem er hækkun um 96 þús. kr. eða um það bil 133,3%. Skýring þessarar hækkunar er, að stofnunin hefur flutt í nýtt húsnæði og aukast leigugreiðslur samfara því og ennfremur hefur verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 8 þús. kr. og verða 12 þús. kr.

954 Vinnueftirlit ríkisins. Gert er ráð fyrir að heildargjöld Vinnueftirlits ríkisins hækki um 2 914 þús. kr. og verði 7 659 þús. kr. Launaliður hækkar um 2 447 þús. kr. sem er 69,4% hækkun frá fjárlögum 1982. Hækkun þessi, sem er að nokkru umfram almennar launahækkanir, skýrist af því að gert er ráð fyrir að stöðum við stofnunina fjölgi um tvær. Stöður sem hér um ræðir eru ein staða efnafræðings til mengunarmælinga á vinnustöðum, hálf staða vinnutæknis og hálf staða rannsóknafulltrúa. Kostnaður samfara þessari aukningu er um það bil 444 þús. kr. Með þessari fjölgun eru

stöðugildi við stofnunina 24 talsins. Aðrir rekstrarliðir hækka samtals um 467 þús. kr. og verða 1 690 þús. kr. sem er í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Sértekjur eru áætlaðar 7 659 þús. kr., þ. e. sama fjárhæð og fyrirhuguð útgjöld stofnunarinnar eru, en til Vinnueftirlitsins eru innheimtar tekjur eftir gjaldskrá fyrir þjónustustörf stofnunarinnar samkvæmt reglugerð nr. 183/1981.

971 **Erfðafjársjóður.** Framlag til erfðafjársjóðs verður 16 185 þús. kr. sem er hækkun að fjárhæð 6 353 þús. kr. Þar sem áætlun um erfðafjárskatt er 66% hærri en í fjárlögum 1982, þegar skatturinn var vanáætlaður, hækkar framlag til Erfðafjársjóðs óvenjumikið að þessu sinni.

972 **Bjargráðasjóður Íslands.** Fjárveiting til Bjargráðasjóðs Íslands verður 8 522 þús. kr. sem er hækkun um 3 622 þús. kr. frá lögum nr. 13/1982. Samkvæmt lögum nr. 57/1980 um breytingu á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð Íslands er kveðið á um framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Framlag til sjóðsins skal nema 8,82 kr. fyrir hvern íbúa landsins og þar til viðbótar fjárhæð sem svarar til allt að 0,35% af verðmæti söluvara landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga á að nema jafnhárri fjárhæð. Áðurgreint framlag ríkissjóðs hefur verið skert, þannig að það hækkar um 33% frá lögum nr. 13/1982 og verður 4 522 þús. kr. Er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins um hækkun fjárveitinga til sjóða. Til viðbótar áðurgreindu lögbundnu framlagi ríkissjóðs er sérstök fjárveiting að fjárhæð 4 000 þús. kr. samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um að ríkissjóður greiði Bjargráðasjóði mismuninn á fjármagnskostnaði sem sjóðurinn verður fyrir vegna svokallaðra harðæris- og óveðurslána sem tekin voru árin 1980 og 1981.

976 **Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.** Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra verður 39 960 þús. kr. sem er hækkun fjárveitingar um 42% frá fjárlögum 1982. Er hér um að ræða frávik frá þeirri meginforsendu frumvarpsins, að framlög til fjárfestingar- og framkvæmdasjóða hækki eigi meira en nemur 33% frá yfirstandandi ári, en framlög til sjóða sem ekki veita lán heldur beina styrki hækka um 42%. Þá er vakin athygli á, að í þessu frumvarpi er fjárveiting færð undir gjaldfærðan stofnkostnað í stað þess að vera yfirfærsla til B-hluta eins og áður var. Fellur því Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra niður í B-hluta frumvarpsins.

977 **Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.** Meginbreyting er gerð á fjárlagagerð þessa liðar frá fjárlögum 1982. Þá var gert ráð fyrir því, að einstakar stofnanir og heimili sem undir hann falla væru reknar af styrktarfélögum og fjárveitingar því taldar yfirfærslur til einstaklinga og samtaka. Nú er gert ráð fyrir beinum fjárveitingum í fjárlögum til þessara stofnana. Vegna breyttrar fjárlagameðferðar og fjölgunar á nýjum stofnunum sem til þessa verkefnis teljast er gerð sundurliðuð grein fyrir reiknuðum stöðugildum, fjárveitingum og hlutdeild sveitarfélaga í rekstri. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í þús. kr.:

Viðfangsefni:		Reiknuð stöðugildi	Heildargjöld ÷ sértekjur	Hluti sveitarfélaga	Hluti ríkissjóðs
0102	**Stjórnarnefnd**	—	**96**	—	**96**
0103	**Svæðisstjórnir**	**8,35**	**2 359**	—	**2 359**
0104	**Sambýli**	**19,6**	**3 141**	**471**	**2 670**
	Auðarstræti 15, Reykjavík	5,0	1 132	170	962
	Sigluvogur 5, Reykjavík	4,5	634	95	539
	Byggðavegur 91, Akureyri	3,8	552	83	469
	Árvegur 8, Selfossi	6,3	823	123	700
0105	**Verndaðir vinnustaðir**	**10,0**	**3 380**	**507**	**2 873**
	Ás, Reykjavík	4,0	1 579	237	1 342
	Hrísalundur, Akureyri	6,0	1 801	270	1 531
0106	**Afþreyingarheimili, Lækjarás Reykjavík**	**6,7**	**2 144**	**322**	**1 822**
0107	**Leiktækjasöfn**	**1,6**	**389**	**58**	**331**
	Borgarnes	0,5	105	16	89
	Blönduós	0,5	128	19	109
	Akureyri	0,6	156	23	133
0108	**Vonarland, Egilsstöðum**	**14,5**	**3 638**	**545**	**3 093**
0109	**Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 47/1979**	—	**1 000**	—	**1 000**
0110	**Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum 1**	**9,0**	**1 980**	**297**	**1 683**
	0102—0110 Samtals	**69,75**	**18 127**	**2 200**	**15 927**

Engar stöður hafa verið heimilaðar af þeim 69,75 reiknuðu stöðugildum sem tilgreind eru nema 6,0 stöðugildi hjá Trönuhólaheimilinu, sem heimilaðar voru 1982. Þar sem kostnaði er skipt milli ríkis og sveitarfélaga er það gert í hlutföllum 85 á móti 15 samkvæmt ákvæði 8. gr. laga nr. 47/1979. Eins og fyrr segir er fjárveiting á þessum lið áætluð 15 927 þús. kr. en er í fjárlögum 1982 7 174 þús. kr. og hækkar því um 8 753 þús. kr. eða 122,0%. Í fjárlögum 1982 var ekki áætlað fyrir kostnaðarhluta sveitarfélaga í rekstri hlutaðeigandi stofnana. Sértekjur 1983 eru samtals 5 249 þús. kr., þar af er þátttaka sveitarfélaga í rekstri 2 200 þús. kr. og tekjur af framleiðslu 3 049 þús. kr. Samanburður á kostnaði milli fjárlaga 1982 og frumvarps 1983 eftir tegundum er ýmsum annmörkum háður vegna hinnar breyttu framsetningar, en nú verður vikið að einstökum viðfangsefnum.

0102 Stjórnarnefnd. Kostnaður eykst um tæplega 39 þús. kr. og verður 96 þús. kr. og er þá tekið mið af starfsemi stjórnarnefndanna 1982.

0103 Svæðisstjórnir. Kostnaður verður 2 359 þús. kr. og hækkar um 1 797 þús. kr. Í fjárlögum 1982 er ekki gert ráð fyrir starfsliði hjá svæðisstjórnum en nú er gert ráð fyrir að þær kaupi vinnu er svari til 8,35 stöðugilda.

0104 Sambýli. Kostnaðarhluti ríkissjóðs er 2 670 þús. kr. og hækkar um 1 506 þús. kr. eða 129,4%. Hækkunin liggur í fjölgun sambýla um tvö, þ. e. að Byggðavegi 91 á Akureyri og Árvegi 8 á Selfossi.

0105 Verndaðir vinnustaðir. Í fjárlögum 1982 var tekin inn byrjunarfjárveiting til þessa verkefnis, 650 þús. kr. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir fjárveitingu til tveggja verndaðra vinnustaða, sem teknir eru til starfa, og er fjárveiting samtals 2 873 þús. kr.

0106 Afþreyingarheimili. Áætluð er 1 822 þús. kr. fjárveiting til eins afþreyingarheimilis, Lækjaráss í Reykjavík, og er hækkunin 322 þús. kr. eða 21,5% frá fjárlögum 1982.

0107 Leiktækjasöfn. Fjárveiting hækkar um 108 þús. kr. eða 48,4% frá fjárlögum 1982. Verkefni safnanna er m. a. að leiðbeina um notkun leiktækja og er áætlað að verja til þess fjárhæð sem svarar til 1,6 stöðugildis.

0108 Vonarland, Egilsstöðum. Áætlaður kostnaðarhluti ríkissjóðs í rekstri heimilisins 1983 er 3 093 þús. kr. og hækkar um 2 018 þús. kr. eða 187,7% frá fjárlögum 1982. Stafar hækkunin af því að starfsemi heimilisins er orðin miklu viðameiri en gert var ráð fyrir við fjárlagagerð 1982.

0109 Kostnaður samkvæmt 15. gr. laga nr. 47/1979. Fjárveiting hækkar um 293 þús. kr. (41,4%) og verður 1 000 þús. kr. Um er að ræða greiðslur til framfærenda þroskaheftra barna, sem annast þau sjálfir í heimahúsum.

0110 Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum 1. Fjárveiting verður 1 683 þús. kr. og hækkar því um 447 þús. kr. eða 36,2% frá fjárveitingu ársins 1982. Er þá miðað við að stöðum fjölgi um þrjár umfram það sem þegar er samþykkt og verða þær þá alls níu talsins.

978 Heimili fyrir þroskahefta. Hinn 20. janúar 1982 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða rekstur og skipulag nokkurra sólarhringsstofnana fyrir fatlaða með það fyrir augum að kanna m. a. hvort æskilegt væri að fella þær stofnanir sem reknar eru með daggjöldum undir fastar fjárveitingar, auk þess að gera tillögur um almenna hagræðingu á viðkomandi stofnunum. Nefnd þessi hefur nú lokið störfum og skilað áliti. Í tillögum nefndarinnar er m. a. lagt til að frá og með næstu áramótum verði heimilin *Sólborg á Akureyri, Sólheimar í Grímsnesi, Skálatún í Mosfellssveit* og *Tjaldanes í Mosfellssveit* rekin með föstum fjárveitingum. Ofangreindar stofnanir eru settar undir einn fjárlagalið: heimili fyrir þroskahefta. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerðar rekstrarfjárveitingar til hvers einstaks heimilis í þús. kr.:

		Reiknuð stöðu-gildi	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Viðhald	÷ Sér-tekjur	Fjár-veiting
0101	Skálatún	54,0	10 631	3 346	708	200	14 485
0102	Sólheimar	26,0	5 215	3 951	1 003	330	9 839
0103	Sólborg	55,0	11 431	5 321	604	1 160	16 196
0104	Tjaldanes	21,7	4 339	1 725	500	—	6 564
	Samtals	156,7	31 616	14 343	2 815	−1 690	47 084

981 Vinnumál. Fjárveiting hækkar um 2 824 þús. kr. og verður 11 173 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til *Félagsdóms* hækkar um 58 þús. kr., framlag til *stuðnings við samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi o. fl.* hækkar um 563 þús. kr., til *byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna* hækkar um 720 þús. kr., til *Alþýðusambands Íslands vegna menningar- og fræðslusambands alþýðu* um 340 þús. kr., framlag til *orlofsheimila BSRB* hækkar um 270 þús. kr., til *félagsmálaskóla alþýðu* hækkar um 475 þús. og framlag til *hagdeildar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja* hækkar um 450 þús. kr. Framlag til *Iðnnemasambands Íslands* hækkar um 13 þús. kr., framlag til *Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála* hækkar um 60 þús. kr., framlag til *Alþýðusambands Íslands vegna Norræna verkalýðsskólans í Genf* hækkar um 14 þús. kr. Þá hækkar framlag til *námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum* um 150 þús. kr., *þátttaka í starfi ILO* hækkar um 104 þús. kr. og framlag til *Sjómannadagsráðs* hækkar um 27 þús. kr. Liðurinn *fræðslumál BSRB* hækkar um 205 þús. kr., *fræðslumál BHM* hækkar um 21 þús. kr., *fræðslumál annarra* hækka um 27 þús. kr. og liðurinn *upplýsingastarfsemi um kjaramál* hækkar

um 32 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til vinnuverndarmála hækki um 100 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og verði 350 þús. kr. Eftirtaldir liðir falla niður: *Kjararannsóknarnefnd vegna stofnkostnaðar við könnun á kjörum sjómanna*, sem var 140 þús. kr. og *sjómannasamtök, lögskráning*, en framlag var 135 þús. kr. árið 1982. Liðurinn *ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota* færist af þessum fjárlagalið og verður sérliður undir félagsmálaráðuneytinu (07—982) en fjárveiting var 530 þús. kr. í fjárlögum 1982.

982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota. Þessi útgjaldaliður var áður færður sem sérstakt viðfangsefni undir liðnum 07—981 vinnumál. Fjárveiting verður 1 500 þús. kr. sem er hækkun um 970 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982.

999 Ýmis framlög. Framlög hækka um 8 376 þús. kr. og verða 15 078 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru til skýringar á hækkun framlagsins: *Greiðslur samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga* hækka um 220 þús. kr., *meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947* hækka um 3 886 þús. kr. og *framlag til leigjendasamtakanna* hækkar um 60 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru nýir og eru fjárveitingar sem hér segir: *Ýmis framlög* 250 þús. kr., *norrænn byggingardagur* 100 þús. kr., *kvennaathvarf* 600 þús. kr., *Rauðsokkahreyfingin* 14 þús. kr. og *vatns- og hitaveita Reykjahlíðar* 3 467 þús. kr. Þá falla niður þrír liðir frá fjárlögum 1982. Það eru *foreldrasamtök barna með sérþarfir*, sem var 14 þús. kr., *íslensk réttarvernd*, 7 þús. kr., og liðurinn *alþjóðaár fatlaðra*, sem var 200 þús. kr. í fjárlögum ársins 1982.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	4 256	7 135	2 879	67,6
Tryggingamál	2 226 318	3 617 570	1 391 252	62,5
Heilbrigðismál	659 299	1 259 485	600 186	91,0
Annað	5 409	8 118	2 709	50,1
Samtals	2 895 282	4 892 308	1 997 026	69,0
Þar af markaðir tekjustofnar	223 970	362 760	138 790	62,0

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru lífeyristryggingagjald atvinnurekenda sem hækkar um 104 600 þús. kr. og verður 280 000 þús. kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda sem hækka um 6 600 þús. kr. og verða 14 600 þús. kr. Iðgjald atvinnurekenda til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 11 970 þús. kr. og verður 38 170 þús. kr. og hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 290 þús. kr. og verður 440 þús. kr. Sérlyfjagjald hækkar um 180 þús. kr. og verður 430 þús. kr. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta verður óbreytt frá fjárlögum 1982 eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans hækka um 250 þús. kr. og verða 700 þús. kr. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 14 900 þús. kr. og verður 28 400 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Heildarframlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar um 2 879 þús. kr. og verður 7 135 þús. kr. Laun nema 5 188 þús. kr. sem er hækkun um 2 050 þús. kr. eða sem svarar til 65,3%. Hækkun launaliðar, sem er meiri en forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir, skýrist af eftirfarandi: Gert er ráð fyrir einni stöðu sérfræðings, lausráðningu hagræðingarráðunauts í sem svarar til einnar stöðu, og

hálfri stöðu ritara sem var áður á fjárlagalið 08-393 Skólayfirlæknir. Kostnaðarauki á aðalskrifstofu vegna ofangreindrar starfsmannafjölgunar er um 597 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 814 þús. kr. og verða 1 960 þús. kr. Er það hækkun um 71,0% frá fjárlögum 1982 og er skýringin sú að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Þá verður viðhald 26 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir viðhaldi í fjárlögum 1982.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður þessara tryggingaþátta dregnar saman og hækkanir frá fjárlögum sýndar.

Almannatryggingar 1982 og 1983 (í m. kr.)

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun m. kr.	Hækkun %
Slysatryggingar	8	15	7	87,5
Lífeyristryggingar	1 063	1 740	677	63,7
Sjúkratryggingar	1 067	1 728	661	61,9
Samtals	2 138	3 483	1 345	62,9

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingaiðgjaldi samkvæmt reglugerð nr. 201/1981 er áætluð 14,6 m. kr. og lífeyristryggingagjald atvinnurekenda er áætlað 280,0 m. kr., en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattsstofni fyrra árs. Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 1 345 m. kr. eða 62,9% og verður nú vikið að hverjum útgjaldaflokki fyrir sig. Þess ber að geta að framsetning á helstu útgjaldaþáttum lífeyris- og sjúkratrygginga er frábrugðin því sem áður hefur verið. Á árunum 1981 og 1982 hefur verið unnið að tölvuvæðingu á bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins og hefur í tengslum við þær breytingar þótt ráðlegt að gera breytingar á flokkun útgjalda.

Heildarútgjöld lífeyristrygginga eru talin verða 1 903 m. kr., þar af nema greiðslur barnsmeðlaga, sem Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir en sveitarfélögin endurgreiða alls 163 m. kr. Greiðslur meðlaga hafa ekki áður í fjárlögum talist til útgjalda Tryggingastofnunar ríkisins en því er nú breytt í samræmi við greiðsluyfirlit stofnunarinnar. Að meðlagsgreiðslum frátöldum hækka útgjöld vegna lífeyristrygginga um 677 m. kr. eða 63,7%. Útgjöld samkvæmt fjárlögum 1982 og frumvarpi 1983 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1982 og 1983 (í m. kr.)

		Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun m. kr.	Hækkun %
Gjöld					
101-103	Lífeyrir og örorkubætur	888	1 481	593	66,8
	Elli- og örorkulífeyrir	458	753	295	64,4
	Tekjutrygging	295	498	203	68,8
	Uppbót á lífeyri, vasapeningar	70	121	51	72,9
	Heimilisuppbót	27	44	17	63,0
	Örorkustyrkur	38	65	27	71,0
104	Barnalífeyrir	30	48	18	60,0
105, 107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	28	44	16	57,1
106	Framlög til einstæðra foreldra	27	40	13	48,1
108	Fæðingarorlof	65	106	41	63,1
120	Meðlög	99	163	64	64,6
171	Rekstrarkostnaður	14	21	7	50,0
	Til varasjóðs	11	—	−11	—
	Samtals	1 162	1 903	741	63,7
Tekjur					
180	Framlag ríkissjóðs	1 063	1 740	677	63,7
181	Meðlög, sveitarfélög	99	163	64	64,6
	Samtals	1 162	1 903	741	63,7

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga stafa einkum af tvennu. Annars vegar er almennt gert ráð fyrir 2% magnaukningu útgjalda. Hins vegar skýra almennar bótahækkanir á árinu 1981 og 1982 hina miklu hækkun þessa útgjaldaliðar frumvarpsins. Í nóvember 1981 hækkuðu almennar bætur lífeyristrygginga um 3,25% og tekjutrygging um 4,0%. Ekki var áætlað fyrir útgjaldaaukningu sem af þessu stafar í fjárlögum 1982. Bótahækkanir sem orðið hafa á árinu 1982 eru 7,51% 1, mars, 10,33% 1. júní, 4,0% 1. júlí (tekjutrygging 8,8%) og 7,5% 1. september. Auk þess hækkaði frítekjumark tekjutryggingar um 60% 1. júlí, en það breytist einu sinni á ári. Þá er áætluð 7,5% hækkun bóta 1. des. n. k. Á árinu 1983 er gengið út frá að vegin meðalhækkun bóta verði 14,5% í hátt við launaforsendu frumvarpsins. Þess ber að geta að hækkun einstakra bótaflokka er mismikil. Þessu veldur að skipting útgjalda 1983 milli bótaflokka er byggð á greiðslutölum það sem af er árinu 1982 og reikningstölum 1981. Ekki er sérstaklega áætlað fyrir varasjóðstillagi.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1983 nema alls 1 728 m. kr. Sundurliðun útgjalda sjúkratrygginga á helstu útgjaldaliði kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1982 og 1983 (í m. kr.)

		Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun m. kr.	Hækkun %
Gjöld					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	757	1 217	460	60,7
302	Vistgjöld á stofnunum þroskaheftra	34	10	−24	—
303-306	Hjálpartæki og útgjöld skv. 39. gr. almannatryggingalaga	25	54	29	116,0
310	Lækniskostnaður	61	120	59	96,7
311	Tannlæknakostnaður	50	93	43	86,0
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrakostnaður	50	90	40	80,0
315	Lyfjakostnaður	163	280	117	71,8
316	Sjúkradagpeningar	40	60	20	50,0
370	Reksturskostnaður	12	19	7	58,3
	Samtals	1 192	1 943	751	63,0
Tekjur					
380	Hlutur ríkissjóðs í m. kr.	1 067	1 728	661	61,9
	Hlutur sveitarfélaga í m. kr.	125	215	90	72,0
	Samtals	1 192	1 943	751	63,0
	Hlutur ríkissjóðs í %	89,5	89,1		

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 88,9% en hlutur sveitarfélaga um 11,1%. Þetta hlutfall hefur á undanförnum árum farið hækkandi en mun væntanlega lækka örlítið vegna tilfærslu Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri af daggjöldum á föst fjárlög, sbr. greinargerð um liði 08-376—377. Við mat á hækkun framlags til sjúkratrygginga ber að hafa í huga að almennt er reiknað með 2—3% magnaukningu úgjalda. Er þá höfð hliðsjón af þróun liðinna ára, en oft hefur aukningin þó reynst enn meiri. Um hækkun einstakra liða sjúkratrygginganna er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrastofnunum eru alls talin nema 1 217 m. kr. Þar af eru 100 m. kr. ætlaðar til þess að mæta hugsanlegum rekstrarhalla ársins 1982 og magnbreytingu. Vistgjöld hækka mjög mikið, eða um 60,7%, þrátt fyrir að tvö sjúkrahús hafi verið færð á föst fjárlög eins og áður segir. Margvíslegar hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda sjúkrahúsa frá því fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1982. Taxtar hækkuðu 1. des. 1981 um 11,9% en í fjárlögum var sú hækkun áætluð 9,0%. Auk þess hafa eftirfarandi hækkanir orðið á árinu 1982, eingöngu vegna launa- og verðlagsbreytinga: 1. janúar 1,1%, 1. mars 8,0%, 1. júní 18,9%, 1. ágúst 2,4% vegna kjarasamningaáhrifa og 1. september 9,2%. Þá er gert ráð fyrir að daggjöld hækki um 7,5% 1. desember n. k. og að vegin hækkun 1983 verði 14,5%. Grunngjald flestra sjúkrahúsa var hækkað um 5,0% 1. mars 1982 vegna hallareksturs 1981, en halli þess árs nam tæpum 80 m. kr. Hækkun á grunngjaldi sjúkrahúsa frá ársbyrjun 1982 til ársloka samsvarar því 63,9% og að viðbættri hækkun vegna ársins 1983 um 87,6%. Á hliðstæðan hátt og í fjárlögum 1982 er ekki áætlað fyrir viðhaldi sjúkrahúsa í daggjöldum. Þess í stað er gert ráð fyrir 31,3 m. kr. á fjárlagalið 08-381 til þess að standa undir þátttöku ríkissjóðs í viðhaldi sjúkrahúsa. Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta eru sett ákvæði um greiðslu kostnaðar af vist þeirra. Á hliðstæðan hátt og á við um fyrrnefnd tvö sjúkrahús er fjórum vistheimilum þroskaheftra nú ætluð fjárveiting á fjárlögum til reksturs í stað daggjalda, sbr. greinargerð um lið 07-978. Útgjöld vegna þátttöku almannatrygginga í lækniskostnaði aukast um 59 m. kr., tannlæknakostnaði um 43 m. kr. og lyfjakostnaði

um 117 m. kr. Allir þessir útgjaldaliðir aukast yfir 70%. Að síðustu er þess að geta að miðað er við að þátttaka sjúklinga í læknishjálp og lyfjakostnaði haldist hlutfallslega svipuð og hún hefur verið.

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins nemur samtals 120 000 þús. kr. sem er hækkun um 41 400 þús. kr. eða 52,6% frá fjárlögum 1982. Framlag atvinnurekenda til sjóðsins er 38 170 þús. kr. og færist það jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs nemur tvisvar sinnum framlagi atvinnurekenda eða alls 76 330 þús. kr. Auk þessa leggur ríkissjóður sérstaklega fram 5 500 þús. kr. til atvinnuleysistryggingasjóðs og er það í samræmi við yfirlýsingar um þátttöku ríkissjóðs í útgjöldum vegna ákvæða laga nr. 52/1981 um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra.

274 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Framlag ríkissjóðs verður 14 570 þús. kr. sem er hækkun um 4 752 þús. kr. eða 48,4% frá fjárlögum 1982. Hækkun framlagsins er í hátt við almennar launaforsendur frumvarpsins og skýrist af því að útgjöld sjóðsins verðbætast á sama hátt og launagreiðslur.

310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag nemur 2 917 þús. kr. og er ætlað fyrir nýjum stöðum í heilbrigðiskerfinu á árinu 1983. Ávallt er um nokkra stöðufjölgun að ræða m. a. vegna tilkomu nýrra heilsugæslustöðva og aukinnar starfsemi á sjúkrahúsum. Meðal þeirra verkefna, sem heilbrigðismálaráðuneytið hefur lagt áherslu á, eru viðbótarstöður á Landspítala vegna hjartaskurðlækninga, stöður sem tengdar eru tölvusneiðmyndatæki og krabbameinsleitartækjum og stöður á Kópavoghæli.

302, 311, 312, 371-377, 501 **Ríkisspítalar.** Fjárveiting nemur samtals 740 470 þús. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1982 um 54,6%. Launaliður nemur samtals 527 543 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hvernig sú upphæð skiptist á stofnanir og sýnd er hlutfallsleg hækkun frá fjárlögum 1982:

	Fjárlög 1982 þús. kr.	Frumvarp 1983 þús. kr.	Hækkun %
Landspítali	173 770	273 958	57,6
— kvennadeild	28 088	45 679	62,6
Vífilsstaðaspítali	18 834	30 251	60,6
Kleppsspítali	50 920	83 388	63,7
Kópavogshæli	24 907	39 768	59,6
Gunnarsholt	1 754	2 950	68,1
Rannsóknastofa háskólans	12 836	20 489	59,6
Blóðbankinn	3 840	6 125	59,5
Skrifstofa ríkisspítala	6 723	10 962	63,0
Ljósmæðraskólinn	826	1 452	75,7
Kristneshæli	7 466	12 521	67,7
Samtals	329 964	527 543	59,9

Launaliður hækkar samtals um 197 579 þús. kr., eða 59,9%, og er það um 34 600 þús. kr. umfram almenna launataxtahækkun. Skýringar umframhækkunarinnar eru eftirfarandi: Áhrif kjaradóms í apríl 1982 leiddu til hækkunar launa hjá hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sjúkraliðum og nokkrum öðrum starfshópum vegna tilfærslna milli launaflokka og eru þau áhrif metin á um 14 600 þús. kr. Áhrif sérkjarasamninga hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og Sóknarstarfsmanna eru metin á um 15 900 þús. kr. Loks er að nefna hækkun um rúmlega 4 100 þús. kr. vegna fjölgunar á heimiluðum stöðugildum. Kemur sú aukning fram í eftirfarandi yfirliti sem sýnir heildarfjölda heimilaðra stöðugilda á ríkisspítölum:

Heildarstöðufjöldi — aukning

	Fjárlög 1982	Af fjárlaga-lið 08-310	Viðbætur skv. frumvarpi 1983	Stöður alls
Landspítalinn	917,05	7	—	924,05
— kvennadeild	139,0	—	—	139,0
Vífilsstaðaspítali	118,15	—	—	118,15
Kleppsspítali	286,7	—	6[1])	292,7
Kópavogshæli	180,2	2	—	182,2
Vistheimilið Gunnarsholti	12,0	—	—	12,0
Rannsóknastofa háskólans	62,7	—	—	62,7
Blóðbankinn	21,7	—	—	21,7
Skrifstofa ríkisspítala	44,5	2	—	46,5
Kristneshæli	48,0	—	—	48,0
Samtals	1 830,0	11	6	1 847,0

1) Fjölgun vegna flutnings á sjúklingum frá sjúkrahúsinu í Stykkishólmi til Reykjavíkur.

Álag á föst laun grunnheimilda vegna veikinda, sumarleyfa og annarra afleysinga er 18% eins og var í fjárlögum 1982. Einnig var miðað við að yfirvinna og álagsgreiðslur næmu 39% af föstum launum grunnheimilda. Þetta hlutfall er nú hækkað í 44,1% og er það m. a. vegna áhrifa kjarasamninga við lækna í júní 1981. Þeir kjarasamningar leiddu til hækkunar á föstum launum, en einnig varð hækkun á öðrum greiðslum sem flokkast í flestum tilfellum undir álagsgreiðslur. Áhrif þessara hækkana koma því fram í hækkuðum hlutfallstölum fyrir yfirvinnu og álagsgreiðslur og er hver stofnun metin með tilliti til vægis læknalauna í heildarlaunakostnaði stofnunarinnar. Í heild felur frumvarpið í sér að jafnaði 62,1% álag á föst laun grunnheimilda, en í tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins var farið fram á 63,5% að jafnaði. Rétt þykir að taka fram að þessi hækkun á hlutfallstölum nú hefur ekki áhrif á samanburð við fjárlagatölur 1982 þar sem áhrif umræddra kjarasamninga við lækna voru metin þar að fullu með hækkun á heildarlaunatölum. Önnur rekstrargjöld hækka um 76 803 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og nema 208 537 þús. kr. Þau eru á áætluðu verðlagi ársins 1983. Sértekjur hækka um 19 774 þús. kr. og nema 53 320 þús. kr. og eru á áætluðu verðlagi í desember 1982, þ. e. á sama grundvelli og launatala fjárlaga er. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætluð rekstrargjöld og sértekjur í samanburði við fjárlög 1982 í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Rekstrargjöld	131 734	208 537	76 803	58,3
÷ Sértekjur	33 546	53 320	19 774	58,9
Mismunur	98 188	155 217	57 029	58,1

Framlag til viðhalds allra stofnana ríkisspítalanna nemur samtals 17 510 þús. kr. og er það hækkun um 4 698 þús. kr. eða 36,7% frá fjárlögum. Fjárhæðin er öll gjaldfærð á fjárlagalið 08-371 Landspítali, enda mun skipting hennar koma til umfjöllunar hjá fjárveitinganefnd Alþingis. Fjárveiting til stofnkostnaðar, þ. e. framkvæmda og tækjakaupa, nam í fjárlögum 1982 38 117 þús. kr. Þar af voru 7 200 þús. kr. sérstaklega vegna kaupa á tölvustýrðu sneiðmyndatæki og tækjum til krabbameinslækninga. Heildarfjárveiting á árinu 1983 nemur 40 200 þús. kr. Það er 9 283 þús. kr. eða 30,0% hærri upphæð en 1982 og er þá frátalin fjárveiting til sérstakra tækjakaupa. Gjaldfærður stofnkostnaður skiptist þannig í þús. kr.:

A. Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð:		
1. Símstöð	1 000	
2. Sumargjöf, barnaheimili	280	
3. Tækjakaup	3 500	
4. Stjórn og eftirlit	420	
5. Til byggingarframkvæmda	21 800	27 000
B. Stjórnarnefnd ríkisspítala:		
1. Almennar framkvæmdir og minni háttar tækjakaup	6 000	
2. Endurbygging og stærri tækjakaup	7 200	13 200
Samtals		40 200

Á hliðstæðan máta og á við um framlög til viðhaldsverkefna er gert ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis fjalli um skiptingu framlags til stofnkostnaðar milli stofnana og einstakra verkefna í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

324 **Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.** Framlag vegna launa nemur 3 474 þús. kr. og hækkar um 1 537 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Heimilaðar stöður eru 16 talsins. Þar af eru tvær nýjar stöður, staða heyrnarfræðings og staða heyrnartæknis, og er kostnaður vegna þeirra um 398 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða samkvæmt forsendum frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld lækka um 2 152 þús. kr. og verða 1 268 þús. kr. Við áætlun var stuðst við reikningsuppgjör fyrir árið 1981 en lækkun þessi stafar af því að framlag ríkissjóðs til kaupa á heyrnartækjum fyrir einstaklinga, samtals 2 500 þús. kr., er ekki áætlað með öðrum rekstrargjöldum stofnunarinnar heldur sem yfirfærslur til einstaklinga og samtaka. Við áætlun á framlagi til heyrnartækjakaupa var tekið tillit til áætlaðrar þarfar árið 1983 og einnig nýrrar lagaheimildar um niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af þessum tækjum. Viðhald er áætlað 27 þús. kr. og í stofnkostnað er veitt 440 þús. kr. til kaupa á ýmsum tækjabúnaði fyrir stofnunina. Sértekjur nema 240 þús. kr. en það er lækkun frá fjárlögum 1982 um 219 þús. kr. Heildarframlag verður því 7 469 þús. kr. sem er 2 213 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982.

325 **Hollustuvernd ríkisins.** Með setningu laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og hollustueftirlit var sett á fót stofnun er nefnist Hollustuvernd ríkisins og tók hún formlega til starfa 1. ágúst 1982. Hollustuvernd ríkisins yfirtók starfsemi og verksvið Matvælarannsókna ríkisins, Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Geislavarna ríkisins og Tóbaksvarna. Um leið voru lög um fyrrnefndar stofnanir og verkefni felld úr gildi. Heildarframlag til Hollustuverndar ríkisins verður 7 463 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 5 933 þús. kr. og hefur þá verið áætlað fyrir föstum stöðum við stofnunina en samþykktar stöður eru 24,3 talsins. Er það nánast sami fjöldi starfsmanna og starfaði við þær stofnanir sem niður eru lagðar. Önnur rekstrargjöld verða 1 900 þús. kr., viðhald 100 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 150 þús. kr. Þá eru sértekjur áætlaðar 620 þús. kr.

381 **Sjúkrahús og læknisbústaðir.** Framlög til þessa liðar hækka samtals um 24 174 þús. kr. og verða 119 315 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: *Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* hækkar um 15 305 þús. kr. og verður 78 605 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjárins svo sem verið hefur. Framlag til *röntgentækja* hækkar um 168 þús. kr. og verður 680 þús. kr. *Viðhald sjúkrahúsa* hækkar um 7 780 þús. kr. og verður 31 300 þús. kr. Framlag til *heilsuverndarstöðva* hækkar um 1 157 þús. kr. og verður 4 236 þús. kr. *Byggingarstyrkur til DAS,* Hrafnistu verður 2 584 þús. kr. sem er hækkun um 764 þús. kr. og er hér um að ræða þriðju greiðslu af fimm. Þá fellur niður viðfangsefnið *hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi* en fjárveiting var 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1982. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

385 **Framkvæmdasjóður aldraðra.** Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum nr. 49/1981 og lögum nr. 93/1981, þar sem m. a. hlutverk sjóðsins og tekjuöflun eru skilgreind. Með lögum nr 93/1981 er ákveðið sérstakt gjald, 200 kr., á skattframteljendur sem rennur til sjóðsins. Markaðar tekjur sjóðsins eru samkvæmt lögum ákveðnar til eins árs í senn, því mun verða lagt fram frumvarp um tekjuöflun sjóðsins fyrir árið 1983. Hækki markaðar tekjur umfram forsendur þessa frumvarps, hækkar ráðstöfunarfé að því marki. Í fjárlögum 1982 var Framkvæmdasjóður aldraðra talinn B-hluta fyrirtæki, en allar tekjur sjóðsins eru yfirfærslur úr A-hluta ríkissjóðs. Nú er lagt til að sjóðurinn teljist til A-hluta stofnana á sama hátt og Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.

386 **Landakotsspítali.** Ráðgert er samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1982 að fjármagna frá og með næstu áramótum tvö sjúkrahús, Landakotsspítala og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, með fjárveitingu á föstum fjárlögum í stað daggjalda. Framlög til sjúkratrygginga breytast því að sama skapi. Rekstraráætlun fyrir bæði sjúkrahúsin byggir því á sömu forsendum um verðlag og á við í frumvarpinu að öðru leyti. Við mat á rekstrarumfangi beggja sjúkrahúsanna hefur m. a. verið höfð hliðsjón af skýrslum nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem kannaði rekstur nokkurra sjúkrahúsa á árunum 1981—1982. Um rekstrarútgjöld Landakotsspítala er eftirfarandi að segja. Áætlun um launaútgjöld byggir á því að fastar starfsmannaheimildir séu 370 talsins. Aðstoðarlæknar eru hér taldir með, en ekki læknar sem starfa samkvæmt sérsamningum á sjúkrahúsinu og taka ekki föst mánaðarlaun. Við föst laun grunnheimilda bætast 54% til að mæta afleysingum, yfirvinnu og álagsgreiðslum. Við áætlun á læknalaunum er stuðst við upplýsingar úr reikningum sjúkrahússins á árinu 1980 en fjöldi lækna í árslok var þá 27. Áætluð eru 18% til viðbótar launum lækna vegna afleysinga. Á öll laun nema læknalaun eru síðan reiknuð launatengd gjöld. Áætlun um önnur rekstrargjöld, viðhald og sértekjur byggir á reikningsniðurstöðum áranna 1980 og 1981 og eru fjárveitingar til þessara liða á áætluðu meðalverðlagi ársins 1983 samkvæmt forsendum frumvarpsins.

387 **Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.** Verulegar rekstrarbreytingar fara nú fram á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri vegna flutnings í nýtt húsnæði og vegna tilkomu nýrra deilda. Í fjárhagsáætlun næsta árs er tekið tillit til þeirrar auknu starfsemi sem þegar hefur fengist heimild fyrir. Auk þess er við áætlun um fjárveitingu stuðst við niðurstöðutölur úr ársreikningum sjúkrahússins, þó aðallega ársins 1981. Launaliður byggir á föstum launum 325 grunnheimilda, þar af eru 30 stöðuheimildir sem veittar voru snemma árs 1982 vegna breyttrar og aukinnar starfsemi. Ofan á föst laun grunnheimilda leggjast 62,1% samtals vegna afleysinga, yfirvinnu og hvers konar álagsgreiðslna auk launatengdra gjalda. Launatalan er á áætluðu verðlagi í desember n. k. að teknu tilliti til hækkunar vegna sérkjarasamninga í maí og kjaradóms í apríl s. l. Önnur rekstrargjöld og viðhald eru m. a. metin með hliðsjón af ársreikningi 1981 og m. t. t. breyttrar starfsemi. Áætlun um sértekjur markast af sértekjum undanfarin ár auk verðlagsbreytinga. Rekstrarkostnaður sjúkrahússins, sem á undanförnum árum hefur verið borinn af daggjöldum, skiptist sem næst þannig að 87% heildarkostnaðar eru borin af ríkissjóði og 13% af sveitarfélögum. Áætlunartölur frumvarpsins eru miðaðar við heildarútgjöld stofnunarinnar. Af þessu leiðir að fyrir n. k. áramót þarf að fjalla um og ákveða með hvaða hætti kostnaðarþátttöku sveitarfélaga í rekstri sjúkrahússins eða öðrum útgjaldaliðum sjúkrasamlaga skuli hagað.

391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag verður 51 108 þús. kr. sem er hækkun um 18 589 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1982. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir. Laun hækka um 17 597 þús. kr. eða 59,4%. Er það hækkun umfram almennar launaforsendur frumvarpsins og er skýring þess sú að tekið er tillit til kjarasamnings hjúkrunarfræðinga frá því fyrr á þessu ári. Að öðru leyti er um almennar launabreytingar að ræða samkvæmt forsendum frumvarpsins og miðast fjárveitingin við óbreyttan stöðufjölda frá árinu 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 324 þús. kr. og verða 1 133 þús. kr., viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 668 þús. kr. og verða 2 800 þús. kr.

393 **Skólayfirlæknir.** Ekki er áætlað fyrir framlagi til embættis skólayfirlæknis þar sem eitt af hlutverkum heilsugæslustöðvanna er að sjá um eftirlit með heilbrigði skólabarna. Fjárveiting nam samtals 340 þús. kr. í fjárlögum 1982.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Fjárveiting til þessa liðar verður samtals að fjárhæð 17 137 þús. kr. sem er hækkun um 3 216 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Eftirtalin viðfangsefni hækka frá fjárlögum 1982: *Norræn samvinna í lyfjasölumálum* 14 þús. kr., *Evrópska lyfjaskráin* 17 þús. kr., *Erfðafræðinefnd H. Í.* 80 þús. kr. og *kostnaður samkvæmt farsótta- og sóttvarnalögum og lögum um ónæmisaðgerðir* 388 þús. kr. Þá hækkar framlag til *matvælarannsókna* um 27 þús. kr., til *manneldisráðs* 94 þús. kr. og til *kynsjúkdómavarna, sbr. lög nr. 16/1978,* um 37 þús. kr. *Kostnaður vegna laga nr. 25/1975* hækkar um 105 þús. kr. og *Minningarsjóður Landspítalans* um 250 þús. kr., en hér er um markaðan tekjustofn að ræða. Liðurinn *sjúkraflug* hækkar um 170 þús. kr., *rhesusvarnir* um 89 þús. kr., *blóðrannsóknir ungbarna* um 101 þús. kr. og *námsferðir héraðslækna og embættislækna* hækka um 50 þús. kr. *Ljósmæðralaun* hækka um 781 þús. kr., *skólar heilbrigðisstétta* 800 þús. kr., *Lyfsölusjóður* um 64 þús. kr., *útbreiðsla atvinnusjúkdóma* um 32 þús. kr. og framlag til *undirbúnings rannsókna á brjóstkrabbameini* hækkar um 28 þús. kr. *Útgáfa lyfjaverðskrár* hækkar um 20 þús. kr., *lyfjaverðlagsnefnd* um 84 þús. kr., *lyfjanefnd* um 271 þús. kr., *eiturefnanefnd* um 70 þús. kr. og *daggjaldanefnd* um 94 þús. kr. Þá falla niður liðirnir *tóbaksvarnir,* en fjárveiting nam 400 þús. kr. í fjárlögum 1982 og *starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar,* en framlag til þess liðar var 50 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

471 **Gæsluvistarsjóður.** Fjárveiting verður 3 185 þús. kr. og er það hækkun um 740 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Er hækkunin öll vegna viðfangsefnisins *Gæsluvistarsjóður.* Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

501 **Ljósmæðraskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans verður 1 515 þús. kr. og er það hækkun um 620 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Laun hækka um 626 þús. kr. og verða 1 452 þús. kr. sem er hækkun umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Skýring þess er sú, að nú er gert ráð fyrir inntöku nýrra nemenda og hækka því launaútgjöld við skólann. Önnur rekstrargjöld og viðhald lækka samtals um 9 þús. kr. frá fjárlögum 1982 og hefur þá verið tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Að lokum falla sértekjur niður en þær voru 3 þús. kr. í fjárlögum 1982.

502 **Þroskaþjálfaskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans hækkar samtals að fjárhæð 1 126 þús. kr. og verður 2 237 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 466 þús. kr. og verða 1 360 þús. kr. í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 404 þús. kr. eða 233,5% og verða 577 þús. kr. Skýring þessarar hækkunar er sú að skólinn flytur senn í nýtt og stærra húsnæði og aukast önnur rekstrargjöld vegna aukinna leigugreiðslna og annars viðbótarkostnaðar. Viðhald fellur niður en það nam 21 þús. kr. í fjárlögum 1982. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 300 þús. kr. sem er hækkun um 277 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Fyrirhugað er að fjárveitingu vegna stofnkostnaðar verði ráðstafað til kaupa á húsgögnum og öðrum búnaði til skólans.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	15 566	24 187	8 621	55,4
Toll- og skattheimta	68 820	115 947	47 127	68,5
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	105 278	228 171	122 893	116,7
Annað	520 371	862 958	342 587	65,8
Samtals	710 035	1 231 263	521 228	73,4
Þar af markaður tekjustofn	9 500	13 000	3 500	36,8

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka fjármálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 4 709 þús. kr. og verður 12 873 þús. kr. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um tvo. Er þar um að ræða eitt stöðugildi skrifstofumanns og annað stöðugildi lífeyrisskrárritara, sem sinna mun málum er varða lífeyrisréttindi og úrskurði er þeim tengjast. Verkefni þetta er tengt söfnun lífeyrisréttinda allra landsmanna sem Alþingi hefur samþykkt lög um. Kostnaður vegna þessarra tveggja staða er um 349 þús. kr. Vegna kaupgjaldsbreytinga hækkar launaliður aðalskrifstofunnar um 3 356 þús. kr. Samtals hækka laun því um 3 705 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 994 þús. kr., eða 50,0%, sem er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins og er skýring þess að höfð hefur verið hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 10 þús. kr. og nema alls 55 þús. kr.

103 Ríkisbókhald. Fjárveiting hækkar um 2 902 þús. kr. og verður 8 751 þús. kr. Laun hækka alls um 2 203 þús. kr., þar af um 1 952 þús. kr. vegna almennra forsendna frumvarpsins um hækkun launa. Hækkun launa sem rekja má til fjölgunar stöðugilda um 1,5 er um 251 þús. kr. Er þar um að ræða eitt stöðugildi viðskiptafræðings og hálft stöðugildi skrifstofumanns. Önnur rekstrargjöld hækka um 688 þús. kr. og er það í samræmi við forsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 11 þús. kr. og nemur alls 35 þús. kr. Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar er óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1982 og nemur 85 þús. kr.

104 Ríkisfjárhirsla. Fjárveiting hækkar alls um 1 010 þús. kr. Launaliður hækkar um 766 þús. kr. Þar af má rekja hækkun um 115 þús. kr. til fjölgunar stöðugilda um 0,83 sem er staða skrifstofumanns. Þá hækka laun um 651 þús. kr. vegna almennra kaupgjaldsbreytinga. Onnur rekstrargjöld hækka um 249 þús. kr. sem er nokkuð umfram forsendur frumvarpsins og hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings 1981. Viðhald hækkar um 6 þús. kr. og verður 13 þús. kr. en framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar lækkar um 11 þús. kr. og verður 8 þús. kr.

201 Ríkisskattstjóri. Fjárveiting hækkar um 3 777 þús. kr. og verður 10 936 þús. kr. Laun hækka um 3 260 þús. kr. Föstum stöðum við stofnunina fjölgar um eina, en án kostnaðarauka þar sem áður var um lausráðningu að ræða við skatteftirlit. Önnur rekstrargjöld hækka um 478 þús. kr. og verða 1 500 þús. kr. Viðhald hækkar um 20 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 19 þús. kr. og nemur fjárveiting til beggja þessara liða alls 100 þús. kr.

202—211 Skattstofur. Hækkun fjárveitinga til reksturs skattstofanna nemur samtals 14 797 þús. kr. og verður fjárveiting alls 42 893 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 13 386 þús. kr. eða 53,9% og verða 38 213 þús. kr. Þar af eru 149 þús. kr. vegna nýrrar stöðu skrifstofumanns á skattstofu Suðurlands sem heimiluð hefur verið af ráðninganefnd ríkisins. Auk þess er áætlað fyrir 154 þús. kr. vegna stöðu skrifstofumanns á Skattstofu Austurlands sem láðist að áætla fyrir í fjárlögum ársins 1982. Að öðru leyti skýrist hækkunin af almennum launabreytingum. Þá er gert ráð fyrir að breyta tímabundinni stöðu skatteftirlitsmanns við skattstofu Reykjaness í fasta heimilaða stöðu. Útgjöld samfara þessari breytingu hækka ekki þar sem áður var áætlað fyrir stöðunni undir öðrum dagvinnulaunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 520 þús. kr. eða 50,6% og verða 4 521 þús. kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 34 þús. kr. og verða 557 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 143 þús. kr. og verða 398 þús. kr.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld. Fjárveiting hækkar um 7 560 þús. kr. og verður 12 358 þús. kr. Laun verða 358 þús. kr. sem er hækkun um 118 þús. kr. frá fjárlögum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 7 442 þús. kr. og verða 12 000 þús. kr. Hefur þá verið höfð hliðsjón af rauntölum undanfarandi ára, en þessi útgjaldaþáttur hefur vaxið mikið. Fjárveiting þessi fer til að greiða kostnað við úrvinnslu skattskráa, til prentunar á eyðublöðum og til kaupa á fasteignaskrám.

214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd. Fjárveiting hækkar um 918 þús. kr. og verður 2 650 þús. kr. Laun hækka um 815 þús. kr. og verða 2 318 þús. kr. sem er í samræmi við almennar kaupgjaldsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 171 þús. kr. og verða 300 þús. kr. Er það rúmlega 130% hækkun frá fjárlögum 1982 sem skýrist af því að stofnunin hefur nú flutt inn í nýtt og stærra húsnæði. Viðhald hækkar um 3 þús. kr. og verður 13 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 67 þús. kr. og verður 23 þús. kr. Þá er ætlað að sértekjur stofnunarinnar verði 4 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir þeim í fjárlögum 1982.

263 Tollgæslan. Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur 19 655 þús. kr. og hækkar fjárveiting um 7 135 þús. kr. Hækkun framlagsins skiptist þannig á gjaldategundir: Laun hækka um 7 260 þús. kr. eða 63,1%. Hækkun launa umfram verðlagsforsendur skýrist af því að áætlað er fyrir þrem nýjum stöðum tollvarða alls 484 þús. kr. Þar af heimilaði ráðninganefnd ríkisins á árinu 1982 eina stöðu tollvarðar í tollvörugeymslunni. Önnur rekstrargjöld hækka um 499 þús. kr. og er það í hátt við verðlagsbreytingar. Framlag til viðhalds hækkar um 15 þús. kr. og nemur alls 55 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag nemur alls 60 þús. kr. og lækkar um 317 þús. kr. frá árinu 1982. Að lokum er þess að geta að sértekjur hækka um 322 þús. kr. og nema alls 900 þús. kr.

282 Tollamál. Fjárveiting hækkar um 5 938 þús. kr. og verður 6 350 þús. kr. Þessum fjárlagalið er nú skipt í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður* og verður fjárveiting 1 200 þús. kr. en var 412 þús. kr. í fjárlögum 1982. Skýring þessarar hækkunar er sú að fjárveitingar hafa verið vanáætlaðar undanfarin ár. Af þessu viðfangsefni er greiddur kostnaður vegna prentunar á aðflutningsskýrslum, upplýsingabæklingum og tollskrám. Gert er ráð fyrir að á árinu 1983 verði prentuð ný tollskrá sem bæði verður á íslensku og ensku. Hitt nýja viðfangsefnið er *tollamál — tölvuvæðing*. Á árunum 1981 og 1982 hefur verið unnið að athugun á hvort og með hvaða hætti best verði staðið að tölvuvæðingu hjá tollyfirvöldum. Kerfisbreyting af þessu tagi er allumfangsmikil. Auk innflytjenda tengjast málinu fjölmargir aðilar, skipafélög, bankar, opinberar stofnanir og ráðuneyti. Fjárveitingu, alls 5 150 þús. kr., er ætlað að verja á árinu 1983 til áframhaldandi athugana og framkvæmda.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Þessi liður hækkar um 122 527 þús. kr. og verður 225 420 þús. kr. Hækkun umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins skýrist af því að tekið hefur verið mið að raunverulegum útgreiðslum á lífeyri árið 1981 og á sex fyrstu mánuðum ársins 1982. Þá má geta þess að fjárveiting á þessum lið var vanáætluð í fjárlögum 1982 og hækkar því liðurinn sem raun ber vitni.

402 **Fasteignamat ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 2 297 þús. kr. og verður 6 893 þús. kr. Laun hækka um 2 213 þús. kr. og verða 6 866 þús. kr. sem er í samræmi við almennar forsendur um þróun kaupgjalds. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 300 þús. kr. og verða 3 800 þús. kr. Er þetta nokkuð umfram forsendur frumvarpsins um almennar verðlagsbreytingar og hefur þá verið tekið mið af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1981. Viðhald hækkar um 80 þús. kr. og verður 150 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 247 þús. kr. og verður 377 þús. kr. Fyrir dyrum stendur að endurnýja símstöð stofnunarinnar og eru til þess veittar 350 þús. kr. en 27 þús. kr. eru ætlaðar til kaupa á áhöldum og tækjum. Gert er ráð fyrir hækkun sértekna um 1 543 þús. kr. sem er nokkuð umfram almenna verðbreytingu og hefur þá verið tekið mið af ríkisreikningi fyrir árið 1981.

981 **Skrifstofubygging við Suðurgötu, Hafnarfirði.** Fjárveiting til byggingarinnar lækkar um 1 020 þús. kr. og verður 2 580 þús. kr. sem áætlað er að fari til að ljúka umræddri framkvæmd. Nú er ljóst að Skattstofa Reykjanessumdæmis mun flytja í húsið fyrir árslok 1982. Óráðið er um nýtingu 1. hæðar hússins en ákvörðun þar að lútandi mun verða tekin bráðlega.

989 **Vegna launa- og verðlagsmála.** Til þess að mæta launabreytingum á árinu 1983 í samræmi við forsendur frumvarpsins eru veittar á launalið 481 600 þús. kr. Sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1982 er 295 000 þús. kr. Í fjárlögum 1982 voru áætlaðar undir þessum fjárlagalið 125 000 þús. kr. til að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum. Fé þessu var varið til efnahagsaðgerða á árinu 1982. Nú er sérstakur liður merktur efnahagsráðstafanir. Til að mæta óvissuþáttum tengdum launa- og verðlagsmálum á árinu 1983 eru áætlaðar 30 000 þús. kr. í frumvarpinu.

990 **Efnahagsráðstafanir.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða. Fjárveiting nemur 200 000 þús. kr. og verður fjárhæðinni í megindráttum ráðstafað til hliðarráðstafana í efnahagsmálum vegna yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar við setningu bráðabirgðalaga um efnahagsráðstafanir í ágúst sl.

999 **Ýmislegt.** Fjárveiting hækkar um 30 928 þús. kr. og verður 84 885 þús. kr. Helstu breytingar á fjárveitingu til einstakra viðfangsefna eru sem hér segir: *Stjórnarráðið, símakostnaður og póstburðargjöld* hækkar um 1 754 þús. kr. og verður 6 365 þús. kr. sem er hækkun í samræmi við verðhækkunarforsendur frumvarpsins. Fjárveiting *til kaupa á dagblöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar* hækkar um 1 450 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. *Ýmis sameiginlegur kostnaður* hækkar um 580 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr. *Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna* hækkar um 2 556 þús. kr. og verður 8 660 þús. kr. Þá hækkar *kostnaður vegna kjarasamninga* um 132 þús. kr. og verður 637 þús. kr. *Dómkröfur og málskostnaður* hækka um 300 þús. kr. og verða 1 100 þús. kr. *Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum* hækka um 100 þús. kr. og verða 400 þús. kr. *Þungaskattsálagning með ökumælum* hækkar um 32 þús. kr. og verður 298 þús. kr. Framlag til *Lífeyrissjóða sjómanna* hækkar um 130 þús. kr. og verður 300 þús. kr. og framlag til *Lífeyrissjóðs bænda* hækkar um 2 944 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Liðurinn *óviss útgjöld* hækkar um 14 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. Fjárveiting til *húsnæðisbreytinga vegna fatlaðra* hækkar um 400 þús. kr. og verður 1 400 þús. kr. Einnig er lagt til, að fé verði varið til eftirtalinna viðfangsefna sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum 1982: *Kjararannsóknir* 100 þús. kr. og *bókhalds-*

kerfi ríkisins 5 000 þús. kr. Hér er um að ræða fjárfestingu í nýju bókhalds- og áætlunarkerfi fyrir ríkið og ríkisfyrirtæki. *Ýmis innheimtukostnaður* 2 300 þús. kr. *Sjóefnavinnslan, vegna yfirtöku lána* 1 200 þús. kr. Þá fellur niður liðurinn *Borgartún 6* en fjárveiting nam 2 050 þús. kr. í fjárlögum 1982. Er nú áætlað fyrir greiðslu vaxta og afborgana af lánum teknum vegna kaupa á ofangreindu húsi undir ýmsum lánum ríkissjóðs. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1982.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1982	Frumvarp 1983	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	2 687	4 152	1 465	54,5
Vegamál	593 330	838 000	244 670	41,2
Önnur samgöngumál	232 681	308 999	76 318	32,8
Samtals	828 698	1 151 151	322 453	38,9
Þar af markaðir tekjustofnar	400 830	609 800	208 970	52,1

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Bifreiðaskattur er samkvæmt tekjuáætlun talinn verða 160 000 þús. kr., gúmmígjald 1 500 þús. kr. og innflutningsgjald af bensíni 406 800 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 568 300 þús. kr. og er það 190 500 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1982. Vitagjald, sem fer til Vitastofnunar Íslands, hækkar um 1 320 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Skipaskoðunargjald hækkar um 150 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Flugvallagjald hækkar um 17 000 þús. kr. og verður 39 000 þús. kr. Þá er sérleyfisgjald óbreytt og verður 400 þús. kr. Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

211 Vegagerð ríkisins. Heildarútgjöld til vegamála nema alls 838 000 þús. kr. og er það 41,2% hækkun frá fjárlögum 1982. Fjármögnun er að hluta með mörkuðum tekjustofnum, þ. e. bensíngjaldi, gúmmígjaldi og bifreiðaskatti, alls 568 300 þús. kr. Ennfremur er ráðgerð lántaka til vegagerðar alls 249 000 þús. kr. eins og fram kemur í yfirliti um lántökur. Fjárveiting úr ríkissjóði nemur 20 700 þús. kr., þar af er gert ráð fyrir 260 þús. kr. til styrktar vetrarsamgöngum. Gjaldatala vegagerðarinnar jafngildir 2,0% áætlaðrar vergrar þjóðarframleiðslu 1983.
Stefnt er að því, að framlög til vegamála á árinu 1983 nemi um 2,1% af vergri þjóðarframleiðslu 1983. Er í því sambandi gert ráð fyrir, að leitað verði til Byggðasjóðs um hliðstæð framlög til vegamála eins og veitt voru á yfirstandandi ári, jafnframt því sem tekjur og tekjustofnar Vegasjóðs verða endurskoðaðir.

321 Strandferðir, framlög. Framlög á þessum fjárlagalið renna annars vegar til *Skipaútgerðar ríkisins*, 30 920 þús. kr., og hins vegar er um að ræða styrki til *flóabáta og vöruflutninga*. Styrkframlag nemur 17 251 þús. kr. og er 45 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 1982, en samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu framlaga milli viðtakenda. Framlag til *Skipaútgerðar ríkisins* hækkar um 7 670 þús. kr., eða 32,9%, og nemur alls 30 920 þús. kr. eins og fram hefur komið. Um rekstur *Skipaútgerðar ríkisins* er ekki fjallað frekar á þessu stigi, enda munu málefni fyrirtækisins koma til athugunar hjá fjárveitinganefnd fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983.

325 Rekstrardeild ríkisskipa. Hækkun framlags frá fjárlögum 1982 nemur samtals 1 302 þús. kr. og verður það alls 3 323 þús. kr. Laun hækka um 1 179 þús. kr., eða 67,8%, og verða 2 916 þús. kr. Er það umfram almennar launahækkanir, en í fjárlögum 1982

Vefnaðar- og listiðnaðarskóli Sigrúnar Jónsdóttur .....
Vegagerð ríkisins .....
Vegna launa- og verðlagsmála .....
Veiðieftirlit .....
Veiðimálaskrifstofan .....
Veiðistjóri .....
Velferðarráð sjómanna .....
Verðjöfnunargjald .....

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða .....
Verðlagsráð sjávarútvegsins .....
Verðlagsstofnun .....
Verkfræðideild H.Í. .....
Verkfæraráðunautur .....
Verkmenntaskóli á Akureyri .....
Verkstjórnarnámskeið .....
Vernd, félagssamtök .....
Vernd barna og ungmenna .....
Verslunarskóli Íslands .....
Vestur-íslenskar kirkjur .....
Vélskóli Íslands .....
Viðeyjarstofa og Nesstofa, ...
Viðhald skv. lögum nr. 57/1978 .....
Viðskiptadeild H.Í. .....
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa .....
Vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum .....
Vinnueftirlit ríkisins .....
Vinnuhælið Kvíabryggju .....
Vinnuhælið Litla-Hrauni .....
Vinnumál .....
Vinnuverndarmál .....
Vistheimilið Gunnarsholti .....
Vistun kvenfanga .....
Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa .....
Vitabyggingar .....
Vitamál .....
Vitastofnun Íslands .....
Vífilsstaðaspítali.....
Vísinda- og fræðimenn .....
Vísindasjóður .....

Yfirdýralæknir .....
Ylrækt og garðrækt .....

Ýmis framlög, menntamál .....
Ýmis framlög á sviði félagsmála .....
Ýmis framlög á sviði samgöngumála .....
Ýmis heilbrigðismál, framlög .....
Ýmis íþróttamál .....
Ýmis lán ríkissjóðs .....
Ýmis löggæslukostnaður .....
Ýmis orkumál .....
Ýmis utanríkismál .....
Ýmis vísindaleg starfsemi .....
Ýmislegt á sviði fjármála .....
Ýmislegt á sviði sjávarútvegs .....
Ýmsir sérsjóðir Sameinuðu þjóðanna .....

Zontaklúbbur Akureyrar, vegna Nonnahúss .....

Þátttaka í starfi ILO
Þingfararkaup alþingismanna
Þingmannafundir Evrópuráðs
Þingmannasamtök NATO
Þjálfunarskólar
Þjóðdansafélagið
Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum
Þjóðgarðurinn Skaftafelli
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd
Þjóðhagsstofnun
Þjóðkirkjan
Þjóðleikhúsið, framlög
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands
Þjóðskráin
Þroskahjálp, landssamtök
Þroskaþjálfaskóli Íslands
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna
Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Þungaskattsálagning með ökumælum
Þýðingarsjóður

Æðarrækt
Æðarræktarfélag Íslands
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans
Æskulýðsmál
Æskulýðsráð ríkisins
Æskulýðssamband Íslands
Æskulýðsstörf

Öleftirlit
Örnefnastofnun
Öryggismálanefnd
Öryrkjabandalag Íslands
Öskjuhlíðarskólinn

B-HLUTI

Aflatryggingasjóður .....
Arnarhvoll .....
Atvinnuleysistryggingasjóður .....

Áburðarverksmiðja ríkisins .....
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins .....

Bjargráðasjóður Íslands .....
Borgartún 7 .....
Brunabótafélag Íslands .....
Byggðasjóður .....
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins .....
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna .....
Byggingarsjóður ríkisins .....
Byggingarsjóður verkamanna .....
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu .....

Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey .....
Erfðafjársjóður .....

Ferðaskrifstofa ríkisins .....
Fiskimálasjóður .....
Fljótsdalsvirkjun .....
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli .....
Fóður- og fræframleiðslan Gunnarsholti .....
Fóðuriðjan Ólafsdal .....
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli .....

Grænfóðurverksmiðja í Flatey, A-Skaftafellssýslu .....
Gæsluvistarsjóður .....

Hafnarbótasjóður .....
Happdrætti Háskóla Íslands .....
Háskólabíó .....

Iðnaðarrannsóknir .....
Innkaupastofnun ríkisins .....

Jarðasjóður .....
Jarðboranir ríkisins .....
Jarðeignir ríkisins .....
Jarðvarmaveitur ríkisins .....

Kirkjubyggingasjóður .....
Kirkjugarðasjóður .....
Kristnisjóður .....
Kröfluvirkjun .....

Lagmetisiðjan Siglósíld
Landakaup kaupstaða og kauptúna
Landgræðslusjóður
Landhelgissjóður
Landshöfn Keflavík—Njarðvík
Landshöfn Rifi
Landshöfn Þorlákshöfn
Landssmiðjan
Landsvirkjun
Laxárvirkjun
Laxeldisstöðin Kollafirði
Lánasjóður ísl. námsmanna
Lánasjóður sveitarfélaga
Lyfjabúð háskólans
Lyfjaverslun ríkisins
Læknishéraðasjóður
Lögbirtingablað

Menningarsjóður

Námsgagnastofnun, skólavörubúð

Orkusjóður

Póst- og símamálastofnunin

Rafmagnsveitur ríkisins
Ríkisábyrgðasjóður
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
Ríkisspítalar, þvottahús
Ríkisútvarpið hljóðvarp
Ríkisútvarpið sjónvarp

Sala varnarliðseigna
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
Sementsverksmiðja ríkisins
Sérleyfissjóður
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Síldarverksmiðjur ríkisins
Skipaútgerð ríkisins
Stórólfsvallarbúið
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar

Tilraunabúið Hesti
Tilraunastöðin Möðruvöllum
Tilraunastöðin Reykhólum
Tilraunastöðin Sámsstöðum
Tilraunastöðin Skriðuklaustri

Tollstöðvarhús .....
Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar.....
Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar .....
Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar .....

Umferðarmiðstöðin .....
Unglingaheimili ríkisins.....

Vegagerð ríkisins, áhaldahús .....
Virkjunarrannsóknir .....
Vitamálastjórn, áhaldahús .....
Vísindasjóður .....

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs .....

Þjóðleikhúsið .....

Nd. 2. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [2. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason.

1. gr.

28. gr. falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

28. grein stjórnarskrárinnar fjallar um útgáfu bráðabirgðalaga. Þessi ákvæði hafa staðið í stjórnarskrá síðan hún var sett árið 1874. Þá var Alþingi að fá takmarkað löggjafarvald, en Alþingi sat einungis í tvo mánuði að sumri, annað hvert ár. Þá voru slæmar samgöngur í landinu, vegir lélegir, skipakostur takmarkaður og flugvélar engar. Enn fremur sátu þá við völd í Danmörku ríkisstjórnir sem nutu ekki stuðnings þjóðþings, og beittu þær þessu valdi ótæpilega.

Þá höfðu þingmenn aðeins laun fyrir þann tíma sem Alþingi sat, en ekki allt árið eins og nú er.

Ekki leikur hinn minnsti vafi á því, að ríkisstjórnir hafa hin síðari ár stórlega misnotað það vald sem stjórnarskráin fær þeim í hendur með heimild til útgáfu bráðabirgðalaga. Þetta vald er nú ástæðulaust með öllu, nú má kalla Alþingi saman með örstuttum fyrirvara, þegar „brýna nauðsyn ber til“. Af því hlýst ekki einu sinni kostnaðarauki, þar sem alþingismenn hafa laun allt árið og eru mikið á ferðinni milli kjördæma sinna og höfuðborgarinnar.

Heimild í stjórnarskrá til útgáfu bráðabirgðalaga hefur því enga kosti lengur. Þetta getur hins vegar verið ólýðræðisleg aðferð, og hún býður ýmsum hættum heim. Nú hafa skapast þær aðstæður, að vafi þykir leika á því, hvort bráðabirgðalög, útgefin í ágústmánuði, styðjist við meiri hluta í báðum deildum þingsins, svo sem krafist er í stjórnarskrá. Um það skal ekki fullyrt á þessu stigi málsins. En ljóst er að ríkisstjórn lýðveldisins Íslands kann að vera að stefna efnahagslífi þjóðarinnar í óvissu, að ekki sé meira sagt, með útgáfu bráðabirgðalaga sem svo mikil óvissa ríkir um.

Það skal skýrt tekið fram, að það er skoðun þingflokks Alþýðuflokksins, að atkvæðagreiðslur um lög, og þá einnig bráðabirgðalög, fara ekki fram í fjölmiðlum, heldur á Alþingi sjálfu. Engu að síður hafa hinar nýju aðstæður, sem skapast hafa vegna hins ótrygga meiri hluta sem ríkisstjórnin nýtur á Alþingi, enn undirstrikað nauðsyn þess, að þetta gamla og úrelta ákvæði verði numið úr stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. greinar laganna geta launþegar (vinnuseljendur), sem taka laun hjá sama atvinnurekenda (vinnukaupanda), stofnað félag á vinnustað sem hafi með samninga að gera og taki í einu og öllu við réttindum og skyldum stéttarfélaga. Þetta getur gerst að undangenginni skriflegri og leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem 2/3 hlutar þátttakenda hafa lýst sig samþykka þessu fyrirkomulagi, enda starfi fleiri en 25 launþegar á vinnustaðnum.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

2. gr.

Þar sem í lögum þessum eru nefnd stéttarfélög komi: stéttarfélög og vinnustaðafélög.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest skulu lög nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur með áorðnum breytingum, gefin út með fyrirsögninni: Lög um stéttarfélög, vinnustaðafélög og vinnudeilur.

Greinargerð.

Frumvarp í þessa veru, en allmiklu flóknara í sniðum, hefur verið flutt á 103. og 104. löggjafarþingi.

Frumvarpið, sem nú er flutt, er mun einfaldara og gerir í raun aðeins ráð fyrir einni meginbreytingu: Að launþegar á sama vinnustað (og þá er vinnustaður skilgreindur þannig að til hans teljast allir þeir sem taka laun sín hjá einum og sama vinnuveitandanum) geti ákveðið (þ. e. 2/3 hlutar þeirra) að stofna eigið félag sem fari með samninga um kaup og kjör og önnur réttindi og aðrar skyldur sem stéttarfélag þeirra fór með áður, og þá skiptir ekki máli hvers konar störf viðkomandi launþegi leysir af hendi.

Þetta þýðir að ef 2/3 hlutar starfsfólks hjá Hagkaupum, Flugleiðum, Slippstöðinni á Akureyri eða hverju öðru atvinnufyrirtæki ákveða í skriflegri, leynilegri atkvæðagreiðslu að sjá sjálft um þessi mál, þá hafi það til þess heimild og réttindi og sé jafnframt laust allra mála, **ef það svo kýs,** gagnvart hinu hefðbundna stéttarfélagi sínu. Þetta þýðir einnig að félagið verður að kjósa sér stjórn og kjósa þá, sem fara með samninga, samkvæmt reglum sem félagið þá ákveður sjálft. Enn fremur þýðir þetta í raun að hið nýja félag semur um kaup og kjör (eða félagsleg réttindi eins og dagvistarmál) með þeim hætti, að gengið er frá samningum fólks, sem innir af hendi ólík störf á sama tíma, til sama tíma, þar sem taka verður tillit til launahlutfalls.

Leggja verður áherslu á að hér er verið að auka við réttindi launafólks sem það getur nýtt sér ef það vill, en þarf þó ekki að gera. Eins er verið að opna fyrir þann möguleika, að

betri samvinna og meiri skilningur verði milli þeirra, sem við fyrirtæki starfa, og hinna, sem það reka.

Ágreiningsmál geta risið um framkvæmd atkvæðagreiðslu, t. d. hvern rétt fólk, sem vinnur hlutastörf, skuli hafa. Eðlilegt þykir að félagsmálaráðuneyti skeri úr slíku með reglugerð.

Gert er ráð fyrir að þessi ákvæði laganna gildi um vinnustaði þar sem starfa 25 eða fleiri launþegar. Undirstrikað skal að þeirri tölu má breyta til hækkunar eða lækkunar að fengnum meiri upplýsingum. En slíkt ákvæði þarf að mati flytjenda að vera í lögunum til þess að tryggja rétt þeirra sem starfa við hin smæstu fyrirtæki.

Áður hefur fylgt frumvarpi þessu eftirfarandi greinargerð:

„Fyrsta spurning, sem vaknar þegar hugað er að svo róttækum breytingum á meira en 40 ára gömlum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eins og hér er verið að leggja til, er sú spurning, hvort það sé yfirleitt Alþingis að láta slík mál til sín taka, hvort með þessum hætti sé ekki verið að grípa inn í frjálsan félagarétt, eins og það stundum er kallað. Þessi spurning fjallar um grundvallaratriði í löggjafarstarfi. Vinnulöggjöf er háttað með ýmsu móti í hinum mismunandi löndum. Í Noregi t. d. er ítarleg vinnulöggjöf, sem setur ýmsar takmarkanir á báða bóga. Í Danmörku er hins vegar um litla beina löggjöf að ræða, heldur er fremur byggt á almennu samkomulagi með deiluaðilum um kaup og kjör. Almenn lagasetning getur einnig verið mismunandi. Alþekkt er, að í Bretlandi er engin stjórnarskrá, heldur er þar einungis byggt annars vegar á hefðum og hins vegar á almennri lagasetningu. Á hinn bóginn hafa Frakkar síðan í stjórnarbyltingunni miklu rekið ríki sitt með stjórnarskrá, sem þeir iðulega hafa breytt og stundum á mjög róttækan hátt. Í raun og veru er verið að takast á um sams konar grundvallaratriði, þegar menn velta því fyrir sér, hvort það sé löggjafans að skipta sér af lögum um samninga um kaup og kjör. Þeir, sem andvígir eru slíkum afskiptum, segja gjarnan, að svokallaður félagaréttur eigi að vera frjáls, en það þýðir, að löggjöfin skuli sem minnst afskipti hafa af slíku.

Hins vegar má leiða að því rök, að slíkur skilningur styðst ekki við sögulegan raunveruleika hér á landi. Núverandi skipun þessara mála á ekki stoð í náttúrurétti af neinu tagi, heldur í löggjöf, sem er eins og hvert annað mannanna verk og er undirrituð af dönskum konungi 11. júní 1938. Þegar lög um stéttarfélög og vinnudeilur voru endanlega samþykkt á Alþingi 1938, höfðu átt sér stað miklar deilur og pólitískar umræður um þessi lög og um þessa lagasetningu almennt og yfirleitt. Endanlega frumvarpið samdi nefnd skipuð tveimur alþýðuflokksmönnum og tveimur framsóknarmönnum.

Nú ber að gæta þess, að deilur um þessi efni höfðu staðið lengi hér á landi. Framan af var það fyrst og fremst áhugamál Sjálfstæðisflokksins að setja vinnulöggjöf, og verkalýðshreyfingin, sem auðvitað var veik á fyrstu árum sínum, andmælti og hélt því fram, að slík vinnulöggjöf væri fyrst og fremst hugsuð til þess að setja hömlur á verkföll sem og aðrar kröfur verkalýðsstéttarinnar. Þá ber einnig að gæta þess, að það þarfnast nokkurrar skýrgreiningar, hvað átt er við þegar talað er um frjálst samningakerfi annars vegar og skipanir löggjafans á formi lagasetningar hins vegar. Það er söguleg staðreynd, að framan af er verkalýðshreyfingin fylgjandi frjálshyggju í þessum efnum, þ. e. hún vildi frjálsan samningsrétt og engin afskipti ríkisvaldsins af honum. Skýringar á þessu eru auðvitað þær, að á 19. öld og vel fram eftir 20. öld leit verkalýðshreyfingin svo á, að ríkisvald væri eðli málsins samkvæmt sér fjandsamlegt. Þegar verkalýðshreyfingin var að verða til var kosningarréttur víða takmarkaður, og kann það að skýra þessa sögu að hluta. Í orði kveðnu hefur verkalýðshreyfingin, m. a. af þessum ástæðum, ævinlega verið fylgjandi frjálsum samningum, þ. e. lágmarksafskiptum ríkisvalds og helst engum afskiptum. Þó hafa hugmyndir um þetta oft orðið nokkuð ruglingslegar, og nægir í því sambandi að vísa til nýlegrar umræðu hér á landi um það, hvort Alþingi skuli lögfesta sættir í þeirri kjaradeilu, sem nú stendur.

En um vinnulöggjafarfrumvarpið á árinu 1938 urðu á þeim tíma miklar deilur og þá fyrst og fremst milli Alþýðublaðsins annars vegar og Þjóðviljans hins vegar. Til upplýsingar er fróðlegt að kynna sér rök, sem færð voru bæði með og á móti þessu frumvarpi til laga.

Í Þjóðviljanum, sem þá var málgagn Kommúnistaflokks Íslands, birtist forustugrein þriðjudaginn 15. febrúar 1938, sem hét **Vinnulöggjöfin.** Þar segir:

„Eitt af því, sem komandi þing ætlar að gleðja íslenska alþýðu með að þessu sinni, er vinnulöggjöf. Á undanförnum árum hefur íhaldið borið fram frumvarp um vinnulöggjöf þing eftir þing. Framsókn hefur nú að síðustu bugast fyrir kröfum íhaldsins og komið með sín frumvörp um vinnulöggjöf. En allar þessar kröfur íhaldsins og Framsóknar hafa strandað á sama skerinu, andstöðu alþýðu. Hins vegar hefur það verið ljóst í nokkuð langan tíma, að Alþýðuflokkurinn var langt frá því að vera óklofinn í málinu. Hinir íhaldssamari leiðtogar Álþýðuflokksins hafa í raun og veru verið fylgjandi vinnulöggjöf. Hins vegar hafa vinstri menn Alþýðuflokksins verið því mótfallnir, að samtök verkalýðsins væru hneppt í fjötra vinnulöggjafar og annarra þvingunarráðstafana. Kommúnistaflokkurinn hefur frá öndverðu verið mótfallinn vinnulöggjöf. Andstaðan gegn vinnulöggjöfinni hefur verið svo sterk innan verkalýðshreyfingarinnar, að á Alþýðusambandsþingi 1936 var það samþykkt, að vinnulöggjöf skyldi aldrei sett án samþykkis verkalýðsfélaganna.

Nú hefur það hins vegar gerst, að hægri foringjar Alþýðuflokksins hafa samið við Framsókn um vinnulöggjöf, sem á að hljóta staðfestingu næsta Alþingis. Hefur plaggi þessu verið laumað út á land, til verkalýðsfélaganna eða manna, sem hægri foringjarnir telja sér trygga innan þeirra. Lítur helst út fyrir að ætlunin sé sú að fá frumvarp þetta samþykkt í félögunum, áður en tími vinnst til þess að ræða málið. A. m. k. er það víst, að frumvarpinu fylgdu úr hlaði góðar fyrirbænir frá meiri hluta sambandsstjórnar og ósk um, að tillögur þessar verði á þennan hátt samþykktar. Munu hægri foringjar Alþýðuflokksins hugsa sér að smjúga ódýrt fram hjá ákvæði Alþýðusambandsþingsins 1936 og halda sig frekar við bókstaf en anda samþykktarinnar.

Því verður að vísu ekki neitað, að tillögur þessar eru á margan veg skárri en tillögur og frumvörp íhaldsins og framsóknarmanna um sama efni. Réttur alþýðunnar og verkamanna er ekki jafnmiskunnarlaust fyrir borð borinn. **Hins vegar verður að líta svo á sem öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans.** (Leturbreyting höfundar).

Hér má t. d. benda á eina staðreynd. Vinnudómur sá, sem komið er á stofn og hefur í frumvarpinu hlotið nafnið „félagsdómur", skal svo skipaður: Einn maður frá Alþýðusambandinu, einn frá Vinnuveitendafélagi Íslands, tveir útnefndir af Hæstarétti og einn af atvinnumálaráðherra. Sýnir þetta e. t. v. betur en allt annað, hve langt er frá því, að **réttur verkamanna sé sá sami og atvinnurekenda, þar sem verkamenn mundu í flestum tilfellum aðeins eiga einn fulltrúa af fimm,** eða hafa a. m. k. enga tryggingu fyrir fleiri fulltrúum.

Þetta er glöggt dæmi þess, hve viðsjárverð lögin eru, þó gengið sé að fullu fram hjá þeirri staðreynd, að **engin jafnréttisákvæði megna að gera réttarstöðu bláfátækra, allslausra verkamanna jafna aðstöðu atvinnurekandans, sem styðst við fjármagn og yfirráð yfir atvinnumöguleikum verkamannanna.** Þetta er svo tvímælalaus aðstöðumunur, að enginn hefur reynt að hnekkja honum af nokkru viti.

Það má að vísu segja, að vinnulöggjöf sé, eins og hver önnur löggjöf, fyrst og fremst komin undir þeirri ríkisstjórn sem á að framkvæma hana. Sé ríkisstjórnin og dómsvaldið í höndum verkalýðsins og alþýðunnar, getur vinnulöggjöf verndað rétt verkamanna gagnvart atvinnurekendum, komið í veg fyrir óþörf og tilefnislaus verkbönn o. s. frv. Sé ríkisstjórnin aftur á móti ekki stjórn alþýðunnar, getur vinnulöggjöf aldrei orðið annað en fjötur um fót verkalýðshreyfingarinnar, verkfæri sem er notað gegn alþýðunni, allri baráttu hennar fyrir bættum hag og auknu frelsi.

Þeirri ríkisstjórn, sem nú fer með völd í landinu, er ekki treystandi til þess að vernda rétt verkalýðsins með vinnulöggjöf. Þvert á móti bendir flest til þess, að þau lög yrðu notuð gegn alþýðunni. Og víst er það, að Jónas frá Hriflu hefur til þess fullan hug að nota vinnulöggjöf frá sjónarmiði atvinnurekandans. Um hitt þarf ekki að tala, hvað verður ofan á, ef íhaldið næði hér völdum eða fengi meiri áhrif á stjórn landsins.

Þess vegna mótmælir verkalýðurinn um allt land vinnulöggjafarfrumvarpi því, sem leggja á fyrir þingið, sem kemur saman í dag. Og með samtökum sínum mun hann hindra allar slíkar lagasetningar.“

Þessi forustugrein í Þjóðviljanum frá 15. febrúar 1938 sýnir einfaldlega, að langur vegur er frá því, að allir hafi verið á eitt sáttir um þá vinnulöggjöf, sem samþykkt var á því ári, og stendur enn með litlum breytingum. Á þeim tíma tókust menn á um vinnulöggjöf svo og það grundvallaratriði, hvort löggjafinn ætti yfirleitt að skipta sér af slíkum efnum. Sama dag segir Þjóðviljinn raunar í fyrirsögn fyrir mikilli grein um þetta mál: „Vinnulöggjöf í vændum. Hafa hægri foringjar í Alþýðuflokknum samið um samþykkt þrælalaga, þvert ofan í ákvörðun Alþýðusambandsþings? Verkalýðssamtökin verða öll að mótmæla.“

Í nefndinni, sem samdi þetta frumvarp, áttu sæti frá Framsóknarflokki þeir Gísli Guðmundsson og Ragnar Ólafsson og frá Alþýðuflokki þeir Sigurjón Á. Ólafsson og Guðmundur Í. Guðmundsson. Á þessum tíma er Alþýðusambandið enn hluti af Alþýðuflokknum og deilurnar um vinnulöggjöfina blönduðust öðrum deilum, sem uppi voru innan Alþýðuflokks og Kommúnistaflokks svo og innan Alþýðusambands Íslands. Stjórn Alþýðusambandsins, sem þá var einvörðungu skipuð Alþýðuflokksmönnum, tók afstöðu með þessu frumvarpi, en öfl innan verkalýðshreyfingarinnar, en þó utan þessa valdakerfis, tóku mjög gjarnan afstöðu gegn og er Þjóðviljinn gleggst dæmi um það.

3. mars 1938 segir Þjóðviljinn á forsíðu frá því, að verkalýðsfélögin mótmæli vinnulöggjöf Sigurjóns Á. Ólafssonar, eins og það er orðað. Þar er greint frá mótmælum víðs vegar að af landinu gegn vinnulöggjöfinni og „gerræði Jóns Baldvinssonar og Co.“ Þessi mótmæli bárust m. a. úr Vestmannaeyjum, frá Stokkseyri og frá Siglufirði.

Um þessar mundir skrifar Björn Franzson grein í Þjóðviljann, sem ber heitið: „Verkamaður eða þræll.“ Þar segir:

„Verkamaður hefur yfirleitt haft frelsi til að **neita** að selja vinnuafl sitt, eins og atvinnurekandi getur neitað að kaupa það. Það er fyrst og fremst **þetta,** sem greinir verkamann auðvaldsþjóðfélagsins frá þrælnum eða hinum ánauðuga bónda. Þetta er í rauninni hið eina jákvæða í afstöðu hans, sem vegið getur að nokkru móti öryggisleysinu. Með því að beita þessum rétti sínum getur verkalýðurinn skapað sér vald, er vegið getur að nokkru á móti valdi yfirstéttarinnar, sem fólgið er í ráðum hennar yfir auðmagninu.

Sé þessi réttur, verkfallsrétturinn, tekinn af verkamanninum er þar með búið að gera þjóðfélagsaðstöðu hans jafna aðstöðu þrælsins. Aðstaða hans er jafnvel orðin enn verri eða því sem öryggisleysinu svarar. **Vinnulöggjöf, sem skerðir verkfallsréttinn, ber því ekki annað samnefni réttara en þrælalöggjöf.**

Það er skiljanlega eitt af aðaláhugamálum yfirstéttarinnar að koma á vinnulöggjöf og taka þannig verkfallsréttinn af hinni vinnandi stétt. Þetta hefur verið gert í löndum fasismans. Og í sumum löndum hins borgaralega lýðræðis, jafnvel Danmörku og Svíþjóð, hefur yfirstéttinni tekist að koma á lögum, sem skerða þennan rétt verkalýðsins að mjög verulegu leyti.

Hér á landi hefur þessu ekki fengist framgengt enn þá vegna andstöðu og stéttvísi hinnar íslensku verkalýðsstéttar. En nú hefur það ótrúlega gerst, að sumir af fulltrúum þeim, sem verkalýðurinn hefur valið sér til að gæta hagsmuna hans á þingi og í öðrum trúnaðarstöðum, hafa í fyrsta sinn tekið upp opinskáa baráttu fyrir vinnulöggjöf, sem afnemur að mestu leyti verkfallsrétt íslenskra verkamanna, og stærsta blað verkalýðsins hérlendis (hér er átt við

Alþýðublaðið) flytur daglega magnaðan áróður fyrir þessu máli þvert ofan í einföldustu og viðurkenndustu grundvallarreglur hinna sósíalistisku kenninga.

Ætla íslenskir verkamenn að una því, að yfirstéttin geri þá að þrælum enn á ný og steypi þeim niður á þjóðfélagsstig hinna herteknu réttleysingja, sem þjáðust hér á landi fyrir 1000 árum?“

Um þessar mundir birtist í Þjóðviljanum forustugrein undir heitinu: „Alþýðublaðið og vinnulöggjöfin.“ Þar segir:

„Verkalýðurinn lætur aldrei taka af sér verkfallsréttinn og mun aldrei gefa Hæstarétti né öðrum útsendurum embættismanna og atvinnurekenda rétt til þess að ráða málum sínum.

Alþýðublaðið hefur undanfarna daga gengið erinda Claessens og Jónasar með því að reyna að sprengja verkalýðshreyfinguna innan frá. Verkalýðurinn hefur svarað þeim skemmdarverkum á viðeigandi hátt, og á sama hátt mun hann svara tilraunum Alþýðublaðsins til þess að rjúfa samtök verkalýðsins með lögum.

Alþýðan réð niðurlögum þrælalöggjafarinnar og er þess albúin að svara öllum árásum á samtakarétt sinn og beita til þess öllum krafti og harðfylgi, sem samtökin eiga yfir að ráða.“

Svo ítarlega hefur verið vitnað til þeirra, sem mótmæltu frumvarpinu um stéttarfélög og vinnudeilur á árinu 1938, til þess að undirstrika, að fjarri fer að skipan þessara mála nú sé meðfæddur eða áunninn réttur, sem fengist hafi vegna þróunar og hefðar. Skipun þessara mála nú er þvert á móti meira en 40 ára gömul löggjöf, og eins og hver önnur löggjöf, þá er hún mannanna verk, gott eða vont eftir atvikum, og enn fremur standast slík verk auðvitað misjafnlega tímans tönn, eins og gengur.

Til þess að tiltaka röksemdir þeirra, sem að frumvarpinu stóðu og það studdu, er vitnað í forustugrein í Alþýðublaðinu 16. febrúar 1938, sem bar heitið: **„Frumvarpið um stéttarfélög og vinnudeilur.“** Þar segir m. a.:

„Alþýðuflokkurinn hefur aldrei verið mótfallinn löggjöf um vinnudeilur eða annarri löggjöf í sjálfu sér. Hann er hlynntur löggjöf, sem er til hagsbóta fyrir verkalýðinn og færir honum aukin réttindi, en hann er mótfallinn hvers konar tilraunum til að skerða réttindi verkalýðssamtakanna. Alþýðuflokkurinn er með öðrum orðum með réttlátri og skynsamri vinnulöggjöf, en á móti ranglátri og skaðlegri vinnulöggjöf.

Fullyrðing Þjóðviljans um að „öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans“, er svo heimskuleg að það þýðir ekki að bjóða neinum viti bornum manni upp á slíka röksemdafærslu.

Vinnulöggjöf sú, sem Eggert Claessen hefur beitt sér fyrir, var sannefnd „þrælalöggjöf“, en það er hin grófasta blekking að vilja telja fólki trú um, að hið sama felist í frumvarpi milliþinganefndarinnar um stéttarfélög og vinnudeilur. Frumvarp Claessens var samsett úr því skaðlegasta úr vinnulöggjöf annarra þjóða. Í frumvarpi milliþinganefndarinnar er tekin frjálslegri og vinsamlegri afstaða en þekkist annars staðar.

Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði um réttindi verkalýðsfélaganna, sem sumpart eru staðfesting á þeim réttindum, sem verkalýðsfélögin hafa barist fyrir frá því fyrsta að fá viðurkennd og hafa smám saman fengist viðurkennd, a. m. k. þau öflugustu þeirra, sumpart réttindi, sem félögunum hefur ekki tekist að fá viðurkennd. Samtakarétturinn er viðurkenndur, verkalýðsfélögin eru viðurkennd sem lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör, rétturinn til að velja trúnaðarmenn í hverri vinnustöð staðfestur og trúnaðarmönnum veitt lögvernd gegn kúgun atvinnurekenda og atvinnurekendum bannað að beita atvinnukúgun við verkamenn sína.

Það má e. t. v. efast um, hversu vel muni takast að fá tryggingu fyrir því, að þessi réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra verði í fullum heiðri haldin, en það er hin ósvífnasta blekking að halda því fram, að slík ákvæði séu sett í þeim tilgangi „að hnekkja samtakamætti alþýðunnar“.“

Síðan segir:

„Tiltæki kommúnista, að reyna að telja verkafólkinu trú um, að hér sé um að ræða svipaða löggjöf og „vinnulöggjöf“ íhaldsins og Claessens, verður ekki nógsamlega fordæmt. Alþýðan mótmælti með réttu einróma kúgunarfrumvarpi íhaldsins um gerðardóm, og hún hefur með fullum rétti stimplað frumvarp Eggerts Claessens og atvinnurekendaklíku hans sem þrælalöggjöf.

Kommúnistar treysta því, að þessi frumvörp hafi gert alla vinnulöggjöf svo hataða af verkalýðnum, að nægilegt sé að stimpla frumvarp milliþinganefndarinnar sem „vinnulöggjöf“ og bannfæra það þar með algerlega. Slík málafærsla er algert vindhögg og dæmir sig sjálf og upphafsmenn hennar. Enginn skyni borinn verkamaður getur haft á móti löggjöf um þessi efni, sem treystir og eykur réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra.

Aðalatriðið er því ekki, hvort frumvarpið feli í sér „vinnulöggjöf“ eða ekki, heldur verða menn að líta á það kalt og rólega, hvort frumvarpið felur í sér réttarbætur fyrir verkalýðinn eða ekki, og fella síðan dóm sinn.“

Á Alþingi urðu harðar umræður um þetta frumvarp, og voru gerðar minni háttar breytingar á tillögum milliþinganefndarinnar, en í öllum aðalatriðum var frumvarpið samþykkt. Þingmenn úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og Bændaflokki voru frumvarpinu hlynntir, svo og þingmenn úr Alþýðuflokki, að undanskildum Héðni Valdimarssyni. Þá ber þess þó að gæta, að klofningur í Alþýðuflokki var á þessum vikum að verða staðreynd. Þingmenn Kommúnistaflokks voru hins vegar andvígir frumvarpinu.

Vilmundur Jónsson, þingmaður Alþýðuflokksins, sagði m. a. í þingræðu um þetta mál:

„Verkfallsrétturinn er á engan hátt lögverndaður. Allur svokallaður „réttur“ til verkfalla er fólginn í því, að þau eru liðin af þeim, sem valdið hafa í þjóðfélaginu — á meðan það verður —, en ekki því að þau séu leyfð. Með verkfallsbrjótum, jafnvel meðlimum þess verkalýðsfélags, sem í verkfalli á, má gera þennan „verkfallsrétt“ að engu. Fyrir venjulegar aðgerðir verkalýðsfélaga til að hindra verkfallsbrot má samkv. hinum íslensku hegningarlögum dæma menn til þungra refsinga og jafnvel til betrunarhúsvinnu.“

Síðar í ræðu sinni sagði Vilmundur Jónsson:

„Það er fyrst að telja, að réttur verkamanna til að stofna verkalýðsfélög og til að vera í verkalýðsfélögum er tvímælalaust viðurkenndur og lögverndaður með 1. gr. frumvarpsins. Hér á eftir verða verkalýðsfélögin ekki aðeins félög, heldur félög, sem hafa löglegan tilgang. Engar hundakúnstir lögfræðinga í dómarasæti geta komist í kringum það.“

Ísleifur Högnason, þingmaður Kommúnistaflokksins, sagði m. a.:

„Ef þetta vinnulöggjafarfrumvarp verður að lögum, markar það tímamót í sögu íslenskrar verkalýðsbaráttu, með því að fyrsta spor er stigið í áttina til þess að gera íslenska verkamenn að þrælum.“

Héðinn Valdimarsson, þingmaður Alþýðuflokksins, var eini þingmaður þess flokks, sem mælti gegn frumvarpinu. Héðinn, sem var þá formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sagði m. a. í umræðum á þingi um þetta mál:

„Nei, þessi vinnulöggjöf er þannig, að ekki er hægt að skoða hana, nema sem beina árás á alþýðusamtökin og steyttan hnefa gegn þeim. Það blómskrúð, sem er sett í réttindakaflann, fölnar fljótt, þegar á að fara að nota það. En tilgangur takmarkananna á réttindum félaganna er lömun þeirra í baráttunni fyrir bættum kjörum alþýðunnar.“

Einar Olgeirsson sagði í umræðum á Alþingi:

„Í öðru lagi er með þessu frumvarpi verið að stofna til ófriðar í landinu. Verkalýðurinn mun verja frelsi sitt. Hann mun ekki virða þræla- og þvingunarlög; hann mun vernda rétt sinn og samtök, fjör sitt og frelsi. Og þeim, sem nú ætla að knýja þessi lög gegnum þingið á móti vilja verkalýðssamtakanna, er best að athuga áður, hvort þeir ætla sér að vera með því að útbúa þann ríkisher, sem Ólafur Thors var að heimta hér á dögunum og tvímælalaust mun þurfa til að framkvæma þessa löggjöf.“

Þessi rúmlega 40 ára gamla umræða er tíunduð svo rækilega hér til þess að undirstrika, að langt er frá því menn væru á eitt sáttir á sínum tíma um í fyrsta lagi réttmæti vinnulöggjafar yfir höfuð að tala og síðan um inntak laga sem samþykkt voru.

Eins og fyrr er vikið að, var þessi vinnulöggjöf samþykkt á meðan formleg tengsl voru á milli Alþýðuflokks og Alþýðusambands. Tveimur árum síðar rofnuðu hins vegar þessi tengsl og alþýðusamtökin urðu að formi til óháð stjórnmálaflokkum. Fljótlega hófust umræður um það, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og utan hennar, að skipulag verkalýðshreyfingarinnar væri bæði stirt og þungt í vöfum og tæki auk þess ekki mið af þeirri öru atvinnuþróun, sem átt hefði sér stað í þjóðfélaginu síðan á frumbýlingsárum verkalýðshreyfingarinnar. Þessi umræða leiddi hins vegar ekki til formlegra tillagna innan launþegahreyfingarinnar sjálfrar fyrr en á árinu 1956. Þá samþykkti 25. þing Alþýðusambands Íslands að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga hugsanlegar breytingar á lögum og skipulagi Alþýðusambands Íslands. Nefndin skyldi ljúka störfum fyrir 25. nóvember 1957.

Á Alþýðusambandsþingi 1958 var samþykkt stefnuyfirlýsing um grundvallaratriði í skipulagsmálum verkalýðshreyfingarinnar, en það var byggt á tillögum frá skipulags- og laganefnd. Stefnuyfirlýsingin er svofelld:

„Allt frá stofnun Alþýðusambandsins 1916, eða í rúma fjóra áratugi hefur sambandið í meginatriðum búið við sama skipulag og í öndverðu var upp tekið, að því er varðar uppbyggingu sambandins í heild og einstakra verkalýðsfélaga.

Á þessu tímabili hafa átt sér stað stórfelldar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar. Nýjar starfsgreinar hafa orðið til, og tækniþróun hefur leitt til gerbreytingar á flestum sviðum atvinnulífs og efnahagsmála.

Verkalýðssamtökin hafa verið í fararbroddi þessarar þróunar, en eigi lagt nægilega rækt við að samhæfa samtökin sjálf þessari þróun, sem öllum hlýtur þó að vera ljóst að er knýjandi nauðsyn. Eigi samtökin að vera fær um að gegna hlutverki sínu og varðveita baráttuhæfni sína, verða þau að samhæfa skipulag sitt breyttum aðstæðum, svo að þau séu á hverjum tíma í samræmi við kröfur þróunarinnar. Hagsmunir heildarinnar verða að sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra starfshópa.

Í fullum skilningi þess, að þróunin krefst sterkra samtaka verkalýðsins, að skipulagskerfið verður að þróast þannig að samheldni verkalýðsins verði sem best nýtt og máttur samtakanna aukinn, samþykkir þingið eftirfarandi:

1. Undirstaðan í uppbyggingu verkalýðssamtakanna skal vera vinnustaðurinn. Verkalýðssamtökin skulu, eftir því sem framkvæmanlegt er, reyna að koma á því skipulagskerfi, að í hverri starfsgrein sé aðeins eitt félag í hverjum bæ, eða á sama stað, og skulu allir á sama vinnustað (verksmiðju, skipi, iðjuveri o. s. frv.) vera í sama starfsgreinafélagi.

Starfsgreinafélag skipar trúnaðarmenn á hverjum vinnustað, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Sé um fleiri sérgreinar að ræða á hverjum vinnustað, skal skipaður trúnaðarmaður fyrir hverja þeirra, og skal tryggja nauðsynlegt samráð milli trúnaðarmanna, þar sem fleiri eru.

Innan sérgreina má leyfa félög hinna ýmsu sérgreina, er ræði sérmál. Félög þessi eru þó aðeins ráðgefandi, þar sem starfsgreinafélagið sjálft fer með ákvörðunarvaldið.

2. Á fámennum stöðum, þar sem atvinnuhættir gera slíkt nauðsynlegt, getur ASÍ ákveðið, að staðurinn skuli teljast einn vinnustaður (þótt um fleiri starfsgreinar sé að ræða) og það skuli því aðeins vera eitt félag.

Miðstjórn ASÍ og skipulagsnefnd er veitt heimild til, í nánu samstarfi við sambandsfélögin, að setja nánari reglur um framkvæmd á þeim grundvallaratriðum, er að framan greinir, og falið að vinna að framgangi þeirrar stefnu í skipulagsmálum verkalýðssamtakanna, sem í samþykkt þessari felst.“

Þessi stefna Alþýðusambands Íslands var síðan ítrekuð á sambandsþingum, bæði árið 1960 og 1962. Í stefnuyfirlýsingunni á þinginu 1960 var fjallað um það, að Alþýðusamband Íslands verði heildarsamtök verkalýðs og samanstandi af landssamböndum starfsgreinafélaga. Þá var sagt, að það skuli, eftir því sem framkvæmanlegt er og hagkvæmt þykir, við það miðað að aðeins eitt samband eigi aðild að hverjum vinnustað. Þá er um það fjallað að í kaupstöðum skuli mynda félag í hverri starfsgrein, ef aðstæður leyfi, og eigi félagið aðild að landssambandi viðkomandi starfsgreina.

Loks var gefin út að tilhlutan Alþýðusambands Íslands á árinu 1960 ítarleg greinargerð og tillögur um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, þar sem þessum hugmyndum var lýst í smáatriðum. Þá skýrslu tók saman milliþinganefnd í laga- og skipulagsmálum Alþýðusambands Íslands, og hún skilaði áliti 4. mars 1960. Þessa nefnd skipuðu Eðvarð Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Tryggvi Helgason, Snorri Jónsson og Óskar Hallgrímsson. Þessi greinargerð er mjög ítarleg, og þar er útfærð í smáatriðum sú hugmynd, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining að því er varðar samninga um kaup og kjör. Þar segir m. a.:

„Með fjölbreyttari atvinnuháttum, stöðugt vaxandi verkaskiptingu og mikilli fjölgun þeirra, er skipa sér undir merki ASÍ, hefur þetta viðhorf gerbreyst. Það skipulagsform, sem í öndverðu gaf verkalýðssamtökunum styrk, er nú að ýmsu leyti orðið veikleiki þeirra og hindrar, að sá styrkur, sem samtökin geta ráðið yfir nýtist. Þetta á við um hreyfinguna í heild, en ekki einstök staðbundin félög."

Síðan segir:

„Með stefnuyfirlýsingu þeirri, sem samþykkt var á 26. þinginu, er því slegið föstu, að horfið skuli frá því skipulagi, sem lýst hefur verið hér að framan, og skipulagsnefnd og miðstjórn falið að vinna að því, að upp verði tekið það skipulag sem grundvallast á vinnustaðnum, þ. e. að allir launþegar á einum og sama vinnustað skuli vera í sama félagi án tillits til starfa eða sérgreina. Hér skiptir því ekki máli, hvort um er að ræða mann, sem vinnur störf, sem í daglegu tali eru nefnd verkamannavinna, eða mann, sem vinnur iðnaðarstörf. Ef þeir vinna báðir á sama vinnustað, skulu þeir samkvæmt þessu vera í sama félagi.

Til þess að skýra þetta nánar skal tekið dæmi:

Hlutafélagið Uggi starfrækir fiskvinnslu í húsum sínum við Sjávarsíðu 303.

Á þessum sama vinnustað starfa menn og konur úr eftirtöldum félögum:

Verkamannafélagið Dagsbrún: verkamenn, vélgæslumenn og bifreiðastjórar.

Verkakvennafélagið Framsókn: verkakonur og starfsstúlkur í eldhúsi og mötuneyti

Félag járniðnaðarmanna: járnsmiðir.

Félag ísl. rafvirkja: rafvirki.

Þessi fjögur félög hafa hvert um sig samning við fyrirtækið um kaup og kjör sinna meðlima og geta hvert um sig sagt upp samningum án samráðs við hin.

Samkvæmt stefnuyfirlýsingunni ætti þetta fólk að vera í sama félagi og félagið að gera einn samning við fyrirtækið. Gengið er út frá því, að sú skylda hvíli á félaginu sem gerir hinn sameiginlega samning, að það tryggi félagsmönnum hvers þessara félaga eigi lakari kjör en þeir höfðu fyrir sameininguna og að jafnan séu eigi lakari kjör á vinnustaðnum en gildandi eru í viðkomandi sérgrein á hverjum tíma."

Síðan segir (og skal þá tekið fram, að þar hefur þessi milliþinganefnd Alþýðusambands Íslands nokkuð aðrar hugmyndir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu hér að framan):

„Þegar talað er um hér að framan að gera einn samning við fyrirtæki, er ekki átt við að nauðsynlegt sé að mynda sérstakt félag fyrir vinnustaðinn." (Í því frumvarpi, sem hér er flutt, er það einmitt lagt til). „Nú getur hagað svo til, að fleiri fyrirtæki séu í sama bæ eða sýslu og hafi sams konar starfrækslu og hf. Uggi. Starfsfólk allra þessara fyrirtækja vinnur sams konar störf, er í sömu starfsgrein og á því allt að vera í sama starfsgreinafélagi, sem gerir heildarsamning við öll fyrirtækin.

Til að skýra þetta nánar skal tekið hér annað dæmi:

Setjum svo, að í Reykjavík séu starfrækt fimm skipafélög, sem gera út 25 kaupskip. Á hverju kaupskipi starfa menn úr Sjómannafélagi Reykjavíkur og 6 kjördæmafélögum. Hvert kaupskip er sérstakur vinnustaður og allir, sem þar starfa, ættu að vera í sama félagi. Menn úr öllum félögum vinna í sömu starfsgrein, þ. e. við siglingar. Hér yrði því um eitt starfsgreinafélag að ræða, sem gerði samning við öll skipafélögin samtímis og fyrir alla sem þar starfa.“

Sú greinargerð um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem hér hefur verið vísað til, er miklum mun ítarlegri en svo, að hér gefist ráðrúm til að rekja hana alla. En í niðurlagsorðum segir m. a.:

„Öllum hugsandi mönnum í verkalýðssamtökunum er ljós nauðsyn þess, að samtökin hagi skipulagi sínu og starfsháttum á hverjum tíma þannig, að afl það, sem þau geta ráðið yfir, nýtist sem best því fólki, sem samtökin skipa til hagsbóta. Ætli verkalýðssamtökin að vera hlutgeng í því þjóðfélagi, sem þannig er mótað, verða þau að aðhæfa sig þeirri þróun, skera af sér vankanta, sem þegar eru í ljós komnir, og byggja skipulag sitt og starfshætti þann veg, að samtökin geti mætt hverjum nýjum viðhorfum með öllum styrk. Hér er ekki nægjanlegt, að samtökin geti aðlagað sig breyttum aðstæðum. Þau þurfa að vera á undan þróuninni, gera sér á hverjum tíma grein fyrir, hvert hún stefnir, og haga viðbrögðum sínum samkvæmt því. Aðeins með þeim hætti geta verkalýðssamtökin tryggt meðlimum sínum rétta hlutdeild í þeim vaxandi framleiðsluverðmætum, sem tækniþróunin á að hafa í för með sér .... Enda þótt slík öfl (þ. e. öfl fjandsamleg verkalýðshreyfingunni) hafi eigi áhrif á innra skipulag samtakanna, má eigi gleyma því, að á löggjafar- og framkvæmdavald geta þau haft áhrif. Og vissulega mætti með löggjafaratriðum sníða skipulagi verkalýðssamtakanna þann stakk, sem þau síst kysu sér. Það er þýðingarlaust og beinlínis stórskaðlegt að loka augunum fyrir því, að á seinni árum geta gerst ýmsir atburðir, sem eru bein afleiðing af núverandi starfsháttum innan samtakanna, sem framkalla háværar kröfur um að vald samtakanna yrði skert. Sumar þessara aðgerða, sem hafa framkallað slíkar kröfur, hafa átt fullan rétt á sér og verið nauðsynlegar. Hinu er hins vegar ekki unnt að neita, að aðrar aðgerðir hafa orkað mjög tvímælis og í nokkrum tilfellum alls ekki samrýmst hagsmunum hreyfingarinnar í heild. Hér sannast sem oftar, að einsdæmin eru verst. Það orkar ekki tvímælis, að það er á valdi samtakanna að ráða bót á slíkum misfellum og hindra þannig, að löggjafinn sjái sig tilneyddan til að hlutast til um þessi mál .... Grundvallarsjónarmið verkalýðssamtakanna hlýtur að vera það að láta hagsmuni heildarinnar sitja í fyrirrúmi fyrir „hagsmunum“ einstakra starfshópa. Með þessi sannindi í huga eiga samtökin sjálf að ráða skipulagsmálum sínum og starfsháttum.“

Það eru liðin rétt 20 ár síðan þessi greinargerð var tekin saman, og þessi stefna var jafnframt yfirlýst stefna launþegasamtakanna. Síðan hefur samt sem áður engin skipulagsbreyting verið gerð á skipulagi samtakanna.

Orðið „starfsgreinafélag“ er notað í þessum lagatexta. Það orð var notað á þingum Alþýðusambands Íslands á sínum tíma svo og í þeim greinargerðum, sem hér hefur verið vísað til, en að vísu í nokkuð öðrum skilningi en lagt er til í þessu frumvarpi til laga. Segja má þó, að það orð kunni að vera nokkuð misvísandi, og skal hér nokkur grein gerð fyrir notkun þess. Talið var æskilegt að halda þessu orði í lagatextanum, m. a. til að undirstrika skyldleika þessa frumvarps við hugmyndir sem áður hafa komið fram hjá Alþýðusambandi Íslands.

Með „starfsgreinafélagi“ er átt við, að **allir þeir, sem vinna að sömu framleiðslu á vöru eða inna af hendi sömu þjónustu og selja vinnu sína til sama vinnukaupanda,** séu saman í starfsgreinafélagi. Starfsgrein er þá skilgreind sem vinna að tiltekinni framleiðslu, óháð því hvaða sérstaka starfi tiltekinn einstaklingur gegnir. Þannig væru allir þeir, sem vinna við flug, að selja vinnu sína einum og sama vinnukaupanda, í sama starfsgreinafélagi, hvort sem þeir

fljúga flugvélum, færa bókhald, vinna við þvotta eða rafvirkjun. Þeir, sem vinna í verksmiðju, hjá skipafélagi eða í stærri verslun, væru þá saman í „starfsgreinafélagi".

Eftir er þá vandi þeirra, sem vinna á minni vinnustöðum. Gert er ráð fyrir því, að þeir séu sem áður í stéttarfélagi, þ. e. fagfélagi, nema samkomulag allra starfsmanna sé um annað.

Þeirri röksemd hefur verið hreyft, að fagmenn, sem vinna sérhæfð störf, en lenda í augljósum minni hluta innan starfsgreinafélags, muni aldrei sætta sig við slíka skipan, enda gangi það gegn hagsmunum þeirra, þeirra réttur verði sem sagt ævinlega fyrir borð borinn í samningum. Þetta eru vissulega veigamikil rök, sem vega þungt. En stéttarfélög munu starfa áfram, sínu fólki til halds og trausts væntanlega. Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og halda kröfum sinnar sérgreinar á lofti. Einnig er á hitt að líta, að í kjarasamningum er samið um lágmarkslaun einungis. Það er ekkert sem bannar fyrirtækjum að borga hærri laun, ef þau svo kjósa og svo meta störf. Í þriðja lagi, ef hagsmunir tiltekins hóps eru gersamlega fyrir borð bornir í kjarasamningum og þar fæst engin leiðrétting, þá má gera ráð fyrir því, að menn fáist síður eða ekki til starfa.

Veigamikil spurning, sem vaknar þegar hugleitt er, hvort Alþingi eigi að skerast í leikinn og gerbreyta vinnulöggjöfinni, er sú, hvort þetta sé yfirleitt í verkahring löggjafarvaldsins. Því er til að svara, að löggjafarvaldið setti þau lög, sem nú eru í gildi, og þeim hefur einnig lítils háttar verið breytt síðan. T. d. var ákvæðum núgildandi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem lutu að sáttasemjara ríkisins, breytt fyrir nokkrum árum. Það er því hefð fyrir því á Íslandi, að þetta sé löggjafarmál. Undir hitt ber að taka, að auðvitað er það æskilegast sem almenn regla að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru kallaðir, komi sér saman um bardagavöll án nokkurra afskipta löggjafans. En litið skal til þess, að þrátt fyrir ótvíræða stefnuyfirlýsingu alþýðusamtakanna og mikla vinnu, sem í hana hefur verið lögð fyrir tveimur áratugum, hefur ekkert gerst í þessum efnum. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé ekki beinlínis skylda löggjafans að grípa inn í, að vera eins konar hvati þess, að þessar breytingar eigi sér stað. Og þegar spurt er hvers vegna, þá er þeirri spurningu raunar að fullu svarað í greinargerð og tillögum um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem áðurnefnd milliþinganefnd tók saman á árinu 1960. Áhersla skal lögð á það, sem þar kemur fram um nauðsyn þess, að launþegasamtök lagi sig að breyttum þjóðfélagsháttum, breytingum í atvinnulífi og tækniframförum, sem vissulega hafa átt sér stað og eiga sér stað. Sögulega og að nafninu til háttar svo, að bæði vinnukaupendur (sem oftar eru nefndir vinnuveitendur) og vinnuseljendur (verkalýðshreyfing) hafa lagt áherslu á, að þeir vilji frjálsræði, sem þýðir afskiptaleysi ríkisvalds. Þá er átt við að ríkisvaldið virði frjálsan samningsrétt, að það hafi ekki með löggjöf eða með öðrum hætti afskipti af því, hvernig kaup og sala á vinnu ganga fyrir sig. Segja má, að í orði kveðnu hafi bæði vinnukaupendur og vinnuseljendur aðhyllst að þessu leytinu frumskógalögmál kapitalismans, en í reynd er þessu raunar allt öðruvísi háttað. Í vaxandi mæli hafa komið til afskipti ríkisvalds með einum eða öðrum hætti, bæði með íhlutun um samninga og núna í seinni tíð með beinni þátttöku í samningamálum. Þegar samið er um fiskverð, eru gerðir „baksamningar" um gengisbreytingar. Vaxandi umræður um félagsmálapakka eru auðvitað ávísun á það, að heildarsamtök launafólks hafa stillt ríkisvaldinu upp við vegg við hliðina á vinnukaupendum og gera kröfur á hendur þeim báðum samtímis, þannig að ætla má, að ef ríkisvaldið veitir stærri félagsmálapakka, t. d. í formi skatta og dagvistunarmála, þá komist vinnukaupendur af með að borga lægri laun. Með þessum hætti er auðvitað ríkisvald, nauðugt eða viljugt, orðið þriðji aðili kjarasamninga. Og bæði verða þessar millifærslur auðvitað ærið ruglingslegar og eins getur verið í raun ógerlegt að meta þær til tekna, þó svo það sé gjarnan gert. **Í þessu frumvarpi til laga er lagt til, að horfið verði frá þessu ríkisafskiptakerfi um kaup og kjör og horfið til baka til þeirrar grundvallarhugmyndar, raunar bæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, að þeir semji beint um kaup og kjör og án milligöngu ríkisvaldsins.**

Á það skal lögð áhersla, að í þessu frumvarpi til laga er raunar gert ráð fyrir því að ganga heldur lengra í þá átt, að vinnustaðirnir séu gerðir að grunneiningu, heldur en gert var ráð fyrir í tillögum Alþýðusambands Íslands fyrir um það bil 20 árum. Þegar frá hafa verið taldir opnberir starfsmenn, sem talið er eðlilegt, að myndi heildarsamtök þar sem þeir vinna hjá einum og sama vinnuseljandanum, samvinnustarfsmenn, sem vinna við sérstakt rekstrarform, bankastarfsmenn, svo og þeir fiskimenn, sem veiða upp á hlut og fá laun sín þess vegna sem hluta af umsömdu fiskverði, þá er gert ráð fyrir því, að sérhverjir starfsmenn, sem vinna á vinnustað, þar sem einn og sami vinnukaupandi kaupir vinnu, gangi saman í félag. Með þessu er gert ráð fyrir því, að laun geti verið misjöfn, jafnvel hjá fyrirtækjum, sem stunda nákvæmlega sömu framleiðslu. Slíkt getur auðvitað verið komið undir afköstum, hagræðingu og tæknibúnaði, svo að nokkuð sé nefnt. Flytjandi þessa frumvarps telur eðlilegt, að hlutdeild starfsfólks sé aukin með þessum hætti og þannig beinlínis tengd afkomu fyrirtækisins. Ef fyrirtækið eykur framleiðslu sína vegna tækniframfara og tækninýjunga, þá er auðvitað eðlilegt, að starfsfólk við þetta fyrirtæki geri auknar kaupkröfur. Það er einnig eðlilegt, að starfsfólk taki þátt í rekstri með þeim hætti t. d., að það hægi á kaupkröfum sínum til þess að gera fyrirtæki kleift að fjárfesta í nýrri og betri vélum, sem þannig skili sér í auknum kaupmætti þegar fram líða stundir. Það kerfi, að sérhvert fyrirtæki sé með þessum hætti samningseining út af fyrir sig, býður upp á miklum mun meiri sveigjanleika heldur en núverandi kerfi heildarsamninga gerir. Hins vegar geta starfsgreinafélög myndað sambönd sín á milli, sem þá gera samninga fyrir alla félagsmenn.

Á tvennt skal þó lögð áhersla. Í þessu lagafrumvarpi er leitast við að hafa eins lítil afskipti af félagsuppbyggingu launþegafélaga og frekast er talinn kostur. Hér er að vísu lagt til, að lögfest verði, að vinnustaðurinn verði grunneining með þeim undantekningum, sem nefndar eru, en að öðru leyti verður það að vera launþegahreyfingarinnar sjálfrar að ákvarða, hvernig félagskerfið er upp byggt. Það félagskerfi, svo og þau félagasamtök, sem fyrir eru, geta auðvitað að öllu leyti starfað áfram eftir því sem félagsmönnum þykir þurfa. Ekki er að sinni tekin afstaða til þess, með hverjum hætti skuli farið með margháttuð hagsmunamál, svo sem lífeyris- og orlofsmál. Hins vegar hlýtur það að vera bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að fagmenn, t. d. í prentiðnaði eða verslun, séu eftir sem áður í stéttarfélögum til að sinna margvíslegum félagsmálum og öðrum þeim málum, sem félagsmenn telja skipta máli. Eins verður það fólk, sem vinnur á vinnustað þar sem færri en 25 vinna, eftir sem áður að skipa sér í stéttarfélög, sem taka þá til margra vinnustaða, eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir gagngert til þess að gæta hagsmuna sinna. Á þessu stigi er talið eðlilegt, að heildarsamtök launafólks hafi forustu um að endurskipuleggja samtök sín, en hagsmuna þessa fólks sé gætt með bestu móti.

Það hefur gerst síðan Alþýðusambandsþing ályktaði í þessa veru á árunum 1956—1962, að beinir samningar fyrirtækis og starfsfólks hafa verið reyndir á nokkrum stöðum og þá fyrst og fremst í svokölluðum stóriðjufyrirtækjum, í verksmiðjunum á Grundartanga og í Straumsvík. Þar hefur þetta fyrirkomulag reynst með ágætum, og á það má leggja áherslu, að þar eru borguð hærri laun en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Og svo virðist sem bæði þeir vinnuseljendur og vinnukaupendur, sem þarna eiga hlut að máli, séu ánægðir með þetta fyrirkomulag og vilji ekki frá því breyta.

Þessar hugmyndir hafa hins vegar oft verið ítarlega ræddar. Nefna má umræðu, sem skráð er í 1. hefti tímaritsins Réttar í árgangi 1976. Í umræðu um verkalýðsmál tjá nokkrir forustumenn í launþegahreyfingunni sig um hugmyndir af þessu tagi.

Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði m. a.:

Næsta þingmál var **frumvarp til laga um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja** sem Alþýðuflokksmennirnir **Jón Þorsteinsson** og **Jón Ármann Héðinsson** fluttu í efri deild Alþingis árið 1970. Því frv. var **vísað til ríkisstjórnarinnar** að fengnum jákvæðum umsögnum ASÍ og SÍS, en neikvæðri frá VSÍ.

Árið 1973 fluttu svo allir þingmenn Alþýðuflokksins undir forustu **Benedikts Gröndals** tillögu til þingsályktunar um að Alþingi ályktí að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnulýðræði þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra. Þessi tillaga var **samþykkt** af Alþingi. 10. ágúst 1973 skipaði svo þáverandi félagsmálaráðherra **Björn Jónsson** nefnd þá sem samþykktin kvað á um. Í nefndinni áttu sæti: Hallgrímur Dalberg, formaður, Baldur Óskarsson, Jón Snorri Þorleifsson og Óskar Hallgrímsson, tilnefndir af ASÍ, Jón H. Bergs og Ólafur Jónsson, tilnefndir af VSÍ, og Skúli Pálmason tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Nefndina rak fljótlega í strand. Hún hélt aðeins tvo bókaða fundi, auk óbókaðra viðræðufunda. Í októbermánuði árið 1973 stakk nefndin sjálfri sér svefnþorn með formlegum hætti og hefur ekki vaknað síðan. Í svari núv. hæstvirts félagsmálaráðherra, Svavars Gestssonar, formanns Alþýðubandalagsins, við fyrirspurn á Alþingi í fyrra kom fram að þrátt fyrir endurvakinn áhuga flokks hans á málinu hafði honum hvorki tekist að vekja nefndina né málið í heild. Aðalástæðan virðist vera tregða vinnuveitenda, sem vilja alfarið gera málið að samningsatriði í tengslum við kaup og kjör, en einnig virðist áhugi landssamtaka launþega á málinu lengi vel hafa verið meiri í orði en á borði. Allt ént virðist reynsla okkar Íslendinga vera sú hin sama og flestra annarra þjóða, eins og fram kemur í ítarlegri skýrslu um atvinnulýðræði sem lögð var fyrir breska þingið árið 1977 (Report of the Committee of Inquiry on Industrial Democracy, presented to Parliament by the Secretary of State for Trade by Command of Her Majesty January 1977). Í skýrslu þessari kemur fram sú reynsla allra þjóða, þar sem launþegar hafa með einhverjum hætti öðlast meðákvörðunarrétt í atvinnulífinu, að slíkt hefur aldrei getað gerst fyrir tilverknað frjálsra samninga í tengslum við kaup og kjör, heldur hefur ávallt þurft að koma til atbeini löggjafarvalds. Í skýrslunni kemur einnig fram það samdóma álit forsvarsmanna atvinnufyrirtækja og launafólks, að eftir að sú breyting hefur verið gerð hafa menn sammælst um að hún hafi reynst til mikilla bóta bæði fyrir atvinnulífið í heild, fyrirtækin og starfsfólkið. Er vakin sérstök athygli á því, að þetta er einnig álit stjórnenda atvinnufyrirtækja.

Vegna þessarar stöðu, sem ljós var orðin fyrir allmörgum árum, brugðu þingmenn Alþýðuflokksins á það ráð árið 1977, á 98. löggjafarþinginu, að flytja mjög ítarlegt **frumvarp til laga um atvinnulýðræði** og var **Sighvatur Björgvinsson** fyrsti flm. Það frv. var mjög svipað því sem hér er flutt, en miklum mun ítarlegra og nákvæmara í smáatriðum um framkvæmd. Með frv. fylgdi mjög yfirgripsmikil greinargerð um stöðu þessara mála í nálægum löndum, rök með og móti atvinnulýðræði og sögu málsins hér á Íslandi. Er vísað í þá greinargerð til frekari upplýsinga, en frv. var flutt á þskj. 315. Málið hlaut ekki afgreiðslu.

Meginefni frv. var endurflutt árið eftir af sömu flm., en þá hver kafli þess sem sjálfstætt þingmál. Ekkert þeirra frumvarpa hlaut afgreiðslu.

Frv. það, sem hér er flutt, er að meginefni til hið sama og frv. frá 1977. Það hefur þó verið aðlagað nýrri hlutafélagalöggjöf, sem samþykkt var á Alþingi 12. maí 1978 (lög nr. 32), auk þess sem hið upphaflega frv. hefur verið stytt og einfaldað. Ástæðan fyrir endurflutningi nú er m. a. sú, að Alþýðubandalagið, sem á umliðnum árum hefur verið á báðum

áttum í afstöðu til aðildar starfsfólks að stjórn atvinnufyrirtækja, hefur nú lýst sig fylgjandi málinu og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem fylgdi bráðabirgðalögum hennar frá því í ágúst s. l., er m. a. vikið að því, að ríkisstjórnin muni athuga um framgang slíks máls. Tími slíkra athugana er löngu liðinn og löngu kominn tími framkvæmda. Því er rétt og eðlilegt að þingmál um framkvæmd atvinnulýðræðis sé lagt fram á Alþingi og látið reyna á raunverulegan vilja þingmanna og þingflokka til að koma málinu frá með því að afgreiða frumvarpið breytt eða óbreytt.

„Vilji er allt, sem þarf."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Nánari ákvæði um hverja telja beri starfsmenn í þessu tilviki eru í 3. gr. og 7. gr. og er miðað þar við meðalfjölda starfsmanna næstliðin 3 ár.

Við 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 3. gr.

Sérákvæði eru í frv. um Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðjuna, sjá V. og VI. kafla.

Við 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Sjá þó samþykkt 34. þings ASÍ, sem fylgir í sérstöku skjali, þar sem bent er á hvaða áhrifaaðstöðu verði að tryggja starfsfólki í hverjum vinnustað.

Við 6. gr.

Hér er aðeins lagt til að gerð verði breyting á 2. mgr. 47. gr. laga um hlutafélög til þess að heimila að í stjórn slíks félags geti setið fulltrúar kjörnir af starfsfólki. Breytingin er viðbót, sbr. auðkenndu orðin. Annað er óbreytt.

Við 7. gr.

Þetta er meginbreytingin sem lögð er til að gerð verði á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978. Hún felur í sér að aftan við IX. kafla, um félagsstjórn o. fl., komi sérstakur kafli um aðild starfsfólks að stjórn hlutafélaga. Lagt er til að í kafla þessum verði 6 lagagreinar. Í þeirri fyrstu (63. gr.) er kveðið á um í hvaða tilvikum starfsfólk öðlist rétt til þess að kjósa fulltrúa í stjórn hlutafélags, hvaða aðilar (meiri hluti starfsmanna eða viðkomandi verkalýðsfélög) geti krafist að sá réttur verði nýttur, hvenær slík krafa verði að koma fram og hvernig hlutafélagið skuli bregðast við kröfunni.

Í 64. gr. er fjallað um skipun kjörnefndar sem á að stjórna og framkvæma kosningar á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags. Síðar (í 68. gr.) er ákvæði um að félagsmálaráðherra geti sett í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni og verksvið kjörnefnda en gert er í frv., og felur það ákvæði í sér að ef ágreiningur verður um starf kjörnefndar geti ráðherra úrskurðað. Annars er við það miðað, að kjörnefnd geti sjálf sett sér starfsreglur innan ramma laga og hugsanlegrar reglugerðar og geti þær starfsreglur verið breytilegar eftir aðstæðum og þörfum innan hvers fyrirtækis.

Í 65. gr. eru ákvæði um kosningarrétt og kjörgengi starfsmanna. Í 66. gr. er fjallað um réttindi stjórnarmanna úr röðum starfsfólks sem skulu vera hin sömu og annarra stjórnarmanna og kjörtímabil hið sama. Í 67. gr. eru m. a. ákvæði um hvernig unnt sé að fella niður kosningu á fulltrúum starfsfólks í stjórn hlutafélags, og þarf þá til að koma bæði beiðni meiri hluta starfsmanna og samþykki viðkomandi verkalýðsfélaga.

Við 8. gr.

Breytingin, sem lagt er til að gerð verði á 20. gr. laga um samvinnufélög, er aðeins í því fólgin, að orðalagsbreytingar eru gerðar á greininni sem heimila að fulltrúar starfsfólks geti tekið sæti í stjórninni.

Við 9. gr.

Sambærilegar breytingar varðandi samvinnusambönd og fjallað er um varðandi samvinnufélög í 8. gr.

Við 10. gr.

Þetta er meginbreytingin sem lögð er til að gerð verði á lögum um samvinnufélög, nr. 46/1937. Í greininni er lagt til að aftan við VI. kafla þeirra laga komi nýr kafli með 6 lagagreinum og fjalli kaflinn um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.

Þessar nýju lagagreinar eru efnislega samhljóða hinum nýju lagagreinum sem í 7. gr. frv. er lagt til að bæta inn í hlutafélagalögin í sérstökum kafla. Skýringar við 7. gr. eiga því jafnframt við um meginefni 10. gr.

Við 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal

34. þing ASÍ.

Ályktun um atvinnulýðræði.

34. þing ASÍ ítrekar þá stefnumörkun varðandi vald og ábyrgð sem felst í stefnuyfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, en þar segir:

Vald og ábyrgð.

Alþýðusamband Íslands vill:

— efla þjóðfélagsvald verkalýðsstéttarinnar,
— koma á lýðræði í atvinnulífinu,
— byggja upp efnahagslýðræði, m. a. með því að samfélagið stjórni mikilvægustu fjármálastofnunum og öðrum stofnunum sem veita almenna þjónustu.

— efla heilbrigðan og lýðræðislega uppbyggðan samvinnurekstur og þá sérstaklega samvinnufélög neytenda, einnig annan þann atvinnurekstur sem byggir á almannaeign fyrirtækja,
— afnema einkaeignarrétt að því leyti sem hann hindrar þróun lýðræðis og hagkvæma og skipulega nýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar.

Krafan um lýðræði í atvinnulífinu er einn þáttur þeirrar viðleitni verkalýðshreyfingarinnar að færa lýðræðisleg stjórnarform til fleiri þátta þjóðlífsins, auka áhrif og völd verkafólks í atvinnulífinu almennt, en ekki síst á það umhverfi sem hverjum og einum stendur næst, þ. á m. eigin vinnustað. Verkalýðshreyfingin lítur á lýðræði á vinnustað sem andsvar gegn þeim vélrænu samfélagsháttum, sem nú einkennast af einhliða stjórnun „að ofan", og sem þátt í baráttu gegn skriffinnskuvaldi og þvingunum gegn einstaklingunum og þörf þeirra til að finna tilgang og lífsnautn í störfum sínum.

Lýðræði í atvinnulífinu, í fyrirtækjum og á vinnustað, er jafnframt skilyrði fyrir hraðari þróun atvinnuveganna, sem er þjóðfélagsleg nauðsyn ef þjóðin á að halda efnalega til jafns við aðrar þjóðir, því raunveruleg áhrif, völd og ábyrgð verkafólksins geta ein leyst úr læðingi þá miklu hæfileika sem það býr yfir í krafti þekkingar sinnar og atgervis til þess að auka og bæta framleiðslu og efla atvinnuvegina og atvinnulífið.

Verkalýðshreyfingin mun á komandi árum leggja sérstaka áherslu á baráttuna fyrir lýðræði í atvinnulífinu á öllum sviðum: Á einstökum vinnustöðum, í kjarasamningum, á löggjafarsviðinu og á sviði fræðslumála. Þessi barátta beinist að því að knýja fram áhrifa- og ákvörðunarrétt verkafólksins sjálfs með breyttum stjórnunarháttum á öllum stigum, allt frá aðbúnaði og stjórn á sjálfum vinnustaðnum til yfirstjórnar fyrirtækjanna. Á hverju stigi baráttunnar þarf að koma til víðtæk umræða meðal verkafólksins og fræðsla af hálfu samtakanna um eðli nauðsynlegra breytinga og þjálfun þess til þess að geta tekist á hendur ábyrgð, sem auknum áhrifum og valdi fylgir.

Lýðræði í atvinnulífinu er þáttur þess almennt aukna efnahagslega lýðræðis, sem verkalýðshreyfingin hefur að markmiði. Hún lítur á það sem sjálfsagt réttlætismál og mannréttindi, að þeim auði, sem myndast í þjóðfélaginu af daglegri vinnu verkafólksins, sé stjórnað og ráðstafað af því sjálfu, ýmist beint með áhrifavöldum í fyrirtækjum og á vinnustað eða gegnum lýðræðislegar valdastofnanir þjóðfélagsins.

Verkalýðshreyfingin ítrekar margyfirlýstan stuðning sinn við heilbrigðan samvinnurekstur, svo sem við verslunarsamvinnufélög neytenda og framleiðslusamvinnufélög, og telur mikilsvert að félagar í verkalýðssamtökunum taki sem virkastan þátt í starfsemi þeirra og enn fremur að verkalýðssamtökin og samvinnuhreyfingin vinni saman að hagsmunamálum neytenda.

Einstaklingsseignarrétturinn má aldrei verða hindrun fyrir þróun þeirra lýðræðislegu markmiða, sem verkalýðshreyfingin berst fyrir, né heldur má hann hindra skipulega og þjóðfélagslega hagkvæma nýtingu náttúruauðlinda eða réttláta skiptingu þess auðs, sem myndast í þjóðfélaginu.

34. þing ASÍ leggur áherslu á þá kröfu, að á næstu árum verði knúið á um aukin áhrif og völd verkafólks í atvinnulífinu. Í því sambandi minnir 34. þing ASÍ á eftirfarandi atriði:

1. Verkalýðssamtökin fái aðstöðu til áhrifa á stefnumótun stjórnvalda strax á frumstigi og jafnframt á framkvæmd stefnunnar stig af stigi.
2. Verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað fái skilyrðislausan aðgang að öllum upplýsingum um stöðu fyrirtækjanna og framtíðaráform þeirra.
3. Verkalýðssamtökunum og starfsfólkinu á hverjum vinnustað verði tryggð aðstaða til áhrifa á þær ákvarðanir sem teknar eru í fyrirtækjunum um breytingar á starfsfyrirkomulagi og rekstri fyrirtækjanna og uppbyggingu nýrra vinnustaða.

4. Verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað fái aðstöðu til áhrifa á stefnu fyrirtækjanna varðandi starfsmannahald og að atvinnuöryggi, einkum eldri starfsmanna, verði betur tryggt en nú er.
5. Verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað nýti til fulls þann rétt til áhrifa á vinnuverndarmálin, sem fæst með nýsamþykktum lögum um næstu áramót, og sýni í verki að þau séu þess umkomin að nýta sér þessa aðstöðu og axla þá ábyrgð sem henni fylgir.

34. þing ASÍ bendir á að starfshætti verkalýðssamtakanna verður að taka til endurskoðunar með það fyrir augum að þau séu betur í stakk búin til þess að takast á við þau verkefni sem hér er fjallað um. Heildarsamtökin verða að auka þjónustu sína við félagseiningarnar, og meiri áherslu verður að leggja á starfið á vinnustöðum og aukið samstarf þeirra verkalýðsfélaga sem hlut eiga að máli á hverjum stað. Stóraukna áherslu verður að leggja á menntun og á að bæta starfsaðstöðu þeirra sem gegna trúnaðarstörfum.

Við hvaða verkefni er fengist og hvernig framkvæmd atvinnulýðræðis verður í einstökum atriðum verður ekki ákveðið í eitt skipti fyrir öll. Nánari útfærsla hlýtur að vera í höndum miðstjórnar og samninganefnda.

Athugasemdir.

1.

Kaupmáttur og félagsleg aðstaða launafólks verður ekki alfarið ákveðin í kjarasamningum í hinu margbrotna nútímaþjóðfélagi. Hinar ýmsu opinberu aðgerðir ráða úrslitum í því, hver verður þróun kaupmáttar, hvert atvinnuástand við búum við og hvað gerist með félagslega þjónustu. Kjarabaráttan hefur alla tíð tekið mið af þessari staðreynd og verkalýðssamtökin hafa leitast við að samtvinna baráttu sína á öllum sviðum. Verkalýðssamtökunum er nauðsynlegt að fá aðstöðu til áhrifa á stefnumótun stjórnvalda svo og framkvæmd stefnunnar. Strax við fyrsta undirbúning aðgerða, sérstaklega hvað snertir atvinnumál og efnahagsmál almennt, er brýnt að samtökin geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Til þess að gefa verkalýðssamtökunum áhrifaaðstöðu þarf að verða gjörbylting á upplýsingastreymi stjórnvalda til samtakanna og viðhorfi þeirra til virkrar aðildar verkalýðssamtakanna að vinnslu mála á frumstigi.

Í eitt ár hefur verið í gildi reglugerð um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum, en hún er sett á grundvelli Ólafslaga. Sú reglugerð gerir ráð fyrir að forsætisráðuneytið hafi frumkvæði að ársfjórðungslegum samráðsfundum ríkisstjórnar og hinna einstöku samtaka og að skipaðar séu samstarfsnefndir um einstaka málaflokka. Ekkert frumkvæði hefur verið haft að reglubundnu samráði af þessu tagi og því engin reynsla af því, hvernig hún hentar okkar þörfum. Almennt er ekkert samráð haft við samtökin við undirbúning stefnumótunar til langs tíma í atvinnumálum, svo sem iðnaðarmálum, sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum. Sama gildir þegar verið er að fjalla um lausn tímabundinna vandamála, t. d. vanda fiskvinnslunnar.

Við undirbúning félagslegrar löggjafar er sjaldnast haft samráð við samtökin á frumstigi, nema frumkvæðið að viðkomandi lagasetningu sé komið frá samtökunum. T. d. hefur sú endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga, sem nú hefur starfað um hríð, ekkert samband haft við Alþýðusambandið. Almennt má segja að Alþingi sé eini aðili sem leitar álits Alþýðusambandsins og þá almennt þannig að umsagnar um lagafrumvörp sé óskað innan fárra daga.

Innan samtakanna þarf að ræða með hvaða hætti verkalýðssamtökin geti aflað sér aðstöðu til áhrifa á stefnumótun og starf stjórnvalda. Hvernig fást fullnægjandi upplýsingar, hvernig verður sjónarmiðum komið á framfæri og að hve mikilli ákvörðunaraðild vilja samtökin stefna?

2., 3. og 4.

Áhrifum verður ekki náð nema skilyrðislaus aðgangur fáist að öllum upplýsingum um stöðu einstakra fyrirtækja og fyrirætlanir þeirra. Mikilvægt er að upplýsingaskylda fyrirtækisins afmarkist ekki við einhvern einn fulltrúa starfsfólks með þagnarskyldu gagnvart félögum sínum. Sú skylda verður að hvíla á atvinnurekanda að hann veiti allar upplýsingar og hafi frumkvæði að viðræðum við fulltrúa starfsfólks og verkalýðsfélaganna, sem hlut eiga að máli, áður en ákvarðanir um breytingar eru teknar. Af slíkum atriðum má nefna: aukin umsvif, samdrátt í rekstri, lokun fyrirtækis, sölu fyrirtækis, starfsfyrirkomulag, verkefni fyrirtækisins og einstakra deilda, starfsaðferðir, ráðningarreglur, menntun starfsfólks, fyrirkomulag vinnutíma, hönnun og innréttingu vinnusala og húsnæðismál. Sérstaka áherslu verður að leggja á að rætt sé fyrir fram um hagnýtingu nýrrar tækni og verkafólki tryggt neitunarvald í því samhengi (sjá drög að ályktun um tölvumál). Tryggja verður óskertan aðgang að öllum upplýsingum um fjármál fyrirtækisins og þar með aðgang að bókhaldi þess. Fyrirtækinu verður að vera skylt að veita þá aðstoð sem farið er fram á varðandi skýrslugerð.

Ræða þarf innan samtakanna hvort æskilegt sé að starfsfólk og/eða verkalýðsfélögin fái fulltrúa í stjórnir fyrirtækjanna og þá hvort þeir fulltrúar skuli hafa atkvæðisrétt um öll mál eða e. t. v. engin. Minna verður á að í flestum fyrirtækjum starfar fólk innan fleiri en eins verkalýðsfélags og því er nauðsynlegt að finna leiðir til samskipta milli starfsfólksins og félaganna í þessu samhengi. Trúnaðarmenn hinna einstöku félaga gætu myndað trúnaðarmannaráð, og kjósa mætti aðaltrúnaðarmann sem stýrði því ráði. Ræða þarf hvort aðaltrúnaðarmaður ætti að vera stjórnarmaður jafnframt eða verkin að skiptast á fleiri aðila, ef um stjórnaraðild er að ræða, en tryggja þarf samhengi í störfum trúnaðarmanna, stjórnarfulltrúa og verkalýðsfélaga. Ræða þarf hvort stjórnarfulltrúi skuli miðla upplýsingum, einhver samstarfsnefnd fá upplýsingarnar eða fundur alls starfsfólks. Eflaust mætti fara allar þessar leiðir samhliða. Á sama hátt þarf að ræða hvaða atriði samtökin óska eftir að fá áhrif á og þá hvaða aðili skuli fara með ákvarðanir. Ef auka á lýðræði á vinnustöðum er fleira mikilvægt en að fá fulltrúa í stjórnir og nefndir. Stjórnunarháttum verður að breyta þannig að hver einstaklingur fái beinni áhrif á starfsumhverfi sitt og vinnutilhögun og þau verkefni sem hann fæst við.

Jafnvel þótt stjórnarfulltrúar hefðu ekki atkvæðisrétt eða samstarfsnefndir ákvörðunarvald tækju fulltrúar starfsfólks og/eða verkalýðsfélag á sig ákveðna ábyrgð umfram það sem nú er. Hvernig skal meta upplýsingar og bregðast við þeim? Til þess að svara slíkum spurningum þarf starfsaðstöðu og yfirsýn og jafnvel sérfræðilega aðstoð. Það sama gildir ef hafa á frumkvæði að tillögugerð. Verkalýðssamtökin yrðu mjög að auka þjónustu sína og efla menntun þeirra sem trúnaðarstörfum gegna. Á stærri vinnustöðum er væntanlega brýnni nauðsyn á kerfisbundnum aðgerðum til þess að tryggja aukið lýðræði. Því er rökrétt að leggja sérstaka áherslu á starfið á þeim vinnustöðum, á það að koma upp öflugu trúnaðarmannakerfi og samstarfi þeirra verkalýðsfélaga sem um er að ræða.

Mikið vantar á að atvinnuöryggi sé fullnægjandi. Verkalýðssamtökin verða að leggja áherslu á að allar breytingar á vinnumarkaðinum verði með skipulegum hætti og tillit sé tekið til félagslegra aðstæðna. Gera verður kröfu til þess, að uppsagnir starfsmanna séu efnislega rökstuddar og sé starfsfólki fækkað njóti þeir, sem eru eldri og með lengstan starfsaldur í fyrirtækinu, forgangs til áframhaldandi starfs og endurráðningar ef samdrátturinn reynist tímabundinn. Varðandi uppsagnir þarf að lengja viðvörunartímann, einkum ef um fjöldauppsagnir er að ræða, svo stjórnvöldum og verkalýðssamtökum gefist tími til viðræðna og gagnráðstafana.

Upplýsingaskyldu og samstarfsform má knýja fram með samningum og/eða lögum eftir atvikum. Ræða þarf hvaða leiðir skuli fara.

5.

Hin nýsamþykkta löggjöf um vinnuvernd gefur starfsfólki og verkalýðssamtökum nýja möguleika til þess að ná úrbótum í vinnuverndarmálum. Löggjöfin leggur jafnframt starfsfólki og samtökum nýjar skyldur á herðar. Þá áhrifaaðstöðu, sem þessi lög veita, verður að nýta. Starfsfólk verður að vera virkir þátttakendur í því starfi, sem vinna á, og samtökin að veita upplýsingar og fræðslu. Nú þegar hefur verið ákveðið að gefa út fræðslurit um efni hinna nýju laga og hin nýju verkefni starfsfólks og samtakanna. Um vinnuverndarmálin er nánar fjallað í drögum að ályktun um vinnuverndarmál.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um Jarðboranir ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Ríkið starfrækir fyrirtæki er nefnist Jarðboranir ríkisins. Skal það rekið sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Jarðboranir ríkisins heyra undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Jarðborana ríkisins er að eiga og reka jarðbora til notkunar við rannsóknir á orkulindum landsins og við vinnslu á orku úr jörðu. Þeim er heimilt að bora í öðru skyni, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Vegna náinna starfstengsla jarðborana og rannsókna til undirbúnings borun, meðan á henni stendur og að henni lokinni, skal dagleg starfsemi Jarðborana ríkisins fara fram í nánum tengslum við Orkustofnun.

4. gr.

Jarðboranir ríkisins framkvæma boranir samkvæmt beiðni Orkustofnunar eða annarra aðila, sem þess óska, enda komi full greiðsla fyrir.

Gerður skal verksamningur fyrir hvert verkefni, sem Jarðboranir ríkisins taka að sér. Skal gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem Jarðboranir ríkisins inna af hendi, ákveðin með hliðsjón af því, að tekjur af borunum standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði fyrirtækisins miðað við eðlilegan afskriftatíma.

Ráðherra skal staðfesta gjaldskrá Jarðborana ríkisins.

5. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Jarðborana ríkisins og aðra fasta starfsmenn fyrirtækisins að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Aðra starfsmenn ræður framkvæmdastjóri.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi Jarðborana ríkisins.

7. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveim síðustu þingum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt óbreytt nema að því er varðar ákvæði um gildistöku. Áður fylgdi frumvarpinu eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til orkulaga og leiðir af breytingum sem þar er gert ráð fyrir að verði gerðar á hlutverki Orkustofnunar.

Meginbreytingarnar, sem frumvarp þetta felur í sér frá gildandi lögum, eru, að

1) Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins, eins og verið hefur, heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum framkvæmdastjóra, sem ráðherra skipar,
2) ný ákvæði eru sett um starfshætti fyrirtækisins.

Rétt þykir að hafa sérlög um Jarðboranir ríkisins í stað þess að fjallað sé um slíkt fyrirtæki í almennum orkulögum, svo sem verið hefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða frá gildandi lögum, að fellt er niður ákvæði um að ráðherra feli Orkustofnun eða öðrum aðila að annast rekstur fyrirtækisins.

Um 2. gr.

Hér er nánar og skýrar kveðið á um hlutverk og verkefni Jarðborana ríkisins en gert er í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um starfshætti Jarðborana ríkisins, sem leiðir af því, að hér er um að ræða verktakafyrirtæki. Verksamning ber að gera, hvert svo sem verkefnið er og fyrir hvaða aðila sem unnið er, Orkustofnun sem aðra.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 11. Frumvarp til orkulaga. [11. mál]

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

I. KAFLI
Yfirstjórn og stefnumótun.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með orkumál, hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr.

Meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar skulu sett fram í sérstakri orkumálaáætlun, er tekur til 10 ára tímabils hið minnsta. Ráðherra leggur slíka áætlun fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögu, og skal áætlunin endurskoðuð á fjögurra ára fresti, eða oftar ef ráðherra þykir tilefni til.

Í orkumálaáætlun skal gerð grein fyrir orkunotkun þjóðarinnar á áætlunartímabilinu, nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi orkugjafa og verðlagningu á orku. Í áætluninni skal í megindráttum gerð grein fyrir fjármagnsþörf á tímabilinu, bæði til fjárfestingar í orkumannvirkjum, til rekstrar þeirra og til innflutnings á orkugjöfum. Þar skal enn fremur rekja önnur þau atriði, er máli skipta við ákvarðanatöku um áætlunina.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framvindu orkumálaáætlunar.

II. KAFLI
Orkuráð og orkumálastjóri.

3. gr.

Orkuráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu ráðsmanna.

4. gr.

Hlutverk Orkuráðs er að hafa á hendi stjórn Orkustofnunar og Orkusjóðs.

5. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar og setur honum erindisbréf. Nefnist hann orkumálastjóri. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri Orkusjóðs. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í greinum, er máli skipta fyrir starf hans, eða hafa sambærilega menntun.

III. KAFLI
Orkustofnun.

6. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er að

1. annast gerð orkumálaáætlunar í samvinnu við aðra aðila, er vinna að áætlunargerð í orkumálum, og vera ráðherra til ráðuneytis um stefnumótun, sbr. 2. gr.;

2. annast rannsóknir á orkulindum landsins, þ. e. vatnsorku, jarðhita og öðrum orkulindum á íslensku yfirráðasvæði, sem til greina þykir koma að nýta, eðli þeirra og skilyrðum til nýtingar, og á leiðum til að tryggja að þær komi orkubúskap þjóðarinnar að sem bestum notum;
3. rannsaka, með hverjum hætti innfluttir orkugjafar verði hagnýttir í orkubúskap þjóðarinnar með sem mestri hagkvæmni;
4. annast rannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar, svo sem orkuþörf og leiðum til að mæta henni, þar með talið möguleikum til orkusparnaðar;
5. stuðla að samvinnu allra aðila, sem að orkumálum starfa, og vinna að samræmingu í rannsóknum, framkvæmdum og rekstri á sviði orkumála;
6. hafa eftirlit með jarðhitasvæðum og jarðhitavirkjum til varnar gegn hættu og tjóni af þeim;
7. hafa umsjón með öllum fallvötnum og jarðhitasvæðum í eign ríkisins;
8. gefa út rit með skýrslum og upplýsingum um orkubúskap þjóðarinnar svo og að annast tengsl við almenning með fræðslu- og upplýsingastarfsemi um orkumál og málefni orkuiðnaðarins í landinu;
9. láta einstökum aðilum, sem þess óska, í té leiðbeiningar og upplýsingar um orkumál, gegn hæfilegu endurgjaldi.

7. gr.

Orkustofnun starfar í þrem deildum: vatnsorkudeild, jarðhitadeild og skrifstofu- og hagdeild.

8. gr.

Ráðherra ræður fasta starfsmenn Orkustofnunar að fengnum tillögum orkumálastjóra.

9. gr.

Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar.

IV. KAFLI

Orkusjóður.

10. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans.

11. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmum orkubúskap og nýtingu orkulinda Íslands með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir og rannsóknir á sviði orkumála.

12. gr.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs er:

a. Vextir og afborganir af lánum sjóðsins.
b. Fé það, sem veitt er í fjárlögum, þar sem tekið sé tillit til orkumálaáætlunar.
c. Endurgreiddur kostnaður af rannsóknum, jarðhitaleit og annarri veittri þjónustu Orkustofnunar.
d. Lán, sem sjóðurinn tekur til starfsemi sinnar.

13. gr.

Heimilt er að veita lán úr Orkusjóði sem hér segir:

1. Til orkuveitna vegna framkvæmda.
2. Til aðila vegna leitar að jarðhita með jarðborunum og öðrum aðferðum.

3. Til einstaklinga vegna rafstöðva og hagnýtingar jarðvarma til einkanota, sem samveitum er ekki ætlað að ná til.

14. gr.

Heimilt er að veita af fjárveitingum, er sjóðurinn hlýtur í því skyni, styrk til framkvæmda á sviði orkumála í strjálbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að framkvæmdin geti ekki borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga. Styrkinn skal veita sem stofntillag er má nema allt að þeirri fjárhæð, sem stofnkostnaður er umfram það er framkvæmdin getur staðið undir.

15. gr.

Orkuráð ákveður lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði.

Orkuráð gerir árlega tillögu um fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Enn fremur gerir Orkuráð tillögur um ráðstöfun stofntillaga til rafveitna í strjálbýli, sbr. 14. gr.

16. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánskjör Orkusjóðs.

17. gr.

Orkusjóður skal vera í vörslu Seðlabanka Íslands, sem hefur á hendi daglega afgreiðslu, innheimtu, bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Orkusjóðs fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá Orkuráði til samþykktar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

18. gr.

Ef ráðist er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerðum á vegum Orkustofnunar, skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hafist er handa um hagnýtingu framkvæmdanna.

Endurgreiðsluskylda lántaka skv. 2. tl. 13. gr. fellur niður, ef enginn árangur næst við leitina.

19. gr.

Orkusjóður getur falið Orkustofnun að hafa eftirlit með þeim framkvæmdum, sem sjóðurinn veitir fé til. Er þá skylt að láta stofnuninni fyrir fram í té fullnægjandi upplýsingar um hið fyrirhugaða verk og gefa henni kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins, er hún telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins, ef út af er brugðið.

V. KAFLI

Orkuveitur.

20. gr.

Orkuveita er hvert það fyrirtæki, er annast orkuvinnslu og dreifingu orku til almenningsannað hvort eða hvort tveggja, óháð því hver orkugjafi eða orkutegund er. Sé orkutegundin raforka nefnist veitan rafveita. Sé orkutegundin hitaorka í heitu vatni eða gufu nefnist veitan hitaveita. Sá hluti rafveitu, er einungis annast orkuvinnslu, nefnist raforkuver, en annist rafveitan einungis dreifingu nefnist hún dreifiveita.

Orkuveita starfar samkvæmt sérlögum eða einkaleyfi.

21. gr.

Til þess að reisa og reka raforkuver 5 MW eða stærra þarf lagaheimild.

Til að reisa og reka raforkuver 1—5 MW þarf leyfi ráðherra. Umsóknir skulu sendar ráðherra, ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða orkuvers. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega.

22. gr.

Ráðherra getur veitt orkuveitu einkaleyfi til dreifingar og sölu á tilteknu svæði um tiltekið tímabil, að fenginni umsögn Orkustofnunar og viðkomandi sveitarfélaga. Veitingu einkaleyfis skal ráðherra binda þeim skilyrðum, er nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda, svo og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu orkunnar.

23. gr.

Áður en einkaleyfi er veitt auglýsir ráðherra þrisvar í Lögbirtingablaðinu fyrirhugaða ákvörðun um veitingu einkaleyfisins og um mörk orkuveitusvæðisins.

Eigi einhverjir aðilar orkuveitu á hinu auglýsta orkuveitusvæði, samkvæmt 1. mgr., skulu þeir skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda rekstri hennar áfram. Leyfi ráðherra áframhaldandi starfsemi ákveður hann jafnframt svæðismörk slíkrar orkuveitu. Slíkt leyfi veitir viðkomandi aðilum engan frekari rétt en þeir höfðu áður.

24. gr.

Orkuveitu, sem hlotið hefur einkaleyfi skv. 22. gr., er skylt að selja orku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

25. gr.

Um orkuveitu, sem hlotið hefur einkaleyfi skv. 22. gr., skal ráðherra setja reglugerð samkvæmt tillögu stjórnar orkuveitunnar. Í reglugerðinni skulu m. a. vera ákvæði um stjórn og rekstur veitunnar, veitusvæði hennar, söluskilmála, löggildingu verktaka og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

26. gr.

Gjald fyrir orku frá orkuveitu, sem hlotið hefur einkaleyfi skv. 22. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt stofngjald. Gjaldskrá skal endurskoðuð eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

27. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar sem leiðslur orkuveitu verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur, eru skyldir til að láta af hendi land, landsafnot og mannvirki, sem þarf til að flytja og dreifa orku. Þeim er einnig skylt að þola jarðefnatöku svo og eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur orkuveitunnar kann að hafa í för með sér. Fullar bætur komi fyrir skv. mati, ef samkomulag næst ekki.

VI. KAFLI
Orkuvinnsla.

28. gr.

Það er hlutverk Landsvirkjunar að reisa og reka raforkuver. Landshlutafyrirtækjum er það heimilt í viðkomandi landshlutum.

29. gr.

Það er hlutverk sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra að reisa og reka orkuver hitaveitna, þar sem hagkvæmt þykir að þeirra mati, sbr. 40. gr.

30. gr.

Eigendur raforkuvera 5 MW og stærri og stofnlínukerfis landsins með 132 kV spennu og hærri skulu mynda Samvirkjunarráð, er skal vera vettvangur samvinnu þessara aðila.

Skal Samvirkjunarráð skipað einum manni frá hverju orkufyrirtæki, nema Landsvirkjun skal hafa jafnmarga menn og hinir eru til samans.

31. gr.

Hlutverk Samvirkjunarráðs er að

a. samræma framkvæmdir á sviði orkuvinnslu með tilliti til staðsetningar, stærðar og tímasetningar nýrra virkjana, svo að tryggi sem best hagkvæmni og öryggi fyrir landsmenn;
b. gera tillögur til ráðherra um einstakar virkjunarframkvæmdir og um það, hvaða orkufyrirtæki skuli ætlað að reisa og reka einstök ný orkuver;
c. samræma framkvæmdir við stofnlínukerfið með tilliti til samrekstrar orkuveranna;
d. annast gerð orkumálaáætlunar í samvinnu við Orkustofnun, sbr. 2. gr. og 1. tl. 6. gr.;
e. semja álitsgerðir um lagafrumvörp um virkjunarframkvæmdir;
f. gera tillögur um gjaldskrá samkvæmt 35. gr.

32. gr.

Heimilt er að afhenda til eignar raforkuver Rafmagnsveitna ríkisins öðrum orkufyrirtækjum með þeim skilmálum, sem um semst.

33. gr.

Heimilt er að afhenda Landsvirkjun til eignar stofnlínur með 132 kV spennu, sem ríkið hefur látið byggja. Þessar stofnlínur skulu þá afhentar með þeim skilmálum, sem um semst.

34. gr.

Landsvirkjun skal hafa á hendi samrekstur raforkuvera landsins.

35. gr.

Raforka frá stofnlínukerfi landsins skal seld orkuveitum frá tilteknum úttaksstöðvum. Ráðherra ákveður gjaldskrá að fengnum tillögum Samvirkjunarráðs.

36. gr.

Ráðherra setur reglugerð um Samvirkjunarráð, samkvæmt tillögum ráðsins.

VII. KAFLI

Orkudreifing.

37. gr.

Dreifiveitur raforku skulu vera í eigu sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra, þar sem við verður komið. Að öðrum kosti getur ríkið átt aðild að dreifingunni með sveitarfélögum.

38. gr.

Stærð og mörk hverrar dreifiveitu samkvæmt 37. gr. skulu miðast við að sem mestri hagkvæmni verði náð.

39. gr.

Heimilt er að afhenda dreifiveitum samkvæmt 37. gr. til eignar dreifikerfi og tilheyrandi eignir Rafmagnsveitna ríkisins á viðkomandi svæði með þeim skilmálum, sem um semst, enda miðist þeir við að fullnægt verði ákvæðum 37. og 38. gr.

40. gr.

Vinnsla á heitu vatni úr jörð eða í sérstökum kyndistöðvum, dreifing þess og sala til almennra nota er verkefni sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra. Þar sem henta þykir geta sveitarfélög eða sameignarfélög þeirra keypt heitt vatn frá jarðhitavinnsluvirkjum, eldsneytisorkuverum eða iðnfyrirtækjum í eigu annarra, í stað þess að vinna það sjálf.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

41. gr.

Matsgerðir samkvæmt lögum þessum skulu dómkvaddir menn framkvæma. Um matsgerðir fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, nema annað sé fram tekið í lögum þessum.

42. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva afhendingu rafmagns og hitaorku, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu fyrir þau á settum gjalddaga.

43. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

44. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skal setja í reglugerð, þar á meðal ákvæði um skyldur einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til að láta Orkustofnun í té skýrslur um atriði, er orkumál varða og Orkustofnun þarf á að halda til að geta sinnt hlutverki sínu, og um skyldu til samningsgerðar um samrekstur orkuvera, þar sem tveir eða fleiri aðilar annast vinnslu raforku inn á sameiginlegt kerfi.

45. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

46. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin orkulög, nr. 58 29. apríl 1967, svo og lög nr. 84 9. maí 1972 og nr. 51 25. apríl 1973, um breytingar á þeim lögum, nema III. kafli um vinnslu jarðhita, VII. kafli um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirkni og eftirlit með þeim og IX. kafli um Rafmagnsveitur ríkisins.

47. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveim síðustu þingum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú enn endurflutt óbreytt nema að því er varðar ákvæði um gildistöku, auk þess sem fylgiskjölum III og IV er bætt við. Áður fylgdi frumvarpinu eftirfarandi greinargerð:

Á undanförnum árum hefur verið mikil umræða um skipulag orkumála. Er það ekki að ófyrirsynju. Mikilvægi þessara mála fyrir þjóðarbúskapinn í bráð og lengd orkar ekki tvímælis, og ör þróun, breytt viðhorf og nýjar þarfir kalla nú á skipulag við hæfi og trausta yfirstjórn orkumála. Hér er lagt til að þessu markmiði verði náð með setningu nýrra orkulaga.

Í janúar 1977 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, nefnd til að endurskoða orkulög og gera tillögur um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála. Nefnd þessi skilaði tillögum sínum í október 1978. Samt hafa enn ekki verið sett ný orkulög. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er að stofni til það sama sem nefnd þessi gerði tillögu um. Hins vegar eru frávik í tveimur veigamiklum atriðum, þar sem er skipulag raforkuvinnslunnar og hlutverk og skipulag Orkustofnunar. Í nefndinni var ágreiningur um skipulag raforkuvinnslunnar og var skilað tveim tillögum um það efni, en í þessu frumvarpi er að finna aðra þeirra.

Frumvarp það til orkulaga, sem hér er lagt fram, mótast af víðfeðmi þess viðfangsefnis sem hér er við að fást. Samt greinast nýmæli frumvarpsins í þrjá meginþætti. Er þar um að ræða nýmæli, sem varða rannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra, nýmæli í skipulagi orkuvinnslunnar og dreifingu orkunnar og nýmæli er varða hlutverk og skipulag Orkustofnunar og Orkuráðs.

Það hefur verið hlutverk Orkustofnunar að annast þann þátt orkumálanna, sem við kemur rannsóknum og skyldum viðfangsefnum. Verður að telja grundvallaratriði í framkvæmd orkumálanna, að þau verkefni, sem Orkustofnun er falið að sjá um, fari vel úr hendi. Hér er því mest um vert að Orkustofnun hafi sem best tök á að gegna sínu mikilvæga hlutverki. Þær tillögur, sem varða Orkustofnun, miða því í meginatriðum að því að

1. styrkja stjórnun stofnunarinnar;
2. hnitmiða verksvið stofnunarinnar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum;
3. efla áhrifavald stofnunarinnar og þátt hennar í heildarstjórn orkumálanna.

Með tilliti til þessa er lagt til að Orkustofnun sé fengin þingkjörin stjórn á þann veg, að Orkuráði sé ætlað það verkefni auk þess að hafa með höndum stjórn Orkusjóðs svo sem nú er. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að sú starfsemi, sem nú heyrir undir Orkustofnun í einu eða öðru formi, en varðar ekki meginhlutverk stofnunarinnar, verði fengin öðrum aðilum í hendur. Hins vegar er Orkustofnun fengið í hendur veigamikið verkefni við gerð orkumálaáætlunar, sem lagt er til að lögð sé fyrir Alþingi og gegna á mikilvægu hlutverki við stefnumótun í orkumálum.

Tillögur frumvarpsins, sem varða orkuvinnslu og orkudreifingu, hafa það meginmarkmið, að komið verði við mestri hagkvæmni í framkvæmdum og rekstri í orkubúskap þjóðarinnar. Tilgangurinn með því er að stuðla að sem bestri hagnýtingu orkulinda landsins, svo að fullnægt verði orkuþörf með innlendum orkugjöfum og við sem lægstu og jöfnustu orkuverði um allt land. Varðar mestu að skipulag raforkuvinnslunnar sé miðað að þessum markmiðum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að meginraforkuvinnslan verði á hendi eins fyrirtækis, þar sem er Landsvirkjun. Jafnframt er svo ráð fyrir gert, að sjálfstæð orkufyrirtæki í hinum einstöku landshlutum geti einnig annast orkuvinnslu, eftir því sem efni standa til.

Heildarstjórn raforkuvinnslunnar er komið á fót í formi samvinnu, sem fyrirtækjunum, er hafa á hendi orkuvinnslu, er gert að hafa. Samvinna þessi lýtur að skipulegri yfirstjórn, er varðar byggingu orkuvera og samrekstur þeirra. Reglur um þetta efni mótast mjög af þeirri sérstöðu Landsvirkjunar að bera ægishjálm yfir öll orkuvinnslufyrirtæki landsins. Er og staða Landsvirkjunar mjög efld frá því, sem verið hefur, með því að henni er ætlað að gegna aðalhlutverki í yfirstjórn raforkuvinnslunnar, svo sem fram kemur í reglunum um

1. skipun Samvirkjunarráðs,
2. eignaraðild að stofnlínum og
3. samrekstur orkuveranna.

Samkvæmt frumvarpinu er reiknað með að fyrirtæki sveitarfélaga eða sameignarfélög ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga hafi á hendi raforkudreifingu og rekstur hitaveitna hvert í sínu umdæmi. Er þá gert ráð fyrir að þessi landshlutafyrirtæki geti einnig annast raforkuvinnslu.

Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um skipulag eða form landshlutafyrirtækja né heldur um að þau skuli sett á fót. Leiðir það af eðli málsins. Þátttaka sveitarfélaga í landshlutafyrirtækjum þýðir að þau verða ekki stofnuð nema að vilja þeirra. Enn fremur hljóta viðkomandi sveitarfélög að hafa um það að segja, hvernig fer um eignaraðild, hlutverk, stjórnun og almenna uppbyggingu hvers landshlutafyrirtækis. Slík fyrirtæki geta því orðið með mismunandi móti eftir aðstæðum og viðhorfum í hinum einstöku landshlutum. Þess vegna er ekki unnt að setja almenn ákvæði í lög, sem kveða á um þessi efni. Það ber og að hafa í huga, að hvert landshlutafyrirtæki fyrir sig hlýtur að vera stofnað með sérlögum.

Gert er ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins verði lagðar niður jafnóðum og aðstæður leyfa. Leiðir þetta af því, að rétt þykir, svo sem áður greinir, að landshlutafyrirtæki hafi á hendi raforkudreifinguna. Verður þá ekki ástæða til að halda áfram rekstri Rafmagnsveitna ríkisins til orkuvinnslu, þar sem önnur orkufyrirtæki með aðild ríkisins verði fær um slíkt. Með tilliti til þessa er ríkisstjórninni veitt heimild til að láta af hendi eignir Rafmagnsveitna ríkisins til annarra orkufyrirtækja í landinu með þeim skilmálum, sem um semst. Framkvæmd þessa fer fyrst og fremst eftir því, hvort landshlutafyrirtækjum eða sveitarfélögum verði gert kleift að taka við eignum Rafmagnsveitna ríkisins í viðkomandi landshluta. Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins getur hvergi orðið lögð niður, nema þar sem tryggt er að fyrir hendi sé annar aðili fær um að halda uppi þeirri þjónustu, sem um er að ræða. Þess vegna verður þetta fyrirtæki ekki lagt niður í einum áfanga, heldur smám saman, eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá eru ákvæði um ráðstöfun og afhendingu á þeim 132 kV stofnlínum, sem ríkið hefur látið byggja. Lagt er til, að þessar stofnlínur verði í eigu Landsvirkjunar. Þá er og gert ráð fyrir að skilmálar um afhendingu þessara eigna verði við það miðaðir, að unnt sé að selja raforku frá stofnlínukerfinu samkvæmt einni gjaldskrá.

Þó að uppistaða sumra kafla í þessu frumvarpi, sem hér er lagt fram, sé úr orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, er þar um veigamiklar breytingar að ræða. Þannig er I. kafli frumvarpsins, sem kveður á um stefnumótun, algjört nýmæli. Veigamiklar breytingar eru og í II., III. og IV. kafla frumvarpsins, sem fjalla um Orkuráð og orkumálastjóra, Orkustofnun og Orkusjóð. Þá er um nýsmíði að ræða þar sem er V. kafli frumvarpsins, sem kveður á um orkuveitur. Þó er þar ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða. En í þessum kafla frumvarpsins eru samræmd og felld saman ákvæði um héraðsveitur og hitaveitur sem er að finna í IV. og V. kafla gildandi laga. Í VI. kafla er um að ræða nýmæli, er varða skipulag orkuvinnslunnar. Þá er VII. kafli frumvarpsins nýmæli um skipulag orkudreifingar. Almennu ákvæðin í VIII. kafla frumvarpsins eru aftur á móti hliðstæð og samsvarandi ákvæði í gildandi lögum.

Í frumvarpi þessu er ekki að finna þá kafla í gildandi lögum, sem fjalla um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirkja og eftirlit með þeim. Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að orkulög nr. 58 frá 29. apríl 1967 falli úr gildi, en þó ekki III. og VII. kafli laganna sem um þetta fjalla. Þykir betur fara á að hafa sérlög um þessi efni en ákvæði um þau í almennum orkulögum.

Í þessu frumvarpi er ekki að finna ákvæði um Rafmagnsveitur ríkisins nema sem varða afhendingu á raforkuverum og dreifikerfi fyrirtækisins. Með því að gert er ráð fyrir að

starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins verði lögð niður eftir því sem aðstæður leyfa, þykir ekki ástæða til að breyta gildandi lögum um það fyrirtæki. Samkvæmt frumvarpi þessu heldur því IX. kafli orkulaganna frá 1967 um Rafmagnsveitur ríkisins gildi sínu.

Í frumvarpi þessu er ekki heldur að finna ákvæði sem varða Jarðboranir ríkisins og samsvara VIII. kafla núgildandi orkulaga. Er gert ráð fyrir að Jarðboranir ríkisins verði teknar undan rekstrarstjórn Orkustofnunar. Samhliða þessu frumvarpi er því flutt sérstakt frumvarp um Jarðboranir ríkisins, er felur í sér þær breytingar sem af þessu leiðir. Þykir betur fara á því að hafa sérlög um þessi efni heldur en að kveða á um þau í almennum orkulögum.

Meginbreytingar og nýmæli, sem felast í frumvarpi þessu, eru eftirfarandi:

1. Langtímaáætlun skal gerð um orkubúskap þjóðarinnar, til tíu ára hið minnsta, og skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framvindu áætlunarinnar.
2. Eigendur raforkuvera skulu koma á fót Samvirkjunarráði er fari með heildarstjórn raforkuvinnslunnar.
3. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun hafi á hendi orkuvinnslu, þar sem landshlutafyrirtæki koma ekki til greina, en landshlutafyrirtæki geti hvert á sínu veitusvæði reist og rekið orkuver.
4. Heimilt verði að afhenda raforkuver og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins til annarra orkufyrirtækja.
5. Heimilt verði að fela Landsvirkjun eignarráð á þeim stofnlínum sem ríkið hefur þegar látið byggja, þ. e. Norðurlínu, Austurlínu og Vesturlínu.
6. Gjaldskrá fyrir raforkusölu verði hin sama á öllum útsölustöðum stofnlínukerfisins.
7. Orkuráð skal skipað sjö mönnum í stað fimm, sem verið hafa, og sjö varamönnum, sem engir hafa verið.
8. Orkuráð skal hafa á hendi stjórn Orkustofnunar auk Orkusjóðs.
9. Jarðboranir ríkisins eru teknar undan rekstrarstjórn Orkustofnunar.
10. Orkustofnun er leyst undan því hlutverki að annast hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neysluvatnsleitar.
11. Tækninefnd Orkustofnunar er lögð niður.
12. Orkustofnun er falið sérstaklega að vinna að orkusparnaði.
13. Orkustofnun er falið sérstaklega að uppfræða almenning um orkumál.
14. Orkusjóður verði efldur eftir því sem með þarf til að tryggja framkvæmd orkumálaáætlunar.
15. Orkusjóði er fengin almenn heimild til að veita orkuveitum lán til hitaveituframkvæmda.
16. Orkusjóði er heimilað að veita einstaklingum lán til hitaveituframkvæmda.
17. Orkuráð tekur ákvarðanir um lánveitingar úr Orkusjóði í stað tillögugerðar til ráðherra.
18. Rýmkaðar eru heimildir til að reisa raforkuver án leyfis stjórnvalda.

Frumvarpi þessu fylgja eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Orkuiðnaður á Íslandi — saga og þróun, núverandi staða, framtíðarhorfur.
II. Raforkuiðnaður á Norðurlöndum.
III. Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun.
IV. Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða nýmæli í orkulögum, þar sem gert er ráð fyrir að meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar verði sett fram í sérstakri orkumálaáætlun til langs tíma. Með tilliti til reynslunnar má halda því fram, að á fáum eða engum sviðum opinberra fjármála sé þörfin brýnni fyrir vandaðan undirbúning ákvarðanatöku en í orkumálum, og kemur þar einnig til, að einstakar orkuframkvæmdir eru oft mjög fjárfrekar. Löggjafinn hefur áður talið ástæðu til að ákveða slíka málsmeðferð um einstaka mikilvæga málaflokka, svo sem vegamál, hafnamál og raunar einnig framkvæmdir á sviði heilbrigðismála. Þar sem einstakir áfangar orkumálaframkvæmda eru einatt mjög umfangsmiklir þykir rétt að miða hér við 10 ára áætlunartímabil, en með hliðsjón af óstöðugleika íslensks efnahagslífs þykir jafnsjálfsagt að gera ráð fyrir að breytingar aðstæðna krefjist endurskoðunar á áætluninni á fjögurra ára fresti eða oftar.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun og virkjunaraðilar vinni saman að gerð orkumálaáætlunar í umboði ráðherra. Þetta eru þeir aðilar, sem ætlað er að hafa á hendi þau verkefni er mestu skipta um framtíðarstefnumörkun á þessu sviði. Að sjálfsögðu yrði leitað til annarra aðila við gerð áætlunarinnar, eftir því sem aðstæður gæfu tilefni til. Sérstaklega er gert ráð fyrir að gætt sé samræmis milli orkumálaáætlunar og annarrar áætlunargerðar til langs tíma á vegum ríkisins.

Orkumálaáætluninni er ætlað að setja fram leiðir til þess að fullnægja skynsamlegri orkunotkun þjóðarinnar á áætlunartímabilinu á sem hagkvæmastan hátt og gera í því sambandi grein fyrir nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi á orkugjöfum og verðlagningu á orku. Þá skal í áætluninni sett fram fjármagnsþörf á áætlunartímabilinu og gerð grein fyrir því, hvernig staðið skuli undir fjármagnsútgjöldum, þ. e. afborgunum og vöxtum af lánsfé.

Um 3. gr.

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaðar.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs."

Það er á valdi hvers og eins þingmanns að meta og vega á hvern hátt þessari þingsályktunartillögu hefur verið fylgt eftir.

Skýringar við einstaka töluliði.

1. töluliður:

Þar segir, að stefnt skuli að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.

Þessi stefna byggist á því grundvallaratriði, að rekstrareiningar nái að þróast í þá stærð, sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi.

Það er öllum mönnum ljóst, sem eitthvað fást við flugmál á Íslandi, að millilandaflugið og aðalflugleiðir innanlands eru ekki til skiptanna, ef unnt á að vera að bjóða öruggar flugsamgöngur. Þetta hefur verið sannað með margvíslegum rökum, sem ekki verður hnekkt. Þá er þessi stefna staðfest er stjórnvöld beita sér fyrir sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða árið 1973. Í bréfi samgönguráðherra, dags. 25. júní 1973, kemur þessi stefna mjög skýrt fram, en þar segir orðrétt:

„Ráðuneytið vitnar til þess, sem fram hefur komið varðandi réttindi nýs sameinaðs flugfélags, ef stofnað verður, í viðræðum þeim um samvinnu eða sameiningu Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., sem staðið hafa yfir frá því seint í nóvember s. l. ár, með þátttöku trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, og sem nú eru komnar á lokastig.

Sjónarmið flugfélaganna um þessi atriði eru dregin saman í 6. lið bréfs stjórnarformanns Loftleiða, dags. 30. f. m., til ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins, sem hefur stjórnað umræddum viðræðum.

Ráðuneytinu virðist að einkum sé um eftirgreinda þrjá þætti réttinda til flugstarfsemi að ræða, sem óskað er staðfestingar ráðuneytisins á, að nýtt sameinað félag myndi njóta:

1) Hið sameinaða félag fái einkarétt á öllu áætlunarflugi til útlanda.
2) Hið sameinaða félag fái sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.
3) Hið sameinaða félag fái forgangsrétt til leiguflugs til og frá útlöndum, eftir því sem við verður komið.

Ad. 1:

Ráðuneytið minnir á, að Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. hafa annaðhvort eða bæði allt frá því fyrsta verið tilnefnd af Íslands hálfu til að njóta þeira réttinda, sem Ísland hefur haft, samkvæmt loftferðasamningum við önnur ríki (designated airlines), hafi félögin viljað starfrækja flug á viðkomandi flugleiðum.

Telur ráðuneytið ekki neina ástæðu til að gera ráð fyrir að breyting verði á þessari stefnu, þótt yfirstjórn félaganna verði sameinuð, nema síður sé. Ráðuneytið minnir á, að opinber stjórnvöld hafa átt frumkvæði að sameiningartilraunum flugfélaganna, og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú, að sameinað flugfélag, eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs, á erlendum flugleiðum, sem Ísland hefur samkvæmt loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta.

Ad. 2:

Í liðlega 20 ár hefur framkvæmd sérleyfisveitinga til innanlandsflugs verið sú, að Flugfélag Íslands hf. hefur fengið sérleyfi eða flugleyfi án sérleyfis til reglubundins áætlunarflugs á þeim innanlandsleiðum, sem það hefur sótt um. Þannig voru Flugfélagi Íslands hf. síðast veitt, hinn 27. október 1970, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á 12 flugleiðum innanlands og leyfi til reglubundins áætlunarflugs, án sérleyfis, á 11 öðrum innanlandsleiðum, allt eins og sótt var um af hálfu félagsins 1. september 1970. Leyfi þessi gilda til ársloka 1975, en samkvæmt VII. kafla loftferðalaga, nr. 34/1964, sbr. 85. gr., skal veita slík leyfi „um tiltekinn tíma“ og hefur í framkvæmd verið miðað við fimm ár.

Ekki er sjáanleg nein ástæða til að vænta hér breytinga þótt yfirstjórn Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. verði sameinuð.

Hins vegar er rétt að benda á, að ráðuneytið hefur veitt eða gefið öðrum flugfélögum fyrirheit um veitingu sérleyfa á nokkrum flugleiðum, sem ekki geta talist með „aðalflugleiðum", samkvæmt meðmælum heimamanna og flugráðs, enda hefur þá verið um að ræða þjónustu, sem Flugfélag Íslands hf. ekki hafði hug á að starfrækja.

Ad. 3:

Augljóst er, að það er ekki á valdi ráðuneytisins, miðað við gildandi viðskiptahætti, að gefa félaginu fyrirheit um „forgangsrétt" til leiguflugs til eða frá Íslandi, þar sem slíkt flug byggist á samningum flytjanda og skipuleggjanda ferðar.

Í viðræðum við fulltrúa flugfélaganna hefur hins vegar komið fram, að átt sé við, að félagið geti notið umræddra viðskipta „að öðru jöfnu", og mun ráðuneytið að sjálfsögðu stuðla að því, eftir því sem í þess valdi stendur.

Einnig er upplýst, að þess er vænst, að ráðuneytið hagi leyfisveitingum til leiguflugs á þeim leiðum, sem íslensk flugfélög fljúga reglulega, þannig að ekki komi tilfinnanlega við hagsmuni þeirra. Um þetta efni gildir nú reglugerð nr. 107/1972, um komu, brottför og yfirflug flugfara í millilandaflugi yfir íslensk yfirráðasvæði.

Er ráðuneytið reiðubúið til að taka til athugunar óskir nýs sameinaðs flugfélags um breytingar á téðum reglum, til að tryggja rekstursgrundvöll áætlunarflugs til og frá Íslandi.

Ráðuneytið væntir þess að framangreindar skýringar séu fullnægjandi en er að öðru leyti reiðubúið til viðræðna við fulltrúa fyrirhugaðs sameinaðs félags. Þar sem ráðuneytið telur sameiningu félaganna mikilsvert skref til að tryggja samgöngur Íslendinga, bæði innanlands og við önnur lönd, mun það að sjálfsögðu leggja sig fram til að koma til móts við sanngjörn sjónarmið sameinaðs flugfélags, til að tryggja því nægileg viðfangsefni og sem traustastan rekstrargrundvöll.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson."

Hér fer ekki á milli mála, hver grundvallarstefna ráðuneytisins er, enda var efnt til sameiningar félaganna þar eð samkeppni þeirra var talin valda báðum félögunum tjóni og auðvitað þjóðarbúinu í heild. Ástæðurnar eru augljósar og eru auðvitað í fullu gildi enn í dag, þótt svo slysalega hafi tekist til, að núverandi samgönguráðherra hafi efnt til samkeppni flugfélaga, sem forverar hans reyndu að koma í veg fyrir. Nánar verður fjallað um þetta atriði við framsögu málsins.

2. tölulið:

Í 2. tölulið segir, að öðrum flugfélögum verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsyn krefur, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða, er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.

Um þennan lið má segja, að um hann gildi mörg af þeim rökum, er fram koma í skýringum við 1. tölulið. Hér gildir það, að rekstrareiningar í innanlandsflugi geti orðið það stórar að unnt reynist að halda uppi öruggu og reglulegu flugi með góðum flugvélum á fjölförnustu leiðum. Vart þarf að minnast á nauðsyn eðlilegrar endurnýjunar flugflotans, en af ýmsum ástæðum, og þá m. a. rangri verðlagsstefnu, hefur ekki reynst unnt að endurnýja innanlandsflugflotann eins og æskilegt hefði verið.

Um nokkurra ára skeið hafa lítil flugfélög haldið uppi áætlunarflugi innan landsfjórðunga. Forustumenn þeirra félaga hafa sýnt fádæma dugnað og gjörbreytt öllum samgöngum til einangraðra byggðarlaga. Þeir hafa hins vegar fengið lítinn stuðning til að halda rekstr-

inum gangandi, þegar illar hefur árað. Þetta flug er mikilvægt og lífsnauðsynlegt. Hið opinbera verður að veita þessu flugi meiri stuðning en nú er, en binda svo um hnúta að ekki skarist aðalflugleiðir og þær, sem litlu flugfélögin hafa annast.

3. tölulið:

Í 3. tölulið segir, að verðlagningu fargjalda á innanlandsflugleiðum verði að gera raunhæfa til að tryggja það, að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.

Áður hefur verið á það minnst, að röng verðlagsstefna í fargjaldamálum hafi komið í veg fyrir að þessi endurnýjun gæti átt sér stað.

Umtalsverður hallarekstur á innanlandsflugi, svo og öðru flugi, hlýtur fyrr eða síðar að hafa þær afleiðingar, að allt viðhald verður dýrara og óhagkvæmara eftir því sem flugvélarnar verða eldri. Þetta er hættuleg stefna í flugi, þar sem mikið ríður á að flugvélakostur sé sem fullkomnastur og að tafir verði ekki óeðlilega miklar vegna tíðra bilana. Þetta er einnig, að mati flutningsmanna, umtalsvert öryggisatriði.

4. tölulið:

Í 4. tölulið segir, að ekkert flugfélag skuli hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.

Þessi tölulið þarfnast ekki margra skýringa. Í honum er kveðið svo á, að ferðaskrifstofum og öðrum þeim aðilum, sem skipuleggja hópferðir, sé heimilt að semja við hvert það flugfélag, er best kjör býður, svo fremi að flugfélagið uppfylli allar kröfur um öryggisreglur. Þess verði hins vegar gætt, að leiguflug verði aldrei í beinni samkeppni við almennt áætlunarflug.

5. tölulið:

Í 5. tölulið segir, að stefnt skuli að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi. Nokkrar ríkisstjórnir hafa haft þetta mál á stefnuskrá sinni og íslenskir flugvirkjar hafa barist fyrir framgangi þess. Talsvert hefur miðað áleiðis.

Í september á síðasta ári gerði stjórn og trúnaðarráð Flugvirkjafélags Íslands eftirfarandi ályktun.

„Flugvirkjafélag Íslands hefur barist fyrir undanfarin ár, og eytt til þess mikilli vinnu og fé, að viðhald flugflota Flugleiða, ásamt fylgihlutum, sé unnið hérlendis af Íslendingum. Nú hefur starf þetta loks borið þann árangur, að mikið af þeirri vinnu, er áður var unnin erlendis, er nú gerð hér á landi. Samfara þessu hefur flugvirkjum því verið fjölgað hjá Flugleiðum meðan öðru starfsfólki hefur fækkað.

Núverandi ríkisstjórn á þakkir skilið fyrir mikinn og eindreginn stuðning í máli þessu. Þess vegna væri miður, ef allt þetta væri unnið fyrir gýg, vegna hugsanlegs samdráttar Flugleiða af samkeppnisástæðum. Með fullri virðingu fyrir Arnarflugi hf., þá hefur F.V.F.Í. ekki trú á að það ráði til sín marga flugvirkja, þótt umsvif þess aukist, og má nefna hér að þótt flugkostur Arnarflugs hafi aukist að undanförnu, þá hefur félagsmönnum F.V.F.Í. verið sagt upp störfum þar, og hafa samskipti F.V.F.Í. og Arnarflugs frekar einkennst af erjum en hitt, vegna þessara mála og annarra. Arnarflug rekur nú þrjár stórar flugvélar erlendis og er allt viðhald þeirra og skoðanir í höndum útlendinga og ekki mikið atvinnuskapandi fyrir íslenska flugvirkja. Samt eru vélar þessar skrásettar hérlendis. Það má einnig geta þess, að Íscargo hf. fékk leyfi til áætlunarflugs til Amsterdam, og er það flogið með erlendri leiguflugvél, sem ekki skapar mikla atvinnu fyrir Íslendinga, hvorki flugvirkja né áhafnir.

Að lokum má geta þess, sem flestum er kunnugt, að á sínum tíma beitti þáverandi

ríkisstjórn Íslands sér fyrir sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða hf., vegna óraunhæfrar samkeppni þeirra á Evrópumarkaðnum, og fær F.V.F.Í. ekki séð að kakan sú sé frekar til skiptanna í dag, nema síður sé."

Vart þarf að fara mörgum orðum um þjóðhagslega hagkvæmni þess, að viðhald og eftirlit íslenskra flugvéla fari fram á Íslandi.

6. töluliður:

Í 6. tölulið segir, að framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkvæmt fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5 af hundraði fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.

Við athugun fjárlaga áranna 1968—1981 kemur í ljós, að framlag ríkissjóðs til flugmála sem hlutfall af niðurstöðutölu fjárlaga hvers árs er sem hér segir:

1968	0.96%
1969	0.99%
1970	0.80%
1971	0.79%
1972	0.86%
1973	0.70%
1974	**1.06%**
1975	0.92%
1976	0.54%
1977	0.68%
1978	**0.46%**
1979	0.53%
1980	0.55%
1981	0.60%

Athugasemdir:

a) Til gjalda teljast rekstrargjöld (laun, önnur rekstrargjöld, viðhald, vextir og yfirfærslur), afborganir lána og fjárfestingar, bæði fyrir flugmálastjórn samgönguráðuneytis og flugmálastjórn utanríkisráðuneytis (Keflavíkurflugvöllur).

b) Til tekna teljast „seldar vörur og þjónusta" flugmálastjórnar og Keflavíkurflugvallar, „flugvallagjald" og nettó-framlag ríkissjóðs til flugmála. Innheimta „flugvallagjalds" hófst árið 1976, en áætlaðar tekjur af því samkvæmt fjárlögum 1981 samsvara 24% heildarútgjalda flugmálastjórnar það árið.

c) Við ofangreinda úttekt hefur ekki verið tekið tillit til annarra tekna til ríkissjóðs, sem tengjast flugferðum, t. d. nettótekna fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og „gjalds á ferðalög til útlanda". Samkvæmt fjárlögum ársins 1981 eru tekjur ríkissjóðs af þessum tveim liðum hærri en nettó-framlag ríkissjóðs til flugmála.

Að mati sérfróðra manna eru litlar líkur taldar á því, að verulegar framfarir geti orðið við gerð og búnað flugvalla hér á landi á næstu árum, nema umtalsverð hækkun verði á fyrrgreindu hlutfalli, og hefur verið staðnæmst við töluna 1.5% af fjárlögum.

Ekki þarf að rekja það ófremdarástand, sem ríkir á mörgum flugvöllum hér á landi. Aðeins þrír flugvellir á landinu eru malbikaðir, þ. e. Keflavíkur-, Reykjavíkur- og Akureyrarflugvellir. Allir aðrir flugvellir eru malarvellir. Á þessu sviði þarf að gera mikið átak.

Öryggistæki á flugvöllum eru í algjöru lágmarki, víðast skortir aðflugsljós og einföldustu tækni, er eykur allt öryggi í áætlunarflugi. Úr þessu þarf að bæta hið skjótasta, og verður það ekki gert nema með verulegu fjárframlagi úr ríkissjóði á næstu árum.

7. töluliður:

Í 7. tölulið segir, að þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda, að aðskilja beri almenna flugstarfsemi á flugvellinum frá starfsemi varnarliðsins.

Flugstöðin á Keflavíkurflugveli er fyrir löngu úrelt. Þá sæmir það ekki frjálsri og fullvalda þjóð að reka millilandaflug sitt frá miðstöð, sem er á miðju athafnasvæði erlends varnarliðs. Um þennan lið þarf ekki að fara fleiri orðum.

8. töluliður:

Í 8. tölulið er því slegið föstu, að Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og ný flugstöð reist, er öll flugfélög geti haft afnot af.

Oft hefur verið um það rætt, að flytja bæri Reykjavíkurflugvöll og nota flugvallarsvæðið fyrir nýtt íbúðahverfi, og hefur jafnvel verið talað um nýjan miðbæ. Allar þessar hugleiðingar hafa strandað á þeirri einföldu staðreynd, að annar staður er ekki betri fyrir flugvöll í nágrenni Reykjavíkur. Þá yrði kostnaðurinn gífurlegur og eyðilagt það hagræði, sem er að því að hafa flugvöllinn í miðri borginni.

Eins og flug hefur verið rekið frá Reykjavíkurflugvelli hin síðari árin, hefur það hvorki valdið ama né óþægindum. Af þessum ástæðum og mörgum öðrum er brýnt að hefja þegar lagfæringar og endurbætur á Reykjavíkurflugvelli, og síðast en ekki síst að reisa þar nýja flugstöð.

Þessu máli til stuðnings fylgir hér ályktun fundar, sem haldinn var 29. apríl 1981 og fjallaði um framtíð Reykjavíkurflugvallar:

„Ráðstefna Flugmálafélags Íslands, Flugmálastjórnar og Félags íslenskra atvinnuflugmanna, haldin 29. apríl 1981, ályktar að nú þegar hefjist virkt samstarf flugmálayfirvalda, Reykjavíkurborgar, samtaka sveitarfélaga, flugrekstraraðila og annarra, sem hagsmuna hafa að gæta, um að tryggja framtíð og þróun Reykjavíkurflugvallar á núverandi stað.

Hugmyndir um breytta staðsetningu Reykjavíkurflugvallar eru andstæðar ákvörðunum borgaryfirvalda og samgönguráðuneytisins í aðalskipulagi frá 1976.

Fullyrða má að fyllsta öryggis sé gætt við flugumferð við Reykjavíkurflugvöll í hvívetna.

Annað hentugt flugvallarstæði er ekki til á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Sú staðreynd, að Reykjavíkurflugvöllur er staðsettur í hjarta borgarinnar, skapar umsvif, atvinnu og tekjur fyrir borgina.

Tíðar öruggar ferðir frá dreifbýlinu til Reykjavíkur hafa orðið til þess, að íbúar dreifbýlisins hafa sætt sig við að þurfa að sækja til höfuðborgarinnar hvers konar þjónustu sem ella yrði gerð krafa um að dreift yrði um landið með stórlega auknum kostnaði fyrir ríkið og tekjuskerðingu hjá Reykjavíkurborg.

29. apríl 1981.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna.
Flugmálafélag Íslands.
Flugmálastjórn."

(Á fundinn var boðið fulltrúum frá samgönguráðuneyti, flugráði, flugrekstraraðilum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, bæjarstjórnum nokkurra kaupstaða, borgarráði Reykjavíkur, almannavörnum ríkisins og samgöngunefndum efri og neðri deildar Alþingis).

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Eftir 7. tl. 66. gr. laganna komi nýr tl., merktur 8, sem hljóðar svo:

Ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði er heimila skattstjórum að lækka tekjuskattsstofn ef skattaðilar verða fyrir þungum búsifjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum.

Til þess að skattalög teljist sanngjörn og réttlát er eðlilegt að þau búi yfir sveigjanleika til að mæta óvæntum atvikum og áföllum sem skerða gjaldþol skattaðila.

Þau ákvæði skattalaganna, sem nú heimila skattstjóra að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega, eru eftirfarandi:

1) Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2) Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3) Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4) Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5) Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6) Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7) Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Markmið þessa frumvarps er að rýmka þann sveigjanleika er býr í 66. gr. skattalaganna.

Enginn ræðst í meiri háttar tannviðgerðir nema af brýnni nauðsyn vegna hins óheyrilega kostnaðar sem því fylgir. Oft fresta menn brýnum tannviðgerðum lengur en lengstu lög leyfa vegna þessa kostnaðar.

Meiri háttar tannviðgerðir, svo sem gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir og gervigómur, kosta nú oft tugi þúsunda eða jafnvirði margra mánaðarlauna. Er ekki óalgengt að upphæðir þessar séu á bilinu 40—80 þúsund krónur. Skert gjaldþol af þessari stærðargráðu verður að teljast verulegt og það jafnvel þótt um lægri upphæðir væri að ræða.

Almennt er ekki um greiðslufrest að ræða á þessum kostnaði. Því er sjaldnast um aðra möguleika að ræða hjá launafólki en að taka verðtryggð lán í þessu skyni.

Gera má ráð fyrir að gjaldþol skerðist ekki minna undir slíkum kringumstæðum en þeim sem önnur ákvæði 66. gr. skattalaganna heimila nú ívilnun á.

Um 1. gr.

Til skýringa skal þess getið, að samkvæmt 66. gr. skattalaganna setur ríkisskattstjóri ákvæði um skilyrði fyrir ívilnunum á þeim ákvæðum sem upp eru talin í þeirri grein.

Þess vegna þarf ekki að ákveða í greininni hvað felst í hugtakinu veruleg skerðing gjaldþols.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason.

1. gr.

39. gr. 4. tl. a orðist svo:

Miðað sé við opinbera skráða vísitölu, svonefnda lánskjaravísitölu, eins og hún er skráð á hverjum tíma.

2. gr.

Við 4. tl. 39. gr. bætist nýr liður, merktur c, sem hljóðar svo:

Nú reynist á einhverjum gjalddaga samanlögð upphæð afborgunar, verðtryggingarþátta og vaxta, hér eftir nefnd gjalddagsupphæð, á verðtryggðu láni til einstaklings skv. lögum þessum hafa hækkað meira hlutfallslega en kaupgreiðsluvísitala skv. 4. mgr. á tímabilinu frá því að lánveiting átti sér stað, og skal þá einungis sá hluti ofangreindrar gjalddagsupphæðar, sem samsvarar hækkun kaupgreiðsluvísitölu skv. 4. mgr., teljast gjaldfallinn.

Sú lækkun gjaldfallinnar upphæðar, sem af ákvæði 1. mgr. leiðir, myndar sérstakan viðauka höfuðstóls, sem verðtryggist með sama hætti og hið upphaflega lán og lýtur sömu vaxtakjörum, en byrjar að gjaldfalla þá fyrst er upphaflegum lánstíma lýkur og þá með sömu gjalddögum og hið upphaflega lán.

Lánstími höfuðstólsviðauka skal við það miðaður, að raungildi hverrar greiðslu verði eigi hærra en raungildi síðustu greiðslu vaxta, verðtryggingar og afborgunar af upphaflegum höfuðstól lánsins.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er miðað skal við skv. ákvæði 1. mgr., skal leidd af taxta verkamanna í fiskvinnu, efsta starfsaldursþrepi, og tekur sömu breytingum og viðmiðunartaxti atvinnuleysisbóta, sbr. 23. gr. laga nr. 64/1981.

Endurskoða skal þennan viðmiðunargrunn reglulega.

3. gr.

2. málsgr. 39. gr. orðist svo:

Seðlabankinn skal birta lánskjaravísitölu, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum. Seðlabankinn skal einnig birta kaupgreiðsluvísitölu skv. 4. mgr. 2. gr. þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðtryggð lán til eins árs eða lengur, sem tekin hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu háð sömu skilyrðum og um getur í 1. og 2. gr. þessara laga frá og með næsta gjalddaga eftir gildistökuna. Verði þá tekið mið af því, hvenær lánveiting átti sér stað, en þó skal miða við fyrsta útreikning lánskjaravísitölu 1. júní 1979 ef lánveiting átti sér stað fyrir þann tíma.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að fyrirbyggja að versnandi lífskjör auki greiðslubyrði verðtryggðra lána langt umfram eðlilega greiðslugetu fólks, m. ö. o. að tillit sé tekið til þess við útreikninga verðtryggðra lána þegar lífskjör fara versnandi og verðmæti vinnulauna fylgja ekki verðgildi annarra verðmæta í þjóðfélaginu.

Hugmyndin er sú að fresta greiðslu á þeim hluta verðtryggingar sem er umfram almennar launahækkanir í landinu. Þetta verði gert með lengingu lánstímans þannig að hækkun árlegrar greiðslubyrði sé ekki meiri en sem nemur hækkun almennra launa.

Með lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, voru gerðar gagngerðar breytingar á lánsfjármarkaði hér á landi. Ástæður þessarar lagasetningar voru, eins og margir muna, verulegur lánsfjárskortur vegna neikvæðra vaxta, rýrnun á sparifé landsmanna, verðbólgubrask og óarðbærar fjárfestingar í steinsteypu o. fl. með válegum fyrirboðum fyrir þjóðarbúið ef fram héldi sem horfði um lengri tíma.

Með tilkomu verðtryggingarákvæða þeirra laga voru fyrirsjáanlegir ýmsir aðlögunarerfiðleikar almennings á lánsfjármarkaðinum, þ. á m. gjörbreyttur hugsunarháttur gagnvart skuldasöfnun. Þetta þýddi einfaldlega það, að ekki var lengur hægt að treysta á hjálp verðbólgunnar við að eyða skuldunum.

Þrátt fyrir þetta dró lítið úr eftirspurn eftir lánsfé, nema þá helst fyrst í stað. Skýringin á þessu var m. a. sú, að í kjölfar verðtryggingarákvæðanna jókst verulega framboð á lánsfé og lánastofnanir kynntu verðtryggðu lánin með lægri afborgunarkjörum og vaxtagreiðslum fyrstu árin heldur en fylgdu gömlu lánunum.

Samkvæmt lögunum átti samhliða verðtryggingu almennt að lengja lánstímann til að mæta greiðslubyrðum sem af verðtryggingunni leiddi. Þetta ákvæði hafa stjórnvöld að verulegu leyti heykst á að framkvæma, þótt einstakir lífeyrissjóðir hafi lengt lánstímann eitthvað.

Í 39. gr. laga nr. 13/1979 eru talin upp nokkur skilyrði verðtryggingar, en að öðru leyti er Seðlabankanum falið að ákveða lánskjör verðtryggðra lána, þar með talið að ákveða vísitölu eða vísitölur þær sem nota skal til viðmiðunar. Gerð var ný vísitala, lánskjaravísitala, sem samsett er úr tveim eldri vísitölum, vísitölu framfærslukostnaðar að $^2/_3$ hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að $^1/_3$ hluta. En jafnframt heimilar Seðlabankinn notkun byggingarvísitölu sem grundvöll verðtryggingar. Virðast lánskjaravísitala og byggingarvísitala notaðar jöfnum höndum af lánastofnunum. T. d. nota Húsnæðisstofnun ríkisins og Lífeyrissjóður verslunarmanna byggingarvísitölu, en Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna og SAL-sjóðirnir lánskjaravísitölu. Þess ber að geta, að skv. 33. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins eiga lán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna að vera verðtryggð skv. lánskjaravísitölu, en af einhverjum ástæðum hefur þessu ákvæði ekki enn verið framfylgt.

Ósamræmi í vísitöluviðmiðun skapar óvissu um hvað verðtrygging sé, því það hefur sýnt sig að byggingarvísitala mælir oft hærri verðtryggingu en lánskjaravísitala og er því óhagstæðari fyrir lántakendur, en hagstæðari fyrir lánastofnanir.

Meðaltals byggingarvísitala á ári hefur hækkað um 270% árin 1970—1975 að báðum árunum meðtöldum á meðan sambærileg lánskjaravísitala hækkaði um 219%. Meðaltals byggingarvísitala ársins 1976 hefur hækkað um 1088% fram til 1. okt. 1982 á meðan lánskjaravísitala hækkaði um 982%. Hér skeikar verulegu, og af töflu II má ráða að frá útreikningi lánskjaravísitölu 1. júní 1979 hefur þessi munur aukist jafnt og þétt. Það er því augljóst að verðtryggð lán samkvæmt byggingarvísitölu hafa á þessum tímabilum verið mun óhagstæðari en önnur verðtryggð lán. Þá má geta þess, að samhliða þessum verðtrygg-

ingarviðmiðunum er notuð viðmiðun við gengi erlends gjaldeyris sem nauðsynleg er vegna erlendra lána.

Af þessu má ljós vera nauðsyn þess að samræma grundvöll verðtryggingar a. m. k. á innlendum lánsfjármarkaði, og sýnist hér miklu eðlilegra að miða alfarið við lánskjaravísitölu, sem mælir miklu almennari verðlagsþróun en byggingarvísitala.

Í því óðaverðbólguástandi, sem ríkt hefur hér um árabil, hefur það sýnt sig, að ógjörningur er að gera langtímaáætlanir um fjárskuldbindingar.

Sá, sem tekur verðtryggt lán til 25 ára, hefur mjög óverulega hugmynd um hvaða skuldbindingar hann er að leggja á sínar herðar, nema honum séu tryggð jafnverðtryggð laun fyrir sama tímabil, því þá yrði lánið sama hlutfall af árstekjum hans allt tímabilið.

Á sama hátt og það er sjálfsagt réttætismál, að menn endurgreiði jafnmikil verðmæti og þeir fá að láni, ásamt sanngjarnri þóknun, þá er líka sanngirniskrafa að þjóðfélagið viðhaldi þeim skilyrðum sem gera slíkt mögulegt, þ. e. a. s. að lífskjörin haldist jafngóð eða betri yfir lánstímabilið en þegar lánið er tekið. Ef aðstæður um lengri eða skemmri tíma eru þannig að lífskjör fara versnandi í þjóðfélaginu, þá er sanngjarnt að skuldabyrðum almennings sé dreift á lengri tímabil heldur en hætta á greiðsluþrot fólks með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir margar fjölskyldur í landinu.

Almennt hafa launþegar ekki önnur úrræði til að standa undir fjárskuldbindingum sínum en verðmæti vinnu sinnar.

Ef verðmæti vinnunnar minnkar í hlutfalli við önnur verðmæti, t. d. verðgildi peninga, fasteigna eða vöruverðs, þá minnkar kaupgeta og greiðslugeta almennra launþega með þeim afleiðingum, að meiri vinnu þarf fram að leggja til að standa undir greiðslubyrðum húsnæðislána, lífeyrissjóðslána og bankalána samfara öðru brauðstriti.

Það er alveg ljóst, að almennt hefur fólk ekki gert sér grein fyrir því, í hverju verðtrygging felst, og margir því teflt á tæpasta vað við fjármögnun íbúðarhúsnæðis.

Þá er að koma í ljós í mörgum atvinnurekstri, að margur hefur reist sér hurðarás um öxl í fjárfestingu og lántöku. Nægir þar að benda á útgerðina sem hefur nú fengið því framgengt, að skuldabyrðum sé létt af útgerðarfyrirtækjum með lengingu lána og þeim reyndar sumum á niðurgreiddum kjörum. Sama gildir um heimilin í landinu, að þau standa ekki undir sínum skuldabyrðum frekar en atvinnufyrirtæki við langvarandi kjararýrnun.

Það er alveg ljóst, að launahækkanir á undanförnum árum hafa dregist verulega aftur úr hækkunum lánskjara- og byggingarvísitölu.

Ef sérstaklega er skoðað það tímabil sem liðið er frá fyrsta útreikningi lánskjaravísitölu, þ. e. a. s. frá 1. júní 1979 til 1. okt. 1982, kemur í ljós að byggingarvísitala hefur hækkað um 375%, lánskjaravísitala um 323%, en áætluð meðallaun verkamanna hafa hækkað um 290.6%, verkakvenna um 285.2%, iðnaðarmanna um 302.5%, verslunarmanna 261.1%, landverkafólks 285.9%, opinberra starfsmanna 255% eða meðallaun þessara starfshópa alls um 276.7%.

Samanburður á lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu og meðaltalsvísitölu ofangreindra starfshópa (sbr. töflu I):

Tímabil 1. júní 1979—1. október 1982.

Byggingarvísitala	375%
Lánskjaravísitala	323%
Meðaltalsvísitala launa	276.7%

Mismunur byggingarvísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Byggingarvísitala	375
Meðaltalsvísitala launa	276.7
Mismunur	98.3 prósentustig

Mismunur lánskjaravísitölu og meðaltalsvísitölu launa:

Lánskjaravísitala	323
Meðaltalsvísitala launa	276.7
Mismunur	46.3 prósentustig

Greiðslubyrði miðað við lánskjaravísitölu er orðin um 12.3% meiri en meðallaun frá útreikningi lánskjaravísitölu. Miðað við byggingarvísitölu er þessi greiðslubyrði 26.1% meiri. En hækkun lánskjaravísitölu umfram meðallaun **hefur verið að meðaltali** 9.4% allt tímabilið og miðað við byggingarvísitölu 12.85%. Byggingarvísitala er eingöngu reiknuð þriðja hvern mánuð, þannig að í raun er hún vanáætluð í þessu meðaltali.

Þessi munur er geigvænlegur og má rökstyðja það með margvíslegum dæmum.

Almennt ráðast flestir einstaklingar í meiri háttar fjárskuldbindingar við öflun eigin húsnæðis.

Því er fróðlegt að skoða dæmi um ung hjón sem keyptu sér tveggja herbergja íbúð 1. júní 1979.

Íbúðarverðið var 180 þúsund krónur og sjálf áttu þau þriðjung, þ. e. 60 000 krónur, sem jafngilti þá rúmlega 2½ árslaunum skv. 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands, en mánaðarlaun voru þá 1 955 krónur samkvæmt þessum launaflokki.

Afganginn, 120 þúsund krónur, urðu þau að taka að láni hjá ýmsum aðilum. Gert er ráð fyrir að þessi lán séu verðtryggð til 20 ára og beri 2% vexti.

Rétt er að geta þess, að vextir hafa nýlega verið hækkaðir í 3% á verðtryggðum lánum, sem þýðir tvöföldun á raungildi lánsins á aðeins 23.5 árum. 2% vextir, sem áður giltu, þýddu tvöföldun lánsins á 35 árum.

Helmingur þeirra lána, sem ungu hjónin tóku, er verðtryggður með lánskjaravísitölu og hinn með byggingarvísitölu.

1. júní 1979 er 120 þúsund króna lán jafngildi 61.38 mánaðarlauna skv. 8. launafl. Verkamannasambands Íslands eða 3.06 mánaðarlaun á ári. Með vöxtum er þetta 4.30 mánaðarlaun fyrsta árið og 3.13 síðasta árið. Ungu hjónin verða því að gera ráð fyrir því næstu 20 árin, að þau hafi ráðstafað 3—5 föstum mánaðarlaunum, ef launin eru samkvæmt 8. launaflokki Verkamannasambandsins.

Í ljósi síðari þróunar lítur dæmið þannig út:

	A	B	C	D	E	F	G			D/E
	Afb. vextir af hvoru láni	lánskj.-vísitala	bygging-arvísit.	Samtals	8. l.fl. V. Í.	Greiðslu-byrði skv. viðmið-unarvísi-tölu	Mismunur D—F	Raungildi mism. tölu 1.10.82	Greiðslu-byrði í mánaðarl. forsendur lánsins	Árleg greiðslu-byrði í fjölda mánaðar-launa í reynd
1979 1. júní					1955					
1. árið	4200	6426	6510	12 936	2 655	11 340	1 596	4 412	4.30	4.87
2. árið	4 140	9 895	10 102	19 997	4 111	17 305	2 692	4 765	4.24	4.87
3. árið	4 080	14 076	14 810	28 886	5 905	24 480	4 406	5 402	4.17	4.89
Samtals								14 579		

Ef við berum saman greiðslubyrði þessara lána í ofangreindri töflu út frá forsendum frumvarpsins og hvaða áhrif hún hefur á lengingu lánsins skv. frumvarpinu, þá kemur í ljós að raungildi þessa mismunar á þremur árum nemur 14 579 kr. 1. október 1982 eða rúmlega 40% af greiðslubyrði hvers árs, sem þýðir um 13% á hvert þessara þriggja ára.

Þessi uppsöfnun mismunar gerir um 2.7 ára framlengingu fyrir öll þessi lán á 20 árum ef þessi mismunur helst allan tímann.

Rétt er að gera sér grein fyrir áhrifum þessa frumvarps á helstu lánastofnanir og getu þeirra til að standa undir lengingu lána sem af því gæti leitt. Á það skal strax lögð áhersla, að á engan hátt er um tekjutap að ræða hjá lánastofnunum skv. þessu frumvarpi, þar sem viðauki höfuðstóls er verðtryggður skv. lánskjaravísitölu allan lánstímann.

Almennt verður að gera ráð fyrir því, að lífskjör fari batnandi, a. m. k. þegar til lengri tíma er litið, og áhrifa þessa frumvarps gæti því ekki nema tímabundið. Hvað lífeyrissjóðina snertir, þá eru innlánsskuldbindingar þeirra í raun verðtryggðar samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu og því ætti frumvarpið ekki að hafa nein afgerandi áhrif á greiðslugetu þeirra við útborgun lífeyrisgreiðslna.

Fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna er með svo margvíslegum hætti að erfitt er að gera sér glögga grein fyrir áhrifum þessara breytinga á útlánagetu þeirra.

Ef miðað er við þá neikvæðu þróun, sem orðið hefur á þróun kaupgjalds frá útreikningi lánskjaravísitölu, sbr. og þróun byggingarvísitölu á sama tíma, og hún framreiknuð til 25 ára, þá gefur það framlengingu um 3 ár fyrir lán tryggð með lánskjaravísitölu og áætla má um 4 ár fyrir lán tryggð með byggingarvísitölu.

Það verður að teljast harla ólíklegt, að slík þróun haldist jafnlengi. Miklu líklegra er, miðað við reynslu síðari ára og það sem er framundan á næstu misserum, að kjararýrnunin vari fá ár í senn, en gæti þó orðið mun meiri en undanfarin þróun sýnir.

Það verður því að telja sennilegt, að slík lagabreyting sem frumvarpið gerir ráð fyrir komi sér vel fyrir fólk þegar kjaraskerðingar skella á fyrirvaralaust í stuttan tíma, en þýði þó í reynd óverulega lengingu lánstímans.

Andstætt Byggingarsjóðunum lána bankarnir einstaklingum aðallega skammtímalán. Greiðslutilfærslan er því miklu styttri hjá bönkunum og ætti því litlu máli að skipta, þar sem ekki er um neitt tekjutap að ræða. Þá má benda á að innlánsskuldbindingar bankanna eru

ekki nærri allar verðtryggðar, heldur ráða bankarnir yfir verulegu fé sem er ekki verðtryggt. Nægir þar að nefna ávísana- og hlaupareikningsviðskipti þeirra, en þessir reikningar bera aðeins 19% vexti í 60% verðbólgu.

Að öllu samanlögðu verður því ekki séð að ákvæði þessa frumvarps muni kollvarpa útlánagetu lánastofnana eða skerða möguleika bankanna til fullverðtryggðra innlána.

Kaupgreiðsluvísitala sú, sem valin hefur verið til viðmiðunar í frumvarpinu, er leidd af taxta verkamanna í fiskvinnu, efsta starfsaldurþrepi, sem nú er 8. launaflokkur Verkamannasambands Íslands. Ástæður fyrir þessu vali eru þrjár.

Í fyrsta lagi er þessi viðmiðun notuð við ákvörðun atvinnuleysisbóta skv. 23. gr. laga nr. 64/1981 og við ákvörðun fæðingarorlofsgreiðslna skv. 1. gr. laga nr. 97/1980 um breytingu á lögum um almannatryggingar. Verður því að ætla að þessi viðmiðunargrundvöllur hafi verið talinn nokkuð eðlilegur sem viðmiðun meðaltaxtakaups í landinu.

Eini munurinn er sá, að atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsgreiðslur fylgja hækkun 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands, en kaupgreiðsluvísitala frumvarpsins fylgir launahækkunum starfsheitisins verkamenn í fiskvinnu. Þetta starfsheiti er nú í 8. launaflokki.

Í öðru lagi felur þessi viðmiðun í sér starfsaldurshækkanir og launaflokkatilfærslur, þar sem hún er bundin við starfsheiti, en ekki launaflokk. Þetta er mjög mikilvægt því alltaf er nokkur launahækkun bundin við starfsaldurshækkanir og launaflokkatilfærslur sem grunnkaupshækkanir mæla ekki.

Í þriðja lagi er ein launaviðmiðun miklu auðveldari í útreikningum heldur en meðallaun þar sem tillit þarf að taka til fjölda í hverjum launaflokki og áætla vægi starfsaldurshækkana og launaflokkatilfærslna.

Á það verður þó að benda, að því fylgir nokkur áhætta að miða eingöngu við eitt starfsheiti. Það er engan veginn víst, að launahækkanir verkamanna í fiskvinnu endurspegli almenna launaþróun í landinu. Af töflu II má sjá að þessi taxti er rífleg meðallaun. Þess vegna er gert ráð fyrir að viðmiðunargrunnur þessi sé endurskoðaður reglulega með tilliti til þess, hve vel þessi viðmiðun reynist.

Sú leið, sem lögð er til í þessu frumvarpi, þ. e. frestun á greiðslu þess hluta lánsins sem nemur mismun ákveðinnar kaupgreiðsluvísitölu og lánskjaravísitölu, er ekki óþekkt á hinum Norðurlöndunum.

Svipuð leið hefur verið farin t. d. í Danmörku og Noregi.

Í Danmörku er um að ræða lengingu lánstímans á þeim mismun sem verður þegar skerðing verður á launum í hlutfalli við lánskjörin.

Í Noregi miðast húsnæðismálalán við að greiðslan fari ekki fram úr 20% af dagvinnutekjum iðnverkamanna og mismunur, sem hugsanlega skapast á þeirri greiðslu og lánskjörunum, greiðist á framlengdum lánstíma.

Um 1. gr.

Í útlánakjörum er í dag bæði notuð lánskjaravísitala og byggingarvísitala. Breyting þessarar lagagreinar felur í sér samræmingu á þeim viðmiðunarvísitölum sem nú eru í gildi, þ. e. a. s. að ein vísitala kölluð lánskjaravísitala sé notuð sem verðtryggingarviðmiðun í lánsfjárviðskiptum innanlands. Gildi þetta jafnt um húsnæðismálalán, sbr. 33. gr. laga nr. 51/1980 með síðari breytingum, lífeyrissjóðslán og bankalán.

Um 2. gr.

Hugtakið verðtryggð útlán skv. þessari grein tekur til allra verðtryggðra lána til einstaklinga á innlendum lánsfjármarkaði, þar með talin húsnæðismálalán, lífeyrissjóðslán og bankalán.

Með útlánum til einstaklinga er átt við öll þau lán sem ekki eru tekin í nafni atvinnurekstrar eða með veði í atvinnufyrirtækjum.

Við útreikning hverrar greiðslu skal aðeins taka tillit til hlutfallslegrar hækkunar viðmiðunarvísitalna frá því lánveiting átti sér stað þar til á gjalddaga hverju sinni. Þetta þýðir að ekki á að meta sveiflur í vægi hverrar viðmiðunarvísitölu milli gjalddaga.

Viðaukahöfuðstóll ber sömu vexti og verðtryggingu og upphaflegi höfuðstóllinn. Hann þarfnast ekki þinglýsingar og ber ekki heldur sérstakan lántökukostnað.

Þegar lánstími framlengist vegna viðaukahöfuðstóls, þá skal ekki reikna viðaukahöfuðstól að nýju á framlengingartímabilinu, en greiðslur viðaukahöfuðstóls verða þó eigi hærri að raungildi en raungildi síðustu greiðslu vaxta, verðtryggingar og afborgunar af upphaflegum höfuðstól lánsins. Athuga skal að kaupgreiðsluvísitala miðast við starfsheiti en ekki launaflokk.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er tekið tillit til eldri verðtryggðra lána, en eldri lán bera mismunandi vísitöluviðmiðun.

Í frumvarpi þessu er nú lagt til að miðað sé við eina vísitölu — lánskjaravísitölu, en útreikningur hennar var í fyrsta skipti gerður 1. júní 1979.

Við gildistöku þessara laga er því rétt að samræma eldri lánveitingar þeirri viðmiðun og að það sem eftir stendur af eldri lánum teknum fyrir 1. júní 1979 miðist við þá dagsetningu.

Verðtryggð lán, sem hafa eða eiga eftir styttri lánstíma en eitt ár og tekin hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, falla ekki undir þetta ákvæði til bráðabirgða.

Tafla I.

Þróun vísitölu meðaltalstaxta hjá verkamönnum, verkakonum, iðnaðarmönnum, verslunar- og skrifstofufólki, ASÍ-landverkafólki og opinberum starfsmönnum.

	Verka-menn	Verka-konur	Iðnaðar-menn	Verslunar- og skrifst.f.	ASÍ-land-verkaf.	Opinb. starfsm.	Meðal-tal
Árið 1979							
Júní	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
Júlí	102.4	102.4	102.4	102.4	102.4	100.0	101.7
Ágúst	102.4	102.4	102.4	102.4	102.4	100.0	101.7
September	111.8	111.8	111.8	111.8	111.8	109.2	111.0
Október	111.8	111.8	111.8	111.8	111.8	109.2	111.0
Nóvember	111.8	111.8	111.8	111.8	111.8	109.2	111.0
Desember	126.5	126.5	126.5	126.5	126.5	123.6	125.7
Árið 1980							
Janúar	126.5	126.5	126.5	126.5	126.5	123.6	125.7
Febrúar	126.5	126.5	126.5	126.5	126.5	123.6	125.7
Mars	135.0	135.0	135.0	135.0	135.0	131.8	134.0
Apríl	135.0	135.0	135.0	135.0	135.0	131.8	134.0
Maí	135.0	135.0	135.0	135.0	135.0	131.8	134.0
Júní	150.8	150.8	150.8	150.8	150.8	147.3	149.7
Júlí	150.8	150.8	150.8	150.8	150.8	147.3	149.7
Ágúst	150.8	150.8	150.8	150.8	150.8	151.7	151.1
September	163.7	163.7	163.7	163.7	163.7	164.7	164.0
Október	166.9	166.5	167.3	165.3	166.6	164.7	166.0
Nóvember	183.7	180.7	185.8	173.8	181.5	164.7	176.5
Desember	201.1	197.9	203.5	190.4	198.8	181.3	193.6
Árið 1981							
Janúar	201.1	197.9	203.5	190.4	198.8	184.8	194.6
Febrúar	201.1	197.9	203.5	190.4	198.8	184.8	194.6
Mars	213.1	209.7	215.6	201.7	210.6	195.9	206.2
Apríl	213.1	209.7	215.6	201.7	210.6	196.1	206.3
Maí	213.1	209.7	215.6	201.7	210.6	196.1	206.3
Júní	230.4	226.7	233.1	218.1	227.6	212.2	223.1
Júlí	230.4	226.7	233.1	218.1	227.6	212.2	223.1
Ágúst	230.4	226.7	233.1	218.1	227.6	212.2	223.1
September	250.9	246.9	253.9	237.5	248.0	231.3	243.0
Október	250.9	246.9	253.9	237.5	248.0	231.3	243.0
Nóvember	260.5	257.5	262.2	245.8	257.0	238.8	251.6
Desember	286.3	283.1	288.2	270.2	282.5	262.5	276.6
Árið 1982							
Janúar	286.3	283.1	288.2	270.2	282.5	265.6	277.5
Febrúar	286.3	283.1	288.2	270.2	282.5	265.6	277.5
Mars	307.8	304.4	309.9	290.5	303.8	286.5	298.6
Apríl	307.8	304.4	309.9	290.5	303.8	286.5	298.6
Maí	307.8	304.4	309.9	290.5	303.8	286.5	298.6
Júní	339.6	335.8	350.4	320.5	337.3	316.1	331.0
Júlí (spá)	363.4	358.3	366.5	335.9	356.9	316.1	344.8
Ágúst (spá)	361.6	358.3	371.2	335.9	357.5	330.3	349.4
September (spá)	390.6	385.2	402.5	361.1	385.9	355.0	376.7
Október (spá)	390.6	385.2	402.5	361.1	385.9	355.0	376.7

Athuga: Tekið er tillit til starfsaldurshækkana og flokkatilfærslna á tímabilinu.

Tafla II.

Þróun lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu, vísitölu fiskvinnutaxta, efsta aldursþrep, og meðalvísitölu kauptaxta verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofuf., ASÍ-landverkaf. og opinberra starfsmanna frá 1. júní 1979 til 1. október 1982.

	Vísitala fiskvinnutaxta, efsta aldursþrep	Meðalvísitala taxta verkam., verkakv., iðnaðarm., verslunar- og skrifstofuf., ASÍ-landverkaf., opinb. starfsmanna	Lánskjaravísitala	Byggingarvísitala
Árið 1979				
Júní	100.0	100.0	100.0	100.0
Júlí	102.0	101.7	103.0	110.0
Ágúst	102.0	101.7	107.0	
September	112.0	111.0	113.0	
Október	112.0	111.0	118.0	127.0
Nóvember	112.0	111.0	122.0	
Desember	127.0	125.7	130.0	
Árið 1980				
Janúar	127.0	125.7	135.0	142.0
Febrúar	127.0	125.7	139.0	
Mars	135.0	134.0	143.0	
Apríl	135.0	134.0	147.0	155.0
Maí	135.0	134.0	153.0	
Júní	151.0	149.7	160.0	
Júlí	151.0	149.7	167.0	175.0
Ágúst	151.0	151.1	172.0	
September	164.0	164.0	178.0	
Október	166.0	166.0	183.0	193.0
Nóvember	180.0	176.5	191.0	
Desember	197.0	193.6	197.0	
Árið 1981				
Janúar	197.0	194.6	206.0	224.0
Febrúar	197.0	194.6	215.0	
Mars	209.0	206.0	226.0	
Apríl	209.0	206.3	232.0	244.0
Maí	209.0	206.3	239.0	
Júní	226.0	223.1	245.0	
Júlí	226.0	223.1	251.0	264.0
Ágúst	226.0	223.1	259.0	
September	246.0	243.0	266.0	
Október	246.0	243.0	274.0	290.0
Nóvember	254.0	251.6	282.0	
Desember	279.0	276.6	292.0	
Árið 1982				
Janúar	279.0	277.5	304.0	325.0
Febrúar	279.0	277.5	313.0	
Mars	300.0	298.6	323.0	
Apríl	300.0	298.6	335.0	363.0
Maí	300.0	298.6	345.0	
Júní	331.0	331.0 (spá)	359.0	
Júlí	360.0	344.8 (spá)	373.0	407.0
Ágúst	360.0	349.4 (spá)	387.0	
September	387.0	376.7 (spá)	402.0	
Október	387.0	376.7 (spá)	423.0	475.0

Tafla III.

Þróun lánskjaravísitölu 1.6.79 til 1.10.82 í samanburði við þróun meðaltaxtavísitölu verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofuf., ASÍ-landverkaf., opinberra starfsmanna.

$$\frac{\text{Lánskjaravísitala}}{\text{Kauptaxtavísitala}} \times 100 = \text{Greiðslubyrðarvísitala}$$

	Kauptaxtar. Meðal-vísitala	Lánskjara-vísitala	Greiðslu-byrðar-vísitala
Árið 1979			
Júní	100.0	100.0	100.0
Júlí	101.7	103.0	101.3
Ágúst	101.7	107.0	105.2
September	111.0	113.0	101.8
Október	111.0	118.0	106.3
Nóvember	111.0	122.0	109.9
Desember	125.7	130.0	103.5
1979	99.6	106.0	106.4
Árið 1980			
Janúar	125.7	135.0	107.4
Febrúar	125.7	139.0	110.6
Mars	134.0	143.0	106.7
Apríl	134.0	147.0	109.7
Maí	134.0	153.0	114.1
Júní	149.7	160.0	106.9
Júlí	149.7	167.0	111.5
Ágúst	151.1	172.0	113.9
September	164.0	178.0	108.5
Október	166.0	183.0	110.2
Nóvember	176.5	191.0	108.2
Desember	193.6	197.0	101.8
1980	150.3	167.0	111.1
Árið 1981			
Janúar	194.6	206.0	105.9
Febrúar	194.6	215.0	110.5
Mars	206.2	226.0	109.6
Apríl	206.3	232.0	112.5
Maí	206.3	239.0	115.9
Júní	223.1	245.0	109.8
Júlí	223.1	251.0	112.5
Ágúst	223.1	259.0	116.1
September	243.0	266.0	109.5
Október	243.0	274.0	112.8
Nóvember	251.6	282.0	112.1
Desember	276.6	292.0	105.6
1981	224.3	253.0	112.8

$$\frac{\text{Lánskjaravísitala}}{\text{Kauptaxtavísitala}} \times 100 = \text{Greiðslubyrðarvísitala}$$

	Kauptaxtar. Meðal-vísitala	Lánskjara-vísitala	Greiðslu-byrðar-vísitala
Árið 1982			
Janúar	277.5	304.0	109.6
Febrúar	277.5	313.0	112.8
Mars	298.6	323.0	108.2
Apríl	298.6	335.0	112.2
Maí	298.6	345.0	115.5
Júní (spá)	331.0	359.0	108.5
Júlí (spá)	344.8	373.0	108.2
Ágúst (spá)	349.4	387.0	110.8
September (spá)	376.7	402.0	106.7
Október (spá)	376.7	423.0	112.3

Tafla IV.

Þróun lánskjaravísitölu 1.6.79 til 1.10.82 í samanburði við þróun vísitölu fiskvinnutaxta, efsta aldursþrep.

$$\frac{\text{Lánskjaravísitala}}{\text{Kauptaxtavísitala}} \times 100 = \text{Greiðslubyrðarvísitala}$$

	Vísitala fiskvinnutaxta, efsta aldursþrep	Lánskjaravísitala	Greiðslubyrðarvísitala
Árið 1979			
Júní	100.0	100.0	—
Júlí	102.0	103.0	101.0
Ágúst	102.0	107.0	104.9
September	112.0	113.0	100.9
Október	112.0	118.0	105.4
Nóvember	112.0	122.0	108.9
Desember	127.0	130.0	102.4
Árið 1980			
Janúar	127.0	135.0	106.3
Febrúar	127.0	139.0	109.4
Mars	135.0	143.0	105.9
Apríl	135.0	147.0	108.9
Maí	135.0	153.0	113.3
Júní	151.0	160.0	106.0
Júlí	151.0	167.0	110.6
Ágúst	151.0	172.0	113.9
September	164.0	178.0	108.5
Október	166.0	183.0	110.2
Nóvember	180.0	191.0	106.1
Desember	197.0	197.0	—
Árið 1981			
Janúar	197.0	206.0	104.6
Febrúar	197.0	215.0	109.1
Mars	209.0	226.0	108.1
Apríl	209.0	232.0	111.0
Maí	209.0	239.0	114.4
Júní	226.0	245.0	108.4
Júlí	226.0	251.0	111.1
Ágúst	226.0	259.0	114.6
September	246.0	266.0	108.1
Október	246.0	274.0	111.4
Nóvember	254.0	282.0	111.0
Desember	279.0	292.0	104.7
Árið 1982			
Janúar	279.0	304.0	109.0
Febrúar	279.0	313.0	112.2
Mars	300.0	323.0	107.7
Apríl	300.0	335.0	111.7
Maí	300.0	345.0	115.0
Júní	331.0	359.0	108.5
Júlí	360.0	373.0	103.6
Ágúst	360.0	387.0	107.5
September	387.0	402.0	103.9
Október	387.0	423.0	109.3

Tafla V.

Tafla þessi sýnir algengt lífeyrissjóðslán í dag. Þar kemur fram að uppsöfnun höfuðstólsviðauka er 16 368 kr. sem skiptist á 3—4 ár. Upphæðin miðast við verðlag í dag og byggist á lánskjara- og launaþróun júlí 1979—júlí 1981, þ. e. 25 mánaða tímabil, er breytt í ársviðmiðun hver mánuður.

Athuga ber að hér er aðeins um að ræða 150 þús. kr. lán, en reikna verður með að taka verði 400—500 þús. kr. lán (3 lán) miðað við verðlag á tveggja herbergja íbúð í dag. Það þýðir að mismunurinn í greiðslubyrði þrefaldast með þremur slíkum sambærilegum lánum.

Lánsupphæð 150 000. Lánstími 25. Vextir 2%. Lánið er tekið á tímanum 2 til tímans 27. Hámarksafborgun er 6000 kr.

	Est. f. gr.	Afb.	Vextir	Samt.	Eftirst.	Upps.
3	150 000	5 770	2 885	8 655	144 000	345
4	144 345	5 944	2 853	8 797	138 000	435
5	138 435	5 699	2 621	8 320	132 000	884
6	132 884	5 511	2 425	7 936	126 000	1 606
7	127 606	5 860	2 461	8 321	120 000	1 837
8	121 837	5 646	2 258	7 904	114 000	2 370
9	116 370	5 483	2 084	7 567	108 000	3 130
10	111 130	5 708	2 055	7 763	102 000	3 590
11	105 590	5 551	1 887	7 438	96 000	4 264
12	100 264	5 334	1 707	7 041	90 000	5 228
13	95 228	5 700	1 710	7 410	84 000	5 723
14	89 723	5 462	1 529	6 991	78 000	6 526
15	84 526	5 302	1 379	6 681	72 000	7 536
16	79 536	5 562	1 335	6 897	66 000	8 230
17	74 230	5 410	1 190	6 600	60 000	9 115
18	69 115	5 686	1 137	6 823	54 000	9 674
19	63 674	6 000	1 080	7 080	48 000	9 867
20	57 867	5 767	923	6 690	42 000	10 334
21	52 334	5 526	774	6 300	36 000	11 081
22	4 7081	5 575	669	6 244	30 000	11 779
23	41 779	5 431	543	5 974	24 000	12 641
24	36 641	5 272	422	5 694	180 000	13 680
25	31 680	5 559	334	5 893	12 000	14 421
26	26 421	5 426	217	5 643	6 000	15 306
27	21 306	5 259	105	5 364	0	16 368

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Þingnefndir skulu fylgjast með framkvæmd laga. Í því skyni hafi þingnefndir rétt til þess að kalla fyrir sig þá einstaklinga, sem að mati þingnefnda eiga hlut að máli. Einfaldur meiri hluti þingnefndar getur ákveðið að taka einstök framkvæmdaratriði laga til meðferðar. Þingnefndir skulu gera viðkomandi deild eða sameinuðu Alþingi grein fyrir niðurstöðum athugunar. Eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga fari fram fyrir opnum tjöldum, nema meiri hluti þingnefndar ákveði annað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum og áratugum hafa mörkin milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds á Íslandi orðið óljós. Löggjafarvaldið fæðir framkvæmdavaldið af sér í formi ríkisstjórna. Á síðari árum, þegar sérfræðileg kunnátta verður æ nauðsynlegri við smíði lagafrumvarpa, hefur frumkvæði lagasetningar í ríkum mæli færst frá löggjafarvaldi og til framkvæmdavalds og/eða sérfræðinga, sem eru í beinum eða óbeinum tengslum við framkvæmdavaldið.

Þessi þróun er í sjálfu sér eðlileg í samfélagi sem með hverju árinu verður flóknara og tæknivæddara. Afleiðingarnar hafa meðal annars orðið þær, að þingið sjálft hefur smám saman sætt sig við þessa þróun og tekið þátt í þeirri þróun að ýta frumkvæði til lagasetningar yfir til framkvæmdavaldsins. Í staðinn hafa þingmenn, sem ekki eru beinir aðilar að framkvæmdavaldinu með setu í ríkisstjórn, sóst í vaxandi mæli eftir því að verða með öðrum hætti þátttakendur í framkvæmdavaldinu. Nægir í því sambandi að minna á ásókn í stjórn og framkvæmdastjórastöður Framkvæmdastofnunar og bankaráð.

Þessi þróun er óæskileg og henni ber að snúa við. Enn fremur er ljóst, að að undanförnu hefur áhugi þingsins einkum beinst að því að setja lög, en lítið eða ekki að því að hafa eftirlit með því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Það segir sig þó sjálft, að tilgangslítið er að setja lög, ef þeim er ekki framfylgt og ef framkvæmdavald og dómsvald hafa ekki séð ástæðu til að fylgja þeim eftir.

Tilgangur þessa frumvarps er að þingnefndir hafi eftirleiðis eftirlit með því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Slíkt má auðvitað túlka rúmt, enda er til þess ætlast. Til dæmis eiga þingnefndir að hafa eftirlit með því, hvernig opinberum fjármunum er varið á þeim sviðum, sem þær taka til.

Grundvallarhugmyndin er sú, að þingið hafi ekki aðeins áhuga á því að setja lög, heldur einnig lifandi áhuga á því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Þetta starf þingsins á að fara fram í sem nánastri samvinnu við borgarana, og þess vegna er lagt til að þingnefndir starfi fyrir opnum tjöldum, nema þeim sjálfum þyki beinlínis ástæða til annars.

Taka má mörg dæmi um verkefni slíkra nefnda. Fá skulu þó látin nægja. Nefnd sú, sem fer með heilbrigðis- og tryggingamál, verður að hafa eftirlit með því, hvernig tryggingakerfið er notað — og hvort það sé misnotað. Slík nefnd þyrfti að hafa lifandi eftirlit með viðkvæmum málum eins og fóstureyðingum, og kalla fyrir sig hina fróðustu aðila í því skyni að hafa ævinlega haldgóðar upplýsingar. Slík nefnd þarf að hafa lifandi eftirlit með því, hvernig háttar framkvæmd laga um útgáfu lyfseðla, hvort þar væri þörf á breyttu og bættu eftirliti o. s. frv. Slík nefnd þyrfti að hafa með því lifandi eftirlit, hvort bæta megi rekstur heilbrigðiskerfisins í því skyni að spara skattgreiðendum fé án þess að slaka á fyllstu kröfum í nútímasamfélagi.

Segja má, að verkefni slíkra nefnda sé tvíþætt: annars vegar eins konar eftirlits- og aðhaldshlutverk og hins vegar rannsóknarhlutverk. Ef meiri hluti þingnefndar telur sig hafa vitneskju um það, að lög séu brotin í sambandi við innflutning á vörum til landsins, samkeppni í viðskiptum eða raunar hvað annað, sem lagasetningu snertir, þá á þingnefnd að geta gert á því úttekt og athugun.

Ljóst má vera, að efni þessa frumvarps á nokkra samleið með öðru frumvarpi, sem um nokkurra ára skeið hefur verið lagt fram, en ekki hlotið afgreiðslu. Er það frumvarp um það, að Alþingi starfi í einni deild. Það eftirlitsstarf þingsins, sem hér er lagt til, yrði allt stórum einfaldara í framkvæmd, ef Alþingi starfaði í einni deild.

Nokkur atriði eru óljós um framkvæmd þessa frumvarps. Til dæmis er ekki um það fjallað, hvernig bregðast skuli við, ef einstaklingur gefur þingnefnd rangar upplýsingar að yfirlögðu ráði. Rétt þykir, að reynsla skeri úr um það, hvernig þessi lög verði í framkvæmd, og verði þeim þá breytt eftir því sem reynslan segir til um.

Í stjórnarskrá er heimildarákvæði um rannsóknarnefndir þingsins. Þetta ákvæði hefur afar sjaldan verið notað, enda í fullu samræmi við þá fullyrðingu, að þingið hafi haft of lítinn áhuga á framkvæmd laga.

Sú þróun blasir við í lýðræðisríkjum í kringum okkur, að völd (einkum í formi sérfræði hvers konar) hafa verið að flytjast til framkvæmdavalds. Hið eðlilega svar hefur verið að styrkja eftirlitsvald þjóðþinga. Sums staðar eru þó gamlar hefðir fyrir slíku starfi löggjafarvaldsins, og á það einkum við um Bandaríki Norður-Ameríku. Segja má að eftirlitshlutverk löggjafarvaldsins sé þar lykill að lýðræði, aðgangur borgaranna að stjórnkerfinu og leið þeirra til þess að koma réttmætri gagnrýni á framfæri.

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela sérstakri rannsóknarnefnd, sem skipuð sé 7 mönnum og kosin af Alþingi, að láta fara fram ítarlega úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, enda hafi nefndin vald til þess að kalla þá fyrir sig sem hún telur eiga hlut að máli. Nefndin skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvarðanir, ágóða og skiptingu arðs. Þá skal nefndin kanna öll önnur viðskipti við varnarliðið.

Úttektin skal fara fram fyrir opnum tjöldum þannig að öllum almenningi gefist kostur á að fylgjast með þessari upplýsingaöflun.

Tilgangur úttektarinnar er að kanna hvort þessum viðskiptum verði komið haganlegar fyrir en nú er og hvort ágóða af þeim verði með öðrum hætti haganlegar og réttlátar skipt en nú er. Talsmaður nefndarinnar skal gefa sameinuðu þingi skýrslu að úttektinni lokinni.

Greinargerð.

Íslenskir aðalverktakar og fyrirtæki í tengslum við þá hafa starfað í rúman aldarfjórðung. Þeir hafa haft einkaleyfi á margháttuðum viðskiptum við varnarliðið. Þessi skipan mála þótti eðlileg á sínum tíma, en þó segir það sig sjálft, að margt hefur breyst síðan. Þykir því fyllilega tímabært að gera á því nákvæma úttekt, hvort þessi skipan mála sé ekki orðin úrelt og hvort ekki sé breytinga þörf.

Umræður um Íslenska aðalverktaka hafa á undanförnum árum og áratugum mjög blandast saman við almennar umræður um utanríkismál. Gagnrýnendur þessa rekstrar hafa jafnan verið — mjög gjarnan að minnsta kosti — andstæðingar markaðrar stefnu Íslendinga í varnar- og öryggismálum. Af þessum sökum hefur umræða um þessi viðskipti jafnað koðnað niður. Flutningsmenn telja að þessu þurfi að breyta, úttekt á þessum rekstri þurfi að fara fram óháð almennum skoðunum á utanríkismálum. Flutningsmenn eru raunar fylgjendur aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og náinni samstöðu og samvinnu Íslendinga með öðrum lýðræðisþjóðum. En flutningsmenn telja að það sé beinlínis í þágu þessarar samvinnu að öll viðskipti við varnarliðið séu gersamlega hafin yfir allan grun og að allir Íslendingar geri sér ljósa grein fyrir því, hvernig hátti efnahagslegum samskiptum okkar og Bandaríkjamanna í tengslum við varnarliðið svokallaða.

Þegar úttekt sem þessi skal fara fram á vegum Alþingis skiptir það auðvitað máli, að menn felli ekki efnisdóma áður en úttektin hefur farið fram. Tilgangurinn er einmitt að afla fáanlegra upplýsinga og á grundvelli þeirra ber síðan Alþingi að taka ákvarðanir um aðra skipan mála þyki því fengnar upplýsingar gefa tilefni til.

Langvarandi einokun viðskipta býður ævinlega hættum heim og vekur ávallt spurningar. Það er í þágu allra aðila að slíkum spurningum verði svarað. Á grundvelli slíkra upplýsinga er unnt að taka skynsamlegar og réttar ákvarðanir. Liggi litlar eða engar upplýsingar fyrir er slíkt auðvitað vart mögulegt og jafnvel ógerlegt.

Flutningsmenn taka skýrt fram að þeir líta svo á að það sé í þágu styrkara samstarfs lýðræðisþjóða að öll **viðskipti** umleikis þetta samstarf séu öllum ljós. Tortryggni í slíkum efnum, af einhverjum ástæðum eða ástæðulaus, er til þess fallin að grafa undan slíku samstarfi.

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra og kosti þess að velja þar stóriðnaði stað, t. d. í grennd við Akureyri eða Húsavík.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar samhljóða þessari var lögð fram á tveimur síðustu löggjafarþingum, en varð ekki útrædd. Þá fylgdi henni eftirfarandi greinargerð:

„Samdráttar hefur víða gætt í atvinnulífinu á liðnu hausti. Ástandið er greinilega langtum verst á Norðausturlandi, ef marka má opinberar tölur um atvinnuleysisskráningu. Ef frá eru taldir þeir sjávarútvegsstaðir, sem skortir hráefni, hefur atvinnuleysi orðið mest í stærstu kaupstöðunum. Þessi samdráttur á vafalítið rætur að rekja til öfugsnúinnar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, t. d. í vaxtamálum, gengis- og verðlagsmálum, auk húsnæðismála. Að því leyti er vandinn tímabundinn. Ástæða er þó til að ætla að til viðbótar sé um verulegan frambúðarvanda að ræða í eflingu atvinnulífsins, einkum á Akureyri og Húsavík, þar sem vaxtarbroddurinn er í iðnaði og þjónustugreinum.

Á Akureyri voru um 60% vinnuaflsins hjá 11 stærstu fyrirtækjum bæjarins árið 1970, en nú eru 70% vinnuaflsins hjá einvörðungu 7 fyrirtækjum, þar á meðal sjúkrahúsinu og Akureyrarbæ. Þessi stóru fyrirtæki: Útgerðarfélag Akureyringa, Verksmiðjur SÍS, Slippstöðin, Niðursuðuverksmiðja K. Jónsson og Co., svo nokkur séu nefnd, eiga öll í erfiðleikum vegna atvinnumálastefnu ríkisstjórnarinnar. Kjarni málsins er þó sá, að öll fyrrnefnd fyrirtæki virðast ekki líkleg til þess að vaxa umfram núverandi stærð og umsvif, jafnvel þótt úr rættist með atvinnustefnu stjórnvalda. Þess er með öðrum orðum ekki að vænta, að hjá þeim verði til ný nauðsynleg atvinnutækifæri á næstu árum, ef ungt fólk, sem kemur á vinnumarkaðinn, á að geta fest rætur og heimili á Akureyri.

Svipuðu máli gegnir um Húsavík. Þar virðist fiskiðnaðurinn vart bæta við sig verulegu vinnuafli og aðrar iðngreinar á Húsavík flestar bundnar þjónustu við heimamarkað. Nýr vaxtarbroddur er því nauðsynlegur þar til eflingar atvinnulífsins, ekki síður en á Akureyri, og hafa bæjaryfirvöld þar sýnt á þessu sérstakan skilning með athugunum á að koma á fót nýjum iðngreinum á Húsavík, m. a. trjákvoðuverksmiðju, sem kunnugt er.

Afar þýðingarmikil rök fyrir því, að velja stórfyrirtækjum stað í grennd við öfluga þéttbýlisstaði, felast í þeirri staðreynd, að einmitt þar hefur ný atvinnustarfsemi mest áhrif til eflingar annarra iðn- og þjónustugreina. Slíkt staðarval hefur því mest áhrif á byggðaþróun í landinu, sem unnt er að ná með einni ákvörðun. Akureyri er sem kunnugt er næsti þéttbýl-

isstaður utan höfuðborgarsvæðisins og þar er fyrir öflugastur iðnaður og þjónustugreinar á landsbyggðinni. Áætla má að fyrirtæki, sem veitir 400 manns atvinnu, muni örva aðra atvinnustarfsemi í Eyjafirði, þannig að um 600 ný atvinnutækifæri hlytust af staðarvali slíks stórfyrirtækis til viðbótar. Þannig yrði fjöldi nýrra atvinnutækifæra 1000 og íbúafjölgun a. m. k. 3000 manns vegna staðarvalsins. Á hinn bóginn yrði íbúafjölgun minni og færri ný atvinnutækifæri sem hlytust af staðarvali slíks fyrirtækis í 1000 manna héraði, en félagslegar aðstæður gjörbreytast þar sem hefðbundnir atvinnuvegir væru væntanlega einir til staðar í slíku byggðarlagi. Um framangreindar niðurstöður á þeim áhrifum, sem staðarval stórfyrirtækja hefur á atvinnu- og byggðaþróun, liggja fyrir reynsluathuganir, m. a. í Noregi.

Orkufrekur iðnaður kemur auðvitað sérstaklega til greina í framangreindu skyni. Þar sem orkukerfi landsins verður allt samtengt innan skamms yrði staðarval slíkra stórfyrirtækja í grennd við Akureyri eða Húsavík lítt háð stórvirkjunarstöðum, en um orkuþáttinn í þessu sambandi vísast til frumvarps sjálfstæðismanna um nýjar stórvirkjanir á þessum áratug."

Frá því að þessi greinargerð var samin, hefur komið æ betur í ljós, hvað atvinnuástand er alvarlegt á þessum stöðum, einkum á Akureyri. Alþingi hefur ákveðið að næsta stórvirkjun verði í Blöndu. Miklar umræður hafa farið fram um atvinnumálin á Norðurlandi í kjölfar þeirrar ákvörðunar og má raunar segja, að umræða um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi hafi staðið allt frá því að álverinu var valinn staður í Straumsvík á sínum tíma. Á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur starfað svonefnd Staðarvalsnefnd. Í skýrslu þeirrar nefndar um staðarval álvers segir svo um stærð vinnumarkaðar, samgöngur og þjónustuumhverfi fyrirtækja af þeirri stærð:

„Það er skoðun Staðarvalsnefndar að forðast beri eftir föngum myndun nýrra verksmiðjuþorpa og einhæfra iðnaðarbæja. Hníga þar einkum til hagrænar og félagslegar ástæður, sem studdar eru innlendri og erlendri reynslu og nánar verður vikið að í forvali skýrslu nefndarinnar. Staðarvalsnefnd telur affarasælla að nýtt fyrirtæki falli sem eðlileg og jákvæð viðbót inn í þá atvinnu- og félagslegu heild, sem fyrir er, án þess að raska verulega ríkjandi jafnvægi. Af þessum sökum er það álit staðarvalsnefndar, að einkum beri að stuðla að staðsetningu nýrra fyrirtækja í nágrenni þéttbýlis þannig að starfsmannafjöldi nýs fyrirtækis verði að jafnaði ekki meiri en 20% af þeim vinnumarkaði sem fyrir er á svæðinu. Starfsmannafjöldi í fullbyggðu álveri fyrir 130 þús. tonn, með skautsmiðju, er talinn vera um 600 manns. Að baki slíku fyrirtæki þyrfti því um 3000 manna vinnumarkað hið minnsta, að mati Staðarvalsnefndar, eða sem nemur u. þ. b. 7000 íbúum yfir komandi vinnusókn."

Ljóst er að þessar niðurstöður Staðarvalsnefndar eru, eins og segir í nefndarálitinu, studdar af erlendri reynslu og hafa þær í för með sér að útilokað er að velja stóru fyrirtæki stað (400—600 manna) annars staðar en í grennd við höfuðborgarsvæðið eða á Eyjafjarðarsvæðinu.

Alkunna er að nokkur ágreiningur hefur verið um stefnuna í atvinnumálum á Eyjafjarðarsvæðinu að þessu leyti. Af þeirri ástæðu skal hér með birt ályktun bæjarstjórnar Akureyrar um orkufrekan iðnað sem samþykkt var fyrir nokkrum dögum:

Ályktun bæjarstjórnar Akureyrar um atvinnumál.

1. Á áratugnum 1971—81 fjölgaði Akureyringum úr 10 930 manns í 13 420, eða um 2 490 manns. Þetta samsvarar rúmlega 2% fjölgun á ári. Í upphafi áratugs voru Akureyringar 5.28% allra landsmanna, en í lok hans 5.87%. Hlutfallsleg aukning er þannig 0.6%. Bæjarstjórn álítur að svipuð þróun á næsta áratug sé bæði eðlilegt og æskilegt markmið í þessu efni. Margvísleg stefnumörkun bæjarstjórnar á undanförnum árum hefur miðað í þessa átt. Má þar nefna nægilegt lóðaframboð til íbúðabygginga og atvinnustarfsemi og öra uppbyggingu ýmissar þjónustu bæjarins.

2. Bæjarstjórn telur fjölbreytt atvinnulíf nauðsynlega forsendu fyrir stöðugleika í efnahag bæjarins og bæjarbúa. Jafnframt stuðlar fjölbreytt atvinnuval að því, að allir geti fengið starf við sitt hæfi.
3. Bæjarfulltrúar hafa mismunandi afstöðu til þess, hvert skuli stefna um rekstrarform og stærð fyrirtækja. Hins vegar er tæplega ágreiningur nú um að rekstrarform skuli vera sem fjölbreytilegast og atvinnufyrirtæki í bænum stækki og eflist og auki vöru- og þjónustuframboð sitt sem mest að gæðum og fjölbreytni.
4. Akureyrarbær hefur ekki haft frumkvæði að stofnun margra fyrirtækja annarra en eigin þjónustufyrirtækja svo og veitustofnana bæjarins og strætisvagna. Þó átti bærinn frumkvæði að stofnun Útgerðarfélags Akureyringa hf. Akureyrarbær hefur aftur á móti orðið eigandi að nokkrum fyrirtækjum, venjulega á þann hátt að breyta skuldum þeirra við bæjarsjóð í hlutafé. Óhætt er að fullyrða að Akureyrarbær hefur getu til stofnunar eða reksturs fyrirtækja. Ljóst er að það fé, sem Akureyrarbær leggur í atvinnurekstur úr bæjarsjóði, rýrir möguleika bæjarins til að vinna að þeim verkefnum, sem honum ber lögum samkvæmt að sinna, eða öðrum verkefnum, sem talið er eðlilegt að bæjarfélög sinni. Við viss skilyrði er vilji fyrir því, að Akureyrarbær leggi fram fé til atvinnurekstrar, og má í því sambandi benda á Framkvæmdasjóð Akureyrar og reglugerð hans.
5. Það er mismunandi eftir fyrirtækjum, rekstrarformi og eignaraðild bæjarins að þeim, hvernig áhrif bæjarstjórnar eru í fjárfestingu og stjórnun þeirra. Þau geta verið í formi beinna fyrirmæla til einstakra fyrirtækja, eða fulltrúum bæjarins í stjórn eða á hluthafafundum er falið að beita sér fyrir tilteknum ákvörðunum.
6. Bæjarstjórn telur að nýta beri þau tækifæri til atvinnusköpunar sem landið og hafið umhverfis það bjóða upp á, þ. e. a. s. þær auðlindir er þjóðin hefur yfir að ráða. Vegna þeirrar umræðu, sem nú fer fram um hvernig nýta beri raforku sem áformað er að framleiða með fallvötnum landsins, **vill bæjarstjórn árétta að hún telur rök hníga að því, að næsta fyrirtæki í orkufrekum iðnaði, sem reist verður á landinu, rísi á Eyjafjarðarsvæðinu. Því beinir bæjarstjórn því til stjórnvalda, að nauðsynlegum rannsóknum á svæðinu verði hraðað og á grundvelli þeirra niðurstaðna verði tekin ákvörðun um stofnun slíks iðnaðar í samráði við íbúa svæðisins.** (Leturbr. hér.)
7. Bæjarstjórn telur að iðnþróunarfélagi Eyjafjarðarbyggða beri að efla iðnþróun á Eyjafjarðarsvæðinu með skipulegri leit að hagkvæmum tækifærum til fjárfestingar í iðnfyrirtækjum og undirbúningi að stofnun slíkra fyrirtækja. Stuðningur bæjarins við félagið verður í formi beinna fjárframlaga, þ. e. hlutabréfakaupa eða með lánum, endurlánum og ábyrgðum.

Það skal tekið fram, að fulltrúar Kvennaframboðs og fulltrúar Alþýðubandalags í bæjarstjórn Akureyrar gerðu nokkurn fyrirvara við þessa samþykkt með sérbókun, en þessi ályktun var samþykkt samhljóða í bæjarstjórn Akureyrar.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. komi nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Verðlagsstofnun skal mánaðarlega gefa út verðkynningarrit þar sem fram kemur verð og verðlagsbreytingar á öllum helstu þáttum vöru og þjónustu sem Verðlagsstofnun fjallar um eða fær til staðfestingar. Ef um er að ræða verðlagsbreytingar á vöru og þjónustu umfram almenna verðlagsþróun skal gefa á því sérstakar skýringar.

Auk þess skal í verðkynningarritinu fjallað um breytingu á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

Fyrirkomulag dreifingar skal ákveðið af Verðlagsstofnun, en skal þó þannig háttað að tryggt sé eins og kostur er að það nái til sem flestra neytenda.

Á fjárlögum ár hvert skal Verðlagsstofnun tryggt fjármagn til að standa undir útgáfukostnaðinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Því hefur verið haldið fram, að í skjóli myntbreytingarinnar hafi átt sér stað óeðlilegar verðlagshækkanir, og eru sérstaklega nefndar smávörur í því sambandi.

Fram kom á Alþingi s. l. vetur í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn um ráðstafanir vegna myntbreytingarinnar að verðlagseftirlit hefði einkum beinst að vöru- og þjónustuliðum sem hvað þyngst vega í framfærslukostnaði almennings. Jafnframt hefði verið fylgst með þróun verðlags á ýmsum smærri vörum, sem ekki eru bundnar hreinum verðlagsákvæðum. Fram kom að ýmsar smærri vörur hefðu hækkað meira en verðlag almennt, en einnig samkvæmt upplýsingum Verðlagsstofnunar, að það hefði þó verið mun minna en gefið hefði verið til kynna í opinberri umræðu. Orðrétt segir m. a. í svari viðskiptaráðherra:

„Margt bendir til þess, að þær verðhækkanir á smávörum, sem verið hafa umfram almennar kostnaðarhækkanir á þessu ári, megi rekja til myntbreytingarinnar.“

Þó úrtakskannanir hafi verið gerðar á vegum Verðlagsstofnunar til að varpa ljósi á þetta mál, þá er það mat flm. þessa frumvarps, að of lítið hafi verið gert af hálfu stjórnvalda til aðhalds og eftirlits með verðlagsþróun og að kannanir Verðlagsstofnunar hefðu þurft að vera ítarlegri og yfirgripsmeiri strax í kjölfar myntbreytingarinnar. Hafa verður þó í huga að miðað við starfsaðstöðu hefði Verðlagsstofnun að óbreyttu varla getað staðið fyrir eins ítarlegri könnun og úttekt á verðlagsþróun frá upphafi myntbreytingar og æskilegt hefði verið.

Miðað við þá almennu skoðun, sem uppi er í þjóðfélaginu, að óeðlilegar verðlagshækkanir hafi átt sér stað frá myntbreytingunni, þá gæti verið æskilegt og gagnlegt að gerð væri ítarleg könnun og úttekt á allri verðlagsþróun vöru og þjónustu frá myntbreytingunni. En á

það ber að líta, að þar sem nær tvö ár eru liðin frá myntbreytingunni yrði slík könnun mjög tímafrek, viðamikil og kostnaðarsöm og greinilega ýmsum annmörkum háð þar sem svo langt er um liðið.

Auk þess sem verðhækkanir á ýmsum varningi virðast hafa verið meiri en eðlilegt getur talist eftir myntbreytinguna má færa að því töluleg rök, að einkaneysla hafi aukist til mikilla muna eftir hana. Bendir það til þess, að breytingin hafi haft önnur áhrif en þau sem hún átti að hafa, þ. e. að verðskyn fólks hafi slævst í stað þess að þroskast.

Virðist því vera nauðsynlegt að leitað sé nýrra leiða til að halda uppi virkara aðhaldi og eftirliti með allri verðlagsþróun vöru og þjónustu, sem jafnframt gæti eflt verðskyn neytenda og þekkingu á vöruverði og þróun þess, en það er einmitt tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps.

Nokkuð er ljóst að bæði myntbreytingin og óðaverðbólgan hafa ruglað mjög verðskyn neytenda. Ekki þarf að undra slíkt, því þær öru verðlagsbreytingar, sem sífellt eiga sér stað, gera það að verkum, að neytendur almennt festa sér ekki einu sinni í minni á hvaða tug verðlag á brýnustu nauðsynjum stendur þó um sé að ræða vörur sem notaðar eru frá degi til dags.

Flestir eru sammála um það, að nauðsynlegur þáttur í aðhaldi og eftirliti með allri verðlagsþróun sé virkt neytendaeftirlit. Leita verður því leiða til að gera neytendum kleift að halda uppi slíku eftirliti því við núverandi aðstæður er það gjörsamlega útilokað.

Ef sú leið væri farin, sem í þessu frumvarpi felst, þá opnuðust möguleikar til að koma á virku neytendaeftirliti.

Í verðkynningarriti er nauðsynlegt að fram komi upplýsingar um verð og verðlagsbreytingar sem eiga sér stað frá mánuði til mánaðar á helstu nauðsynjavörum og allri algengri þjónustu. Nefna má upplýsingar um leyft hámarksverð þar sem um það er að ræða, heimildir til hlutfallslegrar verðhækkunar, ákvæði um álagningu ýmissa vöruflokka, auk upplýsinga um gjaldskrár og verðtaxta sem sett eru af einstökum stéttum og þjónustuaðilum. Einnig væri brýnt að í slíku riti kæmu fram skýringar ef um verðlagsbreytingu er að ræða umfram almenna verðlagsþróun, auk þess sem fjallað væri um allar breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi. Þannig kæmu fram í verðkynningarritinu upplýsingar um vörur sem felldar hafa verið undan verðlagsákvæðum. Því yrði síðan fylgt eftir í verðkynningarritinu, hvernig slík breyting gefst, auk þess sem neytendur sjálfir geta þá betur glöggvað sig á þróun þeirra breytinga sem verður þegar vörur eru felldar undan verðlagsákvæðum.

Á það er rétt að benda, að á vegum Verðlagsstofnunar hefur verið gert nokkurt átak í verðkynningu, sem þó er hvergi nægjanlegt.

Gefin hafa verið út 14 tbl. af „Verðkynningu frá Verðlagsstofnun", en útgáfan hófst í febrúarmánuði 1981.

Eftirtaldar verðkannanir hafa birst þar:

1. árgangur:

1. tbl. Hvað kosta bifreiðavarahlutir?
2. tbl. Verðsamanburður milli vörumerkja.
3. tbl. Verðkönnun á nýlenduvörum í Reykjavík (vesturbæ).
4. tbl. Verðsamanburður á verðlistavörum og vörum úr verslun í Reykjavík.
5. tbl. Könnun á verði matsölustaða.
6. tbl. Verðkönnun á nýlenduvörum í Reykjavík (Breiðholts-, Fossvogs- og Bústaðahverfi).
7. tbl. Verðkönnun á leikföngum.

2. árgangur:

1. tbl. Verðkönnun á ljósmyndafilmum og framköllunarþjónustu.
2. tbl. Verðkönnun á hárgreiðslustofum.
3. tbl. Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd.
4. tbl. Verðkönnun á nýlenduvörum í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum.
5. tbl. Verðsamanburður milli vörumerkja og þyngdareininga.
6. tbl. Verðkönnun á málningarvörum.
7. tbl. Verðkönnun á nýlenduvörum á Vestfjörðum.

Þessum sérstöku verðkynningarblöðum var dreift endurgjaldslaust á ýmsa staði, svo sem biðstofur lækna og tannlækna, hárgreiðslu- og snyrtistofur, auk rakara. Kannað var í upphafi þessa árs hvort verkalýðsfélögin hefðu áhuga á samvinnu við stofnunina þannig að dreifa mætti blaðinu á vinnustaði í gegnum trúnaðarmannakerfi þessara félaga. Áhugi reyndist fyrir hendi, en ekki fékkst aukin fjárveiting til kynningarstarfsins þannig að þetta væri unnt.

Ljóst er að regluleg útgáfa verðkynningarrits eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir krefst nokkurs fjármagns, sem erfitt er að áætla. Felst það auðvitað í því, hvað vel verður til þessa rits vandað, ef ákvæði þessa frumvarps verða að lögum, og eins hinu, að samkvæmt frumvarpinu er ekki kveðið á um, með hvaða hætti dreifingu verður háttað, að öðru leyti en því, að hún nái til sem flestra neytenda.

Bein útgjöld vegna „Verðkynningar frá Verðlagsstofnun", sem áður hefur verið lýst (þ. e. vinnslu í prentsmiðju og burðargjalda), má áætla að meðaltali 7 900 kr. á tölublað, og er þá aðeins miðað við að upplagið sé 1200 eintök. Varla er þó hægt að draga nokkrar ályktanir út frá þeim tölum þar sem bæði er það rit miklu umfangsminna en hér er gert ráð fyrir auk þess sem dreifing er miklum mun takmarkaðri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ekki er þó fjarri lagi að telja að útgáfukostnaðurinn gæti skilað sér aftur, ef árangur af útgáfunni leiddi til virks eftirlits og aðhalds, — örvaði verðskyn neytenda, auk þess sem það gæti leitt til aukinnar samkeppni milli sölu- og þjónustuaðila um sem lægst verð á vöru og þjónustu.

Sýni sig að þessi leið skili ekki tilætluðum árangri mætti meta að nýju þetta ákvæði og leita þess í stað nýrra leiða að því markmiði sem frumvarp þetta felur í sér.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu að síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Samhljóða frv. voru flutt á 102., 103. og 104. löggjafarþingi.

Með lögum nr. 63/1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga er ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en fá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi, ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um að meginreglan átti að verða sú, að útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana átti að verða meginreglan. Þetta má enn fremur sjá með því að skoða greinargerð frumvarps laganna um skipan opinberra framkvæmda, en þar segir m. a.: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 476). Í athugasemdum við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 479).

Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg. Í svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurnum í Sþ. 22. apríl 1980 og 30. nóv. 1981 um útboð verklegra framkvæmda komu fram upplýsingar um útboð nokkurra ríkisstofnana. Þar kom m. a. eftirfarandi fram:

Heildarframkvæmdir Vegagerðar ríkisins til nýrra framkvæmda við vega- og brúargerð námu á árinu 1978 4580 millj. kr. Greiðslur til verktaka sem hlutfall af þessum framkvæmdum námu 11%. Sambærilegar tölur fyrir árið 1979 eru 5630 millj. kr. og 12%. 1980 voru útboðsverk 274 millj. kr. (2.1%), samningsverk 2207 millj. kr. (16.7%), samtals til verktaka 2482 millj. kr. eða 18.8% af heildarframkvæmdum. 1981 voru útboðsverk 14.26 millj. nýkr. (7.1%), samningsverk 26.15 millj. nýkr. (13.1%), samtals til verktaka 50.41 millj. nýkr. eða 20.2% af heildarframkvæmdum.

Hjá Hafnamálastofnuninni voru heildarframkvæmdir 1978 2402 millj. kr. Hlutfall útboða af þessum framkvæmdum var 14.7%. Árið 1979 voru heildarframkvæmdir hjá stofnuninni 2600 millj. kr. og hlutfall útboða 14.6%. 1980 voru útboðsverk af framkvæmdum 17.8%, þar af innlend 5%, en erlend (aðallega efni) 12%. 1981 voru útboð innanlands vegna framkvæmda 6¼%.

Hjá Flugmálastjórn unnu verktakar 13% af verkefnum við flugvallagerð árið 1978 og 24% árið 1979, 19% 1980 og 13,2% 1981.

Af þessum tölum má sjá að því fer fjarri, að meginstefna laganna frá 1970 um útboð hafi verið framkvæmd. Í ofangreindu svari hæstv. samgönguráðherra kom fram, að 3. mgr. 21. gr. laganna um opinberar framkvæmdir hefði verið túlkuð þannig, að viðkomandi stofnunum hefði verið falin framkvæmd verkefna á sínum sérsviðum án skilyrða um útboð sem aðalreglu.

3. mgr. 21. gr. hljóðar svo: „Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.“ Samkvæmt þessu frv. er ráðgert að bæta einni málsgrein við þessa setningu til að taka af öll tvímæli um það, að útboð skuli vera aðalstefnan, þrátt fyrir þetta ákvæði,

þannig að ríkisstofnanir eigi að láta útboð fara fram nema skilyrði undantekningarákvæða 13. gr. séu fyrir hendi.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða, að ráðherra geti veitt ríkisstofnunum ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga. Hér er aðallega átt við að ríkisstofnanir, sem nú framkvæma aðallega verk sín sjálfar, fái tíma til að losa sig við tæki og útbúnað svo og til að útvega þeim starfsmönnum ný störf, sem skipta þyrftu um störf af þessum ástæðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Magnús H. Magnússon, Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Nú er örorkan metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum 35. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, **og gildir það bæði vegna barna, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra, sem hann framfærir síðar.** Sé orkutapið minna en 75%, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.

2. gr.

Í d.-lið 35. gr. laganna komi: „18 ára“ í stað „16 ára“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við 1. gr.

Í stað „16 ára“ komi „18 ára“. Með lögum nr. 9/1981, barnalögum, nær framfærsluskylda nú til **18 ára aldurs.** Meðlög og barnalífeyrir almannatrygginga greiðast til 18 ára aldurs eftir að lögum um almannatryggingar var breytt til samræmis við barnalögin, sbr. lög nr. 11/1982. Í raun hefur ákvæðum um barnalífeyri slysatrygginga verið breytt, þar sem í 35. gr. almannatryggingalaga, lið c, er vísað til 14. gr. laganna og greiðslur hafnar í samræmi við það, en nauðsynlegt er að samræma aldursmarkið einnig í 3. málsgr. 34. gr. þeirra.

Meginatriði þessa frumvarps er þó það, að samkvæmt núgildandi lögum fær maður, sem metinn er 75% öryrki af völdum slyss sem bótaskylt er samkvæmt ákvæðum um slysatryggingar almannatrygginga, einungis greiddan barnalífeyri með þeim börnum, sem hann framfærði þegar örorkumatið fór fram. Aðrir örorkulífeyrisþegar fá hins vegar greiddan barnalífeyri með öllum þeim börnum, sem eru á framfæri þeirra.

Ástæðurnar fyrir þessu misræmi í löggjöfinni má eflaust rekja til þess, að litið var á slysabætur sem skaðabætur fyrir það tjón, sem hinn slasaði varð fyrir þegar slysið varð, og

segja má að það sjónarmið eigi rétt á sér varðandi þær greiðslur slysatrygginga, sem greiddar eru í einu lagi. Öðru máli gegnir um þær slysabætur, sem greiddar eru mánaðarlega á sama hátt og almennur örorkulífeyrir. Á þeim greiðslum er sá munur einn, að slysatryggingasjóður ber allan kostnað af bótum hinna slysatryggðu, en lífeyristryggingar annarra örorkulífeyrisþega. **Hvorir tveggja eiga sömu hagsmuna að gæta varðandi almenna afkomu og óréttlátt að þar sé munur á eftir því, hverjar orsakir örorkunnar voru.**

Þeir, sem njóta bóta slysatrygginga, eru fyrst og fremst launþegar sem slasast við vinnu, iðnnemar sem slasast við störf sín, stjórnendur aflvéla og ökutækja sem slasast við akstur, útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar og slasast við störf, þeir sem slasast við björgunarstörf og íþróttamenn sem slasast við æfingar eða í keppni, sjá nánar 29. gr. laga um almannatryggingar.

Þá er einnig nokkrum öðrum hópum gefinn kostur á slysatryggingu, sbr. 30. gr. laga um almannatryggingar.

Útgjöld slysatrygginga bera atvinnurekendur og eigendur aflvéla og ökutækja ásamt nokkrum hópi launþega, sbr. 36. gr. laga um almannatryggingar.

Útgjöld lífeyristrygginga bera hins vegar ríki og atvinnurekendur þannig að framlag atvinnurekenda skal vera 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs, sjá 20. gr. laga um almannatryggingar.

Deila má um hvort eðlilegt sé að örorka sé bætt úr mismunandi sjóðum eftir því, hvernig orsakir hennar bar að. En meðan svo er verður a. m. k. að tryggja, að afkoma annars hóps örorkulífeyrisþega sé ekki mun lakari en hins. Og síst af öllu má afkoma barna þessara aðila vera mismunandi.

Við 2. gr.

Þar er einnig um að ræða leiðréttingu til samræmis við þegar gerðar breytingar, þ. e. að í stað „16 ára“ komi „18 ára“.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Vilmundur Gylfason, Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

1) Í 3. gr. laganna 2. mgr. kemur nýr liður sem verði a-liður og hljóði svo:
   1/4% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim, enda sé ekki um að ræða sumarbústaði sem notaðir eru til íbúðar allt árið.
2) a-liður 2. mgr. verði b-liður og núverandi b-liður verði c-liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt. Eftirfarandi grg. fylgdi frv.:

Mikill fjöldi forustumanna ýmissa félagasamtaka hefur óskað eftir því við þingmenn, að þeir endurskoði þau ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga sem fjalla um fasteignagjöld af sumarbústöðum.

Með vaxandi þéttbýlismyndun fer stöðugt vaxandi þörf almennings til útivistar í óspilltri náttúru.

Af þeim sökum hafa fjölmargir kaupstaðarbúar komið sér upp sumarbústöðum á undanförnum árum og eyða þar orlofi sínu og helgum yfir sumartímann. Nýting þessara eigna er hins vegar það lítil samanborið við heimili manna að fráleitt er að leggja á þau samsvarandi fasteignagjöld og íbúðarhúsnæði í þéttbýli. Með hliðsjón af því, að notkunartími þessara eigna er vart meiri en 3 mánuðir á ári og í flestum tilvikum styttri, þykir eðlilegt að fasteignagjöld af þessum eignum séu aðeins 1/4 af fasteignagjöldum af fasteignum í kaupstöðum.

Með þessar staðreyndir í huga telja flm. rétt að ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á þann veg sem lagt er til í frv. þessu.

Sþ. 23. Fyrirspurn [23. mál]

til dómsmálaráðherra um embættisfærslu sýslumanns á Höfn í Hornafirði.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hefur dómsmálaráðherra talið ástæðu til að gera athugasemd við embættisfærslu sýslumanns á Höfn í Hornafirði hinn 18. ágúst s. l.?

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um viðræðunefnd við Alusuisse.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Egill Jónsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til viðræðna við Alusuisse, þar sem m. a. verði fjallað um eftirfarandi atriði:

— Að leiða til lykta skoðanaágreining Alusuisse og íslenska ríkisins vegna samninga aðilanna um álbræðsluna í Straumsvík.

— Að vinna að endurskoðun á samningi um raforkusölu til ÍSALs í samráði við Landsvirkjun í því skyni að fá verulega hækkun á raforkuverði.

— Að vinna að endurskoðun á gildandi samningsákvæðum um framleiðslugjald ÍSALs.

— Að ræða möguleika á stækkun verksmiðjunnar.

— Að ræða önnur þau atriði sem máli skipta varðandi framtíðarsamvinnu Íslendinga og Alusuisse, þ. á m. framleiðslu rafskauta.

Viðræðunefndin skal hafa fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem þegar liggja fyrir um mál þetta. Enn fremur er nefndinni heimilt að leita samstarfs við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Árið 1975 var gerður samningur við Alusuisse um endurskoðun á samningunum um álverið í Straumsvík frá árinu 1966. Sú endurskoðun leiddi til þess, að samið var um verulega

hækkun á rafmagnsverði, auk þess sem breytt var reglum um framleiðslugjaldið sem ÍSAL greiðir í stað venjulegra skatta hérlendis. Hækkun rafmagnsverðsins var rökstudd með því, að orkuverð í heiminum hefði hækkað verulega frá því samningurinn var upphaflega gerður. Með endurskoðun samningsins frá 1975 var brautin rudd fyrir því, að slík endurskoðun gæti farið fram við svipaðar aðstæður.

Þegar á árinu 1979 var ljóst að forsendur samningsins frá 1975 höfðu breyst verulega þar sem orkuverð í heiminum hefði enn stórhækkað. Af hálfu núverandi iðnaðarráðherra var hins vegar látið hjá líða að hefja slíka endurskoðun samninganna. Jafnframt er ljóst að samningsákvæði um endurskoðun á ársreikningum ÍSALs voru ekki nýtt allt frá árinu 1975 þar til árið 1981 að ráðherra birti að hluta niðurstöður endurskoðunar fyrir árið 1980.

Þegar í desember 1980 bauð Sjálfstæðisflokkurinn fram samstarf við iðnaðarráðherra um athugun á viðskiptum Alusuisse og Íslendinga. Því boði var í engu sinnt. Þegar birtar höfðu verið niðurstöður endurskoðunarskýrslu Coopers and Lybrand um „súrálmálið" í júlí 1981 gerði þingflokkur sjálfstæðismanna ítarlega samþykkt um málið. Aðalatriði þeirrar samþykktar voru þau, að það sé krafa þingflokksins, að samningar séu haldnir í hvívetna, að þingflokkurinn gagnrýni iðnaðarráðherra vegna málsmeðferðar og að þingflokkurinn leggi áherslu á að samstaða náist um aðgerðir sem nauðsynlegar kunni að reynast. Minnt var á áðurnefnt boð um samvinnu frá því í desember 1980 sem ekki var tekið. Í ályktuninni taldi þingflokkurinn að fyrsta skrefið væri að ljúka alhliða athugun málsins og síðan að taka upp viðræður við Alusuisse, m. a. um hækkun raforkuverðs og skattgreiðslur fyrirtækisins. Sjá nánar ályktunina sem birt er sem fylgiskjal með greinargerð þessari.

Það var fyrst 31. júlí 1981 sem iðnaðarráðherra skipaði „nefnd til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstjórnarinnar vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum.

Það var fyrst um miðjan september sem fulltrúa þingflokks Sjálfstæðisflokksins barst skipunarbréf í nefndina. Í nefndina voru tilnefndir fulltrúar frá iðnaðarráðherra, frá aðilum að ríkisstjórn og frá stjórnarandstöðuflokkunum. Þrátt fyrir skipun þessarar viðræðunefndar fer því fjarri, að eðlileg og nauðsynleg samráð hafi verið höfð við stjórnarandstöðu í máli þessu. Viðræðunefndin hefur aðeins haldið tvo beina viðræðufundi við Alusuisse og engar líkur á að framhald verði á þeim viðræðum. Fundir ráðherra við fulltrúa Alusuisse hafa og reynst árangurslausir.

5. maí 1982 ritaði Sjálfstæðisflokkurinn iðnaðarráðherra bréf þar sem málsmeðferð var harðlega gagnrýnd. Bréf þetta var ekki birt þá þar sem fyrir dyrum stóðu samningaviðræður við Alusuisse. Bréf þetta er hins vegar nú birt sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Niðurlag bréfsins var svohljóðandi:

„ ...Af þessu tilefni vill Sjálfstæðisflokkurinn láta í ljós mikla óánægju yfir að ekki hefur af heilindum verið efnt til þess samstarfs við stjórnarandstöðuna sem nauðsynlegt verður að teljast í svo mikilvægu máli. Forsenda þess, að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli, er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum.

Sjálfstæðisflokkurinn minnir á að hann tilnefndi fulltrúa sinn í viðræðunefnd fyrst og fremst til að eiga viðræður við Alusuisse vegna skoðanaágreinings um túlkun samninga og til að fá úr því skorið, hvort Alusuisse hafi brotið samninga eins og iðnaðarráðherra hefur borið fyrirtækinu á brýn. Að þessu verkefni hefur síður en svo verið unnið sem skyldi. Um önnur atriði, eins og t. d. endurskoðun raforkuverðs, breytta eignaraðild og stækkun álvers, er nauðsynlegt og eðlilegt að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka og sérstök nefnd sé skipuð til að annast þær viðræður. Sjálfstæðisflokkurinn er að sjálfsögðu reiðubúinn fyrir sitt leyti að taka þátt í slíku samstarfi. Núverandi starfshættir eru hins vegar óþolandi, þar sem iðnaðarráðherra hefur ekki staðið við fyrirheit um samstarf við stjórnarandstöðuna eða sinnt boði Sjálfstæðisflokksins um samvinnu í þessu efni, eins og að framan hefur verið rakið."

Frá því bréf þetta var ritað hefur málsmeðferð í engu breyst. Árangur hefur og enginn orðið af starfi ráðherra eða viðræðunefndar í máli þessu.

Ástæða er til að gagnrýna harðlega iðnaðarráðherra fyrir meðferð á þessu máli. Í því sambandi má benda á:

— Þrátt fyrir skýlaus ákvæði í samningum Íslendinga og Alusuisse um fullan rétt okkar til endurskoðunar á reikningum ÍSALs lét ráðherra undir höfuð leggjast að láta endurskoða fyrr en reikninga ársins 1980.

— Iðnaðarráðherra kaus þá málsmeðferð að hefja á opinberum vettvangi stórfelldar ásakanir um sviksamlegt athæfi Alusuisse þegar í desember 1980. Ráðherra hefur síðan neyðst til að draga í land, en heldur þó uppteknum hætti á opinberum vettvangi. Þessi klaufalega samningaaðferð iðnaðarráðherra hefur tafið alla samninga og spillt fyrir möguleikum okkar að fá fram úrslit í þeim málum, sem okkur eru mikilvægust, einkum hækkað raforkuverð. Virðist reyndar sem ráðherra hafi alveg gefist upp við að ná fram samningum um hækkað raforkuverð.

— Á árinu 1980 var mjög gott tækifæri til að ná fram hækkun rafmagnsverðs. Bæði hafði orkuverð í heiminum hækkað mjög og verð á áli var mjög gott eða allt að 2000 Bandaríkjadollarar á tonn og bjartsýni ríkjandi um framtíðarþróun álmarkaðarins. Þetta góða tækifæri hefur ráðherra látið sér úr greipum ganga, en álverð hefur nú lækkað niður fyrir 1000 Bandaríkjadollara á tonn. Líkurnar fyrir góðum árangri eru því minni en áður. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að halda áfram af meiri alvöru en gert hefur verið að ná fram verulegri hækkun rafmagnsverðs.

Öllum Íslendingum ætti nú að vera ljóst að núverandi iðnaðarráðherra hefur enga getu til að ráða fram úr þessu mikilvæga hagsmunamáli. Þess vegna er það brýnt, að Alþingi taki í taumana og veiti forustu í þeim viðræðum sem nú hafa farið út um þúfur við Alusuisse. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Fylgiskjöl með greinargerðinni:

I. Ályktun þingflokks Sjálfstæðisflokksins frá 20. júlí 1981.

II. Bréf Sjálfstæðisflokksins til iðnaðarráðherra, dags. 5. maí 1982.

Fylgiskjal I.

Ályktun þingflokks sjálfstæðismanna um súrálmálið 20. júlí 1981.

„Þingflokkur sjálfstæðismanna telur að samningar Íslendinga og Alusuisse um álverið í Straumsvík tryggi rétt okkar, og það er krafa þingflokksins, að þeir séu haldnir í hvívetna. Þarf því að ganga úr skugga um það, hvort svo hafi verið eða ekki, með alhliða athugun á þeim þáttum í rekstri ÍSALs, sem varða íslenska hagsmuni.

Í desember sl. setti iðnaðarráðherra opinberlega fram ásakanir á hendur Alusuisse um að fyrirtækið hefði með sviksamlegum hætti haft fé af Íslendingum með því að verðleggja súrál til íslenska álfélagsins of hátt sem næmi 47,5 milljónum dollara á tímabilinu 1. janúar 1974 til 30. júní 1980. Samtímis var breska endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand falin athugun málsins. Verulegur dráttur hefur orðið á verki þessu, því að niðurstöður endurskoðunarfyrirtækisins komu ekki fyrr en í þessum mánuði. Kemur þá í ljós að samkvæmt fyrirmælum iðnaðarráðherra hefur rannsóknin einungis beinst að takmörkuðum

þætti í rekstri ÍSALs, þar sem eru innkaup á súráli, en ekki fjallað um aðra þætti sem varða íslenska hagsmuni.

Í skýrslu Coopers & Lybrand kemur fram að svokölluð „hækkun í hafi", sem ráðherra lagði mest upp úr í desember sl., sé alls ekki hinn raunverulegi prófsteinn á það, hvort staðið hafi verið við samninga, heldur beri að líta til þess, hvort verð á súráli til ÍSALs sé sambærilegt við verðlag í viðskiptum milli óskyldra aðila, og kunni mismunurinn að nema 16 milljónum dollara á tímabilinu 1. janúar 1975 til 30. júní 1980, en á það bent, að atriði til mótvægis geti komið þar til greina. Hins vegar er hvorki að finna í skýrslunni hvaða áhrif þetta umframverð kunni að hafa haft á skattgreiðslu ÍSALs á þessu tímabili né hver niðurstaða yrði ef litið væri til annarra atriða sem varða íslenska hagsmuni, enda var endurskoðendum ekki veitt umboð til slíkrar athugunar. Almenningur fær takmarkaða vitneskju um málið þar sem iðnaðarráðherra liggur á upplýsingum og skýlir sér bak við kröfu Alusuisse um leynd.

Þingflokkurinn gagnrýnir þá málsmeðferð iðnaðarráðherra að hlaupa með svo mikilvægt mál í fjölmiðla áður en nægileg athugun hefur farið fram, síðan að takmarka rannsókn málsins svo sem raun ber vitni og loks að haga upplýsingamiðlun að eigin geðþótta. Ber þetta allt frekar vott um áróðursherferð gegn stóriðju heldur en eðlilega gæslu íslenskra hagsmuna. Auk þess er upplýst að iðnaðarráðherra hefur ekki hagnýtt samningsbundinn rétt Íslendinga til heildarendurskoðunar á reikningum ÍSALs fyrr en á þessu ári. Þessi vinnubrögð öll eru til þess fallin að veikja samningsaðstöðu okkar í málinu.

Þingflokkur sjálfstæðismanna leggur áherslu á að samstaða náist um þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að reynast. Þess vegna bauð flokkurinn ríkisstjórninni samvinnu í máli þessu strax í desember sl. Þessu boði var í engu sinnt fyrr en nú, er ríkisstjórnin falast eftir samstöðu við stjórnarandstöðuna.

Þingflokkur sjálfstæðismanna telur uppbyggingu orkufreks iðnaðar til hagnýtingar orkulinda landsins eitt mikilvægasta framfaramál þjóðarinnar og minnir í því sambandi á tillögur flokksins á Alþingi. Flokkurinn er fús til samstarfs um málefni álversins í Straumsvík, enda verði ríkisstjórnin reiðubúin til samvinnu á þeim grundvelli sem nauðsynlegur er.

Þingflokkurinn telur að fyrsta skrefið sé að ljúka alhliða athugun málsins, þannig að í ljós komi hvort Íslendingar hafi orðið fyrir tjóni á skattgreiðslum eða með öðrum hætti. Vegna breyttra aðstæðna frá því að endurskoðun álsamningsins fór fram árið 1975 verði síðan teknar upp viðræður við Alusuisse, m. a. um hækkun raforkuverðs og skattgreiðslu fyrirtækisins. Jafnframt fari fram athugun á aðgerðum til þess að bæta rekstursafkomu álversins, þar á meðal stækkun þess, svo og eignaraðild. Jafnhliða verði teknar upp viðræður við aðra aðila um samstarf og þátttöku í áliðnaði og öðrum orkufrekum iðnaði hér á landi.

Til að vinna að framangreindum verkefnum telur þingflokkurinn nauðsynlegt að sett verði á stofn fagleg nefnd með aðild allra þingflokka undir forustu sem þeir geta sætt sig við."

Fylgiskjal II.

Sjálfstæðisflokkurinn

Reykjavík, 5. maí 1982.

Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Reykjavík.

Þann 31. júlí sl. skipaði iðnaðarráðuneytið „nefnd til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstjórnarinnar vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum." Í nefndina voru skipaðir fulltrúar tilnefndir af iðnaðarráðherra, ríkisstjórn og stjórnarandstöðuflokkunum.

Áður, eða 21. júlí 1981, hafði þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkt ítarlega ályktun um ágreininginn við Alusuisse, þar sem fram kom m. a. að þingflokkur sjálfstæðismanna legði áherslu á að samstaða næðist um þær aðgerðir sem nauðsynlegar kynnu að reynast. Þess vegna hefði flokkurinn boðið ríkisstjórninni samvinnu í máli þessu strax í desember 1980, en því boði hefði í engu verið sinnt fyrr en ríkisstjórnin falaðist eftir samstöðu við stjórnarandstöðuna í júlí 1981.

Í þeirri ályktun lýsti flokkurinn sig fúsan „til samstarfs um málefni álversins í Straumsvík, enda verði ríkisstjórnin reiðubúin til samvinnu á þeim grundvelli sem nauðsynlegur er."

Þrátt fyrir þetta tilboð Sjálfstæðisflokksins um samstarf og þrátt fyrir skipun viðræðunefndar með aðild stjórnar og stjórnarandstöðu fer því fjarri, að eðlileg og nauðsynleg samráð hafi verið höfð við Sjálfstæðisflokkinn í máli þessu. Viðræðunefndin hefur aðeins haldið tvo beina viðræðufundi við Alusuisse, og ekkert liggur fyrir um það að svo stöddu, hvort um framhald verði að ræða á slíkum fundum eða hvenær.

Þá hefur viðræðunefndin ekki átt aðild að þeirri stefnumörkun, sem væntanlega hefur verið unnið að til undirbúnings þeim fundum sem ráðherrar hafa átt við fulltrúa Alusuisse síðan í febrúar sl.

Nú er t. d. fyrirhugaður viðræðufundur við fulltrúa Alusuisse í Reykjavík í dag. Boðað hefur verið að iðnaðarráðherra muni mæta á þeim fundi ásamt aðstoðarmönnum. Ofangreind viðræðunefnd hefur ekki verið kölluð til í sambandi við stefnumörkun varðandi þann fund. Jafnframt er ljóst að iðnaðarráðuneytið hefur getað hagað því eftir geðþótta sínum, hvaða verkefni nefndin hefur fengið.

Af þessu tilefni vill Sjálfstæðisflokkurinn láta í ljós mikla óánægju yfir að ekki hefur af heilindum verið efnt til þess samstarfs við stjórnarandstöðuna sem nauðsynlegt verður að teljast í svo mikilvægu máli. Forsenda þess, að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli, er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum.

Sjálfstæðisflokkurinn minnir á að hann tilnefndi fulltrúa sinn í viðræðunefnd fyrst og fremst til að eiga viðræður við Alusuisse vegna skoðanaágreinings um túlkun samninga og til að fá úr því skorið, hvort Alusuisse hafi brotið samninga eins og iðnaðarráðherra hefur borið fyrirtækinu á brýn. Að þessu verkefni hefur síður en svo verið unnið sem skyldi. Um önnur atriði, eins og t. d. endurskoðun raforkuverðs, breytta eignaraðild og stækkun álvers, er nauðsynlegt og eðlilegt að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka og sérstök nefnd sé skipuð til að annast þær viðræður. Sjálfstæðisflokkurinn er að sjálfsögðu reiðubúinn fyrir sitt leyti að taka þátt í slíku samstarfi. Núverandi starfshættir eru hins vegar óþolandi, þar sem iðnaðarráðherra hefur ekki staðið við fyrirheit um samstarf við stjórnarandstöðuna eða sinnt boði Sjálfstæðisflokksins um samvinnu í þessu efni, eins og að framan hefur verið rakið.

Geir Hallgrímsson. Ólafur G. Einarsson.

Samrit sent ríkisstjórninni.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

5. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarna 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum, ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 40% af hámarksbótum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er að tvöfalda svokallaða „vasapeninga“ sem greiddir eru algerlega tekjulausum elli- og örorkulífeyrisþegum sem dvelja á stofnunum.

Í núgildandi lögum segir að þessar greiðslur megi nema „allt að 25% af lágmarksbótum.“ Þetta ákvæði var sett í lög þegar lítill munur var á lágmarks- og hámarksbótum, þ. e. áður en tekjutrygging var tekin upp. Nú er þessi munur mikill.

„Vasapeningar“ eru nú (frá 1. sept. 1982) 742.00 kr. á mánuði og sjá allir að lítið er unnt að veita sér fyrir þá upphæð.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að þessa upphæð þurfi að tvöfalda hið minnsta, og er frv. ætlað að veita Tryggingastofnun ríkisins heimild til þess.

Tvöföldun „vasapeninga“ kostar í heild 15.6 millj. kr. á ári (m. v. verðlag sept.—nóv. 1982) og fer sú upphæð hlutfallslega lækkandi á næstu árum. Lögin um eftirlaun til aldraðra og skylduaðild að lífeyrissjóðum valda því, að þeim fækkar óðum sem komast á eftirlaunaaldur og alls engar tekjur hafa aðrar en bætur almannatrygginga.

Það er varla vansalaust fyrir þjóðfélagið að huga ekki betur en nú er gert að kjörum þess fólks, sem dvelur langdvölum á stofnunum, — fólks sem í flestum tilvikum hefur lokið langri starfsævi án þess að öðlast neins konar réttindi í lífeyrissjóðum.

Þessu frv. er ætlað að bæta hér nokkuð um.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. 3. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980, skal varið til Olíusjóðs fiskiskipa allt að 30 milljónum króna af greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa, samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976.

Einnig er Olíusjóði fiskiskipa heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 30 milljónum króna. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu.

3. gr.

Almennt fiskverð, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins, nr. 17 1. september 1982, skal hækka um fjóra af hundraði, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 79 21. ágúst 1982, um efnahagsaðgerðir.

Hið nýja verð skal gilda frá 15. september til 30. nóvember 1982.

4. gr.

Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð oss, að vegna hækkandi olíuverðs til fiskiskipa og rekstrarvanda þeirra sé óhjákvæmilegt að setja á stofn Olíusjóð, er greiði niður að hluta olíuverð til fiskiskipa. Olíusjóður þessi yrði að hluta fjármagnaður með greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa en jafnframt er sjóðnum heimilað að taka lán. Jafnhliða þessum ráðstöfunum er nauðsynlegt að hækka gildandi lágmarksverð á sjávarafla um 4%, frá 15. september 1982.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. 3. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980, skal varið til Olíusjóðs fiskiskipa allt að 30 milljónum króna af greiðsluafgangi Tryggingasjóðs fiskiskipa, samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 13. febrúar 1976.

Einnig er Olíusjóði fiskiskipa heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 30 milljónum króna. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu.

3. gr.

Almennt fiskverð, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins, nr. 17 1. september 1982, skal hækka um fjóra af hundraði, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 79 21. ágúst 1982, um efnahagsaðgerðir.

Hið nýja verð skal gilda frá 15. september til 30. nóvember 1982.

4. gr.

Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessarra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1982.

Gunnar Thoroddsen. **Jón Helgason.** **Logi Einarsson.**
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um skipan nefndar til þess að spyrja dómsmálaráðherra spurningar.

Flm.: Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að skipa tveggja manna nefnd, sem kosin verði hlutfallskosningu á Alþingi, til þess að spyrja dómsmálaráðherra eftirfarandi spurningar: Hefur dómsmálaráðherra talið ástæðu til þess að gera athugasemdir við embættisfærslu sýslumannsins á Höfn í Hornafirði hinn 18. ágúst s. l.?

Nefndin verði ólaunuð.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna þess, að þó svo forseti sameinaðs Alþingis geti gert um það tillögu að banna fyrirspurnir til ráðherra, svo sem gerðist á fundi sameinaðs þings hinn 13. október s. l., getur hann engri slíkri heftingu á *málfrelsi þingmanna beitt gegn þingsályktunartillögum (sbr. 28. gr. þingskapalaga).*

Ekki má ólíklegt telja, að tillagan verði dregin til baka, þegar hún hefur fengist rædd. Það er þó undir því komið, að ekki verði gerðar fleiri tilraunir til þess að beita einstaka þingmenn bolabrögðum — í nafni laganna.

Allmargir þingmenn, misjafnlega mikið þó, hafa stöðugt á orði eitthvað sem þeir kalla virðingu Alþingis. Má þar sérstaklega nefna til formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Ólaf

G. Einarsson. Að mati flutningsmanns dró þessi afstaða meiri hluta Alþingis nokkuð úr „virðingu Alþingis“, og voru þó vissir veikleikar í kerfinu fyrir, að ekki sé meira sagt.

Háttvirtir alþingismenn þurfa um það að vita, að forseti sameinaðs Alþingis greindi Alþingi *rangt* frá fundi Alþingis hinn 13. október s. l.

Fyrirspurn sú, sem hér um ræðir, var lögð til skjalavarðar með formlegum hætti, eins og reglur gera ráð fyrir. Forseti hafði samband við fyrirspyrjanda og óskaði eftir orðalagsbreytingum og var við því orðið og fyrirspurn handskrifuð að nýju í skrifstofu forseta. Sú fyrirspurn er samhljóða þeirri sem í ályktunargreininni er nú. Nú vildi forseti nýja fyrirspurn *sem hann ritaði eigin hendi.* Hún var svofelld: Telur dómsmálaráðherra þörf á nánari ákvæðum um frásagnir opinberra starfsmanna af gangi rannsóknar á afbrotamálum?

Svo sem glöggir alþingismenn væntanlega sjá er hér um að ræða *allt aðra fyrirspurn.* Forseta var tjáð að ef hann hefði áhuga á því að fá svör dómsmálaráðherra við þessari spurningu gæti hann fengið einhvern flokksbróður sinn til þess að flytja hana.

Friðrik Sophusson greindi frá þessum samskiptum í þingræðu, þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu, og fór, eins og þingmenn mega sjá, með *fleipur tómt.*

Á þingfundi hinn 13. október s. l. gerði forseti, Jón Helgason, sig sekan um *hlutdræga fundarstjórn.* Hann bannaði umræður um efnisatriði fyrirspurnarinnar, og varð fyrirspyrjandi við því. Hann gerði hins vegar engar athugasemdir við margendurteknar yfirlýsingar nokkurra þingmanna sem lýstu sig andvíga efni fyrirspurnarinnar.

Flutningsmaður harmar mjög að sjá sig nauðbeygðan að flytja þetta mál inn á Alþingi með þessum hætti. Þetta átti að vera venjuleg fyrirspurn, fram sett og afgreidd með venjulegum hætti. Hefðu mál gengið svo fyrir hefði Alþingi ekki verið sett undir þá óheppilegu mælistiku sem meiri hluti þingmanna óneitanlega hefur gert með *barnalegri framkomu sinni.* Barnalegar tilraunir til þess að einangra einstaka þingmenn eru dæmdar til þess að mistakast þegar svo klaufalega er að verki staðið sem nú *hefur átt* sér stað.

Efnislega fjallar þessi fyrirspurn um embættisfærslu tiltekins embættismanns á tilteknum degi s. l. sumar. *Það er ekki vilji flutningsmanns að ræða hið hörmulega baksvið. Það skal rækilega undirstrikað hafi það verið hald einhverra.* Það, sem gagnrýnt var í blaðagrein (Helgarpósturinn, 20. ágúst s. l.), var það, að u. þ. b. klukkustund eftir að játning á atburði hafði átt sér stað greindi sýslumaður frá framburði þess sem játaði, þar með talið að um hefði verið að ræða neyslu tiltekinna eiturefna. (Þetta minnti mjög á hliðstæða fréttatilkynningu sem Rannsóknarlögregla ríkisins sendi frá sér vegna hliðstæðs atburðar sumarið 1981. Verður greint frá því í framsöguræðu.)

Það er mikill misskilningur, einkum nokkurra fréttamanna, að einhver hafi gagnrýnt að fréttamenn skyldu leita upplýsinga um þetta mál. Það er auðvitað þeirra starfi og ekkert við því að segja. Það hefur ekki heldur verið fundið að því, að svör skyldu hafa verið gefin í sjálfu sér. *Það, sem gagnrýnt hefur verið, er hvað sagt var.* Það verður nánar skýrt í framsöguræðu.

Aðalatriði þessa máls eru þau, að það eru staðreyndir í íslensku þjóðfélagi eins og öðrum samfélögum, að sumt fólk hneigist að sama kyni og það er sjálft. Það eru líka staðreyndir, að sumt fólk neytir eiturefna. Reynsla alls staðar í veröldinni segir að það er auðvelt að vekja upp fordóma gagnvart slíku fólki. Við bætist að í nefndum tilvikum átti *erlent* fólk hlut að máli.

Því er lagt til að hæstvirtur dómsmálaráðherra verði svo spurður.

Það er mat flutningsmanns að meiri hluti alþingismanna hafi gert sig sekan um að flækja mikið alvörumál í frumskógi formsatriða og svipta alþingismann málfrelsi í tilteknu máli. Flutningsmaður mælist til þess, að meiri hluti alþingismanna *sjái að sér* og umfram allt sjái til þess, að umræður um þetta *alvörumál* verði á háu stigi, en ekki lágkúru að bráð.

Fylgiskjal

Rannsóknarlögregla ríkisins.

Kópavogi 14. 10. 1982 kl. 11:20.
Grétar Sæmundsson, rlm.

Skýrsla varðandi fyrirspurn Vilmundar Gylfasonar, alþingismanns, vegna rannsóknar á svonefndu „Skaftafellsmáli".

1. Hvenær fór handtaka fram?

Svar: Tveir menn úr Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði fundu hinn grunaða í hellisskúta við rætur Hafrafells. Hinn grunaði fylgdi þeim sjálfviljugur niður á vegarslóða þar sem sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu var staddur. Hinn grunaði var fluttur í bifreið sýslumanns í þjónustumiðstöðina í Skaftafelli. Í bifreiðinni á þeirri leið var auk grunaða sýslumaður sjálfur og lögregla. Nákvæm tímasetning er ekki til á því hvenær hinn grunaði fannst né hvenær komið var með hann til sýslumanns, en kl. var 10:35 þann 18. 8. 1982 þegar komið var með þann grunaða í þjónustumiðstöðina. Áætla má að ekki hafi liðið meira en 10 mín. frá því maðurinn fannst og þar til komið var með hinn grunaða í þjónustumiðstöðina.

2. Var manninum kynnt réttarstaða hans?

Svar: Þrír rannsóknarlögreglumenn frá RLR voru staddir í þjónustumiðstöðinni þegar komið var með hinn grunaða þangað. Tveir af þeim fóru þegar og tilkynntu sambýliskonu hins grunaða að hann væri fundinn og hvar hann væri. Undirritaður hóf þegar frumyfirheyrslu. Í upphafi var kannað hvort hann hefði óskir um að fá einhverja næringu og óskum hans í því efni fullnægt strax á meðan á yfirheyrslu stóð. Honum var þá kynnt hvað hann væri grunaður um og í beinu framhaldi af því kynnt réttarstaða grunaðra manna svo sem lög mæla fyrir um. Þá var hann spurður hvort hann væri þá þegar tilbúinn til að tjá sig um sakarefnið og kvaðst hann tilbúinn til þess. Að því búnu skýrði hann sjálfstætt frá helstu atriðum málsins. Yfirheyrsla þessi stóð frá kl. 10:35 til kl. 13:30. Viðstaddur yfirheyrsluna allan tímann, sem vottur, var lögreglumaður frá Höfn. Auk þess var sýslumaður Austur-Skaftfellinga viðstaddur í upphafi yfirheyrslunnar, þegar hinn grunaði skýrði sjálfstætt frá.

3. Hvað var kl. þegar fyrsta frásögn birtist í fjölmiðlum?

Hér mun átt við frásögn í fjölmiðlum af framburði mannsins. Í þessu skyni skal upplýst að þegar yfirheyrslu var lokið kl. 13:30 hafði undirritaður símasamband við Þóri Oddsson, vararannsóknarlögreglustjóra, og skýrði Þórir þá frá að í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins hefði verið frásögn af framburði hins grunaða.

Því má hér bæta við, að þrír rannsóknarlögreglumenn frá RLR voru sendir á staðinn til rannsóknar málsins. Svo sem starfsreglur RLR mæla fyrir um gáfu þessir rannsóknarlögreglumenn engar upplýsingar um málið til fréttamanna, en vísuðu fyrirspurnum til Þóris Oddssonar, vararannsóknarlögreglustjóra.

Grétar Sæmundsson, rlm.
(sign.)

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um málefni aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

I. KAFLI
Skipulag öldrunarþjónustu.

1. gr.

Markmið þessara laga er, að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu, sem þeir þurfa á að halda, og að hún sé á því þjónustustigi, sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand þess aldraða.

Lögin miða að því, að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf, en að jafnframt sé séð fyrir nauðsynlegri stofnanaþjónustu, þegar hennar er þörf.

2. gr.

Yfirstjórn öldrunarmála annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Setja skal á stofn deild öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Skal deildin vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra.

3. gr.

Setja skal á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn tilnefndir þannig: tveir frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og tveir skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Deildarstjóri öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skal vera ritari nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.
3. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka, sem starfa að málefnum aldraðra.
4. Að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
5. Að skera úr um ágreiningsmál, sem upp kunna að koma um málefni aldraðra skv. lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
6. Að gera tillögur til ráðherra um samræmdar reglur um mat skv. 18. gr. l. mgr.

5. gr.

Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar, í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa, annast eftirtalin verkefni á sviði öldrunarmála:

1. Að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.
2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhóp aldraðra, þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórna um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu umdæmisins, sbr. 15. gr.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök, sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

Er stjórn heilsugæslustöðvar fjallar um öldrunarmál skal gefa öldrunarstofnunum á svæðinu kost á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi.

6. gr.

Við hverja heilsugæslustöð skal starfa þjónustuhópur aldraðra.

Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra. Á sama hátt geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir tveggja heilsugæslustöðva eða fleiri ákveðið að sameinast um þjónustuhóp aldraðra.

Þar sem það á betur við getur þjónustuhópur aldraðra starfað í tengslum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

7. gr.

Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðva(r), sem hópurinn tengist, starfsfólks félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags(a) svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði hópsins.

Í hópnum skulu ekki starfa fleiri en fimm og aldrei færri en þrír.

Í hópnum skal starfa læknir. Ef kostur er skal hann vera sérfræðingur í öldrunarlækningum, heimilislækningum eða lyflækningum. Þar starfar og hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu auk starfsmanns félagsmálaþjónustu með menntun félagsráðgjafa eða þekkingu á félagslegu sviði.

8. gr.

Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæmi sínu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra í umdæminu, sbr. 18. gr. 1. mgr.
3. Að sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi.

II. KAFLI

Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

10. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
2. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 300 á hvern mann á árinu 1983. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattstofn undir kr. 60 000. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar upphæðir skulu hækka árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1983.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, 1/4 af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

11. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Ráðherra skipar 3 manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð einum manni eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum frá félagsmálaráðuneyti, tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Ritari sjóðsins er deildarstjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

Kostnaður við vörslu og stjórn sjóðsins greiðist úr sjóðnum.

12. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2. — 4. tl.
2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 17. gr. l. og 2. tl.
3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl.
4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1. — 4. tl.
5. Að veita framlög til að standa straum af þeim breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum aldraðra, er nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
6. Önnur verkefni, sem sjóðstjórn telur brýn og ráðherra samþykkir.

13. gr.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára um framkvæmdir.

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn með reglugerð.

III. KAFLI
Heimaþjónusta.

15. gr.

Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Heimaþjónusta er tvíþætt. Annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. heimilislækningar, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum. Hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar.

Með reglugerð getur ráðherra ákveðið að fleiri þjónustuþættir heyri til heimaþjónustu. Hann getur einnig ákveðið að heimaþjónusta taki til fleiri en aldraðra.

16. gr.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvar, að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra og í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau eru starfandi. Skal heimaþjónusta einnig veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar samþykkir.

IV. KAFLI
Dvalarstofnanir fyrir aldraða.

17. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

1. Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra. Þær geta verið tvenns konar:
   A) Þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, en engin önnur þjónusta.
   B) Verndaðar þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými. Íbúðirnar skulu búnar kallkerfi, með vörslu allan sólarhringinn og veitt skal sameiginleg þjónusta, s. s. máltíðir og ræsting.
2. Dvalarheimili, ætluð öldruðu fólki, sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald með aðstoð. Þar skulu vera einstaklingsherbergi, hjónaherbergi og fjölbýliseiningar. Dvalarheimili aldraðra skulu veita þjónustu s. s. fullt fæði, þvotta, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrun, endurhæfingu og félagsstarf. Þau skulu búin sameiginlegum vistarverum til vinnu og tómstundastarfs.
3. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir, ætlaðar öldruðum einstaklingum, sem eru of lasburða til að dvelja á stofnunum skv. 1. og 2. tl. Hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir skulu hönnuð sem einstaklings- og fjölbýlisherbergi, með snyrtingu, og skulu sjúklingar geta haft eigin muni. Einstaklingsherbergi skulu aldrei færri en 50% vistrýmis. Á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum skal vera fullkomin aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þar sem því verður við komið skal á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum vera aðstaða fyrir hjúkrunarsjúklinga með geðræn vandamál.
4. Sjúkradeildir, hannaðar á sama hátt og spítaladeildir. Þessar deildir eru ætlaðar langlegusjúklingum, sem þurfa mikið eftirlit. Stefnt skal að því að þessar deildir séu í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða almenn sjúkrahús.
5. Dagvist fyrir aldraða. Dagvist getur verið sjálfstæð eða hluti stofnunar skv. 1. tl. B) stl. — 4. tl. Á dagvist skal að jafnaði veitt þjónusta í samræmi við þá þjónustu sem veitt er á stofnuninni, sem hún tengist. Vistmenn á dagvist geta sótt hana daglega eða tímabundið.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. 1. — 5. tl. skulu vera aðgengilegar fötluðu fólki.

18. gr.

Stjórn dvalarstofnunar skv. 17. gr. 2. — 4. tl. ákveður vistun fólks á stofnuninni að fengnum tillögum forstöðumanns og mati þjónustuhóps aldraðra.

Sama gildir um vistun á stofnunum skv. 17. gr. 1. tl. B) stl. og 5. tl.

Vistmenn á dvalarstofnun eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild sömu stofnunar.

Stjórn dvalarstofnunar og daglegir stjórnendur ráða flutningi vistmanna innan dvalarstofnunarinnar.

19. gr.

Að fengnum tillögum samstarfsnefndar skv. 3. gr. setur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. búnað húsnæðis fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

20. gr.

Enginn má setja á stofn dvalarstofnun fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn samstarfsnefndar skv. 3. gr. Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

21. gr.

Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skv. 20. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og aðstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Ennfremur skal fylgja greinargerð um eigendur þess og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna. Þá skal og fylgja beiðninni umsögn þjónustuhóps aldraðra í viðkomandi umdæmi.

Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

22. gr.

Dvalarstofnun fyrir aldraða skal lúta stjórn fimm manna. Séu hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild tengd dvalarstofnun gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57 frá 1978 um heilbrigðisþjónustu um stjórn stofnunarinnar.

Eigendur dvalarstofnunar skipa stjórn hennar til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarstofnunar getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði stjórn hennar. Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir um vistmannaráð.

23. gr.

Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan 3 ára hafi þær uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað, er felast í 17. gr., enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Vistmenn í þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. l. tl. A), greiða húsaleigu skv. ákvörðun rekstraraðila.

Vistmenn í vernduðum þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. l. tl. B), greiða húsaleigu og þjónustugjald skv. ákvörðun rekstraraðila.

25. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. lög nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar, 46. gr., ákveður daggjöld dvalarstofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2. — 4. tl. Skulu daggjöld ákveðin í samræmi við starfsemi dvalarstofnunarinnar.

26. gr.

Kostnaður við vistun á dvalarstofnun fyrir aldraða skv. 17. gr. 2. — 4. tl. greiðist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði.

Skv. umboði vistmanna á dvalarstofnunum fyrir aldraða skv. 17. gr. 2. — 4. tl. innheimtir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þó hjá lífeyristryggingadeild sömu stofnunar, lífeyrissjóði vistmanna eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi, sbr. þó 3. mgr., eins og það er ákveðið á hverjum tíma af daggjaldanefnd.

Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 2. tl. skal þó halda eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1 950 á mánuði. Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 3. og 4. tl. skal halda eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1 330 á mánuði.

Við ákvörðun tekna vistmanna gilda ákvæði 19. gr. laga nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Fjárhæðir í 3. mgr. skulu breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga.

27. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skal greiddur af sjúkrasamlögum, þó þannig að sveitarfélögin greiða 65% kostnaðar en ríki 35% kostnaðar. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir þátttöku einstaklinga í hinum ýmsu þáttum heimaþjónustunnar að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr. Undanþegnar gjaldskyldu skulu þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

Ráðherra setur gjaldskrá um vistun skv. 17. gr. 5. tl. að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt falla þá úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra nr. 28 frá 1973 og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 49 frá 1981, sbr. breyting á þeim lögum nr. 93 frá 1981.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. og hina sérstöku deild í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sbr. 2. gr., þannig að tryggur sé undirbúningur að gildistöku laganna.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan 5 ára frá gildistöku. Skal við þá endurskoðun sérstaklega tekin ákvörðun um framtíð Framkvæmdasjóðs aldraðra skv. II. kafla laganna.
3. Ákvæði 26. gr. koma til framkvæmda í áföngum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 103. löggjafarþingi 1980—1981 voru lögð fram tvö frumvörp, sem bæði snertu málefni aldraðra. Hér var um að ræða annars vegar frumvarp Péturs Sigurðssonar, Matthíasar Bjarnasonar og Halldórs Blöndals um sérhannað húsnæði fyrir aldraða og öryrkja (201. mál) og hins vegar stjórnarfrumvarp um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða (269. mál).

Forsaga stjórnarfrumvarpsins er sú, að þann 17. apríl 1979 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Magnús H. Magnússon, nefnd til að gera tillögur um nýja löggjöf varðandi heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða. Í nefnd þessari áttu sæti Ólafur Ólafsson, landlæknir, formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir, borgarfulltrúi, Pétur Sigurðsson, stjórnarformaður Hrafnistu, dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Þór Halldórsson, yfirlæknir. Auk þess sat Ársæll Jónsson, læknir, í nefndinni um tíma. Nefndin lauk störfum í ársbyrjun 1980 og skilaði til ráðherra frumvarpi til laga um öldrunarþjónustu. Frumvarp þetta var síðan til meðferðar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og er Svavar Gestsson tók við embætti heilbrigðisráðherra fól hann ráðuneytisstjóranum að endurskoða nefnt frumvarp. Var það gert í samvinnu við Þór Halldórsson. Til að ná samstöðu um málið innan stjórnarflokkanna voru síðar til kallaðir alþingismennirnir Guðmundur G. Þórarinsson og Guðrún Helgadóttir, auk Odds Ólafssonar, fyrrverandi alþingismanns. Unnu þau ásamt Ingimar Sigurðssyni, deildarlögfræðingi, út frá þeim tveimur frumvarpsdrögum, sem fyrir lágu, áðurnefnt stjórnarfrumvarp.

Strax við 1. umræðu frumvarps til laga um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða kom í ljós að talsverður ágreiningur var um efni frumvarpsins. Samstaða náðist þó um ákvæði frumvarpsins varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og lög um stofnun þess sjóðs staðfest (nr. 49/1981). Í nefndaráliti heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis var lagt til að skipuð yrði nefnd til að endurskoða stjórnarfrumvarpið ásamt fram komnum breytingartillögum Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsar H. Magnússonar, auk frumvarps þeirra Péturs Sigurðssonar, Matthíasar Bjarnasonar og Halldórs Blöndals um sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja.

Á þessu þingi var vísað til ríkisstjórnarinnar þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur, Árna Gunnarssonar, Magnúsar H. Magnússonar, Karls Steinars Guðnasonar og Karvels Pálmasonar um heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða, í trausti þess að við samningu nýs frumvarps um málefni aldraðra yrðu þeir þættir, sem þingsályktunartillagan fól í sér, teknir til greina. Þingsályktunartillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að komið verði á samræmdu skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða.

Í því skyni skipi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd, sem geri tillögur um umbætur og betri skipulagningu þessara mála, byggða á samstjórn og samræmingu allra þátta í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða, sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða."

Hinn 24. júlí 1981 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sjö manna nefnd, sem fékk það hlutverk „að gera tillögur til ráðherra um samræmingu á skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða, sbr. þingsályktun hér að lútandi, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar frá sameinuðu Alþingi í maí s. l. (þingskjöl 23 og 936)."

Í nefndina voru skipuð: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson, lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveit-

endasambandi Íslands, Hrafn Sæmundsson, prentari, og Pétur Sigurðsson, alþingismaður, báðir án tilnefningar auk stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra. Í sjóðstjórninni eiga sæti Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Adda Bára Sigfúsdóttir, borgarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Gunnhildur Sigurðardóttir, hjúkrunarforstjóri, tilnefnd af Öldrunarfræðafélagi Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur.

Nefndin tók til starfa 9. september 1981 og hefur hún samið lagafrumvarp það um málefni aldraðra, sem hér er lagt fram öðru sinni. Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á vorþingi 1982 (104. löggjafarþingi) en náði ekki fram að ganga. Á frumvarpinu sjálfu hafa engar efnisbreytingar verið gerðar. Fylgiskjali VII hefur hins vegar verið breytt til samræmis við hækkanir á bótum almannatrygginga.

Í frumvarpi þessu eru málefni aldraðra tekin til heildarendurskoðunar með það fyrir augum að komið verði á samræmdu skipulagi á þjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða. Leitast var við að tengja öldrunarþjónustu við þá þjónustu, sem fyrir hendi er, bæði heilbrigðisþjónustu í tengslum við heilsugæslustöðvarnar, sem eru í hraðri uppbyggingu, og félagslega þjónustu sveitarfélaga.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Sett er fram það markmið að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegri þjónustu, sem þeir þurfa, og að þessi þjónusta sé veitt á því þjónustustigi, sem sé eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.
2. Lagt er til að yfirstjórn öldrunarmála sé í höndum eins ráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, og að þar verði sett á stofn sérstök deild til að annast þennan málaflokk.
3. Lagt er til að sett verði á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Hlutverk þessarar nefndar yrði allvíðtækt, annars vegar stefnumótandi og hins vegar ráðgefandi.
4. Lagt er til að stjórnum heilsugæslustöðva, í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa, verði falin stjórn öldrunarmála á sínu svæði.
5. Lagt er til að við hverja heilsugæslustöð starfi þjónustuhópur aldraðra. Þessi þjónustuhópur yrði samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðvar, starfsfólks félagslegrar þjónustu svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði þjónustuhópsins.
6. Lagt er til að komið verði á fót heimaþjónustu fyrir aldraða. Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Þessi þjónusta er tvíþætt, annars vegar heilbrigðisþjónusta og hins vegar félagsleg þjónusta.
7. Settar eru fram skilgreiningar á því hvaða stofnanir teljist dvalarstofnanir fyrir aldraða.
8. Lagt er til að vistunarmat fari fram áður en menn verði vistaðir á dvalarstofnunum fyrir aldraða.
9. Lagt er til að kostnaður af vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða verði greiddur af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði. Þó er gert ráð fyrir því að vistmenn taki þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, eftir ákveðnum reglum í samræmi við tekjur.

Um skeið hafa flestir verið sammála um að eitt mesta vandamálið, sem við er að glíma í heilbrigðisþjónustu landsmanna snerti heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Reynt hefur verið að leysa þessi mál eftir föngum og má segja að í dag þjóni mörg hinna minni sjúkrahúsa á landsbyggðinni því hlutverki að vista aldraða, sem á hjúkrun þurfa að halda. Í Reykjavík og nágrannabyggðunum hefur á hinn bóginn skapast hálfgert neyðarástand, þar sem fjöldi aldraðra hefur aukist hröðum skrefum og miklu meira en annars staðar á landinu. Er hér jafnt um að ræða einstaklinga, sem búið hafa meginhluta ævi sinnar á þessu svæði, og aðflutta, sem leita þess öryggis, sem Reykjavík og nágrannabyggðirnar veita, einkum á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu að öðru leyti.

Brýnt er að leita lausnar þessara mála og líta verður á þá lausn óháð landshlutum. Þannig verður að marka ákveðna stefnu með það fyrir augum að íþyngja ekki þeim sveitarfélögum, sem sérstöðu sinnar vegna taka við öldruðum umfram önnur. Verður þetta ekki gert á annan hátt en með því að auka afskipti og skyldur ríkisins vegna þessara mála og jafnframt að auka möguleika sveitarfélaga á því að leysa málin innan eigin svæða án þess að reisa sér hurðarás um öxl fjárhagslega.

Með frumvarpi þessu er reynt að leysa þessa þætti og má segja að grunntónn þess sé sá, að hér sé um að ræða málefni, sem snertir alla landsmenn jafnt, og geti því ekki eingöngu verið viðfangsefni einstakra sveitarfélaga að leysa úr þeim, með öllum þeim fjárhagsbyrðum, sem slíku fylgja. Stefnt er að stórátaki á skömmum tíma hvað uppbyggingu stofnana fyrir aldraða snertir með tilkomu Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að stuðla að því að aldraðir geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf og eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegri þjónustu, sem þeir þurfa til að því markmiði verði náð. Jafnframt er lögð áhersla á að er þörf krefur, þá sé fyrir hendi nauðsynleg stofnanaþjónusta fyrir aldraða.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fari með yfirstjórn öldrunarmála. Lagt er til að sett verði á stofn deild innan ráðuneytisins, skipuð sérstökum deildarstjóra, til að annast þennan málaflokk. Er þetta gert til að tryggja að málefni aldraðra hljóti sérstakan sess innan stjórnkerfisins en verði ekki bætt ofan á þegar ofhlaðnar deildir og deildarstjóra. Myndi þessi tilhögun treysta heildarstjórn öldrunarmála og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Um 3. gr.

Lagt er til að sett verði á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Í nefndinni eigi sæti fimm menn, tveir tilnefndir af hinu nýstofnaða Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneyti tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Gert er ráð fyrir því að deildarstjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti verði ritari nefndarinnar og þannig sköpuð tengsl, sem nauðsynleg eru milli ráðuneytisins og nefndarinnar.

Um 4. gr.

Hér er lýst í 6 liðum verkefnum samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Þar kemur fram að nefndinni er ætlað allvíðtækt samræmingar og stefnumótandi hlutverk, auk þess sem nefndinni er ætlað að vera tengiliður milli þeirra aðila sem starfa að málefnum aldraðra.

Um 5. gr.

Lagt er til að svæðisbundin stjórn öldrunarmála verði í höndum stjórnar heilsugæslustöðvarinnar á svæðinu, í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa. Auk þess er gert ráð fyrir að öldrunarstofnunum á svæðinu verði gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa til setu á fundum stjórnar heilsugæslustöðvar, er hún hefur mál þessi til umfjöllunar.

Verkefnum stjórnar heilsugæslustöðvar á sviði öldrunarmála er lýst í 5 liðum, sem skýra sig sjálfir.

Um 6. gr.

Lagt er til að við hverja heilsugæslustöð landsins verði starfandi svokallaðir þjónustuhópar aldraðra, sem eru nánar skilgreindir í 7. gr. Þó er gert ráð fyrir að þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi, þá geti heilsugæslustöðvarnar sameinast um þjónustuhóp aldraðra. Einnig geta tvö eða fleiri sveitarfélög ákveðið að sameinast um þjónustuhóp. Þá er og gert ráð fyrir að þjónustuhópur aldraðra geti, þar sem það á betur við, starfað í tengslum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, telji sveitarstjórn það hentugra.

Um 7. gr.

Hér er þjónustuhópur aldraðra skilgreindur sem samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðva(r), sem hópurinn tengist, starfsfólks félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags(a) svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði hópsins. Í hópnum skulu aldrei vera fleiri en 5 og ekki færri en 3. Gert er að skilyrði að í þjónustuhópi aldraðra sé læknir, hjúkrunarfræðingur auk starfsmanns félagsmálaþjónustu. Þar sem sérmenntunar er völ á að nýta hana í þessum hópi.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um hlutverk þjónustuhóps aldraðra og er það þríþætt. Fyrst og fremst á hópurinn að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæmi sínu (1. tl.). Þetta eftirlitshlutverk yrði þungamiðjan í starfi hópsins og ef það á að verða árangursríkt þarf að framkvæma það eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi. Fyrir hendi þyrfti að vera nákvæm spjaldskrá yfir aldraða, búsetta á starfssvæði hópsins. Með ákveðnu millibili, t. d. einu sinni eða tvisvar á ári, yrði síðan athugað hverjir úr hópi aldraðra hefðu ekki sótt þjónustu heilsugæslustöðvarinnar, sem þjónustuhópurinn tengist, og mundi þá hópurinn kanna sérstaklega, með símtali eða heimilisvitjun, hagi þeirra, sem ekki komu.

Eftirlit hópsins mundi leiða í ljós það sem betur mætti fara. Hópurinn á þá að sjá til þess að úr vandamálunum sé leyst og útvega hinum aldraða þá þjónustu, sem hann þarfnast og völ er á. Við val á úrræðum skal þjónustuhópurinn hafa það að leiðarljósi að viðkomandi geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi (3. tl.).

Skv. 18. gr. l. mgr. laganna verður við ákvörðun vistunar að liggja fyrir mat þjónustuhóps aldraðra á ástandi þess einstaklings, sem sækir um vistun, og hvort vistun á dvalarstofnun sé nauðsynleg. Í 2. tl. er þetta vistunarmat tilgreint sem eitt af hlutverkum þjónustuhópsins og gert er ráð fyrir að slíkt mat sé framkvæmt eftir ákveðnum samræmdum reglum, skv. tillögu samstarfsnefndar um málefni aldraðra, sbr. 4. gr. 6. tl.

Um 9. — 14. gr.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra. Sá sjóður var stofnaður með lögum nr. 49/1981, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 93/1981. Ákvæði þessara laga eru tekin að mestu óbreytt inn í frumvarpið, en í bráðabirgðaákvæði er svo fyrir mælt að innan 5 ára frá gildistöku skuli sérstaklega endurskoðuð framtíð Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Um 9. gr.

Greinin er í samræmi við 1. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

1. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra,

sbr. 1. gr. laga nr. 93/1981. Þá er og gert ráð fyrir að sérstaka gjaldið verði lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1983 og verði þá kr. 300. Þetta gjald mun síðan hækka í samræmi við skattgjaldsvísitölu.

2. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. gr. laga nr. 93/1981 um breyting á lögum nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, nema hvað gert er ráð fyrir að varamenn séu skipaðir í sjóðstjórnina með sama hætti og aðalmenn. Jafnframt er gert ráð fyrir því að deildarstjóri öldrunarmála verði ritari sjóðstjórnarinnar. Þá er og lagt til að kostnaður við vörslu og stjórn sjóðsins verði greiddur af sjóðnum sjálfum.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. l. mgr. laga nr. 93/1981 um breyting á lögum nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, nema hvað gert er ráð fyrir því að sjóðurinn veiti framlög til að standa straum af breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum fyrir aldraða, sem nauðsynlegar verða vegna gildistöku þessara laga, auk þess sem gert er ráð fyrir því að sjóðurinn geti einnig fjármagnað ýmis nauðsynleg verkefni, tengd öldrunarmálum, t. d. kannanir á málefnum aldraðra o. þ. h.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. 3. og 4. mgr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, sbr. 3. gr. 3. og 4. mgr. laga nr. 93/1981 um breyting á þeim lögum.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 93/1981 um breyting á þeim lögum.

Um 15. gr.

Eins og fyrr er getið er það eitt að meginmarkmiðum þessa frumvarps að stuðla að því að aldraðir geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi. Ein aðalforsenda þess að þetta markmið náist er sú að um allt land verði rekin virk heimaþjónusta fyrir aldraða. Slík þjónusta myndi gera öldruðum kleift að vera heima lengur en ella hefði verið unnt.

Í þessari grein er því lýst við hvað er átt með heimaþjónustu fyrir aldraða. Heimaþjónusta er sú aðstoð sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Þessi aðstoð er tvíþætt, annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. heimilislækningar, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum, og er gert ráð fyrir að þessi þáttur þjónustunnar yrði í höndum starfsliðs heilsugæslustöðva. Hins vegar er félagslegi þátturinn, þ. e. aðstoð við heimilisstörf, félagsráðgjöf og heimsending matar. Þessi liður þjónustunnar yrði í höndum starfsmanna félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Þá er lagt til að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að fleiri þjónustuþættir geti fallið undir heimaþjónustu, svo og að aðrir en aldraðir geti notið þjónustunnar.

Um 16. gr.

Mikil áhersla er á það lögð að komið verði á fót samstarfi milli félagslega þáttarins annars vegar og heilbrigðisþáttarins hins vegar, því hjá öldruðum fléttast þessar þarfir mjög. Samstarf af þessu tagi myndi mjög stuðla að árangursríkara starfi í þágu aldraðra og jafnframt auka líkurnar á því að það markmið frumvarpsins náist, að aldraðir búi sem lengst eðlilegu heimilislífi. Það er því lagt til í þessari grein að skipulagning heimaþjónustu fyrir

aldraða sé í höndum stjórnar heilsugæslustöðvar í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa. Jafnframt er sett fram það markmið að heimaþjónustan skuli veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar samþykkir.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um þær stofnanir fyrir aldraða, sem teljast skulu til dvalarstofnana fyrir aldraða. Er hér um að ræða verulega auknar kröfur til stærðar og búnaðar þessara stofnana frá því sem nú tíðkast, enda er gert ráð fyrir því í 12. gr. að þær stofnanir, sem starfa í dag, fái framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að standa straum af breytingum. Skal nú vikið nánar að hverri tegund stofnunar fyrir sig.

1. **Íbúðir:** Gert er ráð fyrir að íbúðir fyrir aldraða geti verið tvenns konar, annars vegar þjónustuíbúðir og hins vegar verndaðar þjónustuíbúðir. Munurinn felst í þjónustustiginu. Í þjónustuíbúðum yrði engin þjónusta veitt önnur en húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, s. s. setustofu. Í vernduðum þjónustuíbúðum yrði hins vegar talsvert meiri þjónusta, s. s. máltíðir, ræsting og þess háttar auk þess sem allar íbúðir væru útbúnar kallkerfi með vörslu allan sólarhringinn.
2. **Dvalarheimili:** Dvalarheimili eru ætluð öldruðu fólki, sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald þrátt fyrir aðstoð heimaþjónustu eða þá þjónustu sem verndaðar þjónustuíbúðir veita. Lagt er til að vistarverur þar séu þrenns konar, einstaklingsherbergi, hjónaherbergi og fjölbýliseiningar. Með fjölbýliseiningu er átt við nokkur einstaklingsherbergi, með sameiginlega setustofu með kaffikrók. Allar vistarverur á dvalarheimilum hafa sér snyrtingu. Gert er ráð fyrir að á dvalarheimilum sé mjög veruleg þjónusta veitt, s. s. fullt fæði, þvottar, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrun, endurhæfing og félagsstarf. Á dvalarheimilum þurfa því að vera sameiginlegar vistarverur til vinnu og tómstundastarfs.
3. **Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir:** Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir eru ætlaðar öldruðu fólki, sem er of lasburða til að dveljast í þjónustuíbúðum eða á dvalarheimilum. Lagt er til að hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir séu hönnuð sem einstaklingsherbergi og fjölbýlisherbergi, þó þannig að einstaklingsherbergin séu aldrei færri en 50% vistrýmis. Hvert herbergi skal hafa sér snyrtingu og skulu vistmenn eiga kost á að hafa eigin muni í herberginu. Á þessum stofnunum skal vera aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þá er það og lagt til að þar sem því verður við komið skuli vera aðstaða fyrir hjúkrunarsjúklinga með geðræn vandamál. Gert er ráð fyrir því að þessi tegund stofnunar geti hvort sem er verið sjálfstæð eining eða hluti annarrar dvalarstofnunar fyrir aldraða, t. d. dvalarheimilis.
4. **Sjúkradeildir:** Sjúkradeildir fyrir aldraða skulu hannaðar á sama hátt og spítaladeildir. Þessar deildir eru ætlaðar langlegusjúklingum, sem þurfa mikið eftirlit og umönnun. Gert er ráð fyrir að slíkar deildir geti verið reknar sem sjálfstæð eining eða sem hluti af annarri dvalarstofnun fyrir aldraða, t. d. dvalarheimili eða hjúkrunarheimili, en stefnt skal að því að þessar deildir séu ætíð í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða almenn sjúkrahús.
5. **Dagvist:** Með dagvist er átt við stofnun þar sem aldraðir dvelja daglangt eða hluta úr degi, en fara heim yfir nóttina. Gert er ráð fyrir að dagvist sé unnt að reka sem sjálfstæða stofnun eða sem hluta dvalarstofnunar fyrir aldraða, hvort sem er íbúða, dvalarheimilis, hjúkrunarheimilis eða sjúkradeilda. Þar sem dagvist er rekin í tengslum við aðra dvalarstofnun fyrir aldraða er gert ráð fyrir að hún veiti þjónustu í samræmi við þá þjónustu sem móðurstofnunin veitir. Lagt er til að vistun á dagvist geti verið til frambúðar eða tímabundin.

Í 2. mgr. 17. gr. er lögð sú skylda á eigendur dvalarstofnana fyrir aldraða að stofnanirnar séu aðgengilegar fötluðu fólki.

Um 18. gr.

Hér er fjallað um vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða. Gert er ráð fyrir að skilyrði vistunar á öllum dvalarstofnunum fyrir aldraða nema þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. 1. tl. A), sé umsögn þjónustuhóps aldraðra skv. 6. gr., sbr. og 8. gr. 2. tl. Að fenginni umsögn þjónustuhópsins ákveður stjórn dvalarstofnunar um vistun. Ekki er gert að skilyrði að umsögn þjónustuhópsins sé jákvæð, því talið er ólíklegt að stjórnir dvalarstofnana taki til vistunar þá, sem hlotið hafa neikvæða umsögn.

Lagt er til að vistmenn á dvalarstofnun eigi forgang á hjúkrunardeild sömu stofnunar, ef hún er fyrir hendi. Jafnframt er gert ráð fyrir að stjórn dvalarstofnunar og daglegir stjórnendur hennar ráði flutningi vistmanna innan dvalarstofnunarinnar.

Um 19. gr.

Greinin er í samræmi við 5. gr. laga nr. 28/1973 um dvalarheimili fyrir aldraða að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sbr. 3. gr., geri tillögur til ráðherra um efni reglugerðar.

Um 20. gr.

Greinin er í samræmi við 2. gr. laga nr. 28/1973 um dvalarheimili fyrir aldraða, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að ráðherra leiti umsagnar samstarfsnefndar skv. 3. gr., áður en leyfi er veitt.

Um 21. gr.

Greinin er í samræmi við 3. gr. laga nr. 28/1973 um dvalarheimili fyrir aldraða að öðru leyti en því að í stað álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar er gert ráð fyrir að beiðninni fylgi umsögn þjónustuhóps aldraðra, sbr. 6. gr.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að rekstur dvalarstofnana fyrir aldraða lúti sérstakri stjórn fimm manna, sem eigendur hennar skipa til 4 ára í senn. Þá er og gert ráð fyrir að starfsmenn og vistmenn tilnefni einn fulltrúa hvorir til setu á fundum stjórnarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Sé hins vegar dvalarstofnun tengd hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild, þá skulu gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. að stjórn viðkomandi hjúkrunarstofnunar fer einnig með stjórn dvalarstofnunarinnar, sem hjúkrunarstofnuninni tengist.

Um 23. gr.

Ákvæði laga þessara munu að sjálfsögðu gilda einnig um þær stofnanir, sem þegar eru starfandi. Ljóst er hins vegar að margar þeirra fullnægja ekki þeim kröfum, sem settar eru með lögunum. Því er gert ráð fyrir í 12. gr. að Framkvæmdasjóðurinn veiti framlög til nauðsynlegra breytinga og er hér settur þriggja ára aðlögunartími, að því tilskildu að Framkvæmdasjóðurinn hafi bolmagn til að standa undir þessum kostnaði.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi greiðslu vegna vistar í íbúðum fyrir aldraða, þ. e. í þjónustuíbúðum verði greidd húsaleiga, skv. ákvörðun rekstraraðila, og í vernduðum þjónustuíbúðum verði greidd húsaleiga ásamt sérstöku þjónustugjaldi, einnig skv. ákvörðun rekstraraðila.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um hlutverk daggjaldanefndar, skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, varðandi ákvarðanir daggjalda á dvalarstofnunum fyrir aldraða. Skal daggjaldanefnd ákveða öll slík daggjöld þeirra stofnana, sem taldar eru upp í 17. gr. 2.—4. tl. Við ákvörðun daggjalda skal tekið tillit til þjónustustigs dvalarstofnunar.

Um 26. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á greiðslu kostnaðar vegna vistunar á dvalarstofnunum fyrir aldraða.

Eins og málum er háttað í dag þá greiða vistmenn á dvalarheimilum kostnað af vistun sinni sjálfir. Ef tekjur þeirra hrökkva ekki fyrir dvalarkostnaði greiðir lífeyristryggingadeild svokallaða elliheimilisuppbót til viðkomandi vistmanns. Verði vistmaður síðan svo lasburða að hann þurfi vist á hjúkrunardeild, þá fer sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins að greiða kostnað af vistinni. Greiðsla ellilífeyris, tekjutryggingar og elliheimilisuppbótar fellur þá niður og í stað kemur greiðsla vasapeninga. Hafi viðkomandi vistmaður hins vegar tekjur úr lífeyrissjóði, þá renna þær nú óskertar til hans. Reyndin hefur því orðið sú að þeir, sem tekjur hafa haft aðrar en lífeyri almannatrygginga, hafa orðið tekjulega betur settir eftir að þeir fóru á þyngra hjúkrunarstig, enda hættu þeir þá að taka þátt í greiðslu vistunarkostnaðar. Hér er augljóslega um misrétti að ræða, sem eðlilegt er að leiðrétta.

Nefndin leggur því til að kostnaður við vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða, öðrum en sérhönnuðum íbúðum fyrir aldraða, verði greiddur af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Sjúkratryggingadeildin innheimti síðan hjá lífeyristryggingadeild sömu stofnunar, lífeyrissjóði vistmanns eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi, eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Þó skal vistmaður á dvalarheimili fyrir aldraða ætíð halda eftir 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en 1 950 kr. á mánuði. Vistmaður á hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild heldur eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1 330 á mánuði. Gert er ráð fyrir að fjárhæðir þessar breytist eftir sömu reglum og gilda um hækkanir bóta almannatrygginga. Jafnframt er gert ráð fyrir að við ákvörðun tekna vistmanna gildi ákvæði 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

Þetta fyrirkomulag kallar á nokkrar breytingar á almannatryggingalögum, þó þá helsta að ellilífeyrir og tekjutrygging falli ekki niður, eins og 51. gr. 5. mgr. ATL gerir ráð fyrir, ef sjúkratrygging borgar vistgjald. Jafnframt þyrfti að breyta nokkuð ákvæðum 42. gr. ATL. Hefur nefndin útbúið frumvarp með þessum breytingum.

Með fyrirkomulagi því, sem hér er lagt til, er tveimur markmiðum náð. Í fyrsta lagi er leiðrétt það ranglæti, sem nú hefur ríkt, að vistmenn á sjúkrastofnunum hafa í mörgum tilvikum haft meiri tekjur til eigin þarfa en vistmaður á dvalarheimili. Hér er gert ráð fyrir að vistmenn hafi rýmri fjárráð, þ. e. haldi eftir stærri hluta tekna sinna er þeir vistast á dvalarheimili og hafa heilsu til að njóta ýmissa lífsins gæða. Í öðru lagi er komið í veg fyrir þann ávinning, sem vistmaður (og erfingjar) höfðu af því að honum yrði komið á þyngra og dýrara þjónustustig, því lagt er til að vistmenn á dvalarstofnunum fyrir aldraða, allt frá dvalarheimilum til langlegudeilda, taki þátt í greiðslu vistunarkostnaðar.

Vert er að vekja athygli á fylgiskjali IV, þar sem sýndur er hluti TR í greiðslu fyrir dvalarheimilisvist. Þar kemur fram að í raun greiðir Tryggingastofnun ríkisins að fullu dvalarheimilisvist fyrir u. þ. b. 80% vistmanna dvalarheimila, þrátt fyrir ákvæði þess efnis að vistmenn skuli greiða kostnað af vist sinni sjálfir. Ein aðalástæðan fyrir þessu er sú, að enn sem komið er er lítill hluti ellilífeyrisþega með lífeyrissjóðsrétt, sem nokkru nemur. Þetta mun hins vegar breytast á næstu árum, með auknum lífeyrissjóðsrétti landsmanna.

Um 27. gr.

Hér er lagt til að kostnaður af rekstri heimaþjónustu fyrir aldraða, sbr. 15.—16. gr., skuli greiddur af sjúkrasamlögum þó þannig að þessi kostnaður skiptist milli ríkis og sveitarfélaga í hlutföllunum 35:65. Þó skal ráðherra setja gjaldskrá fyrir not af þjónustunni. Undanþegnir gjaldskyldu eru alltaf þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

Ráðherra skal einnig setja gjaldskrá vegna vistunar á dagvist, sbr. 17. gr. 5. tl.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að þessi lög öðlist gildi 1. janúar 1983. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 28/1973 um dvalarheimili aldraðra og lög nr. 49/1981 sbr. lög nr. 93/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra. Gildi sínu eru látin halda lög nr. 10 frá 1952 með síðari breytingum um heimilishjálp í viðlögum. Ljóst er þó að ákvæði laga þessara um heimaþjónustu fyrir aldraða kalla á endurskoðun laganna um heimilishjálp í viðlögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir því að þegar verði kosin samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. og síðan hafist handa við stofnun sérstakrar deildar innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, þannig að verulegum undirbúningi verði lokið við gildistöku laganna. Í sjálfu sér þarfnast þetta bráðabirgðaákvæði ekki skýringa því augljóst er að undirbúningsvinna verður veruleg hjá samstarfsnefnd og ráðuneyti, svo sem við áætlanagerð og samningu reglugerðardraga, sem brýnt er að öðlist gildi um svipað leyti og lögin sjálf.

Gert er ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð innan 5 ára frá gildistöku, er nokkur reynsla hefur fengist af þeim.

Jafnframt er gert ráð fyrir að ákvæði 26. gr. taki gildi í áföngum.

Fylgiskjöl — Efnisyfirlit

Fylgiskjal I:
Framreikningur mannfjölda á Íslandi 1980–2000.

Fylgiskjal II:
Yfirlit um gildandi lög og reglugerðir um málefni aldraðra.

Fylgiskjal III:
Vistrými fyrir aldraða 1.11.1981.

Fylgiskjal IV:
Hluti Tryggingastofnunar ríkisins í greiðslu fyrir dvalarheimilisvist.

Fylgiskjal V:
Lausleg þýðing nokkurra ákvæða dönsku félagsmálalaganna frá 1974.

Fylgiskjal VI:
Nánar um stofnanir á vegum sveitarfélaga skv. dönsku félagsmálalögunum (lausleg þýðing úr Socialministeriets cirkulære frá 29. mars 1976, Cirkulære om institutioner under kommunerne og om visse særlige plejehjem).

Fylgiskjal VII:
Yfirlit um ýmsa þætti tryggingamála.

Fylgiskjal VIII:
Heimahjúkrun, úr ársskýrslu Heilbrigðisráðs Reykjavíkur, 1980.

Fylgiskjal IX:
Yfirlit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga yfir kostnað kaupstaðanna árið 1980, vegna rekstrar heimilishjálpar.

Fylgiskjal X:
Lífeyrisþegar fæddir 1901—1905, sýnishorn. Yfirlit frá endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis, sem sýnir tekjur nokkurra ellilífeyrisþega með rétt í lífeyrissjóði. Athuga ber að sýnishorn þessi eru valin af handahófi og of lítil til þess að unnt sé að draga af þeim ályktanir um stærri hóp.

Fylgiskjal I

Framreikningur mannfjölda á Íslandi 1980—2000.
Dæmi I

Aldursflokkur	1980	1985	1990	1995	2000
0— 4 ára	20 735	21 539	23 262	23 763	23 674
5— 9 ára	21 087	20 649	21 450	23 165	23 664
10—14 ára	20 594	21 065	20 626	21 427	23 140
15—19 ára	22 477	20 566	21 036	20 598	21 398
20—24 ára	21 619	22 368	20 466	20 933	20 499
25—29 ára	18 892	21 483	22 230	20 340	20 803
30—34 ára	16 603	18 806	21 386	22 130	20 248
35—39 ára	13 503	16 500	18 691	21 255	21 995
40—44 ára	10 590	13 330	16 288	18 451	20 983
45—49 ára	10 930	10 452	13 156	16 073	18 211
50—54 ára	11 037	10 677	10 210	12 850	15 698
55—59 ára	9 884	10 653	10 306	9 856	12 403
60—64 ára	8 429	9 365	10 096	9 768	9 343
65—69 ára	7 241	7 745	8 605	9 278	8 978
70—74 ára	5 839	6 373	6 811	7 568	8 163
75—79 ára	4 482	4 767	5 210	5 564	6 182
80—84 ára	3 026	3 250	3 458	3 784	4 037
85—89 ára	1 642	1 747	1 871	1 993	2 184
90—95 ára	477	721	769	820	873
95 og eldri	98	165	251	277	296
Alls	229 185	242 221	256 178	269 893	282 772

Dæmi II

Aldursflokkur	1980	1985	1990	1995	2000
0— 4 ára	20 735	21 539	22 027	20 933	18 725
5— 9 ára	21 087	20 649	21 450	21 936	20 846
10—14 ára	20 594	21 065	20 626	21 427	21 913
15—19 ára	22 477	20 566	21 036	20 598	21 398
20—24 ára	21 619	22 368	20 466	20 933	20 499
25—29 ára	18 892	21 483	22 230	20 340	20 803
30—34 ára	16 603	18 806	21 386	22 130	20 248
35—39 ára	13 503	16 500	18 691	21 255	21 995
40—44 ára	10 590	13 330	16 288	18 451	20 983
45—49 ára	10 930	10 452	13 156	16 073	18 211
50—54 ára	11 037	10 677	10 210	12 850	15 698
55—59 ára	9 884	10 653	10 306	9 856	12 403
60—64 ára	8 429	9 365	10 096	9 768	9 343
65—69 ára	7 241	7 745	8 605	9 278	8 978
70—74 ára	5 839	6 373	6 811	7 568	8 163
75—79 ára	4 482	4 767	5 210	5 564	6 182
80—84 ára	3 026	3 250	3 458	3 784	4 037
85—89 ára	1 642	1 747	1 871	1 993	2 184
90—94 ára	477	721	769	820	873
95 og eldri	98	165	251	277	296
Alls	229 185	242 221	254 943	265 834	273 778

Forsendur: 1) Grundvöllur er mannfjöldinn 1. des. 1980. 2) Dánarlíkur áranna 1973—1977. 3) Frjósemi ársins 1978 óbreytt allt tímabilið í dæmi I, en í dæmi II fer frjósemi lækkandi út tímabilið frá árinu 1985. 4) Jöfnuður í flutningum gagnvart útlöndum. 5) Kynhlutföll sveina og meyja 510:490.

Úr skýrslu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Mannfjöldi, mannafli og tekjur, Reykjavík, júlí 1981, bls. 71.

Fylgiskjal II

Yfirlit um gildandi lög og reglugerðir um málefni aldraða.

1. Heimilishjálp.

Á árinu 1952 voru sett lög um heimilishjálp í viðlögum (nr. 10). Lög þessi heimiluðu sveitarstjórnum/sýslunefndum að setja á fót heimilishjálp í viðlögum. Hlutverk heimilishjálparinnar var að veita hjálp á heimilum þegar sannað var með vottorði læknis, ljósmóður eða annars bærs aðila, að hjálpar væri þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Heimilishjálpin er veitt gegn endurgjaldi skv. gjaldskrá settri af sveitarstjórn/sýslunefnd og staðfestri af ráðherra. Ef um efnalítið fólk er að ræða eða aðrar sérstakar ívilnunarástæður fyrir hendi getur sveitarstjórn/sýslunefnd gefið eftir greiðslu að hluta eða að öllu leyti.

Þar sem sveitarstjórn/sýslunefnd samþykkir að koma á fót heimilishjálp skal kveða nánar á um starfsemina með reglugerð staðfestri af félagsmálaráðuneytinu.

Skv. lögum nr. 10/1952 átti ríkissjóður að endurgreiða 1/3 hluta rekstrarhalla heimilishjálpar. Þessu ákvæði var breytt með lögum nr. 94/1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Varð heimilishjálp þá alfarið kostuð af sveitarfélögunum.

Með lögum nr. 58/1963 var heimilað að starfrækja skv. lögunum frá 1952 heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar var ákveðið í reglugerð. Þessi reglugerð var sett á árinu 1971 (nr. 114). Hlutverk heimilisþjónustu fyrir aldraða er þar skilgreint svo: að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun þegar þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til að geta dvalið í heimahúsum. Lengd aðstoðar fer eftir aðstæðum hverju sinni að mati stjórnanda heimilisþjónustunnar. Sá sem nýtur heimilisþjónustu greiðir fyrir hana eftir reglum settum af sveitarstjórn. Undanþegnir greiðsluskyldu eru þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri. Tryggingaráð getur að beiðni sveitarfélags ákveðið að útgjöld vegna heimilisþjónustu, sem veitt er ellilífeyrisþegum, skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri skv. 19. gr. ATL. Uppbætur þessar greiðast þá að 3/5 hlutum af Tryggingastofnun ríkisins en að 2/5 hlutum af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Lög nr. 58/1963 voru felld úr gildi með lögum nr. 34/1974. Í síðastnefndu lögunum var ákveðið að auk heimilishjálpar handa öldruðum mætti einnig starfrækja heimilishjálp vegna veikinda barna og fullorðinna, ef þeir sem veittu heimilinu forstöðu væru bundnir af atvinnu utan heimilis.

2. Erfðafjársjóður.

Með lögum nr. 12 frá 1952 var erfðafjársjóður stofnaður. Er sjóðurinn í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Hlutverk sjóðsins var í upphafi að lána og veita styrki til sveitarfélaga, félaga eða einstaklinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir gamalmenni og öryrkja þannig að starfsgeta þeirra kæmi að sem fyllstum notum. Samanlagðar upphæðir lána og styrkja mega þó aldrei fara fram úr 2/3 hlutum stofnkostnaðar.

Með lögum nr. 36 frá 1965 var gerð sú breyting á upphaflegu lögunum frá 1952 að heimilað var að veita úr erfðafjársjóði (ef fjárhagur sjóðsins leyfði) lán til sömu aðila með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

3. Dvalarheimili aldraðra

Í lögum nr. 28 frá 1973 eru dvalarheimili aldraðra skilgreind sem stofnanir ætlaðar öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Getur slíkt dvalarheimili jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar eða fullrar vistunar. Þá geta íbúðir fyrir aldraða verið hluti dvalarheimilis.

Til stofnunar og reksturs dvalarheimilis fyrir aldraða þarf sérstakt leyfi ráðherra. Sama gildir um meiriháttar breytingar á húsakynnum eða starfsemi slíkra stofnana. Ráðherra veitir því aðeins rekstrarleyfi að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

Í stjórn dvalarheimilis sitja 3 eða 5 menn, tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vistmönnum er heimilt að tilnefna 1 mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin sér um rekstur stofnunar, ræður forstöðumann og heimilislækni og ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns.

Daggjaldanefnd ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Skv. lögunum frá 1973 var ríkissjóði skylt að greiða 1/3 hluta byggingarkostnaðar við dvalarheimili fyrir aldraða. Þetta ákvæði breyttist með lögum nr. 94/1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau, þannig að sveitarfélög kosta alfarið byggingar dvalarheimila aldraðra og þeim er heimilt að greiða 1/3 hluta kostnaðar ef aðrir byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis.

4. Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Skv. 3. gr. 2. mgr. laga um dvalarheimili aldraðra sjómanna (nr. 16/1973) skal ágóði happdrættisins renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. Þó skal 60% ágóðans varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt er þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

5. Byggingarsjóður aldraðs fólks.

Með lögum nr. 49 frá 1963 var stofnaður sjóður, Byggingarsjóður aldraðs fólks, sem fékk það hlutverk að stuðla með lánveitingum að því að byggðar yrðu hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

Með lögum nr. 23 frá 1968 var hlutverk sjóðsins víkkað þannig að úr sjóðnum ætti einnig að veita lán til bygginga dvalarheimila fyrir aldraða.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, skv. ákvæðum í lögum um happdrættið.
2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Stjórn sjóðsins og daglegur rekstur hans eru í höndum Tryggingastofnunar ríkisins. Fulltrúi stjórnar happdrættis DAS á tillögurétt um lánveitingar.

Lán úr sjóðnum má veita annars vegar sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki eða dvalarheimili, og hins vegar einstaklingum 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar eru sérstaklega við hæfi aldraðs fólks.

Á árinu 1978 var sett reglugerð um kjör á lánum úr Byggingarsjóði aldraðs fólks (nr. 321). Skv. reglugerðinni skal Tryggingaráð meta umsóknir um lán. A. m. k. einu sinni á ári, áður en fyrsta lánsumsókn er afgreidd, skal stjórn happdrættis DAS eiga kost á að gera tillögur um lánveitingar á árinu. Lán má veita til allt að 15 ára. Vextir greiðast eftir á og eru 3 prósentustigum hærri en hæstu lögleyfðir fasteignalánavextir á hverjum tíma.

6. Framkvæmdasjóður aldraðra.

Með lögum nr. 49/1981 var stofnaður Framkvæmdasjóður aldraðra. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstökum skatti, sem lagður er á einstaklinga. Á árinu 1982 verður þessi skattur kr. 200.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Hlutverk sjóðsins er skilgreint í 5. gr. sbr. 3. gr. l. nr. 93 frá 1981:

1. að fjármagna byggingar vegna stofnana fyrir aldraða,
2. að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða,
3. að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingu sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða,
4. að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða.

Fylgiskjal III

Vistrými fyrir aldraða 1.11. 1981.

	Vist-rými	Vist-menn	Vist-gjald. Fjöldi	Hjúkr.-gjald. Fjöldi
I. Dvalarheimili aldraða				
1. Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Reykjavík .	326[1])	311	124	187
2. Dvalarheimili aldraða sjómanna, Hrafnista, Reykjavík	405[2])	403	188	215
3. Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	44	44	44	
4. Dvalarheimili aldraða, Borgarnesi	58	56	56	
5. Dvalarheimili aldraða, Stykkishólmi	17[9])	17	17	
6. Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7	4	4	
7. Elliheimili Ísafjarðar, Ísafirði	22	22	22	
8. Dalbær, heimili aldraða, Dalvík	30[3])	30	30	
9. Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri	110	110	110	
10. Elliheimilið Skjaldarvík, Akureyri	80	80	80	
11. Dvalarheimili aldraða, Húsavík	31[10])	31	31	
12. Dvalarheimili aldraða, Eskifirði	7	6	6	
13. Elli- og hjúkrunarheimili, A-Skaftafellssýslu, Höfn	24[4])	27	4	23
14. Elliheimilið Suður-Vík, Vík í Mýrdal	4	2	2	
15. Dvalarheimilið Lundur, Hellu	16	17	17	
16. Hraunbúðir, dvalarheimili aldraða, Vestmannaeyjum	42	35	35	
17. Vistheimilið Kumbaravogi, Stokkseyri	43[5])	43	28	15
18. Elliheimilin Ás og Ásbyrgi, Hveragerði	190[1])	158	92	66[6])
19. Elliheimilið Hlévangur, Keflavík	17	13	13	
20. Dvalarheimilið Garðvangur, Gerðum	22	22	22	
21. Dvalarheimili aldraða sjómanna, Hrafnista, Hafnarf.	87[7])	90(9)	63(9)	27
Samtals	1582	1521(9)	988(9)	533

1) Tölur frá Grund, Ási og Ásbyrgi eru miðaðar við 1.12.1981. Þá skal tekið fram að vistrými á þessum stöðum er ekki skipt sérstaklega milli dvalarheimilis og hjúkrunardeildar.
2) Skv. upplýsingum Hrafnistu í Reykjavík teljast 240 vistrými til dvalarheimilis og 165 til hjúkrunardeildar.
3) Þann 4. desember munu bætast við 13 vistrými.
4) Í desember bættust við 6 vistrými og í janúar 1982 munu bætast við 13—14 vistrými, 5 á hjúkrunardeild og 8—9 á dvalarheimili.
5) Kumbaravogur hefur leyfi fyrir hjúkrunardeild með 14 vistrýmum.
6) Flestir vistmanna á hjúkrunargjaldi eru annað hvort frá Reykjalundi eða Kleppi.
7) Engin sérstök hjúkrunardeild er enn á Hrafnistu í Hafnarfirði. Þeir vistmenn, sem eru á hjúkrunargjaldi dvelja því í íbúðum, sem búnar hafa verið björllu. Sviginn táknar vistmenn í tímabundinni vistun.
8) Á Fellsenda eru aldraðir með geðræn vandamál, flestir frá Kleppi.
9) 7 vistrými bætast við vorið 1982. Tölur frá Stykkishólmi miðast við 31.12.81.
10) Á dvalarheimilinu eru 17 íbúðir, 2ja og 3ja manna. Búið er að taka 11 í notkun. Síðustu 6 verða teknar í notkun vorið 1982 og bætast þá við 9—14 vistrými. Tölur frá Húsavík miðast við 31.12.1981.

	Vist-rými	Vist-menn	Vist-gjald	Hjúkr.-gjald
II. Hjúkrunar- og langlegudeildir				
22. Dvalarheimilið Fellsendi, Dalasýslu	16[8])	18		18
23. Ellideild Héraðshælis A-Hún., Blönduósi	17	24	8	16
24. Kristnes, Eyjafirði	69	69		69
25. Ellideild Fjórðungssjúkrahúss-ins Neskaupstað	10	14	6	8
26. Sólvangur, Hafnarfirði	106	106		106
27. Borgarspítalinn, endurhæfingar- og hjúkrunardeild við Barónsstíg	30	30		30
28. Borgarspítalinn, sjúkradeild í Hafnarbúðum, Reykjavík	25	25		25
29. Landspítalinn, Hátúni 10B, Reykjavík	66	66		66
Samtals	339	352	14	338
Alls	1921	1873(9)	1002(9)	871

Fylgiskjal IV

Hluti TR í greiðslu fyrir dvalarheimilisvist.

	Fjöldi vist-manna á vistgjaldi	TR greiðir elli-heimilisuppbót og vasapeninga	TR greiðir elli-heimilisuppbót þrátt fyrir tekjur úr lífeyrissjóði	TR greiðir skerta elliheimilisupp-bót vegna tekna úr lífeyrissjóði	Vistmaður greiðir vist sjálfur
1. Elliheimilið Grund, R	124	69 (55,7%)	33 (26.6%)	22 (17.7%)	0
2. Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	92[1])	61 (66.3%)	17 (18.5%)	8 (8.7%)	0
3. Hlíð, Akureyri	110	60 (54.6%)	33 (30.0%)	16 (14.5%)	1 (0.9%)
4. Skjaldarvík, Akureyri	80	60 (75.0%)	16 (20.0%)	4 (5.0%)	0
5. Hrafnista, Hafnarfirði	72	29 (40.3%)	22 (30.5%)	21 (29.2%)	0
6. Höfði, Akranesi	44	16 (36.4%)	21 (47.7%)	6 (13.6%)	1 (2.3%)
7. Dvalarheimili aldr., Borgarnesi	56	26 (46.4%)	27 (48.2%)	3 (5.4%)	0
8. Dalbær, Dalvík	30	15 (50.0%)	11 (36.7%)	4 (13.3%)	0
9. Hlévangur, Keflavík	15	5 (33.3%)	4 (26.7%)	6 (40.0%)	0
10. Garðvangur, Gerðum	22	9 (40.9%)	7 (31.8%)	6 (27.3%)	0
11. Dvalarheimili aldr., Húsavík	31	8 (25.8%)	20 (64.5%)	3 (9.7%)	0
12. Lundur, Hellu	17	4 (23.5%)	12 (70.6%)	1 (5.9%)	0
13. Ellideild Hér.h. A-Hún.	8	7 (87.5%)	0	1 (12.5%)	0
14. Kumbarav., Stokkseyri	28	9 (32.1%)	16 (57.2%)	3 (10.7%)	0
Samtals	729	378 (51.8%)	239 (32.8%)	104 (14.3%)	2 (0.3%)

1) Upplýsingar vantar um 6 vistmenn.

Skýringar við fylgiskjal IV.

Taflan sýnir kostnað Tryggingastofnunar ríkisins vegna dvalarheimilisvistar. Upplýsingar fengust um 729 vistmenn (af 1011 eða 72.1%). Í fyrsta dálki er sýndur fjöldi vistmanna sem fær fulla elliheimilisuppbót auk vasapeninga. Í öðrum dálki er sýndur fjöldi þeirra, sem fær fulla elliheimilisuppbót þrátt fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Ástæðan er sú, að tekjur þessa fólks úr lífeyrissjóði fara ekki fram úr frítekjumarkinu. Í þriðja dálki kemur fram fjöldi þeirra, sem taka þátt í greiðslu dvalarheimiliskostnaðar og er það ekki nema 14.3% af fjöldanum. Loks er sýndur fjöldi þeirra, sem greiða vist sína að fullu sjálfir.

Fylgiskjal V

Lausleg þýðing nokkurra ákvæða dönsku félagsmálalaganna frá 1974.[1])

Dagvistir og dagstöðvar (74. — 78. gr.).

74. gr. Sveitarstjórn skal sjá til þess að þeir, sem þurfa varanlegt eftirlit og hjúkrun, sem ekki er hægt að veita á heimili þeirra að deginum til, eigi völ á því að dveljast á dagvist. Þá skal sveitarstjórn sjá til þess að í sveitarfélaginu sé komið á fót dagmiðstöð til að annast þá þjónustu sem best er að veita á stofnunum.

Dagheimili og dagmiðstöðvar geta sveitarstjórnir, ein eða fleiri, sýslunefndir eða sjálfseignarstofnanir, sem sveitarstjórn gerir samkomulag við, sett á fót og rekið.

75. gr. Sveitarstjórn sér til þess að áætlanir um stofnun eða breytingu á dagvist eða dagmiðstöð séu í samræmi við leiðbeiningar, sem félagsmálaráðherra gefur.

76. gr. Sveitarstjórn hefur eftirlit með daglegum rekstri dagvista og dagmiðstöðva í sveitarfélaginu.

Sýslunefnd gefur leiðbeiningar og getur gert athuganir í sambandi við fyrirspurnir um rekstur dagvista og dagmiðstöðva í sýslunni.

77. gr. Ákvörðun um inntöku á dagvist er tekin af félagsmálaráði (det sociale udvalg).

Skilyrði þátttöku í þeirri þjónustu sem dagmiðstöð veitir er samþykki félagsmálaráðs.

78. gr. Þeir sem vistast á dagvist greiða ákveðna upphæð fyrir máltíðir og hjúkrun og er sú upphæð ákveðin af félagsmálaráðherra.

Fyrir þátttöku í þjónustu dagmiðstöðvar er greitt skv. reglum settum af félagsmálaráði skv. leiðbeiningum félagsmálaráðherra.

Hjúkrunarheimili og verndað húsnæði (79. — 86. gr.).

79. gr. Sveitarstjórn skal sjá til þess að þeir, sem af heilsufarsástæðum geta ekki séð um sig heima, þrátt fyrir heimilishjálp og aðra aðstoð sem félagsmálalögin mæla fyrir, skuli geta vistast á hjúkrunarheimili.

Þeir, sem ekki geta séð um sig í venjulegu húsnæði, en þurfa þó ekki á hjúkrunarvist að halda, skulu eiga möguleika á vistun í vernduðu húsnæði, sem er sérstaklega hannað fyrir fólk með langvarandi einkenni.

80. gr. Hjúkrunarheimili og verndað húsnæði er hægt að setja á fót og reka af einni eða fleiri sveitarstjórnum, sýslunefnd eða sjálfseignarstofnun, sem sveitarstjórn gerir samkomulag við.

81. gr. Sveitarstjórn sér til þess að áætlanir um stofnun eða breytingar á hjúkrunarheimili eða vernduðu húsnæði séu í samræmi við leiðbeiningar gefnar af félagsmálaráðherra.

82. gr. Sveitarstjórn hefur eftirlit með daglegum rekstri hjúkrunarheimilis og verndaðs húsnæðis í sveitarfélaginu og hefur þar eftir því sem hægt er samstarf við vistmannaráð.

Sýslunefnd gefur leiðbeiningar og getur gert athuganir í sambandi við fyrirspurnir um rekstur hjúkrunarheimilis og verndaðs húsnæðis í sýslunni.

83. gr. Sýslunefnd setur á fót eina eða fleiri nefndir til að meta vistunarþörf aðila. Í þessum nefndum skulu vera fulltrúar frá félagsmálastofnunum sýslunnar, sjúkrahúsum, einkum langlegudeildum, og embættislæknum.

Ákvörðun um vist á hjúkrunarheimili eða í vernduðu húsnæði er tekin af félagsmálaráði að fenginni umsögn nefnda þeirra sem rætt er um í 1. mgr. Þó geta sýslunefnd og sveitarstjórn ákveðið að félagsmálaráð þurfi ekki að leita slíkrar umsagnar.

1) Bistandsloven.

84. gr. Þegar lífeyrisþegi vistast á hjúkrunarheimili er hluti lífeyris greiddur til persónulegra þarfa en afgangurinn er notaður til greiðslu fyrir vistina. Upphæðin sem nýtt er til persónulegra þarfa skal vera kr. 4.380 á ári (miðað við 1. 10. 1980). Hafi lífeyrisþeginn aðrar tekjur en lífeyri skulu 60% þeirra greiðast fyrir vistina. Þó skal heildargreiðsla aldrei fara fram úr upphæð sem félagsmálaráðherra ákveður.

Sú upphæð sem notast til persónulegra þarfa er miðuð við framfærsluvísitölu eftir sömu reglum og gilda um vísitölutryggingu lífeyris.

Þeir, sem ekki fá lífeyri, greiða upphæð innan þeirra marka sem gefin eru í 1. mgr. síðasta málsl. þannig að viðkomandi haldi eftir sömu upphæð til persónulegra þarfa og lífeyrisþegi á sama aldri.

85. gr. Greiðsla fyrir vist á hjúkrunarheimili byrjar í lok mánaðarins á eftir innlagningarmánuði. Séu einhverjar líkur á því að viðkomandi geti útskrifast innan u. þ. b. þriggja mánaða frá innlögn má lækka greiðsluna þannig að viðkomandi haldi eftir upphæð sem dugir fyrir húsaleigu og þess háttar.

Í 2. — 5. mgr. eru ákvæði um ákvörðun vistunargjalds ef viðkomandi er giftur eða með börn á framfæri o. s. frv.

86. gr. Íbúar í vernduðu húsnæði greiða leigu ákveðna af félagsmálaráði skv. leiðbeiningum félagsmálaráðherra.

Fylgiskjal VI

Nánar um stofnanir á vegum sveitarfélaga skv. dönsku félagsmálalögunum.

(Lausleg þýðing úr Socialministeriets cirkulære frá 29. mars 1976, Cirkulære om institutioner under kommunerne og om visse særlige plejehjem).

Dagmiðstöðvar (Dagcentre).

86. Dagmiðstöð er ramminn um þá þjónustu, sem best er að veita á stofnunum. Dagmiðstöð er hönnuð í samræmi við þarfir þess hóps, sem hún á að þjóna. Þar skal fara fram starf, sem miðar að því að viðkomandi þurfi ekki að fara á hjúkrunarheimili (I et dagcenter skal gennemføres et aktiverende, plejehjemsforebyggende arbejde). Ef kostur er skal þar völ á fótsnyrtingu og iðjuþjálfun. Þar getur einnig verið sjúkraþjálfun, sem miðar að því að viðhalda líkamlegri hreysti og er þess eðlis að ekki þarf tilvísun eða meðhöndlunarbeiðni. Hér er því um að ræða leikfimi o. þ. h. undir stjórn sjúkraþjálfara. Sjúkraþjálfun sem krefst læknisskoðunar og tilvísunar frá lækni, auk þjálfunar sem krefst sérstakra áhalda, fellur undir heilbrigðisþjónustu (er et anliggende for sundhedsvæsenet) og verður því að fylgja reglum þar að lútandi. Slíka sjúkraþjálfun má ekki veita á dagmiðstöð.

87. Félagsmálaráð (det sociale udvalg) verður að samþykkja inntöku á dagmiðstöð.

88. Félagsmálaráð ákveður greiðslur fyrir þátttöku í þjónustu dagmiðstöðvar og skal greiðslan í samræmi við umfang þjónustunnar.

. . .

89. Dagmiðstöðvar, sem sjá um afþreyingu fyrir lífeyrisþega, eru ekki dagmiðstöðvar í merkingu félagsmálalaganna.

Dagvist, verndað húsnæði og hjúkrunarheimili (Daghjem, beskyttede boliger og plejehjem).

90. Markmið félagsmálalaganna er að þjónusta við aldraða og lífeyrisþega miði að því að viðkomandi geti dvalist heima eins lengi og hann vill og hefur heilsu til. Ákvæði laganna um dagvist, verndað húsnæði og hjúkrunarheimili koma því fyrst til álita er öll önnur ráð hafa verið reynd til þrautar.

Dagvist (Daghjem).

91. Dagvist er ætluð þeim, sem þarfnast stöðugs eftirlits og hjúkrunar, sem ekki er hægt að inna af hendi að deginum til á heimili þeirra.

Séu sérstök daghjúkrunarheimili reist, skulu þau þannig hönnuð að þar megi vista hjúkrunarfreka sjúklinga.

Dagvist hefur sama hlutverk og hjúkrunarheimili a. ö. l. en því að þeir sem á dagvist dvelja búa þar ekki. Á dagvist skal því hægt að veita raunverulega hjúkrun.

92. Félagsmálaráð tekur ákvörðun um inntöku á dagvist.

93. Þeir, sem dagvistar njóta, greiða fyrir máltíðir og hjúkrun. Við ákvörðun upphæðarinnar skal taka tillit til þeirrar kostnaðarlækkunar viðkomandi að fá máltíðir í vistinni. Greitt skal upp að þeirri upphæð sem viðkomandi hefði ella greitt fyrir heimilisþjónustu (Yderligere betales indtil det beløb, den pågældende skulle betale for modtagelse af hjemmehjælp). Þá skal greiða sérstaklega fyrir þjónustu eins og hárgreiðslu og fótsnyrtingu.

Verndað húsnæði (Beskyttede boliger).

94. Verndað húsnæði er ekki ætlað sérstökum hópum fólks, en gert ráð fyrir, að það verði einkum notað af ellilífeyrisþegum. Verndað húsnæði er fyrir þá, sem ekki geta séð um sig í venjulegu húsnæði, en þurfa þó ekki á hjúkrunarheimilisvist að halda eða dagvist. Verndað húsnæði skal hannað fyrir fólk með langvarandi einkenni (vedvarende lidelser).

Í vernduðu húsnæði skal veita persónulega og verklega þjónustu. Hjúkrun er einungis veitt í takmörkuðum mæli, enda er verndað húsnæði ekki ætlað þeim, sem með réttu ættu að vistast á hjúkrunarheimili.

95. ...

96. Verndað húsnæði skal vera:

1) fjölbýlishús (kollektiv bebyggelse) eða hluti slíkrar byggingar
2) með vaktmiðstöð þar sem starfslið er allan sólarhringinn
3) með möguleika á aðstoð í íbúð, þ. e.
   a) persónuleg aðstoð (personlig bistand),
   b) aðstoð við hirðingu íbúðar og annað, sem heimaþjónusta sér um,
   c) takmörkuð hjúkrun, samsvarandi þeirri þjónustu, sem heimahjúkrun veitir,
4) með sameiginlega aðstöðu og þjónustu, s. s. máltíðir og þvottaþjónustu,
5) með sameiginlegt rými í húsnæðinu eða næsta nágrenni fyrir ýmsa starfsemi (have aktivitets- og kontaktsmuligheder).

97. Verndað húsnæði skal fullnægja þeim kröfum, sem byggingarlöggjöf gerir til sjálfstæðra íbúða. Húsnæðið skal innréttað við hæfi fatlaðs fólks. Í hverri íbúð skal útbúnaður til að kalla á aðstoð. Íbúðirnar má innrétta fyrir hjón.

98. Verndað húsnæði er reist sem sér húsnæði eða nokkrir uppgangar í venjulegu húsnæði. Verndað húsnæði er venjulega íbúðir, en getur hugsanlega verið einbýlishús eða raðhús, svo framarlega sem sá hátturinn minnkar ekki möguleika á sameiginlegri þjónustu og því að hægt sé í skyndi að kalla til þjónustu. Fjöldi eininga verður að miðast við að reksturinn verði

sem hagkvæmastur. Sé sérhannað húsnæði rekið í tenglsum við hjúkrunarheimili þarf fjöldi eininga ekki að vera eins mikill. Einstakar íbúðir í venjulegu húsnæði geta því ekki orðið verndað húsnæði jafnvel þótt íbúinn uppfylli skilyrði búsetu í vernduðu húsnæði.

99. Hentugt er, en ekki skilyrði, að verndað húsnæði sé reist í tengslum við hjúkrunarheimili, þannig að þjónusta sú, sem veitt er í vernduðu húsnæði, sé rekin í samvinnu við hjúkrunarheimilið.

100. Líta skal á verndað húsnæði sem heimili íbúanna. ...

Hjón geta búið í vernduðu húsnæði þó að einungis annað þeirra uppfylli skilyrði vistunarinnar.

Þegar sá, sem vistast hefur í vernduðu húsnæði, getur ekki lengur dvalið þar, verður að taka afstöðu til hvort makinn skuli áfram búa í húsnæðinu. Ef viðkomandi þyrfti að flytja, skal hann fá aðstoð við að finna annað húsnæði.

101. Viðkomandi sveitarstjórn ákveður hvernig aðstoð skv. 96. skuli látin í té, þ. á m. aðstoð sem heimaþjónusta sér venjulega um. ...

102. Þar sem forsenda vistunar í vernduðu húsnæði er meiri eða minni þörf fyrir aðstoð skv. 96., hvílir sú skylda á stjórnendum hins verndaða húsnæðis og félagsmálastofnun að fylgjast með þjónustuþörf hvers og eins og ákveða hvaða þjónustu skuli veita og í hvaða mæli.

103. Í vernduðu húsnæði skal koma á fót vistmannaráði. Um vistmannaráð vísast til athugasemda hér á eftir um vistmannaráð á hjúkrunarheimilum. Þá skal og setja húsreglur í samvinnu við vistmannaráðið eftir því sem hægt er.

Inntaka í verndað húsnæði (Optagelse i beskyttet bolig).

104. Við inntöku í verndað húsnæði skal íbúanum gerð grein fyrir þeim reglum sem í gildi eru, hvaða þjónustu er völ og undir hvaða kringumstæðum gæti orðið um flutning úr húsnæðinu að ræða.

Félagsmálaráð tekur ákvörðun um inntöku í eða brottflutning úr vernduðu húsnæði. Skoðun fer fram á sama hátt og vegna inntöku á hjúkrunarheimili, sem sveitarfélög notfæra sér. Stjórn sjálfseignarstofnunar, sem rekur verndað húsnæði, getur ekki tekið ákvörðun um inntöku og verndað húsnæði þannig rekið hefur ekki forgang að því að vista fólk í húsnæði sínu. Við ákvörðun um inntöku skal haft í huga hvort viðkomandi, með þeirri aðstoð sem húsnæðið veitir, geti annast um sig sjálfur og notið vistarinnar um einhvern tíma.

Ákvörðun um inntöku í verndað húsnæði er tekin eftir að umsagnar nefndar skv. 116. hefur verið leitað.

Greiðsla fyrir dvöl í vernduðu húsnæði.

105. Þó að íbúðirnar í vernduðu húsnæði teljist einkaíbúðir þeirra sem þar dveljast þá telst verndað húsnæði þó dvalarstofnun í skilningi félagsmálalaganna. Lög um leigu gilda því ekki um þessar íbúðir og venjulegur leigusamningur er ekki gerður.

Skv. 86. gr. félagsmálalaganna ákveður félagsmálaráð leiguna í samræmi við leiðbeiningar félagsmálaráðherra. Sú upphæð, sem ákveðin er, skal vera greiðsla fyrir leigu íbúðarinnar og viðhald, ljós og hita ásamt þeirri aðstoð og hjúkrun sem veitt er og þátttöku í starfi fyrir lífeyrisþega.

Fyrir þátttöku í umönnunarstarfi utan verndaðs húsnæðis er hægt að krefja sérstakrar greiðslu.

106. Greiðslan skal vera samsvarandi 25% af „husstandsindkomsten" auk helmings af „bistands- og plejetillæg". Þó skal upphæðin aldrei hærri en það sem svarar til bráttóhúsaleigu ásamt viðhaldskostnaði auk hæstu greiðslu fyrir heimilisþjónustu.

Félagsmálaráð getur í einstökum tilvikum ákveðið hærri eða lægri greiðslu en 25% af „husstandsindkomsten". Þó skal upphæðin aldrei hærri en svo að viðkomandi þurfi að ganga á eignir sínar (dog kan der ikke fastsættes en betaling, der forudsætter forbrug af en eventuel formue). Ekki má krefjast peningaframlags sem skilyrðis fyrir inntöku.

Fyrir aðra þjónustu en hér er nefnd, s. s. máltíðir, sem færðar eru íbúanum, og þvotta-þjónustu, hárgreiðslu og fótsnyrtingu, skal greiða upphæð skv. ákvörðun félagsmálaráðs.

107. ...
108. ...
109. ...
110. ...

Hjúkrunarheimili.

111. Hjúkrunarheimili er ætlað þeim, sem af heilsufarsástæðum geta ekki séð um sig sjálfir þrátt fyrir aðstoð heimaþjónustu eða stuðning verndaðs húsnæðis.

112. ...

113. Sá, sem þörf hefur fyrir vistun á hjúkrunarheimili, getur vistast þar ef hönnun heimilis og sú þjónusta sem það veitir er í samræmi við hjúkrunarþörf viðkomandi og heilsufars-ástand hans, að mati læknis, er ekki þess eðlis að það ylli óþægindum fyrir aðra vistmenn heimilis.

Þjónusta á hjúkrunarheimili (Ydelser i plejehjem).

114. Á hjúkrunarheimili skal veita nauðsynlega umönnun og hjúkrun eftir þörfum hvers einstaks vistmanns. Þá eiga vistmenn rétt á þjónustu, sem venjulega er veitt á hjúkrunar-heimilum, s. s. klæðnaði (beklædning), hárgreiðslu og fótsnyrtingu ásamt hjálpartækjum (hjælpemidler).

115. Á hjúkrunarheimilum skal koma á fót vistmannaráðum. Þar skal og setja húsreglur í samvinnu við vistmannaráð, eftir því sem hægt er. Tilgangur vistmannaráðs er annars vegar að virkja íbúa heimilisins, hins vegar að skapa samstarf milli íbúa og stjórnar um þau atriði sem snerta daglegt líf á heimilinu. Vistmannaráð getur haft frumkvæðið að viðræðum við stjórn heimilisins auk þess sem það getur einnig snúið sér beint til sveitarstjórnar.

Ekki er hægt að setja fastar reglur um samsetningu ráðsins eða heimildir þess. Stjórn heimilisins ber ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart sveitarstjórnum og er ekki óeðlilegt að sveitarstjórn ákveði hlutverk ráðsins. Eðlilegt væri að ráðið hefði með að gera þau atriði sem skipta máli fyrir daglega velferð vistmanna.

Við inntöku á heimili skal veita vistmanni upplýsingar um þau atriði sem máli skipta varðandi vistina.

Inntaka á hjúkrunarheimili (Optagelse i plejehjem).

116. Félagsmálaráð tekur ákvörðun um vistun á hjúkrunarheimili.

Ákvörðun skal byggð á upplýsingum frá lækni viðkomandi, heimahjúkrunarkonu, heimilisþjónustufólki og öðrum, sem þekkja til aðstæðna viðkomandi. Sé langlegudeild á svæðinu skal skoðun fara fram í samvinnu við deildina.

Áður en ákvörðun er tekin skal leita umsagnar þeirrar nefndar sem sýslunefnd skipar, nema sýslunefnd og viðkomandi sveitarstjórn hafi samið um að félagsmálaráð þurfi ekki að leita slíkrar umsagnar.

Eftir því sem hægt er skal taka tillit til óska viðkomandi um á hvaða heimili skuli vista.

117. ...

Kostnaður (Økonomiske forhold).

118. Til vistmanna á hjúkrunarheimilum greiðist fjárhæð til persónulegra þarfa. Hjá lífeyrisþegum er þessi fjárhæð hluti af lífeyrinum og það sem eftir er greiðist til heimilisins sem gjald fyrir vistunina. ...

119. ...
120. ...

Fylgiskjal VII

Yfirlit um ýmsa þætti tryggingamála.

Skv. 1. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar teljast almannatryggingar þessar:
1. lífeyristryggingar,
2. slysatryggingar,
3. sjúkratryggingar.

Í þessu yfirliti verður einungis vikið að lífeyristryggingum og sjúkratryggingum. Allar upphæðir miðast við 1. september 1982.

1. Lífeyristryggingar.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta og ekkjulífeyris (10. gr.).

Ellilífeyrir

Rétt til **ellilífeyris** eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur ellilífeyrir greiðist þeim, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Sé um skemmri tíma að ræða, greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann. Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, nemur 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Þó fá hjón, sem bæði dveljast á elliheimili, fullan lífeyri hvort um sig. Fullur ellilífeyrir, sem tekinn er við 67 ára aldur, er nú kr. 2 227 á mánuði. Ef ellilífeyrir er tekinn seinna fer hann stighækkandi allt til 72 ára aldurs (11. gr.).

Makabætur

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega **makabætur** allt að 80% lífeyris einstaklings, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. ef hann getur ekki stundað atvinnu vegna sjúkleika maka í heimahúsi (13. gr.).

Tekjutrygging[1])

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr kr. 17 280 á ári hjá einstaklingum og 24 190 hjá hjónum skal greidd uppbót á lífeyri.

1) Frítekjumarkið vegna tekjutryggingar er ákveðið einu sinni á ári miðað við 1. júní.

Tekjutrygging er nú kr. 2 481 á mánuði hjá einstaklingum og kr. 4 466 hjá hjónum. Hafi bótaþeginn tekjur umfram framangreind mörk er uppbótin skert um 55% þeirra tekna, sem umfram eru. Ef tekjur einstaklinga ná kr. 71 411 á ári og kr. 115 697 hjá hjónum, fellur tekjutryggingin niður. Í þessu sambandi teljast vextir, verðbætur og gengishagnaður, sem eru frádráttarbær frá tekjuskattsstofni, ekki til tekna (19. gr.).

Heimilisuppbót

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögun við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, er greidd **heimilisuppbót,** sem er nú kr. 832 á mánuði. Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli (19. gr.).

Aðrar uppbætur

Heimilt er að greiða **frekari uppbót** á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Þessar uppbætur geta verið vegna mikils lyfjakostnaðar, hárrar húsaleigu, reksturs bifreiðar eða vegna umönnunar í heimahúsi. Í uppbætur eru greiddar 25% grunnlífeyris nema vegna umönnunar í heimahúsi, þar eru greidd 80% (19. gr.).

Elliheimilisuppbót

Skv. lögum nr. 28 frá 1973 greiða vistmenn á dvalarheimilum fyrir aldraða vist sína sjálfir. Í mörgum tilvikum hagar þó svo til að viðkomandi hefur ekki nægar tekjur til að greiða vistgjaldið. Í þeim tilvikum greiðir Tryggingastofnun ríkisins svokallaða **elliheimilisuppbót** vegna vistmannsins og er sú uppbót greidd með heimild í 19. gr. ATL.

Bensínstyrkur

Heimilt er að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri eða örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar. Uppbót þessi er greidd ársfjórðungslega og greitt fyrir 800 l á ári.

Við ákvörðun um hækkanir bóta, sem að framan greinir, skulu umsóknir rökstuddar, t. d. með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, eftir því sem spurningar á eyðublöðum fyrir umsóknir um uppbætur gefa tilefni til. Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar (19. gr.).

Kostnaður af lífeyristryggingu

Útgjöld lífeyristrygginga eru borin af atvinnurekendum og ríkissjóði. Framlag atvinnurekenda er 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs án tillits til hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. l. nr. 14/1965 (20. gr.).

2. Sjúkratryggingar.

Sjúkrasamlög

Í hverjum kaupstað og í hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag til að annast sjúkratryggingar. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags að fengnum tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn eða sýslunefnd kýs til viðbótar 4 menn í stjórnina og jafnmarga til vara (37. gr.).

Hlutverk sjúkratryggginga

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er (sbr. 39. gr.):

1. að annast sjúkratryggingar þ. e.
   a. að tryggja samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki, þ. e. þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár,
   b. að tryggja samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er vegna ellikramar, fávitaháttar eða langvinns sjúkdóms, ásamt hjúkrun, læknishjálp, lyfjum, og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum sem stofnunin hefur samning við og sjúkrahúsum. Sama gildir um dagvistir þessara stofnana eða sérstakra viðurkenndra dagvistarstofnana fyrir sjúka eða vangefna. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar,
   c. að greiða hluta kostnaðar við sjúkrahúsvist erlendis,
2. að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta,
3. að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa,
4. að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun,
5. að annast málefni sjúkrasamlaga,
6. að greiða kostnað yfirstjórnar Tryggingastofnunar á sjúkratryggingamálum,
7. að greiða sjúkrasamlögum hluta þeirra af framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginga,
8. að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og fylgdarmanna, þegar alveg sérstaklega stendur á,
9. að greiða kostnað vegna psoriasissjúklinga.

Allir landsmenn eru sjúkratryggðir í sjúkrasamlagi þar sem þeir eiga lögheimili. Hjón eru í sama sjúkrasamlagi og með þeim tryggð börn þeirra 16 ára og yngri. Þeim, sem sjúkratryggðir eru, er tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Sjúkrasamlögin tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, þ. á m. fæðingarstofnun, sem samist hefur við, eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum, svo og annarri þjónustu. Greiðsla samlags fellur niður þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi tvö ár. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki (40. — 42. gr.).

Tannlæknaþjónusta

Af tannlæknaþjónustu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, veittri af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem TR hefur samning við, greiða sjúkrasamlög 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslu fyrir bótaþega, eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í 75% eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100% (44. gr. 5. tl.).

Kostnaður af sjúkratryggingu

Kostnaður við sjúkrasamlögin greiðist 85% af ríkissjóði og 15% af sveitarsjóðum. Framlagi sveitarsjóðs er jafnað niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal. Framlag ríkissjóðs til sjúkratryggginganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar. Tryggingastofnunin greiðir sjúkrasamlögunum af framlagi ríkissjóðs í samræmi við fjárhagsáætlun, þegar tekið hefur verið tillit til hluta sveitarfélaga, sem sjúkrasamlögin innheimta sjálf (50. gr.).

Samanburður á fjárhagsafkomu aldraðra.

Í dæmunum hér á eftir er reynt að varpa ljósi á fjárhagsafkomu aldraðra, annars vegar eftir því hvort þeir búa heima hjá sér eða á stofnunum og hins vegar eftir því hvort þeir hafa einhverjar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga. Allar fjárhæðir bóta almannatrygginga eru miðaðar við 1. september 1982. Daggjald á dvalarheimilum aldraðra er kr. 274 frá og með 1. ágúst 1982. Meðalvistgjald á mánuði er því kr. 8334. Vistmenn greiða gjald þetta sjálf. Ef tekjur hrökkva ekki til greiðir Tryggingastofnun ríkisins mismuninn, svokallaða elliheimilisuppbót.

A. Einhleypur ellilífeyrisþegi, sem býr einn. Hann hefur engar tekjur, eða tekjur undir 17 280 á ári (þ. e. 1 440 kr. eða minna á mánuði). Hann fær úr almannatryggingum:

ellilífeyri	kr. 2 227 á mán.
tekjutryggingu	kr. 2 481 á mán.
heimilisuppbót	kr. 832 á mán.
Samtals	**kr. 5 540 á mán.**

Ef þessi einstaklingur færi á elliheimili, þá ber honum að borga vist sína sjálfur. Meðalvistgjald á mánuði er kr. 8 334. Tekjur hans duga því ekki fyrir vistgjaldinu og lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins borgar því fyrir hann svokallaða elliheimilisuppbót. Dæmið lítur þá svona út.

ellilífeyrir	kr. 2 227 á mán.
tekjutrygging	kr. 2 481 á mán.
elliheimilisuppbót	kr. 3 626 á mán.
Samtals	**kr. 8 334 á mán.**

Öll þessi upphæð rennur til elliheimilisins. Til persónulegra þarfa fær viðkomandi greidda vasapeninga, sem eru nú kr. 743 á mánuði.

B. Einhleypur ellilífeyrisþegi, sem býr einn. Hann fær kr. 2 100 á mánuði úr lífeyrissjóði. Frá almannatryggingum fær hann:

ellilífeyri	kr. 2 227 á mán.
tekjutryggingu (skerta)	kr. 2 118 á mán.
heimilisuppbót (skerta)	kr. 710 á mán.
Samtals	**kr. 5 055 á mán.**

Þessi maður hefur í tekjur á mánuði kr. 7 155. Nú fer hann á elliheimili. Það er verklagsregla hjá TR að vistmenn á elliheimilum, sem njóta eftirlauna úr lífeyrissjóðum, halda eftir kr. 1 440 af lífeyri sínum til einkaafnota. Dæmið lítur þá svona út:

ellilífeyrir	kr. 2 227 á mán.
tekjutrygging (skert)	kr. 2 118 á mán.
lífeyrissjóður	kr. 2 100 á mán.
elliheimilisuppbót	kr. 3 329 á mán.
Samtals	**kr. 9 774 á mán.**

Af þessari upphæð renna kr. 8 334 til elliheimilisins og viðkomandi hefur kr. 1 440 á mánuði til persónulegra þarfa.

Nú verður þessi einstaklingur svo lélegur til heilsunnar að talið er rétt að setja hann á sjúkradaggjald. Sé það samþykkt stöðvast allar greiðslur lífeyristrygginga, þ. e. ellilífeyrir, tekjutrygging og elliheimilisuppbót, og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins borgar dvöl hans að fullu. Viðkomandi heldur því eftir að fullu lífeyrissjóðstekjum og fær því til persónulegra þarfa kr. 660 hærri upphæð en meðan hann var á dvalarheimilisgjaldi.

Ef einstaklingurinn í dæmi A. hefði flust yfir á sjúkradaggjald hefði dæmið verið óbreytt hvað tekjur snertir, þ. e. hann hefði eftir sem áður átt rétt á vasapeningum.

Fylgiskjal VIII

Heimahjúkrun[1]).

Heimahjúkrun fengu á árinu 543 sjúklingar eða 71 sjúklingi fleiri en árið áður. Af þeim voru 332 nýir. Vitjanir voru alls 24.535 eða 2.963 fleiri en árið áður. Unnt var að sinna öllum beiðnum sem bárust.

Hjúkrun sjúklinganna skiptist þannig eftir aldri og kyni:

Aldur sjúkl.	Konur		Karlar		Tala sjúkl. alls	Tala vitjana alls
	Tala sjúkl.	Tala vitjana	Tala sjúkl.	Tala vitjana		
Yngri en 20 ára	1	36	0	0	1	36
20—29 ára	2	42	2	327	4	369
30—39 ára	3	23	3	37	6	60
40—49 ára	3	50	1	8	4	58
50—59 ára	13	1489	5	218	18	1707
60—69 ára	35	1233	16	1556	51	2789
70—79 ára	118	5106	64	2767	182	7873
80—89 ára	163	6253	70	2597	233	8850
90—100 ára	29	1720	15	1073	44	2793
Alls	367	15952	176	8583	543	24.535

Hjúkrun skiptist þannig eftir mánuðum:

Í janúar	fengu	270	sjúklingar	2 039	vitjanir
Í febrúar	—	265	—	1 995	—
Í mars	—	264	—	1 929	—
Í apríl	—	271	—	2 009	—
Í maí	—	285	—	2 074	—
Í júní	—	286	—	1 935	—
Í júlí	—	286	—	2 171	vitjun
Í ágúst	—	277	—	1 965	vitjanir
Í september	—	278	—	2 070	—
Í október	—	292	—	2 233	—
Í nóvember	—	276	—	1 925	—
Í desember	—	289	—	2 190	—
			Samtals:	24 535	vitjanir

1) Úr ársskýrslu Heilbrigðisráðs Reykjavíkur, 1980.

Heimahjúkrun var veitt sjúklingum vegna eftirtalinna orsaka.

Vegna ellihrumleika	166 sjúkl.
Vegna heilablæðinga	46 sjúkl.
Vegna krabbameins	26 sjúkl.
Vegna Parkinsonismus	14 sjúkl.
Vegna beinbrota	14 sjúkl.
Vegna hjarta- og æðasjúkdóma	51 sjúkl.
Vegna sykursýki	11 sjúkl.
Vegna liðagigtar	22 sjúkl.
Vegna þvagfærasjúkdóma	7 sjúkl.
Vegna lungnasjúkdóma	14 sjúkl.
Vegna húðsjúkdóma	8 sjúkl.
Vegna lömunar af ýmsum orsökum	17 sjúkl.
Vegna fótasára	22 sjúkl.
Vegna annarra sára	21 sjúkl.
Vegna ýmissa annarra sjúkdóma	37 sjúkl.
Ídælingar án annarrar aðhlynningar fengu	56 sjúkl.
Aðstoð vegna hægðatregðu án annarrar aðhlynningar	3 sjúkl.
Blinda	6 sjúkl.
Lifrarsjúkdómar	2 sjúkl.
Samtals:	**543 sjúkl.**

Kostnaður við heimahjúkrun í Reykjavík árið 1980 (í nýkrónum). [1])

Laun	1 189 923
Launatengd gjöld	171 152
Hjúkrunargögn, lyf, hreinlætisvörur o. fl.	237 038
Bifreiðastyrkir, leigubílar og dagpeningar	261 482
Annar kostnaður (hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, viðhald o.fl.)	208 424
Samtals	**2 068 019**

Sjúkrasamlag Reykjavíkur endurgreiðir 8/9 hluta kostnaðarins, eða kr. 1 838 627. Hlutur Reykjavíkurborgar er því kr. 229 392.

1) Skv. upplýsingum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Fylgiskjal IX

Samband íslenskra sveitarfélaga

Yfirlit yfir kostnað kaupstaðanna árið 1980 vegna rekstrar heimilishjálpar:

Sveitarfélag:	Íbúar pr. 1/12 80:	Brúttó, gkr.:	Endurgr. gkr.:	Nettó, gkr.:	Nettó pr. íb. gkr.:
Reykjavík	83 766	971 628 511	81 264 373	890 364 138	10 629
Kópavogur	13 819	94 197 171	20 267 332	73 929 839	5 350
Seltjarnarnes	3 100	8 805 227	807 176	7 998 051	2 580
Garðabær	4 909	5 236 727	389 978	4 846 749	987
Hafnarfjörður	12 205	62 549 540	10 347 476	52 202 064	4 277
Grindavík	1 929	715 377	244 793	470 584	244
Keflavík	6 622	8 320 919	2 072 980	6 247 939	944
Njarðvík	2 008	3 009 159	—	3 009 159	1 499
Akranes	5 200	2 126 372	—	2 126 372	409
Bolungarvík	1 266	1 050 477	—	1 050 477	830
Ísafjörður	3 352	3 599 493	—	3 599 493	1 074
Sauðárkrókur	2 188	4 974 294	308 402	4 665 892	2 132
Siglufjörður	2 003	510 052	51 660	458 392	229
Ólafsfjörður	1 195	4 274 988	105 165	4 169 823	3 489
Dalvík	1 269	2 198 418	583 082	1 615 336	1 273
Akureyri	13 420	39 469 405	1 207 312	38 262 093	2 851
Húsavík	2 414	6 893 770	231 860	6 661 910	2 760
Seyðisfjörður	998			x)	
Neskaupstaður	1 683	3 700 613	—	3 700 613	2 199
Eskifjörður	1 043			x)	
Vestmannaeyjar	4 727			x)	
Selfoss	3 409	19 045 683	2 045 173	17 000 510	4 987
		1 242 306 196	119 926 762	1 122 379 434	

x) þjónusta hófst árið 1981.

Heimilishjálpin er víða nýhafin. Kostnaður er á mörgum stöðum lægri en skyldi, vegna erfiðleika á að fá fólk til þessara starfa.

Skýringar við fylgiskjal IX.

Fylgiskjal IX sýnir kostnað kaupstaðanna árið 1980 vegna rekstrar heimilishjálpar. Fyrsti dálkurinn sýnir fjölda íbúa, annar dálkurinn brúttó kostnað, sá þriðji sýnir endurgreiðslur þeirra, sem hjálparinnar njóta, og loks er sýndur í fjórða og fimmta dálki nettó kostnaður, annars vegar í heild og hins vegar á hvern íbúa.

Ef litið er nánar á endurgreiðsludálkinn þá kemur í ljós að endurgreiðslur eru mjög mismiklar. Í Reykjavík gildir sú regla að þeir, sem engar aðrar tekjur hafa en ellilífeyri, tekjutryggingu og e. t. v. heimilisuppbót, greiða ekki fyrir heimilishjálp. Aðrir greiða helming tímakaups. Í öllum tilvikum er heimilishjálpin því greidd niður um helming í Reykjavík.

Í Kópavogi gildir sú regla að þeir sem einhverjar tekjur hafa umfram lífeyri almannatrygginga borga helming. Sama gildir um þá sem engar tekjur hafa aðrar en ellilífeyri og tekjutryggingu og fá litla þjónustu, t. d. einu sinni í hálfum mánuði. Ef hjálpin er veruleg þá borga þeir hins vegar 1/4. Þá sækir Félagsmálastofnun Kópavogs um uppbót hjá almannatryggingum fyrir þá sem þurfa umtalsverða aðstoð og rennur sú uppbót að fullu til heimilishjálparinnar.

Í Hafnarfirði er heimilishjálpin að kostnaðarlausu fyrir þá, sem hennar njóta, nema viðkomandi hafi einhverjar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga. Þá er greiddur 1/3 kostnaðar.

Í maí 1981 var gerð könnun á heimilishjálpinni í Reykjavík. Er vísað til niðurstaðna þeirrar könnunar til frekari upplýsinga um rekstur heimilishjálpar.

Fylgiskjal X

Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis
1981.11.03 SP/sp
Lífeyrisþegar fæddir 1901—1905. Sýnishorn október 1981:

Sýnishorn þessi eru valin af handahófi en eru of lítil til þess að fært sé að draga af þeim ályktanir um stærri hóp.

Fæð.-ár	Almannatryggingar					Lífeyris-sjóðs-lífeyrir	Lífeyrir samtals
	Elli-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Uppbót	Samtals		
					Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar. Konur		
1903	1 480	1 451	509		3 440	1 638	5 078
1903	1 332				1 332	1 454	2 786
1903	1 480	1 316	462		3 258	1 946	5 204
1903	1 480	1 565			3 045	938	3 983
1903	1 480	1 565			3 045	1 301	4 346
1904	1 332				1 332	1 021	2 353
1905	1 480	1 565			3 045	1 253	4 298
1905	1 480	1 265	444		3 189	864	4 053
					Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar. Karlar		
1901	1 480	1 522		518	3 520	1 479	4 999
1901	1 332	940			2 272	2 293	4 565
1903	1 778	1 322			3 100	1 039	4 139
1903	1 332				1 332	1 683	3 015
1904	1 332	1 267		370	2 969	2 078	5 047
1904	1 332				1 332	1 956	3 288
1904	1 480	1 486	521		3 487	1 559	5 046
1905	1 480	640			2 120	2 590	4 710
1905	1 480	1 413		296	3 189	2 006	5 195
						Lífeyrissjóður Byggingamanna	
1902	1 480				1 480	2 433	3 913
1902	1 332	1 322		296	2 950	1 563	4 513
1903	1 332	1 273		222	2 827	2 052	4 879
1903	1 332				1 332	1 708	3 040
1903	1 332				1 332	2 371	3 703
1904	1 332	1 322		370	3 024	1 284	4 308
1904	1 332	1 322		740	3 394	1 754	5 148
1904	1 480	1 181			2 661	2 071	4 732
						Lífeyrissjóður Málm- og skipasmiða	
1901	1 332	1 316		370	3 018	1 857	4 875
1902	1 791				1 791	2 135	3 926
1903	1 332	226			1 558	1 683	3 241
1903	1 332	1 228			2 560	2 107	4 667
1903	1 332				1 332	1 940	3 272
1904	1 332	1 322			2 654	1 612	4 266
1904	1 778	1 322			3 100	1 662	4 762
1904	1 605				1 605	2 612	4 217
1904	1 445				1 445	2 232	3 677

Fæð.-ár	Almannatryggingar					Lífeyris-sjóðs-lífeyrir	Lífeyrir samtals
	Elli-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Uppbót	Samtals		
					Lífeyrissjóður Starfsmanna ríkisins. Konur		
1901	1 480	1 222	429	370	3 501	1 938	5 439
1902	1 480	490	172		2 142	2 529	4 671
1902	1 480	702	246		2 428	3 142	5 570
1902	1 480				1 480	5 079	6 559
1903	1 480	1 382			2 862	1 567	4 429
1904	1 480				1 480	3 386	4 866
1905	1 480				1 480	4 522	6 002
1905	1 480				1 480	4 574	6 054
					Lífeyrissjóður Starfsmanna ríkisins. Karlar		
1902	1 332				1 332	6 999	8 331
1902	1 480	1 368	480		3 328	1 608	4 936
1903	1 480	1 073		666	3 219	1 845	5 064
1904	1 332				1 332	7 206	8 538
1904	1 480	1 565	549		3 594	748	4 342
1904	1 332	902			2 234	3 606	5 840
1904	1 480				1 480	5 316	6 796
1905	1 480	931	327	222	2 960	2 613	5 573
1905	1 480				1 480	8 913	10 393

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1983 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1983.
3. Af fyrstu 153 900 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 153 900 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1983 vegna tekna ársins 1982 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1983 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1983 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 14/1982 á árinu 1982. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 14/1982, að öðru leyti en því að skattþrepið hækkar í samræmi við skattvísitölu. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1982 nemur 56,2 mkr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 51 mkr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1983 nemi um 85 mkr. og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 80 mkr.

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

1. gr. 2. tl. orðist svo:

1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga og hjúkrunar í sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.

2. gr.

3. gr. 5. tl. orðist svo:

3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Landlækni er heimilt að vísa málinu til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn.
Felli aðilar sig ekki við afgreiðslu landlæknis á máli, er þeim heimilt að vísa því til nefndarinnar.
Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

5.1. Heilbrigðisþing skal haldið eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Verkefni heilbrigðisþings skulu vera ráðgjafar- og umsagnastörf á sviði heilbrigðismála. Til heilbrigðisþings skal boða fulltrúa hinna einstöku þátta heilbrigðisþjónustunnar og einstöku heilbrigðisstétta.

5.2. Ráðuneytið undirbýr heilbrigðisþing í samráði við landlækni og fullvinnur þau mál, er fram koma á þinginu hverju sinni.

4. gr.

7. gr. 3. tl. 3 orðist svo:

7.3.3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði, annarra en ríkisspítala, og rekstri í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.

5. gr.

8. gr. 2. og 3. tl. orðist svo:

8.2. Héraðslæknar skulu fylgjast með því að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Þeir hafa þar umsjón með heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Þeir skulu annast samræmingu heilbrigðisstarfs í héraðinu.

8.3. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

6. gr.

9. gr. 1. og 2. tl. orðist svo:

9.1. Launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða heilbrigðisstofnunum. Annar kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða greiðist úr ríkissjóði.

9.2. Kostnaður heilsugæslulækna og borgarlæknis í Reykjavík vegna héraðslæknisstarfa greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

13. gr. 1. tl. orðist svo:

13.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti:

Heilsugæslustöð 2 (H2), þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð.

Heilsugæslustöð 1 (H1), þar sem starfar einn læknir hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð. Heilsugæslustöð H, þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur reglulega móttöku sjúklinga.

Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með.

Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1 eða H2 stöð.

8. gr.

14. gr. 3. tl. 4 orðist svo:

4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H2, starfssvæði Helgafellssveit, Flateyjarhreppur, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur.
2) Grundarfjörður H1, starfssvæði Eyrarsveit.
3) Búðardalur H2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Gufudalshreppur, Reykhólahreppur og Geiradalshreppur.
4) Reykhólar H.

14. gr. 4. tl. orðist svo:

1. Patreksfjarðarumdæmi.

1) Patreksfjörður H2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Múlahreppur.
2) Bíldudalur H.

14. gr. 4. tl. 3. orðist svo:

3. Hólmavíkurumdæmi.

1) Hólmavík H1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur.
2) Árnes H.

14. gr. 5. tl. 1 orðist svo:
1. Hvammstangaumdæmi.

1) Hvammstangi H 2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur.

14. gr. 6. tl. 3 orðist svo:
3. Húsavíkurumdæmi.

1) Húsavík H2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
2) Laugar H.
3) Reykjahlíð H.
4) Stórutjarnir H.
5) Kópasker H1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.

14. gr. 7. tl. 1. 3), 4) og 5) orðist svo:

3) Seyðisfjörður H1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
4) Vopnafjörður H1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur.
5) Bakkafjörður H.

14. gr. 7. tl. 2. 2) orðist svo:

2) Eskifjörður H2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

14. gr. 7. tl. 3 orðist svo:
3. Hafnarumdæmi.

1) Höfn H2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
2) Hof H.
3) Djúpivogur H1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
4) Breiðdalsvík H.

14. gr. 8. tl. 3 orðist svo:
3. Árnesumdæmi.

1) Laugarás H2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur
2) Laugarvatn H.
3) Selfoss H2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur.
4) Eyrarbakki H.
5) Stokkseyri H.
6) Hveragerði H2, starfssvæði Ölfushreppur austan Hjalla og Hveragerðishreppur.
7) Þorlákshöfn H1, starfssvæði Ölfushreppur vestan Hjalla og Selvogshreppur.

14. gr. 9. tl. 1 og 2 orðist svo:
1. Keflavíkurumdæmi.

1) Keflavík H2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
2) Grindavík H1, starfssvæði Grindavíkurkaupstaður.
3) Sandgerði H.
4) Gerðar H.

5) Vogar H.
2. Hafnarfjarðarumdæmi.
1) Hafnarfjörður H2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) Garðabær H2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

14. gr. 10. tl. orðist svo:

14.10. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

14. gr. 11. tl. falli niður.

9. gr.

17. gr. orðist svo:

17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar, og skulu þeir skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar og taka laun úr ríkissjóði.

17.2. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil að ráðherra telji þess þörf.

17.3. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf.

17.4. Ráðherra getur ákveðið að sjúkraliði gegni störfum á heilsugæslustöð og taki laun úr ríkissjóði, þegar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fæst ekki til starfa.

10. gr.

Við 18. gr. bætist nýr töluliður er verði 2. tl. og aðrir færist til er því nemur:

18.2. Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en fyrir liggur skriflegt samþykki ráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis þess verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi. Kostnaðaráætlun skal miðast við þann tíma er hún er staðfest og taka þeim breytingum, sem vísitala byggingarkostnaðar tekur frá staðfestingardegi til útborgunardags.

11. gr.

19. gr. 1. tl. orðist svo:

19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:
1) Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
2) Lækningarannsóknir.
3) Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.
4) Heimilishjúkrun.
5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
5.2. Mæðravernd.
5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.
5.4. Heilsugæsla í skólum.
5.5. Berklavarnir.
5.6. Kynsjúkdómavarnir.
5.7. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
5.8. Sjónvernd.
5.9. Heyrnarvernd.
5.10. Heilsuvernd aldraðra.
5.11. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
5.12. Félagsráðgjöf, þ. m. t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
5.13. Umhverfisheilsuvernd.

5.14. Atvinnusjúkdómavarnir, sbr. og lög nr. 46/1980.

Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið, þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

12. gr.

20.1. Reksturskostnaður heilsugæslustöðva, annar en launakostnaður fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara, greiðist af viðkomandi sveitarfélögum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist sem stofnkostnaður.

13. gr.

Við 21. gr. bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og 3. tl. verði 4. tl.

21.3. Sveitarfélög innan sama heilsugæsluumdæmis geta samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Skal í slíkum tilvikum gera samning um eina stjórn, kosningu fulltrúa sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu. Skal samningurinn staðfestur af ráðherra.

14. gr.

22.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar.

b) Laun skv. samningi stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

15. gr.

24. gr. orðist svo:

24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða sem flestum greinum læknisfræðinnar, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildarsjúkrahús. Sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús. Sjúkrahús sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlækniseða lyflæknisfræði. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Heilsugæslusjúkrahús. Sjúkrahús, sem hafa á að skipa sérfræðingum í heimilislækningum og taka sjúklinga til rannsókna og meðferðar.
5. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili. Vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
6. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, áfengis- og fíkniefnasjúklinga, til dvalar eða starfs.
7. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.

16. gr.

Við 24. gr. bætist nýr töluliður, er verði 3. tl. og orðist svo:

24.3. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um samvinnu og samstjórn sjúkrahúsa í landinu.

17. gr.

26. gr. 1. tl. orðist svo:

26.1. Óheimilt er að setja á stofn eða reka sjúkrahús skv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama gildir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

18. gr.

27. gr. 2. tl. orðist svo:

27.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfi, að ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits landlæknis og viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

19. gr.

29. gr. orðist svo:

29.1. Við hvert sjúkrahús skv. 24. gr. skal starfa yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri.

29.2. Á svæðis- og deildarsjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérdeilda, sem bera ábyrgð á lækningum, sem þar fara fram. Hann hefur eftirlit með starfsemi deildarinnar og skal stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust.

29.3. Formaður læknaráðs stofnunarinnar skal vera yfirlæknir hennar allrar nema stjórn ákveði annað. Hann kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmaður stofnunar í samráði við yfirlækna sérdeilda annars vegar og stjórn, framkvæmdastjóra og læknaráð hins vegar.

29.4. Á svæðis- og deildarsjúkrahúsum skulu vera hjúkrunarstjórar deilda. Hjúkrunarstjóri skipuleggur hjúkrun á deildinni í samráði við hjúkrunarforstjóra og ber ábyrgð á henni.

29.5. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt.
Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti, undirbýr þá og sér um framkvæmd ákvarðana stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru framkvæmdastjóra til ráðgjafar um slíkar áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir hvor á sínu sviði.

29.6. Ráðherra setur yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og framkvæmdastjórum erindisbréf og setur nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í reglugerð að fengnum umsögnum viðkomandi sjúkrahússtjórna.

20. gr.

30. gr. 1. og 2. tl. orðist svo:

30.1. Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn þeirra allra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 32. gr. 3. tl., tilnefnir 2 menn, sameinað Alþingi 4, og ráðherra skipar 1 án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri ríkisspítalanna í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

30.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 1 mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir (í Reykjavík heilbrigðismálaráð) 3 menn, og ráðherra tilnefnir 1 fulltrúa, og skal hann vera búsettur í sveitarfélagi, sem aðild á að sjúkrahúsinu. Þegar um einkasjúkrahús er að ræða eða sjálfseignarstofnun, kýs starfsmannaráð 1 stjórnarmann, ráðherra tilnefnir 1, sem búsettur skal í viðkomandi sveitarfélagi, en eigendur kjósa 3 menn.

30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama gildir um annað starfslið, er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.

30.4. Stefnt skal að því að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. 2. tl. og forstjóri ríkisspítalanna skv. 30. gr. 1. tl. hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Sérstök nefnd metur hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytis og er hann jafnframt formaður, fulltrúi félags forstöðumanna sjúkrahúsa og skulu þeir skipaðir til 4ra ára í senn og fulltrúi viðkomandi sjúkrahússtjórnar (stjórnarnefnd ríkisspítala), sem skipaður skal í hverju tilviki. Engan má ráða til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan.

21. gr.

31. gr. 3., 4. og 5. tl. orðist svo:

31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr.

31.4. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs skv. hjúkrunarlögum nr. 8/1974. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.

31.5. Skipa má hvern þann lækni og hjúkrunarforstjóra til starfa skv. þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

22. gr.

33. gr. orðist svo:

33.1. Ráðherra lætur gera áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við heilbrigðismálaráð héraðanna og landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin skal gerð til fjögurra ára og endurskoðast annað hvert ár og staðfest af Alþingi. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

23. gr.

34. gr. 3., 4. og 5. tl. orðist svo:

34.4. Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað samkvæmt 34.2., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað. Um framkvæmdir gilda sömu reglur og í 18. gr. 2. tl.

Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhald fasteigna og tækja greiðist sem reksturskostnaður.

34.5 Ráðherra setur að höfðu samráði við landlækni, dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð eftir því sem við á reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga í hverju umdæmi þar sem m. a. skal kveðið á um lágmarksmenntun sjúkraflutningsmanna, réttindi þeirra og skyldur og búnað sjúkraflutningstækja.

24. gr.

38. gr. orðist svo:

38.1 Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðisþjónustu.

38.2 Ráðuneytið og landlæknir skulu í samráði við utanríkisráðuneytið sjá um samstarf á sviði þessara mála á alþjóðavettvangi.

25. gr.

42. gr. orðist svo:

42. Ráðherra er heimilt að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 57/1978 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1983. Sama gildir um læknastöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslið á launum hjá ríkinu og reknar eru af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um, hafi ráðuneytið viðurkennt þessar stöðvar og starfsemi sem fullnægjandi bráðabirgðalausn. Skulu þessar stöðvar fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaupi þess fastráðna, sérhæfða fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu, og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðfylgjandi frumvarp er unnið af starfshópi, sem komið var á fót á fyrra hausti fyrir tilstuðlan heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Í hópnum áttu sæti:

Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem jafnframt stýrði starfi hópsins,

Ólafur Ólafsson, landlæknir, og alþingismennirnir,

Salome Þorkelsdóttir, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins,

Jóhann Einvarðsson, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins,

Magnús H. Magnússon, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins og

Helgi Seljan, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins.

Skilaði starfshópurinn tillögum í formi lagafrumvarps sem hér er lagt fram í annað sinn en upphaflega var það lagt fram til kynningar á síðustu dögum 104. löggjafarþings.

Helstu nýmæli og breytingar er felast í frumvarpinu koma fram í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Bætt er inn í upptalningu eftirfarandi:

Hjúkrun í sjúkrahúsum, læknisfræðilegt endurhæfingarstarf (í stað endurhæfingarstarfs án skilgreiningar, sem falið gæti í sér starfslega endurhæfingu), tannlækningar og sjúkraflutningar.

Um 2. gr.

Gerð er tillaga um sérstaka nefnd til þess að sinna kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Í dag eru þessi mál í höndum landlæknis, en lagt er til að til hliðar við landlæknisstarfið starfi sérfræðinganefnd, sem auk þess sé hægt að vísa máli til beint, þ. e. a. s. sætti aðilar sig ekki við afgreiðslu landlæknis á máli. Landlæknir hefur á undanförnum árum ítrekað óskað eftir því að einhverskonar ráðgjafarnefnd verði skipuð á þessu sviði.

Um 3. gr.

Lagt er til að í stað Heilbrigðisráðs Íslands, sem verið hefur óstarfhæft, verði haldið heilbrigðisþing eigi sjaldnar en 4. hvert ár. Yrðu verkefni heilbrigðisþings mjög í sama anda og störf Heilbrigðisráðs Íslands, en unnin á miklu breiðari grundvelli. Tillagan er fram komin í kjölfar heilbrigðisþings sem haldið var haustið 1980 og þótti takast vel.

Um 4. gr.

Lagt er til að heilbrigðismálaráð læknishéraðanna hafi ekki sem verkefni skipulagningu á starfi ríkisspítala. Tillagan er fram komin þar sem mjög óeðlilegt er að heilbrigðismálaráð ákveðins héraðs hafi meira með þessi mál að gera en önnur þar sem starfsemi ríkisspítalanna snertir landið í heild, auk þess sem ríkisspítölunum eru ekki ætluð þau áhrif innan heilbrigðismálaráða, samkvæmt lögunum, að tryggt sé að sjónarmið þeirra komi nægjanlega fram við undirbúning. Enn fremur skal á það bent að fyrir ríkisspítölunum fer sérstök stjórnarnefnd, sem heyrir beint undir ráðherra.

Um 5. gr.

Ákvæði um störf héraðslækna skortir í gildandi lög og er hér reynt að bæta úr því og eru þessar tillögur mjög í sama anda og þau ákvæði er giltu um héraðslækna skv. upphaflegum lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 56/1973.

Um 6. gr.

Lögð eru til ótvíræð ákvæði um það að launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum læknishéraðanna skuli greiddur af þeirri stofnun eða því sveitarfélagi, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Enn fremur er lagt til að sama gildi um kostnað vegna héraðslæknisstarfa borgarlæknis í Reykjavík og aðra heilsugæslulækna, þ. e. a. s. að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þetta er þannig í reynd, þótt ekki sé það lögbundið.

Um 7. gr.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Að við heilsugæslustöð 1 (H1) skuli starfa einn læknir hið minnsta í stað eins læknis. Hér eru því möguleikar á að fjölga læknum við H1 stöðvar, sé slíkt ákveðið. Enn fremur er lagt til að ráða megi lækna til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæli með slíku og að heimilt verði að ákveða að læknir hafi aðsetur á H stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma mæli sérstakar ástæður með.

Um 8. gr.

Hvað snertir heilsugæsluumdæmin eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

1. Grundarfjörður gerður að H1 stöð í stað H. Reykhólar færðir undir Stykkishólmsumdæmi, í stað Hólmavíkurumdæmis.

   Gufudalshreppur, Geiradalshreppur og Flateyjarhreppur færðir undir Stykkishólmsumdæmi í stað Hólmavíkurumdæmis.

2. Múlahreppur færður undir Patreksfjarðarhrepp í stað Hólmavíkurumdæmis.
3. Bæjarhreppur færður undir Hvammstangaumdæmi í stað Hólmavíkurumdæmis.
4. Kópaskeri ákvarðað starfssvæði, en slíkt fórst fyrir við endurskoðun laganna 1978, en þar var ákveðið að hafa H1 stöð á Kópaskeri, en stöðinni ekki ákvarðað starfssvæði eins og vera ber.
5. Skeggjastaðahreppur færður undir Vopnafjörð í stað Bakkafjarðar, en Bakkafjörður getur sem slíkur ekki haft ákveðið starfssvæði þar sem þar er eingöngu reiknað með H stöð.
6. Gert er ráð fyrir H2 stöð á Eskifirði í stað H1, enda fólksfjöldi á svæðinu orðinn það mikill að spurningin er um það hvort gera eigi Reyðarfjörð að H1 eða Eskifjörð að H2 í stað H1, en seinni leiðin er valin hér.
7. Hof í Öræfum gert að H stöð.
8. Stokkseyri gert að H stöð og Þorlákshöfn að H1 í stað H. Enn fremur lagt til að Þingvallahreppur falli undir Selfoss, þ. e. a. s. Árnesumdæmi í stað Reykjanesumdæmis.
9. Lagt til að Grindavík verði H1 stöð í stað H og að Vogar verði H. Enn fremur lagt til að Vatnsleysuhreppur falli undir Keflavíkurumdæmi, enda í reynd þjónað frá Keflavík í stað Hafnarfjarðarumdæmis eins og stendur í núgildandi lögum.

Enn fremur eru lagðar til nokkrar breytingar við 14. gr. gildandi laga, þar sem ekki er lengur þörf sérákvæða um nokkra hreppa.

Um 9. gr.

Þær breytingar eru lagðar til hér, að sjúkraþjálfarar verði ráðnir til starfa við heilsugæslustöðvar. Þessi breyting mun ekki fela í sér að sjúkraþjálfarar yrðu skilyrðislaust ráðnir við allar heilsugæslustöðvar heldur eingöngu við þær stærstu og allt samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis og fjárveitingayfirvalda. Enn fremur er lögð til sú breyting hér að stjórnir viðkomandi heilsugæslustöðva fái að gefa umsögn um hjúkrunarfræðinga og ljósmæður og sjúkraþjálfara er sækja um stöður.

Lögð er til sú breyting að í stað heilbrigðismálaráða héraðanna ákveði ráðherra hvenær ráða skuli hjúkrunarforstjóra að heilsugæslustöðvum. Sú breyting er enn fremur lögð til að ráðherra geti ákveðið að sjúkraliði gegni störfum á heilsugæslustöð og taki laun úr ríkissjóði, þegar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fást ekki til starfa. Á slíkt hefur reynt og hefur þá þurft að fara krókaleiðir með greiðslur, þ. e. a. s. viðkomandi sveitarfélag hefur greitt sjúkraliðalaun, en síðan hefur ráðuneytið endurgreitt úr læknishéraðasjóði.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um framkvæmdir við byggingu og búnað heilsugæslustöðva og er efnislega eins og ákvæði laga um skólakostnað frá 1967, að því leyti er þau snerta byggingu skólahúsnæðis, nema ekki er gert ráð fyrir lögbundnum leiðréttingum í fjárlögum næsta árs.

Um 11. gr.

Þessi grein fjallar um þá þjónustu sem veita á á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana. Nýmælin eru eftirfarandi:

Sjúkraflutningar, heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi, tóbaksvarnir, að í félagsráðgjöf skuli meðal annars fólgin fjölskyldu- og foreldraráðgjöf og sérstaklega er vísað til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að því er snertir atvinnusjúkdóma og varnir. Enn fremur segir að sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið, þar sem heilsugæslustöð er, skuli heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni og er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit enda á allan hátt eðlilegt að sem sterkust bönd séu milli heilbrigðiseftirlits og heilsugæslunnar.

Um 12. gr.

Nýmælin eru:

Laun sjúkraþjálfara skulu greidd úr ríkissjóði. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja heilsugæslustöðva skal greiðast sem stofnkostnaður í stað þess að helmingast milli ríkis og sveitarfélaga.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að sveitarfélögin innan sama heilsugæsluumdæmis geti samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Slík ákvæði eru ekki í gildandi lögum og má í reynd segja að gildandi lög hamli gegn slíkri sameiginlegri stjórn nema þar sem um er að ræða heilsugæslustöðvar í sama sveitarfélagi.

Um 14. gr.

Lagt er til að leita þurfi umsagnar stjórna viðkomandi heilsugæslustöðva um umsóknir lækna og tannlækna um störf á heilsugæslustöðvum.

Um 15. gr.

Lagt er til að í stað orðsins sjúkraskýli komi heilsugæslusjúkrahús og að í stað orðsins gistiheimili komi sjúkraheimili. Hvað snertir vinnu- og dvalarheimili eru felld niður ákvæðin er segja að á slíkum stofnunum skuli taka til vistunar líkamlega bæklaða eða fávita. Slík heimili, að því er snertir fatlaða, falla í dag undir lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta.

Um 16. gr.

Lagt er til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið um samvinnu og samstjórn á sjúkrahúsum í landinu og er þetta í samræmi við ályktanir heilbrigðisþings, er haldið var haustið 1980 um nauðsyn þess að hægt sé að kveða á um sem mesta samvinnu og samstjórn sjúkrahúsa í landinu, bæði svæðisbundið og í heild.

Um 17. og 18. gr.

Hér er eingöngu um orðalagsbreytingar að ræða.

Um 19., 20. og 21. gr.

Þær breytingar sem hér koma fram snerta framkvæmdastjóra sjúkrahúsa svo og forstjóra ríkisspítalanna og er viðleitni í þá átt að festa í lögum stöðu þessara aðila sem í sjálfu sér hafa ekki minni ábyrgð en yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar. Er leitast við að tryggja sem besta menntun þessara aðila og að skilgreina störf þeirra eins og kostur er í lögum. Önnur veigamikil breytingaákvæði fjalla um stjórnarnefnd ríkisspítalanna, en þar er lagt til að í stað þess að ráðherra skipi þrjá aðila í stjórnarnefnd án tilnefningar skipi hann einn, en sameinað Alþingi kjósi fjóra.

Lögð var til sú breyting af sjúkrahúsum sveitarfélaga að í stað tveggja kjósi starfsmannaráð viðkomandi stofnana einn en ráðherra tilnefni í staðinn einn fulltrúa og að hann skuli vera búsettur í sveitarfélagi, sem á aðild að sjúkrahúsinu. Þegar um einkasjúkrahús er að ræða eða sjálfseignarstofnun er lagt til að í stað tilnefningar sveitarfélaga á einum fulltrúa tilnefni ráðherra einn og skuli hann búa í viðkomandi sveitarfélagi. Ástæðan fyrir þessum tillögum er fyrst og fremst sú að í dag hefur ríkisvaldið enga aðild að stjórnum sjúkrahúsa, einkaaðila eða sveitarfélaga, þótt ríkið standi að mestu leyti undir rekstri. Hlýtur t. d. að vera eðlilegra að ríkið eigi fulltrúa í stjórnum einkasjúkrahúsa heldur en viðkomandi sveitarfélag, sem ekkert hefur með reksturinn að gera.

Um 22. gr.

Lögð er til sú breyting varðandi áætlanir um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir að áætlunin sé gerð til 4 ára í stað 5 og að hún skuli endurskoðast annað hvert ár í stað árlega og til viðbótar staðfestast af Alþingi.

Um 23. gr.

Lagt er til að um framkvæmdir við sjúkrahúsbyggingar gildi sömu framkvæmdareglur og getið er um að framan varðandi byggingar heilsugæslustöðva sem eru efnislega eins og reglurnar um byggingu skólahúsnæðis.

Enn fremur er lagt til að í stað heilmingaskipta milli ríkis og sveitarfélags skuli litið á viðhald fasteigna og tækja sem reksturskostnað, sem mundi þá greiðast á sama hátt og annar rekstur sjúkrahúsanna eða eins og málum er háttað í dag af daggjaldakerfinu.

Lagt er til að settar verði reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga með hliðsjón af hverju umdæmi og séraðstöðu þess og að m. a. skuli setja reglur um lágmarksmenntun sjúkraflutningsmanna, réttindi þeirra og skyldur svo og búnað flutningstækja. Ákvæði sem þessi skortir algjörlega í gildandi lög. Rétt er að benda á að á ofanverðu sl. Alþingi var samþykkt tillaga til þingsályktunar um greiðslur, framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga og ríkisstjórninni falið að skipa nefnd til að vinna að breytingum á lögum þeim sem hér um ræðir í þeim tilgangi. Þegar þessi þingsáltill. var samþykkt hafði starfshópur sá er að frumvarpinu vann þegar gert þær tillögur sem hér líta dagsins ljós. Enn fremur voru á sl. Alþingi samþykktar breytingar á almannatryggingalögum hvað snertir sjúkraflutninga milli sjúkrahúsa, en um þá skorti áður lagaákvæði. Fyrir því verður að líta svo á að þegar hafi verið tekið á ákveðnum þáttum sem fram koma í þingsáltill. í lögum og að hér með sé gerð tillaga um þá sem á vantar. Þess vegna þurfti ekki að skipa til þessa verks sérstaka nefnd.

Um 24. gr.

Lagt er til að fellt verði úr lögum ákvæði er kveður á um það að ríkið eigi að eiga aðild að stjórn líknarfélaga, er þiggja styrk frá ríkissjóði og reka heilbrigðisþjónustu. Þetta hefur ekki verið þannig í reynd og er að mati þeirra er til þekkja óframkvæmanlegt.

Um 25. og 26. gr.

Ekki efnislegar breytingar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að heilsuverndarstarf samkvæmt lögunum nr. 44/1955 megi ekki haldast óbreytt lengur en til ársloka 1983. Samkvæmt gildandi lögum er enn opið, hversu lengi heilsuverndarstöðvar megi starfa, og er mál að linni. Er í reynd rekið tvöfalt kerfi á þessu sviði í dag, þar sem enn eru við lýði nokkrar heilsuverndarstöðvar í landinu, og má sem dæmi nefna heilsuverndarstöð á Akureyri og á Ísafirði. Rekstur heilsuverndarstöðva er kostaður þannig, að viðkomandi sveitarfélag greiðir 1/3 og sjúkrasamlag og ríkið 1/3. Heilsugæslustöðvar eru hins vegar reknar þannig að viðkomandi sveitarfélag annast allan rekstur nema ríkið tekur að sér greiðslur launa lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Á Ísafirði eru starfandi í dag, svo dæmi sé tekið, 4 heilsugæslulæknar að fullu á kostnað ríkisins en heilsuverndarstöðin er rekin eingöngu að 1/3 á kostnað viðkomandi sveitarfélags, þ. e. a. s. Ísafjarðarkaupstaðar eins, og koma nærliggjandi sveitarfélög þar ekki inn í myndina. Ætti þetta dæmi að sanna að nauðsyn eins kerfis yfir landið er brýn og ekki seinna vænna en 10 árum eftir gildistöku upphaflegu laganna að því verði að fullu komið á.

Sþ. 31. Fyrirspurnir. [31. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvaða reglur hafa verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggja að bændur fái fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1979?
2. Er lokið undirbúningi þess, að ályktun Alþingis frá 22. maí 1979 komi til framkvæmda við veitingu afurðalána í nóvember n. k.?
3. Hve mikil voru rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins á s. l. ári og hve mikil verða þau í ár?
4. Hvaða vexti greiða afurðasölufyrirtæki af lánunum og hvaða vexti taka kaupfélögin af bændum?

II. Til landbúnaðarráðherra um beinar greiðslur til bænda.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvað líður athugunum þeim sem landbúnaðarráðherra hefur látið gera til að tryggja framgang ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda?
2. Hvenær er ætlun ríkisstjórnarinnar að nýjar reglur um greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna, sem tryggi að fjármunirnir nýtist betur, komi til framkvæmda?
3. Hefur verið athugað hvernig heppilegast væri að afnema „kvótakerfið“ samhliða beinum greiðslum til bænda?
4. Er ætlun ríkisstjórnarinnar að viðhalda bæði „kvótakerfi“ og fóðurbætisskatti hversu erfitt sem árferði verður landbúnaðinum?
5. Hvernig hefur reynslan orðið af framkvæmd „kvótakerfisins“?

III. Til viðskiptaráðherra um nýja löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd sem ákveðin var með ályktun Alþingis 29. maí 1980?
2. Hvað hefur gerst í samráði við forustumenn samvinnufélaga annars vegar og Sambands íslenskra samvinnufélaga hins vegar um þessa endurskoðun?
3. Liggja fyrir upplýsingar um hvort stjórnendur samvinnufélaga annars vegar og SÍS hins vegar geti náð samstöðu um heilbrigða löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd?
4. Hafa hugmyndir Erlends Einarssonar forstjóra SÍS um „að gera fólki kleift að kaupa hluti í kaupfélögunum og öðrum samvinnufélögum“ verið grandskoðaðar?
5. Hafa verið athugaðar leiðir til að samvinnumenn fái raunveruleg yfirráð í eigin félögum?
6. Hvenær má búast við að frumvarp það um samvinnufélög og samvinnusambönd, sem Alþingi ákvað fyrir tveim og hálfu ári að undirbúið væri, verði lagt fyrir Alþingi?

IV. Til félagsmálaráðherra um lögmannskostnað og ríkisábyrgð á launum.

Frá Halldóri Blöndal og Pétri Sigurðssyni.

1. Hve háum fjárhæðum var varið árin 1980 og 1981 til greiðslu launakrafna samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot?
2. Hve háar fjárhæðir voru á hvoru ári fyrir sig greiddar vegna gjaldþrots aðila í Reykjavík annars vegar og utan Reykjavíkur hins vegar?
3. Hvernig ákvarðar félagsmálaráðuneytið greiðslur vaxta og innheimtukostnaðar, t. d. lögmannskostnaðar, við greiðslu þessara krafna? Eru sömu kröfur gerðar varðandi þessa liði og gerðar eru til sjálfrar launakröfunnar, t. d. að viðurkenndur sé forgangsréttur kröfuliða í viðkomandi þrotabúi?
4. Hvernig sundurliðast þessar greiðslur árin 1980 og 1981 í a) launakröfur launþega, b) lögmannskostnað, c) vexti?
5. Hvaða lögmannsskrifstofur hafa á umræddu tímabili fengið greiddar hæstar fjárhæðir vegna innheimtukostnaðar í sambandi við þessar kröfur og hve háar fjárhæðir er þar um að ræða til hverrar um sig, t. d. þriggja hinna stærstu?
6. Hver er hæsta fjárhæð sem einstökum launþega hefur verið greidd samkvæmt þessum lögum?

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Sverrir Hermannsson, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar á það reyna, hvort samkomulag geti náðst við Færeyinga um sameiginlega réttargæslu á Rockall-svæðinu í samræmi við ályktanir Alþingis frá 22. desember 1978 og 19. maí 1980. Jafnframt verði haldið áfram samkomulagsumleitunum við Breta og Íra um eignar- og umráðarétt hafsbotnsins á Rockall-sléttu.

Sameinað Alþingi kjósi með hlutbundinni kosningu fimm menn sem starfi með ríkisstjórninni að framgangi málsins.

Greinargerð.

Strandþjóðir víða um heim eru nú sem óðast að tryggja hafsbotnsréttindi sín utan 200 mílna efnahagslögsögu samkvæmt hinum nýja hafréttarsáttmála. Beinna aðgerða er þörf af strandríkisins hálfu samkvæmt 76. gr. hafréttarsáttmálans til að það öðlist þessi réttindi. Fyrir löngu er því ljóst orðið að Íslendingar þurfa að fylgja fram ályktunum Alþingis frá 22. desember 1978 og 19. maí 1980 af festu og engum tíma má lengur glata.

Í þeim tilgangi að hraða framgangi málsins og tryggja fulla einingu innanlands er tillaga þessi flutt.

Hér fara á eftir helstu rök, sem Íslendingar hafa sett fram til stuðnings réttindakröfum sínum.

Í 76. grein hafréttarsáttmálans eru mjög flóknar reglur um rétt strandríkis til hafsbotnsins utan 200 mílnanna, þar sem meðal annars er miðað við þykkt setlaga, 2500 metra

dýptarlínu, 350 mílna víðáttu frá grunnlínum o. s. frv. En megináhersla er lögð á það, sem kallað er eðlileg framlenging landsins eða „natural prolongation", en nákvæma skilgreiningu þess hugtaks er þó hvergi að finna, en almennt viðurkennt að þar geti bæði verið um að ræða lögun hafsbotnsins, „landslagið", og eiginlega jarðfræði, þ. e. a. s. að uppruni og efni botnsins séu sömu gerðar og landsins. Er þá talað um tvær megingerðir, þ. e. a. s. úthafsbotn eða basalt og meginlandsgerð gamals bergs eða setlaga.

Vísindamenn eru sammála um að Rockall-hásléttan sé meginlandsgerðar, þ. e. a. s. að um sé að ræða sokkið land sem klofnað hafi frá Bretlandseyjum fyrir 100—170 milljónum ára og sumir telja jafnvel enn lengra um liðið. Þarna er um að ræða hina upprunalegu klofnun, þegar Atlantshaf tók að myndast. Þá myndaðist Rockall-trog. Land þetta var þá áfast við Grænland, en klofnaði frá því er nýr rekás myndaðist, núverandi Reykjaneshryggur, fyrir um það bil 60 milljónum ára. Á hinn bóginn er ljóst að Ísland er miklu yngra og af basaltgerð, og hið sama er talið eiga við um hinn mikla Íslands-Færeyjahrygg og Grænlands-Íslandshrygg. Þess er þó að gæta, að rannsóknir eru hvergi nærri fullnægjandi, og eins hins, að allt umhverfi Íslands er talið einstætt á jarðarkringlunni.

Vegalengdin frá Bretlandseyjum að Rockall-hásléttunni er um 200 mílur, en um 250 mílur eru milli hennar og Íslands annars vegar og Færeyja hins vegar. Fljótt á litið kynni maður því að ætla að Bretar og Írar ættu meira tilkall til þessa hafsbotnssvæðis en Íslendingar og Færeyingar. Þessum sjónarmiðum mótmælum við algjörlega og færum m. a. þau rök, að í þeirri gjá, sem nefnd er Rockall-trog, sé úthafsbotn á allt að 3000 metra dýpi og út yfir þá gjá geti ekki verið um að ræða neitt eðlilegt framhald eða framlengingu bresks og írsks lands. Færeyingar gera sér auk þess vonir um að geta fært sönnur á að þetta sokkna land teygi sig djúpt í jörðu inn undir Færeyjar, og við bendum m. a. á þær staðreyndir, að sömu jarðfræðilegu umbrotin hafi sett einkenni sitt á jarðsögu alls svæðisins vestan Rockall-trogs síðustu 100 milljón ár a. m. k. og þar sé ekki um nein jarðfræðileg tengsl á þeim tíma við Bretland að ræða. Styðjumst við þar m. a. við gagnmerka og langa ritgerð, sem prófessor E. D. Brown, sérfræðingur í alþjóðalögum við háskólann í Wales, ritaði 1978 , þar sem hann dregur mjög í efa, að Bretar og Írar eigi nokkurt tilkall til Rockall-svæðisins, einkum þó Írar. Hins vegar sé réttur Færeyinga meiri, en á Ísland minnist hann ekki enda höfðum við þá ekkert tilkall gert til áhrifa á svæðinu.

Í 7. gr. samningsins er að finna **skilgreiningar** sem snerta úthlutun í **almennum neyðartilvikum,** þ. e. þegar olíuaðdrættir þátttökulandanna í heild minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um minnst 7%. Taka má fræðilegt dæmi til nánari skýringar.

Ef minnkun aðdrátta hópsins í apríl—maí 1982 næmi meira en 12% væri þátttökulöndunum öllum skylt, samanber þó 16. gr., að takmarka eftirspurn um 10%. Það hrykki samt ekki til og má hugsa sér að 5 milljónir tonna vanti svo að vegið sé upp á móti minnkun aðdráttanna á mánuði (sem samsvarar um 13,5% minnkun nánar tiltekið). Miðað væri við heildarolíunotkun Íslendinga á öllum fullunnum olíuvörum á árinu 1981, **endanlega notkun,** en hún var um 540 000 tonn eða 45 000 tonn á mánuði. Á neyðartímunum í apríl og maí ætti Ísland þá samkvæmt því að **takmarka eftirspurn** um 10% eða 4 500 tonn á mánuði. Þegar takmörkunin er dregin frá mánaðarnotkuninni koma út 40 500 tonn, **leyfileg notkun** Íslands á mánuði. Síðan yrði reiknuð skyldunotkun neyðarbirgða Íslands á mánuði, þ. e. hlutdeild Íslands í aðdráttaskorti hópsins, 5 milljónum tonna. Hlutfallið milli neyðarbirgðaskyldu Íslands og neyðarbirgðaskyldu hópsins er 0,0005 og mundi skyldunotkun neyðarbirgða hjá Íslendingum því vera 5 milljónir tonna×0,0005 eða 2500 tonn á mánuði. Dregst sú tala frá 40 500 og koma þá út 38 000 tonn sem yrði **aðdráttaréttur** Íslands á mánuði. Ef aðdrættir Íslands væru minni en 38 000 tonn á mánuði, t. d. 33 000 tonn, ætti Ísland að fá **úthlutað** því magni sem á vantaði fyrir hvern mánuð sem neyðin stæði, þ. e. 5 000 tonnum í apríl og sama í maí í þessu dæmi. Ef aðdrættir Íslands væru hins vegar meiri en 38 000 tonn á mánuði, t. d. 45 000 tonn eins og venjulega, ætti Ísland að úthluta umframmagninu til annarra þátttökulanda fyrir hvorn mánuðinn um sig, þ. e. 7 000 tonnum fyrir hvorn neyðarmánuðinn um sig.

Í sérstökum neyðartilvikum, þ. e. þegar olíuaðdrættir einhvers þátttökulands, eins eða fleiri, en ekki hópsins alls minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki sem nemur meira en 7% skal viðkomandi þátttökuland bera af endanlegri notkun sinni minnkun olíuaðdrátta sinna sem nemur allt að 7% af endanlegri notkun þess á eins árs viðmiðunartíma en fær úthlutað frá hinum þátttökulöndunum því sem á vantar. Ákvæði hér að lútandi er að finna í 8. gr. samningsins.

Í 9.—11. gr. samningsins eru síðan ýmis ákvæði sem snerta bæði almenn og sérstök neyðartilvik. Í 10. gr. er reynt að tryggja sanngjarnt verð á þeirri olíu sem úthlutað er á neyðartímum. Í júlí 1980 voru samþykktar reglur til að greiða fyrir lausn deilna um verðlagningu olíunnar í slíkum tilvikum.

Ef Íslandi væri skylt að úthluta olíu á neyðartímum og sams konar ákvæði væri í olíukaupasamningum okkar við Sovétmenn og verið hafa, sem sé að Ísland geti ekki selt olíuna þriðja landi án skriflegs samþykkis, gæti Ísland án umsvifa **úthlutað olíu** sem væntanleg væri til landsins frá öðrum löndum, **t. d. Bretlandi.** Til þess að þetta gæti tekist þyrfti þó að vera fyrir hendi samningur við það ríki sem olían kemur frá þess efnis að olíuna mætti flytja þaðan, jafnvel á neyðartímum. Svo sem greint er frá í kafla 2.2 má draga úr áhrifum hugsanlegrar úthlutunar olíu af Íslands hálfu með því að hnika til hlutföllum innan ramma níutíu daga heildarbirgða af þremur helstu olíuvörunum þannig að til séu meira en níutíu daga birgðir af úthlutunarhæfri vestrænni olíu en minna en níutíu daga birgðir af sovésku olíunni. Einnig kæmu birgðir umfram skyldubundnar níutíu daga heildarbirgðir til greina en það væri dýrari kostur.

Ekki er talið sennilegt að úthlutun olíu til Íslands gæti dregist svo mjög á neyðartímum að landið yrði olíulaust þar sem fjarlægðin hingað frá öðrum löndum er ekki mikil.

Þótt Ísland mundi ekki uppfylla hið almenna skilyrði um níutíu daga olíubirgðir meðan á **aðlögunartíma** stæði hefði það ekki áhrif á hugsanlega **olíuúthlutun** til Íslands á þessum tíma, þ. e. til lækkunar, þar sem byggt er á endanlegri notkun á viðmiðunartíma við úthlutun. Hitt er annað mál að ríki sem hefur ónógar birgðir og á rétt á úthlutun kynni að þurfa að grípa til strangari takmörkunar á eftirspurn eftir olíu en almennt er nauðsynlegt meðan beðið væri olíuúthlutunar. Jafnframt kynni það að þurfa að grípa til strangari takmörkunar á eftirspurn eftir olíu en almennt gerist ef það þyrfti að úthluta olíu. Þótt Ísland gæfi neyðarbirgðir sínar upp í gasolíu, svartolíu og bensíni mundi það þó hafa rétt til úthlutunar á öðrum tegundum **olíuvara** á neyðartímum, t. d. þotueldsneyti, þar eð neyðarbirgðaskyldan miðast við jarðolíugildi. Almenna skilyrðinu um vissa lágmarksminnkun aðdrátta yrði þó að vera fullnægt.

Enn hefur **ekki** komið til **úthlutunar olíu á neyðartímum** frá því að Alþjóðaorkustofnuninni var komið á fót í nóvember 1974.

2.5. Framkvæmd neyðarráðstafana.

Í IV. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er fjallað um framkvæmd neyðarráðstafana. Eru **tvenns konar** neyðarráðstafanir tilgreindar, skyldubundin takmörkun á eftirspurn eftir olíu samkvæmt II. kafla samningsins og úthlutun tiltækrar olíu samkvæmt III. kafla hans. Eins og áður segir hefur ekki enn reynt á neyðarráðstafanirnar. Það er **skilyrði** fyrir framkvæmd neyðarráðstafana að olíuaðdrættir þátttökulanda í heild eða einhvers þátttökulands minnki eða ætla megi með rökum að þeir minnki svo sem nú verður greint frá. Átt er við samanlagða innflutta olíu og olíu sem unnin er innanlands.

Í 13.—15. gr. samningsins eru ákvæði um skyldu þátttökulanda til að takmarka eftirspurn eftir olíu og úthluta henni í **almennum neyðartilvikum,** þ. e. þegar olíuaðdrættir þátttökulandanna í heild minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um minnst 7%. Samkvæmt 13. gr. skal hvert þátttökuland hvenær sem daglegt magn olíuaðdrátta hópsins minnkar eða ætla má með rökum að það minnki sem nemur a. m. k. 7% af daglegu meðaltali endanlegrar notkunar hans á viðmiðunartíma gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn er nægja til að draga úr endanlegri notkun þess sem nemur 7% af endanlegri notkun þess á viðmiðunartímanum. Úthlutun tiltækrar olíu milli þátttökulandanna skal einnig fara fram, samkvæmt 7. gr. samningsins sem snertir úthlutun í almennum neyðartilvikum og auk þess 9.—11. gr. Í 14. gr. er síðan mælt fyrir um 10% takmörkun á eftirspurn og úthlutun olíu þegar olíuaðdrættir hópsins minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um a. m. k. 12%. Samkvæmt 13. gr. er minnkun olíuaðdrátta því 7—12% en samkvæmt 14. gr. 12% eða meira. Samkvæmt 15. gr., samanber 20. gr., getur komið til þess að skyldubundin takmörkun á eftirspurn í almennum neyðartilvikum verði hert umfram áðurgreind 7 og 10% auk þess sem til úthlutunar olíu kemur. Getur þetta hugsast þegar samanlögð dagleg skyldunotkun neyðarbirgða hefur náð 50% af neyðarbirgðaskyldu, þ. e. neyðarbirgðirnar endast einungis í 45 daga.

Í **sérstökum neyðartilvikum,** þ. e. þegar daglegt magn olíuaðdrátta einhvers þátttökulands minnkar eða ætla má með rökum að það minnki þannig að daglegt meðaltal endanlegrar notkunar þess minnki sem nemur meira en 7% af daglegu meðaltali endanlegrar notkunar þess á viðmiðunartímanum skal úthlutun tiltækrar olíu til þess þátttökulands fara fram, samkvæmt 8. gr. samningsins sem varðar úthlutun í sérstökum neyðartilvikum og þar að auki 9.—11. gr. Leiðir þetta af 17. gr. samningsins. Skal viðkomandi þátttökuland þá bera af endanlegri notkun sinni minnkun olíuaðdrátta sinna sem nemur allt að 7% af endanlegri notkun þess á viðmiðunartímanum. Önnur þátttökulönd úthluta því olíumagni sem á skortir. Þurfa þau ekki að gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn.

Samkvæmt 18. gr. merkir **viðmiðunartími** fjóra næstliðna ársfjórðunga að undanskildum einum ársfjórðungi til að safna upplýsingum. Ef neyðarráðstafanir hefðu t. d. komið til framkvæmda hinn 1. apríl 1982 hefði takmörkun á eftirspurn verið miðuð við endanlegar tölur um olíunotkun þátttökulanda á árinu 1981.

Samkvæmt 16. gr. getur þátttökuland notast við þær **neyðarbirgðir** sem það á **umfram neyðarbirgðaskyldu** sína samkvæmt áætluninni í stað þess að gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn. Kemur því til athugunar að hafa meiri neyðarbirgðir en skylt er samkvæmt samningnum ef ætla má að erfiðleikum sé bundið að ná fram nægilega mikilli takmörkun eftirspurnar eftir olíu á neyðartímum eða úthluta henni til annarra þátttökulanda.

Samkvæmt 19. gr. samningsins skal skrifstofan kveða upp úrskurð þegar olíuaðdrættir hafa minnkað eða ætla má með rökum að þeir minnki um a. m. k. 7% (13. gr.) eða 12% (14. gr.) hjá þátttökulöndunum í heild eða um a. m. k. 7% (17. gr.) hjá einhverju þátttökulandi. Í 19. gr. eru nánari ákvæði um meðferð mála hjá stofnuninni í þessum tilvikum. Framkvæmd neyðarráðstafana skoðast **sjálfkrafa** staðfest í síðasta lagi átta dögum eftir uppkvaðningu úrskurðar skrifstofunnar nema stjórnarnefndin ákveði með sérstökum meirihluta að þær skuli ekki koma til framkvæmda, að þær skuli aðeins koma til framkvæmda að hluta til eða að setja skuli önnur tímamörk fyrir framkvæmd þeirra. Þátttökulöndin skulu gera neyðarráðstafanirnar innan fimmtán daga frá ofangreindri staðfestingu. Við meðferð málsins hefur skrifstofan samráð við olíufélög og alþjóðleg ráðgjafarnefnd frá olíuiðnaðinum aðstoðar stofnunina við að tryggja öruggan framgang ráðstafananna, samanber 6.—7. mgr. 19. gr.

Ýmis þátttökulönd telja til mikilla bóta að neyðarráðstafanir skuli koma til framkvæmda sjálfkrafa nema stjórnarnefndin ákveði annað með sérstökum meirihluta. Þannig sé unnt að girða fyrir að sama ástand skapist og haustið 1973 þegar ekki reyndist kleift að framkvæma olíuúthlutunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar þar sem einróma samþykki þurfi til. Er einnig talið mikilvægt að til olíuúthlutunar skuli koma í þeim tilvikum þegar eitt eða nokkur þátttökulanda en ekki löndin í heild mega þola minnkun olíuaðdrátta sinna. Með þessu sé samhjálparstefna þátttökulandanna skýrt undirstrikuð og einstök þátttökulönd séu ekki berskjölduð ef olíuframleiðslulönd grípa til aðgerða gagnvart þeim einum. Danir leggja t. d. áherslu á þessi atriði. Svo sem sjá má af 20. gr. samningsins, samanber 15. gr., gildir sjálfvirknin ekki þegar hin verulega olíuneyð sem þar er getið er skollin á heldur ákvarðanataka með sérstökum meirihluta.

Hvert þátttökuland getur beðið skrifstofuna að kveða upp **úrskurð** um minnkun olíuaðdrátta í því skyni að neyðarráðstafanir komi til framkvæmda eða verði afnumdar. Við afnám neyðarráðstafana gætir samsvarandi sjálfvirkni og við framkvæmd þeirra.

Í kafla 2.10 hér á eftir verður vikið að reglum þeim sem gilda um atkvæðagreiðslur við töku á ákvörðunum um framkvæmd eða afnám neyðarráðstafana.

Samkvæmt 22. gr. samningsins getur stjórnarnefndin hvenær sem er ákveðið að viðeigandi neyðarráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í samningnum komi til framkvæmda ef aðstæður krefjast. Til þess þarf þó samhljóða ákvörðun fulltrúa þátttökulandanna.

Á fjórum fyrstu mánuðum ársins 1979 áttu **Svíar** í vissum erfiðleikum og minnkuðu olíuaðdrættir þeirra um meira en 7%. Erfiðleikarnir stöfuðu m. a. af köldum vetri, verðlagshömlum, tæknilegum vandkvæðum við hleðslu í útflutningslandi og jafnvel slæmu veðri er hamlaði löndun. Sendu Svíar beiðni um aðstoð til Alþjóðaorkustofnunarinnar í aprílmánuði. Stofnunin fjallaði um málið og hafði m. a. samband við olíufélög, bæði alþjóðleg olíufélög og olíukaupendur í Svíþjóð. Ástandið í Svíþjóð varð verst í maí en þá var þó sjáanlegt að það kæmist aftur í eðlilegt horf þegar í júní. Var því ekki talin nauðsyn á að láta neyðarráðstafanir stofnunarinnar koma til framkvæmda þótt samningsskilyrði væru uppfyllt. Þessi ákvörðun var tekin í samráði við ríkisstjórn Svíþjóðar sem hafði m. a. breytt um stefnu í verðlagningarmálum til að greiða úr vandanum. Svíar gátu fengið viðbótarolíu á hinum alþjóðlega olíumarkaði. Má taka fram að þrýst er á alþjóðlegu olíufélögin ef í harðbakkann

slær í þátttökulöndunum þótt ástandið sé ekki orðið það slæmt að virkja þurfi neyðarkerfi stofnunarinnar. Er þetta talinn einn af kostunum við aðild að stofnuninni. Svíar álíta að stofnunin hafi í sjálfu sér staðið sig vel í þessu máli þótt lausn þess hafi frekar mátt þakka aðgerðum Svía sjálfra innanlands. Telja þeir reyndar eftir á að hyggja að þeir hefðu mátt biðja stofnunina fyrr um aðstoð.

2.6. Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn.

Í V. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er vikið að upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn. Samkvæmt 25. gr. samningsins skiptist upplýsingamiðlunin í tvo hluta, annars vegar **almennan hluta** varðandi ástandið á alþjóðlega olíumarkaðinum og starfsemi olíufélaga og hins vegar **sérstakan hluta** til að tryggja árangursríka framkvæmd ráðstafana þeirra sem lýst er í I.—IV. kafla samningsins, m. ö. o. olíuneyðarkerfis stofnunarinnar. Skal miðlunin starfrækt á varanlegum grundvelli, jafnt við venjulegar aðstæður sem á neyðartímum, og á þann hátt sem tryggir trúnað í meðferð fenginna upplýsinga. Upplýsingasamstarfið er mun víðtækara en innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Gerir upplýsingamiðlunin ríkisstjórnum þátttökulandanna kleift að fylgjast með þróun mála á alþjóðlega olíumarkaðinum, m. a. stefnu olíufélaganna í aðdrátta- og verðlagningarmálum. Einstök þátttökulönd eiga rétt á að fá hlutdeild í þeim upplýsingum sem skrifstofa stofnunarinnar fær frá öðrum þátttökulöndum. Telja ýmsar þátttökuþjóðir, t. d. Danir, að upplýsingamiðlunin geti verið til mikils gagns og m. a. komið í veg fyrir sams konar óvissuástand og skapaðist í olíuneyðinni haustið 1973 að því er snerti aðdrætti og verðlagningu. Upplýsingar um alþjóðlega olíumarkaðinn eru ætlaðar **aðildarríkjum** Alþjóðaorkustofnunarinnar einum og geta því aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni ekki fengið þessar upplýsingar nema í algerum undantekningartilvikum.

Aðalákvæðin um **almenna hluta** upplýsingamiðlunarinnar varðandi ástandið á alþjóðlega olíumarkaðinum og starfsemi olíufélaga er að finna í 27. gr. samningsins. Þar eru taldar upp ýmsar upplýsingar sem þátttökulöndin skulu reglulega láta skrifstofunni í té um olíufélög. Ísland mundi þó aðeins þurfa að gefa mánaðarlega upplýsingar um **verð** á olíu með því að fylla út sérstaka vöruskrá (stafliðir h) og i) í 1. mgr. 27. gr.). Almenni hluti upplýsingamiðlunarinnar tekur til stórra olíufélaga, „skýrslufélaga", sem skulu mánaðarlega útfylla spurningaskrá A. Íslensku olíufélögin mundu ekki teljast skýrslufélög og þyrfti því ekki að senda spurningaskrá A frá Íslandi.

Ekki er fyrir hendi nein formleg upplýsingamiðlun um hinn svokallaða uppboðsmarkað („spot market") en fylgst er með verði þar. Við ýmsa tæknilega erfiðleika er þó að etja í þessu sambandi.

Samkvæmt **sérstaka hluta** upplýsingamiðlunarinnar skulu þátttökulöndin láta skrifstofunni í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana. Er mælt fyrir um þetta í 32. gr. samningsins. Í 33. gr. eru taldar upp ýmsar upplýsingar sem þátttökulöndin skulu reglulega láta skrifstofunni í té. Í framkvæmdinni er málum þannig háttað að þátttökulöndin senda skrifstofunni upplýsingarnar í **skeyti** og skal senda það á ákveðnum degi **í hverjum mánuði.** Skal ákveðinn samstarfsaðili á Íslandi bera ábyrgð á slíkri upplýsingagjöf en byggt yrði á upplýsingum frá olíufélögunum. Hér er nánar tiltekið um að ræða svör við **spurningaskrá B.** Samkvæmt henni skulu þátttökulönd gefa upplýsingar um **olíuaðdrætti, olíunotkun og birgðir á fimm mánaða tímabili,** þ. e. fyrir upplýsingamánuðinn, tvo næstu mánuði þar á undan og tvo næstu mánuði þar á eftir. Hefur flestum stjórnvöldum þótt nokkuð erfitt að útfylla spurningaskrá þessa. Þess ber þá að gæta að olíuviðskipti þeirra eru iðulega flókin. Olíuviðskipti Íslendinga eru hins vegar einföld í sniðum. Er því ekki sérstökum erfiðleikum bundið að uppfylla skilyrðið um sendingu upplýsinganna. Aðalbreytingarnar við aðild að Alþjóðaorkustofnuninni yrðu þær að senda ætti

olíuupplýsingar mánaðarlega en Efnahags- og framfarastofnuninni hafa verið sendar upplýsingar um ársfjórðunga og heil ár.

Að því er varðar skyldu þátttökulanda til að láta skrifstofunni í té **upplýsingar um ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu** samkvæmt staflið b) í 33. gr. samningsins er framkvæmdin sú að send er nefnd til höfuðborga þátttökulanda á tveggja ára fresti í mesta lagi og athugar hún ástand og horfur að þessu leyti í viðkomandi löndum. Athugun þessi fer jafnvel sjaldnar fram ef ríki hafa gott skipulag á þessum málum, t. d. Kanada og Sviss. Önnur þátttökulönd geta jafnvel fengið aðstoð við að skipuleggja þessi mál, t. d. sérfræðing frá Sviss, þannig að athugunin beinist ekki eingöngu að því að gagnrýna það sem ábótavant er. Á neyðartímum yrði fylgst óformlega með takmörkun á eftirspurn eftir olíu.

Í reyndinni eru ekki gefnar reglulega upplýsingar um tiltæk flutningatæki og notkun þeirra, samanber staflið d) í 33. gr. Að því er snertir staflið e) varðandi upplýsingar um raunverulegt og áætlað alþjóðlegt framboð og eftirspurn má nefna að Efnahags- og framfarastofnunin dreifir árlega spurningaskrám um þetta efni, m. a. olíuhreinsun. Ákvarðanir hafa ekki verið teknar um að afla upplýsinga um önnur atriði en nefnd eru í staflíðum a)—e) í 33. gr.

Ekki er annað sjáanlegt en að upplýsingaskylda um olíumál samkvæmt framansögðu yrði viðráðanleg fyrir Ísland ef það gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

2.7. Aðstaða til samráðs við olíufélög.

Í VI. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er fjallað um aðstöðu til samráðs við olíufélög sem sköpuð hefur verið innan vébanda Alþjóðaorkustofnunarinnar. Samkvæmt 37. gr. samningsins geta eitt eða fleiri þátttökulönd á viðeigandi hátt haft samráð við eða leitað upplýsinga hjá einstökum olíufélögum um alla mikilvæga þætti olíuiðnaðarins. Auk þess geta þátttökulöndin með samstarfi sín á milli deilt með sér niðurstöðum slíks samráðs. Fastanefnd stofnunarinnar um olíumarkaðinn hefur eftirlit með þessu samráði. Ýmis þátttökulönd telja samráðið mikilvægt þar eð það treystir upplýsingasamstarf þátttökulandanna um olíumarkaðinn, bæði varðandi skammtímavandamál og langtímaþróun. Hér undir falla t. d. aðdrættir, verð og fjárfesting. Í framkvæmdinni hefur fremur verið byggt á 3. mgr. 56. gr. samningsins en 37. gr. hans þar eð upplýsinga er reglulega leitað á vettvangi fastanefndarinnar um olíumarkaðinn en síður af hálfu einstakra þátttökulanda.

2.8. Langtímasamstarf í orkumálum.

Í VII. kafla **samningsins** um alþjóðaorkuáætlun er greint frá meginatriðum langtímasamstarfs þátttökulandanna í orkumálum. Nánari ákvæði um samstarfið er m. a. að finna í **ákvörðunum** stjórnarnefndar stofnunarinnar, einkum ákvörðuninni um áætlun um langtímasamstarf og ákvörðuninni um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu.

Markmiðið með langtímasamstarfinu í orkumálum kemur fram í 1. mgr. 41. gr. samningsins þar sem segir að þátttökulöndin séu ákveðin í að verða þegar til lengri tíma er litið **óháðari olíuinnflutningi** til að fullnægja heildarorkuþörf sinni. Samstarf þátttökulandanna í olíumálum byggist þannig ekki einungis á I.—IV. kafla samningsins um olíuneyðarkerfið, V. kafla hans um upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn og VI. kafla um aðstöðu til samráðs við olíufélög. Langtímasamstarfið miðar bæði að því að auka olíuöryggi þátttökulanda og bæta efnahag þeirra, m. a. greiðslujöfnuð, með því að minnka notkun olíu.

Leiðirnar að markmiðinu eru fólgnar í því að þátttökulöndin beita sér í orkumálum fyrir landsáætlunum, samstarfsáætlunum og samræmingu á stefnu einstakra landa.

Í 42. gr. samningsins eru tilgreind fjögur **samstarfssvið** sem einkum skal gefa gaum, þ. e. 1) orkusparnaður, 2) þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu, 3) orkurannsóknir og þróun og 4) úranauðgun.

Að því er varðar **orkusparnað** skal m. a. hugað að samstarfsáætlunum um:

1) miðlun reynslu einstakra landa og upplýsinga um orkusparnað og
2) aðferðir til að draga úr aukningu orkunotkunar með sparnaði.

Viðvíkjandi **þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu,** svo sem innlendrar olíu, kola, jarðgass, kjarnorku og vatnsorku, er m. a. gert ráð fyrir samstarfsáætlunum um:

1) miðlun upplýsinga um t. d. auðlindir, framboð og eftirspurn, verð og skatta,
2) aðferðir til að draga úr aukningu notkunar á innfluttri olíu með þróun annarra orkugjafa,
3) ákveðin verkefni, m. a. verkefni sem eru fjármögnuð sameiginlega og
4) mælikvarða, gæðamörk og staðla fyrir umhverfisvernd.

Jarðhiti mundi falla undir þetta svið.

Í **orkurannsóknum og þróun** eru taldar upp sem forgangsverkefni tíu samstarfsáætlanir, þ. á m. um:

1) kolatækni,
2) framleiðslu vetnis úr vatni,
3) orkusparnað og
4) nýtingu úrgangs frá borgum og iðnaði til orkusparnaðar.

Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. má fjármagna samstarfsáætlanir sameiginlega og verður vikið að þessu atriði síðar þegar gerð verður grein fyrir orkurannsóknum og þróun, m. a. jarðhitarannsóknum.

Hinn 30. janúar 1976 var gengið frá texta **áætlunar um langtímasamstarf** í stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar. Hefur áætlunin verið skoðuð sem formleg ákvörðun stjórnarnefndarinnar frá og með 8. mars sama ár. Í áætluninni eru ákvæði VII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun varðandi markmið og leiðir í langtímasamstarfi þátttökulandanna í orkumálum nánar útfærð.

Áætlunin um langtímasamstarf skiptist í fimm kafla og tvo viðauka. Í I. kafla er fjallað um almenn markmið langtímasamstarfsins, í II. kafla um orkusparnað, í III. kafla um hraðari þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu, í IV. kafla um orkurannsóknir og þróun og í V. kafla um löggjafar- og stjórnsýslutálma og mismunun í framkvæmd. Í viðauka I eru nánari ákvæði um lágmarksverndarverð á olíu en sett eru í D-hluta III. kafla og í viðauka II eru leiðbeiningarreglur um samstarf í orkurannsóknum og þróun.

Í I. kafla áætlunarinnar segir m. a. að þátttökulöndin séu ásátt um að framkvæma áætlun um langtímasamstarf í orkumálum til að stuðla að því að skapa öryggi í orkuöflun sinni, verða óháðari olíuinnflutningi sem hópur og efla stöðugleika á olíumarkaðinum í heiminum. Tekið skal tillit til hagsmuna og markmiða þátttökulandanna í efnahags- og félagsmálum.

Samkvæmt II. kafla áætlunarinnar skulu þátttökulöndin m. a. gera landsáætlanir og beita sér fyrir samstarfsaðgerðum til að spara orku. Markmiðið með þessu starfi skal vera að draga úr vexti orkunotkunar almennt og þó einkum olíunotkunar hjá þátttökulöndunum í heild. Skal hér fyrst og fremst lögð áhersla á að útiloka sóun og gera orkunýtingu hagkvæmari enda sé þá m. a. tekið tillit til áhrifa orkuverðs á eftirspurn eftir orku. Þá skulu sett orkusparnaðarmarkmið fyrir þátttökulöndin.

Í III. kafla áætlunarinnar er m. a. rætt um gerð landsáætlana og samstarfsáætlana til að örva og auka framleiðslu orku úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu eins fljótt og auðið er. Skal þá taka tillit til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna í þátttökulöndunum. Löndin skulu eftir því sem við á og nauðsynlegt getur talist skapa hagstæð skilyrði fyrir fjárfestingu á sviði orkumála, veita opinberu fé til þessara mála og stuðla að eða taka beinlínis þátt í framleiðslu orku úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu. Hér er og gert ráð fyrir meðaltíma- og langtímamarkmiðum fyrir þátttökulöndin í heild að því er varðar framleiðslu úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu. Í A-hluta III. kafla er fjallað um athugun landsáætlana. Í

B-hluta III. kafla er síðan vikið að samstarfi í sérstökum orkugreinum. Í C-hluta III. kafla eru reglur um aðstöðu til samstarfs um orkuverkefni. Er þar m. a. gert ráð fyrir sérstakri aðstoð við framkvæmd orkuverkefna og leiðum til að örva fjárfestingu í orkuframleiðslu svo sem nánar verður vikið að í lok þessa kafla. Í D-hluta III. kafla eru ákvæði um lágmarksverndarverð á vissum olíuvörum — sjö Bandaríkjadali tunnan — til að hvetja til og vernda nýja fjárfestingu í þorra annarra hefðbundinna orkugjafa en innfluttrar olíu. Þetta lágmarksverndarverð hefur samt sem áður verið með öllu óraunhæft vegna mikilla verðhækkana á olíu á alþjóðlega olíumarkaðinum. Er lágmarksverndarverðið nú margfalt lægra en t. d. verð á gasolíu og svartolíu. Ekki eru uppi neinar ráðagerðir um að endurskoða lágmarksverndarverðið til hækkunar en tæknilega er unnt að gera það. Þarf þá til að koma einróma samþykki þátttökulandanna.

Í IV. kafla áætlunarinnar kemur m. a. fram að þátttökulöndin hyggjast kanna vandlega möguleika á að gera samstarfsáætlanir á nýjum rannsókna- og þróunarsviðum, þ. á m. um nýtingu jarðhita, vinds og sjávarfalla til orkuframleiðslu.

Í V. kafla áætlunarinnar er fjallað um löggjafar- og stjórnsýslutálma og mismunun í framkvæmd sem hamla því að allsherjarmarkmið áætlunarinnar náist. Verður vikið nánar að þessum ákvæðum í lok þessa kafla.

Í 4. og 6. gr. viðauka II við áætlunina er greint frá því að þau aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni geti með samþykki stjórnarnefndar Alþjóðaorkustofnunarinnar tekið þátt í samstarfsáætlunum og verkefnum á grundvelli áætlunarinnar. Í 5. gr. sama viðauka er greint frá því í hvaða formi samstarfsáætlanirnar og verkefnin geti verið. Þar er m. a. vikið að miðlun upplýsinga, heimsóknum vísindamanna, samræmingu sérstakra rannsóknastarfa og þátttöku í framkvæmd sérstakra rannsókna- og tilraunaverkefna.

Texta ákvörðunar stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf er að finna sem fylgiskjal hér á eftir.

Í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um **hópmarkmið og meginreglur orkustefnu** sem samþykkt var hinn 5. október 1977 er enn frekari útfærsla á markmiðum og leiðum í langtímasamstarfi þátttökulanda en gert er í VII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun og ákvörðun stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf.

Í meginmáli ákvörðunarinnar er vikið að ástandinu í orkumálum heimsins. Er talin alvarleg hætta á því að þegar á níunda áratug tuttugustu aldarinnar muni heimurinn ekki hafa nægilega olíu og orku í öðru formi á hóflegu verði nema rennt sé stoðum undir núverandi orkustefnu. Er bent á að slíkt ástand mundi hafa alvarleg áhrif í aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar og um heim allan. Sett er olíuinnflutningsmarkmið fyrir árið 1985 fyrir aðildarríkin í heild — hópmarkmið — og lýsa ríkin því yfir að þau muni athuga árlega á kerfisbundinn hátt þörfina á setningu hópmarkmiða fyrir síðari ár. Þá er ákveðið hvaða leiðir skuli fara til að ná hópmarkmiðunum. Er í því sambandi bent á að ríkin séu staðráðin í að fara eftir ákveðnum meginreglum í orkustefnu sinni.

Meginreglurnar, tólf talsins, eru síðan birtar sem viðauki I við ákvörðunina.

Í 1. meginreglu er gert ráð fyrir því að það sé meðal markmiða í orkustefnu þátttökulandanna að draga beinlínis úr eða takmarka olíuinnflutning í framtíðinni með orkusparnaði og aukinni notkun innlendra orkugjafa. Samkvæmt 2. meginreglu skal m. a. stöðugt gefa góðan gaum mikilvægum umhverfis- og byggðasjónarmiðum. Gengið er út frá því í 3. meginreglu að þátttökulöndin leyfi innlendu orkuverði að ná marki sem hvetur til orkusparnaðar og þróunar annarra orkugjafa en innfluttrar olíu. Í 4. meginreglu er gert ráð fyrir stórauknum orkusparnaði sem hafi algeran forgang hvað snertir aukin fjárframlög. Þegar gerðar eru orkusparnaðarráðstafanir skal leitast við að fylgja stefnu í verðlagsmálum (m. a. ríkisfjármálum) sem hvetur til sparnaðar. Jafnframt skal þá fara eftir stöðlum fyrir lágmarksorkunýtingu og hvetja til og auka fjárfestingu í búnaði og tækni sem sparar orku. Í 5.

meginreglu er stefnt að því að olía skuli smám saman leyst af hólmi við raforkuframleiðslu, í hverfishitun, iðnaði og öðrum atvinnugreinum, m. a. með því að ráða frá því að reist séu ný orkuver sem nota eingöngu olíu. Samkvæmt 6. meginreglu er m. a. gert ráð fyrir mjög aukinni notkun steinkola í iðnaði. Í 7. meginreglu er stefnt að aukinni notkun jarðgass og í 8. meginreglu er miðað við stöðugt aukna nýtingu kjarnorku. Nánar verður vikið að 8. meginreglu í lok þessa kafla. Samkvæmt 9. meginreglu skal leggja meiri áherslu á orkurannsóknir, þróun og kynningu til þess að gera orkunýtingu hagkvæmari og fullnægja orkuþörf framtíðarinnar. Hvert þátttökuland skal leggja sitt af mörkum til að þróa orkutækni, m. a. að því er varðar endurnýjanlega orkugjafa sem komið geta að almennum notum. Í 10. meginreglu er gert ráð fyrir því að sköpuð skuli hagstæð fjárfestingarskilyrði sem hvetji til fjármögnunar opinberra aðila og einkaaðila til þróunar orkuauðlinda. Nánar verður vikið að 10. meginreglu í lok þessa kafla. Samkvæmt 11. meginreglu skal m. a. við mótun orkustefnu gera ráð fyrir öðrum leiðum en aukinni olíunotkun ef ekki tekst að ná sparnaðarmarkmiðum. Samkvæmt 12. meginreglu skal hafa viðeigandi samstarf í orkumálum við þróuð lönd, þróunarlönd og alþjóðastofnanir.

Í viðbæti A við meginreglurnar eru tillögur um sparnaðarráðstafanir. Í iðnaði er m. a. gert ráð fyrir ráðgjafarþjónustu til handa litlum og meðalstórum iðnfyrirtækjum og skýrslugjöf, endurskoðun og setningu takmarka í orkumálum fyrir orkufrekar iðngreinar. Að því er varðar íbúðir og verslun er m. a. mælt með byggingarsamþykktum með lágmarkskröfum um nýtingu við upphitun á öllum nýjum byggingum, virkum aðgerðum til að stuðla að endurbótum á eldri byggingum og sérmælum vegna notkunar á heitu vatni. Í samgöngum er bent á háa skatta á bensín og stighækkandi skatta á bifreiðar eftir þyngd eða eldsneytisnýtingu. Þar að auki er hvatt til aðgerða til að stuðla að almenningssamgöngum. Loks má nefna að gert er ráð fyrir aðgerðum til að stuðla að aukinni notkun úrgangsvarma.

Í viðbæti B við meginreglurnar er bent á helstu svið rannsókna, þróunar og kynningar sem áherslu þarf að leggja á. Í 1. tölulið er fjallað um skammtíma- og meðaltímatækni til að spara orku með bættum vinnsluaðferðum í iðnaði, eyðslugrennri flutningavélum og farartækjum, bættum aðferðum til að nýta úrgangsvarma og einangrun bygginga. Þá er m. a. vikið að bættum aðferðum við kolabrennslu. Í 2. tölulið um millistigstækni er m. a. bent á framleiðslu vökva- og gaskennds eldsneytis úr kolum. Í 3. tölulið um endurnýjanlegar auðlindir sem komið geta að almennum notum er m. a. minnst á jarðhitaorku. Í 4. tölulið um könnun á öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum er m. a. bent á vindorku og ölduorku.

Texta ákvörðunar stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu er að finna sem fylgiskjal hér á eftir.

Nú verður vikið nánar að **helstu samstarfssviðum í orkumálum.**

Í **orkusparnaði** hefur mest borið á setningu hópmarkmiða og landsmarkmiða varðandi olíuinnflutning til aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar. Má t. d. nefna að með ákvörðun stjórnarnefndar stofnunarinnar um aðgerðir vegna ástandsins á olíumarkaðinum árið 1979 var miðað að 5% samdrætti í eftirspurn eftir olíu. Ekki var með þessu stefnt að 5% samdrætti í eftirspurninni miðað við eftirspurn á árinu 1978 heldur 5% minnkun miðað við áætlaða eftirspurn árið 1979. Var ýmsum ráðum beitt, t. d. sérstakri orkusparnaðarherferð í Noregi vorið 1979, og október 1979 var almennur orkusparnaðarmánuður í þátttökulöndunum. Ekki tókst að ná markmiðinu til fulls heldur var minnkun eftirspurnar á árinu 1979 3,5% af áætlaðri eftirspurn. Stóðu þátttökulöndin sig misjafnlega. Þess ber þó að gæta að hópmarkmið sem þetta eru ekki lagalega bindandi fyrir þátttökulöndin, heldur aðeins stjórnmálalega, fela í sér heitstrengingu þeirra um að leggja sig fram til að ná markmiðunum. Sama gildir um landsmarkmið varðandi olíuinnflutning sem sett voru í fyrsta sinn á ráðherrafundi stofnunarinnar hinn 10. desember 1979, fyrir árin 1980 og 1985, samtímis því sem hópmarkmið voru sett. Ekki hefur verið talin þörf á setningu sérstakra markmiða fyrir árin 1981 og 1982 en tekist hefur að minnka olíunotkun á árinu 1980 samanborið við 1979.

Hópmarkmiðið fyrir árið 1980 var 1 205,3 milljónir tonna eða 24,5 milljónir tunna á dag (1 135,3 milljónir tonna eða 23,1 milljón tunnur á dag ef eigin eldsneytisbirgðir skipa eru dregnar frá). Olíuinnflutningsmarkmið hópsins fyrir árið 1985 er hins vegar 1 289,56 milljónir tonna eða 26,2 milljónir tunna á dag (1 209,6 milljónir tonna eða 24,6 milljónir tunna á dag ef eigin eldsneytisbirgðir skipa eru dregnar frá). Sést af þessu að olíuinnflutningurinn mun aukast milli áranna 1980 og 1985. Er þróunin í innflutningi einstakra landa nokkuð ólík vegna mismunandi aðstæðna en búast má við að innflutningurinn yrði mun meiri ef ekki væri markvisst unnið að því að halda honum í skefjum. Olíuinnflutningur Bandaríkjanna, sambandslýðveldisins Þýskalands, Spánar, Sviss og Nýja-Sjálands stendur svo til alveg í stað. Bretar eru innflytjendur árið 1980 en verða útflytjendur árið 1985 (nokkrum árum síðar aftur innflytjendur). Norðmenn flytja út nokkru meira árið 1985 en árið 1980. Olíuinnflutningur mun aukast talsvert í Japan, á Ítalíu, í Kanada, Hollandi og Lúxemborg. Olíuinnflutningur Dana mun minnka til mikilla muna eða úr 16,5 í 11,0 milljónir tonna. Til samanburðar má nefna að heildarinnflutningurinn á árinu 1978 var 1 177,4 milljónir tonna en á árinu 1979 1 187,6 milljónir tonna. Tölurnar hér að framan miðast við jarðolíugildi. Markmiðin eru oft endurskoðuð til lækkunar. Er jafnvel gert ráð fyrir að heildarinnflutningurinn á árinu 1985 geti orðið mun minni en samkvæmt hópmarkmiðinu.

Líkurnar á því að hópmarkmið fyrir einstök ár náist hafa vaxið þar eð markmið fyrir einstök lönd voru í fyrsta sinn ákveðin fyrir árið 1980. Þá fylgdist stjórnarnefndin á ársfjórðungsfresti með aðgerðum einstakra landa til að ná landsmarkmiðunum sem sett voru. Var þetta nýmæli og sýnir að áherslan hefur færst í auknum mæli frá hópmarkmiðum til markmiða fyrir einstök lönd, svo og aukins aðhalds.

Að hálfu þátttökulanda hafa upplýsingaskipti um orkusparnað verið talin sérlega nytsamleg. Starfandi eru fimm sérstakar undirnefndir til að fjalla um orkusparnað. Fjalla þær um orkusparnað í iðnaði, samgöngum, byggingum og hverfishitun, svo og upplýsingamiðlun af hálfu sérfræðinga. Af einstökum verkefnum má nefna kanadíska orkuvagninn sem mælir óþarfa orkueyðslu í iðnaði og hefur hann náð mjög góðum árangri. Hefur verið farið með hann til ýmissa Evrópuríkja í kynningarskyni. Þá hafa verið byggð hús í Kanada sem hönnuð eru fyrir litla orkunotkun (20%) og var efnt til kynnisferðar þangað haustið 1980. Hollendingar hafa gert áætlun um endurbætur á eldra húsnæði. Einstök verkefni hafa þótt árangursrík og geta önnur þátttökulönd fært sér í nyt reynsluna sem fæst. Má segja að í þessu sé fólgin viss aðstoð í orkusparnaðarmálum.

Að því er varðar **þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu** má nefna að ekki hefur verið um sérstakt samstarf að ræða um framleiðslu rafmagns með vatnsafli nema í orkurannsóknum. Eitthvert samstarf kann þó að eiga sér stað á milli einstakra þátttökulanda. Þátttökulöndin telja kol og kjarnorku helstu orkugjafana sem nota megi til að draga úr innflutningi olíu í náinni framtíð. Orkusparnaði er skipað á sama bekk hvað snertir vænlegustu leiðir að markmiðinu. Á ráðherrafundi Alþjóðaorkustofnunarinnar sem haldinn var í París dagana 21.—22. maí 1979 voru samþykktar meginreglur um aðgerðir Alþjóðaorkustofnunarinnar varðandi kol. Er þar gert ráð fyrir ýmsum aðgerðum þátttökulanda til að auka framleiðslu kola, notkun þeirra og viðskipti með þau. Á þessum ráðherrafundi stjórnarnefndarinnar var beinlínis tekið fram að I. og II. hluti meginreglnanna og viðaukinn við þær hefðu ekki að geyma lagalegar skuldbindingar heldur væri þar lýst ákveðnum stjórnmálalegum vilja. Hinn 19. janúar 1978 samþykkti stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar starfsáætlun varðandi kjarnorku sem hefur samkvæmt upplýsingum lögfræðings stofnunarinnar ekki að geyma lagalegar skuldbindingar fyrir aðildarríkin. Á grundvelli áætlunarinnar hefur aðeins verið fjallað um áætlanir og spár til þessa en tekið verður til athugunar hvort gera þurfi breytingar á henni. Ekki er unnt að nefna dæmi um samstarf þátttökulanda til að auka framleiðslu orku í sérstökum orkugreinum né dæmi um aðstoð við orkuverkefni,

samanber B- og C-hluta III. kafla áætlunarinnar um langtímasamstarf en sá kafli fjallar um hraðari þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu.

Mikil gróska hefur verið í **orkurannsóknum og þróun** á vegum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Í febrúarlok 1980 var unnið að 49 verkefnum á ýmsum sviðum rannsókna og þróunar. Verkefnunum má skipta í ýmsa flokka, m. a. orkusparnað, kolatækni, jarðhitaorku, sólarorku, ölduorku, vindorku og öryggi í notkun kjarnorku. Flest þeirra beinast að nýjum orkugjöfum. Aðildarríkin ráða hvort þau taka þátt í einstökum verkefnum en fjöldi þeirra er breytilegur.

Alþjóðaorkustofnunin á frumkvæði að samningum um einstök verkefni og hefur eftirlit með gangi mála með hliðsjón af skyldum aðildarríkjanna. Gerðir eru sérstakir samningar um framkvæmd verkefnanna. Ríki þau sem eru aðilar að samningunum ákveða hver stýra skuli framkvæmdum þar eð Alþjóðaorkustofnunin gerir það ekki. Stofnunin reynir að koma í veg fyrir að verkefnin komi aðeins þátttökuaðilum að gagni. Fær hún því að vita um ný atriði sem koma upp. Getur það gefið tilefni til nánari athugunar og þá eftir atvikum nýrra verkefna.

Þau lönd sem taka þátt í einstökum orkuverkefnum geta fjármagnað þau sameiginlega. Skal þá jafna útgjöldunum niður á löndin í þeim hlutföllum sem þau samþykkja samhljóða sín í milli, samanber 3. mgr. 42. gr., 2. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. samningsins um alþjóðaorkuáætlun. Kostnaðarskiptingin getur verið misjöfn í einstökum tilvikum. Sem dæmi má nefna að Bandaríkin, Bretland og sambandslýðveldið Þýskaland taka þátt í kolabrennsluverkefni og skipta níutíu milljón Bandaríkjadala kostnaði jafnt. Hins vegar var allt önnur kostnaðarskipting ákveðin í einu verkefni varðandi nýtingu sólarorku þar sem Bandaríkin, Grikkland, Spánn, Sviþjóð og sambandslýðveldið Þýskaland hafa verið meðal þátttökulanda. Þá má nefna að til svokallaðs Fenton Hill jarðhitaverkefnis sem Bandaríkjamenn og Þjóðverjar tóku fyrst einir þátt í greiddu hinir fyrrnefndu sextíu milljónir Bandaríkjadala en hinir síðarnefndu fimmtán milljónir.

Ekki er veitt fé á fjárhagsáætlun Alþjóðaorkustofnunarinnar til einstakra rannsóknaverkefna. Ísland gæti hins vegar lagt til að rannsóknaverkefni yrði framkvæmt hér á landi og kostnaði skipt á ákveðinn hátt. Þau aðildarríki sem taka mundu þátt í verkefninu yrðu þó öll að samþykkja kostnaðarskiptinguna.

Vinnuframlögum getur eigi síður en fjárframlögum verið hagað með ýmsum hætti. Í einu verkefni er störfum t. d. skipt þannig á milli viðkomandi þátttökulanda að sólarhiti sem orkugjafi er rannsakaður á fleiri en einum stað og niðurstöður síðan bornar saman.

Unnið hefur verið að þremur jarðhitaverkefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða áætlun um rannsóknir og þróun jarðhitaorkukerfa sem mótuð eru af mönnum (Programme of Research and Development on Man-made Geothermal Energy Systems-MAGES) með þátttöku Bandaríkjamanna, Breta, Svisslendinga og Þjóðverja. Áætluninni er nú lokið. Í öðru lagi má nefna áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á tækni varðandi heitt, þurrt berg (Programme of Research, Development and Demonstration on Hot Dry Rock Technology — þekkt undir nafninu "The Fenton Hill Project"). Bandaríkjamenn, Japanir og Þjóðverjar eru þátttakendur í verkefni þessu sem kennt er við staðinn Fenton Hill í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum. Í þriðja lagi kemur áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á jarðhitabúnaði (Programme of Research, Development and Demonstration on Geothermal Equipment). Þátttökuaðilar eru Bandaríkjamenn, Ítalir, Ný-Sjálendingar og Mexíkóbúar. Mexíkó er ekki aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Ársskýrsla Alþjóðaorkustofnunarinnar um orkurannsóknir, þróun og kynningu er gefin út á vorin til almennrar dreifingar. Skjal sem er ítarlegra en ársskýrslan er afhent aðildarríkjunum í janúar ár hvert. Loks ber að nefna upplýsingar sem eru eignarréttareðlis og eru þær nákvæmastar.

Aðeins eitt aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem er ekki jafnframt aðili að Alþjóðaorkustofnuninni hefur farið fram á að fá að taka þátt í rannsóknaverkefnum. Er

það Finnland sem hefur tekið þátt í fjórþættu rannsóknaverkefni um öryggi kjarnaofna og tveimur verkefnum um umbreytingu lífefna.

Frá og með árinu 1977 hefur farið fram **tvíþætt allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum** aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar. Er m. a. höfð hliðsjón af VII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun varðandi langtímasamstarf í orkumálum, ákvörðun stjórnarnefndar stofnunarinnar um áætlun um langtímasamstarf og síðast en ekki síst ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu. Í fastanefndinni um langtímasamstarf hefur orkusparnaður og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu verið tekin til athugunar en orkurannsóknir, þróun og kynning hefur verið athuguð í nefnd um orkurannsóknir og þróun.

Allsherjarathuguninni á orkusparnaði og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu hefur verið þannig háttað að byrjað er á að dreifa spurningaskrá til þátttökulandanna í marsmánuði ár hvert. Drög að skýrslu fyrir einstök lönd eru gerð í októbermánuði. Athugunin nær til allra þátttökulanda. Löndunum er síðan skipt í þrjá hópa og fer fram rækileg athugun á hverju landi á þriggja ára fresti. Er þá send nefnd til viðkomandi landa, skipuð fulltrúum frá skrifstofu stofnunarinnar, sérstaklega tilnefndum fulltrúa frá öðru þátttökulandi og jafnvel einhverjum úr fastanefndum annarra þátttökulanda. Stendur ferðin um viku. Fram til þessa hefur einu sinni farið fram athugun í öllum þátttökulöndunum. Einhverjar breytingar eru fyrirhugaðar á framkvæmd mála í ljósi fenginnar reynslu. Ef Ísland gengur í Alþjóðaorkustofnunina mundi rækileg athugun á orkustefnu og orkuáætlunum Íslands fara fram innan tveggja ára.

Að því er varðar **allsherjarathugun á orkurannsóknum og þróun** í þátttökulöndunum er byrjað á að senda út spurningaskrá í maímánuði ár hvert. Þar eru öll þátttökulöndin beðin að veita upplýsingar um fjárframlög á fjárlögum til þessara mála, fjármögnun að öðru leyti, stefnu, stjórnun og skipulagsbreytingar, samskipti við iðnfyrirtæki, markaði og ráðstafanir vegna tillagna í fyrri allsherjarathugunum. Þessar upplýsingar þarf hvert aðildarríki að veita árlega og er fjallað um þær í nefnd undir lok ársins, m. a. með hliðsjón af væntanlegri skýrslugerð. Hins vegar fer ekki fram ítarleg athugun á orkurannsóknum og þróun einstakra þátttökulanda ár hvert heldur aðeins þriðja hvert ár. Eru þá sex lönd tekin fyrir í einu. Farið er til höfuðborga þessara landa og málin athuguð, jafnvel rætt við stjórnarandstöðu og einstaklinga. Ekki þykir nauðsyn á þessari ítarlegu athugun á ári hverju þar eð ekki verða alltaf miklar breytingar á svo stuttum tíma. T. d. kann að verða gerð tillaga um umbætur á fyrsta ári, sú tillaga er samþykkt á öðru ári og síðan framkvæmd á þriðja, fjórða og fimmta ári.

Ráðgert er að athugun á stefnu aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar í kolamálum verði felld inn í framangreinda allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum aðildarríkjanna.

Segja má að ofangreindri allsherjarathugun á orkumálum aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar svipi á ýmsan hátt til athugunar þeirrar sem fram hefur farið um langt skeið í Efnahags- og framfarastofnuninni varðandi stefnu aðildarríkja þeirrar stofnunar í efnahagsmálum. Í allsherjarathuguninni sem skapar aðhald koma fram fróðlegar upplýsingar fyrir öll aðildarríkin.

Stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur ekki kveðið á um það hvort **áætlunin um langtímasamstarf** felur í sér **lagalegar skuldbindingar eða ekki.** Þarf að athuga ákvæði áætlunarinnar hvert fyrir sig til að meta þetta. Sum ákvæðin geta verið stjórnmálalegs eðlis en önnur fela hins vegar í sér lagalega bindandi skyldur. Er nauðsynlegt að víkja hér nánar að þessum atriðum.

Lögfræðingur stofnunarinnar hefur í þessu sambandi upplýst að ákvæðin um lágmarksverð á olíu í D-hluta III. kafla áætlunarinnar teljist lagalega bindandi. Þau ákvæði hafa eins og áður segir verið óvirk í framkvæmd og verða ekki gerð virk með hækkun lágmarksvernd-

arverðsins nema til komi einróma samþykki þátttökulandanna. Á hinn bóginn hefur lögfræðingurinn bent á að leiðbeiningarreglurnar í 5. mgr. C-hluta III. kafla áætlunarinnar séu ekki lagalega bindandi. Þar segir að ríkisstjórnir þátttökulanda skuli m. a. auðvelda fjárfestingu með því að leitast við að veita opinberum aðilum eða einkaaðilum sem eiga hlut að samstarfsverkefnum um aukna framleiðslu úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu þjóðleg kjör og bestu kjör. Ekki hefur enn reynt á samstarf þátttökulanda að þessu leyti. Í þessu sambandi má nefna að í yfirlýsingu ráðherrafundar Efnahags- og framfarastofnunarinnar hinn 21. júní 1976 sem Ísland samþykkti voru ákvæði um þjóðleg kjör í fjárfestingarmálum. Yfirlýsingin telst ekki fremur en leiðbeiningarreglurnar lagalega bindandi. Leiðbeiningarreglurnar hafa ekki valdið neinum erfiðleikum í framkvæmd enda eru einu dæmin um eiginleg samstarfsverkefni varðandi þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu á vettvangi Alþjóðaorkustofnunarinnar enn sem komið er rannsókna- og þróunarverkefni. Hitt er ekki útilokað að eitthvað kveði að öðrum samstarfsverkefnum milli einstakra þátttökulanda án milligöngu stofnunarinnar.

Í **V. kafla áætlunarinnar** um langtímasamstarf er leitast við að koma í veg fyrir að í einu aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar sé þegnum annarra aðildarríkja mismunað í löggjöf eða stjórnarframkvæmd miðað við ríkisborgara heimaríkisins, m. a. þegar um er að ræða fjárfestingu á sviði orkumála og kaup og sölu orku. Lögfræðingur stofnunarinnar hefur skýrt frá því að líta megi á V. kaflann sem lagalega bindandi í formlegum skilningi þar eð textinn sé í fyrirmælaformi. Á hitt beri að líta að orðalagið sé talsvert teygjanlegt. Eru fyrirvarar í ákvæðum kaflans, heimaríkinu til hagsbóta. Aðeins Ástralíumenn og Kanadamenn hafa gert formlega fyrirvara við þennan kafla, fyrst og fremst af stjórnskipulegum ástæðum, þar sem stjórnir einstakra fylkja ráða orkumálum en ekki alríkisstjórnin. Norðmenn hafa talið að í kaflanum felist aðeins markmið. Þar sem orðalagið sé hins vegar ekki nógu skýrt vildu þeir hafa vaðið fyrir neðan sig til að forðast misskilning um afstöðu sína síðar meir. Lýsti fulltrúi þeirra því yfir á fundi stjórnarnefndar stofnunarinnar að þeir teldu kaflann fela í sér almennar meginreglur sem væru ekki lagalega bindandi. Þeir telja að ákvæði kaflans skapi ekki vandamál við byggingu raforkuvera í Noregi og sölu raforku þar svo að dæmi séu nefnd.

Ef sótt verður um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni sýnist vel koma til greina að marka **sérstöðu Íslands** á sama hátt og Norðmenn gerðu fyrir sitt leyti. Mætti taka fram í bréfi þar sem sótt væri um aðild að íslensk stjórnvöld teldu kaflann hafa að geyma almennar meginreglur sem væru ekki lagalega bindandi. Í þessu sambandi yrði undirstrikað í samræmi við upphafsákvæði kaflans að Ísland hefði rétt til að eiga og ráða yfir náttúruauðlindum og efnahag sínum og til að vernda umhverfi sitt og öryggi þegna sinna, og auk þess að það mundi framkvæma V. kafla á þann hátt sem samræmdist íslenskri orkustefnu, m. a. í fjárfestingarmálum. Ekki þyrfti að hreyfa sérstökum athugasemdum vegna framangreindra leiðbeiningarreglna í 5. mgr. C-hluta III. kafla, m. a. af því að ákvæðin þar varðandi fjárfestingarmál eru örugglega ekki lagalega bindandi og áþekk fjárfestingarákvæðum V. kafla þar sem sérstaða er mörkuð.

Ekki er vitað um neina erfiðleika í framkvæmd vegna V. kafla áætlunarinnar, svo sem að þrýst sé á um erlenda fjárfestingu til að reisa raforkuver og verksmiðjur eða kanna olíusvæði og nýta þau.

Talið er að V. kaflinn snerti ekki skilyrði fyrir stofnun félaga í aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Athugun á framkvæmd V. kafla fellur undir allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum þátttökulandanna. Athyglin hefur þó ekki beinst sérstaklega að honum, hvorki í fastanefndinni um langtímasamstarf né annars staðar. Skýringar á fjárfestingar- og viðskiptastefnu í orkumálum ásamt fjölmörgum öðrum atriðum um stefnu þátttökulandanna koma fram í athuguninni og er ekki vitað til þess að beitt hafi verið neinum þrýstingi gagnvart einstökum löndum að þessu leyti.

Stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur lýst því yfir að ákvörðunin um **hópmarkmið og meginreglur orkustefnu** hafi **ekki** að geyma **lagalegar skuldbindingar.** Þrátt fyrir þetta þykir koma til greina að marka **sérstöðu Íslands** að því er varðar 8. og 10. meginreglu þessarar ákvörðunar.

Í **8. meginreglu** er gert ráð fyrir stöðugt aukinni nýtingu kjarnorku enda eru þátttökulöndin almennt ekki mótfallin því þótt sum þeirra hafi efasemdir um nýtingu hennar heima fyrir. Taka mætti fram í bréfi ef Ísland sækti um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni að Íslendingar ættu mikla ónýtta vatnsorku og jarðhitaorku og hygðu því ekki á nýtingu kjarnorkunnar né virkt starf á því sviði í stofnuninni. Þess má geta að Norðmenn hafa formlega markað sérstöðu sína varðandi þessa meginreglu.

Í **10. meginreglu** er gert ráð fyrir því að sköpuð skuli hagstæð fjárfestingarskilyrði sem hvetji til fjármögnunar opinberra aðila og einkaaðila til þróunar orkuauðlinda. Í þessu skyni skal fylgja viðeigandi stefnu í verðlagsmálum og draga sem mest úr óvissu um almenn stefnumið, m. a. í orku- og umhverfismálum. Einnig er miðað við að stjórnvöld grípi þar sem nauðsyn krefur til aðgerða til að stuðla að því að 1) gera rannsóknir, m. a. undan ströndum fram og á jaðarsvæðum, að forgangsverkefni og 2) hvetja til aukins hraða í rannsóknum og þróun tiltækrar framleiðslugetu til að ná sem bestri efnahagslegri nýtingu auðlinda.

Norðmenn hafa á formlegan hátt markað sérstöðu sína varðandi síðasta málslið 10. meginreglu og tekið fram að norsk stjórnvöld hafi rétt til að mæla fyrir um vinnsluhraða, m. a. með tilliti til umhverfissjónarmiða og skynsamlegrar nýtingar auðlinda. Ef Ísland sækir um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni sýnist réttast að marka í bréfi þar sem sótt er um aðild sérstöðu Íslands varðandi tvo síðustu málsliði 10. meginreglu. Mætti taka fram á svipaðan hátt og gert er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens að haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forystu íslenskra stofnana og stjórnvalda. Við rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda yrði gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða, fyrst og fremst til að tryggja að hinar lifandi auðlindir hafsins yrðu ekki fyrir skaða. Áskildu íslensk stjórnvöld sér rétt til að mæla fyrir um hraða rannsókna og hugsanlegrar nýtingar m. a. með þau sjónarmið í huga.

Ef Ísland markar sérstöðu um framangreind atriði er ekki gert ráð fyrir því að tekin yrði bein afstaða til þess í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um aðild Íslands.

Benda má á að á Íslandi sem og í öðrum löndum er lögð **aukin áhersla á orkumál** og nauðsyn virkra aðgerða. Um það vitnar m. a. **stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens.** Áður hefur verið vikið að ákvæðum sáttmálans um öryggi í olíumálum en ákvæði hans um orkusparnað, þróun innlendra orkugjafa, orkurannsóknir og orkustefnu hníga mjög í sömu átt og hjá Alþjóðaorkustofnuninni. Segir í sáttmálanum að 1) mörkuð verði samræmd orkustefna til langs tíma, 2) rík áhersla verði lögð á orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu í atvinnurekstri, samgöngum og heimilisnotkun, 3) sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í orkumálum, m. a. með það að markmiði að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og 4) rannsóknir á sviði orkumála og orkunýtingar verði efldar og gerð framkvæmdaáætlun til næstu 5—10 ára.

2.9. Tengsl við olíuframleiðslulönd og notkunarlönd.

Í VIII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er fjallað um tengsl aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar við olíuframleiðslulönd og önnur olíunotkunarlönd. Segir í 44. gr. samningsins að þátttökulöndin muni leitast við að styrkja samstarfstengsl, m. a. við þróunarlöndin. Ekki er einungis leitast við að örva stöðug alþjóðaviðskipti með olíu og stuðla að öruggum olíuaðdráttum á hóflegum og sanngjörnum kjörum fyrir hvert þátttökuland heldur skal og fylgst með horfunum á samstarfi við olíuframleiðslulönd um orkumál þar sem hagsmunir fara saman, svo sem að því er varðar orkusparnað, þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu og orkurannsóknir og þróun. Er hér um að ræða meginreglur sem skapað

geta **grundvöll** fyrir framtíðarsamstarfi milli landa í orkumálum, m. a. olíumálum. Má geta þess hér að Danir, Norðmenn og Svíar hafa allir lagt áherslu á þennan þátt í starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar. Í 63. gr. samningsins er greint frá því að Alþjóðaorkustofnunin geti tekið upp viðeigandi tengsl við önnur lönd en þátttökulönd en auk þess við alþjóðastofnanir, aðra aðila og einstaklinga.

Fastanefndin um tengsl við framleiðslulönd og önnur notkunarlönd hefur í reyndinni verið leyst af hólmi af **sérstakri nefnd um alþjóðleg orkumál** sem er óformlegri. Stafar þetta í og með af því að Alþjóðaorkustofnunin hefur ekki síður tengsl við alþjóðastofnanir en lönd.

Sú skoðun var uppi hjá **Samtökum olíuútflutningslanda** (Organization of Petroleum Exporting Countries-OPEC) þegar Alþjóðaorkustofnunin var sett á laggirnar að henni væri stefnt gegn samtökunum. Andrúmsloftið hefur þó breyst til batnaðar á síðustu árum og eru nú vinsamleg, óformleg tengsl milli stofnananna. Skrifstofu samtakanna hefur vaxið fiskur um hrygg og er hún nú álíka fjölmenn og skrifstofa Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Nokkur tengsl eru við **Samtök arabískra olíuútflutningslanda** (Organization of Arab Petroleum Exporting Countries — OAPEC) en það er vísindastofnun sem hefur t. d. engin afskipti af verðlagningu olíu. Eru ekki alveg sömu lönd í þeirri stofnun og Samtökum olíuútflutningslanda.

Samskipti við einstök **Arabalönd** hafa verið góð. Hefur verið skipst á reynslu og t. d. hafa verið góð samskipti við fulltrúa Arabaríkja á opnum fundum Samtaka olíuútflutningslanda.

Af hálfu Dana hefur verið upplýst að aðild Danmerkur að Alþjóðaorkustofnuninni hefði á engan hátt verið til baga í samningaviðræðum um olíukaup frá Saudí-Arabíu en samningar tókust milli landanna vorið 1980. Þá má nefna að ýmis aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar, t. d. Japan, hafa keypt olíu frá Arabalöndunum á sömu kjörum og ríki utan stofnunarinnar, t. d. Frakkland.

Að því er varðar tengsl aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar við önnur olíunotkunarlönd skal fyrst ítrekað að **Finnland, Frakkland og Ísland** eru nú einu aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Tengsl Íslands við Alþjóðaorkustofnunina hafa svo til engin verið en Ísland hefur notið góðs af starfi sameiginlegs starfsliðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum og tekið þátt í kostnaði vegna þess starfs. Bæði Finnland og Frakkland hafa hins vegar haft nánari tengsl við Alþjóðaorkustofnunina þótt með mismunandi hætti sé. Alþjóðaorkustofnunin hefur haft samband við finnsku fastanefndina hjá Efnahags- og framfarastofnuninni og ráðgast m. a. við hana um viðræður iðnaðarlandanna við þróunarlöndin. Ekki eru þó haldnir reglulegir fundir. Áður hefur verið greint frá þátttöku Finnlands í nokkrum rannsóknaverkefnum. Frakkar fá hins vegar skjöl Alþjóðaorkustofnunarinnar frá stjórnarnefnd Efnahagsbandalags Evrópu og hefur þetta verið samþykkt með þögninni. Auk þess eru allregluleg tengsl við ýmsa franska embættismenn um starfsemi stjórnarnefndarinnar og fastanefnda stofnunarinnar.

Alþjóðaorkustofnunin hefur einnig haft tengsl við ýmis **önnur lönd,** t. d. Brasilíu, Kenýa og Mexíkó. Er Mexíkó aðili að einu rannsóknaverkefni í jarðhitamálum og Brasilía að einu verkefni um notkun vínanda sem bílaeldsneytis.

Fremur má segja að samstarf Alþjóðaorkustofnunarinnar við Efnahags- og framfarastofnunina sé samstarf innan einnar alþjóðastofnunar en á milli tveggja **alþjóðastofnana.** Hér má m. a. nefna að starfslið í orkumálum er að hluta til sameiginlegt. Viðvíkjandi tengslum við Sameinuðu þjóðirnar nýtur Alþjóðaorkustofnunin góðs af starfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar að því er varðar t. d. þátttöku í fundum. Þó eru töluverð bein tengsl milli Alþjóðaorkustofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna og þá í báðar áttir. Er fylgst vel með starfi Sameinuðu þjóðanna, t. d. undirbúningi undir ráðstefnu þá sem samtökin héldu um nýja og endurnýjanlega orkugjafa. Skipst er reglulega á upplýsingum sem flokkast ekki

undir trúnaðarmál. Einnig eru bein tengsl við sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, t. d. Alþjóðabankann. Mjög lítil tengsl hafa verið við Norðurlandaráð hingað til. Þó má nefna að einn embættismaður Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur tekið þátt í starfi vinnuhóps Norðurlandaráðs um byggingarmálefni. Tengsl eru við Efnahagsbandalag Evrópu, Skrifstofu samveldislanda og Orkustofnun rómönsku Ameríku. Vorið 1980 áttu alls tuttugu ríki aðild að síðastnefndu stofnuninni sem komið var á fót árið 1974, sama ár og Alþjóðaorkustofnuninni.

2.10. Ákvæði um stjórnun og önnur atriði.

Í IX. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun eru ákvæði um stjórnun Alþjóðaorkustofnunarinnar og almenn atriði. Verður nú vikið stuttlega að þeim.

Í 49. gr. segir að í Alþjóðaorkustofnuninni skuli vera stjórnarnefnd, framkvæmdanefnd og fjórar fastanefndir, þ. e. fastanefnd um neyðartilvik, fastanefnd um olíumarkaðinn, fastanefnd um langtímasamstarf og fastanefnd um tengsl við framleiðslulönd og önnur notkunarlönd. Stjórnarnefndin getur ákveðið að koma á fót öðrum **stofnunum** og hefur það verið gert. Sem dæmi má nefna nefnd um orkurannsóknir og þróun og sérstaka nefnd um alþjóðleg orkumál. Skrifstofa Alþjóðaorkustofnunarinnar aðstoðar hinar einstöku stofnanir hennar.

Í IX. kafla eru sérstakir undirkaflar. Er þar fjallað um stjórnarnefndina, framkvæmdanefndina, fastanefndirnar, skrifstofuna, atkvæðagreiðslur, tengsl við aðra aðila, fjárhagsráðstafanir, sérstakar aðgerðir og framkvæmd samningsins.

Samkvæmt 50. gr. samningsins skipa **stjórnarnefndina** einn eða fleiri ráðherrar frá hverju þátttökulandi eða fulltrúar þeirra. Í reyndinni hafa þátttökulöndin fastanefndir hjá stofnuninni í París. Þess má geta að fastafulltrúar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hjá Efnahags- og framfarastofnuninni eru jafnframt fastafulltrúar hjá Alþjóðaorkustofnuninni. Auk þátttöku fulltrúa úr fastanefnd landanna koma iðulega ráðherrar eða fulltrúar þeirra frá heimalöndunum til að sitja fundi stofnunarinnar.

Fram til 10. desember 1981, á röskum sjö árum, hafa verið haldnir 67 **fundir** í stjórnarnefndinni eða tæpir tíu á ári að meðaltali. Sjö fundir stjórnarnefndarinnar hafa verið ráðherrafundir, þ. e. í maí 1975, október 1977, maí 1979, desember 1979, maí 1980, desember 1980 og júní 1981 eða einn á ári að jafnaði. Fundum stjórnarnefndarinnar hefur farið fjölgandi upp á síðkastið og voru þannig tólf talsins á árinu 1979 eða að meðaltali einn í mánuði hverjum (ellefu 1980, sex 1981). Ráðherrafundum hefur fjölgað á síðari árum, voru tveir árið 1979 og tveir árið 1980. Ástandið í Íran átti nokkurn þátt í fjölgun funda á árinu 1979. Að sama skapi hefur fundum fastanefndanna fjölgað. Ef olíuneyð skylli á mætti enn búast við auknum fundahöldum. Fundirnir taka stuttan tíma, 1—2 daga að jafnaði, en stundum jafnvel hluta úr degi. Fundarsókn er mismunandi eftir mikilvægi funda. Jafnframt fer það eftir mikilvægi funda hvort og þá hversu margir eru sendir frá heimalandinu til þátttöku í þeim. Ráðherrafundirnir eru best sóttir. Sem dæmi má nefna að ráðherrafundinn í desember 1979 sóttu níu danskir fulltrúar, þ. e. orkuráðherrann og fjórir úr orkuráðuneytinu, tveir úr utanríkisráðuneytinu og tveir úr fastanefndinni. Norsku fulltrúarnir voru níu, þar af olíu- og orkuráðherrann og þrír úr fastanefndinni. Sænsku fulltrúarnir voru sömuleiðis níu, þ. á m. orkuráðherrann og þrír úr fastanefndinni. Fæstir komu þrír fulltrúar frá Lúxemborg, þar af einn úr fastanefndinni, og Tyrklandi, allir úr fastanefndinni. Ráðherra kom frá öllum þátttökulöndum nema Lúxemborg og Tyrklandi. Aðeins Tyrkir voru með fulltrúa úr fastanefndinni eingöngu. Fundi sem haldnir eru rétt fyrir ráðherrafundi sækja að jafnaði fleiri fulltrúar frá þátttökulöndunum en að öðru jöfnu. Venjulega stjórnarnefndarfundi sækja alloft 1—2 fulltrúar frá minnstu þátttökulöndunum og eru þeir stundum eingöngu úr fastanefndunum. Fundir fastafulltrúa eru auk þess haldnir stöku sinnum til undirbúnings stjórnarnefndarfundum.

Í 52. gr. samningsins er tekið fram að **ákvarðanir** stjórnarnefndarinnar skuli vera **bindandi** fyrir þátttökulöndin en tillögur ekki. Undantekningar um skuldbindingargildi ákvarðana geta grundvallast á 2. mgr. 61. gr. og 65. gr. Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. geta þær ákvarðanir sem samþykkja skal samhljóða falið í sér að þær skuli ekki vera bindandi fyrir eitt eða fleiri þátttökulönd. Gerist þetta mjög sjaldan. Bestu dæmin eru þau að V. kafli áætlunarinnar um langtímasamstarf er ekki bindandi fyrir Ástralíu og Kanada. Á hinn bóginn eru ekki dæmi þess að ákvarðanir séu aðeins bindandi við viss skilyrði, samanber heimild í sömu málsgrein. Í 65. gr. er fjallað um sérstakar aðgerðir þátttökulanda, aðrar en þær sem öll þátttökulönd skulu framkvæma samkvæmt I.—V. kafla samningsins. Er þátttökulöndunum í sjálfsvald sett hvort þau taka þátt í þessum sérstöku aðgerðum sem hingað til hafa einungis verið á sviði orkurannsókna og þróunar. Ekki hefur verið venja hjá Alþjóðaorkustofnuninni að skíra bindandi samþykktir ákvarðanir og aðrar samþykktir sem eru ekki bindandi tillögur. Verður að athuga innihald hverrar samþykktar fyrir sig til að ákvarða hvort hún sé bindandi eða ekki. Sama samþykktin getur jafnvel falið í sér ákvæði sem eru mismunandi í eðli sínu. Stundum hefur stjórnarnefndin lýst því yfir að vissar ákvarðanir feli ekki í sér lagalegar skuldbindingar. Ekki má þó gagnálykta frá þessu sem svo að aðrar ákvarðanir stjórnarnefndarinnar feli í sér lagalegar skuldbindingar. Þess má geta til samanburðar að ákvarðanir ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar geta sömuleiðis verið bindandi.

Ekki hafa verið teknar bindandi ákvarðanir af hálfu annarra stofnana Alþjóðaorkustofnunarinnar en stjórnarnefndarinnar á grundvelli valdframsals frá nefndinni.

Framkvæmdanefndin hefur ekki haldið sérstaka fundi heldur sameiginlega fundi með stjórnarnefndinni.

Samkvæmt 54. gr. samningsins skulu einn eða fleiri fulltrúar ríkisstjórna hvers þátttökulands skipa hverja fastanefnd.

Samkvæmt 59. gr. samningsins er **skrifstofa** Alþjóðaorkustofnunarinnar skipuð framkvæmdastjóra og því starfsliði sem nauðsynlegt er. Dr. Ulf Lantzke hefur verið framkvæmdastjóri frá upphafi. Var starfsliðið um 120 manns vorið 1980. Er starfslið Alþjóðaorkustofnunarinnar og Efnahags- og framfarastofnunarinnar í orkumálum sameiginlegt að hluta til. Skrifstofa Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur aðsetur í aðalstöðvum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París.

Í 61. og 62. gr. samningsins eru ákvæði um **atkvæðagreiðslur** við samþykkt ákvarðana og tillagna. Við samþykkt tillagna gildir meirihluti en ákvarðanir skal samþykkja með meirihluta, sérstökum meirihluta eða samhljóða. Með meirihluta skal samþykkja ákvarðanir um framkvæmd áætlunarinnar og ákvarðanir um fundarsköp. Með sérstökum meirihluta skal samþykkja ýmsar meiri háttar ákvarðanir, t. d. ákvarðanir um aukningu á neyðarbirgðaskyldu og ákvarðanir um að vissar neyðarráðstafanir skuli ekki koma til framkvæmda. Samhljóða skal m. a. taka ákvarðanir um að leggja á þátttökulöndin nýjar skyldur sem eru ekki þegar tilgreindar í samningnum en slíkar ákvarðanir snerta einkum langtímasamstarf í orkumálum.

Reglur Alþjóðaorkustofnunarinnar um atkvæðagreiðslur eru frábrugðnar reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar þar sem ákvarðanir skulu teknar og tillögur gerðar með gagnkvæmu samþykki allra aðildarríkja nema stofnunin ákveði annað einróma í sérstökum málum. Þar við bætist að aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar hafa mismunandi mörg atkvæði þegar samþykktir eru gerðar með meirihluta eða sérstökum meirihluta svo sem nánar er greint frá í 62. gr. samningsins. Þar sést að öll þátttökulöndin hafa þrjú almenn atkvæði hvert. Auk þess hafa þau mismunandi mörg atkvæði í samræmi við olíunotkun, þ. e. olíunotkunaratkvæði. Samanlögð atkvæði þátttökulandanna verða því misjafnlega mörg, allt frá þremur og upp í fimmtíu. Ef Ísland mundi bætast í hóp þeirra þátttökulanda sem talin eru upp í 62. gr. mundi það hafa þrjú almenn atkvæði, engin olíunotkunaratkvæði og þrjú samanlögð atkvæði. Noregur er ekki talinn upp meðal þátttökulanda í 62. gr. en hefur á

grundvelli sérsamnings þrjú almenn atkvæði, engin olíunotkunaratkvæði og þrjú samanlögð atkvæði. Atkvæðaskipting hefur verið hugsuð þannig að ekkert eitt ríki né hópur ríkja, t. d. Bandaríkin eða ríkin úr Efnahagsbandalagi Evrópu, hafi neitunarvald.

Þess má geta hér að í sumum alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að, t. d. Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, er misvægi atkvæða margfalt meira en í stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Í framkvæmd hafa mál verið afgreidd með samkomulagi en ekki atkvæðagreiðslu í stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar. Er ekki vitað til þess að nein óánægja sé hjá þátttökulöndum með atkvæðagreiðslukerfið og hefur ekki komið til deilu út af því. Ekki hefur verið formleg samstaða með einstökum hópum þótt um samráð hafi verið að tefla, t. d. af hálfu þeirra aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu sem eru aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni.

Undir I. hluta fjárhagsáætlunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir árið 1982 koma **framlög** aðildarríkjanna til sameiginlegs starfsliðs þeirrar stofnunar og Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum. Greiðir Ísland nú 0,10% af 9 169 200 frönskum frönkum eða 9 169 franska franka á árinu (14 900 krónur samkvæmt gengi hinn 26. mars 1982). Á II. hluta fjárhagsáætlunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir sama ár eru framlög aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar, að upphæð 51 842 200 franskir frankar. Ef Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni mundi það þurfa að greiða 0,10% af þessari upphæð í framlag eða 51 842 franska franka (84 300 krónur samkvæmt gengi hinn 26. mars 1982). Hér er miðað við framlag fyrir allt árið 1982. Ella lækkar framlagið hlutfallslega.

Ef af aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni verður má búast við ýmsum **öðrum kostnaði** samfara aðild en fjárframlögum til stofnunarinnar. Verður nú gerð grein fyrir hinu helsta.

Búast má við að vinna í sendiráði Íslands í París vegna aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni jafngildi hálfu starfi, e. t. v. hálfu viðbótarstarfi. Auk þess má gera ráð fyrir auknu starfi í viðskiptaráðuneytinu vegna afgreiðslu mála og yfirumsjónar vegna aðildar Íslands að stofnuninni, þó eigi meiru en sem nemur hálfu starfi. Vegna upplýsingaskyldu um olíuaðdrætti o. fl. yrði leitað til olíufélaganna um aðstoð. Þá má gera ráð fyrir auknu starfi í iðnaðarráðuneytinu og undirstofnunum þess, m. a. vegna athugunar gagna, þátttöku í ráðherrafundum og einstökum fundum öðrum og skýrslugerðar auk meira starfs í samræmi við markmið stofnunarinnar og ríkari áherslu á framkvæmd íslenskrar orkustefnu. Auknar líkur má telja á því að Ísland mundi taka þátt í einstökum rannsókna- og þróunarverkefnum, t. d. í jarðhitamálum. Byggist þátttaka í verkefnum á sérstökum framlögum þátttökuaðila eins og áður segir, samanber 2. mgr. 64. gr. samningsins. Auk vissra utanferða á fundi stofnunarinnar eru líkur á einhverri þátttöku í ferðum til annarra þátttökulanda til að kynnast t. d. sérstökum framkvæmdum til orkusparnaðar. Þá yrði talið æskilegt þegar fram liðu stundir að Ísland legði til rannsóknarfulltrúa þegar gera skal 1) allsherjarathugun á ráðstöfunum einhvers annars þátttökulands varðandi orkusparnað og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu, 2) allsherjarathugun á orkurannsóknum og þróun í öðru þátttökulandi eða 3) athugun á áætlunum annarra þátttökulanda um mögulegar ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. Mætti auk þess búast við að kallað yrði á aukin fjárframlög til einstakra þátta orkumála innanlands í samræmi við sérgreind markmið Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum.

Í kafla 2.2 hér að framan og kafla 3 hér á eftir er fjallað um hinn mikla kostnað við aukið birgðahald olíu miðað við undanfarin ár. Ef stjórnvöld vilja láta halda níutíu daga birgðir af þremur helstu olíuvörunum í öryggisskyni eins og gert er í nágrannalöndum okkar yrði út af fyrir sig ekki um að tefla aukakostnað vegna aukningar birgðahalds við aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni.

Samkvæmt 66. gr. samningsins skal hvert þátttökuland gera nauðsynlegar ráðstafanir, m. a. nauðsynlegar löggjafarráðstafanir, til að **framkvæma samninginn** um alþjóðaorkuáætlun og ákvarðanir sem stjórnarnefndin tekur. Hafa flest þátttökulöndin sett **lög** vegna aðildar sinnar að samningnum. Ekki er vitað til þess að þátttökulöndin hafi þurft að setja sérstök lög vegna ákvarðana stjórnarnefndarinnar. Ný þátttökulönd þurfa að samþykkja samninginn og allar ákvarðanir stjórnarnefndarinnar. Aftast í kafla 2.8 hér að framan var vikið að hugsanlegum athugasemdum af Íslands hálfu varðandi tvær ákvarðanir stjórnarnefndarinnar.

2.11. Lokaákvæði.

Í X. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun eru ýmis ákvæði er snerta aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. Samkvæmt 71. gr. er öllum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem geta og vilja uppfylla skilyrði áætlunarinnar heimilt að gerast **aðilar** að samningnum. Ísland getur annaðhvort sótt um **fulla aðild** á grundvelli 1. mgr. 71. gr. eða **aðild til bráðabirgða** samkvæmt 3. mgr. 71. gr. Eðlilegra þykir að miða við fulla aðild þar eð atbeina Alþingis þarf til að framkvæma samninginn um alþjóðaorkuáætlun og miklar fjárhagslegar skuldbindingar eru samfara aðild.

Ef af bráðabirgðaaðild yrði gæti Ísland að vísu lýst því yfir síðar að það vildi ekki vera bundið af samningnum og mundi bráðabirgðaaðildin þá falla niður sextíu dögum eftir móttöku tilkynningar þar að lútandi.

Ef Ísland yrði fullgildur aðili að Alþjóðaorkustofnuninni gæti það hvenær sem er **sagt** samningnum um alþjóðaorkuáætlunina **upp** með tólf mánaða fyrirvara samkvæmt 2. mgr. 69. gr. samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. samningsins skal samningurinn **gilda** í tíu ár frá gildistökudegi — eða til ársins 1986 — og skal gilda áfram þangað til stjórnarnefndin ákveður með meirihluta að nema hann úr gildi. Samkvæmt 73. gr. samningsins getur stjórnarnefndin hvenær sem er breytt samningnum samhljóða. Samkvæmt 74. gr. skal taka samninginn til almennrar endurskoðunar eftir 1. maí 1980. Ekkert aðildarríki hefur þó farið fram á þessa almennu endurskoðun. Er álitið mjög ólíklegt að nokkur endurskoðun fari fram á samningnum í bráð.

3. ÚTDRÁTTUR OG NIÐURSTÖÐUR.

Á síðustu áratugum hefur nokkrum sinnum skollið á umtalsverð **olíuneyð** meðal **olíunotkunarlanda** vegna alvarlegra truflana á olíuaðstreymi frá Miðausturlöndum. Hefur hún bitnað mjög misjafnlega á einstökum löndum. Samhliða hefur þjóðum heims orðið ljósara en áður að **olían**, mikilvægasti orkugjafi jarðar, fer ört þverrandi miðað við núverandi notkun og stefnir í óefni varðandi aðdrætti og verð. Með hliðsjón af þessu hefur verið lögð **aukin áhersla á orkumál**, m. a. olíumál, í einstökum löndum. Jafnframt hefur verið talin þörf á að efla alþjóðlegt samstarf í þessum málum.

Árið 1971 samþykkti ráð Efnahags- og framfarastofnunarinnar (Organisation for Economic Co-operation and Development — OECD) í París sem Ísland er aðili að tillögu þar sem aðildarríki stofnunarinnar voru hvött til að ná sem fyrst því marki að eiga níutíu daga olíubirgðir. Greiddi Ísland atkvæði með tillögunni. Einnig samþykkti ráðið árið 1972 bindandi ákvörðun um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartímum á svæði stofnunarinnar í Evrópu. Ísland greiddi sömuleiðis atkvæði með henni. Þetta **viðbúnaðarkerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar** brást hins vegar í olíuneyðinni 1973—1974.

Vegna þessarar reynslu ákváðu flest aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar að reisa samstarf sitt á traustari grunni. Var Alþjóðaorkustofnuninni (International Energy Agency — IEA) komið á fót hinn 15. nóvember 1974 sem sjálfstæðri alþjóðastofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Er samstarf aðildarríkja stofnunarinnar grundvallað á samningi um alþjóðaorkuáætlun sem gerður var hinn 18. nóvember 1974. Í

upphafi gerðust 16 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Nú tekur 21 aðildarríki þátt í starfi hennar, m. a. Danmörk, Svíþjóð og Noregur, hið síðastnefnda samkvæmt sérsamningi. Aðeins Finnland, Frakkland og Ísland standa enn utan stofnunarinnar.

Alþjóðaorkustofnunin er ekki alþjóðastofnun sem stendur aðildarríkjunum ofar. Hins vegar felast í samningnum um alþjóðaorkuáætlun víðtækar **skyldur** miðað við flesta aðra milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Nefna má að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna gengur lengra hvað snertir fyrirmæli öryggisráðsins. Á móti skyldunum koma víðtæk **réttindi.** Samspil réttinda og skyldna kemur gleggst fram í **olíuneyðarkerfi** stofnunarinnar. Aðalþættir þess eru neyðarbirgðir olíu, takmörkun á eftirspurn eftir olíu og úthlutun hennar á neyðartímum, svo og upplýsingamiðlun til að tryggja framkvæmd neyðarráðstafana. Olíuneyðarkerfið byggir á samhjálp aðildarríkjanna. Óhjákvæmilega felst í því aukið öryggi fyrir aðildarríkin en í neyðartilvikum geta einstök aðildarríki ýmist verið veitendur eða þiggjendur eftir því hvernig stöðu þeirra í olíumálum er háttað. Olíuneyðarkerfið hefur **aldrei komið til framkvæmda** frá því að stofnuninni var komið á fót í nóvember 1974. Á grundvelli samstarfs aðildarríkjanna er **þrýst á alþjóðlegu olíufélögin** svo að þau greiði úr minni háttar vanda einstakra aðildarríkja. Eru dæmi slíks.

Einn grundvallarþáttur olíuneyðarkerfisins er sá að aðildarríkin skulu eiga **neyðarbirgðir olíu** til níutíu daga. Skilyrðið má uppfylla á Íslandi með 129 000 tonnum af þremur helstu olíuvörunum, gasolíu, svartolíu og bensíni, miðað við fimm ára aðlögunartíma til ársins 1987. Með hliðsjón af birgðarými olíufélaganna um þessar mundir, 228 000 tonnum, er **ekki þörf á að auka birgðarýmið** hér á landi til að rúma ofangreint magn, 129 000 tonn (um 57% nýting). Sé gengið út frá því að íslensk stjórnvöld telji níutíu daga neyðarbirgðir nauðsynlegar hvort sem Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki yrði út af fyrir sig ekki um að ræða **aukakostnað** (brúttókostnað) **vegna aukningar birgðahalds** samfara aðild Íslands að stofnuninni. Miðað við meðalbirgðir áranna 1980—1981 (95 000 tonn eða 66 daga birgðir) þarf Ísland að auka birgðahald um 34 000 tonn til að ná 129 000 tonna markinu og yrði 50% **vaxtakostnaður** vegna þess **42,7 milljónir króna á ári.** Þessi tala sem er reiknuð hinn 26. mars 1982 er háð breytingum á verði olíu, gengi o. fl. Samsvarar hún **1,6% hækkun verðs** á gasolíu, svartolíu og bensíni. Þess má geta að meðalbirgðir í janúar-mars 1982 voru miklum mun meiri en á sama tímabili 1980 og 1981, 129 000 tonn eða níutíu daga birgðir. Meðalbirgðir á þessum árstíma eru þó ekki marktækar um meðalbirgðir viðkomandi árs, voru t. d. 10 000 tonnum meiri en meðalbirgðir ársins 1980 og 1981.

Taka má fram að olíufélögin og aðrir ábyrgir aðilar hafa lagt á það áherslu að nauðsynlegt sé að auka birgðahald að mun hér á landi til að auka öryggi í olíubirgðamálum. Skiptir í þessu sambandi ekki höfuðmáli hvort Ísland er aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki þótt meira öryggi fengist með aðild. Ef farið yrði að þessum tillögum sem álíta má nauðsynlegt yrði ekki unnt að telja nema hluta ofangreindrar upphæðar sem aukakostnað (brúttókostnað) vegna birgðahaldsskyldu Alþjóðaorkustofnunarinnar, þ. e. ef minna olíubirgðahald en fylgir aðild telst nægja.

Önnur aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar hafa talið rétt að auka birgðir sínar að níutíu daga marki á undanförnum árum og hefur **öryggið** þá verið þyngra á metunum en kostnaðurinn. Miðað við hið ótrygga ástand og horfur í olíumálum í heiminum er ekki unnt að útiloka olíuskort á Íslandi í framtíðinni jafnvel þótt venjulegrar fyrirhyggju sé gætt í olíuinnkaupum. Þá gæti olíuskip orðið fyrir óvæntum töfum þegar olíubirgðir á Íslandi væru í lágmarki. Jafnvel tímabundinn olíuskortur gæti haft verulegar efnahagslegar afleiðingar á Íslandi, t. d. á miðri loðnuvertíð.

Hér á landi virðist einfaldast að fela olíufélögunum að auka birgðahald en verðlagsyfirvöld heimili nauðsynlega **verðhækkun** olíuvara vegna kostnaðarins.

Íslendingar eru mjög **háðir olíuinnflutningi** í atvinnulífi, samgöngum og húshitun. Sést þetta m. a. á því að á árinu 1978 var hlutdeild eldsneytis í heildarorkunotkun Íslendinga 59% samkvæmt áfangaskýrslu olíunefndar í júlí 1979. Ýmsar aðrar þjóðir, t. d. Svíar, eru í svipaðri aðstöðu og hafa talið rétt að skapa fjölbreytni í olíuaðdráttum til þess að vera ekki um of háðar sveiflum. Meginhluti innfluttrar olíu hingað til lands hefur allt frá árinu 1953 komið frá Sovétríkjunum en viðskiptin við það land voru á vöruskiptagrundvelli á árunum 1953—1975. Þá voru tekin upp viðskipti í frjálsum, skiptanlegum gjaldeyri. Viðskiptajöfnuðurinn við Sovétríkin hefur allt frá olíuneyðinni 1973—1974 verið óhagstæður, einkum hin síðari ár, og hafa hlutföllin jafnvel verið 1:3 Íslandi í óhag. Þessar breytingar í viðskiptunum hafa ýtt undir það að athugaðar væru **nýjar leiðir varðandi dreifingu olíuviðskipta.** Hefur nokkurt magn olíu verið keypt frá Portúgal til að draga úr viðskiptahalla Portúgals gagnvart Íslandi. Einnig hefur verið samið um kaup á olíu frá Bretlandi til þess að draga úr verðsveiflum í innkaupum en sovéska olían er bundin Rotterdamverðskráningu. Þótt öryggi í olíuaðdráttum frá Sovétríkjunum hafi verið gott er rétt að hafa í huga það mat sérfróðra aðila að Austur-Evrópuríkin sem heild verði orðin umtalsverðir nettóinnflytjendur olíu þegar á árinu 1985 og innflutningsþörfin aukist síðan til muna. Þetta getur óefað skapað þrýsting á Sovétríkin sem búist er við að verði væntanlega sjálfum sér nóg um olíu á níunda áratugnum. Geta því orðið breytingar á olíusölu Sovétmanna.

Að olíuaðdráttum er vikið sérstaklega hér þar eð þeir skipta veigamiklu máli í olíuneyðarkerfi Alþjóðaorkustofnunarinnar. Aðalatriðin eru sem hér segir. Ef **olíuaðdrættir** aðildarríkjanna í heild **minnka** eða ætla má með rökum að þeir minnki á bilinu 7—12% skulu þau gera ráðstafanir til **takmörkunar á eftirspurn eftir olíu** um 7%. Jafnframt kemur til **úthlutunar á olíu** eftir ákveðnum reglum. Þau ríki sem standa vel að vígi láta þeim sem standa illa að vígi í té olíu. Ef olíuaðdrættir hópsins minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um 12% eða meira er aðalreglan sú að koma skal til 10% takmörkunar á eftirspurn eftir olíu auk úthlutunar. Ef olíuaðdrættir einhvers aðildarríkis minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki sem nemur meira en 7% skal það aðildarríki bera af endanlegri notkun sinni minnkun olíuaðdrátta sinna sem nemur allt að 7% en önnur aðildarríki skulu úthluta því olíumagni sem á vantar. Úthlutað er af olíu sem væntanleg er til aðildarríkja en aðeins er tekið af birgðum í landi er úthlutar olíu í algerum undantekningartilvikum. Taka má fram hér að aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar framleiða talsvert af olíu, einkum Bandaríkin, Bretland, Kanada og Noregur. Framleiðslan var t. d. röskar 600 milljónir tonna árið 1977. Til samanburðar má nefna að olíuinnflutningsmarkmið aðildarríkjanna fyrir árið 1980 var rúmlega 1 200 milljónir tonna (í jarðolíugildum).

Einkennandi fyrir **olíuneyðarkerfi** Alþjóðaorkustofnunarinnar er **sjálfvirkni**, þ. e. framkvæma skal neyðarráðstafanir nema stjórnarnefndin ákveði annað með sérstökum meirihluta innan ákveðins frests. Ákvæðin um sjálfvirkni eru bragarbót miðað við þann viðbúnað Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem brást í olíuneyðinni 1973—1974 þar eð ekki tókst að fá fram ákvörðun um að grípa til úthlutunar. Skyldan til að takmarka eftirspurn eftir olíu og úthluta henni þegar minnkun verður á aðdráttum til hópsins og skyldan til að úthluta olíu þegar minnkun verður á aðdráttum til einhvers aðildarríkis geta ýmist verið kostur eða galli eftir því hvernig á stendur í olíumálum einstakra landa. Draga má úr hugsanlegum erfiðleikum á tvennan hátt: 1) með því að hnika til hlutföllum innan ramma níutíu daga heildarbirgða, eiga sem sé meira en níutíu daga birgðir af þeirri olíu sem erfiðast er að spara eða úthluta en minna en níutíu daga birgðir af annarri olíu og 2) með því að eiga einhverjar birgðir umfram níutíu daga heildarbirgðir en það er dýrari kostur.

Olíukaup Íslendinga frá öðrum ríkjum en Sovétríkjunum á síðustu árum skapa fyrst raunhæfa **möguleika til úthlutunar olíu** þar eð það ákvæði hefur verið í olíukaupasamningum viðskiptaráðuneytisins við sovéska ríkisolíufélagið Sojuznefteexport að Ísland megi ekki selja olíuna áfram til þriðja lands án skriflegs samþykkis. Í olíusamningaviðræðunum haustið

1979 féllst félagið ekki á að fella ákvæðið niður en sækja mætti um undanþágu í einstökum tilvikum ef þörf þætti á.

Sérstök upplýsingaskylda hvílir á aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana. Sú skylda er þó aðeins þáttur í **upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn** og auk þess hefur verið sköpuð aðstaða til samráðs við olíufélög. Telja aðildarríkin mikið gagn að þeim olíuupplýsingum sem hér fást, m. a. um verð á olíu. Þau aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem standa utan Alþjóðaorkustofnunarinnar hafa ekki aðgang að einstökum upplýsingum nema í algerum undantekningartilvikum. Upplýsingar um ástand og horfur í olíumálum, m. a. í einstökum framleiðslulöndum, geta að sjálfsögðu reynst mikilsverðar við stefnumótun í olíumálum og haft efnahagslegt gildi samkvæmt því.

Á grundvelli samningsins um alþjóðaorkuáætlun og ákvarðana stjórnarnefndar Alþjóðaorkustofnunarinnar, m. a. ákvörðunarinnar um áætlun um **langtímasamstarf** og ákvörðunarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu, hafa aðildarríkin lagt áherslu á að ná því markmiði að verða þegar til lengri tíma er litið **óháðari olíuinnflutningi** til að fullnægja heildarorkuþörf sinni. Ljóst er að viðleitni í þessa átt getur skipt aðildarríkin miklu máli fjárhagslega, stuðlað að gjaldeyrissparnaði með minni kaupum á dýrri olíu. Aðildarríkin heita því að beita sér fyrir landsáætlunum og stuðla að samþykkt samstarfsáætlana, sem fela m. a. í sér eftir atvikum sameiginleg fjár- og vinnuframlög, og samtímis munu þau samræma stefnu einstakra ríkja. Telja aðildarríkin mikilvægt að fylgjast með þróuninni í orkumálum og fá nauðsynlegar **upplýsingar** svo fljótt sem unnt er. Mest áhersla er lögð á orkusparnað, þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu og orkurannsóknir og þróun svo sem ítarlega hefur verið rakið hér að framan.

Að því er varðar **orkusparnað** hefur setning **hópmarkmiða og landsmarkmiða varðandi olíuinnflutning** til aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar verið mest áberandi. Var hópmarkmiðið t. d. 5% takmörkun á eftirspurn eftir olíu á árinu 1979. Ekki var með þessu stefnt að 5% takmörkun á eftirspurninni miðað við árið 1978 heldur áætlaða eftirspurn á árinu 1979. Markmiðin eru ekki lagalega bindandi. Áherslan hefur færst í auknum mæli frá hópmarkmiðum til markmiða fyrir einstök lönd, svo og aukins aðhalds. **Skipti á upplýsingum um orkusparnað** hafa aðildarríkin talið sérlega nytsamleg. Eru starfandi sérstakar nefndir er fjalla um orkusparnað, m. a. í iðnaði, samgöngum og byggingum.

Olíusparnaðarmarkmið geta að sjálfsögðu valdið aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar vissum erfiðleikum en líta verður á hagræðið í þessu sambandi, t. d. **gjaldeyrissparnað.** Nefna má sem dæmi að á árinu 1979 voru fluttar inn jarðolía og jarðolíuafurðir til Íslands fyrir röska 56 milljarða gamalla króna (samkvæmt Hagtíðindum) eða 560 milljónir nýkróna. Jafngilti þetta rúmlega 19% alls innflutnings Íslendinga á árinu. Markviss stefna í orkusparnaðarmálum, m. a. vegna aðhalds frá Alþjóðaorkustofnuninni, gæti leitt til umtalsverðs gjaldeyrissparnaðar. Í þessu sambandi má nefna fréttatilkynningu frá orkusparnaðarnefnd iðnaðarráðuneytisins í maí 1980. Kemur þar fram að bensínnotkun Íslendinga minnkaði um 3,4% á árinu 1979 miðað við árið þar á undan en á síðastliðnum sex árum hefði meðaltalsaukningin hins vegar verið um 7%. Miðað við að þróunin hefði verið óbreytt á árinu 1979 er því í raun um 10% bensínsparnað að ræða sem nefndin taldi jafngilda um 1,5 milljörðum gamalla króna í gjaldeyrissparnaði á verðlagi vorsins 1980 (15 milljónum nýkróna). Til samanburðar gat nefndin þess að jafnmikill gjaldeyrir sparaðist vegna aukinnar nýtingar innlendra orkugjafa í húshitun á árinu 1979.

Þau dæmi sem nú hafa verið nefnd sýna að raunhæft virðist að gera ráð fyrir möguleikum á umtalsverðum olíusparnaði þjóðarbúinu og þegnunum til hagsbóta. Ef aðild að Alþjóðaorkustofnuninni gæti enn aukið möguleika á olíusparnaði hér á landi yrði það þjóðinni til hagsbóta og gæti breytt kostnaðarmyndinni við hugsanlega aðild. Aukins olíusparn-

aðar yrði þó að vænta annars staðar en í húshitun þar sem olíusparnaðarmöguleikarnir verða hverfandi vegna skipulegs átaks við að láta innlenda orkugjafa leysa olíuna af hólmi.

Að því er varðar **þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu** má nefna að helstu leiðirnar til að draga úr innflutningi olíu í náinni framtíð eru auk orkusparnaðar taldar fólgnar í aukinni notkun **kola** og meiri nýtingu kjarnorku. Á ráðherrafundi í maí 1979 voru samþykktar meginreglur um aðgerðir Alþjóðaorkustofnunarinnar varðandi kol.

Mikil gróska hefur verið í **orkurannsóknum og þróun** á vegum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Í febrúarlok 1980 var þannig unnið að 49 **verkefnum** á ýmsum sviðum rannsókna og þróunar. Aðildarríkin ráða hvort þau taka þátt í þessum verkefnum. Má skipta verkefnunum í ýmsa flokka, m. a. orkusparnað, kolatækni, jarðhitaorku, sólarorku, ölduorku, vindorku og öryggi í notkun kjarnorku. Beinast flest verkefnanna að nýjum orkugjöfum. Hér má geta þess að unnið hefur verið að þremur rannsóknaverkefnum í jarðhitamálum, þ. e. 1) áætlun um rannsóknir og þróun jarðhitaorkukerfa sem mótuð eru af mönnum, 2) áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á tækni varðandi heitt, þurrt berg og 3) áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á jarðhitabúnaði. Ekki er veitt fé á fjárhagsáætlun Alþjóðaorkustofnunarinnar til einstakra rannsóknaverkefna heldur er útgjöldum jafnað niður á þau lönd sem taka þátt í verkefnunum í þeim hlutföllum sem þau samþykkja samhljóða sín í milli. Getur **kostnaðarskiptingin** verið ærið misjöfn. Aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt **aðilar** að Alþjóðaorkustofnuninni geta tekið þátt í einstökum verkefnum með samþykki stjórnarnefndar stofnunarinnar.

Ár hvert fer fram **tvíþætt allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum** aðildarríkja. Beinist hún sérstaklega að orkusparnaði og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu annars vegar og orkurannsóknum, þróun og kynningu hins vegar. Þriðja hvert ár fer fram ræki leg athugun á stefnu og áætlunum þriðjungs aðildarríkjanna í höfuðborgum þeirra. Allsherjarathugunin skapar aðildarríkjunum aðhald.

Í samningnum um alþjóðaorkuáætlun er m. a. gert ráð fyrir eflingu **samstarfs við olíuframleiðslulönd og önnur olíunotkunarlönd,** m. a. þróunarlönd. Hefur stofnunin tengsl við ýmis lönd og alþjóðastofnanir, t. d. Sameinuðu þjóðirnar. Tortryggni varð vart í garð stofnunarinnar í fyrstu, einkum af hálfu arabískra olíuframleiðslulanda. Andrúmsloftið hefur þó batnað mjög og á stofnunin nú m. a. vinsamleg, óformleg samskipti við Samtök olíuútflutningslanda (Organization of Petroleum Exporting Countries — OPEC).

Ef af aðild Íslands verður má búast við að það jafngildi hálfu starfi eða hálfu viðbótarstarfi við sendiráð Íslands í París og nokkurri **starfsaukningu** í viðskiptaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og undirstofnunum þess og hjá olíufélögunum, m. a. vegna upplýsingaskyldu um olíumál og orkumál almennt. Nokkur **kostnaður** fylgir þessu. Ef Ísland kýs að taka þátt í einstökum rannsóknaverkefnum geta fylgt því talsverð útgjöld. Þá má búast við að áhersla verði lögð á að auka fjárframlög hér á landi til orkurannsókna svo að dæmi séu nefnd.

Löndum þeim sem taka þátt í orkustarfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur farið fjölgandi og eru þau **almennt ánægð með starf stofnunarinnar** eins og einkum má merkja á ráðherrafundum. Er athyglisvert að Bandaríkin, Bretland, Japan, Kanada og sambandslýðveldið Þýskaland hafa fylgt þeirri föstu reglu að vísa málum sem snerta alþjóðlegt orkusamstarf til Alþjóðaorkustofnunarinnar. Nefna má að t. d. **Danir og Svíar** leggja mikið upp úr hinu aukna olíuöryggi sem fæst vegna aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni þar eð þeir verða ekki eins háðir sveiflum í aðdráttum frá einstökum viðskiptalöndum sínum. Sama máli gegnir um afstöðu þeirra til sjálfvirkni í framkvæmd neyðarráðstafana, upplýsingastarfsemi stofnunarinnar um olíumálefni og orkumál almennt og orkusparnaðarstarf hennar. Að sjálfsögðu er unnt að benda á atriði sem til bóta mega horfa og nefndu Danir og Svíar t. d. að æskilegt hefði verið að setja landsmarkmið varðandi olíuinnflutning fyrir árið 1980 fyrr en í desember 1979. Það atriði stendur til bóta en sérstök ný markmið fyrir árin 1981 og 1982 voru ekki talin nauðsynleg. Norðmenn taka þátt í starfi stofnunarinnar samkvæmt sér-

samningi og ákveður norska ríkisstjórnin t. d. á grundvelli hans hvernig Noregur standi að framkvæmd neyðarráðstafana. Er gert ráð fyrir því að í reyndinni verði framlag landsins til olíuneyðarkerfis stofnunarinnar svipað og af hálfu hinna ríkjanna.

Ef Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni felur það í sér **samþykki á samningnum um alþjóðaorkuáætlun og ákvörðunum stjórnarnefndar** stofnunarinnar frá byrjun. Þar eð nauðsyn er á löggjöf hér á landi til framkvæmdar samningsins þykir rétt að leggja **frumvarp til laga** fram þegar í upphafi þannig að fá megi heildaryfirlit yfir málefni stofnunarinnar þegar afstaða er tekin til þess hvort sækja skuli um aðild að henni eða ekki. Af hálfu aðildarríkja stofnunarinnar hefur verið gefið óformlega til kynna að Íslandi mundi veittur **fimm ára aðlögunartími** til að auka olíubirgðahald og eftir atvikum olíugeymarými í áföngum við hagkvæmar aðstæður.

Greint er frá **skilyrðum fyrir aðild** í athugasemd við 1. gr. hér á eftir.

Það skal tekið fram að Ísland gæti **sagt** samningnum um alþjóðaorkuáætlun **upp með tólf mánaða fyrirvara** hvenær sem er eftir að það gerðist aðili að stofnuninni.

Á Íslandi og í öðrum löndum er eins og áður segir lögð aukin áhersla á orkumál og nauðsyn virkra aðgerða. Þetta kemur m. a. fram í **stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens** þar sem vikið er að öryggi í olíumálum, orkusparnaði, þróun innlendra orkugjafa, orkurannsóknum og orkustefnu. Eru markmiðin svipuð og hjá Alþjóðaorkustofnuninni. Þegar **tekin** er **afstaða til hagkvæmni aðildar** þarf fyrst og fremst að meta hina fjárhagslegu hlið málsins, m. a. tjón fyrir atvinnulíf og þjóðarbú ef til tímabundins olíuskorts kæmi, kostnað við aukið olíubirgðahald til að uppfylla níutíu daga neyðarbirgðaskyldu Alþjóðaorkustofnunarinnar, nauðsyn þess að auka olíubirgðahald til muna hvort sem af aðild yrði eða ekki og hvort auknar líkur yrðu á olíusparnaði ef Ísland nyti aðhalds frá stofnuninni og fengi þar jafnóðum upplýsingar um olíumál og orkumál almennt. Í þessu sambandi má nefna að réttar upplýsingar á réttum tíma geta komið að notum við stefnumótun og þá um leið haft fjárhagslega þýðingu fyrir Íslendinga.

Í Alþjóðaorkustofnuninni er um að ræða frekari útfærslu á samstarfi innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem Íslendingar hafa tekið þátt í. Samvinna um hin ýmsu atriði samningsins um alþjóðaorkuáætlun er Íslendingum ávinningur. Vegna samhjálpar þátttökulandanna í olíuneyð á friðartímum fæst aukið olíuöryggi sem ekki næst með öðrum hætti. Aðildin hvetur til áætlanagerðar um viðbúnað á neyðartímum. Upplýsingar frá stofnuninni gætu hjálpað Íslendingum til að ná hagstæðum samningum í olíukaupum og má telja samstarf sem þetta mjög mikilvægt fyrir land þar sem olíukaup og verðlagning hafa svo víðtæk áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Þá má fá upplýsingar um orkusparnaðarstarf nágrannalandanna og Ísland getur jafnvel miðlað fróðleik, t. d. í jarðhitamálum, og stungið upp á nytsamlegum samstarfsverkefnum á því sviði.

4. ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS.

Um 1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að gerast fyrir Íslands hönd aðili að samningnum um alþjóðaorkuáætlun sem gerður var í París hinn 18. nóvember 1974, með áorðnum breytingum. Jafnframt er reynt að tryggja að Ísland geti uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Í bréfi til framkvæmdastjóra Alþjóðaorkustofnunarinnar þar sem sótt verður um aðild að stofnuninni verður mörkuð formlega sérstaða Íslands um fimm atriði sem eru efnislega svohljóðandi:

1. Ísland fer fram á fimm ára aðlögunartíma til að auka olíubirgðahald í áföngum við hagkvæmar aðstæður og jafnframt olíugeymarými ef nauðsynlegt reynist.

2. Ísland telur að V. kafli í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf hafi að geyma almennar meginreglur sem séu ekki lagalega bindandi. Vill Ísland í þessu sambandi undirstrika að það hefur rétt til að eiga og ráða yfir náttúruauðlindum sínum og efnahag, svo og vernda umhverfi sitt og öryggi þegna sinna, og mun framkvæma V. kaflann á þann hátt sem samræmist íslenskri orkustefnu, m. a. í fjárfestingarmálum.
3. Varðandi 8. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland á mikla ónýtta vatnsorku og jarðhitaorku og mun því ekki stefna að hagnýtingu kjarnorku né taka virkan þátt í þeim málum sem snerta kjarnorku á vettvangi stofnunarinnar.
4. Varðandi 10. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland hyggst halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forystu íslenskra stofnana og stjórnvalda. Við rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda verður gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða, fyrst og fremst til að tryggja að hinar lifandi auðlindir hafsins verði ekki fyrir skaða. Áskilja íslensk stjórnvöld sér rétt til að mæla fyrir um hraða rannsókna og hugsanlegrar nýtingar m. a. með þau sjónarmið í huga.
5. Áratugum saman hefur Ísland flutt megnið af sinni olíu inn frá einum aðila, 60—70% af heildarinnflutningi olíunnar á síðustu árum. Ísland getur ekki úthlutað þessari olíu á olíuneyðartímum andstætt hefðbundnum ákvæðum gildandi olíukaupasamninga. Hugsanleg úthlutun af Íslands hálfu yrði af þeirri olíu sem flutt væri inn frá öðrum aðilum.

Ekki er gert ráð fyrir því að breyta þurfi lögum þessum vegna hugsanlegra breytinga á samningnum í framtíðinni ef þær eru þess eðlis að samþykki ríkisstjórnarinnar teljist nægilegt. Sem dæmi um slíkt má nefna þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar á samningnum, m. ö. o. breytingar á 62. gr. hans vegna nýrra þátttökulanda og 3. mgr. 71. gr. um aðild til bráðabirgða þegar Grikkland gerðist þátttökuland.

Texta samningsins með áorðnum breytingum fram til 1. apríl 1982 er að finna sem fylgiskjal hér á eftir. Um skýringar skal vísað til greinargerðarinnar hér að framan. Rétt þykir þó að ítreka hér í athugasemdunum við einstakar greinar lagafrumvarpsins viss aðalatriði og bæta nokkru við.

Um 2. gr.

Viðskiptaráðherra sem hefur með höndum málefni Efnahags- og framfarastofnunarinnar og viðskipti með olíu hér á landi fer með framkvæmd samningsins um alþjóðaorkuáætlun. Veigamikill þáttur framkvæmdarinnar varðar olíuneyðarkerfi Alþjóðaorkustofnunarinnar sem er sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Í Danmörku og Svíþjóð bera viðskiptaráðherrarnir einnig ábyrgð á þessum málum. Við framkvæmdina þarf að koma til margháttaður atbeini annarra ráðherra en valdsvið þeirra markast af lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Stafliður a) í 2. gr. snertir skyldu aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar til að halda neyðarbirgðir olíu til níutíu daga, samanber m. a. I. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun. Hugtakið olíu ber að skilgreina rúmt. Tekur það ekki einungis yfir jarðolíu heldur og t. d. ýmsar tegundir olíuvara, svo sem gasolíu, svartolíu, bensín, þotueldsneyti og flugvélabensín. Neyðarbirgðir má reikna með tvennum hætti og miða annaðhvort við þrjár helstu tegundir olíuvara eða alla olíu í viðkomandi ríki. Rétt þykir að gera strax ráð fyrir því í lögum að íslenskir aðilar kunni síðar að gerast framleiðendur enda hefur sá möguleiki þegar komið til tals að þeir muni hreinsa eða láta hreinsa jarðolíu.

Stafliður b) snertir fyrst og fremst skyldu aðildarríkjanna til að takmarka eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. Hvert aðildarríki skal ætíð hafa tilbúna áætlun um mögulegar ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum sem almennt er gert ráð fyrir að sé

7 eða 10%, samanber m. a. II. og IV. kafla samningsins. Ráðstafanir geta verið margs konar og m. a. tekið til notkunar, skiptingar, flutninga og staðsetningar olíu. Það er á valdi aðildarríkjanna hvernig þau haga takmörkunum þessum en þær geta skipt ýmsa aðila og jafnvel einstakar atvinnugreinar töluverðu máli. Gott samráð þarf m. a. að hafa við einstök ráðuneyti, einkum við mótun áætlunarinnar.

Stafliður c) snertir úthlutun olíu á neyðartímum. Það færi þá eftir atvikum hvort Ísland skyldi úthluta eða fá úthlutað olíu, samanber m. a. III.—IV. kafla samningsins. Ef um úthlutun af Íslands hálfu yrði að ræða er gengið út frá því að hún færi í langflestum tilvikum fram erlendis. Yrði þá tekið af þeirri olíu sem von væri á til landsins en ekki neyðarbirgðum olíu á Íslandi. Olía yrði samkvæmt þessu aðeins flutt héðan í algerum undantekningartilvikum. Ekki eru settar hér reglur um ákvörðun verðs en gengið út frá venjulegu söluverði með tilliti til allra aðstæðna, m. a. magns, afhendingarstaðar og afhendingartíma.

Staflið d) er fyrst og fremst ætlað að tryggja að stjórnvöld geti fengið allar þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að gefa Alþjóðaorkustofnuninni til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana, samanber m. a. V. kafla samningsins. Hér má nefna að senda þarf skrifstofu stofnunarinnar á ákveðnum degi í hverjum mánuði ýmsar upplýsingar um olíubirgðir og olíuviðskipti svo að sjá megi í tíma hvort búast megi við olíuneyð, svo og fylgjast með henni. Sérstakur hluti upplýsingamiðlunar aðildarríkjanna tekur yfir þessi atriði. Þá mun í framkvæmdinni þurfa að gefa upplýsingar um verð á grundvelli almenns hluta upplýsingamiðlunar ríkjanna. Eðlilegt telst að hafa skýra lagaheimild um upplýsingaskylduna þótt unnt sé að afla ýmissa upplýsinga á grundvelli gildandi laga, t. d. verðlagslaga.

Um 3. gr.

Rétt þykir að hafa í lögunum heimild til framkvæmdar eignarnáms til að tryggja takmörkun á eftirspurn eftir olíu og hugsanlega úthlutun hennar á neyðartímum þótt ekki sé líklegt að eignarnámi þurfi að beita. Flutningar olíu falla undir 2. gr. b) og c) en taka mætti t. d. skip leigunámi samkvæmt heimild í þessari grein. Að öðru leyti skal vísað í lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er ákveðið hvernig öflun upplýsinga um olíumálefni samkvæmt 2. gr. megi hátta. Svipuð ákvæði, að breyttu breytanda, eru í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978.

1. Evrópubandalögin geta gerst aðilar að samningi þessum.

2. Þessi samningur skal ekki á neinn hátt hefta frekari framkvæmd samninganna sem liggja til grundvallar Evrópubandalögunum.

73. gr.

Stjórnarnefndin getur hvenær sem er breytt samningi þessum samhljóða. Þessi breyting skal ganga í gildi á þann hátt sem stjórnarnefndin ákveður samhljóða og þannig að þátttökulöndum sé veitt ráðrúm til að hlíta stjórnskipulegum reglum hvert hjá sér.

74. gr.

Samning þennan skal taka til almennrar endurskoðunar eftir 1. maí 1980.

75. gr.

Ríkisstjórn Belgíu skal tilkynna öllum þátttökulöndum afhendingu sérhverrar tilkynningar um samþykki lands til að vera bundið í samræmi við 67. gr. og sérhvers aðildarskjals til vörslu, gildistöku samnings þessa eða sérhverjar breytingar á honum, sérhverja uppsögn hans og allar aðrar yfirlýsingar eða tilkynningar sem berast.

76. gr.

Frumrit samnings þessa skal afhent ríkisstjórn Belgíu til vörslu og er enski, franski og þýski textinn jafngildur. Skal hún láta öllum öðrum þátttökulöndum í té staðfest eftirrit hans.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa fengið fullt umboð ríkisstjórna sinna undirritað samning þennan.

GJÖRT í París hinn 18. nóvember 1974.

Article 72

1. This Agreement shall be open for accession by the European Communities.

2. This Agreement shall not in any way impede the further implementation of the treaties establishing the European Communities.

Article 73

This Agreement may at any time be amended by the Governing Board, acting by unanimity. Such amendment shall come into force in a manner determined by the Governing Board, acting by unanimity and making provision for Participating Countries to comply with their respective constitutional procedures.

Article 74

This Agreement shall be subject to a general review after 1st May, 1980.

Article 75

The Government of Belgium shall notify all Participating Countries of the deposit of each notification of consent to be bound in accordance with Article 67, and of each instrument of accession, of the entry into force of this Agreement or any amendment thereto, of any denunciation thereof, and of any other declaration or notification received.

Article 76

The original of this Agreement, of which the English, French and German texts are equally authentic, shall be deposited with the Government of Belgium, and a certified copy thereof shall be furnished to each other Participating Country by the Government of Belgium.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE at Paris, this eighteenth day of November, Nineteen Hundred and Seventy Four.

VIÐAUKI

NEYÐARBIRGÐIR

1. gr.

1. Heildarolíubirgðir eru reiknaðar í samræmi við skilgreiningar OECD og EBE með eftirfarandi breytingum:

A. Birgðir sem teljast með:

jarðolía, helstu vörur og hálfunnar vörur, geymdar

— í geymum olíuhreinsunarstöðva

— í birgðastöðvum

— í geymum, tengdum olíuleiðslum

— í prömmum

— í olíuskipum í strandsiglingum

— í olíuskipum í höfn

— sem eigin eldsneytisbirgðir innlendra skipa

— á botni birgðageyma

— sem birgðir í atvinnurekstri

— hjá meiri háttar notendum samkvæmt lagaskyldu eða á annan hátt undir umsjón ríkisstjórna.

B. Birgðir sem teljast ekki með:

a) jarðolía sem hefur ekki enn verið framleidd
b) jarðolía, helstu vörur og hálfunnar vörur, geymdar

— í olíuleiðslum

— í járnbrautarolíuvögnum

— í olíubílum

— sem eigin eldsneytisbirgðir skipa í millilandasiglingum

ANNEX

EMERGENCY RESERVES

Article 1

1. Total oil stocks are measured according to the OECD and EEC definitions, revised as follows:

A. Stocks included:

crude oil, major products and unfinished oils held

— in refinery tanks

— in bulk terminals

— in pipeline tankage

— in barges

— in intercoastal tankers

— in oil tankers in port

— in inland ship bunkers

— in storage tank bottoms

— in working stocks

— by large consumers as required by law or otherwise controlled by Governments.

B. Stocks excluded:

(a) crude oil not yet produced

(b) crude oil, major products and unfinished oils held

— in pipelines

— in rail tank cars

— in truck tank cars

— in seagoing ships' bunkers

— á bensínstöðvum og hjá smásöluaðilum

— hjá öðrum notendum

— í olíuskipum á sjó

— sem hernaðarbirgðir.

— in service stations and retail stores

— by other consumers

— in tankers at sea

— as military stocks.

2. Sá hluti olíubirgða sem unnt er að reikna með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu hvers þátttökulands er heildarolíubirgðir þess samkvæmt framangreindri skilgreiningu að frádregnum þeim birgðum sem tæknilega séð má álíta algerlega ótiltækar, jafnvel í ýtrustu neyð. Fastanefndin um neyðartilvik skal athuga þetta hugtak og gefa skýrslu um reglur til að ákvarða algerlega ótiltækar birgðir.

2. That portion of oil stocks which can be credited toward each Participating Country's emergency reserve commitment is its total oil stocks under the above definition minus those stocks which can be technically determined as being absolutely unavailable in even the most severe emergency. The Standing Group on Emergency Questions shall examine this concept and report on criteria for the measurement of absolutely unavailable stocks.

3. Þar til ákvörðun hefur verið tekin í þessu máli skal hvert þátttökuland draga 10 hundraðshluta frá heildarbirgðum sínum við útreikning á neyðarbirgðum sínum.

3. Until a decision has been taken on this matter, each Participating Country shall subtract 10 per cent from its total stocks in measuring its emergency reserves.

4. Fastanefndin um neyðartilvik skal athuga og gefa framkvæmdanefndinni skýrslu um:

a) aðferðir til að reikna nafta, til annarra nota en sem bensín á bíla og flugvélar, með þeirri notkun sem er grundvöllur birgðaútreiknings,

b) hvort unnt sé að setja sameiginlegar reglur um meðferð eigin eldsneytisbirgða skipa á neyðartímum og telja eigin eldsneytisbirgðir skipa með í þeirri notkun sem er grundvöllur birgðaútreiknings,

c) hvort unnt sé að setja sameiginlegar reglur til að takmarka eftirspurn eftir eldsneytisbirgðum flugvéla,

d) hvort unnt sé að reikna með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu einhvern hluta olíu sem er um borð í olíuskipum á sjó þegar neyðarráðstafanir koma til framkvæmda,

e) hvort unnt sé að auka birgðir sem tiltækar eru á neyðartímum með sparnaði í dreifikerfinu.

4. The Standing Group on Emergency Questions shall examine and report to the Management Committee on:

(a) the modalities of including naphtha for uses other than motor and aviation gasoline in the consumption against which stocks are measured,

(b) the possibility of creating common rules for the treatment of marine bunkers in an emergency, and of including marine bunkers in the consumption against which stocks are measured,

(c) the possibility of creating common rules concerning demand restraint for aviation bunkers,

(d) the possibility of crediting towards emergency reserve commitments some portion of oil at sea at the time of activation of emergency measures,

(e) the possibility of increasing supplies available in an emergency through savings in the distribution system.

2. gr.

1. Eldsneytisskiptageta er skilgreind sem venjuleg olíunotkun er annað eldsneyti getur leyst af hólmi á neyðartímum svo fremi þessi möguleiki sé undir umsjón ríkisstjórna á neyðartímum, unnt sé að hagnýta sér hann innan eins mánaðar og að öruggar birgðir staðgöngueldsneytisins séu tiltækar til notkunar.

2. Birgðir staðgöngueldsneytis skulu umreiknaðar í olíugildi.

3. Birgðir staðgöngueldsneytis sem ætlaðar eru til eldsneytisskipta má reikna með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu að svo miklu leyti sem þær má nota fyrir lok endingartíma neyðarbirgða.

4. Aukagetu til framleiðslu á staðgöngueldsneyti sem ætlað er til eldsneytisskipta má reikna með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu á sama grundvelli og aukagetu til olíuframleiðslu, samanber þó 4. gr. þessa viðauka.

5. Fastanefndin um neyðartilvik skal athuga og gefa framkvæmdanefndinni skýrslu um

a) hvort rétt sé að miða við eins mánaðar tímatakmarkið sem nefnt er í 1. mgr.,

b) grundvöll útreiknings fyrir eldsneytisskiptagetuna, byggðan á birgðum staðgöngueldsneytis, samanber þó 3. mgr.

3. gr.

Þátttökuland getur reiknað olíubirgðir í öðru landi með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu sína enda hafi ríkisstjórn hins landsins gert um það samning við ríkisstjórn þátttökulandsins að hún muni ekki leggja neinar hömlur á flutning þessara birgða til þátttökulandsins á neyðartímum.

4. gr.

1. Aukageta til olíuframleiðslu er skilgreind sem sú olíuframleiðsla þátttökulands sem möguleg er umfram venjulega olíuframleiðslu innan lögsögu þess

Article 2

1. Fuel switching capacity is defined as normal oil consumption that may be replaced by other fuels in an emergency, provided that this capacity is subject to government control in an emergency, can be brought into operation within one month, and that secure supplies of the alternative fuel are available for use.

2. The supply of alternative fuel shall be expressed in terms of oil equivalent.

3. Stocks of an alternative fuel reserved for fuel switching purposes may be credited towards emergency reserve commitments insofar as they can be used during the period of self-sufficiency.

4. Stand-by production of an alternative fuel reserved for fuel switching purposes will be credited towards emergency reserve commitments on the same basis as stand-by oil production, subject to the provisions of Article 4 of this Annex.

5. The Standing Group on Emergency Questions shall examine and report to the Management Committee on

(a) the appropriateness of the time limit of one month mentioned in paragraph 1,

(b) the basis of accounting for the fuel switching capacity based on stocks of an alternative fuel, subject to the provisions of paragraph 3.

Article 3

A Participating Country may credit towards its emergency reserve commitment oil stocks in another country provided that the Government of that other country has an agreement with the Government of the Participating Country that it shall impose no impediment to the transfer of those stocks in an emergency to the Participating Country.

Article 4

1. Stand-by oil production is defined as a Participating Country's potential oil production in excess of normal oil production within its jurisdiction

— og er háð umsjón ríkisstjórna og

— unnt er að hagnýta fyrir lok endingartíma neyðarbirgða á neyðartímum.

— which is subject to government control, and

— which can be brought into use during an emergency within the period of self-sufficiency.

2. Fastanefndin um neyðartilvik skal athuga og gefa framkvæmdanefndinni skýrslu um

a) hugtakið aukagetu til olíuframleiðslu sem tilgreind er í 1. mgr. og aðferðir til mats á því,

b) hvort rétt sé að miða við „endingartíma neyðarbirgða" sem tímamark,

c) hvort tiltekin aukageta til olíuframleiðslu sé meira virði til að verða sjálfum sér nógur á neyðartímum en sama magn olíubirgða, að hve miklu leyti unnt sé að reikna aukagetu til framleiðslu með og hvernig beri að reikna hana.

2. The Standing Group on Emergency Questions shall examine and report to the Management Committee on

(a) the concept of and methods of measurement of stand-by oil production as referred to in paragraph 1,

(b) the appropriateness of "the period of self-sufficiency" as a time limit,

(c) the question of whether a given quantity of stand-by oil production is of greater value for purposes of emergency self-sufficiency than the same quantity of oil stocks, the amount of a possible credit for stand-by production, and the method of its calculation.

5. gr.

Aukagetu til olíuframleiðslu sem þátttökulandi stendur til boða innan lögsögu annars lands má reikna með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu þess á sama grundvelli og aukagetu til olíuframleiðslu innan eigin lögsögu þess, samanber þó 4. gr. þessa viðauka, enda hafi ríkisstjórn hins landsins gert um það samning við ríkisstjórn þátttökulandsins að hún muni ekki leggja neinar hömlur á flutning þessarar aukaframleiðslu olíu til þátttökulandsins á neyðartímum.

Article 5

Stand-by oil production available to a Participating Country within the jurisdiction of another country may be credited towards its emergency reserve commitment on the same basis as stand-by oil production within its own jurisdiction, subject to the provisions of Article 4 of this Annex provided that the Government of that other country has an agreement with the Government of the Participating Country that it shall impose no impediment to the supply of oil from that stand-by capacity to the Participating Country in an emergency.

6. gr.

Fastanefndin um neyðartilvik skal athuga og gefa framkvæmdanefndinni skýrslu um það hvort unnt sé að reikna langtímafjárfestingu sem gerir þátttökuland óháðara olíuinnflutningi með til að uppfylla þá neyðarbirgðaskyldu þátttökulands sem nefnd er í 2. mgr. 2. gr. samningsins.

Article 6

The Standing Group on Emergency Questions shall examine and report to the Management Committee on the possibility of crediting towards a Participating Country's emergency reserve commitment mentioned in Article 2, paragraph 2, of the Agreement, long term investments which have the effect of reducing the Participating Countries' dependence on imported oil.

7. gr.

1. Fastanefndin um neyðartilvik skal athuga og gefa framkvæmdanefndinni skýrslu um tímabilið sem nefnt er í 1. mgr. 2. gr. samningsins og taka þá sérstakt tillit til þátta eins og vaxtar, árstíðabundinna breytinga á notkun og sveiflukenndra breytinga.

2. Ákvörðun stjórnarnefndarinnar um að breyta skilgreiningunni á tímabilinu sem nefnt er í 1. mgr. skal taka samhljóða.

8. gr.

Fastanefndin um neyðartilvik skal athuga og gefa framkvæmdanefndinni skýrslu um öll grundvallaratriði I.—IV. kafla samningsins til að útiloka hugsanlegt stærðfræðilegt og tölfræðilegt misræmi.

9. gr.

Skýrslurnar frá fastanefndinni um neyðartilvik um þau málefni sem nefnd eru í þessum viðauka skulu afhentar framkvæmdanefndinni fyrir 1. apríl 1975. Framkvæmdanefndin skal eftir atvikum gera tillögur til stjórnarnefndarinnar sem skal eigi síðar en 1. júlí 1975 taka með meirihluta ákvörðun um þessar tillögur, þó með þeirri undantekningu sem felst í 2. mgr. 7. gr. þessa viðauka.

Article 7

1. The Standing Group on Emergency Questions shall examine and report to the Management Committee regarding the reference period set out in Article 2, paragraph 1, of the Agreement, in particular taking into account such factors as growth, seasonal variations in consumption and cyclical changes.

2. A decision by the Governing Board to change the definition of the reference period mentioned in paragraph 1 shall be taken by unanimity.

Article 8

The Standing Group on Emergency Questions shall examine and report to the Management Committee on all elements of Chapters I to IV of the Agreement to eliminate possible mathematical and statistical anomalies.

Article 9

The reports from the Standing Group on Emergency Questions on the matters mentioned in this Annex shall be submitted to the Management Committee by 1st April, 1975. The Management Committee shall make proposals, as appropriate, to the Governing Board, which, acting by majority, not later than 1st July, 1975, shall decide on these proposals, except as provided for in Article 7, paragraph 2, of this Annex.

Fylgiskjal II. Áætlun um langtímasamstarf.

ÁÆTLUN UM LANGTÍMASAMSTARF

I. kafli

ALMENN MARKMIÐ

1. Þátttökulöndin eru ásátt um að framkvæma áætlun um langtímasamstarf í orkumálum til að stuðla að því að skapa öryggi í orkuöflun sinni, verða óháðari olíuinnflutningi sem hópur og efla stöðugleika á olíumarkaðinum í heiminum. Áætluninni er ætlað að leiða til sanngjarnrar skiptingar ábata milli þátttökulandanna með tilliti til hagsmuna og markmiða þeirra í efnahags- og félagsmálum. Alla þætti áætlunarinnar skal telja innbyrðis tengda og skal framkvæma þá þannig að jafnvægi milli réttinda og skyldna sé jafnan tryggt.

2. Þessa áætlun skal framkvæma með samræmdum aðgerðum landanna og samstarfsaðgerðum í því skyni að:

a) efla orkusparnað;

b) hraða þróun annarra orkugjafa en innlendrar olíu í löndum Alþjóðaorkustofnunarinnar og utan hennar með:

i) allsherjaraðstöðu til samstarfs um sérstakar stuðningsráðstafanir til að auka og örva fjárfestingu í einstökum verkefnum;

ii) almennri ráðstöfun til að hvetja til og vernda fjárfestingu í þorra annarra hefðbundinna orkugjafa;

iii) samstarfi um framleiðslu viðbótarorku í einstökum orkugreinum.

c) hvetja til og efla nýja og gagnlega tækni til hagkvæmrar framleiðslu og nýtingar orku;

d) vinna að því að fella niður löggjafar- og stjórnsýslutálma og mismunun í framkvæmd sem hamla framkvæmd áætlunarinnar og stuðla þannig að því að orkumarkaðurinn í heiminum gegni hlutverki sínu vel.

3. a) Þátttökulöndin skulu reglulega setja sér meðaltíma- og langtímamarkmið til að gera hópinn sem heild óháðari olíuinnflutningi. Þátttökulöndin skulu athuga reglulega hversu miðar í átt að þessum markmiðum og meta hvort aðgerðir sínar og sameiginlegar aðgerðir séu fullnægjandi.

Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing).

LONG-TERM CO-OPERATION PROGRAMME

Chapter I

GENERAL PURPOSES

1. The Participating Countries, in order to contribute to the security of their energy supply, to the reduction of their dependence on imported oil as a group and to more stable conditions in the world oil market, agree to implement a Programme of Long-Term Co-operation on energy. The Programme is designed to achieve an equitable balance of advantage among the Participating Countries, taking into account their economic and social interests and objectives. All the elements of the Programme shall be regarded as interlinked; and shall be implemented in such a manner as to ensure a continuing balance between burdens and benefits.

2. This Programme shall be carried out through the co-ordination of national efforts and by co-operative activities designed to:

(a) Promote the conservation of energy;

(b) Accelerate the development of alternative sources of energy within IEA countries and outside, through:

(i) An overall framework for co-operation in providing specific measures of assistance to increase and stimulate investment on a project-by-project basis;

(ii) A general measure to encourage and safeguard investments in the bulk of conventional alternative sources of energy;

(iii) Co-operation in the production of additional energy from individual energy sectors;

(c) Encourage and promote new and beneficial technologies for the efficient production and utilization af energy;

(d) Work toward removal of legislative and administrative obstacles and discriminatory practices to the realisation of the Programme and so to contribute to an efficient functioning of the world energy market.

3. *(a)* The Participating Countries shall establish periodically medium- and long-term objectives of the reduction of the dependence of the group as a whole on imported oil. The Participating Countries shall periodically review progress toward these objectives and assess the adequacy of their national and co-operative activities.

b) Þátttökulöndin skulu hafa til hliðsjónar þróun mála á ráðstefnunni um alþjóðlega efnahagssamvinnu við framkvæmd áætlunarinnar og endurskoða hana ef og þegar nauðsyn krefur.

II. kafli

SPARNAÐUR

1. Þátttökulöndin skulu gera landsáætlanir og beita sér fyrir samstarfsaðgerðum til að spara orku. Markmiðið með þessu starfi skal vera að draga úr vexti orkunotkunar almennt og þó einkum olíunotkunar hjá hópnum í heild. Viðurkennt er að slíkar áætlanir og aðgerðir skuli fyrst og fremst beinast gegn sóun og að hagkvæmari orkunýtingu enda sé m. a. tekið tillit til áhrifa orkuverðs á eftirspurn eftir orku. Í starfinu skal taka tillit til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna í þátttökulöndunum og hafa vel í huga þörfina á viðunandi hagþróun.

2. Þátttökulöndin skulu setja hópnum sparnaðarmarkmið með tilliti til markmiða og spáa einstakra þátttökulanda:

a) Fyrir 1. júlí 1976 skal stjórnarnefndin, að fenginni tillögu fastanefndarinnar um langtímasamstarf, setja hópnum sparnaðarmarkmið árið 1980 og 1985. Fastanefndin um langtímasamstarf skal athuga og endurskoða þessi meðaltímamarkmið eftir því sem við á og nauðsynlegt getur talist með tilliti til umfjöllunar í stjórnarnefndinni.

b) Fyrir 1. nóvember ár hvert skal fastanefndin um langtímasamstarf leggja fyrir stjórnarnefndina tillögur um sparnaðarmarkmið hópsins næsta ár.

c) Fastanefndin um langtímastarf skal reglulega gefa stjórnarnefndinni skýrslu um hversu miðar í átt að þessum markmiðum hópsins.

3. Til stuðnings þessum allsherjaraðgerðum eru þátttökulöndin ásátt um að gera reglulega í stofnuninni athuganir á áætlunum sínum og stefnu varðandi sparnað. Þessar athuganir miða að því:

a) að meta gagngert og kerfisbundið þróun áætlana og stefnu landanna á grundvelli sameiginlegra reglna;

(b) The Participating Countries shall take into consideration developments in the Conference on International Economic Co-operation in implementing the Programme and revising it as and when necessary.

Chapter II

CONSERVATION

1. The Participating Countries shall establish national programmes and undertake co-operative activities in energy conservation. The objective of this effort shall be to reduce the rate of growth in the group as a whole of energy consumption in general and of petroleum in particular. It is recognised that such programmes and activities should be concentrated in the first instance on the elimination of waste and improvement of the efficiency of energy utilization, taking into account, amongst other factors, the effect of energy price levels on energy demand. The effort shall be designed to take account of the economic and social conditions prevailing in the Participating Countries, with due regard to the need to achieve satisfactory levels of economic development.

2. The Participating Countries shall establish conservation objectives for the group, taking into account the national objectives and forecasts of individual Participating Countries:

(a) By 1st July, 1976, the Governing Board, on the proposal of the Standing Group on Long-Term Co-operation (the "SLT"), shall establish conservation objectives for the group for 1980 and 1985. The SLT shall review and revise these medium-term objectives as appropriate and necessary for consideration by the Governing Board;

(b) By 1st November, each year, the SLT shall propose to the Governing Board conservation objectives for the group for the succeeding year;

(c) The SLT shall report regularly to the Governing Board on progress towards the achievement of these objectives of the group.

3. In support of this overall effort, the Participating Countries agree to conduct within the Agency periodic reviews of their national programmes and policies relating to conservation. These reviews will be designed:

(a) To provide a thorough and systematic assessment of evolving national programmes and policies on the basis of common criteria;

b) að tilgreina svið þar sem betrumbæta mætti áætlanir;
c) að efla samstarf um sparnað, m. a. ítarleg skipti á upplýsingum, reynslu og sérþekkingu um sparnað.

Fastanefndin um langtímasamstarf skal gera athuganirnar og gefa stjórnarnefndinni ítarlega skýrslu um niðurstöður þeirra og ályktanir.

III. kafli

HRAÐARI ÞRÓUN ANNARRA ORKUGJAFA

1. Þátttökulöndin eru ásátt um að framkvæma landsáætlanir og beita sér fyrir samstarfsráðstöfunum og áætlunum til að örva og auka framleiðslu úr öðrum orkugjöfum eins fljótt og auðið er í samræmi við efnahagslegar og félagslegar aðstæður sínar.

2. Þátttökulöndin munu eftir því sem við á og nauðsynlegt getur talist skapa hagstæð skilyrði fyrir fjárfestingu á sviði orkumála, veita opinberu fé til þessara mála og stuðla að eða taka beinlínis þátt í framleiðslu úr öðrum orkugjöfum.

3. Þátttökulöndin skulu setja hópnum í heild meðaltíma- og langtímamarkmið varðandi framleiðslu úr öðrum orkugjöfum með tilliti til áætlana og stefnu þátttökulandanna. Fastanefndin um langtímasamstarf skal:

a) athuga og endurskoða þessi meðaltímamarkmið eftir því sem við á og nauðsynlegt getur talist með tilliti til umfjöllunar í stjórnarnefndinni;
b) gefa stjórnarnefndinni reglulega skýrslu um hversu miði í átt að þessum markmiðum hópsins.

4. Þátttökulöndin skulu reglulega athuga aðgerðirnar sem fjallað er um í eftirfarandi hlutum þessa kafla að því er varðar:

a) virkni þeirra í þróun framleiðslu úr öðrum orkugjöfum;

b) viðhald sanngjarns jafnvægis milli almennra og sérstakra samstarfsráðstafana í orkuþróun;

c) mögulega þörf á frekari samstarfsaðgerðum stofnunarinnar á grundvelli þessarar aðstöðu til samstarfs.

(b) To identify areas in which programmes might be improved;
(c) To promote co-operation in the area of conservation, including a detailed exchange of information, experience, and expertise in the area of conservation.

The reviews shall be conducted by the SLT which shall make a full report on their results and conclusions to the Governing Board.

Chapter III

ACCELERATED DEVELOPMENT OF ALTERNATIVE SOURCES OF ENERGY

1. The Participating Countries agree to carry out national programmes and to undertake co-operative measures and programmes to stimulate and increase production from alternative sources of energy as rapidly as possible, consistent with their economic and social conditions.

2. The Participating Countries will, as appropriate and necessary, create a climate favourable for investment in energy, employ public resources and contribute to, or directly engage in, the production of alternative sources of energy.

3. The Participating Countries shall establish medium-and long-term objectives for the group as a whole for the production of alternative sources of energy, taking into account national programmes and policies of Participating Countries. The SLT shall:

(a) Review and revise these medium-term objectives as appropriate and necessary for consideration by the Governing Board;
(b) Report regularly to the Governing Board on progress towards the achievement of these objectives by the group.

4. The Participating Countries shall undertake periodic reviews of the activities set forth in the following sections of this Chapter in terms of:

(a) Their effectiveness in development of alternative sources of energy production;
(b) The maintenance of an equitable balance between general and specific measures of co-operation in the development of energy;
(c) The possible need for additional types of co-operative Agency activities within this framework of co-operation.

A. ATHUGUN LANDSÁÆTLANA

1. Þátttökulöndin eru ásátt um að gera reglulegar athuganir í stofnuninni á áætlunum sínum og stefnu varðandi hraðari framleiðslu úr öðrum orkugjöfum. Þessar athuganir skulu miða að því:

a) að meta gagngert og kerfisbundið þróun áætlana og stefnu landanna á grundvelli sameiginlegra reglna;

b) að tilgreina svið þar sem betrumbæta mætti áætlanir;

c) að efla samstarf um hraðari framleiðslu, m. a. með ítarlegum skiptum á upplýsingum, reynslu og sérþekkingu um framleiðslu úr öðrum orkugjöfum.

2. Fastanefndin um langtímasamstarf skal gera þessar athuganir og gefa stjórnarnefndinni ítarlega skýrslu um niðurstöður þeirra og ályktanir.

B. SAMSTARF Í SÉRSTÖKUM ORKUGREINUM

1. Þátttökulöndin skulu, að svo miklu leyti sem unnt er og æskilegt þykir, starfa saman að því að auka framleiðslu orku í sérstökum orkugreinum.

2. Þátttökulöndin skulu, á grundvelli niðurstaðna athugana á landsáætlunum, meta reglulega möguleikana á aukinni orkuframleiðslu úr ýmsum orkugjöfum í löndum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Á grundvelli þessa mats munu þátttökulöndin kanna hvers konar samstarfsaðgerðir séu fýsilegar og nauðsynlegar til að auka orkuframleiðslu í þessum sérstöku orkugreinum.

3. Starfsáætlun þá sem unnið er að varðandi kjarnorku og kol á að þróa með virkum hætti. Fastanefndin um langtímasamstarf skal tilgreina ný svið slíkra samstarfsaðgerða eins fljótt og auðið er og gera tillögur eftir því sem við á til stjórnarnefndarinnar með tilliti til umfjöllunar þar.

C. AÐSTAÐA TIL SAMSTARFS UM ORKUVERKEFNI

1. Þátttökulöndin skulu skapa allsherjaraðstöðu til samstarfs þar sem gerðar séu sérstakar ráðstafanir til aðstoðar. Aðstöðunni er ætlað að auka framboð orku hjá hópnum með því að örva og auka fjárfestingu í orkuframleiðslu á grundvelli einstakra verkefna. Þetta samstarf nær bæði til ódýrra og, þar sem réttlætanlegt er, dýrra verkefna og er markmiðið með því sér í lagi að greiða fyrir ákveðnum verkefnum með sameiningu mismun-

A. REVIEW OF NATIONAL PROGRAMMES

1. The Participating Countries agree to conduct periodic reviews within the Agency of their national programmes and policies relating to the accelerated production of alternative sources of energy. These reviews shall be designed:

(a) To provide a thorough and systematic assessment of evolving national programmes and policies on the basis of common criteria;

(b) To identify areas in which programmes might be improved;

(c) To promote co-operation in the area of accelerated production, including a detailed exchange of information, experience and expertise in the production of alternative sources of energy.

2. These reviews shall be conducted by the SLT, which shall make a full report on their results and conclusions to the Governing Board.

B. CO-OPERATION IN SPECIFIC ENERGY SECTORS

1. The Participating Countries shall co-operate, to the extent feasible and desirable, in increasing the production of energy from specific energy sectors.

2. The Participating Countries shall assess periodically, drawing on the results of the reviews of national programmes, the potential for additional energy production from various sources within the IEA area. On the basis of this assessment, the Participating Countries will explore co-operative activities which may be appropriate and necessary to increase the production of energy from these specific energy sectors.

3. The work programme already under way in the nuclear and coal sectors should be continued actively. The SLT shall identify additional areas for such co-operative activities as soon as possible and make proposals, as appropriate, to the Governing Board for its consideration.

C. FRAMEWORK FOR CO-OPERATION ON ENERGY PROJECTS

1. The Participating Countries shall establish an overall framework for co-operation under which specific measures of assistance will be provided. The framework is intended to increase the supply of energy within the group by stimulating and increasing investment in energy production on a project-by-project basis. Both lower and – where justified – higher cost projects will be embraced by this co-operation, which will have as its par-

andi framleiðsluþátta tveggja eða fleiri þátttökulanda.

2. Til stuðnings þessu samstarfi skal skrifstofa stofnunarinnar koma á fót miðstöð fyrir gagnlegar upplýsingar um:

a) stefnu og áætlanir þátttökulandanna í orkumálum;
b) tækifæri til þátttöku í og helstu einkenni á mögulegum samstarfsverkefnum í orkumálum í löndum Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Þátttökulöndin og eftir því sem við á aðrir aðilar munu láta framangreindar upplýsingar í té. Skrifstofa stofnunarinnar skal safna þessum upplýsingum og dreifa þeim til þátttökulandanna, svo og einkaaðila eftir því sem við á.

3. Til þess að stuðla að samstarfsverkefnum í orkumálum mun stofnunin:

a) samkvæmt beiðni skipuleggja sameiginlega fundi með aðilum sem hafa áhuga á sérstökum verkefnum;
b) samkvæmt beiðni bjóða aðstoð sína við að gera einstaka samninga; og
c) halda skrá yfir samninga um samstarfsverkefni.

4. Þátttökulöndin skulu á grundvelli þessarar aðstöðu til samstarfs leitast við að þróa fyrir 1. janúar 1977 fyrstu ákveðnu samstarfsverkefnin, m. a. bæði ódýr og — þar sem réttlætanlegt er — dýr verkefni sem opinberir aðilar og/eða einkaaðilar í tveimur eða fleiri þátttökulöndum hafa þróað eða kunna að þróa.

5. Til þess að hvetja til og greiða fyrir því að stofnað verði til samstarfsverkefna um aukna framleiðslu úr öðrum orkugjöfum samþykkja þátttökulöndin eftirfarandi leiðbeiningarreglur:

a) Ríkisstjórnir þátttökulandanna munu aðstoða við að tilgreina, í hverju einstöku tilviki, sérstök samstarfsverkefni um aukna orkuframleiðslu sem fyrirtæki og aðilar, opinberir aðilar eða einkaaðilar, frá tveimur eða fleiri þátttökulöndum hafa áhuga á að taka þátt í. Fyrirtæki og aðilar sem taka þátt í verkefni leggja fram fjármagn, vísindaþekkingu, efni, vinnuafl og/eða tæknikunnáttu samkvæmt samkomulagi sín á milli.

ticular objective the facilitation of concrete projects bringing together complementary factors of production from two or more Participating Countries.

2. In support of this co-operative effort, the Agency Secretariat shall establish a clearing-house for relevant information on:

(a) Energy policies and programmes of the Participating Countries;
(b) Opportunities for, and major characteristics of, possible co-operative energy projects in IEA countries.

The above information will be provided by the Participating Countries and other sources as appropriate. The Agency Secretariat shall collect and disseminate this information to the Participating Countries and, as appropriate, to the private sector.

3. In order to promote co-operative energy projects, the Agency will:

(a) On request, arrange for joint meetings among parties interested in specific projects;
(b) On request, offer its assistance in concluding individual agreements and;
(c) Maintain a list of agreements for co-operative projects.

4. The Participating Countries shall endeavour to develop, under this framework for co-operation, by 1st January, 1977, a first set of concrete co-operative projects, including both lower cost and — where justified — higher cost projects, which have been or may be developed by the public and/or private sectors of two or more Participating Countries.

5. In order to encourage and facilitate the formation of co-operative projects for increased production from alternative sources of energy, the Participating Countries adopt the following Guiding Principles:

(a) The Governments of Participating Countries will help to identify, on a case-by-case basis, specific co-operative projects for the production of additional energy supplies in which enterprises and parties, public or private, from two or more Participating Countries are willing to take part. Enterprises and parties taking part in a project would make a financial, scientific, material, manpower and/or technical contribution as agreed among them;

b) i) Að því er varðar sérstök samstarfsverkefni í orkumálum, með þátttöku opinberra fyrirtækja eða aðila og/eða einkafyrirtækja eða einkaaðila í öðrum þátttökulöndum, sem ríkisstjórn gistilandsins telur falla undir lögsögu sína og vera í samræmi við stefnu sína, skulu ríkisstjórnir þeirra aðila sem taka þátt í ákveðnu samstarfsverkefni auðvelda fjárfestingu (m. a. fjárfestingu í könnun og nýtingu orkugjafa) með því að leitast við að:

— veita þessum fyrirtækjum eða aðilum þjóðleg kjör eða bestu kjör;

— forðast að setja nýjar takmarkanir á veitingu þjóðlegra kjara og bestu kjara til þessara fyrirtækja varðandi þessi samstarfsverkefni í orkumálum;

— miðla málum verði þess óskað og það talið við hæfi;

— forðast, með tilliti til þarfa og möguleika hlutaðeigandi landa, að takmarka skipti á sérhæfðu vinnuafli, efnum og búnaði sem kunna að reynast nauðsynleg til að ljúka þessum verkefnum á árangursríkan hátt, svo og að takmarka tengdar fjárhagslegar aðgerðir, m. a. heimsendingu ágóða af þessum fyrirtækjum;

— taka tillit til þess við athugun breytinga á stefnu í skatta- eða framleiðslumálum sem snerta þessi verkefni hver áhrif þessar breytingar hafa á fjárhagshlið þessara verkefna, m. a. verkefna sem þegar er unnið að;

— forðast, eftir að byrjað er á slíku verkefni, að gera nýjar ráðstafanir sem gera að skyldu breytingu á umfangi þátttöku af hálfu fyrirtækja frá öðrum þátttökulöndum.

(b) *(i)* With respect to specific co-operative energy projects involving public and/or private enterprises or parties of other Participating Countries, which the Host Government determines are in accord with its jurisdiction and its national policies, the Governments of the parties taking part in a particular co-operative project shall facilitate investment (including investment in exploration for and exploitation of energy sources) by endeavouring to:

— Accord national treatment and most-favoured-nation treatment to such enterprises, or parties;

— Avoid the introduction of new limitations upon the extent to which such enterprises are accorded national treatment and most-favoured-nation treatment with respect to such co-operative energy projects;

— Use good offices where requested and where appropriate;

— Avoid the introduction of limitations on the exchange of skilled manpower, and materials and equipment, taking into account the needs and the possibilities of the countries concerned, which may be required for successful completion of such projects as well as on associated transactions in financial assets, including the repatriation of profits of such enterprises;

— Take account in considering alterations of taxation and production policy as they relate to those projects of the effect of such alterations on the economics of such projects including projects already under way;

— Avoid introducing, once such a project is established, new measures which would make mandatory a change in the degree of participation by enterprises from other Participating Countries;

ii) Að því er varðar þau sérstöku samstarfsverkefni í orkumálum, sem ríkisstjórnir gistilandanna telja að muni væntanlega leiða til verulegrar aukningar á framleiðslu orku er mundi líklega ekki nást á annan hátt og krefjast verulegs framlags opinberra fyrirtækja og/eða einkafyrirtækja annarra þátttökulanda, skal ríkisstjórn gistilandsins taka til athugunar:

— að tryggja, með löggjöf eða stjórnarathöfnum ef nauðsyn krefur og við á, fyrirtækjum eða öðrum aðilum frá öðrum þátttökulöndum rétt til að flytja út til heimalanda sinna þann hluta framleiðslu á grundvelli verkefnisins sem samsvarar þátttöku þeirra í verkefninu eða sanngjarnan hluta samkvæmt samkomulagi;

— veita ríkisborgurum og félögum annarra þátttökulanda sem verða aðilar að slíku samstarfsverkefni svipuð fríðindi og veitt eru eigin ríkisborgurum eða fyrirtækjum að því er varðar það verkefni.

(ii) With respect to those specific co-operative energy projects which the Host Governments determine are likely to lead to a substantial increase in energy production which probably would not otherwise be available and involve a substantial contribution from public and/or private enterprises of other Participating Countries, the Host Government shall consider:

— Guaranteeing to enterprises or other parties from other Participating Countries, through legislative and administrative actions if necessary and appropriate, the right to export to their own countries a portion of the product of the project corresponding to their participation in the project or an equitable portion as may be agreed;

— Affording to nationals and companies of other Participating Countries which become parties to such a project incentives similar to those granted to its own nationals of companies with respect to that project.

D. ALMENN SAMSTARFSRÁÐSTÖFUN

1. Til þess að hvetja til og vernda nýja fjárfestingu í þorra annarra hefðbundinna orkugjafa skulu þátttökulöndin með almennri samstarfsráðstöfun tryggja að innflutt olía sé ekki seld á innanlandsmörkuðum þeirra á lægra verði en sem samsvarar 7 Bandaríkjadölum tunnan í samræmi við eftirfarandi málsgreinar þessa hluta og viðauka I hér á eftir. Verðið 7 Bandaríkjadalir tunnan er hér á eftir nefnt lágmarksverndarverð.

2. Að því er snertir þessa almennu samstarfsráðstöfun skal hugtakið „olía“ taka yfir:

a) jarðolíu, og

b) olíuvörur eins og þær eru ákveðnar í samræmi við viðauka I hér á eftir.

3. Hugtakið „innflutt olía“ skal taka yfir alla olíu sem kemur á innanlandsmarkað þátttökulands og hefur verið framleidd utan þátttökulandsins nema:

D. GENERAL MEASURE OF CO-OPERATION

1. In order to encourage and safeguard new investment in the bulk of conventional alternative sources of energy, the Participating Countries shall, as a general measure of co-operation ensure that imported oil is not sold in their domestic markets below a price corresponding to US$ 7/bbl in accordance with the following paragraphs of this Section and with Annex I hereto. The price of US$ 7/bbl is hereafter referred to as the Minimum Safeguard Price (the "MSP").

2. For the purposes of this general measure, the term "oil" shall include:

(a) Crude oil, and

(b) Oil products as determined in accordance with the provisions of Annex I hereto.

3. The term "imported oil" shall include all oil entering the domestic market of a Participating Country which has been produced outside the Participating Country, except:

a) olíu sem aðilar að sama tollabandalaginu versla með ef þeir beita sömu ráðstöfun út á við til að tryggja lágmarksverndarverðið;

b) olíu sem er framleidd í þátttökulöndum og aðilar að sama fríverslunarsvæðinu versla með;

c) olíu sem er framleidd utan þátttökulandsins og flutt inn samkvæmt sérstökum samstarfssamningi eða fyrirkomulagi svo sem stjórnarnefndin kann að samþykkja í samræmi við viðauka I hér á eftir.

4. Ætluð áhrif lágmarksverndarverðsins skulu tryggð á eftirfarandi hátt:

a) Fastanefndin um langtímasamstarf skal athuga lágmarksverndarverðið öðru hverju eftir því sem við á eða samkvæmt beiðni einhvers þátttökulandanna. Niðurstöður þessarar athugunar skal leggja fyrir stjórnarnefndina til umfjöllunar.

b) Athugunin skal gerð með tilliti til allsherjarmarkmiða alþjóðaorkuáætlunarinnar, markmiða og niðurstaðna áætlunarinnar um langtímasamstarf, m. a. hvatningar til og verndar á fjárfestingu í þorra hefðbundinna orkugjafa, þróunar ástandsins í orkumálum heimsins, efnahagsástandsins í heiminum almennt og þátttökulöndunum sérstaklega.

c) Stjórnarnefndin skal á grundvelli þessarar athugunar fjalla um 1) hvort gildandi lágmarksverndarverð nægir til að ná markmiðunum samkvæmt 1. mgr. þessa hluta og til að vera í samræmi við reglurnar í lið b) hér að framan eða 2) hvort ákveða skuli nýtt lágmarksverndarverð með hliðsjón af þessum markmiðum og reglum. Stjórnarnefndin skal ákveða breytingar á lágmarksverndarverðinu með samhljóða atkvæðum nema stjórnarnefndin ákveði síðar samhljóða aðra reglu um atkvæðagreiðslu.

5. a) Til þess að standa við skuldbindinguna samkvæmt 1. mgr. þessa hluta skal hvert þátttökuland eða hópur þátttökulanda að eigin vali gera eina eða fleiri af þeim ráðstöfunum sem taldar eru upp í viðauka I hér á eftir.

(a) Oil traded among members of the same customs union if applying the same external measure to guarantee the MSP;

(b) Oil produced in Participating Countries and traded among members of the same free trade area;

(c) Oil produced outside the Participating Country and imported under a special co-operative agreement or arrangement, as may be agreed by the Governing Board in accordance with Annex I hereto.

4. The intended effect of the MSP shall be maintained in the following manner:

(a) The MSP level shall be reviewed by the SLT from time to time as appropriate or at the request of one of the Participating Countries. The results of this review shall be communicated to the Governing Board for its consideration;

(b) The review shall take account of the overall objectives of the International Energy Program, the objectives and results of the Long-Term Co-operation Programme, including the encouragement and safeguarding of the investment in the bulk of conventional energy sources, the evolution of the world energy situation, and the economic situation of the world in general and of the Participating Countries in particular;

(c) The Governing Board shall consider on the basis of this review *(i)* whether the existing MSP level is adequate to meet the objectives set forth in paragraph 1 of this Section and the criteria in subparagraph *(b)* above or *(ii)* whether a new MSP level should be fixed in the light of these objectives and criteria. The Governing Board shall decide changes in the level of the MSP by unanimous vote unless the Governing Board hereafter decides unanimously on another voting rule.

5. *(a)* In order to meet the commitment set forth in paragraph 1 of this Section, each Participating Country or group of Participating Countries shall apply a measure or measures of its/their own choice from among the measures listed in Annex I hereto.

b) Þátttökulöndin skulu leitast við að gera ráðstöfunina eða ráðstafanirnar ekki á þann hátt að það leiði til mismununar gagnvart olíu sem framleidd er í löndum Alþjóðaorkustofnunarinnar miðað við olíu sem framleidd er utan þeirra.

6. Þátttökulöndin heita því að þau muni ekki við hugsanlega framkvæmd skuldbindingarinnar samkvæmt 1. mgr. þessa hluta hvetja til innflutnings olíu sem framleidd er utan landa Alþjóðaorkustofnunarinnar ef það verður til að rýra á mörkuðum þeirra hlut olíu sem framleidd er í löndum Alþjóðaorkustofnunarinnar.

7. Skrifstofan skal hafa eftirlit með og meta þróun heimsmarkaðsverðsins á olíu sem einstök þátttökulönd greiða fyrir innflutta jarðolíu og nýta sér þá sérstaklega almennu upplýsingamiðlunina sem komið var á með V. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun.

8. Innan 30 daga frá því að skrifstofan hefur kveðið upp úrskurð eða þátttökuland eða hópur þátttökulanda hefur lagt fram skýrslu þess efnis að skilyrðunum fyrir framkvæmd skuldbindingarinnar samkvæmt 1. mgr. þessa hluta verði vafalítið fullnægt skal stjórnarnefndin koma saman:

a) til að athuga hið almenna ástand í olíuverðlagsmálum og áhrif þess með tilliti til hinnar almennu samstarfsráðstöfunar;
b) til að skiptast á og athuga upplýsingar um virkni ráðstafana sem gerðar verða ef og þegar nauðsyn krefur til að fullnægja skuldbindingunni samkvæmt 1. mgr. þessa hluta;
c) til að athuga stöðu annarra skuldbindinga sem falla undir þessa almennu samstarfsráðstöfun.

9. Stjórnarnefndin skal ætíð koma saman til sérstaks samráðsfundar áður en skuldbindingin samkvæmt 1. mgr. þessa hluta kemur til framkvæmda í nokkru þátttökulandi eða hópi þátttökulanda. Þessi samráð skulu ekki hafa áhrif á skylduna til að láta skuldbindinguna samkvæmt 10. mgr. a) hér á eftir koma til framkvæmda.

10. a) Skuldbinding hvers þátttökulands eða hóps þátttökulanda samkvæmt 1. mgr. þessa hluta skal koma til framkvæmda jafnskjótt sem meðalverðið (fob) sem þátttökulandið eða hópur þátttökulandanna hefur greitt fyrir innflutta jarðolíu eins og hún er skilgreind í 3. mgr. þessa hluta hefur lengur en fyrirfram ákveðinn tíma haldist neðan við lágmarksverndarverðið um meira en fyrir-

(b) The Participating Countries shall endeavour not to apply such measure or measures in a manner which would discriminate against IEA-produced oil relative to oil produced outside the IEA area.

6. The Participating Countries undertake that, in the event of the activation of the commitment established in paragraph 1 of this Section, they will not encourage the import of oil produced outside the IEA with the effect of displacing within their markets oil produced within the IEA area.

7. The Secretariat shall on a continuing basis, drawing, in particular, on the general information system established by Chapter V of the I.E.P. Agreement, monitor and assess the trend of the world oil price paid for imported crude oil by individual Participating Countries.

8. Within 30 days following either a finding by the Secretariat or a report by a Participating Country or group of Participating Countries that the conditions requiring activation of the commitment as set forth in paragraph 1 of this Section will most likely be met, the Governing Board shall meet:

(a) To review the general oil price situation and the implications thereof with regard to the general measure of co-operation;
(b) To exchange/review information on the effectiveness of measures which will be applied if and when necessary to meet the commitment established in paragraph 1 of this Section;
(c) To review the status of the other undertakings provided under this general measure of co-operation.

9. In any case, the Governing Board shall meet for a special consultation before the commitment set forth in paragraph 1 of this Section is activated by any Participating Country or group of Participating Countries. This consultation shall not affect the obligation to activate the commitment according to paragraph 10 *(a)* below.

10. *(a)* The commitment of each Participating Country or group of Participating Countries set forth in paragraph 1 of this Section shall be activated as soon as the average f. o. b. price paid for imported crude oil, as defined in paragraph 3 of this Section, by the Participating Country or the group of Participating Countries, has remained below the MSP for more than a pre-agreed

fram ákveðna upphæð. Hvert þátttökuland eða hópur þátttökulanda skal gefa stofnuninni skýrslu hvenær sem framangreint ástand hefur skapast og staðfesta að það hafi gert tilskildar ráðstafanir til að fullnægja skuldbindingu sinni.

b) Framkvæmd skuldbindingarinnar samkvæmt 1. mgr. þessa hluta skal hætt þegar meðalverðið (fob) sem þátttökulandið eða hópur þátttökulanda hefur greitt fyrir innflutta jarðolíu eins og hún er skilgreind í 3. mgr. þessa hluta verður jafnhátt lágmarksverndarverðinu eða hærra.

10. Skapa skal hagstæð fjárfestingarskilyrði sem hvetja til fjármögnunar opinberra aðila og einkaaðila til þróunar orkuauðlinda með því að fylgja viðeigandi stefnu í verðlagsmálum, með því að draga sem mest úr óvissu um almenn stefnumið í orkumálum og stefnuna í öðrum málum svo sem minnst er á í 2. meginreglu hér að framan og með því að ríkisstjórnir grípi þar sem nauðsyn krefur til aðgerða til að stuðla að því að:

— gera rannsóknir, m. a. undan ströndum fram og á jaðarsvæðum, að forgangsverkefni;

— hvetja til aukins hraða í rannsóknum og þróun tiltækrar framleiðslugetu til að ná sem bestri efnahagslegri nýtingu auðlinda.

11. Gera skal við mótun orkustefnu ráð fyrir öðrum leiðum en aukinni olíunotkun til að bregðast við því ef aðdráttaskortur verður eða ekki tekst að ná sparnaðarmarkmiðum og taka þá tillit til viðeigandi þarfar á hagþróun og félagslegum framförum.

12. Viðeigandi samstarf í orkumálum við þróuð lönd, þróunarlönd og alþjóðastofnanir, m. a. um mat á ástandinu í orkumálum heimsins, orkurannsóknir og þróun og tæknileg og fjárhagsleg atriði.

— encouraging investment in energy technology development by appropriate incentives;

— ensuring that R & D policies remain consistent with and supportive of the objective of ongoing energy policy.

10. Establishment of a favourable investment climate which encourages the flow of public and private capital to develop energy resources by appropriate pricing policies, by minimising uncertainties about the general directions of energy and other policies such as mentioned in Principle 2, and by providing government incentives where necessary, in order to:

— give priority to exploration activities including those in offshore and frontier areas;

— encourage rates of exploration and development of available capacities which are consistent with the optimum economic development of resources.

11. Providing in energy policy planning for alternative means, other than increased oil consumption, for meeting any development of supply shortfall or failure to attain conservation objectives, taking into account the appropriate requirements of economic development and social progress.

12. Appropriate co-operation in the field of energy, including evaluation of the world energy situation, energy research and development and technical and financial requirements, with developed or developing countries or international organisations.

VIÐBÆTIR A VIÐ MEGINREGLURNAR

Tillögur um sparnaðarráðstafanir

Iðnaður

— Virkar aðgerðir til að stuðla að fjárfestingu sem sparar orku, m. a. hvatning til framleiðslu á endingarbetri vörum.

— Ráðgjafarþjónusta til handa litlum og meðalstórum iðnfyrirtækjum og skýrslugjöf, endurskoðun og setning takmarka í orkumálum fyrir orkufrekar iðngreinar.

Íbúðir/verslun

— Byggingarsamþykktir með lágmarkskröfum um nýtingu við upphitun á og loftkælingu í öllum nýjum byggingum.

— Virkar aðgerðir til að stuðla að endurbótum á eldri byggingum.

APPENDIX A TO THE PRINCIPLES

Suggested Conservation Measures

Industry

— Effective incentives for energy saving investments, including encouragement of the manufacture of more durable goods.

— Advice service for small and medium industry and energy reporting, auditing and target setting for energy intensive industries.

Residential/Commercial

— Building codes with minimum thermal and air conditioning efficiencies for all new buildings.

— Effective incentives for retrofitting existing buildings.

— Áætlanir um fræðslu og upplýsingamiðlun.
— Sérmælar vegna notkunar á gasi, rafmagni, hita og heitu vatni.
— Lágmarksstaðall fyrir orkunýtingu tækja.

Samgöngur
— Lágmarksstaðall fyrir eldsneytisnýtingu vélknúinna ökutækja.
— Háir skattar á bensín og stighækkandi skattar á bifreiðar eftir þyngd eða eldsneytisnýtingu.
— Aðgerðir til að stuðla að almenningssamgöngum.
— Fjárfesting í uppbyggingu á og tækjum til almenningssamgangna.
— Hraðatakmarkanir á vegum.

Orkuframleiðsla
— Aðgerðir til að stuðla að og reglugerðir um hverfishitun, sameiginlega framleiðslu á hita og afli og aukna notkun úrgangsvara og úrgangsvarma.
— Fullt kostnaðarverð fyrir raforkuframleiðslu og þá með tilliti til kostnaðar við gerð nýrra virkjana.

— Education and information programmes.
— Individual metering of gas/electricity, heat and hot water.
— Minimum energy efficiency standard for appliances.

Transport
— Minimum fuel efficiency standard for motor vehicles.
— Significant taxes on gasoline and progressive taxes on cars according to weight or fuel efficiency.
— Incentives for public transport.
— Investments in infrastructure and equipment for public transport.
— Speed limits on roads.

Energy Sector
— Incentives and regulations for district heating, combined production of heat and power and for the greater use of waste products and waste heat.
— Full cost tariffs for electricity generation, taking into account the costs of replacement.

VIÐBÆTIR B VIÐ MEGINREGLURNAR

Helstu svið rannsókna, þróunar og kynningar sem áherslu þarf að leggja á eru:

1. Skammtíma- og meðaltímatækni:
   a) Sparnaður
      — bættar vinnsluaðferðir í iðnaði
      — eyðslugrennri flutningavélar og farartæki
      — bættar aðferðir til að nýta úrgangsvarma
      — einangrun bygginga
   b) Aðdrættir
      — bættar aðferðir við að ná upp olíu
      — aðferðir við kolabrennslu sem eru virkari og skaða síður umhverfið
      — upphitun með sólarorku.
2. Millistigstækni:
      — olíuleirsteinn, tjörusandur
      — vinnsluvarmi úr kolum (beint eða með umbreytingu í gas)
      — bætt vinnsla kjarnaofna sem umbreyta eldsneyti
      — úrlausnaratriði varðandi meðferð kjarnorkueldsneytis, m. a. öryggi og meðferð úrgangs

APPENDIX B TO THE PRINCIPLES

The principal R, D & D areas requiring emphasis are:

1. Near and medium-term technologies:
   (a) Conservation
      — improved industrial processes
      — more efficient transport engines and vehicles
      — improved means of utilising waste heat
      — building insulation
   (b) Supply
      — enhanced oil recovery
      — more effective and environmentally acceptable means of coal combustion
      — solar heating.
2. Transition technologies:
      — oil shale, tar sands
      — process heat from coal (directly or through conversion to gas)
      — improved performance of nuclear convertor reactors
      — nuclear fuel cycle issues, including safety and waste disposal

— vökva- eða gaskennt eldsneyti, unnið úr kolum.

3. Endurnýjanlegar auðlindir sem komið geta að almennum notum:
— meiri háttar bein og óbein notkun sólarorku
— jarðhitaorka
— lífefni
— kjarnaofnar sem framleiða eldsneyti og önnur meðferð eldsneytis sem viðurkennd er með tilliti til efnahags-, stjórnmála- og umhverfissjónarmiða
— kjarnasamruni.

4. Könnun á öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum:
— vindar
— öldur
— breytingar á ástandi sjávar.

— coal-derived liquid and gaseous fuels.

3. Broadly applicable renewable resources:
— large scale direct and indirect solar energy uses
— geothermal energy
— biomass
— breeder reactors and alternative fuel cycles which are economically, politically and environmentally acceptable
— fusion.

4. Investigation of other renewable sources:
— wind
— wave
— ocean gradients.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjaneshrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkvæmt 76. grein Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð.

Hafréttarsáttmáli S. þ. veitir Íslendingum réttindi yfir hafsbotninum á Reykjaneshrygg og auðæfum hans, allt út í 350 mílur frá grunnlínum. Samkvæmt 76. grein sáttmálans verða strandríkin þó að gera reka að því að tryggja sér þau réttindi sem sáttmálinn heimilar þeim. Ókunnugt er um að íslensk stjórnvöld hafi fram að þessu hafist handa í þessu efni, þótt strandríki víða um heim vinni nú að því að tryggja sér réttindi yfir hafsbotninum utan 200 mílna efnahagslögsögunnar.

Hafsbotnsréttindin taka til allra auðæfa, sem í jarðlögum botnsins finnast, svo og allra lífvera, sem ekki hreyfa sig án snertingar við botninn. Þannig á jarðhiti á Reykjaneshrygg að tilheyra Íslandi, svo og hugsanlegir málmar sem m. a. geta myndast við neðansjávarumbrot og samþjöppun við mikinn hita. Þar að auki er líklegt að þar sé að finna skel- og krabbadýr sem eftir skilgreiningu Hafréttarsáttmálans tilheyra botninum.

En jafnvel þótt ekki sé vissa fyrir því, að þessi verðmæti verði nýtanleg í náinni framtíð, ber að tryggja Íslandi yfirráðin, þótt ekki væri til annars en að hindra „jarðrask“ annarra og eyðileggingu hafsvæða. Þar að auki er ljóst að yfirráðaréttur yfir botninum eykur áhrifin á stjórnun fiskveiða yfir honum bæði beint og óbeint þegar í stað, og þróunin á síðan vafalaust eftir að verða sú, að áhrif þessi aukist.

Þegar fregnir berast af gegndarlausri rányrkju Rússa á karfamiðunum á Reykjaneshrygg, sem aðeins linnti örskamman tíma á meðan þeir voru að smeygja á okkur hnappheldunni með efnahagssamningnum, ætti hverjum og einum að vera ljóst hve þýðingarmikið það er fyrir okkur í bráð og lengd að styrkja yfirráð okkar á þessu víðáttumikla hafsvæði.

Nd. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Við 30. gr., kafla E, bætist nýr töluliður, 4., er orðist svo:

4. Viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Við setningu tekjuskattslaganna var sú stefna mörkuð, að rekstrarkostnaður við íbúð viðkomandi skyldi ekki frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Síðan hefur verið horfið frá þessu varðandi leiguhúsnæði, þannig að húsaleiga er nú frádráttarbær að hálfu. Þetta hefur skapað misræmi, ekki síst ef jafnframt er haft í huga að verulegu opinberu fé og vaxandi er á ári hverju varið til byggingar leiguhúsnæðis. Á sama tíma hefur hlutur húsbyggjenda versnað svo, að einungis kjarkmenn ráðast í að reisa sér þak yfir höfuðið eins og nú er komið.

Ekki þarf að tíunda, hversu mikið er í húfi fyrir samfélagið að íbúðarhúsnæði sé sómasamlega haldið við. Á þessu hefur verið alvarlegur misbrestur varðandi hvers konar hús í opinberri eigu, íbúðarhús sem önnur. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, stuðlar að því, að einstaklingar haldi íbúðarhúsum sínum áfram vel við og séu forsjármönnum ríkiseigna til eftirdæmis hér eftir sem hingað til. Frumvarpið stuðlar m. ö. o. að varðveislu verðmæta, sem ekki veitir af á þessum síðustu tímum, um leið og það horfir til réttlætis. Þar sem þetta hvort tveggja fer saman er þess að vænta, að málið nái fram að ganga á hinu háa Alþingi.“

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um laxveiðar Færeyinga í sjó.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að stöðva rányrkju Færeyinga við veiðar Atlantshafslaxins í efnahagslögsögu sinni og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, ef nauðsynlegt reynist.

Greinargerð.

Á allra síðustu árum hafa Færeyingar hafið stórfelldar veiðar á laxi í sjó. Veiðar þessar verður að telja brot á alþjóðalögum. Þannig gerir 66. gr. Hafréttarsáttmálans til dæmis ráð fyrir því, að uppruna ríki þeirra fiskstofna, sem hrygna í fersku vatni, í ám og vötnum, hafi miklu víðtækari réttindi og skyldur til að vernda þessa stofna en nokkra fiskstofna aðra. Upprunaríkin geta til dæmis ákveðið aflahámark og hafa víðtækar heimildir til að hindra rányrkju annarra. Þannig er alveg ljóst að það er skýlaust brot á Hafréttarsáttmálanum, ef Færeyingar strádrepa Atlantshafslaxinn með þeim hætti sem þeir hafa gert. Þar er bæði um

að ræða siðlaust athæfi og eins er þessi grein Hafréttarsáttmálans, 66. gr., þverbrotin. Hún hefur raunar staðið óhögguð í öllum uppköstum Hafréttarsáttmálans árum saman og var því orðin venjuréttur eða lög „de facto" áður en Færeyingar hófu rányrkju sína. Athæfi þeirra er fyrir þær sakir enn alvarlegra en ella.

Nú viljum við Íslendingar enga þjóð fremur styrkja og styðja en Færeyinga og samskipti við þá viljum við hafa sem allra best, en það er hvorki Færeyingum né okkur í hag að sýna sinnuleysi í þessu efni — eða þá að grípa til annarra eins falsraka og þeirra, að Færeyingar eigi einhvern rétt á „beitartolli" eins og það er kallað. Hvað væri þá með aðrar fisktegundir, þær sem íslenskur sjór fóðrar, en aðrir veiða?

Þessi mál verða strandþjóðirnar við Atlantshaf að taka miklu fastari tökum en hingað til hefur verið gert, og þar er Hafréttarsáttmálinn svo ótvíræður að enginn efi er á því, að hægt er að sannfæra Færeyinga um réttleysi þeirra þegar upprunalönd laxastofnsins snúa bökum saman, þ. e. a. s. fyrst og fremst Norðurlöndin, Írar og Bretar, og halda rétti sínum til haga.

Auðvitað er vafasamt hvort blanda á þessu máli saman við umræður okkar og samstöðu með Færeyingum til að gæta sameiginlegra hafsbotnsréttinda, en þau hlýtur að bera á góma þegar næst verður rætt um veiðiheimildir Færeyinga við Ísland.

Sþ. 37. Fyrirspurn [37. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun á lögum um fuglafriðun.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvenær er þess að vænta, að frv. til laga um fuglafriðun verði lagt fram á Alþingi?

Ed. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breytingu á lögum um orlof, nr. 87 24. des. 1971.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Lágmarksorlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Laugardagar, sunnudagar eða aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð hefur 40 ára aldri á því orlofsári sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar fá þrjá daga í orlof, og sá, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá 3 daga til viðbótar.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum vegna þeirra, sem rétt eiga á lágmarksorlofi. Við 10 ára starf eða 40 ára aldur hækkar orlofsfé í 11.59% og við 18 ára starf eða 50 ára aldur hækkar orlofsfé í 13.40%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu hefur verið flutt á undanförnum tveim þingum, en ekki náð fram að ganga.

Þegar orlofslög voru sett á Alþingi á árinu 1942 var lagt til grundvallar að hver sá, sem lögin tóku til, skyldi fá jafnmarga virka daga í orlofi og hann hafði unnið marga almanaksmánuði næsta orlofsár á undan.

Samkvæmt gildandi lögum um orlof er aðalreglan sú, að orlof er 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð.

Við setningu laganna 1942 var vinnuvika verkafólks yfirleitt 48 klst. í dagvinnu, unnin á 6 virkum dögum, mánudegi til og með laugardegi. Á þeim tíma var því næsta eðlilegt, miðað við regluna um einn orlofsdag fyrir hvern unninn mánuð, að allir virkir dagar vinnuvikunnar teldust til orlofsdaga. Frídagar, sem til falla á orlofstímabili, og helgidagar hafa ávallt verið utan orlofs.

Almenn vinnuvika verkafólks hefur verið stytt í áföngum frá 1942 og er nú 40 klst. í dagvinnu, sbr. lög nr. 88 24. des. 1971, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 2. gr. nefndra laga er sú meginstefna mörkuð, að vinna skuli 8 dagvinnustundir á degi hverjum frá mánudegi til og með föstudegi, og í 4. mgr. sömu greinar er ákveðið að næturvinna taki við strax eftir dagvinnulok á föstudögum, þ. e. þegar lokið er lögbundinni vinnuviku. Fimm daga vinnuvika er því staðreynd hjá meginþorra verkafólks, unnin á mánudegi til og með föstudegi. Laugardagar eru þannig í reynd frídagar hjá öllu verkafólki öðru en því, sem vinnur afbrigðilegan vinnutíma, en það fólk fær þá jafnan annan vikudag sem frídag í stað laugardagsins.

Í samræmi við þá þróun, sem hér hefur verið rakin, hlýtur það að teljast réttlætismál, að til orlofsdaga teljist einvörðungu þeir fimm vinnudagar í viku hverri sem dagvinnuskylda fellur á, þ. e. mánudagur til og með föstudegi, en hvorki laugardagur, sunnudagur né aðrir frí- eða helgidagar sem til falla á orlofstímabili.

Þessi eðlilega og sjálfsagða leiðrétting hefur þó ekki átt sér stað, því samkvæmt gildandi lögum um orlof eru laugardagar taldir til orlofsdaga gagnstætt öðrum viðteknum frídögum. Í nokkrum tilfellum hafa þó stéttarfélög fengið fram leiðréttingu í þessum efnum með því að taka upp í kjarasamninga sína ákvæði um að laugardagar skuli ekki teljast með orlofi fremur en aðrir frídagar.

Þessi mismunandi tilhögun um ákvörðun orlofsdaga skapar óviðunandi misrétti milli starfshópa, jafnvel á einum og sama vinnustað. Úrelt lagaákvæði, sem ekki eru í samræmi við þá þróun vinnutímans sem átt hefur sér stað, mega ekki standa í vegi fyrir því, að jafnrétti komist á hvað lengd orlofstímans snertir.

Orlofslögin voru á sínum tíma sett til þess að tryggja verkafólki lágmarkshvíld frá störfum og þá höfð í huga vinnuverndarsjónarmið. Á þeim tæplega 40 árum, sem lögin hafa verið í gildi, hefur lágmarksorlof lengst úr 2 í 4 vikur, en er nú mun styttra hér á landi en víðast í nálægum löndum þar sem almennt orlof er 5—6 vikur (25—30 vinnudagar á ári).

Flutningsmenn telja rétt að samræma ákvæði um orlof þeim kjarasamningum er samninganefnd ríkisins hefur gert við opinbera starfsmenn. Í þeim kjarasamningum er gert ráð fyrir því, að langur starfsaldur veiti launþega rétt til aukins orlofs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir launþegar hafi sama lágmarksrétt í þessu tilviki og er ákvæði frumvarpsins um það efni nákvæmlega eins og kjarasamningar opinberra starfsmanna segja til um.

Með frumvarpi þessu er einungis leitast við að leiðrétta augljóst ranglæti og samræma orlofsrétt verkafólks þeirri þróun vinnuvikunnar sem almennt hefur átt sér stað á þeim tíma er liðinn er frá því er gildandi lagaregla var upp tekin, jafnframt því sem leiðrétt verði það misrétti sem nú viðgengst milli starfsstétta hvað lengd orlofsins snertir.

Nd. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson.

1. gr.

1. málsliður 1. mgr. 92. gr. laganna hljóði svo:

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður í samráði við Kjararannsóknarnefnd.

2. gr.

1. málsliður 2. mgr. 115. gr. laganna hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og Kjararannsóknarnefnd skýrslur í því formi, er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð eigi útrætt.

Megintilgangur þessa frumvarps er að hagkvæm og fljótvirk leið verði valin til að fá fram úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Vorið 1980 samþykkti Alþingi þingsályktun um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum. Tillaga þessi var margþætt og yfirgripsmikil og laut að upplýsingaöflun og úrvinnslu fjölmargra þátta er snerta kaup og kjör í landinu. Ljóst var að upplýsingaöflun sumra þeirra þátta gæti tekið langan tíma, en annað var hægt að vinna á skömmum tíma án mikils tilkostnaðar. Í greinargerð með þeirri tillögu sagði m. a.:

„Mikill meiri hluti efnahagslegra ákvarðana, sem teknar eru á Alþingi og í ríkisstjórn, miðar að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Slík vinnubrögð eru og í fullu samræmi við álit stórs hluta þjóðarinnar um framkvæmd á grundvallarhugmyndum um þjóðfélagslegt réttlæti. — Þó hér virðist við fyrstu sýn um ærið yfirgripsmikil, torleyst og umdeilanleg atriði að ræða, þá er þekking á þeim alger forsenda fyrir því, að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af einhverri skynsemi og sanngirni með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra. — Það er engum blöðum um það að fletta, að

kaup og kjör eru höfuðdeilumál sérhvers iðnvædds samfélags og sanngjörn uppbygging og þróun kjaramála forsenda réttmætrar skiptingar og hlutdeildar þjóðfélagsþegnanna í bættum þjóðarhag, auk þess sem slíkt tryggir vinnufrið, vaxandi atvinnuuppbyggingu í þjóðfélaginu og heilbrigt efnahagslíf.“

Það er ljóst að með samþykkt þeirra lagabreytinga, sem hér um ræðir, væri löggjafarvaldið fyrst og fremst að auðvelda framkvæmdavaldinu að fara að vilja Alþingis sem fram kemur í ýmsum greinum þessarar þingsályktunartillögu. Jafnframt tryggir það fyrirkomulag á úrvinnslu, sem hér er lagt til, að þeir hagsmunir, sem helstu samtök atvinnurekenda og launþega eiga að gæta í þessum efnum, verði að fullu tryggðir.

Í frumvarpinu er lagt til að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum um kjaramál úr skattframtölum, auk þess sem Kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ýtarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattayfirvöldum gert skylt að veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur í því formi er þessir aðilar ákveða um framtaldar tekjur og eignir. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessir aðilar mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis og ber því nauðsyn til að veita Kjararannsóknarnefnd einnig aðgang að upplýsingaöflun úr skattframtölum.

Jafnréttisráð verður einnig að telja til sögunnar í sambandi við kjararannsóknir, enda er ráðið sá aðili sem lögum samkvæmt á að fylgjast með að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Eðlilegt og réttmætt verður því að telja að Jafnréttisráð hafi aðgang að sem gleggstum upplýsingum um kjaramál til að auðvelda ráðinu að sinna hlutverki sínu og að samvinna verði milli þessara aðila um kjararannsóknir, þó ekki sé um beinan aðgang ráðsins að skýrslum skattyfirvalda að ræða.

Uppbygging Kjararannsóknarnefndar.

Núverandi skipan nefndarinnar á að tryggja að lykilaðilar vinnumarkaðarins hafi óskorað traust á starfseminni, þar sem þeir hafa ákvörðunarvald bæði hvað varðar verkefnaval og úrvinnslu. Aðilar að Kjararannsóknarnefnd eru Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. ASÍ skipar þrjá nefndarmanna, VSÍ tvo og VMS einn.

Lögum samkvæmt greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður kostnað af starfsemi nefndarinnar og hefur svo verið frá upphafi. Ekki verður séð að þung efnisleg rök mæli með því, að þessi sjóður standi straum af starfsemi af þessu tagi. — Hins vegar fylgir núverandi fyrirkomulagi sá kostur, að starfsemin er ekki með beinum hætti háð fjárveitingarvaldi á hverjum tíma, og þetta fyrirkomulag undirstrikar því sjálfstæði stofnunarinnar sem hlýtur að teljast fremur af hinu góða.

Nefndin er frjáls samstarfsvettvangur þeirra samtaka sem að henni standa. Nefndin byggir upplýsingaöflun sína ekki á lagalegri eða félagslegri skyldu upplýsingagjafa. Í þessu kann að felast nokkur styrkur, en jafnframt verður það að teljast verulegur veikleiki fyrir nefndina að hafa ekki í lögum stoð fyrir upplýsingaöflun sinni meðal atvinnurekenda.

Úrtaksupplýsingar nefndarinnar.

Með tilkomu nýs úrvinnslukerfis fyrir rúmu ári opnuðust Kjararannsóknarnefnd möguleikar sem áður voru ekki fyrir hendi. Þetta nýja kerfi gerir nefndinni kleift að færa mjög út kvíarnar í upplýsingaöflun. Úrtak nefndarinnar náði fyrr einungis til höfuðborgarsvæðisins og réðu þar fyrst og fremst tæknilegir örðugleikar á úrvinnslu. Þessari hindrun hefur nú verið rutt úr vegi og úrtakið tekur nú til allra landshluta. Nefndin framkvæmir úrtakskannanir sínar ársfjórðungslega. Aflað er einstaklingsbundinna upplýsinga um aldur, kyn, stéttarfélag, starf, atvinnugrein, laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir

vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum og sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantöldu. Þá er vinnutími eða öllu heldur greiddur tími sundurliðaður í dag-, eftir- og næturvinnu, svo og í vaktavinnu, ákvæðisvinnu og veikindi.

Úrtaksupplýsingar eru reglulega flokkaðar með margvíslegum hætti, eftir kynjum, grófri aldursskiptingu, eftir landshlutum, atvinnugreinum, stéttarfélögum og störfum. Megininntak úrvinnslunnar er að upplýsa meðaltímakaup og einstaka þætti þess. Upplýsingarnar taka ekki til mánaðar- eða árslauna, og í þessu felst grundvallarmunur á þeim upplýsingum, sem Kjararannsóknarnefnd vinnur, og á upplýsingum úr skattframtölum sem Þjóðhagsstofnun og Hagstofa vinna nú. Úrtaksupplýsingar nefndarinnar taka nú einungis til landverkafólks á samningssviði ASÍ, VSÍ og VMS, en ekkert á að vera því til fyrirstöðu, að fleiri geirar atvinnulífsins verði teknir fyrir, en eðlilega hefur megináhersla verið lögð á þetta svið.

Kjararannsóknarnefnd hefur nýlega tekið upp samstarf við samtök sjómanna og útvegsmanna í því skyni að afla reglubundið upplýsinga um launakjör far- og fiskimanna, en undirbúningur þessa er enn á frumstigi.

Upplýsingar úr skattframtölum.

Úrvinnsla launaupplýsinga úr skattframtölum hefur einkum verið tvíþætt. Annars vegar hefur Hagstofan, síðar í samstarfi við Þjóðhagsstofnun, aflað úrtaksupplýsinga úr framtölum launþega um atvinnutekjur kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna. Hins vegar hefur Hagstofan unnið altækar upplýsingar um tekjur kvæntra karla sem fela nánar til tekið í sér upplýsingar um meðaltekjur heimila kvæntra karla, flokkaðar eftir starfsstétt heimilisföður, — og eru þá meðtaldar tekjur eiginkonu og barna svo og aðrar tekjur en launatekjur, en þessar tekjur eru allar undanskildar í úrtakskönnun Þjóðhagsstofnunar um atvinnutekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna.

Með þeim stórtæku breytingum, sem gerðar voru á skattalögum og framtölum og til framkvæmda komu á s. l. ári, var a. m. k. um stundarsakir kippt stoðum undan úrvinnslu Hagstofu um heimilistekjur. Í tvö ár hefur því verið á döfinni endurskipulagning á úrvinnslu upplýsinga úr skattframtölum einstaklinga, en undirbúningur þessa er að því er virðist skammt á veg kominn. En Kjararannsóknarnefnd hefur leitað eftir því að fá að hafa hönd í bagga með því, hvernig þessari úrvinnslu verður háttað.

Með endurskipulagningu á úrvinnslu skattframtala verður væntanlega unnt að fá mun ýtarlegri upplýsingar en áður um laun og aðrar tekjur. Möguleikar eiga t. d. að vera á því að fá upplýsingar um launatekjur fólks sundurliðaðar eftir stéttarfélagsaðild, aldri og hjúskaparstétt, búsetu o. fl. Þá ættu einnig þegar að vera tæknilegar forsendur fyrir því að fá upplýsingar um meðalvikukaup sundurgreindar með sama hætti.

Verkaskipting stofnana.

Þær þrjár stofnanir, sem hér hafa verið nefndar, Kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, hafa allar haslað sér nokkurn völl á sviði kjararannsókna hérlendis. Þessar stofnanir hafa bærilega yfirsýn um hvað hinar aðhafast í þessum efnum, og verkaskiptingin er skýr, þó upplýsingastreymi þeirra á milli mætti vafalaust bæta.

Þjóðhagsstofnun hefur því meginhlutverki að gegna á sviði kjararannsókna að gera grein fyrir heildarstærðum tekna, verðlags, skatta o. fl. Þetta verkefni fellur augljóslega í hennar hlut sem ráðgefandi stofnunar á sviði efnahagsmála. Stofnunin hefur eins og hinar tvær margvíslegum skyldum að gegna á sviði upplýsingamiðlunar, jafnt um þau mál, er snerta kjararannsóknir, sem önnur mál.

Hagstofa Íslands hefur augljóslega miklu hlutverki að gegna á sviði kjararannsókna með því að stofnunin hefur á hendi framkvæmd á útreikningi verðvísitölu. Hlutverk hennar

við úrvinnslu skattframtala einstaklinga er fullkomlega eðlilegt, enda þótt gagnrýna megi að ekki hafi verið nóg að gert á þessu sviði af hálfu Hagstofunnar.

Starfsemi Kjararannsóknarnefndar hefur mjög verið í mótun á síðustu árum og hefur tekið verulegum breytingum frá fyrstu starfsárunum. Þetta er ofureðlilegt þegar haft er í huga að hagrannsóknir voru ákaflega skammt á veg komnar hér á landi við stofnun nefndarinnar. Meginverkefni nefndarinnar er í dag að afla sem víðtækastra upplýsinga um raunveruleg launakjör og vinnutíma verkafólks. Upplýsingar af þessu tagi og greining þeirra eru augljóslega helsta forsenda þess, að samningsaðilar viti a. m. k. stundum með nokkurri vissu hvaða áhrif einstök samningsákvæði eða breytingar á þeim hafa á hag umbjóðendanna. Starfsmenn nefndarinnar eru í nánu sambandi við hagdeildir heildarsamtakanna, og starfsemi þessi er að því leyti sérstæð, að hérlendis hafa bæði samtök launþega og vinnuveitenda hönd í bagga með henni, en víða erlendis, t. a. m. á hinum Norðurlöndunum, fer þessi starfsemi einhliða fram á vegum samtaka vinnuveitenda.

Ný úrvinnsla skattframtala.

Svo sem áður var vikið að stendur fyrir dyrum endurskipulagning á úrvinnslu skattframtala einstaklinga. Rammi þessarar úrvinnslu verða þær upplýsingar sem nú koma fram á launaseðlum og skattframtölum, en þessar upplýsingar hafa nær einvörðungu mótast af þörf hins opinbera til þess að hafa skýrt skilgreinda skattstofna. Ljóst er að úr skattframtölum væri unnt að afla mun ýtarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert.

Þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera og gæfu, ef því væri að skipta, möguleika á auknum sveigjanleika í álagningu opinberra gjalda. Jafnframt er ljóst að upplýsingar þær, sem hér um ræðir, yrðu mjög mikils virði fyrir aðila vinnumarkaðarins að því leyti sem þær upplýstu samsetningu launatekna og vinnumagn í einstökum greinum atvinnulífsins.

Athugasendir við einstakar greinar frumavarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin gerir ráð fyrir að ríkisskattstjóri ákveði **í samráði við Kjararannsóknarnefnd** hvernig skýrslur atvinnurekenda um launagreiðslur til starfsmanna skuli úr garði gerðar. Með þessari breytingu væri opnaður möguleiki á að Kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ýtarlegri upplýsinga en nú er gert um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum. Með þessu fyrirkomulagi eru hagsmunir hins opinbera í þessu efni engu lakar tryggðir en nú gerist, en Kjararannsóknarnefnd og þar með hlutaðeigandi aðilum vinnumarkaðarins gefið tækifæri til þess að móta upplýsingaöflun. Við alla kjarasamningagerð er notagildi þeirra upplýsinga, sem þar fengjust, mjög þýðingarmikið.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu væri Kjararannsóknarnefnd tryggður aðgangur að fyllstu upplýsingum úr skattframtölum. Ljóst virðist að þessir aðilar hefðu á liðnum árum haft af því verulegt gagn að hafa fullan og óskoraðan aðgang að þessum upplýsingum til jafns við Þjóðhagsstofnun og Hagstofu. Með ýtarlegri upplýsingum og úrvinnslu framtala verður þörfin í þessu efni að nauðsyn. Í þessu sambandi skal á það bent, að í þeirri grein laganna, sem hér um ræðir, er þegar til staðar ákvæði um þagnarskyldu þeirra sem fjalla um skattframtöl, og tæki þetta ákvæði að sjálfsögðu til Kjararannsóknarnefndar.

Sþ. 40. Fyrirspurn [40. mál]

til menntamálaráðherra um Kvikmyndasjóð Íslands.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvenær má vænta að frumvarp til laga um Kvikmyndasjóð Íslands verði lagt fram á Alþingi?

Ed. 41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Lárus Jónsson.

1. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna: Félagslegar ástæður, falli niður.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

3. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkvæmt gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella niður, að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast.

Það er skoðun flutningsmanna, að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu, þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar

nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna". Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað er „of erfitt" í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður". Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu, að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil, þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum, skal lífi þess tortímt, ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil, ef konan býr við „bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu". Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt".

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því, að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað ískyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar 1 000 konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, árið 1975 5.9, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4, árið 1978 8.4 og árið 1979 10.2. Á tímabilinu 1962 til 1970 voru skráðar 61 til 109 fóstureyðingar á ári. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, 1977 456, 1978 453 og 1979 563. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975, bar 1. flutningsmaður þessa frumvarps fram breytingartillögu við frumvarpið að lögum þessum, þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Breytingartillagan náði ekki fram að ganga. Þessa breytingartillögu hefur 1. flutningsmaður tekið upp á ný á þrem þingum í formi frumvarpa til laga, sem voru samhljóða því, sem hér er nú lagt fram. Þá hlutu frumvörpin ekki afgreiðslu. Er þess nú freistað enn á ný að leggja málið fyrir Alþingi í trausti þess, að það nái nú fram að ganga.

Fyrir þrem árum bar hátt umræður um velferð barnsins. Þess var vænst, að barnaár Sameinuðu þjóðanna yrði okkur einhver hvatning í þessu efni. Hvað hefði verið háleitari hugsjón en að þjóðin hefði sett sér á þessu barnaári það markmið, að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum. En barnaárið leið án þess að til slíks kæmi. Í öllum umræðunum hér um velferð og rétt barnsins gleymdist helgasti rétturinn, rétturinn til lífsins. Hinir mörgu einstaklingar og félagasamtök, sem létu til sín heyra, véku ekki að því að létta á fargi fóstureyðinganna. Það var aðeins gert í lofsverðum undantekningartilfellum.

En þó það væri þagað þunnu hljóði hér á landi um þau grundvallarmannréttindi, sem rétturinn til lífsins er, þá var það síður en svo að slíkt gerðist hvarvetna annars staðar. Þannig var t. d. í tilefni barnaársins samþykkt á þingi Evrópuráðsins 3. október það ár ítarleg ályktun um velferðarmál barnsins. Ályktun þessi kveður meðal annars á um að vernda skuli rétt sérhvers barns til lífs frá því að getnaður á sér stað. Í ályktun þessari er skorað á ráðherranefnd Evrópuráðsins að hefjast þegar handa um gerð Evrópusáttmála um þau réttindi barnsins, sem ályktunin fjallar um. Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu, svo sem kunnugt er. Okkur varðar því um hvað gerist á þeim vettvangi. Þetta frumvarp er því meðal annars eðlilegt andsvar við því, sem þar er að gerast.

Mörg fleiri dæmi mætti taka erlendis frá, er sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Þetta er ekki að

ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu, sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga.

Það var því fullkomin öfugþróun, sem átti sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25 1975. Með frumvarpi þessu er því lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frumvarpið felur í sér, að fóstureyðingar verði ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar samt, að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður getur skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til, að í þessu landi búum við við víðtæka, almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það, sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum. En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem fæðingarorlofi og mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur, svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda, sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir, sem ekki er til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanlega tjón, sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Íslendingar hafa sérstöðu í ýmsum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum, og þá einkum þeim fjölmennustu, er fólksfjölgun eitt meginvandamálið, sem við er að glíma. Fólkinu fjölgar þar um of miðað við efnahag, félagslegar aðstæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í samband við offjölgunarvandamál, sem þar er við að stríða, þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar, sem felst í fóstureyðingu. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu, sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því, hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk, er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum, sem því fylgja. Það er í húfi, að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum, ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga, þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frumvarp þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá,

að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því, að það er um mannslíf að tefla, þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði, að þetta mannslíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt, að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða, eða konan hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frumvarp þetta flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir, að fólk geti notið hamingu, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að bera afleiðingarnar, ef það vill það ekki, þá er það sama þjóðfélag að kippa stoðunum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Þá duga ekki jafnvel félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið, að jafnvel eigin geðþótti og makræðisjónarmið ráði því, hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagur og félagsleg aðstoð verður þá aldrei einhlít vörn í þessum vanda, því það er ekki einungis um félagslegt vandamál að ræða, heldur siðrænt vandamál. Til þarf að koma lífs- og manngildismat á siðferðilegum grunni.

Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju í gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lifi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn, sem hafa fengið góða umönnun og gott veganesti út í lífið, þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því, að aðhlynning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati, sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleiðar. Samkvæmt því mati er rétturinn til lífs undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárri forneskju að ætla af félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um. Langt er nú liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi. En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma, ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði á þeim tíma verið framkvæmanleg með sama hætti og nú, hefði sú aðferð vafalaust verið notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama, hve lífið hafði langt fram gengið, þegar því var tortímt. Samkvæmt Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur, ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnst slík lög og reglur nú víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög, sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum og um lögmæti þess fari eftir því, hvað þroska þessa lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak, því að félagslegar aðstæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem það er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á löngum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhorf, sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni örlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við. Með frumvarpi þessu er þess freistað, að svo megi verða.

Ed. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Lárus Jónsson.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:
Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr.	9 000
Með tveim börnum	—	22 500
Með þrem börnum eða fleiri	—	36 000

2. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. bætist:
Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsfæðingu.

3. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. bætist:
Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsburð, ef hún hefur á framfæri sínu annað barn undir 17 ára aldri.

4. gr.

Ný grein komi, er verði 18. gr., og orðist svo:
Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr., er tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).

Tryggingaráð getur ákveðið að kona í hjúskap eða í sambúð geti fengið sömu greiðslur og einstæð móðir samkvæmt 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, ef tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna, sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

5. gr.

Í stað „ekkjubætur“ í stafliðum a, b og c í 2. mgr. 51. gr. (er verður 52. gr.) komi: bætur.

6. gr.

Niður falli orðin „fjárhag og“ í 1. mgr. 73. gr. (er verður 74. gr.).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp hefur 1. flutningsmaður flutt á þrem þingum, en það hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt með þeim breytingum, að upphæð mæðralauna skv. 1. gr. er hækkuð til samræmis við hækkað verðlag.

Frumvarp þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir, sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum, sem nú geta samkvæmt lögum heimilað fóstureyðingu. Lagt er til, að þetta sé gert með breytingum á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum í hjúskap eða í sambúð, sem eru hjálparþurfi.

Frumvarpið hefur í för með sér eftirfarandi meginbreytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Mæðralaun eru hækkuð mikið frá því sem nú er. Sú hækkun er mun meiri með einu barni og tveim börnum en með þrem börnum eða fleiri.
2. Tekin er upp ný bótagreiðsla til einstæðra mæðra vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum, sem barnsburður veldur þeim. Bætur þessar skulu vera jafnar að upphæð og ekkjulífeyrir almannatrygginga. Réttur til þessara bóta er í sex mánuði eftir barnsfæðingu. Hafi hin einstæða móðir annað barn á framfæri sínu undir 17 ára aldri, á hún rétt á þessum bótum í 12 mánuði til viðbótar.
3. Þegar bætur skv. 2. tl. falla niður, er tryggingaráði veitt heimild til að greiða einstæðri móður lífeyri, er nemi að upphæð sem svarar allt að fullum ellilífeyri einstaklingsins samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).
4. Heimild er veitt tryggingaráði til að geta ákveðið, að aðstoð, sem einstæðum mæðrum er veitt samkvæmt framansögðu, geti verið látin í té konum í hjúskap eða í sambúð, ef um er að ræða fjárhagserfiðleika og aðrar bágar félagslegar ástæður, sem samkvæmt núgildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu.

Frumvarp þetta er flutt á þeirri forsendu, að fóstureyðing leysi ekki félagslegan vanda, heldur þvert á móti. Þjóðfélag, sem leyfi fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, líti fram hjá hinum raunverulega vanda, sætti sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. Frumvarp þetta miðar að því að svo verði gert.

Nd. 43. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðist þannig:

Um forkaupsrétt sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

2. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. laganna orðist þannig:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti. Stjórn verkamannabústaða skal, fyrir hönd sveitarstjórnar, annast innkaup og endursölu þessara íbúða. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. og 68. gr., svo og 53. gr. eftir því sem við á.

Þegar eigandi að íbúð í verkamannabústað, sem byggð var samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, vill selja íbúð sína, skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar verkamannabústaða. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal íbúðin verðlögð samkvæmt 66. gr.

3. gr.

66. gr. laganna orðist þannig:

Kaupverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð, að viðbættri hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur þegar forkaupsréttar er neytt. Ennfremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá fyrningu, 0.5%—1% á ári, af framreiknuðu kaupverði. Að auki skal seljandi njóta verðhækkunar á hluta af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að til verðbóta reiknist 4% af eftirstöðvunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, en þannig koma verðbætur á allt lánið eftir 25 ára eignarhald. Vanrækslu á viðhaldi íbúðarinnar má meta til lækkunar á verði hennar. Ef á íbúðinni hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins skulu eftirstöðvar þess koma til frádráttar greiðslu til seljanda miðað við uppfærðan höfuðstól.

4. gr.

67. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði eða því kaupverði, sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu til endursöludags.

Ennfremur skal bæta við matsverði endurbóta og viðhaldskostnaði, ef til er að dreifa, en draga frá fyrningu, sem reiknast 0.5%—1% á ári af uppfærðu verði. Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með sömu kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% af söluverði íbúðanna til nýrra kaupenda, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af lánsfjárhæðinni til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. c-lið 37. gr.

Mismunur á innkaupsverði og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 54. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Meginbreytingarnar, sem þörf er á að gera, eru tvenns konar. Annars vegar að létta af sveitarfélögum kaupskyldu á íbúðum í verkamannabústöðum byggðum fyrir 1. júlí 1980 en láta þau njóta forkaupsréttar í staðinn. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur mikla áherslu á þetta atriði, þar sem kaupskyldan hefur reynst ýmsum sveitarfélögum þung í skauti. Hins vegar að sníða af annmarka á reglum laganna um innkaup og endursölu þessara íbúða, sem komið hafa í ljós í framkvæmd og hindrað eðlilega sölu. Er þá einkum haft í huga að koma í veg fyrir stökkbreytingar á verðlagningu íbúðanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðist þannig:

Um forkaupsrétt sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

2. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 65. gr. laganna orðist þannig:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og hlotið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti. Stjórn verkamannabústaða skal, fyrir hönd sveitarstjórnar, annast innkaup og endursölu þessara íbúða. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. og 68. gr., svo og 53. gr. eftir því sem við á.

Þegar eigandi að íbúð í verkamannabústað, sem byggð var samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, vill selja íbúð sína, skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar verkamannabústaða. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal íbúðin verðlögð samkvæmt 66. gr.

3. gr.

66. gr. laganna orðist þannig:

Kaupverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð, að viðbættri hækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingakostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verka-

manna og eftir stendur þegar forkaupsréttar er neytt. Ennfremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá fyrningu, 0.5%—1% á ári, af framreiknuðu kaupverði. Að auki skal seljandi njóta verðhækkunar á hluta af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að til verðbóta reiknist 4% af eftirstöðvunum fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, en þannig koma verðbætur á allt lánið eftir 25 ára eignarhald. Vanrækslu á viðhaldi íbúðarinnar má meta til lækkunar á verði hennar. Ef á íbúðinni hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins skulu eftirstöðvar þess koma til frádráttar greiðslu til seljanda miðað við uppfærðan höfuðstól.

4. gr.

67. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði eða því kaupverði, sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu til endursöludags.

Ennfremur skal bæta við matsverði endurbóta og viðhaldskostnaði, ef til er að dreifa, en draga frá fyrningu, sem reiknast 0.5%—1% á ári af uppfærðu verði. Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með sömu kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% af söluverði íbúðanna til nýrra kaupenda, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af lánsfjárhæðinni til Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. c-lið 37. gr.

Mismunur á innkaupsverði og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 54. gr. um verðlagningu hennar, ef hún er keypt inn öðru sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júlí 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa nú þegar samræmdar framkvæmdir við endurreisn og uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði í samræmi við tillögur stjórnskipaðrar nefndar, sem skipuð var 18. ágúst 1980.

Verulegt fjármagn verði veitt til þessa verkefnis á fjárlögum 1983 til uppbyggingar skólans og til annarra framkvæmda á staðnum.

Stefnt skal að því, að framkvæmda- og kostnaðaráætlun um uppbyggingu á staðnum í heild verði tilbúin áður en gengið verður frá fjárlagagerð fyrir árið 1984.

Greinargerð.

Reykholt er í huga fólks, jafnt Íslendinga sem annarra þjóða manna, helgur staður vegna þeirra andans stórvirkja, sem þar voru unnin.

Héraðsskólinn í Reykholti hefur í rúm 50 ár notið álits og trausts og verið sóttur af nemendum víðs vegar að af landinu og jafnan verið fullsetinn og oftast orðið að vísa fjölda umsækjenda frá.

Saga Reykholts í fortíð og samtíð krefst þess, að uppbygging og svipur staðarins í framtíð verði sú héraðsprýði sem einum sögufrægasta stað Norðurlanda ber. Það á að vera metnaðarmál Íslendinga.

Um margra ára skeið hafa mannvirki í Reykholti verið í niðurníðslu vegna skorts á fjármagni til viðhalds — til vansæmdar héraðinu og landinu öllu. Þrátt fyrir sögufrægð staðarins, sem dregur erlenda og innlenda ferðamenn að staðnum, Héraðsskólann, sem starfað hefur fullsetinn yfir 50 ár, náttúrufegurð, jarðhita o. fl., hefur ekki tekist að fá fram samræmdar aðgerðir og fjármagn til að endurbyggja staðinn og gera Reykholt að glæsilegu menningar- og menntasetri þjóðarinnar, sem flestir eru þó sammála um og mundi tvímælalaust auka hróður Íslands meðal annarra þjóða, slík er frægð staðarins. Hér þarf til að koma stefnubreyting, framkvæmdir í stað kyrrstöðu.

Eitt brýnasta verkefnið er að ljúka uppbyggingu skólahúsnæðis í Reykholti. Forgangsverk er að koma upp svokallaðri A-álmu þar sem á að vera mötuneytis- og félagsaðstaða skólans, sem er algjörlega ófullnægjandi í dag og stendur öllu skólastarfi fyrir þrifum og mundi stórbæta aðstöðu fyrir ferðamannaþjónustu yfir sumartímann.

Koma þarf upp viðunandi aðstöðu fyrir bókasafn skólans og vinnuaðstöðu við safnið. Einnig þarf að koma upp safni er hefur fræðilegt gildi vegna rannsókna á störfum Snorra Sturlusonar og áhrifum hans. Stórauka þarf viðhald og endurnýjun húsbúnaðar og tækja skólans. Gera þarf heildarskipulag fyrir staðinn, leggja bundið slitlag á heimakstursbraut og bifreiðastæði.

Snorragarð þarf að fegra með meiri uppgræðslu og skógrækt.

Skapa þarf aðstöðu í Reykholti fyrir norræna fræðimenn til dvalar og fræðiiðkana, þar sem staðurinn mun í vaxandi mæli verða samnorrænn staður. Æskilegt væri að komið verði upp sérstakri Snorrastofu og minjasafni í Reykholti.

Hér eru aðeins tilgreind örfá atriði til að rökstyðja þörfina á að byggja upp og endurreisa Reykholt. Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar fara fram á viljayfirlýsingu Alþingis til styrktar þessu máli. Að öðru leyti vísast til fylgiskjala sem eru:

1. Áfangaskýrsla Reykholtsnefndar, dags. 23/10 1981.
2. Greinargerð skólastjóra Héraðsskólans júlí 1982.
3. Álitsgerð skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti.
4. Bréf kennara, starfsfólks og nemenda Héraðsskólans, dags. 26/10 1981.
5. Bréf Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 29/6 1981.
6. Bréf Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 21/10 1981.
7. Bréf Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 20/6 1981.
8. Bréf Fræðsluráðs Vesturlandsumdæmis, dags. 27/5 1981.
9. Bréf Heilbrigðisnefndar Reykholtsdalshrepps, dags. 1/6 1981.
10. Samþykktir aðalfundar Kaupfélags Borgfirðinga, dags. 29/9 1981 og 29/6 1982.

Fylgiskjal I.

Áfangaskýrsla

Reykholtsnefndar, skipaðrar af menntamálaráðherra 18. ágúst 1980, um málefni Reykholts í Borgarfirði.

I.

Hinn 18. ágúst 1980 skipaði menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig haga skuli framkvæmd þeirra mála í Reykholtsstað, sem varða fleiri en eitt ráðuneyti, svo sem skólp-, vatns- og hitaveitumála, skipulags staðarins, leyfis til bygginga, atvinnurekstrar o. fl. Einnig var nefndin beðin að semja yfirlit um hvaða umbætur hún teldi þurfa að gera á staðnum og í hvaða röð ætti að framkvæma.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Rúnar Guðjónsson sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, formaður, skipaður án tilnefningar, Þorleifur Pálsson deildarstjóri og sr. Geir Waage sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Haukur Jörundarson skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðuneytisins, Snorri Þorsteinsson fræðslustjóri, samkvæmt tilnefningu skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti, sr. Jón Einarsson sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu Reykholtsnefndar, og Ólafur Þórðarson, þáv. skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti, skipaður án tilnefningar.

Nefndin hefur þegar haldið 8 fundi og var Þorleifur Pálsson skipaður ritari nefndarinnar á fyrsta fundi hennar. Auk þessa hefur formaður ýmist einn eða ásamt ritara átt fundi með nokkrum aðilum, sem málið varðar. Má þar nefna Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu, Zóphónías Pálsson skipulagsstjóra ríkisins, Skúla Guðmundsson forstöðumann framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps. Þá hafa allir nefndarmenn haft sérstök verkefni að vinna úr á milli funda.

Nefndin hefur aflað ýmissa gagna, svo sem allra þinglýstra eignar- og afnotaheimilda að jörðinni Reykholti, ljósrita úr úttektarbókum prófastsdæmisins, fundargerða skólanefndar Reykholtsskóla, loftmyndir af jörðinni, tillagna að skipulagsuppdráttum, greinargerðar Fjarhitunar hf. um hitaveitu í Reykholti og margra fleiri gagna, sem ekki verða hér talin upp.

Nefndin hefur að hennar mati hvergi nærri lokið störfum, en telur tímabært að leggja nú fram greinargerð um störf sín til þessa, sem e. t. v. mætti nefna áfangaskýrslu.

II.

Jörðin Reykholt er prestsseturs- og kirkjujörð í eigu ríkisins. Nokkrir leigusamningar hafa verið gerðir um einstaka jarðarhluta og lóðir undir einbýlishús. Skal hér getið þeirra, sem þinglýst hefur verið.

Hinn 11. apríl 1931 gerði þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, Jónas Jónsson, tvo leigusamninga um jörðina. Með öðrum samningnum leigði hann héraðsskólanum í Reykholti 1/2 jörðina frá fardögum 1931 til 50 ára. Með hinum samningnum leigði hann þáverandi kennara, síðar skólastjóra í Reykholti, Þóri Steinþórssyni, 1/4 af jörðinni, einnig frá fardögum 1931 til 50 ára. Leigusamningar þessir runnu því báðir út á síðastliðnu vori.

Með samningi, dags. 29. október 1933, leigðu ábúendur í Reykholti Kornræktarfélaginu í Reykholti 15 ha. lands á svonefndri Stekkjareyri og í móunum þar upp af. Land þetta var leigt til 25 ára frá fardögum 1934. Leigusamningur þessi var staðfestur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 14. maí 1934.

Með sölu- og afsalssamningi, dags. 22. október 1938, seldi Kornræktarfélagið Andrési Kjerúlf á Akri rétt félagsins til landnota í Reykholti, sbr. fyrrnefndan leigusamning.

Með leigusamningi, dags. 21. sept. 1938, leigðu ábúendur í Reykholti með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytis Gróðurhúsfélagi Reykholtsdalshrepps landspildu allt að 1/2 ha. úr óskiptu landi jarðarinnar sunnan og vestan við hverinn Dynk ásamt réttindum til að hagnýta heitt vatn úr hvernum eftir því sem með þarf til starfrækslu gróðurhúsa og annarrar ræktunar. Landið er leigt til 25 ára frá 1. jan. 1938 að telja.

Með leigusamningi, dags. 28. ágúst 1944, leigðu ábúendur Reykholts með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins Birni Ólafssyni, Reykholti, landspildu úr óskiptu landi jarðarinnar utan túns ofan skurðar hjá Dynk 1/2 ha. að stærð. Landspildan er leigð ásamt réttindum til að hagnýta heitt vatn á landinu eftir þörfum til upphitunar húsa og starfrækslu gróðurhúsa. Landið er leigt til 15 ára frá fardögum 1944.

Með leigusamningi, dags. 20. mars 1963, leigði landbúnaðarráðherra hinum sama Birni Ólafssyni, sem þá hafði nefnt garðyrkjubýli sitt Varmaland, landspildu úr landi Reykholts til starfrækslu gróðurhúsa og garðræktar. Stærð hins leigða lands er 1.973 ha. Leigutíminn er 60 ár frá 1. janúar 1963.

Við skipti á dánarbúi fyrrnefnds Björns Ólafssonar, Varmalandi, sem andaðist 29. september 1971, kom íbúðarhúsið að Varmalandi og 2/6 hlutar garðyrkjustöðvarinnar í hlut ekkju hans, Margrétar Jóhannsdóttur, en 4/6 hlutar garðyrkjustöðvarinnar komu í hlut fjögurra barna hans, Elínar, Sveins, Ólafar og Jóhönnu, að jöfnu, allt skv. skiptasamningi, sem gerður var á árinu 1975.

Með afsali 1975 selja erfingjar Björns Ólafssonar Sveini Björnssyni garðyrkjustöðina að Varmalandi ásamt öllu tilheyrandi að íbúðarhúsinu undanteknu.

Með lóðarleigusamningi, dags. 9/1 1960, leigði landbúnaðarráðherra Páli Jónssyni trésmíðameistara, Smiðjuholti (v/Reykholt), byggingarlóð úr landi Reykholts 1600 m² að stærð og ræktunarlóð 6 ha. að stærð. Byggingarlóðin liggur austan vegar, er liggur til norðurs frá skóla og prestshúsi, en ræktunarlóðin takmarkast að norðan af þjóðvegi, vestan af landi Grímsstaða og sunnan af landi Akurs. Lóðin er leigð til 50 ára frá útgáfudegi samnings.

Með lóðarleigusamningi, dags. 9. jan. 1960, leigði landbúnaðarráðherra Jóni Þórissyni kennara, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykholts 1080 m² að stærð. Lóðin liggur vestan vegar, er liggur til norðurs frá skólabyggingunni. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með lóðarleigusamningi, dags. 11/7 1960, leigði landbúnaðarráðherra Steingrími Þórissyni, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykholts 2200 m² að stærð. Lóðin liggur austan við austurveginn heim að Reykholti. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með afsali, dags. 8/2 1966, selur Páll Jónsson menntamálaráðuneytinu allar fasteignir tilheyrandi iðnaðarbýlinu Smiðjuholti, þ. e. a. s. íbúðarhús, iðnaðarhús (trésmiðju) og

leigulóðarréttindi, sem hann hafði fengið með samningi við landbúnaðarráðherra 9/1 1960, sbr. hér að framan.

Með lóðarleigusamningi, dags. 18/3 1966, leigði landbúnaðarráðherra Sigríði Elísabetu Jónsdóttur, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykholts 1200 m² að stærð. Lóðin er hornlóð og liggur austan vegar, er liggur til norðurs frá skólabyggingunni. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með lóðarleigusamningi, dags. 3/9 1968, leigði landbúnaðarráðherra Jónasi Árnasyni alþingismanni, Reykholti, byggingarlóð 1200 m² að stærð og ræktunarlóð 6 ha. Byggingarlóðin er nyrsta lóð austan vegar, er liggur til norðurs frá skóla og prestshúsi. Ræktunarlóðin er hin sama og leigð er Páli Jónssyni með samningi 9/1 1960. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með afsali, dags. 2. febrúar 1972, selur Jónas Árnason alþm. menntamálaráðuneytinu húseign sína, Brennubæ í landi Reykholts, með lóðar- og vatnsréttindum.

Með lóðarleigusamningi, dags. 14. maí 1973, leigði landbúnaðarráðherra Þorvaldi Jónssyni, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykholts 1200 m² að stærð. Leigutími er 50 ár.

Með leigusamningi, dags. 14. sept. 1973, leigði landbúnaðarráðherra Sveini Björnssyni, Varmalandi, landspildu þá úr landi Reykholtsjarðar, sem faðir hans hafði haft, sbr. hér að framan, samn. dags. 20/3 1963. Landið er leigt til 40 ára frá 1. okt. 1973.

Með lóðarleigusamningi, dags. 7/11 1974, leigði landbúnaðarráðherra Þóri Jónssyni, þá búsettum á Höfn í Hornafirði, byggingarlóð úr landi Reykholts 1200 m² að stærð. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með afsali, dags. 26/9 1980, varð Ríkissjóður Íslands v/menntamálaráðuneytis eigandi að verslunar- og verkstæðishúsi Steingríms Þórissonar í Reykholti ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Með afsali Sigríðar E. Jónsdóttur, dags. 7/8 1981, varð Ríkissjóður Íslands v/menntamálaráðuneytis eigandi að íbúðarhúsi hennar í Reykholti ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

III.

Svo sem fyrr hefur fram komið hefur nefndin haldið nokkra fundi og rætt málin allítarlega. Einnig hefur verið leitað eftir upplýsingum og ábendingum frá ýmsum aðilum, sem málið varðar. Miklum tíma á fundum nefndarinnar hefur verið varið til umræðna um það, hver eða hverjir skuli í framtíðinni hafa forræði á Reykholtsstað, sem í dag er prestssetur og menntasetur, auk þess sem þar er stundaður búskapur. Þar sem nefndin taldi að forræðismálin hefðu grundvallarþýðingu fyrir áframhaldandi störf hennar, enda runnu leigusamningar þeir, sem gerðir voru á sínum tíma við héraðsskólann og Þóri heitinn Steinþórsson, út síðastliðið vor, ritaði formaður nefndarinnar bréf til dóms- og kirkjumálaráðherra sem forráðaaðila staðarins og óskaði eftir því, að ráðuneytið tjáði nefndinni hugmyndir sínar og áform varðandi hugsanlega endurnýjun leigusamninga. Formaður og ritari nefndarinnar hafa einnig átt viðræður við dóms- og kirkjumálaráðherra og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis um mál þessi. Viðræður munu og hafa átt sér stað milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, en niðurstöður þeirra viðræðna hafa ekki borist nefndinni né heldur svör dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Augljóst virðist vera, að það hefur háð þróun staðarins hvað varðar framkvæmdir og umhirðu, að skort hefur glögg skil lands milli notenda, svo og það, að engum tilteknum ábyrgum aðila hefur verið falið að hafa á hendi heildarstjórn og eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á staðnum.

Skipulagsmál Reykholtsstaðar hefur mjög borið á góma hjá nefndinni. Einstakir nefndarmenn hafa átt viðræður við skipulagsstjóra ríkisins og hann hefur aftur falið tveimur starfsmönnum sínum að vinna að skipulagstillögum, og hafa þeir setið einn fund með nefndinni í Reykholti, þar sem staðurinn var skoðaður og síðan skipst á skoðunum.

Áður hafa verið gerðar tillöguuppdrættir að skipulagi fyrir Reykholt, en þeir hafa ekki hlotið staðfestingu. Nefndin hefur yfirfarið tillöguuppdrætti þessa og jafnframt reynt að gera sér grein fyrir því, hvernig skipulagi að mannvirkjagerð yrði best fyrir komið. Töldu nefndarmenn að þar þyrfti m. a. að hafa í huga nýja heimreið, svæði fyrir nýja kirkju og kirkjugarð, lóðir fyrir Snorrastofu og/eða safn og viðbótarskólamannvirki. Einnig þyrfti að huga að alhliða fegrun staðarins, sem mjög er nú ábótavant, og nægir þar að nefna sem dæmi hinn svonefnda Snorragarð, sem er í niðurníðslu og þarf mikilla lagfæringa við.

Veitumál Reykholtsstaðar hafa fengið allnokkra umfjöllun í nefndinni. Aflað hefur verið ýmissa gagna, sem að þeim lúta, og einnig upplýsinga frá þeim, sem til þekkja. Niðurstaða þessara athugana er sú, að veitumálin, þ. e. a. s. skólp- og vatns- og hitamál, séu í ólestri, en einkum þó vatnsveita og hitaveita. Hvort tveggja er um að ræða skipulags- og stjórnunarvandamál og einnig er þörf mikilla úrbóta á báðum þessum sviðum, einkum á dreifikerfinu, sem mun yfirleitt vera gamalt og lélegt og raunar úrelt að ýmsu leyti. Skólinn mun hafa staðið fyrir því, sem gert hefur verið í þessum efnum eftir 1931, og er ekkert formlegt samkomulag til milli aðila um afnotin og réttindi og skyldur í því sambandi.

Að tilhlutan Innkaupastofnunar ríkisins gerði verkfræðifirmað Fjarhitun hf. í Reykjavík í júlí 1975 úttekt á hitaveitumálum í Reykholti og tillögur til úrbóta um dreifingu heita vatnsins og lauslega kostnaðaráætlun. Í þeirri skýrslu segir m. a. að nauðsynlegt sé að koma dreifingu jarðhitans í gott lag, fá úr því skorið, hverjir eigi land- og hitarétt, og stofna síðan félag, sem kosti þær framkvæmdir sem nauðsynlegt sé að gera í Reykholti, og koma á föstu sölufyrirkomulagi heita vatnsins.

IV.

Margt af því, sem gera þarf í Reykholti staðnum og starfsemi þeirri, sem þar fer fram, til framdráttar, geta víst flestir þeir aðilar, sem með staðarmál hafa að gera, verið sammála um, svo mjög liggur það í augum uppi. Málefni staðarins hafa verið rædd meðal staðarmanna sumra og um þau gerðar bókanir og tillögur til úrbóta, sem sumar hafa borist nefndinni. Vitað er að málin hafa verið rædd í hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps, skólanefnd Reykholtsskóla og sóknarnefnd Reykholtskirkju og eru þessir aðilar sammála um ýmis atriði varðandi skipulag og nýtingu staðarins.

Tveir nefndarmenn, þeir sr. Jón Einarsson og Ólafur Þórðarson, hafa lagt fram í nefndinni skriflegar tillögur sínar, og hafa þær, einkum tillögur sr. Jóns, sem fyrr komu fram, verið ræddar nokkuð í nefndinni. Aðrir nefndarmenn hafa lýst áliti sínu á ýmsum greinum munnlega í nefndinni.

Með hliðsjón af öllu því, sem hér að framan hefur verið rakið, er rétt að draga saman helstu niðurstöður, a. m. k. til bráðabirgða, en þó ber að taka fram, að nefndin hefur ekki náð algerri samstöðu í öllum greinum, og einnig mun hún enn um sinn vinna að endanlegri áltisgerð sinni áður en henni verður skilað.

1. Landnýting jarðarinnar.

1.1. Skólinn fái til afnota allt það land, sem hann þarfnast til alhliða skólastarfs og uppbyggingar hvað varðar skólamannvirki, útivistarsvæði, kennarabústaði og hótelrekstur. Landssvæði þetta verði mælt út og skýrt afmarkað. Um stærð landsins fari að öðru leyti eftir samkomulagi forráðaaðila staðarins.

1.2. Hlíðin norðan og ofan byggðarinnar í Reykholti verði afgirt og friðuð og tekin til skógræktar.

1.3. Ríflegt landssvæði vestan núverandi kirkju og kirkjugarðs verði ætlað sem uppbyggingar- og athafnasvæði vegna prestssetursbúss, kirkju og kirkjugarðs.

1.4. Allt annað land Reykholts tilheyri prestssetrinu og sæti umsjá og ráðstöfun sóknarprests, t. d. til búskapar, eða eins og tíðkast um aðrar prestssetursjarðir í landinu. Ber

þó að leggja ríka áherslu á að búskapur verði aldrei stundaður með þeim hætti, að til vansæmdar verði Reykholtsstað hvað varðar umgengni og umhirðu.

1.5. Telji forráðaaðilar staðarins nauðsynlegt að taka frá sérstaka landspildu eða lóð undir mannvirki, sem reist kynnu að verða, tengd nafni Snorra Sturlusonar, eða undir arðvænleg atvinnufyrirtæki, t. d. í tengslum við jarðhita, enda rynni allur arður til uppbyggingar á staðnum, þá skal þeirri spildu eða lóð haldið eftir þegar sóknarpresti verður afhent jörðin.

2. Skipulag staðarins.

2.1. Skipulagstjóra ríkisins verði falið að láta gera heildarskipulag fyrir Reykholtsstað, sem síðan hljóti staðfestingu þar til bærra aðila.

2.2. Við gerð skipulagsins verði eftirfarandi haft í huga:

2.2.1. Vegakerfið heima á staðnum verði endurskipulagt þannig að lokað verði fyrir hringakstur um staðinn og séð verði fyrir nægum bílastæðum við skóla og kirkju.

2.2.2. Gert verði ráð fyrir nýrri kirkju og nýjum kirkjugarði á svæði vestan núverandi kirkju, svo sem áður var lýst.

2.2.3. Gert verði ráð fyrir Snorrastofu og/eða minjasafni.

2.2.4. Gert verði ráð fyrir að viðbótarskólamannvirkjum, og ber þá og að hafa í huga að skólamannvirki eru að sumarlagi notuð til hótelrekstrar.

2.3. Fenginn verði viðurkenndur skrúðgarða- eða landslagsarkitekt til þess að skipuleggja fegrun staðarins og leggja á ráðin um lagfæringu Snorragarðs.

3. Mannvirkjagerð.

3.1. Lokið verði hið fyrsta við lagfæringu þá, sem hafin er á prestsseturshúsi.

3.2. Hafist verði fljótlega handa um byggingu nýrrar kirkju í Reykholti, enda er hin gamla núverandi kirkja orðin of lítil og léleg til að standast kröfur tímans. Bygging kirkjunnar verði að hluta kostuð af almannafé.

3.3. Hafist verði handa um byggingu sérstakrar Snorrastofu og/eða Snorraminjasafns í Reykholti, þar sem aðstaða gæti verið fyrir norræna fræðimenn til dvalar og fræðistarfa.

3.4. Vinda þarf bráðan bug að byggingu þeirra skólamannvirkja, sem fyrirhugað hefur verið að reisa og sárlega vantar, svo sem A-álmu skólans, íþróttahús og sundlaug.

3.5. Athafnasvæði skóla og kirkju heima á staðnum verði afgirt með vandaðri girðingu.

4. Veitumál.

4.1. Fela þarf sérfræðingum úttekt veitumannvirkja í Reykholti og hönnun nauðsynlegra endurbóta og gerð kostnaðaráætlunar. Að þessu ber að vinda bráðan bug, svo unnt sé að hefja framkvæmdir hið fyrsta.

4.2. Finna þarf heppilegt rekstrarform fyrir hitaveitu og vatnsveitu í Reykholti.

4.3. Skólpveita í Reykholti verði á vegum sveitarfélagsins, enda greiði notendur fyrir það ákveðið gjald. Sama gildir um sorphirðingu.

5. Ýmislegt.

5.1. Fela skal sérstakri samstarfsnefnd þeirra aðila, sem forræði hafa á Reykholtsstað, yfirstjórn sameiginlegra staðarmála, sem ekki heyra undir aðra lögum og venjum samkvæmt. Skal nefndinni heimilt að ráða sér starfsmann sem hafi með höndum umsjón og umhirðu húsa, lóða, lands, skógræktar og girðinga á vegum kirkju og skóla.

5.2. Athuga ber, hvort ekki er þörf lagasetningar um málefni Reykholts.

5.3. Unnið verði að uppgrefti og rannsóknum á fornminjum í Reykholti og Snorragöngin stækkuð til upphaflegrar myndar.

5.4. Bókasafn skólans þarf stórum að auka og endurbæta. Einnig þarf að koma upp safni er hefur fræðilegt gildi vegna rannsókna á störfum Snorra Sturlusonar og áhrifum hans.

5.5. Ósæmandi er með öllu að mannvirki í Reykholti séu í niðurníðslu vegna skorts á viðhaldsfé. Þess vegna verður að veita meira fjármagn til staðarins í heild heldur en gert hefur verið til þessa.

Áfangaskýrsla þessi var endanlega afgreidd á fundi nefndarinnar í dag.

Borgarnesi, 23. október 1981.
Rúnar Guðjónsson.

Fylgiskjal II.

Héraðsskólinn í Reykholti

Reykholti, júlí 1982.

Greinargerð.

til menntamálaráðuneytisins um málefni Reykholtsskóla.

Á fundi skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti í júní s. l. var einróma samþykkt að halda fast við fyrri áætlanir menntamálaráðuneytis og skólanefndar um 150 nemenda skóla í Reykholti, enda hentugasta rekstrarstærð fyrir núverandi og fyrirhugaða starfsemi skólans.

Á 40 ára afmælishátíð skólans var kunngerð, við mikinn fögnuð fjölmargra gesta, samþykkt uppbyggingaráætlun stofnunarinnar. Skyldi hafist handa strax næsta vor, þ. e. 1972, á heimavistum þar sem pláss yrði fyrir 112 nemendur auk þeirra 32 sem gistu „Útgarða" (eldri heimavist), en heimavistir skyldu þar með lagðar niður í gamla skólahúsnæðinu.

Samkvæmt samþykktri framkvæmda- og fjármagnsáætlun, gerðri af Teiknistofunni Óðinstorgi, dags. 11/4 1972 (Vífill Oddsson og Vilhjálmur og Helgi Hjálmarssynir), skyldi uppbyggingin framkvæmd í 7 áföngum:

		millj.
I.	Heimavistir, B- og C-hús, júní 1972—júní 1974	43
II.	Heimav. og mötuneyti, A-hús, júní 1974—júní 1976	35
III.	Skólinn endurbyggður A- og B-hluti: B-hluti I (gömlu heimavistum breytt í stjórnunarálmu) sumarið 1973. A-hluti (kennsluhúsnæði ásamt fyrrverandi mötuneyti breytt) sumarið 1976 og 1977. B-hluti II (Sundlaug breytt í kennslustofur sumarið 1978	17
IV.	Lóð heimavistar, sumarið 1976 og 1977	3
V.	Íþróttahús og sundlaug, júní 1977—júní 1978	23
VI.	Starfsmanna- og kennaraíbúðir, júní 1979—1980	14
VII.	Lóð Reykholtsskóla sumarið 1979 og 1980	5
		140 millj.

Samtals er kostnaðaráætlun upp á 140 millj. kr. miðað við verðlag 7/3 1972, á grundvelli u. þ. b. 15 millj. kr. árlegrar fjárveitingar, ásamt þegar veittu framlagi. Undanskilið er: Vegagerð, húsbúnaður, hönnunar- og eftirlitskostnaður.

Þess er skemmst að geta, að I. áfanga var lokið á tilsettum tíma auk hluta af IV. áfanga. Hvað olli stöðvun framkvæmda og hvað varð um 67% af lofaðri fjárveitingu er mér ekki kunnugt.

Vegna dráttar á tilkomu A-álmu, með 16 nemendarýmí, var útbúin 14 nemenda heimavist í fyrrverandi smiðju í íbúðarþyrpingu norðan skóla og kirkju, en af miklum vanefnum. Nemendarými á heimavist er því fyrir 142 nemendur, sem sýnir að í raun hefðu þurft að koma 22 rúm í A-álmu ef tilætluðum nemendafjölda ætti að ná. Nú er svo komið að ástand „smiðjunnar" sem heimavistarhúsnæðis er ekki verjandi, enda komu öflug mótmæli frá foreldrum nemenda vistarinnar s. l. vetur, og ég hef ekki getað bætt þar um vegna fjársveltis á þessu ári.

Aðsókn að námi í Reykholti hefur frá stofnun skólans 1931 verið meiri en svo að skólinn hafi nokkru sinni getað annað henni, og t. d. þurfti ég nú, eins og s. l. sumar, að neita yfir 25% umsókna um skólavist.

Ekki er ætlunin að rekja hér þróun skólans frá upphafi, heldur geta hverjar hugmyndir heimamanna og skólanefndar eru varðandi næstu framtíð. Við höfum látið og munum láta nemendur úr héraðinu ganga fyrir um nám í 9. bekk grunnskóladeildar, síðan látum við nemendur frá stöðum, sem lengst þurfa að sækja í slíkt nám, ganga fyrir. Undanfarin ár höfum við haft þrjár bekkjardeildir í 9. bekk með u. þ. b. 75 nemendur, en nú fækkum við þeim í tvær með 55 nemendur næsta vetur. Á fyrsta og annað ár framhaldsdeilda áfangakerfisins ganga eldri Reykhyltingar fyrir, síðan látum við fyrri námsárangur ráða frekara vali.

Við teljum skólanum heillavænlegast að byggja upp öfluga kennslu á tveim fyrstu árum áfangakerfisins (4 annir) og koma á svipaðri skipan og Menntaskólinn á Egilsstöðum og Eiðaskóli hafa komið á hjá sér, þ. e. að Reykholt taki inn alla þá nemendur á Vesturlandi sem þurfa á heimavist að halda á tveim fyrstu árum fjölbrautakerfisins, síðan lykju þeir námi sínu í Fjölbrautaskóla Akraness. Fjölgun framhaldsdeildanemenda á kostnað áðurnefndrar fækkunar í 9. bekk er að sjálfsögðu gerð til að mæta þeirri þróun, að 9. bekkir hverfi að öllu inn í grunnskólana í héraði.

Ætíð hefur og mun vera mikil þörf fyrir heimavistarskóla sem okkar, ekki bara fyrir dreifbýlisfólkið, heldur einnig fyrir fjölda nemenda af þéttbýlissvæðum sem af ýmsum ástæðum geta ekki stundað nám frá heimilum sínum. Það sanna tugir umsókna og símhringinga ár hvert. Því er það okkur undrunarefni hér í Reykholti, þar sem aldrei hefur skort nemendur né hæft starfslið, að nú skuli fjárveitingavaldið vera á góðri leið með að flæma kennara (og þá nemendur á eftir) í burtu vegna fjársveltis undanfarin ár.

Á þessu verður að vinna bráðan bug, ef ekki á illa að fara. Eina leiðin til þess er að taka upp þráðinn að nýju þar sem hann slitnaði 1974 og byrja ekki síðar en næsta vor á II. áfanga áætlunarinnar frá 1972.

Virðingarfyllst
Eysteinn Ó. Jónasson
skólastjóri.

P.s. Þess má geta, að það eru ekki stoltir Íslendingar sem sumar hvert horfa upp á þau hundruð „pílagríma" sem leggja leið sína til byggðar Snorra Sturlusonar og ætla að skoða þennan fræga sögustað sem minnst er á í öllum erlendum landkynningarbæklingum.

Hvað sjá þeir? Norska styttu, Snorralaug og innganginn að Snorragöngunum sem liggja niðurfallin undir leikfimibragga sem ríða átti fyrir 46 árum. Heldur er þetta fátæklegt fyrir langt að komna „pílagríma", enda kemur þar eflaust skýringin á þeim ósköpum að henda alltaf peningum í Snorralaug.

E.Ó.J.

Fylgiskjal III.

Skólanefnd
Héraðskólans Reykholti
Borgarfirði.

Skólanefnd Héraðsskólans í Reykholti leyfir sér hér með að fara þess á leit við háttvirta alþingismenn Vesturlandskjördæmis, að þeir vinni að því af alefli, að á fjárlögum 1982 verði veittar fjárveitingar til skólans vegna eftirtalinna verkefna:

1. Nægilega há upphæð til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir við A-álmu hinnar nýju skólabyggingar og ljúka einhverjum verulegum áfanga, t. d. steypa hann upp. Í þessari álmu á að koma mötuneytis- og félagsaðstaða skólans auk herbergja fyrir 16 nemendur. Jafnframt verði unnið að því að tryggja fjármagn til þess að unnt verði að ljúka verkinu á næstu tveimur árum.
2. Tryggð verði sérstök fjárveiting til þess að koma upp aðstöðu fyrir þann stofn að bókasafni, sem til er á staðnum, og bæta við hann svo að í skólanum verði frambærilegt skólabókasafn og í tengslum við það vinnuaðstaða fyrir nemendur.
3. Auk þessara tveggja forgangsverkefna vill skólanefnd fara þess á leit við alþingismenn, að þeir stuðli að því, að fjármagn til viðhalds húsa, húsbúnaðar og tækja skólans verði aukið þannig að eigur hans þurfi ekki að drafna niður og eyðileggjast vegna skorts á viðhaldi.

Greinargerð.

Árið 1971 voru liðin fjörutíu ár frá stofnun skólans. Í því tilefni var af hálfu ríkisstjórnar Íslands gefið fyrirheit um uppbyggingu á staðnum. Átti á næstu árum að reisa nemendaíbúðir og koma upp mötuneytisaðstöðu í nýrri byggingu. Að því loknu var ætlunin að endurbæta gamla skólahúsið og hagnýta það fyrir kennslu og stjórnunaraðstöðu svo og bókasafn.

Fyrstu árin gekk allt vel og 1974 var lokið byggingu heimavistarhúsnæðis fyrir 96 nemendur og tveggja kennaraíbúða. Síðan hefur lítið gerst í uppbyggingu staðarins. Þó hefur verið skipt um glugga í gamla skólahúsinu og sett á það nýtt þak, enda var ekki vanþörf á, því að hvort tveggja var mjög lélegt orðið, hélt hvorki vatni né vindi.

Talsverð viðleitni til þess að koma framkvæmdum við A-álmuna af stað hefur til þessa engan árangur borið. Á meðan hafa húsakynni skólans hrörnað vegna skorts á viðhaldi og er ekki grunlaust að fjármunir, sem ætlaðir voru til nýbyggingar, hafi runnið til að bjarga neyðartilfellum í viðhaldi. Undanfarin ár hafa Heilbrigðiseftirlit og Rafmagnseftirlit sífellt verið með augun á staðnum. Reynt hefur verið að ráða bót á stærstu ágöllum, en þær skorður, sem þrengsli og skortur á húsrými setja, gera mjög erfitt fyrir.

Raunverulegar úrbætur fást aðeins með nýju húsi. Sá dráttur, sem orðið hefur á byggingu þess, hefur þegar valdið skólanum miklum erfiðleikum og heft viðgang hans. Því er sú ósk, að henni verði hraðað, studd sterkum rökum og grundvölluð á mjög brýnni þörf.

Tilhneigingar hefur orðið vart hjá ýmsum aðilum í þá átt að sleppa nemendaherbergjum úr hinni nýju álmu. Skólanefnd telur, að slíkt væri mjög misráðið og mundi koma illa niður á möguleikum skólans til þess að bjóða upp á fjölbreytt nám á framhaldsstigi.

Bókasafn skólans er að stofni til komið úr tveimur stöðum, úr bókasafni Hvítárbakkaskóla og safni Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra. Undanfarin ár hefur safnið verið á miklum hrakhólum vegna þrengsla og litlir möguleikar að hagnýta það í námi sem æskilegt er í skóla með 9. bekk grunnskóla og á framhaldsstigi. Þá vantar og sárlega handbækur í ýmsum greinum, einkum raungreinum og náttúrufræði. Þetta ástand er algerlega óviðunandi og verður að færa það til betri vegar eigi skólinn að geta sinnt hlutverki sem framhaldsskóli.

Þar þarf til að koma aukinn bókakostur, rýmri og betri húsnæðisaðstaða og lagfæring þeirra bóka, sem til eru. Möguleikar skólans sem menntastofnunar eru verulega háðir því, að til sé bókasafn, sem býður upp á möguleika til nútíma kennsluhátta.

Þeir, sem koma að Reykholti, veita því athygli, hversu bágborið viðhald á húsum og öðrum eignum skólans hefur verið undanfarin ár. Eru ýmsar byggingar á góðri leið að drafna niður. Sama gildir um innanstokksmuni og tækjakost. Viðhaldsfé skólans hefur sum árin lækkað í krónutölu þrátt fyrir verðbólguþróun. Má það kallast skrýtin hagspeki að láta eignir skólans, sem ríkið rekur að öllu leyti, eyðileggjast vegna sparnaðar í viðhaldi, en leggja svo í margfaldan kostnað við endurbyggingu.

Fylgiskjal IV.

Héraðsskólinn í Reykholti
Reykholti, 26/10 1981.
Til þingmanna Vesturlandskjördæmis.

Kennarar, starfsfólk og nemendur Héraðsskólans í Reykholti beina því til háttvirtra þingmanna Vesturlandskjördæmis, að þeir taki aðstöðu og aðbúnað Héraðsskólans í Reykholti til gagngerðrar athugunar.

Það er mat okkar, sem hér störfum, að aðstaða og aðbúnaður í skólanum sé **með öllu óviðunandi.** Má þar nefna kennslustofur, mötuneyti, snyrtiaðstöðu og búningsklefa við sundlaug og leikfimisal, vinnuaðstöðu kennara, skort á kennslutækjum o. fl.

Máli okkar til stuðnings bendum við á hjálögð bréf Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 29.06. 1981 og 21.10. 1981, auk skýrslu Heilbrigðisnefndar Reykholtsdalshrepps, dags. 1.06. 1981.

Það er einlæg von okkar og raunar staðföst trú, að þið beitið áhrifavaldi ykkar til þess að hér megi skóli starfa um ókomna tíð.

F. h. kennara, starfsfólks og nemenda.

Margrét Gunnarsdóttir, kennari.
Jónas Jónsson, kennari.
Þórunn Þ. Reykdal, kennari.
Tryggvi Marteinsson, bryti.
Jón Bjarni Guðsteinsson, form. skólafélags.

Fylgiskjal V.

Heilbrigðiseftirlit Ríkisins

Heilbrigðisnefnd Reykholtsdalshrepps
c/o Guðjóna Jónsdóttir
Sturlureykjum
311 Borgarnes.

Efni: **Aðstaða til reksturs skóla og hótels í Reykholti.**

Þann 25. júní s. l. skoðuðu undirrituð ýmiss konar aðstöðu til skóla- og hótelreksturs að héraðsskólanum í Reykholti. Skoðunin leiddi í ljós að ýmislegt er afar ábótavant varðandi húsakynni og búnað skólans til slíks reksturs. Brýnna úrbóta er þörf.

Hefja þegar í stað byggingu nýs mötuneytis, búningsklefa við sundlaug og nýs íþróttahúss með tilheyrandi búnaði.

Þar sem ljóst er að nefndar byggingaframkvæmdir taka nokkurn tíma og skólahald er byggðarlaginu nauðsyn, getur Heilbrigðiseftirlit ríkisins mælt með að undanþága til skólahalds verði veitt til loka skólaárs 1983 með þeim skilyrðum, að eftirfarandi úrbætur verði gerðar á núverandi húsakynnum og búnaði skólans:

Eldhús.

1. Mála eldhúsið og lagfæra skemmdir á veggjum.
2. Koma fyrir gufugleypi yfir eldavél.
3. Bæta loftræstingu.
4. Setja nýja plastklæðningu á vinnuborð og veggi fyrir ofan borðin.
5. Koma fyrir handlaug með heitu og köldu vatni (blöndunartæki), sápuskammtara með sótthreinsandi sápulegi yfir handlauginni, einnota pappírsþurrkum í þar til gerðum hylkjum, festum á vegg, og körfum undir notaðar þurrkur.

Tengigangur milli eldhúss og vörugeymslu (vörumóttaka).

1. Tengiganginn þarf að mála og klæða og mála rör að nýju.
2. Gera verður gang að utan í vörugeymslu manngengan eða leysa vörumóttöku á annan viðunandi hátt.
3. Varast ber að hálkublettir myndist í ganginum.

Vörugeymsla (vörumóttaka).

1. Bæta loftræstingu.
2. Aðskilja grænmetis- og ávaxtageymslu frá öðrum geymslum og koma þar fyrir hentugri kælingu.

Kælir og frystir.

1. Aðskilja kæli og frysti svo að nægilegt rými fáist.
2. Við aðskilnað skal hvor fyrir sig innréttaður með tilliti til strangasta hreinlætis.
3. Annað fyrirkomulag kæmi til greina, t. d. frysti- eða kælikistur.
4. Bent skal á að allir frystar og kælar skuli útbúnir neyðarkerfum.

Kjötvinnsla.

1. Mála og múrbinda loft og veggi.
2. Verja vatnsrör, svo að þau valdi ekki óþrifnaði.
3. Koma fyrir handlaug með viðeigandi búnaði og þvottaaðstöðu fyrir kjötsög og ílát.
4. Bæta loftræstingu.
5. Sjálflokandi hurð milli kjötvinnslu og hreinsitækjaherbergis.

Snyrting við mötuneyti.

1. Er óhæf í núverandi ástandi og þarf því að endurnýja frá grunni með öruggu frárennsli, nýjum innréttingum og hreinlætistækjum með viðeigandi búnaði.

Snyrting við sundlaug og íþróttasal.

1. Er algerlega óhæf í núverandi ástandi og því hefur sund- og baðaðstöðu verið lokað, þarf því að koma fyrir viðunandi snyrtiaðstöðu við búningsklefa fyrir sundlaug og í íþróttahús.

Önnur snyrtiaðstaða í skólahúsi.

1. Lagfæra frárennsli, hreinlætistæki og innréttingar (gólf, veggi og loft).

Íþróttasalur, búningsklefar og steypiböð.

1. Íþróttasalur er ónothæfur í núverandi ástandi. Einangra og endurnýja þiljur og gólf.
2. Endurbæta tækjageymslu.
3. Lagfæra rakaskemmdir í lofti og á veggjum.
4. Endurbæta loftræstingu.
5. Endurbæta steypiböð.
6. Lagfæra niðurföll.
7. Útvega rimlafleka á gólf í búningsklefa.

Gæta skal þess vandlega, að við allar endurbætur sé þess gætt, að innréttingar, tæki og annar búnaður sé þannig gerður og fyrir komið að hann uppfylli viðurkenndar þrifnaðar- og hreinlætiskröfur. Úrbótum samkvæmt ofangreindu skal lokið áður en skólahald hefst í haust.

Hrafn V. Friðriksson, Dr. Med., forstöðumaður.	Kolbrún Haraldsdóttir, heilbrigðisráðunautur.	Oddur R. Hjartarson, heilbrigðisráðunautur.

Fylgiskjal VI.

Heilbrigðiseftirlit Ríkisins

Heilbrigðisnefnd Reykholtsdalshr.
form. Guðjóna Jónsdóttir
Sturlureykjum
311 Borgarnes.

Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins voru í Reykholti 15.10. s. l. og fylgdust með hvernig gengi úrbótum á húsnæði skólans, sbr. bréf stofnunarinnar til heilbrigðisnefndar Reykholtsdalshrepps 29.06. 1981.

Við skoðun kom í ljós að mjög litlar úrbætur hafa farið fram og að mestu fólgnar í málun á eldhúsi, gangi og matargeymslum, sem við koma mötuneyti skólans, og er til bóta, en mjög skammvinn lausn þar sem málning tollir illa á veggjum við núverandi aðstæður. Ný salerni höfðu verið sett upp á snyrtingum við mötuneyti og þar málað, en að öðru leyti ástand óbreytt. Þá var verið að vinna að endurbótum á íþróttahúsi.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins ítrekar hér með afstöðu sína til reksturs skóla og hótels í Reykholti og vísar til áðurnefnds bréfs til heilbrigðisnefndar Reyholtsdalshrepps. Telur stofnunin að hraða beri úrbótum svo sem áður hefur komið fram.

Virðingarfyllst,

Hrafn V. Friðriksson, Dr. Med., forstöðumaður.	Kolbrún Haraldsdóttir, heilbrigðisráðunautur.	Ólafur Pétursson, deildarverkfræðingur.

Fylgiskjal VII.

Rafmagnsveitur ríkisins

Reykholtsskóli
hr. Eysteinn Jónasson
Reykholtshreppi
320 Reykholt.
Athugasemdir við raforkuvirki, skoðun gerð 02.06. 1981.

1. Aðaltafla:

a) Skipta um skiptirofa fyrir ljósavél, setja skal rofa af viðurkenndri gerð í staðinn.
b) Samræma varstærðir á kvísl fyrir skála.
c) Ganga þannig frá götum á útivegg að ekki snjói inn í töfluklefa (snjógildra).

2. Kjallari:

a) Lagfæra veggljós.
b) Hlíf vantar yfir reimar á blásara, **lagfærist.**

3. Skólabygging:

a) Skipta um brotinn rofa og ljós í forstofu að leikfimisal.
b) Yfirfara og lagfæra flúrpípuljós í gangi og búningsklefa sundlaugar.
c) Fjarlægja opna viftutengla í búningsklefum og gangi.
d) Skipta um ljós í gufubaði, setja vandað ljós af varnarflokki IP-4
e) Hlífðargler vantar á ljós við gufubaðsklefa.

4. Tafla nr. 4 í stigagangi:

a) Yfirfara töfluna, leggja niður ónotaðan búnað, merkja hana rétt, ganga frá festingum.
b) Skipta um og endurnýja brotinn rafbúnað í skólastofum, setja jarðbundna tengla.
c) Setja varanleg ljós í stigagangi upp á efstu hæð.
d) Fjarlægja ónotaðan kapal í búri inn af eldhúsi.

5. Tafla nr. 5:

a) Fjarlægja ónotaðan rafbúnað og ganga frá töflunni samkv. Reglugerð um raforkuvirki.
b) Setja varanlegan ljósabúnað í turninn.
c) Fjölga skal tenglum í skrifstofu skólastjóra til að komast hjá óþarfa millistykkjum.
d) Merkja töflu í tækjageymslu.

Kjallari:

6. Tafla 2.

a) Æskilegt væri að endurnýja töfluna eða endurbæta hana svo að ekki sé snertihætta af rafbúnaði hennar og allur frágangur sé í samræmi við Reglugerð um raforkuvirki.
b) Endurnýja töflu nr. 7 í kjallara.
c) Kapallagnir eru huldar inni í veggjum í herbergi nr. 4, **lagfærist.**
d) Í sama herbergi (nr. 4) er tengill með óvirkri jarðtengingu, **lagfærist.**
e) Lagfæra ljósabúnað og raflagnir í dæluhúsi inn af kjötvinnslu.
f) Lagfæra snúrufestingu í tengiboxi fyrir kjötsög.
g) Taug merkt bláum lit er notuð sem hlífðartaug (PE) fyrir hitaofn og er hún tengd út í vatnspípukerfi. Nota verður gulgrænan lit fyrir hlífðartaug og hlífðartaugin á að tengjast við hlífðartein í töflu.

7. Tafla 3:

a) Yfirfara töfluna, lagfæra víringar.
b) Tengill fyrir mjólkurkistu er ójarðtengdur og einnig tengill í kassa sem er tengdur þessum tengli, **lagfærist.**
c) Ganga frá tengingum og lögnum að hitavatnsdælum (úti).
d) Binda þarf saman vatnspípukerfi heita- og kaldavatnsleiðslna.
e) Yfirfara að öðru leyti allan rafbúnað skólans.

Rafmagnsveitur ríkisins
rekstrareftirlit
Pétur Hermannsson.

Fylgiskjal VIII.

Fræðslustjóri Vesturlandsumdæmis

Borgarnesi, 27. maí 1981.

Fjárveitinganefnd Alþingis
Alþingi
Reykjavík.

Fræðsluráð Vesturlandsumdæmis fór 18. maí 1981 í heimsókn og skoðunarferð að Reykholti í Borgarfirði að kynna sér aðstöðu og aðbúnað Héraðsskólans þar. Leiddi þessi heimsókn skýrt í ljós það sem fulltrúum í fræðsluráði var raunar áður kunnugt, að ástand húsa er mjög slæmt vegna skorts á viðhaldi og sá dráttur, sem orðið hefur á því, að uppbyggingu skólahússins væri haldið áfram, veldur miklum og vaxandi erfiðleikum í rekstri skólans á sama tíma og aðsókn er verulega meiri en hægt er að taka á móti.

Þess vegna var á fundinum gerð eftirfarandi samþykkt:

„Fundur fræðsluráðs Vesturlands haldinn í Reykholti 18. maí 1981 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera stórátak til eflingar Héraðsskólanum í Reykholti og Reykholtsstað í heild.

Fræðsluráð telur að forgangsverkefni í þessu sambandi sé bygging mötuneytisaðstöðu og félagsaðstöðu nemenda (A-álmu nýbyggingar) og að bókasafni skólans sé komið í viðunandi horf hvað snertir bókakost og aðbúnað.

Fræðsluráð minnir á að skólinn verður 50 ára á komandi hausti. Í hálfa öld hefur hann gegnt þýðingarmiklu hlutverki í uppeldi og menntun æskunnar. Þess er vænst, að hið opinbera geri skólanum kleift að þjóna því hlutverki áfram."

Leyfir fræðsluráð sér að vænta liðsinnis fjárveitinganefndar, að þetta mál fái framgang hið allra fyrsta.

Með vinsemd og virðingu,
f. h. fræðsluráðs,
Snorri Þorsteinsson.

Fylgiskjal IX.

Til menntamálaráðuneytisins.

Þegar gengið er um húsakynni Héraðsskólans í Reykholti, og þá sérstaklega gamla skólahúsið, verður ljóst að ástand aðstöðunnar er vægast sagt lélegt. Múrhúð og málning víða af veggjum, gólfdúkar rifnir og uppflosnaðir. Teppi gatslitin og laus sem víða stafar af mikil slysahætta. Salernis- og snyrtiaðstaða engan veginn fullnægjandi, sama gildir um íþróttaaðstöðu alla.

Hér á eftir fer samantekt á því sem við teljum brýnt að bót verði ráðin á hið allra fyrsta. Þetta eru allt atriði sem varða heilsu og heill nemenda og starfsfólks. Við teljum óhugsandi að skóli, sem telur 150 nemendur, hvað þá hótel geti starfað við þessar aðstæður.

Við gerum ráð fyrir því, að úrbætur fari fram í sumar. Þó eru nokkur atriði svo aðkallandi að lagfæra verður þau strax og þá áður en hótel hefst.

I. Mötuneyti.

A. Inngangur í kjallara að norðanverðu. Öll móttaka matvæla og inngangur starfsfólks.
1. Stigi, brattur og þröngur ca. faðmur á breidd.
2. Þrepin í stiganum óvenjulega há.
3. Þrepin eru slitin og söðulbökuð, lakkmálning veldur hálku, sérstaklega í hláku og rigningu.

Tillögur til úrbóta:
1. Brotin verði renna, þannig að hægt verði að taka vörur beint inn í geymslur.
2. Þrep lagfærð og sett á þau stamt slitlag.
3. Veggir málaðir.

B. Gangur sem tengir kjallarainngang og eldhús, sem er sunnanvert í húsinu. Um þennan gang fara öll matvæli.
1. Veggir hafa ekki verið múrhúðaðir og eru ósléttir. Málning er mjög illa farin.
2. Lakk á gólfi slitið.
3. Rör og leiðslur utan á veggjum safna á sig miklum óhreinindum.

Tillögur til úrbóta:
1. Stokkur settur utan um leiðslur.
2. Veggir og gólf málað.

C. Geymslur í norðvesturhorni kjallara fyrir pakka- og dósavöru.
1. Gluggar mjög litlir og niðurgrafnir. Loftræsting engin og hiti því mikill. Dósavara o. fl. liggur undir skemmdum.

Tillögur til úrbóta:
1. Setja viftur í tvo glugga.

D. Kælir og frystir inn af honum.
1. Frystir: málning flögnuð af veggjum, sér í beran stein á gólfi, bilanatíðni há, of lítill.
2. Kælir: málning farin af veggjum, greinilegur raki í þeim, málning flögnuð af gólfi sem er mjög sprungið.

Tillögur til úrbóta:
1. Erfitt er að ímynda sér hvernig 170 manna mötuneyti kemst af með svo lítinn kæli og frysti.Við leggjum til að hvort tveggja verði stækkað.
2. Ganga þarf þannig frá veggjum og gólfi að hægt sé að uppfylla kröfur um lágmarkshreinlæti.

E. Kjötvinnsla undir eldhúsi.
1. Málning á veggjum snjáð, steinninn víða ber og brotið upp úr honum.
2. Margar leiðslur liggja utan á veggjum og safna á sig óhreinindum.
3. Enginn opnanlegur gluggi eða önnur loftræsting.

Tillögur til úrbóta:

1. Gera við og mála veggi.
2. Setja stokka utan um leiðslur.
3. Opnanlegum glugga og viftu komið fyrir hið allra fyrsta.

F. Eldhús í suðvesturhluta. Góðir gluggar fyrir ofan jörðu að sunnan. Allur bakstur fer einnig fram í þessu húsnæði.
   1. Raki greinilegur í tveimur hornum. Málning illa farin á veggjum, snjáð og flögnuð af.
   2. Plastklæðning á borðum slitin og víða laus, gapandi og illa felld saman á samskeytum.
   3. Tveir djúpsteikingarpottar eru en engin lofttúða tengd þeim, að öðru leyti er loftræsting góð.

Tillögur til úrbóta:

1. Loft og veggir málað.
2. Nýtt plast sett á veggi þar sem það vantar og/eða er ónýtt.
3. Lofttúða sett upp fyrir ofan djúpsteikingarpotta sem fyrst.

G. Borðsalur.
   1. Svo lítill að nemendur eru einnig látnir borða í nærliggjandi kennslustofu.

Tillögur til úrbóta:

1. Verði nýtt mötuneyti byggt innan tveggja ára má sætta sig við núverandi ástand til þess tíma, annars verður að vinda bráðan bug að stækkun núverandi borðsalar.

II. Salerni og snyrtingar í gamla skólahúsinu.

A. Snyrtiherbergi í kjallara.
   1. Annað snyrtiherbergi af tveimur er lokað og leggur frá því óþef.
   2. Á því snyrtiherbergi, sem er í notkun, eru tvær salernisskálar og þrjár handlaugar; málning og klæðning á veggjum snjáð og slitin þannig að víða sér í beran steininn. Gólf er sprungið og steinninn víða ber. Leiðslur liggja utan á veggjum.

Tillögur til úrbóta:

Mjög áríðandi er að bæði snyrtiherbergin verði lagfærð, þetta er eina snyrtiaðstaðan fyrir matargesti hótelsins.

1. Veggir klæddir eða málaðir.
2. Varanlegt efni sett á gólfin.
3. Leiðslur huldar með stokkum.
4. Nýjum hreinlætistækjum komið fyrir eftir þörfum.
5. Kanna þarf ástæður óþefsins og gera úrbætur.
6. **Við teljum óhjákvæmilegt annað en að loka snyrtingunum nú þegar.**

B. Snyrtingar á efri hæð.
   1. Í norðurálmu eru snyrtingar algjörlega ónothæfar og því lokaðar.
   2. Í suðvesturhluta er salernisbergi með einni salernisskál og einni handlaug í nothæfu ástandi.
   3. Í austurálmu er eitt salerni með einni salernisskál og handlaug. Flísar og múrhúðun farin að hluta af veggjum.

Tillögur til úrbóta:

1. Veggir lagfærðir á salerni í austurálmu.

C. Íþróttaálma.
1. Salerni inn af kvennaklefa en engin handlaug tengd því.

Niðurstaða: Eitt nothæft salerni í öllu skólahúsinu, þrjár aðrar salernisskálar í notkun en aðstaða þar vægast sagt léleg.

III. Íþróttaálma.

A. Gangur sem tengir saman búningsklefa og íþróttasal.
1. Loft illa farið af raka.

B. Búningsklefar karla.
1. Loft illa farið af raka.
2. Loftræsting engin.
3. Ekkert salerni í tengslum við búningsklefann.

Tillögur til úrbóta:

Þar sem okkur hefur verið tjáð að íþróttaaðstaðan verði lokuð í sumar gerum við kröfu til að þau atriði, sem snerta athugasemdir okkar, verði lagfærð fyrir haustið.

Greinilegt er að þak yfir gangi og búningsklefum er mjög lélegt því raki er í öllum loftum. Það þarf að gera við þakið og síðan að skafa og mála loftin. Einnig þarf að setja krana fyrir slöngu í annan hvorn sturtuklefann.
1. Setja þarf opnanlegan glugga og viftu sem hægt er að stjórna úr búningsklefa.
2. Koma fyrir salerni og handlaug í tengslum við búningsklefann.

C. Steypiböð fyrir karla.
1. Í einu horni sturtuklefans er þvagskál.
2. Sturturnar eru nánast ónothæfar og í mesta lagi hægt að stilla tvær í einu (10—15 nem. í hóp).
3. Loftræsting engin.
4. Lakk á gólfi farið að flosna upp.
5. Niðurfall óvirkt.

Tillögur til úrbóta:
1. Fjarlægja þvagskál.
2. Setja upp nothæfar sturtur.
3. Setja þarf varanlegt efni á gólf.
4. Laga niðurfall.

D. Búningsklefi kvenna.
1. Loft illa farið af raka.
2. Loftræsting engin.

Tillögur til úrbóta:

1. Koma fyrir opnanlegum glugga og viftu sem hægt er að stjórna úr búningsklefa.
2. Setja upp handlaug í tengslum við salerni.

E. Steypiböð fyrir konur.
1. Í mesta lagi hægt að nota tvær sturtur í einu.
2. Loftræsting engin.
3. Lakk á gólfi farið að flosna upp.
4. Niðurfall óvirkt.

Tillögur til úrbóta:

1. Setja upp nothæfar sturtur.
2. Varanlegt efni á gólf.
3. Lagfæra niðurfall.

F. Gangur frá sturtuklefum að sundlaug.
1. Raki í lofti og veggjum.
2. Lakk á gólfi slitið, brotið og laust.

Tillögur til úrbóta:

1. Setja varanlegt efni á gólf.

G. Sundlaug.
1. Gólflakk meðfram bökkum farið að losna af.
2. Raki og skemmd á málningu á vegg að vestanverðu.

Tillögur til úrbóta:

1. Varanlegt efni á gólf.
2. Lagfæra og mála vegg.

H. Leikfimisalur.
1. Einangrun og hiti þannig að oft hefur þurft að leggja niður kennslu vegna kulda.
2. Klæðning og rimlar á veggjum víða skemmt.
3. Gólf gefur svo eftir að til vandræða horfir. Nemendur kvarta mikið um verki og eymsl í fótum.
4. Í áhaldageymslu eru flísar í gólfi brotnar.

Tillögur til úrbóta:

1. Einangra gólf og veggi.
2. Lagfæra skemmdir á veggjum.
3. Styrkja gólf.
4. Lagfæra gólf í áhaldageymslu.

IV. Gangur og stigi af fyrstu hæð niður í eldhús og borðstofu.

1. Teppi á stiga trosnað upp og rifið.

Tillögur til úrbóta:

1. Setja verður nýtt teppi á stigann **strax.**

V. Kennaraíbúð í norðurálmu.

1. Ekkert bað eða sturta.

Tillögur til úrbóta:

1. Sturtu eða baði verður komið fyrir í íbúðinni.

VI. Útgarðar, heimavist.

1. Sturtuklefar inn af salernum, tveir á hvorri hæð.
2. Raki mikill í veggjum, sturtur ónothæfar.

Tillögur til úrbóta:

Lagfæra sturtubotna og veggi **sem fyrst.**

VII. Smiðjan, heimavist.

1. Opnanlegir gluggar þannig að loftræsting er ónóg.
2. Málning mjög illa farin á veggjum.
3. Snyrtiaðstaða:
   a) Salernisskál og handlaug, málning illa farin.
   b) Salernisskál, handlaug og steypibað. Raki af völdum sturtunnar, málning illa farin.

Tillögur til úrbóta:

1. Lagfæra opnanlega glugga.
2. Mála veggi.
3. Mála báðar snyrtingarnar og útbúa sturtuklefa.

1.6. 1981.

F. h. heilbrigðisnefndar Reykholtsdalshrepps:

Guðjóna Jónsdóttir.
Margrét Gunnarsdóttir.

Fylgiskjal X.

Kaupfélag Borgfirðinga

Borgarnesi, 29.09.81.

Á aðalfundi vorum s. l. vor var m. a. rætt nokkuð um málefni Reykholtsstaðar. Fyrst og fremst var rætt um verslun Kaupfélags Borgfirðinga þar á staðnum.

Einnig var rætt um ýmis önnur mál viðkomandi þessum sögufræga stað.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða:

„Aðalfundur K. B. haldinn í Borgarnesi dagana 6. og 7. maí 1981 skorar á stjórnvöld að hefjast þegar handa við áframhaldandi uppbyggingu á Reykholtsstað, þannig að staðurinn verði í framtíðinni sú héraðsprýði sem einum sögufrægasta stað Norðurlanda ber."

Virðingarfyllst,
pr. pr. Kaupfélag Borgfirðinga,
Ólafur Sverrisson.

Sent:
Menntamálaráðherra Ingvari Gíslasyni.
Form. skólanefndar Reykholtsskóla Snorra Þorsteinssyni.
Oddvita Reykholtsdalshrepps Jóni Þórissyni.
Þingmönnum Vesturlandskjördæmis.

Fylgiskjal XI.

Kaupfélag Borgfirðinga

Borgarnesi, 29.06.82.

Hr. menntamálaráðherra
Ingvar Gíslason.

Á síðasta aðalfundi Kaupfélags Borgfirðinga, sem haldinn var í Borgarnesi dagana 5. og 6. maí 1982, var svohljóðandi ályktun gerð:

Aðalfundur K. B. skorar á þær stjórnardeildir, sem fara með málefni Reykholtsstaðar, að gjöra stórátak til endurreisnar staðarins. Alls óviðunandi er að þessi einn mesti sögustaður landsins sé árum saman í niðurníðslu og til vansæmdar héraðinu og landinu öllu. Aðalfundur K. B. hefur áður ályktað um þetta efni, einnig U. M. S. B. og Samband borgfirskra kvenna. Skorað er á forráðamenn staðarins að draga ekki nauðsynlegar úrbætur lengur.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Kaupfélag Borgfirðinga,
Ólafur Sverrisson.

Sþ. # 45. Þjóðhagsáætlun

fyrir árið 1983.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 25. október 1982.)

EFNISYFIRLIT

Inngangur .....

I. Markmið .....
1. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd .....
2. Traust atvinnulíf, næg atvinna .....
3. Launa- og kjaramál .....
4. Viðnám gegn verðbólgu .....

II. Stefna og ráðstafanir .....
1. Fjármál ríkisins .....
2. Peninga- og lánamál .....
3. Launamál .....
4. Verðlagsmál .....
5. Fjárfestingarmál .....
6. Atvinnumál .....

III. Framvinda efnahagsmála 1982 og horfur 1983 .....
Framvindan 1982 .....
1. Utanríkisviðskipti .....
2. Þjóðarútgjöld .....
3. Atvinna .....
4. Verðlag og tekjur .....
5. Ríkisfjármál og peningamál .....
6. Framleiðsla og hagur atvinnuvega .....

Horfur 1983 .....
7. Útflutningsframleiðsla .....
8. Viðskiptakjör .....
9. Verðlag og tekjur .....
10. Þjóðarútgjöld .....
11. Viðskiptajöfnuður .....
12. Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur .....

Töfluviðauki .....

Inngangur

Sjaldan hafa orðið meiri og óvæntari breytingar á efnahagslegum skilyrðum þjóðarbúsins en á árinu 1982. Þegar þjóðhagsáætlun var lögð fyrir Alþingi í október í fyrra var því spáð, að þjóðarframleiðslan ykist um 1% á þessu ári, viðskipti við önnur lönd yrðu hallalaus og verðbólga færi minnkandi. Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, eins og hún var kynnt í þjóðhagsáætlun, mótaðist af þessum forsendum. En á skammri stund skipast veður í lofti. Ýmsar af meginforsendum þjóðhagsáætlunar brustu af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Þegar í nóvember varð ljóst að loðnuafli yrði lítill sem enginn á þessu ári. Jafnframt hefur orðið alvarlegur samdráttur í þorskafla. Nú er talið líklegt að framleiðsla sjávarafurða dragist saman um 16% á árinu af þessum völdum. Einnig hafa vonir manna um batnandi ástand í efnahagsmálum umheimsins ekki reynst á rökum reistar. Lægðin í heimsbúskapnum hefur valdið verulegum þrengingum á mikilvægum útflutningsmörkuðum Íslendinga, bæði fyrir iðnaðarvörur og sjávarafurðir.

Þessi óheillavænlega þróun veldur því, að nú stefnir í halla á viðskiptum við önnur lönd á árinu 1982 er nemur 10% af þjóðarframleiðslu og 5% samdrátt þjóðartekna á mann, þrátt fyrir að tvívegis hafi verið gripið til sérstakra ráðstafana í efnahagsmálum, fyrst í janúarmánuði og síðan í ágústmánuði. Efnahagsaðgerðirnar í ágústmánuði og þær ráðstafanir, sem þá voru boðaðar, beindust þó ekki síður að því að ná árangri í efnahagsmálum til lengri tíma og eiga þær því eftir að skila sér á næsta ári, enda mynda þær rammann um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á árinu 1983. En þessar breyttu aðstæður hafa krafist þess, að gripið væri til róttækra og umfangsmikilla efnahagsráðstafana, sem bera merki um þá efnahagserfiðleika sem steðja að þjóðarbúinu. Áherslur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar nú eru nokkuð frábrugðnar því, sem boðað var í þjóðhagsáætlun í fyrra. Þýðingarmesta verkefnið er að draga úr viðskiptahallanum með aðhaldi í heildarútgjöldum samhliða aðgerðum til að auka framleiðslugetu þjóðarbúsins. Hins vegar hefur reynst nauðsynlegt að víkja um sinn að nokkru frá fyrri markmiðum um hjöðnun verðbólgu til að koma í veg fyrir stöðvun atvinnufyrirtækja og atvinnuleysi.

Sú skýrsla um þjóðhagsáætlun, sem hér er lögð fram, er hin fjórða í röðinni skv. lögum nr. 13/1979. Skýrslan skiptist í þrjá hluta. Í hinum fyrsta er gerð grein fyrir helstu markmiðum efnahagsstefnunnar. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir almennri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þeim ráðstöfunum, sem hún hyggst beita til að ná þeim markmiðum, sem sett eru fyrir næsta og næstu ár. Í þriðja hlutanum er loks fjallað um ástand og horfur í efnahagsmálum.

I.

Markmið

1. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 var gert ráð fyrir hallalausum utanríkisviðskiptum á árinu 1982. Eins og kunnugt er, hefur framvindan að því er varðar útflutningsframleiðslu og útflutning orðið allt önnur en miðað var við í þjóðhagsáætluninni. Í stað 2% aukningar sjávarafurðaframleiðslu og rúmlega 3% aukningar alls vöruútflutnings eru nú horfur á, að sjávarafurðaframleiðslan dragist saman um 16% og vöruútflutningur um 13%. Hér munar 1600 milljónum króna eða rúmlega 5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu þessa árs. Við þetta bætist síðan áætlaður halli á þjónustujöfnuði um önnur 5% af þjóðarframleiðslu, en þar er

þó enn um óvissa áætlun að ræða. Samtals er þannig spáð viðskiptahalla er nemi rúmlega 10% af þjóðarframleiðslu ársins. Ef innflutningurinn síðustu mánuði ársins dregst ekki verulega saman, er reyndar hætta á að hallinn verði meiri.

Það er nú brýnasta verkefnið í íslenskum efnahagsmálum að draga svo skjótt sem auðið er úr hinum mikla halla í utanríkisviðskiptum þjóðarbúsins og eyða honum á næstu tveimur árum. Að öðrum kosti mun erlend skuldastaða þjóðarinnar og greiðslubyrði af erlendum lánum vaxa svo ört á næstu árum, að stefnir í óviðunandi ástand. Vegna samdráttar útflutningstekna og þjóðarframleiðslu hafa erlendar skuldir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði af erlendum lánum farið hækkandi á árinu. Erlendar skuldir nema nú um 45% af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði er 23% af útflutningstekjum. Jafnvel þótt viðskiptahalli minnki verulega á næsta ári, eru líkur á að þessi hlutföll hækki þá enn. Því veltur á miklu að ná sem mestum árangri þegar á árinu 1983 til þess að síðan verði unnt að draga úr skuldaaukningu og greiðslubyrði. Jafnframt er brýnt, að erlendar lántökur á næsta ári fari ekki fram úr því, sem nauðsynlegt er til þess að viðhalda gjaldeyrisstöðunni, þ. e. til að mæta viðskiptahalla og afborgunum af eldri lánum.

Eina leiðin til þess að minnka viðskiptahallann verulega á næstu misserum er að draga úr útgjöldum þjóðarinnar og minnka þannig innflutning. Jafnframt þarf að beina útgjöldum frá innflutningi til kaupa á innlendri vöru og þjónustu og treysta útflutningsatvinnuvegina. Þetta var megintilgangur efnahagsráðstafananna í ágúst. Gengislækkun krónunnar dregur úr kaupum á innfluttri vöru og þjónustu og styrkir stöðu innlendra atvinnugreina, bæði útflutningsgreina og þeirra, sem eiga í samkeppni við innflutning. Til þess að tryggja, að gengislækkunin hefði tilætluð áhrif á þjóðarútgjöld, var nauðsynlegt að hemja víxláhrif verðlags og kauplags af hennar völdum með því að takmarka verðbætur á laun. Að öðrum kosti hefði gengislækkunin skilað litlum raunverulegum árangri en magnað verðbólgu.

Með þeim ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar eða ákveðnar eru á næstunni, bæði á sviði ríkisfjármála og tekjumála, og miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar um útflutningsframleiðslu og viðskiptakjör eru taldar líkur á því, að viðskiptahallinn minnki á næsta ári í um 6% af þjóðarframleiðslu. Þetta væri umtalsverður árangur en stefna verður að því að ná hallanum niður í 4—5% af þjóðarframleiðslu á næsta ári, ef unnt á að vera að eyða honum á næstu tveimur árum. Horfur í heimsbúskapnum og ástand fiskstofna er ekki þannig að unnt sé að treysta á utanaðkomandi hjálp í þessum efnum. Forsendur þjóðhagsáætlunar um 3% aukningu útflutningsframleiðslu gætu reynst of bjartsýnar, ef t. d. ekki rætist úr með loðnuveiðar á næsta ári. Það verður því að fylgjast vel með framvindu mála og grípa til frekari aðgerða, ef horfur verða á að viðskiptahallinn verði umfram áðurnefnt markmið.

2. Traust atvinnulíf — næg atvinna.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu. Ljóst er, að erfitt verður að ná þessu markmiði, þegar saman fer efnahagskreppa í heiminum og alvarlegur samdráttur í fiskafla. Þrátt fyrir þessi erfiðu skilyrði hefur tekist að viðhalda nægri atvinnu á þessu ári. Atvinnuástand hefur yfirleitt verið gott, að undanskildum fyrstu tveimur mánuðum ársins, en þá gætti verkfalls sjómanna, sem m. a. stöðvaði rekstur fiskvinnslustöðva. Þetta er mikilsverður árangur, einkum í ljósi samdráttar þjóðartekna og efnahagserfiðleika í umheiminum, sem hafa valdið því, að flestar þjóðir búa nú við mjög mikið atvinnuleysi, sem fer jafnframt víða vaxandi.

Atvinnuöryggi verður áfram eitt meginmarkmið efnahagsstefnunnar. En forsenda þess eru traustir atvinnuvegir, sem geta tekið við vaxandi fjölda fólks og jafnframt fært þjóðinni betri lífskjör og lífsskilyrði á næstu árum og áratugum. Til þess að markmiðum um atvinnuöryggi verði náð, þarf að leggja traustari grundvöll að uppbyggingu atvinnulífsins með það

markmið að leiðarljósi að auka framleiðni og framleiðslu. Í þessu skyni þarf að beina framkvæmdafé þjóðarinnar inn á brautir, sem líklegar eru til að auka þjóðarframleiðslu og atvinnu á komandi árum. Hér þarf bæði að hafa hefðbundnar atvinnugreinar í huga og eins nýjar, sem byggja á nýtingu orkulinda landsins. Með þessu móti verða best tryggð samkeppnisfær lífskjör og lífsskilyrði við þau lönd, sem Íslendingar hafa mest samskipti og samanburð við. Eftir miðjan síðasta áratug fór fjöldi þeirra, sem flytjast af landi brott umfram hina, sem til landsins flytjast, vaxandi. Á síðasta ári fluttu hins vegar fleiri til landsins en frá landinu og er það í fyrsta skipti síðan 1974.

Eins og fram hefur komið, er þýðingarmesta verkefni hagstjórnar nú að draga úr viðskiptahallanum. Það verður til skamms tíma ekki gert á annan hátt en með samdrætti í neyslu og fjárfestingu, minni innflutningi og meiri sparnaði. En samhliða slíkum aðhaldsaðgerðum leggur ríkisstjórnin áherslu á aðgerðir til að auka þjóðarframleiðslu og draga með þeim hætti úr viðskiptahalla um leið og betri lífskjör eru tryggð. Aðhald í heildarútgjöldum samhliða aðgerðum til að auka framleiðslugetu þjóðarbúsins eru því þungamiðja efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

3. Launa- og kjaramál.

Það er eitt af meginmarkmiðum efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að jafna lífskjör og bæta hag hinna lakast settu í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin mun stefna að því að verja lægstu laun eins og unnt er fyrir þeim samdrætti, sem orðið hefur í þjóðartekjum. Í þessu skyni mun ríkisstjórnin innan skamms hefja viðræður við samtök launafólks um hvernig verja skuli 175 milljónum króna á þessu og næsta ári til láglaunabóta og skattendurgreiðslna. Þá verður 85 milljónum króna varið til Byggingarsjóðs ríkisins og er það tvöföldun ríkisframlags frá þessu ári.

Ríkisstjórnin vinnur að ýmsum málum er varða launa- og kjaramál og verður nánar greint frá þeim hér á eftir í kaflanum um kjarastefnuna. Sérstaklega ber þar að hafa í huga nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, sem unnið hefur verið að á vegum ríkisstjórnarinnar frá því í janúar á þessu ári. Ennfremur er verið að undirbúa breytingar á orlofslögunum.

4. Viðnám gegn verðbólgu.

Á þessu ári hefur verðbólga farið vaxandi á ný eftir að verulegur árangur náðist í baráttunni við hana á árinu 1981. Verðlagsbreytingar á árinu 1982 fara langt fram úr því marki, sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi árs. Ástæðurnar fyrir því eru margþættar. Þar vegur þó þyngst, að stórfelldur og óvæntur samdráttur í þjóðarbúskapnum á þessu ári hefur knúið ríkisstjórnina til að endurskoða fyrri markmið efnahagsstefnunnar. Við núverandi aðstæður var mikilvægast að koma í veg fyrir stöðvun útflutningsatvinnuvega og að draga úr viðskiptahalla. Gengislækkun krónunnar var skjótasta leiðin til þess að ná þessum markmiðum, en hún felur einnig í sér hættu á aukinni verðbólgu. Það varð þannig nauðsynlegt að slaka á verðlagsmarkmiðinu á þessu ári til þess að koma í veg fyrir enn alvarlegri afleiðingar á öðrum sviðum efnahagslífsins. Stöðvun atvinnufyrirtækja og atvinnuleysi blasti við, ef ekki hefði verið gripið til aðgerða til úrbóta.

Fyrir efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í ágústmánuði var því spáð, að verðbólgan stefndi í 75—80% um mitt næsta ár. Efnahagsaðgerðirnar gætu komið verðbólgunni niður í 40—45% frá upphafi til loka árs 1983. Er þá miðað við þegar fram komnar efnahagsráðstafanir, hugmyndir viðræðunefndar um vísitölumál eins og þær liggja fyrir, aukið aðhald í peningamálum og ríkisfjármálum og þá þjóðhagsspá, sem hér er sett fram.

Ríkisstjórnin stefnir að því, að verðbólgan verði ekki meiri en 40—45% á næsta ári og lagður verði grunnur að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Ríkisstjórnin telur óvarlegt að taka stærri skref í þessu efni á næsta ári á meðan einbeita verður kröftunum að því verkefni

að draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Auk þess gæti of aðhaldssöm stefna í þessu efni leitt til verulegs atvinnuleysis, eins og gerst hefur í nágrannalöndunum.

Hins vegar leggur ríkisstjórnin áherslu á að halda verðbólgunni í skefjum við núverandi aðstæður, þannig að unnt verði að koma henni niður á við í hæfilegum skrefum á næstu árum.

II.

Stefna og ráðstafanir

1. Fjármál ríkisins.

Á síðustu árum hefur fjárhagur ríkissjóðs batnað verulega frá því sem var árin á undan. Árin 1975—1978 nam skuld ríkissjóðs við Seðlabankann 4—5% af þjóðarframleiðslu en í árslok 1981 var þetta hlutfall komið niður í rúmlega 1%. Samkvæmt ríkisreikningi var rekstrarafgangur bæði árin 1980 og 1981. Á árinu 1982 hefur fjárhagur ríkissjóðs verið í viðunandi jafnvægi og í lok ágúst var staðan hlutfallslega svipuð og á sama tíma undanfarin tvö ár. Þetta má að nokkru leyti rekja til óvenjumikilla tekna af óbeinum sköttum fram eftir árinu vegna mikils innflutnings og veltu, en ætla má að mjög dragi úr tekjuaukningu á síðustu mánuðum ársins og getur því brugðið til beggja vona í árslok.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1983 mótast af því meginmarkmiði, sem einkennt hefur fyrri fjárlagafrumvörp þessarar ríkisstjórnar, að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Þetta verður hins vegar mun erfiðara á næsta ári en síðustu árin vegna þess samdráttar, sem verður í þjóðarbúskapnum á þessu ári og líklega einnig á næsta ári. Samdráttur þjóðarframleiðslu og -tekna hefur skjótt áhrif á tekjur ríkissjóðs en bein áhrif á útgjöld eru mun minni. Af þessum sökum er nauðsynlegt að draga svo úr útgjöldum ríkissjóðs sem unnt er til þess að koma í veg fyrir halla á ríkissjóði. Þetta er líka mikilvægur liður í þeirri viðleitni að draga verulega úr viðskiptahalla á næsta ári. Samdráttur ríkisútgjalda kemur einkum fram í fjárfestingu ríkisins og framlögum til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar er leitast við að tryggja óskerta félagslega þjónustu. Aukin áhersla verður lögð á sparnað í opinberum rekstri. Ríkisstjórnin mun meðal annars stofna til endurskoðunar á skipulagi og útgjöldum til heilbrigðismála með sérstakri áherslu á þjónustu sjúkrahúsa.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs verða heildartekjur ríkissjóðs tæplega 12,8 milljarðar króna. Útgjöld verða nær 12,7 milljarðar króna og er það 30,5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og er það ívið hærra hlutfall en reiknað er með á þessu ári. Ástæðan er samdráttur þjóðarframleiðslu, sem ríkisútgjöld fylgja ekki að öllu leyti. Tekjuafgangur á næsta ári er áætlaður 82 milljónir króna. Afborganir af lánum umfram nýjar lántökur og greiðsla viðskiptaskulda eru áformaðar 58 milljónir króna og greiðsluafgangur er því 24 milljónir króna. Í afborgunum lána eru meðtaldar 100 milljónir króna til Seðlabanka og samkvæmt því mun ríkissjóður bæta stöðu sína við bankakerfið um 124 milljónir króna. Það skiptir verulegu máli fyrir framvindu peningamála, að þetta markmið náist.

Undirbúningur að staðgreiðslu skatta hefur lengi verið á döfinni, en frumvörp um það efni hafa ekki náð fram að ganga. Á næstunni verður reynt til þrautar, hvort unnt verður að ná samstöðu um framkvæmd þessa máls og er nú unnið að því af fulltrúum allra þingflokka, samtaka sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis. Ennfremur er nú unnið að samningu frumvarps um virðisaukaskatt á vegum fjármálaráðuneytisins til endanlegrar stefnumörkunar á þessu sviði. Í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins er nánar greint frá þessum atriðum og vísast til þess um einstaka þætti tekjuöflunar og útgjalda.

Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir næsta ár er vel á veg kominn og verður áætlunin lögð fyrir Alþingi á næstu vikum. Áætlunin verður miðuð við að draga úr

opinberum framkvæmdum og efla innlenda fjármögnun framkvæmda í því skyni að draga úr viðskiptahalla og erlendum lántökum. Ríkisstjórnin mun leggja mikla áherslu á að styrkja sem mest innlenda fjáröflun til framkvæmda. Þetta verður veigamikill þáttur í þeim aðgerðum, sem mótast af því meginmarkmiði þessarar þjóðhagsáætlunar að eyða viðskiptahallanum á næstu tveimur árum.

2. Peninga- og lánamál.

Þróun peningamála það sem af er þessu ári hefur um margt verið ólík því sem var á sama tíma í fyrra. Framan af ári í fyrra jókst peningamagn æ örar vegna mikillar erlendrar lántöku og halla á ríkissjóði og innlán jukust einnig mikið. Útlán jukust hins vegar minna og lausafjárstaða bankanna var tiltölulega góð. Þegar leið á árið hægði á innstreymi erlends fjármagns, greiðsluafgangur var á ríkissjóði og mjög dró úr innlánsaukningu. Útlán fóru hins vegar vaxandi og lausafjárstaða bankanna þrengdist. Þetta hefur síðan haldið áfram á þessu ári. Gjaldeyrisstaðan hefur rýrnað verulega vegna mikils viðskiptahalla, mjög hefur dregið úr innlánaaukningu en útlánaaukning lítið hjaðnað. Lausafjárstaða bankanna hefur því versnað mikið. Möguleikar til stjórnar peningamála bötnuðu talsvert með hinni sérstöku sveigjanlegu innlánsbindingu, sem lögfest var á síðasta ári. Þetta hefur þó ekki dugað til að hemja hina miklu útlánaaukningu að undanförnu.

Orsaka útlánaaukningarinnar er bæði að leita í vaxandi hallarekstri atvinnugreina fram eftir árinu og mikilli eftirspurn einstaklinga eftir lánum. Eftir efnahagsaðgerðirnar í ágúst og ráðstafanir í sjávarútvegi í september ætti að draga úr útlánum af þessum ástæðum.

Brýnasta verkefnið í peningamálum er að koma aftur á jafnvægi í peningakerfinu, bæði með því að draga úr aukningu útlána og með því að laða stærri hluta af sparnaði landsmanna til ávöxtunar í bönkum og sparisjóðum, án þess þó að það valdi síðan útlánaþenslu á ný. Þetta er ekki síst mikilvægt í því skyni að auka innlenda fjármögnun atvinnuvega og opinberra framkvæmda og draga þannig úr erlendum lántökum eins og kostur er. Þetta er forsenda þess, að sá árangur náist að eyða viðskiptahallanum á næstu tveimur árum. Stjórn peningamála verður að miðast við þetta fyrst og fremst. Þar þarf að tryggja viðunandi ávöxtunarkjör sparifjár í formi verðtryggingar og vaxta og koma á sem mestu samræmi milli vaxta og verðtryggingarkjara á útlánum. Þetta felur í sér breytingu á vöxtum óverðtryggðra inn- og útlána við núverandi aðstæður. Einnig er nauðsynlegt að gera breytingar á reglum og kjörum viðskipta innlánsstofnana við Seðlabankann til þess að herða aðhald að útlánum innlánsstofnana. Með hinum nýju reglum verður að gera kröfu til innlánsstofnana um aðlögun til jafnvægis í rekstri þeirra.

Þróun peningamála ræðst mjög af stefnunni í gengismálum og því er nauðsynlegt að líta á það hvort tveggja í senn. Á þessu ári hefur reynst nauðsynlegt að lækka meðalgengi krónunnar meira en sem nemur mismun á kostnaðarþróun innanlands og í helstu viðskiptalöndum. Ástæðan er versnandi hagur útflutningsgreina og greina, sem eiga í samkeppni við innflutning, og vaxandi viðskiptahalli, en það eru mikilvægustu þættirnir við ákvörðun gengis. Þrátt fyrir þessa lækkun á gengi krónunnar hafa þær greinar, sem flytja út á Evrópumarkað eða eiga í samkeppni við innflutning frá Evrópu, átt í erfiðleikum vegna mikillar lækkunar á gengi Evrópumynta gagnvart dollar. Framkvæmd gengisstefnunnar verður áfram miðuð við þau markmið að tryggja rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina og draga úr viðskiptahalla.

3. Launamál.

Kaupmáttur kauptaxta launþega verður svipaður á árinu 1982 og á árinu 1981 og sama gildir líklega einnig um kaupmátt ráðstöfunartekna. Kaupmáttur tekna á árinu öllu helst þannig óbreyttur, þrátt fyrir samdrátt þjóðarframleiðslu og -tekna. Undir lok ársins og á

næsta ári verður kaupmátturinn hins vegar minni en að meðaltali á þessu ári enda hlýtur kaupmáttur tekna að minnka, þegar þjóðartekjur dragast saman. Það er hins vegar stefna ríkisstjórnarinnar að verja kaupmátt lægstu launa, eins og unnt er, með sérstökum láglaunabótum og skattendurgreiðslum, eins og áður var nefnt, auk þess sem stefnt er að lengingu orlofs, sem taki gildi frá og með 1. desember næstkomandi. Þegar hefur verið tryggður áfangi í jöfnun húshitunarkostnaðar frá 1. október síðastliðnum, eins og ákveðið var í ágúst. Jafnframt hefur verið skipuð nefnd fulltrúa með tengsl við alla þingflokka er fjalli um framtíðarfjáröflun til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Hér er um mikilvægan áfanga að ræða í þá átt að jafna lífskjör í landinu. Þá er unnið að tillögugerð um húsnæðismál, sem sérstaklega hefur það markmið að bæta hlut þeirra, sem byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn.

Samhliða aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum í janúar sl. var ákveðið að vinna að nýju viðmiðunarkerfi fyrir laun, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis. Í þessu skyni var skipuð nefnd, viðræðunefnd um vísitölumál, sem hefur annast viðræður við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins og unnið að útfærslu að nýju viðmiðunarkerfi. Hugmyndir nefndarinnar voru lagðar fyrir samráðsaðila um miðjan ágúst. Í þessum hugmyndum er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á núverandi vísitölukerfi. Samkvæmt þeim verður tekinn upp nýr grundvöllur fyrir vísitölu framfærslukostnaðar, sem reistur er á neyslukönnun, sem gerð var á árunum 1979 og 1980. Tenging launa við vísitölu yrði miðuð við nýja vísitölu, lífskjaravísitölu, sem tekur til fleiri þátta í lífskjörum launafólks en núverandi vísitölukerfi. Einnig er gert ráð fyrir, að breytingar á orkuverði dragist frá framfærsluvísitölu við ákvörðun verðbóta og að verðbætur greiðist á fjögurra eða sex mánaða fresti í stað þriggja nú. Jafnframt er gert ráð fyrir að búvöruverð og almennt fiskverð ákvarðist á sömu dagsetningum.

Með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum í ágústmánuði fylgdi sú ákvörðun, að tekið yrði upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndarinnar, þannig að verðbætur á laun yrðu greiddar samkvæmt nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. desember 1982. Nefndin mun á næstunni eiga frekari viðræður við aðila vinnumarkaðarins um þær hugmyndir, sem hún hefur lagt fram, og jafnframt vinnur hún að undirbúningi frumvarps til laga um viðmiðun launa við verðlag, og verður það lagt fyrir Alþingi.

4. Verðlagsmál.

Um sl. áramót féllu verðstöðvunarákvæði laga nr. 12/1981 úr gildi. Þar með var meira en áratugs löng verðstöðvun afnumin.

Í janúarmánuði var lögð fram á Alþingi skýrsla ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum. Þar sagði m. a. um verðlagsmál: „Í verðlagsmálum verði við það miðað, að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleik í verðmyndunarkerfinu ..... Tekið verði upp nýtt fyrirkomulag, sem miðar að því, að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða.“

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu voru síðan samþykktar á Alþingi breytingar á verðlagslöggjöfinni, sem miðuðu að því að auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Verðlagsyfirvöld hafa síðan unnið að undirbúningi verðgæslukerfis og í því sambandi átt viðræður við ýmis hagsmunasamtök atvinnuveganna.

Stefnt er að því að á komandi vetri verði unnt að fella undan beinum verðlagsákvæðum ýmsar greinar innlendrar vöruframleiðslu, sem eiga í óheftri samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna aðgerða í efnahagsmálum í lok ágústmánaðar sl. var undirstrikað að gefa ætti verðlagningu á þessum vörum frjálsa. Jafnframt því að stefna að afnámi beinna verðlagsákvæða, þar sem því verður við komið, verður með markvissum hætti unnið að kynningarstarfi til þess að styrkja verðskyn kaupenda og seljenda.

5. Fjárfestingarmál.

Síðustu tvö árin hefur heildarfjármunamyndunin numið rúmlega 27% af þjóðarframleiðslu og er það nokkru hærra en gert var ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum þessara ára. Ástæðan var einkum meiri fjármunamyndun atvinnuveganna en spáð hafði verið, ekki síst mikil kaup á flutningatækjum. Áætlanir benda til þess, að fjármunamyndunin dragist saman um 4—5% á þessu ári eða heldur meira en þjóðarframleiðslan, en hlutfall fjárfestingar verður enn rúmlega 27% af þjóðarframleiðslu. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 var gert ráð fyrir rúmlega 6% samdrætti opinberra framkvæmda. Samdrátturinn verður líklega nokkru meiri þar sem verðhækkanir á árinu hafa orðið meiri en miðað var við í áætluninni. Vegna þessa samdráttar verður viðskiptahallinn á árinu einnig minni en ella.

Stefnan í fjárfestingarmálum á næsta ári verður að taka mið af þeim erfiðleikum, sem þjóðarbúið á nú við að glíma og koma ekki síst fram í vaxandi viðskiptahalla. Hið opinbera hefur einkum bein áhrif á fjárfestingu með tvennum hætti, ákvörðunum um opinberar framkvæmdir og ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og ráðstöfun lánsfjár til þeirra. Efnahagsráðstafanir stjórnvalda hafa auk þess áhrif á fjárfestingarákvarðanir með ýmsum hætti og almennt efnahagsástand hefur þar einnig mikið að segja.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 og við undirbúning fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er lögð á það áhersla að draga verulega úr opinberum framkvæmdum á næsta ári. Samdráttur fjárfestingar og þar með einnig opinberra framkvæmda hlýtur að verða veigamikill þáttur í því að minnka viðskiptahallann strax á næsta ári. Eins og áður sagði, dragast opinberar framkvæmdir talsvert saman þegar á þessu ári. Að því er hitaveituframkvæmdir varðar verður framhald á þessu á næsta ári, þar sem öllum stærstu áföngum er nú lokið eða þeir eru langt komnir. Hins vegar standa víða eftir vandamál vegna fjármögnunar þessara framkvæmda, sem leita þarf leiða til þess að leysa án óhóflegrar erlendrar lántöku. Umfjöllun um opinberar framkvæmdir aðrar en þær, sem ákveðnar eru í fjárlögum, er að hluta til ólokið. Á það meðal annars við um orkuframkvæmdir. Ákvarðanir um þessar framkvæmdir verða teknar við afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar, sem lögð verður fyrir Alþingi á næstu vikum. Þessar ákvarðanir hljóta að taka mið af þeim erfiðleikum, sem þjóðarbúið á nú við að glíma.

Á síðustu árum hefur verulegur árangur orðið í því að styrkja eiginfjárstöðu fjárfestingarlánasjóðanna með bættri ávöxtun á ráðstöfunarfé sjóðanna. Jafnframt hefur verið unnt að draga úr beinum framlögum ríkisins til sjóðanna. Enn vantar þó nokkuð á, að útlánareglur, lánstími og vaxtakjör fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna séu sambærileg. Verður unnið að því á næstunni og er það einn liður í því að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna auk þess sem það hefur áhrif í þá átt að draga úr óarðbærri fjárfestingu, sem ráðist hefur af vildarkjörum á fjármagni.

Samdráttur þjóðarframleiðslu og -tekna á árinu 1982 og líkur á áframhaldi þess á næsta ári mun vafalaust hafa áhrif til samdráttar í fjárfestingu atvinnuveganna, enda slíkt nauðsynlegt við ríkjandi aðstæður. Þó gæti orðið aukning á fjárfestingu í iðnaði, þar sem ýmsar veigamiklar framkvæmdir eru nú í undirbúningi. Má þar einkum nefna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ráðstöfun lánsfjár til fjárfestingarlánasjóðanna þarf að taka mið af æskilegri fjárfestingarþróun á næsta ári. Þar er þó ein undantekning, sem er Fiskveiðasjóður, en fjárþörf hans á næstu árum ræðst fyrst og fremst af fjárfestingu í fiskveiðum á undanförnum árum en tiltölulega lítið af fjárfestingu líðandi árs. Mikil skipakaup síðustu árin lenda nú á Fiskveiðasjóði um leið og afkoma útgerðar hefur versnað og þar með geta hennar til að standa undir fjármagnskostnaði. Ennfremur dragast tekjur Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi saman vegna minnkandi afla. Þetta er þannig ein hliðin á þeim erfiðleikum, sem sjávarútvegurinn hefur lent í á þessu ári.

Eins og áður sagði hefur innflutningur flutningatækja og reyndar einnig hvers konar véla og tækja verið afar mikill undanfarin ár, meðal annars vegna þess að möguleikar til erlendrar lántöku til þessara kaupa voru rýmkaðir. Árin áður hafði lítið verið flutt inn af þessum tækjum og því orðin veruleg endurnýjunarþörf. Á þessu ári þótti nauðsynlegt að takmarka á ný erlenda lántöku til kaupa á vörubifreiðum og vinnuvélum í því skyni að draga úr innflutningi. Af sömu ástæðu verður athugað að takmarka einnig lán til kaupa á öðrum vélum og tækjum.

Eins og áður sagði liggja ákvarðanir um opinberar framkvæmdir í heild á næsta ári ekki fyrir og veruleg óvissa er um aðra fjárfestingu. Hér verður miðað við, að fjármunamyndun í heild dragist saman um nálægt 8% á næsta ári og yrði hún þá tæplega 26% af þjóðarframleiðslunni. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður nánar gerð grein fyrir áformum um opinberar framkvæmdir á næsta ári og fjárfestingarmálum að öðru leyti.

6. Atvinnumál.

Forsenda nægrar og öruggrar atvinnu fyrir vaxandi fjölda fólks eru traustir atvinnuvegir. Staða þeirra verður best styrkt til lengdar með því að auka framleiðni og hagræðingu og með því að draga úr kostnaði við framleiðslustarfsemina. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst vegna aðgerða í efnahagsmálum kom fram, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að standa að margháttuðum aðgerðum til þess að treysta atvinnuvegina. Sumt af því er unnt að framkvæma strax en annað mun ekki skila árangri fyrr en að nokkrum tíma liðnum.

Sjávarútvegur. Það eykur á vanda sjávarútvegs, þegar afli dregst saman, að mörg ný skip hafa bæst í flotann á síðustu árum með mun meiri fjármagnskostnað en eldri skipin. Rekstrarstaða þessa hluta flotans er því mun verri en hinna skipanna, og gerir það stöðu greinarinnar í heild lakari en ella. Af þessum sökum er nú nauðsynlegt að stöðva innflutning fiskiskipa algjörlega næstu tvö árin og gera verulegar kröfur til eiginfjárframlags við nýsmíði innanlands. Reynslan sýnir, að mjög erfitt er að draga úr ásókn í ný skip eftir þeirri leið að herða fjármagnskjörin. Það er því nauðsynlegt að grípa tímabundið til þess ráðs að banna algjörlega innflutning á skipum. Reynt verður að beina verkefnum við breytingar og viðhald flotans til innlendra skipasmíðastöðva eftir því sem kostur er. Aðrar helstu aðgerðir í sjávarútvegi og fiskvinnslu eru þessar:

Til að stuðla að betri meðferð á afla og auka framleiðslugæði verði reglur um meðferð á hráefni bæði í fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum hertar og einnig viðurlög gegn brotum.

Veiðar og vinnsla verði háð opinberum leyfum, sem beita má m. a. í þessu skyni.

Á næstu mánuðum verði efnt til stóraukinnar fræðslu um gæði og vöruvöndum í íslenskri framleiðslu.

Undirbúið verði sérstakt átak í markaðs- og sölumálum íslenskra afurða erlendis.

Landbúnaður. Unnið verði að því að draga úr þörf fyrir útflutningsuppbætur með því að stuðla að samdrætti í kjötframleiðslu með aðstoð hins opinbera, þannig að framleiðslan haldist framvegis í hendur við innanlandsneyslu og nýtanlega erlenda markaði. Viðræður verði teknar upp við samtök bænda um endurskoðun útflutningsbótakerfisins. Loðdýrarækt og aðrar nýjar búgreinar verði efldar sérstaklega með hagkvæman útflutning í huga. Stefnt verði að því að búvöruframleiðslan í einstökum byggðarlögum verði í samræmi við landkosti jarða og markaðsstöðu.

Iðnaður. Í upphafi þessa árs skilaði nefnd, sem forsætisráðherra skipaði til að bera saman starfsskilyrði iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar, ítarlegri skýrslu um starfsskilyrði þessara atvinnuvega. Í framhaldi af því hefur verið unnið að tillögugerð um aðgerðir til að

jafna starfsskilyrðin. Mikilvægasta verkefnið á því sviði er endurskoðun á tekjuöflunarkerfi hins opinbera. Verður hún framkvæmd með hliðsjón af tillögum starfshóps um þessi mál, sem lokið hefur störfum. Einnig verður unnið að því að samræma aðstöðugjald á atvinnurekstur með lækkun gjaldsins á iðnað og landbúnað að undangengnum viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga. Til þess að auðvelda iðnfyrirtækjum að bregðast við erlendri samkeppni verður verðlagning á innlendum iðnaðarvörum, sem eiga í óheftri erlendri samkeppni, gefin frjáls. Til að örva útflutning verði nýtt útflutningstryggingakerfi tekið upp og útflutningslánakerfið eflt, þannig að Útflutningslánasjóður geti boðið sambærileg kjör og samsvarandi sjóðir erlendis.

Þeim ráðstöfunum, sem hér hefur verið lýst, er ætlað að styrkja undirstöðu íslensks atvinnulífs og þar með atvinnu í þessum greinum og öðrum atvinnugreinum, sem mikið sækja til þessara atvinnuvega. Jafnframt er unnið að athugun á því með hvaða hætti best verður unnt að nýta orkulindir landsins á næstu áratugum.

Veigamikill þáttur atvinnustefnunnar er nýting orkulinda landsins til að draga svo sem kostur er úr innflutningi á olíuvörum og til að byggja upp innlend fyrirtæki, sem nýta mikla orku. Gengið hefur verið frá framkvæmdaáætlun í virkjanamálum og orkunýtingu með samþykkt Alþingis á lögum um raforkuver nr. 60/1981 og þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu frá 6. maí 1982. Í framhaldi af því var gerður þann 11. ágúst 1982 samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl.

Í ár verður þriðja vélasamstæða Hrauneyjafossvirkjunar tekin í notkun og lýkur þar með meginframkvæmdum við þá virkjun. Háspennulína (220 kV) var nýverið tengd milli virkjana við Tungnaá og Brennimels í Hvalfirði og unnið er að lagningu 132 kV Suðurlínu, sem gert er ráð fyrir að tengja fyrir árslok 1983.

Meginverkefnin í raforkuframkvæmdum næstu 10—15 árin samkvæmt ofangreindri framkvæmdaáætlun eru:

1. Bygging Blönduvirkjunar, sem framkvæmdir hófust við sumarið 1982, og verður virkjunin tekin í notkun ekki síðar en á árinu 1987.
2. Bygging Fljótsdalsvirkjunar, sem nú er í undirbúningi með það fyrir augum að hún geti hafið rekstur árið 1990.
3. Orkuöflunarframkvæmdir og aflaukning í virkjunum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu samhliða byggingu Blöndu- og Fljótsdalsvirkjunar og síðan lúkning Sultartangavirkjunar.
4. Styrking byggðalínukerfisins og lagning Sprengisandslínu milli Tungnaárvirkjana og Akureyrar.
5. Aukning varaafls og nýting jarðvarma til raforkuframleiðslu, m. a. samhliða annarri hagnýtingu.

Hraðinn við þessar framkvæmdir mun fyrst og fremst ráðast af orkunýtingu umfram almennan markað á grundvelli stefnu stjórnvalda um uppbyggingu orkufrekra iðnfyrirtækja. En hagkvæmni slíkra fyrirtækja hlýtur að vera meginforsenda fyrir framkvæmdum á þessu sviði. Sett hafa verið lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og stofnað fyrirtæki, Kísilmálmvinnslan h. f. Á vegum stjórnar fyrirtækisins er nú unnið að undirbúningi framkvæmda við verksmiðjuna, þannig að framkvæmdir geti hafist, þegar ákvörðun þar að lútandi liggur fyrir. Einnig er unnið að margháttuðum athugunum og undirbúningi vegna annars orkufreks iðnaðar, svo sem natríumkloratverksmiðju, trjákvoðuverksmiðju, íslenskrar álíðju og magnesíumframleiðslu.

III.

Framvinda efnahagsmála 1982 og horfur 1983

Framvindan 1982.

Þróun efnahagsmála á árinu 1982 hefur um margt reynst frábrugðin því sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun og í spám í upphafi ársins. Meginástæða þessa er sú, að sjávarafli hefur orðið minni en á síðastliðnu ári og minni en ætlað var í þjóðhagsáætlun, en þar var reiknað með að aflinn yrði svipaður árin 1981 og 1982. Framvindan síðustu misserin sýnir enn á ný, hve þjóðarbúskapurinn er sveiflukenndur og næmur fyrir breytingum í ytri skilyrðum og hversu afdrifaríkar slíkar breytingar geta reynst fyrir vöxt og viðgang þjóðarbúsins.

Áratuginn 1971—1980 nam hagvöxtur hér á landi 3,7% til jafnaðar á ári eins og hann er metinn á mælikvarða hvors tveggja, þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á mann. Fyrri hluta áratugsins var hagvöxtur mjög mikill eftir samdrátt árin næstu á undan. Um miðbik áratugsins kom afturkippur í þessa þróun, einkum vegna afarmikillar rýrnunar viðskiptakjara og samdráttar í eftirspurn erlendis, og þjóðartekjur drógust saman tvö ár í röð, 1974 og 1975. Bæði þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur tóku að vaxa á ný árið 1976 og fór þá um skeið saman að sjávarafli jókst að mun og viðskiptakjörin við útlönd bötnuðu verulega. Árin 1979 og 1980 skildust aftur leiðir. Framleiðsla sjávarafurða jókst mjög mikið, alls um 27%, útflutningsframleiðslan öll um 24% og þjóðarframleiðslan jókst um 8,5% þessi tvö ár, eða yfir 6% á mann. Á hinn bóginn versnuðu viðskiptakjörin til mikilla muna, fyrst og fremst vegna hækkunar olíuverðs en jafnframt vegna þess að markaðsverð sjávarafurða hætti að hækka, ólíkt því sem gilti yfirleitt um verðlag í milliríkjaverslun. Þjóðartekjur drógust því saman árið 1979 og jukust fremur lítið árið 1980. Framvindan tók enn aðra stefnu á árinu 1981, en þá tók nær alveg fyrir vöxt sjávarafurðaframleiðslunnar og vegna lægðar í heimsbúskapnum og samdráttar í eftirspurn iðnríkja dróst útflutningur Íslendinga saman. Af þessum sökum dró úr hagvexti og þjóðarframleiðslan jókst einungis um 1,5% (0,3% á mann). Þjóðartekjur jukust lítið eitt meira eða tæplega 2% (0,6% á mann) vegna lítils háttar bata viðskiptakjara af völdum gengisbreytinga á alþjóðagjaldeyrismarkaði.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 var reiknað með, að afli ykist ekki frá árinu 1981. Breytingar á samsetningu framleiðslunnar voru þó taldar geta haft í för með sér 2% aukningu sjávarvöruframleiðslunnar og í heild var útflutningsframleiðslan talin geta vaxið um 4% vegna aukningar stóriðjuframleiðslu. Á þessum forsendum fyrst og fremst var þjóðarframleiðslan talin geta aukist um 1%, en þjóðartekjur þó aðeins um 0,5% vegna 1—2% rýrnunar viðskiptakjara. Í spá um viðskiptajöfnuð fyrir árið 1981, sem var grunnur þjóðhagsáætlunar 1982 hvað viðskiptin við útlönd varðaði, tókst hvorki að sjá fyrir mikla birgðasöfnun útflutningsafurða né mikla innflutningsaukningu á síðustu mánuðum ársins. Á síðastliðnu hausti var því ekki gert ráð fyrir meiri háttar viðskiptahalla árið 1981 og viðskiptin við útlönd voru talin geta orðið hallalaus á árinu 1982. Viðskiptajöfnuðurinn 1981 reyndist síðan óhagstæður um 5% af þjóðarframleiðslu og hlaut sú niðurstaða að breyta horfunum fyrir árið 1982 talsvert mikið.

Í þjóðhagsspá í mars, sem sett var fram í riti Þjóðhagsstofnunar Úr þjóðarbúskapnum nr. 13, var séð fram á mikinn samdrátt í loðnuveiðum og þar með í framleiðslu sjávarafurða svo og minni framleiðslu stóriðjuvera en fyrri framleiðsluáætlanir þeirra gáfu til kynna. Í þessum spám var raunar reiknað með nokkurri loðnuveiði undir lok ársins en á hinn bóginn voru ekki komin fram nein glögg merki um samdrátt í þorskafla. Var útflutningsframleiðslan í heild talin verða svipuð og árið áður. Niðurstaða þessarar spár var sú, að þjóðarframleiðslan drægist saman um 1% á árinu. Viðskiptakjörin voru í heild talin verða svipuð og í fyrra og þjóðartekjur því áætlaðar breytast eins og framleiðslan. Viðskiptajöfnuður var

Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann, viðskiptakjör og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann 1975—1982.
Vísitölur 1970 = 100.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	Áætlun 1981	Spá 1982
Þjóðarframleiðsla á mann								
Vísitölur	122	124	130	134	138	142	143	136
Breyting frá fyrra ári, %	−3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8	0,3	−4,5
Viðskiptakjör								
Vísitölur	98	110	119	119	108	105	106	104
Breyting frá fyrra ári, %	−16,0	11,9	8,7	0,2	−9,2	−3,4	1,0	−2,0
Þjóðartekjur á mann								
Vísitölur	121	128	138	142	141	143	144	137
Breyting frá fyrra ári, %	−7,0	5,0	8,1	2,7	−0,7	1,6	0,6	−5,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann								
Vísitölur	127	130	146	158	160	158	165	163
Breyting frá fyrra ári, %	−11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	−1,4	4,3	−1,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

talinn verða óhagstæður um 4½% af þjóðarframleiðslu, og var þá miðað við ótruflaðan skreiðarútflutning til Nígeríu.

Í sumarbyrjun varð ljóst, að umtalsverður aflabrestur yrði á þorskveiðum. Í 1. hefti ritsins Framvinda efnahagsmála 1982, 22. júní síðastliðinn, voru því taldar horfur á 12—20% samdrætti sjávarafurðaframleiðslu og 3—6% samdrætti þjóðarframleiðslu eftir því hvernig aflabrögð yrðu það sem eftir lifði af árinu. Viðskiptakjörin voru talin rýrna um 1% frá fyrra ári. Viðskiptahallinn var talinn stefna í 8—9% af þjóðarframleiðslu.

Samkvæmt fyrirliggjandi spám fyrir árið 1982 er nú talið líklegt, að þjóðarframleiðslan dragist saman um 3½% á þessu ári og er meginástæðan 16% samdráttur í framleiðslu sjávarafurða. Viðskiptakjörin eru nú talin verða um 2% lakari en í fyrra, en það hefur í för með sér heldur meiri samdrátt þjóðartekna en framleiðslu eða 4%. Þjóðartekjur á mann dragast því saman um meira en 5% samkvæmt þessum spám. Viðskiptajöfnuðurinn við útlönd er nú talinn verða óhagstæður um 10½% af þjóðarframleiðslu. Þetta er nokkru lakari útkoma en horfur voru á í sumar og stafar það mest af því, að nú eru líkur á töluverðri aukningu skreiðarbirgða, sem ekki var reiknað með áður, en jafnframt er nú gert ráð fyrir heldur lakari viðskiptakjörum en í sumar.

1. Utanríkisviðskipti.

Fyrstu níu mánuði þessa árs varð heildaraflinn, metinn á föstu verðlagi, um 15% minni en á sama tíma í fyrra. Þar af hafði þorskaflinn dregist saman um 21% en annar botnfiskafli hafði aukist, svo að í heild reyndist botnfiskaflinn 10½% minni en í fyrra. Nær engin loðna hefur verið veidd á þessu ári. Nú eru taldar horfur á, að þorskaflinn verði um 385 þúsund tonn árið allt samanborið við 460 þúsund tonn árið 1981. Annar botnfiskafli verður sennilega meiri en í fyrra og er gert ráð fyrir 280 þúsund tonnum á móti 256 þúsund tonnum í fyrra. Enn er óráðið, hvort nokkrar loðnuveiðar verði leyfðar á þessu hausti en í þjóðhagsspá er ekki reiknað með loðnuveiði á haustvertíð. Samkvæmt þessu er nú gert ráð fyrir, að fiskaflinn, metinn á föstu verðlagi, verði 16% minni á þessu ári en var í fyrra. Sjávarvöruframleiðslan er jafnframt talin minnka um sama hlutfall. Á móti þessu vegur aukning í

framleiðslu áls, kísiljárns og kísilgúrs og í heild er því útflutningsframleiðslan talin verða 11—12% minni en í fyrra.

Verslunarárferði hefur verið með slakasta móti undangengin misseri. Lægðin í efnahagslífi iðnríkjanna hefur meðal annars valdið því, að milliríkjaviðskipti OECD-ríkja drógust saman í fyrra og hafa naumast aukist að nokkru ráði í ár. Þá hefur það ekki hvað síst haft áhrif á útflutning Íslendinga, að matvælaverð hefur farið lækkandi, bæði af völdum aukins framboðs og minnkandi eftirspurnar, og að eftirspurn eftir málmum hefur snarminnkað og málmverð hrapað. Þar við bætast svo hinir sérstöku erfiðleikar, sem nú eru í skreiðarsölu til Nigeríu, en þeir eiga aftur rætur að rekja til efnahagsörðugleika þar í landi af völdum samdráttar í olíueftirspurn iðnríkja og lækkunar hráolíuverðs á heimsmarkaði. Fyrstu átta mánuði ársins varð vöruútflutningurinn að líkindum 13% minni að magni en á sama tíma í fyrra og í nær öllum greinum var um samdrátt að ræða. Bráðabirgðatölur fyrir september benda til þess, að útflutningurinn hafi orðið mun minni að magni en í sama mánuði í fyrra. Fyrir þrjá síðustu mánuði ársins ríkir töluverð óvissa um afskipanir. Þetta á einkum við um skreið fyrir Nigeríumarkað, og vegna erfiðleikanna í þeim útflutningi verður, eins og nú horfir, að gera ráð fyrir töluverðri birgðasöfnun af þeim sökum. Hvað sjávarafurðir snertir er að auki búist við nokkurri aukningu síldarbirgða vegna meiri framleiðslu en í fyrra. Birgðir af frystum karfa fyrir Rússlandsmarkað hafa einnig safnast upp að undanförnu, enda karfaafli verið mjög mikill. Að öðru leyti má nefna, að búist er við, að álbirgðir aukist. Í heild er því gert ráð fyrir, að útflutningsvörubirgðir aukist talsvert á árinu þrátt fyrir samdrátt útflutningsframleiðslunnar og má að mestu leyti rekja það til erfiðleika í skreiðarsölu. Vöruútflutningurinn er því talinn dragast meira saman en framleiðslan eða um 12—13%.

Útflutningsframleiðsla og útflutningur 1976—1982.
Breytingar frá fyrra ári, %.

	Meðaltal 1976-80	1976	1977	1978	1979	1980	1981	Spá 1982
Sjávarafurðaframleiðsla	12,1	8,5	19,0	7,5	15,0	10,5	1,5	−16,2
Útflutningsframleiðsla, alls	10,9	9,2	16,4	6,0	13,0	9,8	1,0	−11,5
Vöruútflutningur	11,3	15,7	6,4	16,0	9,5	9,0	−1,2	−12,6

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Sé spáin um útflutningsframleiðslu og útflutning árið 1982 borin saman við tölur fyrri ára kemur glöggt í ljós hversu bakslag síðustu tveggja ára er mikið. Í heild jókst útflutningsframleiðslan og útflutningurinn til jafnaðar um 11% á ári tímabilið 1976—1980. Árið 1981 tók nær því fyrir allan vöxt framleiðslunnar og útflutningurinn drósst heldur saman. Í ár er svo horft fram á mikinn samdrátt sem nemur 12—13% í heild.

Eftir nokkurn bata á fyrsta fjórðungi ársins versnuðu viðskiptakjörin á ný á öðrum ársfjórðungi. Fyrri helming ársins reyndust viðskiptakjörin um 1½% lakari en að meðaltali 1981. Sé miðað við fast meðalgengi var útflutningsverð rösklega 2% lægra á fyrri helmingi þessa árs en að meðaltali 1981. Sé breytingin hins vegar metin í dollurum hefur meðalverð alls útflutnings orðið rösklega 6% lægra en á árinu 1981. Verðlækkunin nær til allra flokka útflutnings, en er langmest á áli. Ekkert virðist nú benda til þess, að útflutningsverð í erlendri mynt verði hærra síðari hluta ársins en fyrri hlutann. Saltfiskverð hefur raunar lækkað talsvert eftir mitt ár og munu áhrif þeirrar lækkunar koma fram í tölum síðari hluta ársins. Innflutningsverð, miðað við fast meðalgengi, var rösklega ½% lægra á fyrri helmingi þessa árs en að meðaltali 1981. Þessi verðlækkun stafar fyrst og fremst af lækkun olíuverðs, en almennur vöruinnflutningur án olíu var rösklega 1% hærri í verði á fyrri hluta ársins en að

meðaltali 1981. Í ljósi þessa er nú gert ráð fyrir, að viðskiptakjörin við útlönd verði að meðaltali um 2% lakari í ár en í fyrra.

Vöruinnflutningur hefur verið mjög mikill á þessu ári. Einkum gætti mikillar aukningar á fyrstu mánuðum ársins en úr henni hefur dregið að undanförnu. Fyrstu átta mánuði ársins varð vöruinnflutningurinn um 8% meiri á föstu gengi en á sama tíma í fyrra. Breytingar einstakra liða innflutningsins eru mjög misjafnar. Innflutningur skipa fyrri hluta ársins varð þrefalt meiri en á sama tíma í fyrra. Innflutningur á vegum Landsvirkjunar varð hálfu minni en fyrstu átta mánuðina í fyrra og innflutningur til álversins um 8% minni. Í heild var sérstakur innflutningur (skip og flugvélar, innflutningur til Landsvirkjunar, álvers og járnblendiverksmiðju) 7½% meiri á föstu gengi en á sama tímabili í fyrra. Almennur vöruinnflutningur var rösklega 8% meiri á föstu gengi mánuðina janúar-ágúst í ár en á sömu mánuðum í fyrra. Þar af hafði olíuinnflutningur minnkað um 4% en annar almennur vöruinnflutningur aukist um 10½%, en það svarar að líkindum til 8—9% magnaukningar. Tölur um almennan vöruinnflutning eftir notkunarflokkum, sem tiltækar eru fyrir fyrri helming ársins, sýna um 14% magnaukningu í innflutningi neysluvöru og munar þar mikið um stóraukinn bílainnflutning. Innflutningur fjárfestingarvöru jókst minna, um 7—8% að magni, og innflutningur rekstrarvöru dróst saman um 13%, einkum vegna mun minni olíuinnflutnings en í fyrra. Í spám um innflutning fyrir árið 1982 er nú gert ráð fyrir, að sérstakur vöruinnflutningur verði um 5% minni að magni en í fyrra. Innflutningur olíuvöru er talinn geta reynst um 7% minni en í fyrra en annar almennur vöruinnflutningur svipaður og í fyrra. Spáin um síðastnefnda liðinn er miðuð við, að þessi innflutningur verði að raungildi talsvert minni á síðustu mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir september hefur innflutningur í þeim mánuði orðið nokkru minni en í fyrra. Til þess að innflutningsspáin gangi eftir þarf því verulegan samdrátt á síðasta fjórðungi ársins. Spáin um samdrátt innflutningseftirspurnar er gerð með hliðsjón af þeirri vitneskju og þeim hugmyndum, sem nú sýnist unnt að beita um þróun kaupmáttar á árinu. Ljóst er af útgjaldatölum síðustu mánaða að áhrif framleiðslusamdráttar og vaxandi verðbólgu á tekjur koma fram með allmikilli töf. Reynist töfin lengri en hér er reiknað með eða tekjuaukningin meiri getur orðið lengri bið á því að innflutningseftirspurn dragist saman. Reynsla þessa árs svo og fyrri ára sýnir raunar að afar erfitt er að tímasetja svo vel sé þær breytingar, sem hér um ræðir, og ljóst er að fremur er hætta á, að innflutningseftirspurnin sé vanmetin en ofmetin í þeim spám, sem nú liggja fyrir.

Fyrri helming þessa árs var vöruskiptajöfnuðurinn við útlönd óhagstæður um 793 milljónir króna. Fyrir árið allt sýnir þjóðhagsspáin halla, sem nemur 1 583 milljónum. Síðari hluta ársins ætti hallinn því að verða hinn sami og á fyrri árshelmingi eigi spáin að ganga eftir. Sem fyrr segir hefur útflutningur verið mjög lítill að undanförnu og töluverð óvissa ríkir um afskipanir síðustu mánuði ársins. Hins vegar er enn lítið lát á innflutningi. Af þessum sökum er hætta á, að vöruskiptajöfnuðurinn verði jafnvel enn lakari síðari hluta ársins en í spánni felst, ef útflutningur brestur eða innflutningur dregst ekki saman. Samkvæmt bráðabirgðatölum var þjónustujöfnuður óhagstæður um 275 milljónir króna á fyrsta fjórðungi ársins og vísbendingar um annan ársfjórðung gefa til kynna að hallinn stefni yfir 800 milljónir króna á fyrri helmingi ársins. Þetta er ekki ósvipað því sem við hefur verið búist. Í þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir því, að þjónustuviðskiptin verði með 1 553 milljón króna halla á árinu. Í því felst að hallinn yrði röskar 700 milljónir á síðari hluta ársins og er það töluvert meiri halli en á sama tíma í fyrra. Þessi spá er e.t.v. fremur í svartsýnna en bjartsýnna lagi. Viðskiptajöfnuðurinn hefur sennilega orðið óhagstæður um 1 600 milljónir króna á fyrri helmingi ársins en árið allt er nú spáð rösklega 3 100 milljón króna halla. Þessi spá er mjög háð framvindunni á síðasta fjórðungi ársins og ekki má mikið út af bera til þess

að hallinn verði meiri en hér er lýst. Þessi viðskiptahalli svarar til um 10½% af þjóðarframleiðslu en var um 5% í fyrra.

Bráðabirgðatölur um fjármagnshreyfingar á fyrri hluta þessa árs sýna um 900 milljón króna nettóinnstreymi. Heildargreiðslujöfnuðurinn reyndist óhagstæður um 750 milljónir og gjaldeyrisstaðan við útlönd rýrnaði að sama skapi. Fyrir árið allt er nú talið, að viðskiptahallinn verði að tveimur þriðju hlutum veginn upp af innstreymi erlends fjármagns og heildargreiðslujöfnuðurinn stefni í 1 000 milljón króna halla. Áætlað er, að erlendar skuldir þjóðarbúsins í lok þessa árs jafngildi um 45% af þjóðarframleiðslu samanborið við tæplega 37% við upphaf ársins. Greiðslubyrði af erlendum skuldum, þ. e. afborganir og vextir af erlendum lánum, var um 16½% af útflutningstekjum á árinu 1981 en áætlað er að hún nemi 23% á árinu 1982.

2. Þjóðarútgjöld.

Tölur um útgjöld og söluskattsveltu hafa sýnt miklar breytingar á þessu ári. Tölur um verslunarveltu benda til yfir 15% aukningar að raungildi á fyrsta fjórðungi ársins og 8—10% aukningar á fyrri helmingi ársins, miðað við sama tíma í fyrra. Tölur um innheimtan söluskatt hafa sýnt nokkru meiri breytingar eða nærri 12% á fyrri hluta ársins, en ætla má að velta söluskattskyldrar vöru og þjónustu hafi aukist meira en heildarveltan. Heldur virðist hafa dregið úr veltuaukningunni eftir mitt ár en spákaupmennska vegna gengisbreytingarinnar í ágúst hefur vafalaust valdið því, að útgjöld hafa verið meiri en ella um mitt sumar. Innheimtutölur ríkisbókhalds fyrstu átta mánuði ársins og bráðabirgðatölur um september benda til 8—9% aukningar söluskattsveltu en í því gæti falist 6—7% aukning heildarveltu fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Innflutningur neysluvöru varð um 14% meiri á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra (11% meiri án bíla) en svo virðist sem eitthvað hafi dregið úr þeirri aukningu að undanförnu. Bensínsalan fyrstu sex mánuði ársins reyndist 6% meiri en í fyrra, en sala gasolíu til húsakyndingar dróst saman um nær þriðjung. Almenn raforkunotkun jókst um 7,5% á fyrri helmingi ársins og reikna má með töluverðri aukningu í hitaveitunotkun. Sala áfengis og tóbaks jókst um rösklega 3% fyrri hluta ársins. Sala mjólkurafurða hefur aukist nokkuð á árinu en sala kindakjöts minnkað. Loks má nefna, að fyrstu níu mánuði ársins varð nær 13% aukning í ferðalögum til útlanda.

Þær vísbendingar um útgjöld, sem hér hafa verið raktar, benda eindregið til mikillar aukningar einkaneyslu það sem af er árinu. Þessi aukning virðist raunar talsvert meiri en samrýmist þeim vísbendingum, sem nú eru tiltækar, um þróun tekna og kaupmáttar á árinu. Í þjóðhagsspá er nú gert ráð fyrir að einkaneysla verði 2% meiri í ár en í fyrra og sama máli gegni um samneyslu. Eigi þessi spá að ganga eftir þurfa einkaneysluútgjöld að dragast saman á síðasta fjórðungi ársins. Ýmislegt veldur, að sennilegt er að um einhvern samdrátt verði að ræða. Í fyrsta lagi er sýnt, að kaupmáttur kauptaxta mun rýrna að mun síðustu mánuði ársins. Í öðru lagi þykir líklegt, að á næstu mánuðum fari áhrifa framleiðslusamdráttarins á tekjur að gæta í auknum mæli. Loks má nefna, að greiðslubyrði tekju- og eignarskatta á síðari hluta ársins er mun þyngri en á fyrri hluta ársins. Þessir þættir benda til þess, að einkaneysla muni dragast saman til muna á síðustu mánuðum þessa árs og fyrstu mánuðum næsta árs. Enn sem komið er hafa engin glögg merki um slíkan samdrátt komið fram í útgjaldatölum. Því kann svo að fara að samdráttur útgjalda komi fram með meiri töf en hér er reiknað með og hans gæti því í meira mæli á næsta ári en á þessu ári.

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir 4,5% samdrætti í fjármunamyndun á þessu ári. Þessi spá er mjög óviss, upplýsingar um framvindu fjárfestingarmála eru mjög af skornum skammti en tiltækar útgjaldatölur gefa þó til kynna að fjárfestingin gæti orðið meiri en hér er reiknað með. Sá samdráttur, sem nú er reiknað með, stafar ekki síst af mun minnni stórframkvæmdum í ár en í fyrra, en á hinn bóginn er reiknað með að innflutningur skipa aukist að mun frá

fyrra ári en önnur fjármunamyndun verði nær óbreytt. Fjármunamyndun atvinnuveganna er nú áætluð dragast saman um 3% í ár, en þessi spá er meðal annars háð því að innflutningur flutningatækja og ýmissa véla aukist ekki að marki og að bygging verslunar-, skrifstofu- og gistihúsa dragist saman. Þessir liðir fjárfestingarinnar hafa allir sýnt töluverða aukningu undanfarin ár. Nefna má, að útgjaldatölur fyrri hluta ársins benda fremur til aukningar en samdráttar, og til þess að spáin gangi eftir þarf því talsverða minnkun umsvifa og innflutnings á síðustu mánuðum ársins. Upplýsingar um íbúðabyggingar benda til töluverðrar þenslu á höfuðborgarsvæðinu en minni framkvæmda á ýmsum öðrum stöðum. Í spánni er gert ráð fyrir óbreyttum umsvifum við íbúðabyggingar í heild frá fyrra ári. Hér kynni að vera um vanmat að ræða eftir þann mikla samdrátt, sem varð á árinu 1981. Opinberar framkvæmdir eru loks taldar verða 8—9% minni en í fyrra.

Spárnar um þjóðarútgjöld, sem hér hafa verið raktar, fela í sér að neysla og fjármunamyndun aukist um ½% á þessu ári. Sem fyrr segir er þessi spá mjög óviss og eigi hún að ganga eftir þarf útgjaldaþróunin að snúast úr aukningu það sem af er í töluverðan samdrátt það sem eftir lifir af árinu. Mögulegt er að sú breyting sé tímasett of snemma í þessari spá og sé svo verða útgjöldin meiri í ár en að líkindum þeim mun minni á næsta ári.

3. Atvinna.

Allan síðasta áratug hefur skráð atvinnuleysi verið með allra minnsta móti hér á landi í samanburði við önnur lönd. Tímabilið frá 1971—1981 voru að meðaltali um 400 manns skráðir atvinnulausir á mánuði, eða um 0,4% af heildarmannafla. Á sama tíma var heildaratvinnuleysi í OECD-ríkjum um 5% að meðaltali. Allt þetta tímabil var atvinnuástandið hér á landi næsta stöðugt og sveiflur í skráðu atvinnuleysi nær eingöngu af árstíðabundnum toga spunnar.

Þær upplýsingar, sem tiltækar eru um atvinnuástandið á þessu ári, gefa ekki til kynna verulegar breytingar í þessum efnum. Þótt skráðir atvinnuleysisdagar á fyrstu átta mánuðum þessa árs hafi meira en tvöfaldast frá sama tíma í fyrra, eða úr tæplega 72 þúsund í 146 þúsund, þá má að langmestu leyti rekja ástæðu þessarar fjölgunar til verkfalls sjómanna í janúarmánuði síðastliðnum, sem meðal annars stöðvaði rekstur fiskvinnslustöðva víðast hvar á landinu. Áhrifa verkfallsins gætti raunar einnig í febrúar, en í marsmánuði var atvinnuástandið á hinn bóginn komið í eðlilegt horf. Síðan hefur skráð atvinnuleysi verið svipað því sem verið hefur undanfarin ár.

Miðað við heildarmannafla nam skráð atvinnuleysi á tímabilinu mars-ágúst í ár um 0,4% að meðaltali samanborið við 0,3% í fyrra. Þetta svarar til um 400 manna að meðaltali á mánuði. Tímabilið frá janúar til ágústloka nam skráð atvinnuleysi hins vegar 0,8% af heildarmannafla 1982 (0,4% á sama tíma 1981), en það svarar til um 840 manna að meðaltali á mánuði.

Þegar á heildina er litið og jafnframt horft framhjá hinu óvenjulega ástandi í janúar og febrúar virðast þessar tölur þannig ekki gefa til kynna, að atvinnuástandið hafi versnað frá því sem var á sama tíma í fyrra, þrátt fyrir verulegan samdrátt í framleiðslu sjávarafurða það sem af er þessu ári. Samdrátturinn kemur þó afar misjafnt niður, eins og raunar var búist við. Þannig hefur hlutur höfuðborgarsvæðisins í skráðu atvinnuleysi minnkað úr 36% tímabilið janúar-ágúst í fyrra í 29% í ár en hlutur annarra landshluta aukist að sama skapi. Hér gætir fyrst og fremst áhrifa samdráttarins í sjávarvöruframleiðslu, sem kemur mun þyngra niður á atvinnulífi utan höfuðborgarsvæðisins en á því svæði.

Önnur vísbending um þessi áhrif er, að hlutur kvenna í atvinnuleysistölunum hefur aukist verulega á þessu ári. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs voru 60% skráðra atvinnulausra konur, samanborið við 40% á sama tíma í fyrra.

Þótt áhrif framleiðslusamdráttarins hafi ekki komið fram í atvinnuleysisskráningu svo heitið geti, þegar á heildina er litið, má ætla, að þau komi í ríkari mæli fram í styttri vinnutíma og þar með minnkandi tekjum. Þessa sér þó ekki stað í vinnutímatölum fyrir fyrsta fjórðung ársins nema í litlum mæli.

4. Verðlag og tekjur.

Í upphafi þessa árs var árshraði verðbreytinga rétt um 40%. Verðbólguhraðinn hefur hins vegar farið vaxandi eftir því sem á árið hefur liðið. Gætir þar meðal annars áhrifa þeirra kjarasamninga, sem gerðir voru í lok ársins 1981 og á fyrstu mánuðum þessa árs. Raunar má segja, að áhrifa kjarasamninga á verðbólgu hafi gætt nær samfellt allt þetta ár, þar sem kjarasamningalota hefur staðið yfir nær allt árið. Vísitala framfærslukostnaðar í ágústbyrjun reyndist 11,8% hærri en í maí og 49,5% hærri en í ágúst 1981. Breytingin frá maí til ágúst svarar til 56% árshækkunar og frá febrúar til ágúst hefur vísitalan hækkað sem svarar til 54% árshækkunar. Allt eru þetta töluvert meiri breytingar en fram hafa komið fyrr á þessu ári. Nú er talið, að frá upphafi til loka ársins muni vísitalan hækka um 60—61%. Samkvæmt fyrirliggjandi verðlagsspám er ennfremur gert ráð fyrir að árið allt verði vísitalan að meðaltali 50% hærri en í fyrra. Verðlag einkaneyslu er hins vegar talið hækka meira en framfærsluvísitalan á þessu ári vegna mismikilla áhrifa niðurgreiðslna og innflutningsverðs á þessa mælikvarða. Er munurinn talinn geta reynst um 2%. Loks má nefna, að áætlað er, að meðalhækkun byggingarvísitölu verði um 55% á þessu ári.

Kauptaxtar launþega hafa hækkað verulega á síðustu tólf mánuðum, eða um 56% frá september 1981 til jafnlengdar 1982. Gætir hér einkum áhrifa verðbótagreiðslna á laun, en þær hafa að meðaltali verið um 9% á hverjum ársfjórðungi. Ennfremur hafa grunnlaun hækkað tvívegis á þessu tímabili samkvæmt kjarasamningum, fyrst í lok síðasta árs, síðan um og eftir mitt þetta ár, samtals um 11—12%. Gert er ráð fyrir, að kauptaxtar launþega hækki að meðaltali um 50% á þessu ári.

Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1975—1982.
Vísitölur 1970 = 100.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	Spá 1982
Tekjur:								
Kauptaxtar launþega	348	436	636	985	1 420	2 143	3 204	4 806
Ráðstöfunartekjur einstaklinga á mann	422	560	825	1 283	1 917	2 953	4 636	6 986
Verðlag:								
Vísitala framfærslukostnaðar	306	404	527	759	1 104	1 751	2 642	3 963
Vísitala byggingarkostnaðar	378	467	607	893	1 313	2 043	3093	4794
Verðlag einkaneyslu	332	432	566	814	1 197	1 869	2 815	4 307
Kaupmáttur:								
Kaupmáttur kauptaxta[1])	114	108	121	130	129	122	121	121
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann[2])	127	130	146	158	160	158	165	163
Breyting frá fyrra ári, %:								
Kauptaxtar	27,1	25,4	45,8	55,0	44,1	50,8	49,6	50
Ráðstöfunartekjur á mann	32,3	32,7	47,5	55,5	49,4	54,0	57,0	51
Vísitala framfærslukostnaðar	49,0	32,2	30,4	44,1	45,5	58,5	50,9	50
Vísitala byggingarkostnaðar	42,1	23,5	30,0	47,2	47,0	55,6	51,4	55
Verðlag einkaneyslu	49,0	30,0	31,1	47,0	47,0	56,2	50,5	53
Kaupmáttur kauptaxta	−14,7	−5,1	11,8	7,6	−1,0	−4,9	−1,0	0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	−11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	−1,4	4,3	−1

1) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
2) Miðað við verðlag einkaneyslu.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Þróun kaupmáttar kauptaxta á þessu ári sýnir engar umtalsverðar breytingar, þegar horft er á meðaltöl áranna 1981 og 1982. Á hinn bóginn verður kaupmáttur á síðasta fjórðungi þessa árs mun minni en að meðaltali á árinu öllu.

Upplýsingar um áhrif launaskriðs og vinnutíma á tekjur eru enn af skornum skammti, en ætla má, að áhrif framleiðslusamdráttarins komi fram í þessum þáttum. Veruleg óvissa ríkir hins vegar um það, að hve miklu leyti þessara áhrifa gætir á þessu ári. Raunar benda tölur um verslunarveltu það sem af er þessu ári til þess, að samdráttarins sé aðeins að takmörkuðu leyti tekið að gæta í útgjöldum heimilanna. Áhrifin kynnu því að koma fram af meiri þunga á næsta ári.

Ætla má, að í heild hafi nokkurt launaskrið orðið á árinu, meðal annars vegna áhrifa kjarasamninga á tekjur umfram það sem metið verður til breytinga kauptaxta. Sem fyrr segir ríkir óvissa um vinnutíma, en ljóst er að hann hefur stytst hjá ýmsum launþegum vegna minnkandi afla, en á móti kann vinnutími annarra, t. d. iðnaðarmanna, að hafa lengst. Hér er gert ráð fyrir, að vinnutími reynist að meðaltali á árinu svipaður og í fyrra. Á þessum forsendum er búist við nokkurri aukningu tekna umfram það sem svarar til hækkunar kauptaxta. Þó er ljóst, að tekjur ýmissa hópa hækka minna, einkum sjómannatekjur, þar sem samdráttarins gætir vitaskuld mun fyrr en hjá öðrum stéttum. Að öllu þessu samanlögðu svo og með hliðsjón af því, að skattbyrði er þyngri á þessu ári en í fyrra, er gert ráð fyrir, að ráðstöfunartekjur á mann aukist um 51% á móti 53% áætlaðri verðbreytingu einkaneyslu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna, miðað við verðlag einkaneyslu, gæti því dregist saman um 1% á mann á þessu ári. Þetta er sem fyrr segir mjög óviss áætlun vegna lítillar vitneskju um áhrif framleiðslusamdráttarins á vinnutíma, atvinnu og tekjur á þessu ári.

5. Ríkisfjármál og peningamál.

Framvinda A-hluta ríkisfjármála var fremur hagstæð framan af þessu ári. Tekjur jukust mun örar en útgjöld og rekstrarafkoman var því hagstæð. Undir mitt ár fór hins vegar að halla undan fæti. Tekjuaukningin hjaðnaði smám saman á sama tíma og útgjöld fóru ört vaxandi og rekstrarafkoman snerist úr afgangi í halla. Hins vegar varð mikill afgangur á ný í september. Fyrstu níu mánuði þessa árs voru tekjur ríkissjóðs 123 milljónir króna umfram útgjöld, eða sem nam tæplega 2% af heildartekjum. Á sama tíma í fyrra var rekstrarhalli, er nam 1,5% af tekjum. Tímabilið janúar—september í ár voru innheimtar tekjur 63% meiri en á sama tíma í fyrra, og var það umfram hækkun verðlags á þessu tímabili, vegna mikillar veltu og innflutnings fyrstu mánuði ársins. Útgjaldaaukningin var 58%, sem er einnig meira en nemur hækkun verðlags.

Fyrstu níu mánuði ársins var innheimtur söluskattur 62% meiri en í fyrra og tolltekjur um 72% meiri. Aðrir meiri háttar tekjuliðir hafa yfirleitt aukist minna, til dæmis beinir skattar um 58% og hagnaður ÁTVR um 52%. Af helstu útgjaldaliðum má nefna, að útgjöld til tryggingamála hafa aukist um 53%, heilbrigðisútgjöld um 65%, menntamálaútgjöld um 60% og útgjöld til niðurgreiðslna um 102%. Greiðsluafkoma ríkissjóðs frá áramótum til septemberloka var óhagstæð um 68 milljónir króna eða sem nam 1% af tekjum. Á sama tíma í fyrra var greiðsluhallinn heldur minni, eða 0,7% af tekjum.

Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir, að innheimtar tekjur yrðu 58 milljónir króna umfram útlögð gjöld, eða sem svaraði 0,7% af heildartekjum. Jafnframt var gert ráð fyrir, að lánajöfnuður (lánsviðskipti við Seðlabanka ekki meðtalin) yrði hagstæður um 102 milljónir króna en 15 milljón króna útstreymi yrði á viðskiptareikningum. Í fjárlögum var því stefnt að 145 milljóna króna greiðsluafgangi, en þar af var ráðgert að verja 120 milljónum til þess að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Líklegt er, að tekjuheimta ríkissjóðs, einkum af óbeinum sköttum, aukist minna á síðustu mánuðum ársins en það sem af er árinu,

en það á ekki við um útgjöldin. Af þessum sökum er óvíst, hvort ríkisfjármálaniðurstöður ársins verða eins hagstæðar og að var stefnt í fjárlögum.

Hallinn á viðskiptum við útlönd kemur á ýmsan hátt fram í þróun peningamála á árinu. Á heilu ári talið frá ágústlokum í fyrra rýrnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 850 milljónir króna, án bókhaldsbreytinga vegna gengishreyfinga, og hefur af þeim sökum dregið verulega úr aukningu peningamagns eins og fram kemur hér á eftir. Á síðasta ári var þessu ólíkt farið því þá voru gjaldeyrisviðskipti sá þensluvaldur sem miklu réð um mikinn vöxt lausafjár.

Nýjustu tölur um inn- og útlán sem hér verða nefndar eru bráðabirgðatölur septembermánaðar. Á tólf mánuðum til loka september jukust heildarinnlán í innlánsstofnunum að meðtöldum áföllnum vöxtum um 55,3% og horfur eru á að sú verði aukningin frá upphafi til loka þessa árs. Til septemberloka í fyrra nam innlánaaukning á undangengnu tólf mánaða tímabili 75,9% og árið 1981 varð hún 70,6%.

Breytt innlánaþróun kemur fyrst og fremst fram í veltiinnlánum sem talin eru í peningamagni (M1) ásamt seðlum og mynt í umferð. Tólf mánaða aukning peningamagnsins nam 77,6% til septemberloka í fyrra, 61,8% yfir allt árið 1981 og 35,4% til septemberloka í ár. Heldur minni hjöðnun kemur fram á sambærilegum tölum fyrir almenn spariinnlán en þau jukust um 51,1% á nýliðnum tólf mánuðum. Lítil eða engin breyting er hins vegar merkjanleg á sparifé á bundnum reikningum, en þau jukust um 72,8% á heilu ári til septemberloka. Á bundnum innlánareikningum er nú rúmur þriðjungur heildarinnlána, og um 2/3 hlutar bundinna innlána eru nú þegar komnir á fullverðtryggða reikninga.

Útlán innlánsstofnana hafa aukist mikið að undanförnu. Frá miðju ári hefur útlánaaukning á undangengnum tólf mánuðum hverju sinni verið um eða yfir 70%. Mest var hún 76,3% á tólf mánuðum til aprílloka í ár en nokkur lækkun kom fram næstu mánuðina, eftir að viðskiptabankar gerðu með sér samkomulag um útlánaaðhald, eða niður í 67,2% í ágúst. Í september var hins vegar mikil aukning á ný og tólf mánaða aukning nam í lok þess mánaðar 72,5%. Mismunandi þróun innlána og útlána hefur að sjálfsögðu komið fram í lausafjárstöðu innlánsstofnana. Hún hefur versnað um 723 milljónir króna á tólf mánuðum til loka september og hefur valdið innlánsstofnunum verulegum erfiðleikum.

Á þessu ári hefur verið leitast við að hamla gegn útlánaaukningu með beitingu hinnar sérstöku sveigjanlegu innlánsbindingar, sem fyrst var upp tekin á miðju ári 1981. Binding þessi var upphaflega 2% af heildarinnlánum innlánsstofnana í júní 1981, en var hækkuð í áföngum í 5% í október og síðan lækkuð á ný og afnumin í lok ársins. Á þessu ári var bindingin fyrst ákveðin 3% í byrjun febrúar en hækkuð í áföngum í 5% í apríl. Til þess að ýta ekki undir enn frekari útlánaaukningu var bindingunni síðan haldið óbreyttri yfir sumarið, enda þótt venjubundin árstíðasveifla í lausafjárstöðu hafi gefið tilefni til lækkunar hennar. Í september var bindingin síðan lækkuð í 2%. Í apríl tóku gildi mikilvæg nýmæli varðandi verðtryggingu innlána og útlána. Þá var tekinn upp nýr flokkur fullverðtryggðra innlána með þriggja mánaða binditíma. Jafnframt voru stofnaðir tveir nýir flokkar verðtryggðra útlána. Með þessum aðgerðum má segja að ákvæði laga um verðtryggingu sparifjár og útlána hafi komist að fullu til framkvæmda. Á hinn bóginn hefur nafnvöxtum óverðtryggðra innlána og útlána ekki verið breytt á árinu. Vöxtur verðbólgunnar að undanförnu hefur því valdið því, að raunvextir óverðtryggðra skuldbindinga hafa orðið æ neikvæðari og við aukna verðtryggingu hefur misræmi á kjörum verðtryggðra og óverðtryggðra skuldbindinga aukist mjög. Þannig má ætla að raunvextir af almennum sparisjóðsbókum séu nú neikvæðir um 16%, raunvextir endurseldra lána séu neikvæðir um 17% og almennra skuldabréfalána um 10%. Ætla má, að þessi öfugþróun hafi átt drjúgan þátt í þeirri miklu lánsfjáreftirspurn, einkum eftir óverðtryggðum lánum, sem gætt hefur á þessu ári.

Nokkrar peningastærðir 1978—1982.
Breytingar í %.

	Frá upphafi til loka árs				12 mán. til loka sept.	
	1978	1979	1980	1981	1981	1982
Heildarinnlán innlánsstofnana	49,5	58,1	67,1	70,2	75,9	55,3
Veltiinnlán	40,1	52,4	69,6	55,5	72,7	38,7
Almenn spariinnlán	45,4	51,6	67,6	82,7	90,2	51,1
Bundin innlán	63,0	70,9	65,0	62,4	59,5	71,2
Heildarútlán innlánsstofnana	39,9	59,1	60,7	69,8	69,1	70,4
Endurseld útlán	50,0	47,8	69,0	40,3	57,0	74,3
Önnur lán	36,3	63,5	57,8	80,9	72,8	69,3
Peningamagn og sparifé (M3)	48,8	55,9	65,4	70,7	76,4	54,0
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	43,4	49,4	65,5	74,7	85,8	45,9
Peningamagn (M1)	40,1	45,8	62,0	60,9	77,6	35,4
Seðlar og mynt í umferð	40,1	29,4	39,6	78,6	87,5	30,0
Grunnfé Seðlabankans	55,3	47,7	75,4	66,9	91,2	48,8
Til samanburðar:						
Breytingar verðlags	42,7	60,1	58,7	44,0	46,8	56,0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

6. Framleiðsla og hagur atvinnuvega.

Fiskveiðar.

Fyrstu níu mánuði ársins var heildarfiskaflinn 595 þúsund tonn samkvæmt bráðabirgðatölum samanborið við 898 þúsund tonn á sama tíma í fyrra. Metið á föstu verðlagi er samdráttur verðmætis um 15%. Á þessu tímabili veiddust 561 þúsund tonn af botnfiski í ár en 609 þúsund tonn í fyrra. Botnfiskaflinn er þannig 8% minni nú í tonnum talið. Að verðmæti er samdrátturinn mun meiri eða 10½%, þar sem öll minnkunin er í þorskafla, en hann hefur minnkað úr 406 þúsund tonnum í fyrra í 320 þúsund tonn nú eða um 21%. Annar botnfiskafli hefur hins vegar aukist nokkuð. Þessi mikli aflasamdráttur er meginástæða þess að afkoma útgerðarinnar fór mjög versnandi fram eftir árinu en einnig má nefna, að olíukostnaður hefur hækkað umfram almennar verðlagsbreytingar vegna hækkunar á gengi dollars, en olíuverð í dollurum hefur farið heldur lækkandi. Það er einkum afkoma togaraflotans, sem hefur versnað á árinu, þar sem aflasamdrátturinn er meiri hjá þeim en hjá bátunum og olíukostnaður vegur þyngra.

Við fiskverðsákvörðun um síðustu áramót var talið, að minni togararnir væru reknir með 2% halla að meðaltali og stærri togararnir með 4% halla. Hins vegar var ljóst, að veigamiklir kostnaðarliðir mundu fljótt hækka í kjölfar gengislækkunarinnar í janúar, og því væri nær lagi að ætla að halli á minni togurum væri um 6% og 8% á þeim stærri. Þetta var nærri meðallagi undangenginna ára að því er minni togarana varðaði en afkoma stærri togaranna hafði verið afar breytileg síðustu árin. Í þessum áætlunum var miðað við sama afla á skip og úthaldsdag og var á árinu 1981. Árin 1979 til 1981 fór afli á hvert skip og úthaldsdag vaxandi og afli minni togaranna á hvern úthaldsdag var t. d. rúmlega þriðjungi meiri árið 1981 en árið 1978. Framvindan á árinu 1982 hefur hins vegar mjög orðið á annan veg en reiknað var með um áramót. Til septemberloka var togaraaflinn 8% minni en á sama tíma í fyrra og aflaverðmætið var 12% minna (metið á föstu verðlagi), þar sem þorskaflinn minnkaði um 26%. Á sama tíma hefur skipum fjölgað og afli á hvert skip dregist meira saman en heildartölurnar sýna. Tölur um afla á hvern úthaldsdag ná aðeins til fyrstu fjögurra mánaðanna en þær sýna 7,5% minnkun afla á úthaldsdag. Þar sem töluverður hluti

útgerðarkostnaðar, t. d. olía og veiðarfæri, er háður úthaldi, skiptir úthaldið verulegu máli við mat á afkomu útgerðarinnar.

Um mitt ár var gerð sérstök úttekt á afkomu togaranna fyrstu fimm mánuði ársins. Niðurstaðan var sú, að minni togararnir hafi verið reknir með nær 20% halla á þessu tímabili og stærri togararnir með 34% halla. Að nokkru leyti gætti hér áhrifa sjómannaverkfallsins í janúar. Afkoman skánaði heldur um mitt árið, og í ágúst var áætlað að hallinn á tímabilinu janúar til ágúst hafi verið 16—17% hjá minni togurum og 25—27% hjá stærri togurum. Þá var reyndar ekki meðtalinn vaxtakostnaður vegna taprekstrar á tímabilinu. Við gengislækkunina í ágúst var ráðstafað 80 milljónum króna af gengismunarfé í beinar greiðslur til togaranna. Var talið, að það næmi 5—6% af heildartekjum togaranna á fyrstu átta mánuðum ársins og minnkaði hallinn þá sem því nam. Ennfremur verður hluta af gengismunarfénu varið til að lækka skuldir og/eða fjármagnskostnað flotans og má meta það sem nær 1% af tekjum minni togaranna á þessu ári.

Gengislækkunin í ágúst skapaði verulegt svigrúm til fiskverðshækkunar, en hún hafði einnig í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka fyrir útgerðina, þar sem 35—40% heildartekna útgerðarinnar fer til greiðslu á erlendum kostnaði, einkum olíu- og fjármagnskostnaði. Eftir fiskverðhækkun var því enn umtalsverður halli á útgerðinni. Nam hann 11—15% hjá minni togurunum eftir því hvort miðað var við heildarafla ársins 1981 (en að teknu tilliti til fjölgunar skipa) eða áætlaðan afla ársins 1982. Hallinn á stærri togurunum var nokkru meiri en minni hjá bátunum.

Í september var gripið til frekari ráðstafana til að rétta hag útgerðarinnar og komu þær einnig sjómönnum að nokkru leyti til góða. Fiskverð var hækkað um 4% með lögum, olíuverð til fiskiskipa var lækkað um 22% og vextir af lánum Fiskveiðasjóðs verða lækkaðir um 100 milljónir króna á næstu tólf mánuðum. Samtals bætir þetta stöðu báta og togara um 9½% af tekjum og um tæplega 12% hjá minni togurunum. Halli á minni togurunum er þá rúmlega 3%, þótt ekki rætist úr með afla (miðað við að fiskverð fylgi almennum kostnaðarbreytingum), en það er betri staða en verið hefur um langt skeið. Afkoma togaraflotans er afar misjöfn og er afkoma nýrri togara lökust þar sem fjármagnskostnaður þeirra er mun meiri en eldri skipanna. Í reynd má rekja allan þann halla, sem er á minni togurum, til þess hluta fjármagnskostnaðar (afskrifta og vaxta) þessara skipa, sem er umfram meðalkostnað á hinum hluta flotans. Afkoma þessara skipa verður athuguð nánar á næstunni. Þegar litið er á afkomutölurnar hér að framan, verður að hafa í huga að þær eru miðaðar við rekstur á heilu ári við núverandi fiskverð og kostnað og forsendur um afla á heilu ári. Haustið er yfirleitt heldur erfiður tími hjá flotanum og afkoman á haustúthaldinu er því lakari en tölurnar gefa til kynna. Einnig þarf að hafa í huga, að greiðsluerfiðleikar eru miklir hjá mörgum fyrirtækjum vegna langvarandi taprekstur en í ráðstöfunum í september var gert ráð fyrir að verulegum hluta vanskilaskulda útgerðarinnar verði breytt í lán til lengri tíma.

Eftir aðgerðirnar að undanförnu má telja, að hagur útgerðarinnar sé vel viðunandi, ekki síst þar sem erfitt hlýtur að vera að búa fiskveiðum góða afkomu við það misræmi, sem nú er orðið milli afkastagetu flotans og afrakstrargetu fiskstofna. Sumt af því sem gert var í september er einungis ákveðið til áramóta og þarf þá að taka það til endurskoðunar.

Fiskvinnsla.

Minnkun fiskafla hefur einnig haft neikvæð áhrif á hag fiskvinnslu. Einkum hefur þetta bitnaði á frystingu og hefur framleiðsla á frystum þorskafurðum dregist verulega saman. Framleiðsla á frystum karfa hefur að vísu aukist, en þar er um mun verðminni afurð að ræða. Auk þess ríkir óvissa um sölu á frystum karfa til Sovétríkjanna, en þau eru mikilvægasti markaðurinn fyrir þessa afurð. Fyrstu sjö mánuði ársins var verðmæti frystra botnfiskafurða, metið á föstu verðlagi, um 10% minna en á sama tíma í fyrra. Ef útkoman verður sú sama á

árinu öllu, þá hefur framleiðsla á frystum botnfiskafurðum dregist saman um 16% frá árinu 1979. Markaðsverð á frystum afurðum hefur haldist að mestu óbreytt á árinu en verð á sumum afurðum, t. d. þorskblokk, hefur sveiflast nokkuð. Hækkun á gengi dollars hefur bætt hag frystingarinnar en nokkur hluti frystra afurða er einnig seldur til Evrópu, þannig að hækkun dollarans kemur greininni ekki að fullu til góða.

Við fiskverðsákvörðun um áramót og í júní var talið, að afkoma frystingar stæði nokkurn veginn í járnum miðað við óbreytta framleiðslu frá því í fyrra. Eins og áður sagði, hefur framleiðslan minnkað á árinu og má ætla að það hafi rýrt afkomu frystingar um nálægt 6% af tekjum. Gengislækkunin í ágúst bætti hins vegar stöðu frystingarinnar og við gengi í byrjun október og núverandi laun og fiskverð og annan kostnað, má telja, að frystingin sé hallalaus miðað við þá framleiðslu, sem verið hefur á þessu ári.

Saltfiskframleiðslan er líklega svipuð á þessu ári og í fyrra, þrátt fyrir minni þorskafla. Tiltölulega meira af þorskaflanum hefur því verið ráðstafað til söltunar í ár en í fyrra. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að afkoma söltunar hefur verið betri en frystingarinnar á árinu og skreiðarverkun hefur nær stöðvast eftir að Nígeríumarkaður lokaðist. Við upphaf ársins var hagur söltunar mjög góður og horfur á talsverðri greiðslu í Verðjöfnunarsjóð. Þó var talin hætta á að afurðaverð í dollurum mundi lækka vegna mikillar hækkunar á gengi dollarans gagnvart myntum helstu viðskiptaþjóða í Suður-Evrópu. Það kom einnig á daginn, að nauðsynlegt reyndist að lækka söluverð í dollurum til Portúgal til þess að tryggja áframhaldandi sölu á óbreyttu magni þangað. Frekari verðlækkanir á öðrum mörkuðum hafa síðan siglt í kjölfarið og að undanförnu hefur gætt vaxandi erfiðleika á ýmsum mörkuðum. Þrátt fyrir þetta er afkoma söltunar enn nokkuð góð, ef miðað er við heilsársframleiðslu, þar sem lækkun á gengi krónunnar gagnvart dollar hefur vegið upp lækkun afurðaverðs og kostnaðarhækkanir innanlands.

Í byrjun þessa árs var afkoma skreiðarverkunar góð miðað við það söluverð, sem þá virtist líklegt. Gaf það tilefni til greiðslu í Verðjöfnunarsjóð, ef verðið héldist. Skömmu seinna dró hins vegar bliku á loft varðandi sölu á skreið til Nígeríu og lokaðist sá markaður síðan alveg. Fyrstu átta mánuði ársins voru flutt út 2000 tonn af skreið samanborið við nær 7000 tonn á sama tíma í fyrra. Meginútflutningurinn í fyrra var á síðustu mánuðum ársins, og á árinu öllu voru flutt út 19 000 tonn af skreið og þar af 18 000 tonn til Nígeríu. Nú er næsta ólíklegt, að nokkuð verði flutt út til Nígeríu næstu mánuðina og verður þá öll ársframleiðslan í birgðum um áramót. Verðmæti þeirra birgða gæti numið um 600 milljónum króna eða 7% af allri framleiðslu sjávarafurða á árinu. Því er mikið í húfi að Nígeríumarkaður opnist á ný.

Landbúnaður.

Landbúnaðarframleiðslan dróst saman um nálægt 3% á árinu 1981 og hafði þá minnkað um 11% frá árinu 1978, er hún varð mest. Samdráttur var fyrst og fremst í mjólkurafurðum, en dilkakjötsframleiðslan jókst nokkuð. Eftir þennan samdrátt var mun betra jafnvægi milli mjólkurframleiðslu og innanlandsneyslu mjólkurafurða en verið hafði undanfarin ár.

Horfur eru á, að mjólkurframleiðslan aukist heldur á þessu ári. Fyrstu átta mánuði ársins nam innvegin mjólk til mjólkurbúanna 72,2 milljónum lítra og er það 1½% aukning miðað við sama tíma í fyrra. Áætlað er, að framleiðslan verði allt að 105 milljónir lítra og er það 2% aukning frá því í fyrra. Sala á nýmjólk var ívið meiri fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra og sala á öðrum mjólkurafurðum hefur yfirleitt aukist talsvert. Það á ekki síst við um sölu á osti. Útflutningur á osti hefur hins vegar dregist saman og birgðir af osti eru því meiri en þær voru í fyrra. Smjörbirgðir eru hins vegar mun minni nú.

Sala á kindakjöti hefur verið heldur minni það sem af er árinu en í fyrra og útflutningur mun dragast verulega saman á árinu, þar sem mikilvægasti útflutningsmarkaðurinn, Noregur, hefur nær lokast. Framleiðsla kindakjöts verður að líkindum talsvert meiri í ár en í fyrra

þar sem bændur munu fækka í bústofni sínum, en það ætti til lengri tíma litið að koma á betra jafnvægi milli framleiðslu og innanlandsneyslu og minnka þannig þörfina á útflutningi, en erfiðlega hefur gengið að afla nýrra markaða fyrir kindakjöt.

Iðnaður.

Talið er að iðnaðarframleiðslan í heild hafi aukist um rúmlega 2% á árinu 1981, en þar er þó að nokkru leyti um áætlun að ræða. Framleiðsla á áli og kísilgúr var meiri en árið áður og kísiljárnframleiðslan mun meiri, þótt orkuskortur hafi dregið verulega úr framleiðslunni frá því sem vænst var. Önnur iðnaðarframleiðsla til útflutnings dróst saman á síðastliðnu ári. Sala á áburði og sementi dróst einnig saman, en líklega varð nokkur framleiðsluaukning í öðrum iðnaði, en tölur um þær greinar liggja ekki fyrir.

Hagur útflutningsiðnaðar versnaði talsvert á árinu 1981. Mikið tap var á rekstri álverksmiðju og járnblendiverksmiðju. Af öðrum greinum iðnaðar virðist afkoma ullariðnaðarins og kísilgúrvinnslu hafa verið einna lökust. Ástæður versnandi afkomu útflutningsgreina á árinu1981 má rekja til mikillar verðlækkunar á áli og kísiljárni vegna minnkandi eftirspurnar eftir þessum málmum á heimsmarkaði og einnig til óhagstæðrar þróunar Evrópugjaldmiðla gagnvart dollar, en allar þessar greinar hafa umtalsverð viðskipti í Evrópu. Gengisþróunin bitnaði einnig á þeim vörugreinum, sem eiga í samkeppni við innfluttar vörur frá Evrópu.

Þegar leið á árið 1981 var ljóst, að erfiðleikar hjá útflutningsatvinnuvegunum og samkeppnisgreinum iðnaðar fóru vaxandi auk þess sem hætta var á vaxandi viðskiptahalla. Þetta leiddi síðan til gengislækkunarinnar í janúar og í framhaldinu var gengi krónunnar látið síga allt fram í ágúst, er nauðsynlegt varð að fella gengið á ný vegna áfalla í sjávarútvegi og ört vaxandi viðskiptahalla. Raungengi krónunnar, sem hækkaði á árinu 1981, hefur þannig lækkað verulega á þessu ári. Með breytingu á raungengi er átt við breytingu á gengi krónunnar að teknu tilliti til mismunandi breytinga á kostnaði innanlands og í viðskiptalöndunum. Hækkun á raungengi veikir samkeppnisstöðu iðnaðar, að öðru óbreyttu, en lækkun á raungengi bætir stöðuna. Það sem hér hefur verið sagt um þróun raungengis á við meðalgengi krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum, vegið með hlutdeild þeirra í utanríkis- og gjaldeyrisviðskiptum. Þar sem gengisbreytingar einstakra mynta hafa verið afar mismunandi, getur þróun raungengis gagnvart hinum ýmsu atvinnugreinum verið mismunandi eftir því við hvaða lönd er skipt. Sé til dæmis eingöngu litið á Norðurlönd, Bretland og Þýskaland, þá lækkaði gengi krónunnar gagnvart myntum þessara landa mun minna en sem nam mismunandi hækkun launakostnaðar. Á þann mælikvarða, sem þó er um margt ónákvæmur, hækkaði raungengi krónunnar gagnvart þessum myntum um nálægt 10% að meðaltali milli áranna 1980 og 1981. Hækkunin var enn meiri gagnvart dönsku krónunni og þýska markinu en heldur minni gagnvart hinum myntunum. Á þessu ári hefur þetta hins vegar snúist við og á fyrstu sjö mánuðum ársins var samkeppnisstaðan gagnvart ofangreindum löndum að meðaltali heldur betri en á síðasta ári, metið á áðurnefndan mælikvarða gengis- og launabreytinga. Eftir gengislækkunina í ágúst hefur staðan síðan batnað verulega og útlit er fyrir, að á síðasta fjórðungi ársins verði afstöður gengis- og launabreytinga gagnvart áðurnefndum löndum íslenskum iðnaði hagstæðari en þær voru á árinu 1980, áður en gengi dollars gagnvart Evrópumyntum tók að hækka. Gengislækkun sænsku krónunnar 8. október og hugsanleg áhrif hennar á aðrar myntir getur hins vegar skipt hér nokkru máli. Þótt áðurnefndur mælikvarði gefi aðeins takmarkaða mynd af breytingum á samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar gagnvart Evrópuþjóðum, þá gefur hann þó ótvíræða vísbendingu um, að staðan hafi batnað verulega frá því sem hún var á síðasta ári. Hún er þó í ýmsum tilvikum enn erfið. Ofangreindar tölur eiga eingöngu við Evrópu en útflutningsgreinar iðn-

aðar selja einnig hluta af vörum sínum í dollurum, þar sem þróunin hefur verið allt önnur vegna mikillar hækkunar á gengi dollars.

Tölur um markaðshlutdeild gefa meðal annars til kynna áhrif raungengisþróunar á samkeppnisstöðu iðngreina gagnvart erlendri samkeppni. Ekki liggja fyrir tölur um þetta nema í fjórum greinum iðnaðar. Í þeim greinum virðist markaðshlutdeild innlendra framleiðenda heldur hafa minnkað á árinu 1981, en síðan aukist á ný í byrjun þessa árs, en minnkað aftur á öðrum ársfjórðungi.

Um iðnaðarframleiðslu á þessu ári má nefna, að fyrstu níu mánuði ársins voru framleidd 55,6 þúsund tonn af áli, en 53,4 þúsund tonn voru framleidd fyrstu níu mánuðina í fyrra og nemur aukningin því 4,1%. Útflutningur áls nam 42,8 þúsund tonnum, sem er 2,8 þús. tonnum minna en á sama tíma í fyrra. Birgðir hafa því aukist verulega og námu tæpum 33 þúsund tonnum í septemberlok. Ekki er útlit fyrir, að álmarkaðurinn batni á næstunni.

Framleiðsla kísiljárns nam 33,9 þúsund tonnum fyrstu níu mánuði þessa árs, sem er um 35% meira en á sama tíma í fyrra, en þá var orka til verksmiðjunnar skert. Sala kísiljárns nam 33,4 þúsund tonnum, sem er þriðjungs aukning frá sama tíma í fyrra. Kísiljárnbirgðir hafa því aukist heldur frá fyrra ári og námu í septemberlok um 8 þúsund tonnum. Alls er gert ráð fyrir, að um og yfir 40 þúsund tonn af kísiljárni verði framleidd á árinu og að útflutningur verði svipaður.

Fyrstu níu mánuði ársins voru framleidd 18 þúsund tonn af kísilgúr og er það um fjórðungi meira en í fyrra. Birgðir eru nánast engar í septemberlok. Áætluð framleiðsla er 24 þúsund tonn eða 16—17% meira en í fyrra.

Framleiðsla áburðar fyrstu átta mánuði ársins er nokkru minni en á sama tíma í fyrra, eða 24,5 þúsund tonn á móti 28 þúsund tonnum í fyrra. Ástæðuna má rekja til lokunar verksmiðjunnar í sjö vikur vegna viðgerða. Áburðarsala hefur á hinn bóginn verið með allra mesta móti og hafa nú selst um 73 þúsund tonn, eða 6% aukning frá því í fyrra.

Nokkur aukning hefur orðið í sementssölu fyrstu níu mánuði ársins og hafa 97,8 þúsund tonn verið seld, sem er um 3,0% aukning frá því í fyrra. Gert er ráð fyrir 1—2% aukningu í sementssölu á árinu öllu.

Vísbendingar um aðrar greinar iðnaðar gefa til kynna, að framleiðslan á fyrsta fjórðungi ársins hafi orðið nokkru meiri en á sama tíma í fyrra en tölur um annan ársfjórðung liggja ekki fyrir.

Aðrar greinar.

Samkvæmt söluskattsframtölum 1981 virðist velta í smásöluverslun og heildverslun hafa aukist um nærri 68%, og er veltuaukningin mjög svipuð í báðum greinum. Aukningin er talsvert umfram almennar verðhækkanir ef miðað er við neysluvöruverð í vísitölu framfærslukostnaðar, og gæti þetta bent til 10—12% magnaukningar fyrir verslunina í heild, þó breytilegt eftir verslunargreinum. Þannig kemur til dæmis fram samdráttur í byggingarvöruverslun en mikil aukning í bifreiðaverslun.

Verslunarvelta var afar mikil á fyrstu mánuðum þessa árs en síðustu mánuðina virðist sem dregið hafi til muna úr aukningunni. Samkvæmt tölum um heildarveltu eftir söluskattsframtölum virðist velta í smásöluverslun hafa orðið um 59% meiri í krónum á fyrri helmingi þessa árs en á sama tíma í fyrra. Í allri verslun er veltubreytingin meiri, 62%, einkum vegna mikils bílainnflutnings. Af einstökum greinum öðrum má nefna, að umsvif í byggingarvöruverslun hafa aukist mikið. Framfærsluvísitala hefur að meðaltali orðið um 45% hærri á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra, en verðlag einkaneyslu hefur að líkindum hækkað nokkru meira. Því má ætla, að í ofangreindum veltutölum felist 8—10% aukning að raungildi samanborið við yfir 15% aukningu á fyrsta fjórðungi ársins.

Raforkuframleiðslan mæld í gígavattstundum jókst um rúmlega 3½% í fyrra, en þar af jókst almenn notkun um 7% en notkun stóriðju aðeins um 1%. Ástæðuna fyrir lítilli aukningu í stóriðju má fyrst og fremst rekja til orkuskömmtunar Landsvirkjunar. Ætla má, að án orkuskömmtunar hefði orkuþörf stóriðjunnar aukist um allt að 9% frá árinu 1980 til ársins 1981. Hins vegar varð að takmarka orkusöluna mun meira í fyrra en árið áður eða sem nam 17—18% af áætlaðri orkuþörf stóriðjunnar samanborið við 10—11% árið 1980. Orkuskömmtunin kom einnig illa við fjárhag Landsvirkjunar. Undanfarin fjögur ár hefur verið halli á rekstri fyrirtækisins. Nemur hallinn að meðaltali nær 10% af heildartekjum. Árið 1978 var ástæða hallans einkum lítil hækkun gjaldskrár. Árin 1979—1981 hækkaði gjaldskrá Landsvirkjunar talsvert umfram verðlagsbreytingar, en samt sem áður var halli á fyrirtækinu. Ástæðurnar eru einkum tekjutap vegna orkuskömmtunar til stóriðju og mikil aukning vaxtabyrðar í kjölfar vaxtahækkunar á erlendum fjármagnsmarkaði en orkuverð til stóriðju hefur verið óbreytt. Einnig má nefna, að gengishækkun dollars bitnar þungt á fyrirtækinu, þar sem mjög mikið af lánum fyrirtækisins er í dollurum.

Á fyrri hluta þessa árs jókst raforkuvinnslan um nær 20% og munaði þar mest um mikla aukningu á sölu til stóriðjuveranna en almenn notkun jókst um 7,5%. Á þessu ári hefur verið gert verulegt átak til þess að rétta við hag Landsvirkjunar og er nú stefnt að því að fyrirtækið verði rekið hallalaust árin 1982 og 1983 til samans. Af þessum sökum hefur áfram orðið að hækka rafmagnsverð umfram almennar verðlagshækkanir. Eftir þessar aðgerðir til að styrkja fjárhag fyrirtækisins ætti það að vera betur í stakk búið en áður að taka að sér þær miklu orkuframkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á næstu árum.

Horfur 1983.

7. Útflutningsframleiðsla.

Sem fyrr segir hefur þróun framleiðslu til útflutnings gerbreyst undanfarin misseri. Eftir 11% meðalaukningu árin 1976—1980 tók nær því fyrir allan vöxt í fyrra og á þessu ári eru horfur á 11—12% samdrætti. Meginhluta vaxtarins, stöðnunarinnar og samdráttarins má rekja til sjávaraflans. Horfur í þeim efnum fyrir næsta ár eru afar óvissar. Fiskifræðingar hafa ekki lokið athugunum sínum á helstu fiskstofnum, en á næstu vikum munu liggja fyrir niðurstöður þeirra athugana og tillögur um afla á næsta ári. Útflutningsframleiðsluspána, sem er undirstaða þjóðhagsspár næsta árs, verður því sem fyrr að reisa á ákveðnum forsendum um sjávarafla. Slíkar forsendur ber eingöngu að líta á sem óhjákvæmilega dæmatöku en um beinar spár er ekki að ræða í þeim efnum eins og nú standa sakir. Forsendur þjóðhagsáætlunar 1983 um fiskafla eru eftirfarandi:

1. Botnfiskafli verði óbreyttur frá því sem reiknað er með á þessu ári. Þessi forsenda rúmar töluvert miklar breytingar á aflasamsetningu og gæti meðal annars falið í sér, að þorskaflinn ykist nokkuð frá þeim 385 þúsund tonnum, sem við er miðað á þessu ári, en að annar botnfiskafli dragist saman en hann hefur verið með mesta móti að undanförnu.
2. Engin loðnuveiði verði í vetur en veiðar hefjist að nýju haustið 1983 og verði þá veidd 250 þúsund tonn af loðnu.
3. Annar afli verði óbreyttur frá því, sem við er miðað á þessu ári.

Þessar forsendur fela í sér, að afli og framleiðsla sjávarafurða aukist um 4% á næsta ári. Stafar aukningin eingöngu af forsendunni um loðnuveiðar haustið 1983.

Áætlað er, að álframleiðslan nemi um 77 þúsund tonnum á þessu ári en það svarar til um 90% nýtingar afkastagetu. Kísiljárnframleiðslan er talin verða rösklega 40 þúsund tonn og yrði afkastageta verksmiðjunnar þá nýtt að þremur fjórðu hlutum til jafnaðar á árinu. Talið er, að markaður fyrir þessar afurðir geti batnað heldur á næsta ári þótt ekki þyki séð

fram á neina meiri háttar breytingu í þeim efnum. Framvinda markaðsmálanna gæti haft töluverð áhrif á framleiðslu þessara fyrirtækja, en þó verður að hafa í huga að birgðir af þessum afurðum, einkum áli, eru nú mjög miklar. Forsendur þjóðhagsáætlunar um þessa þætti útflutningsframleiðslunnar eru þær, að álframleiðslan verði óbreytt frá því, sem miðað er við í ár, en vinnsla kísiljárns aukist um 10%. Afkastageta kísiljárnverksmiðjunnar verði því vannýtt um 15—20% af hámarksafköstum. Ekki er gert ráð fyrir, að önnur framleiðsla til útflutnings aukist. Raunar þykir líklegt að útflutningur búvöru minnki enn nokkuð. Útflutningur iðnaðarvöru annarrar en áls, kísiljárns og kísilgúrs dróst saman á árinu 1981 og engar horfur þykja á aukningu í ár. Talið er, að markaðsástand þurfi að batna að marki til að þessar greinar geti vaxið á ný.

Þær forsendur, sem hér hafa verið raktar, fela í sér um 3% aukningu heildarframleiðslu til útflutnings á árinu 1983. Útflutningur er þó talinn kunna að aukast töluvert meira vegna birgðabreytinga. Sem fyrr segir er nú búist við, að miklar birgðir sjávarafurða safnist fyrir á þessu ári. Hér er einkum um skreið að ræða vegna lokunar Nigeríumarkaðar, en ennfremur um saltsíld og frystan karfa vegna framleiðsluaukningar. Í spá fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að skreiðarútflutningur til Nigeríu hefjist á ný og að skreiðarbirgðir í lok ársins svari til helmings þeirra birgða, sem áætlað er að safnast hafi fyrir í lok þessa árs. Á hinn bóginn er reiknað með, að afurðir loðnuveiða haustið 1983 verði að mestu fluttar út árið 1984 og verði því mest í birgðum í árslok 1983. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum sjávarvörubirgða. Um aðrar afurðir má nefna, að gert er ráð fyrir að ekki komi til birgðasöfnunar á kísiljárni en að álbirgðir haldi áfram að aukast en í mun minna mæli en í ár og í fyrra. Loks er búist við aukningu kjötbirgða.

Í forsendunum um birgðir felst, að í heild yrði um nokkra birgðasöfnun að ræða árið 1983 en hún yrði þó mun minni en í ár. Sú birgðaaukning, sem gert er ráð fyrir í spánni fyrir árið 1982, svarar til 5½% af verðmæti útflutningsframleiðslunnar en birgðaaukningin í spánni fyrir árið 1983 til ½%. Þessar mismunandi birgðabreytingar valda því að niðurstaða spárinnar um útflutning á næsta ári sýnir 8½% aukningu á móti 3% aukningu útflutningsframleiðslunnar. Forsendan um minnkun skreiðarbirgða 1983 skiptir hér talsverðu en hún veldur ein sér um 1½% útflutningsaukningu samkvæmt spánni. Við mat á útflutningsspánni fyrir árið 1983 og þar með á horfum um viðskiptajöfnuð, verður að hafa í huga, að sú aukning, sem niðurstaða spárinnar gefur til kynna, er annars vegar háð því að sjávarafli aukist á ný, en hins vegar, að útflutningur gangi ótruflaður, Nigeríumarkaður opnist aftur og markaðsástand fyrir afurðir stóriðjuveranna lagist heldur.

8. Viðskiptakjör.

Verð á matvælum í dollurum hefur farið stöðugt lækkandi á heimsmarkaði frá því í upphafi síðasta árs. Verð á matvælum og hrávörum til matvælaframleiðslu eins og það er skráð í daglegum viðskiptum í kauphöllum, er nú 38% lægra í dollurum en það var hæst í árslok 1980 og frá síðustu áramótum hefur verðið lækkað um 16%. Hækkun á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum á hér nokkurn hlut að máli, en framleiðsla hefur einnig verið mikil en eftirspurn farið minnkandi eftir ýmsum vörum.

Þessarar þróunar gætir einnig í markaðsverði á íslenskum sjávarafurðum á árinu, þótt verðlækkunin hafi að meðaltali ekki verið eins mikil og ofangreindar tölur segja til um. Mjöl- og lýsisverð hefur lækkað langmest eða um 20% frá upphafi ársins, en þessi verðlækkun hefur þó tiltölulega lítil áhrif á heildina vegna lítillar framleiðslu á mjöli og lýsi á árinu. Dollaraverð á mjöli og lýsi er nú lægra en það hefur verið síðan 1976. Verð á saltfiski hefur lækkað um 10—12% en verð á saltsíld heldur minna. Ástæður þessarar verðlækkunar eru meðal annars mikil hækkun á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum, sem þýðir verð-

hækkun í mynt viðkomandi viðskiptalanda í Evrópu. Í mörgum tilvikum eiga íslenskir útflytjendur í samkeppni við útflytjendur í öðrum Evrópulöndum, sem selja afurðir í eigin gjaldmiðlum, en ekki í dollurum eins og algengast er um íslenskar afurðir. Gengishækkun dollarans hefur þannig þrengt markaðsstöðu Íslendinga í Evrópu.

Verð á frystum fiski í Bandaríkjunum hefur verið nokkuð stöðugt á árinu, þegar á heildina er litið. Verð á íslenskum þorskflökum hefur nú verið óbreytt í eitt og hálft ár og er enn mun hærra en verð á kanadískum flökum. Íslenskir framleiðendur eiga því í mjög harðri samkeppni við Kanadamenn á þessum markaði.

Verð á sjávarafurðum er um þessar mundir líklega 3—4% lægra í dollurum en það verður að meðaltali á þessu ári. Ekki er unnt að búast við neinni verðhækkun á næstu misserum. Samkeppni er mikil á helstu mörkuðum og víða eiga Íslendingar í samkeppni við þjóðir, sem greiða verulega styrki til sjávarútvegs, en það veikir samkeppnisstöðu okkar. Verð á mjöli og lýsi gæti að vísu hækkað eitthvað, þar sem verðið er nú óvenju lágt. Það skiptir hins vegar litlu meðan loðnuveiðar liggja niðri.

Verð á áli og kísiljárni hefur einnig lækkað á árinu og enn eru engin sjáanleg merki um breytingar til batnaðar. Í spám alþjóðastofnana um mitt ár var gert ráð fyrir hækkun á málmverði og þar með einnig álverði undir lok þessa árs og áfram á næsta ári. Forsenda þessarar verðhækkunar var að iðnaðarframleiðsla í heiminum tæki vaxtarkipp á síðari hluta þessa árs, en sú forsenda virðist ætla að bregðast. Að svo stöddu er því varla unnt að reikna með verðhækkun fyrr en einhvern tímann á næsta ári, þannig að meðalverðið á árinu 1983 yrði ekki hærra en á þessu ári. Sama gildir um verð á annarri iðnaðarvöru að erfitt verður að ná fram verðhækkun á næstunni.

Á innflutningshlið skiptir olíuverð miklu máli en olía er nú 16—17% innflutnings annars en skipa og flugvéla og innflutnings til stóriðjufyrirtækjanna. Fyrstu níu mánuði þessa árs hefur skráð verð í Rotterdam verið nokkuð stöðugt, burtséð frá venjulegum árstíðasveiflum, og heldur lægra en á sama tíma í fyrra. Verð á bensíni hefur verið 9% lægra, gasolíuverð 2% lægra og svartolíuverð 16% lægra. Verð á gasolíu fer nú hækkandi, en þar er líklega eingöngu um árstíðabundna verðhækkun að ræða. Á sama tíma hefur meðalverð á hráolíu frá olíuframleiðsluríkjunum (OPEC) lækkað um 5%. Í spám alþjóðastofnana er miðað við þá forsendu, að hið opinbera hráolíuverð OPEC-ríkjanna verði óbreytt á næstunni frá því sem það er nú, enda er það yfirlýst stefna þessara samtaka. Þetta þýðir þó ekki endilega að verð á olíuvörum á Rotterdammarkaði verði einnig óbreytt. Smávægilegar breytingar á framboði og eftirspurn geta haft talsverð áhrif á verðmyndun á þeim markaði. Ef iðnaðarframleiðsla fer vaxandi á ný og þar með eftirspurn eftir olíu, má búast við verðhækkun á Rotterdammarkaði, þótt OPEC-verð haldist óbreytt. Hér verður miðað við, að innflutningsverð á olíu verði óbreytt í dollurum á næsta ári frá því sem áætlað er á þessu ári.

Verðbreytingar á öðrum innflutningi en olíu fylgja í aðalatriðum verðlagsþróun í utanríkisviðskiptum í iðnríkjum. Verðhækkanir í þessum viðskiptum hafa verið minni á þessu ári en í fyrra vegna stöðnunar í utanríkisviðskiptum. Áætlað er, að verðhækkun í utanríkisviðskiptum OECD-ríkja sé 6—7% (án olíu) á þessu ári og er þá reiknað í mynt hvers lands. Verðhækkun á innflutningi til Íslands er líklega 5—6% (án olíu), reiknað í mynt hvers lands, en það er þó aðeins lausleg áætlun, þar sem gengissamsetning innflutningsins liggur ekki nákvæmlega fyrir. Spár OECD um verðbreytingar í utanríkisviðskiptum á næsta ári sýna 5% hækkun í mynt hvers lands og samkvæmt því mætti búast við 4—5% hækkun innflutningsverðs hér.

Niðurstöður fyrrgreindra áætlana og forsendna eru þær að útflutningsverð sjávarafurða verði 3—4% lægra í dollurum á næsta ári en á þessu ári (nokkurn veginn óbreytt núverandi verð) og verð á iðnaðarvörum verði svipað og á þessu ári. Samkvæmt því yrði útflutnings-

verð í dollurum nær 3% lægra að meðaltali á árinu 1983 en á árinu 1982. Á innflutningshlið er miðað við óbreytt olíuverð í dollurum milli ára og 4—5% verðhækkun á öðrum innflutningi reiknað í mynt hvers lands.

Það eru ekki aðeins verðbreytingar í utanríkisviðskiptum, sem áhrif hafa á viðskiptakjörin um þessar mundir. Gengisbreytingar í heiminum hafa einnig veruleg áhrif, þótt oft sé reyndar erfitt að greina á milli verð- og gengisbreytinga. Miðað við að gengi dollars gagnvart öðrum myntum í fyrstu viku október haldist óbreytt til áramóta, hækkar meðalgengi á útflutningi frá Íslandi líklega um nálægt 4% umfram hækkun á gengi innflutnings milli áranna 1981 og 1982. Þetta má taka sem vísbendingu um áhrif gengisbreytinga á viðskiptakjörin á árinu 1982. Þessi 4% viðskiptakjarabati hefur hins vegar ekki nægt til þess að vega upp áhrif óhagstæðra verðbreytinga, því gert er ráð fyrir, að viðskiptakjörin versni um 2% á árinu, eins og áður kom fram.

Sé áfram miðað við, að gengi dollars gagnvart öðrum myntum verði óbreytt frá því sem það er í fyrstu viku október, hækkar gengi útflutnings um 1½—2% umfram hækkun á gengi innflutnings milli áranna 1982 og 1983. Gengisáhrifin vega þannig nokkuð á móti forsendum um lækkun útflutningsverðs og hækkun innflutningsverðs. Séu verðbreytingarnar umreiknaðar til sama gengis, meðalgengis í utanríkis- og gjaldeyrisviðskiptum, verður niðurstaðan sú, að útflutningsverð lækki um½—1% á föstu meðalgengi en innflutningsverð hækki um rúmlega 2%. Þetta þýðir, að viðskiptakjörin versni um 2—3% á árinu 1983 eða svipað og áætlað er á þessu ári. Viðskiptakjörin yrðu þá aðeins 3% yfir meðaltali ársins 1975, en á því ári urðu viðskiptakjörin lökust á síðasta áratug.

9. Verðlag og tekjur.

Eftir mikla hjöðnun á árinu 1981 hefur verðbólga farið vaxandi á þessu ári. Fyrri hluta ársins var vöxturinn fremur hægur enda var þá gripið til ýmissa aðgerða til að hamla gegn vextinum, einkum niðurgreiðslna búvöruverðs. Verðbólgan færðist í aukana eftir mitt ár og kom þá fram, að ef gert væri ráð fyrir töluverðri gengislækkun án annarra ráðstafana, væru horfur á hraðvaxandi verðbólgu næstu misserin og gæti hún orðið 75—80% um mitt næsta ár. Með þeim efnahagsráðstöfunum, sem tilkynntar voru í ágústmánuði, var hamlað verulega gegn slíkum vexti. Venjubundinn framreikningur á ferli framfærsluvísitölu eftir þessar aðgerðir, bendir til að heldur geti dregið úr ársfjórðungshækkun framfærsluvísitölunnar á fyrri hluta næsta árs en hækkun hennar yrði þó enn svipuð og í lok þessa árs eða um 60%. Er þá miðað við, að á næsta ári verði fylgt óbreyttu verðbótakerfi samkvæmt gildandi lögum og ekki reiknað með sérstökum efnahagsaðgerðum er hafi áhrif á verðlagsþróunina. Þá er gert ráð fyrir virku aðhaldi í peninga- og lánamálum og ríkisfjármálum. Komi ekki fram ný verðbólgutilefni ætti að hægja á verðbólguhraðanum þegar kemur fram á árið, og á síðari hluta ársins gæti árshækkun framfærsluvísitölunnar verið komin niður undir 50%. Meðalhækkun vísitölunnar samkvæmt þessum framreikningi yrði um 58%. Með breyttu verðbótakerfi og enn auknu aðhaldi í peningamálum og ríkisfjármálum mætti ná frekari árangri á næsta ári. Í kaflanum um viðnám gegn verðbólgu í fyrsta hluta skýrslunnar kemur fram, að stefnt verður að því að verðbólgan verði ekki meiri en 40—45% frá upphafi til loka næsta árs.

Áætlað er, að kaupmáttur kauptaxta miðað við framfærsluvísitölu verði að meðaltali á þessu ári svipaður og í fyrra. Kaupmátturinn verður þó mun minni á síðari hluta ársins. Samkvæmt ofangreindum framreikningi á víxlgangi verðlags og launa yrði kaupmáttur taxta um 6% minni að meðaltali á næsta ári en á þessu ári. Áformað er, að á þessu ári og hinu næsta verði 175 miljónum króna varið til láglaunabóta og skattendurgreiðslna. Þessi fjárhæð

gæti svarað til 1/2—1% af heildarráðstöfunartekjum og haft tilsvarandi áhrif á kaupmátt, en meiri áhrif á kaupmátt þeirra, sem þessa nytu. Í áætlunum fyrir árið 1982 hefur verið gert ráð fyrir, að samdrátturinn í framleiðslu hafi nokkur áhrif á tekjur. Reikna verður með, að slíkra áhrifa gæti enn á næsta ári. Verði þessi samdráttur ekki langvinnari en samkvæmt þeim spám, sem hér eru settar fram, ættu þessi tekjuáhrif hins vegar ekki að þurfa að aukast á næsta ári. Sennilegt er, að nokkurs launaskriðs (þ. e. aukningar tekna umfram hækkun taxta) muni gæta hjá ýmsum hópum launafólks, en hætt er við að tekjur þeirra, sem samdráttur framleiðslunnar bitnar beinast á, aukist minna en ella, einkum vegna styttri vinnutíma í heild árið 1983 en árið 1982. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir, að til jafnaðar standist þessar breytingar á árið 1983, og heildartekjur breytist því til jafnaðar með líkum hætti og kauptaxtar. Þetta er auðvitað mjög óviss en veigamikil forsenda, sem byggist meðal annars á því að hvorki verði um alvarlegan atvinnu- eða tekjubrest að ræða. Í þessu felst um 5—6% rýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna á árinu 1983.

10. Þjóðarútgjöld.

Á þeim forsendum, sem hér hafa verið raktar um kaupmátt ráðstöfunartekna, er gert ráð fyrir, að einkaneysla dragist saman um 6% á árinu 1983. Þetta yrði fyrsta árið, sem einkaneyslan minnkaði frá því árið 1975, er hún drósť saman um 10%, en frá þeim tíma hefur hún aukist um 3 1/2% til jafnaðar á ári. Samneyslan hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Vöxturinn nam 5 1/2% á ári síðastliðinn áratug en hefur undanfarin fimm ár verið um 3% á ári. Gert er ráð fyrir 2% aukningu á þessu ári en í þjóðhagsáætlun 1983 er reiknað með, að samneyslan verði ekki aukin. Áætlanir um fjármunamyndun eru enn óvissar, meðal annars þar sem ennþá er unnið að gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar. Hér er miðað við 8% samdrátt fjármunamyndunar í heild á næsta ári. Nánari grein verður gerð fyrir fjárfestingarhorfunum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Þær forsendur og áætlanir, sem hér hafa verið raktar, fela í sér að samtals muni neysla og fjármunamyndun verða nær 6% minni en á þessu ári. Þjóðarútgjöldin alls (birgðabreytingar meðtaldar) drægjust hins vegar saman um 7%.

11. Viðskiptajöfnuður.

Eins og áður kom fram er gert ráð fyrir 8 1/2% aukningu vöruútflutnings á næsta ári og valda birgðabreytingar mestu um þá aukningu. Á forsendum áætlunarinnar um útflutningsframleiðslu og fjármunamyndun gæti sérstakur vöruinnflutningur dregist saman um fimmtung á næsta ári. Samkvæmt áætluninni um almenn þjóðarútgjöld ætti samdrætti þeirra að fylgja nokkru meiri samdráttur almenns vöruinnflutnings. Samkvæmt þessu yrði vöruskiptajöfnuðurinn, reiknaður á föstu verði ársins 1982, nær hallalaus. Sem fyrr segir er reiknað með 2—3% rýrnun viðskiptakjara 1983 og á þeim forsendum yrði halli á vöruskiptunum sem næmi 1/2% af þjóðarframleiðslu. Ekki eru taldar horfur á aukningu þjónustutekna, en á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir aukningu þjónustuútgjalda, fyrst og fremst vegna vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Þjónustujöfnuðurinn verður því áfram mjög óhagstæður samkvæmt þeim spám, sem hér eru settar fram, eða sem nemur um 5 1/2% af þjóðarframleiðslu. Viðskiptajöfnuður yrði því óhagstæður um 6% af þjóðarframleiðslu samanborið við 10 1/2% halla á þessu ári. Gangi þessar spár eftir er hér vissulega um töluverðan bata að ræða, en þessi halli er þó mun meiri en þjóðarbúið þolir til nokkurrar lengdar. Hinum mikla viðskiptahalla þessa árs verður að hluta mætt með erlendum lántökum en að hluta með því að rýra gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins. Áframhaldandi rýrnun gjaldeyrisstöðunnar á næsta ári

Utanríkisviðskipti 1981—1983.

	Milljónir króna f.o.b. á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	1981	Spá 1982	1981	Spá 1982	Spá 1983
Útflutningsframleiðsla					
Sjávarafurðir	5 254	6 950	1,5	−16,2	4,0
Ál	748	1 130	2,0	4,6	0,0
Kísiljárn	128	226	18,0	25,7	10,0
Annað	670	1 042	−6,6	−0,1	−0,7
Samtals	6 800	9 348	1,0	−11,5	3,1
Birgðabreytingar	−264	−525	.	.	.
Vöruútflutningur	6 536	8 823	−1,2	−12,6	8,7
Vöruinnflutningur					
Skip og flugvélar	334	590	−6,0	13,8	−40,0
Til Landsvirkjunar	130	136	169,0	−35,0	−56,0
Til stóriðjuvera	556	788	−3,5	−9,2	2,0
Sérstakur vöruinnflutningur	1 020	1 514	4,5	−4,9	−20,0
Almennur vöruinnflutningur	5 712	8 892	7,0	−1,3	−6,7
þ. a. olía	1 100	1 463	−4,0	−7,0	0,0
þ. a. annað	4 612	7 429	9,8	0,0	−8,0
Vöruinnflutningur, alls	6 732	10 406	6,7	−1,9	−8,6
Vöruskiptajöfnuður	−196	−1 583	.	.	.
Útflutt þjónusta	2 366	3 786	12,8	0,0	0,0
Innflutt þjónusta	3 178	5 339	12,7	5,0	2,0
Þjónustujöfnuður	−812	−1 553	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	−1 008	−3 136	.	.	.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

felur í sér alvarlega hættu fyrir greiðslustöðuna út á við en afar mikilvægt er að sem mest verði dregið úr erlendum lántökum til að lækka erlendar skuldir þjóðarbúsins og greiðslubyrði af þeim á næstu árum. Erlendar skuldir námu 37% af þjóðarframleiðslu í árslok 1981 en horfur eru á að þær fari í 45% í lok þessa árs og stefna enn hærra á næsta ári. Greiðslubyrði var um 16½% af útflutningstekjum árið 1981 en er áætluð stefna í 23% í ár og jafnvel í 25% á næsta ári. Þessar alvarlegu horfur setja þjóðarbúskapnum þröngar skorður um ráðstöfun útflutningstekna og í þeim felst hætta á að stöðu þjóðarinnar út á við sé teflt í tvísýnu. Það er því mjög brýnt, að þegar á næsta ári verði dregið enn frekar úr viðskiptahallanum en fram kemur í þjóðhagsspá.

12. Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur.

Þjóðhagsspáin fyrir árið 1983 bendir til þess, að þjóðarframleiðslan dragist saman um 2½% á árinu en þjóðartekjur minnki meira vegna versnandi viðskiptakjara eða um rösklega 3%. Þjóðartekjur á mann dragast því saman um rösklega 4% samkvæmt þessari spá. Gangi þessar spár eftir nemur samdrátturinn alls yfir 9% árin 1982 og 1983.

Þjóðarútgjöld, þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur 1981—1983.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %[1])		
	Bráðab. 1981	Spá 1982	Bráðab. 1981	Spá 1982	Spá 1983
Einkaneysla	13 240	20 660	5,0	2,0	−0,6
Samneysla	2 455	3 830	3,0	2,0	0,0
Fjármunamyndun	5 554	8 220	2,1	−4,5	−8,0
Neysla og fjármunamyndun, alls	21 249	32 710	4,0	0,3	−5,8
Birgðabreytingar	231	525	.	.	.
Þjóðarútgjöld alls	21 480	33 235	4,3	0,6	−7,1
Útflutningur vöru og þjónustu	8 902	12 609	2,1	−9,3	6,1
Innflutningur vöru og þjónustu	9 910	15 745	8,5	0,3	−5,0
Viðskiptajöfnuður	−1 008	−3 136	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	20 472	30 099	1,5	−3,5	−2,7
Viðskiptakjaraáhrif [2])	.	.	0,3	−0,6	−0,6
Vergar þjóðartekjur	.	.	1,8	−4,1	−3,3
Viðskiptajöfnuður sem % af þjóðarframleiðslu	.	.	−4,9	−10,4	−6,0

1) Magnbreytingar eru miðaðar við fast verðlag fyrra árs.
2) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Töfluviðauki

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1971—1980.
Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1971—1980.
Tafla 3. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972—1981.
Tafla 4. Verðlag 1970—1982.
Tafla 5. Fjármál ríkisins 1972—1981.

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1971—1980.

	Meðaltal 1971–1980	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
I. Magnaukning frá fyrra ári, %:											
Einkaneysla	4,7	16,4	9,6	8,7	7,0	−10,0	1,0	8,0	6,0	2,0	1,0
Samneysla	5,4	6,8	7,6	9,4	6,1	4,8	7,0	0,8	3,8	3,5	4,0
Fjármunamyndun	6,7	42,1	−1,0	20,1	10,8	−8,4	−2,6	11,5	−5,4	−0,6	9,4
Verðmætaráðstöfun alls	5,4	26,1	1,8	12,9	10,4	−7,8	−3,1	10,9	−0,2	2,6	4,2
Útflutningur vöru og þjónustu	6,1	−3,8	10,3	8,9	−0,7	1,4	11,9	10,3	15,1	6,8	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu	6,9	22,2	1,4	18,9	13,2	−10,3	−1,2	18,7	4,7	2,5	3,6
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	4,8	12,8	5,7	7,7	3,5	−2,0	2,6	6,0	3,5	4,4	3,9
Útflutningstekjur	5,8	3,0	9,0	16,7	−4,7	−7,1	18,3	15,5	13,7	−2,5	0,1
Þjóðartekjur, vergar	4,8	15,8	5,4	11,6	1,1	−5,8	6,0	9,0	3,5	0,3	2,7
II. Meðalmannfjöldi ársins:		**206 092**	**209 275**	**212 364**	**215 324**	**218 031**	**220 133**	**221 823**	**223 587**	**225 749**	**228 161**
Aukning frá fyrra ári, %	1,1	1,0	1,5	1,5	1,4	1,3	1,0	0,8	0,8	1,0	1,1
III. Magnaukning á mann frá fyrra ári, %:											
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	3,7	11,7	4,1	6,1	2,1	−3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8
Þjóðartekjur, vergar	3,7	14,7	3,8	10,0	−0,3	−7,0	5,0	8,1	2,7	−0,7	1,6
IV. Verðhækkun frá fyrra ári, %:											
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	34,6	12,8	17,7	31,2	41,1	39,4	34,4	35,3	46,3	40,3	52,8

Aths. Árið 1980 hefur nú verið tekið upp sem grunnár við útreikning þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar á föstu verðlagi í stað ársins 1969. Getur oft verið nokkur munur á hlutfallslegum breytingum þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar eftir því, við hvort árið er miðað.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1971—1980.

Milljónir króna.

	Á verðlagi hvers árs									
	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
1. Einkaneysla	356,7	446,9	609,2	932,1	1 249,9	1 641,1	2 323,8	3 545,5	5 316,1	8 380,0
2. Samneysla	55,2	72,2	99,2	156,7	219,7	299,4	429,8	683,6	1 022,0	1 622,0
3. Fjármunamyndun	160,5	191,0	286,1	451,5	635,6	780,1	1 087,5	1 507,1	2 174,2	3 638,2
4. Birgðabreytingar	15,8	−8,4	−1,9	25,8	36,8	−17,1	70,3	−38,9	13,2	103,0
5. Verðmætaráðstöfun, alls	588,2	701,7	992,6	1 566,1	2 142,0	2 703,5	3 911,4	5 697,3	8 525,5	13 743,2
6. Útflutningur vöru og þjónustu	223,7	262,1	373,9	480,8	721,9	1 055,2	1 452,7	2 498,1	3 851,5	5 813,0
7. Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	262,3	279,6	400,2	636,1	935,7	1 099,1	1 549,3	2 419,4	3 916,8	6 126,0
8. Viðskiptajöfnuður	−38,6	−17,5	−26,3	−155,3	−213,8	−43,9	−96,6	78,7	−65,3	−313,0
9. Verg þjóðarframleiðsla (5.+8.)	549,6	684,2	966,3	1 410,8	1 928,2	2 659,6	3 814,8	5 776,0	8 460,2	13 430,2

	Verðlag ársins 1969							Verðlag ársins 1980			
	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1977	1978	1979	1980
1. Einkaneysla	294,6	322,9	351,0	375,6	338,0	341,4	368,7	7 676	8 137	8 300	8 380
2. Samneysla	37,9	40,8	44,6	47,4	49,7	53,1	53,5	1 451	1 506	1 559	1 622
3. Fjármunamyndun	131,7	130,4	156,7	173,6	159,0	154,9	172,7	3 533	3 343	3 324	3 638
4. Birgðabreytingar	13,5	−7,9	−3,5	9,5	12,4	−7,7	5,7	215	−131	2	103
5. Verðmætaráðstöfun, alls	477,7	486,2	548,8	606,1	559,1	541,7	600,6	12 875	12 855	13 185	13 743
6. Útflutningur vöru og þjónustu	183,7	202,6	220,5	218,9	221,9	248,4	274,0	4 603	5 299	5 658	5 813
7. Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	243,6	247,0	293,6	332,5	298,2	294,6	349,5	5 512	5 772	5 915	6 126
8. Viðskiptajöfnuður	−59,9	−44,4	−73,1	−113,6	−76,3	−46,2	−75,5	−909	−473	−257	−313
9. Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði (5.+8.)	417,8	441,8	475,7	492,5	482,8	495,5	525,1	11 966	12 382	12 928	13 430
10. Viðskiptakjaraáhrif	28,1	28,2	48,8	37,8	16,7	34,0	52,0	634	658	151	—
11. Útflutningstekjur (6.+10.)	211,8	230,8	269,3	256,7	238,6	282,4	326,0	5 237	5 957	5 809	5 813
12. Tekjuviðskiptajöfnuður (11.−7.)	−31,8	−16,2	−24,3	−75,8	−59,6	−12,2	−23,5	−275	185	−106	−313
13. Þjóðartekjur, vergar (9.+10.)	445,9	470,0	524,5	530,3	499,5	529,5	577,1	12 600	13 040	13 079	13 430

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972—1981.

	Vísitölur 1972 = 100.					Breytingar frá fyrra ári, %				
	Útflutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör	Útflutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör
	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt		Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	
A. Verð alls útflutnings og innflutnings										
1973	143,1	131,8	123,3	113,5	116,0	43,1	31,8	23,3	13,5	16,0
1974	191,8	159,0	183,7	152,2	104,4	34,0	20,6	49,0	34,1	−10,0
1975	269,3	142,8	307,1	162,7	87,7	40,4	−10,2	67,2	6,9	−16,0
1976	360,9	168,8	367,9	171,9	98,1	34,0	18,2	19,8	5,6	11,9
1977	462,0	190,7	433,0	178,6	106,7	28,0	13,0	17,7	3,9	8,7
1978	686,1	199,1	642,2	186,1	106,9	48,5	4,4	48,3	4,2	0,2
1979	990,7	214,6	1 020,5	220,9	97,1	44,3	7,8	58,9	18,7	−9,2
1980	1 455,3	228,8	1 551,2	243,7	93,8	46,9	6,6	52,0	10,3	−3,4
1981	2 158,2	247,3	2 278,7	261,0	94,7	48,3	8,1	46,9	7,1	1,0
B. Verð útflutnings og innflutnings án viðskipta álverksmiðju										
1973	147,4	135,7	124,1	114,3	118,8	47,4	35,7	24,1	14,3	18,8
1974	196,8	163,0	184,5	152,9	106,7	33,5	20,1	48,7	33,7	−10,2
1975	272,4	144,3	303,1	160,7	89,9	38,4	−11,5	64,3	5,1	−15,7
1976	364,2	170,1	360,7	168,6	101,0	33,7	17,9	19,0	4,9	12,3
1977	466,2	192,2	427,1	176,2	109,2	28,0	13,0	18,4	4,5	8,1
1978	689,0	199,7	630,0	182,7	109,4	47,8	3,9	47,5	3,7	0,2
1979	977,7	211,7	1 013,7	219,6	96,4	41,9	6,0	60,9	20,2	−11,9
1980	1 408,9	221,4	1 523,6	239,6	92,4	44,1	4,6	50,3	9,1	−4,1
1981	2 137,3	244,9	2 235,1	256,1	95,6	51,7	10,6	46,7	6,9	3,4

Aths.: Verðvísitölur í erlendri mynt eru reiknaðar á mælikvarða miðgengis.

Tafla 4. Verðlag 1970—1982.
Vísitölur 1970 = 100.

	Framfærsluvísitala			Vísitala vöru og þjónustu[1])			Byggingarvísitala		
		Hækkun, %			Hækkun, %			Hækkun, %	
	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs[2])	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs[2])	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs
1971	**106,4**	**6,4**	**3,8**	**107,4**	**7,4**	**3,9**	**112,2**	**12,2**	**10,0**
1972	**117,4**	**10,3**	**13,0**	**122,8**	**14,4**	**17,9**	**136,9**	**22,0**	**20,4**
1973	**143,5**	**22,2**	**34,2**	**153,2**	**24,7**	**35,1**	**174,9**	**27,8**	**38,2**
1974	**205,2**	**43,0**	**49,7**	**217,7**	**42,2**	**49,6**	**265,8**	**52,0**	**57,5**
1975	**305,6**	**49,0**	**41,0**	**327,2**	**50,2**	**43,2**	**377,8**	**42,1**	**34,1**
1976	**404,0**	**32,2**	**32,5**	**436,7**	**33,5**	**33,0**	**466,5**	**23,5**	**25,6**
1977	**527,0**	**30,4**	**36,0**	**570,0**	**30,5**	**34,8**	**606,5**	**30,0**	**39,0**
1978	**759,3**	**44,1**	**39,2**	**822,3**	**44,3**	**40,7**	**892,8**	**47,2**	**46,6**
1979	**1 104,5**	**45,5**	**60,6**	**1 198,3**	**45,7**	**63,0**	**1 312,4**	**47,0**	**54,3**
Febrúar	888,9	38,0	.	966,2	37,6	.	1 156,0	45,8	.
Maí	998,9	39,1	.	1 071,5	38,6	.	1 275,8	42,4	.
Ágúst	1 134,5	41,9	.	1 228,5	41,9	.	1 465,9	47,9	.
Nóvember	1 314,4	54,9	.	1 435,2	55,7	.	1 643,2	54,3	.
1980	**1 751,1**	**58,5**	**58,9**	**1 904,8**	**59,0**	**58,5**	**2 042,1**	**55,6**	**57,3**
Febrúar	1 434,4	61,4	.	1 571,5	62,6	.	1 795,9	55,4	.
Maí	1 624,2	62,6	.	1 750,3	63,3	.	2 023,1	58,6	.
Ágúst	1 788,5	57,7	.	1 938,4	57,8	.	2 225,4	51,8	.
Nóvember	1 982,8	50,8	.	2 162,1	50,6	.	2 584,8	57,3	.
1981	**2 641,9**	**50,9**	**41,9**	**2 867,6**	**50,6**	**41,7**	**3 091,7**	**51,4**	**45,2**
Febrúar	2 266,6	58,0	.	2 490,6	58,5	.	2 814,8	56,7	.
Maí	2 448,4	50,8	.	2 630,6	50,3	.	3 050,4	50,8	.
Ágúst	2 667,9	49,2	.	2 883,7	48,8	.	3 347,5	50,4	.
Nóvember	2 932,7	47,9	.	3 188,7	47,5	.	3 753,1	45,2	.
1982	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Febrúar	3 217,7	42,0	.	3 513,9	41,1	.	4 192,2	48,9	.
Maí	3 567,4	45,7	.	3 826,2	45,4	.	4 705,6	54,3	.
Ágúst	3 987,9	49,5	.	4 310,1	49,5	.	5 493,9	64,1	.

ATHS. Mánaðartölurnar sýna framfærsluvísitölu og vísitölu vöru og þjónustu í þeim mánuði, sem þær eru reiknaðar út. Vísitala byggingarkostnaðar er hins vegar ekki reiknuð út í sömu mánuðum og eiga byggingarvísitölurnar því við næsta útreikning á eftir þeim mánuðum, sem getið er í töflunni. Frá 1968 og fram á síðari hluta ársins 1975 var vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Í árslok 1975 var tekinn upp nýr grunnur byggingarvísitölu, og er hún nú reiknuð fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

[1]) A-liður framfærsluvísitölu.
[2]) Miðað við breytingu frá 31. desember til jafndægurs næsta árs.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 5. Fjármál ríkisins 1972—1981.

Rekstrargrunnur. Milljónir króna.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
A. Rekstrarreikningur										
1. Tekjur	185,3	248,8	377,2	510,4	713,2	1002,8	1636,5	2480,4	3928,8	6 304,2
Tekju- og eignarskattar	43,2	56,7	59,4	61,0	91,8	110,4	280,4	462,2	648,9	983,1
Aðrir skattar	140,0	189,2	313,9	441,8	609,8	873,4	1327,0	1965,8	3178,9	5 203,1
Aðrar tekjur	2,1	2,9	3,9	7,6	11,6	19,0	29,1	52,4	101,1	118,0
2. Útgjöld	184,0	251,3	410,1	585,7	705,1	1028,2	1652,6	2491,5	3789,8	6 129,3
Samneysla	50,4	71,1	111,6	145,9	202,5	355,8	569,4	855,3	1329,4	2 139,1
Vextir	3,4	4,5	7,9	18,0	24,0	33,5	64,5	76,0	88,0	150,7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	86,8	121,8	203,9	274,7	310,7	412,5	720,3	1144,9	1700,1	2 789,7
Til almannatrygginga	56,8	81,0	115,8	165,0	199,0	232,4	428,7	659,7	1040,4	1 788,6
Niðurgreiðslur	16,8	21,4	37,4	55,8	51,6	57,7	117,8	224,9	270,5	388,5
Annað	13,2	19,4	50,7	53,9	60,1	122,4	173,8	260,3	389,2	612,6
Fjármunamyndun	15,9	21,3	30,1	47,9	47,0	80,1	96,1	143,3	288,1	440,3
Fjármagnstilfærslur	27,5	32,6	56,6	99,2	120,9	146,3	202,3	272,0	384,2	609,5
3. Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld	1,3	−2,5	−32,9	−75,3	8,1	−25,4	−16,1	−11,1	139,0	174,9
B. Lána- og viðskiptareikningar										
4. Lánveitingar, nettó	0,1	0,1	0,4	4,9	5,2	5,4	23,2	11,2	8,0	55,5
5. Lántökur, nettó[1])	6,2	6,9	8,3	21,8	19,1	39,0	57,2	40,7	83,1	179,0
6. Lánajöfnuður	6,1	6,8	7,9	16,9	13,9	33,6	34,0	29,5	75,1	123,5
7. Viðskiptareikningar	−6,3	−7,3	−8,9	3,4	−27,2	−25,8	−55,8	4,1	−152,0	113,3
C. Greiðslujöfnuður	1,1	−3,0	−33,9	−55,0	−5,2	−17,6	−37,9	22,5	62,1	185,1
Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, markaðsvirði										
Tekjur	27,1	25,7	26,7	26,5	26,8	26,3	28,3	29,5	29,3	30,8
Útgjöld	26,9	26,0	29,1	30,4	26,5	27,0	28,6	29,6	28,2	29,9
Rekstrarjöfnuður	0,2	−0,3	−2,3	−3,9	0,3	−0,7	−0,3	−0,1	1,0	0,9
Greiðslujöfnuður	0,2	−0,3	−2,4	−2,9	−0,2	−0,5	−0,7	0,3	0,5	0,9

1) Lán hjá Seðlabanka ekki meðtalin.

Heimild: Ríkisreikningur.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um stefnumörkun í húsnæðismálum.

Flm.: Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson, Salome Þorkelsdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur Karlsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að sú stefna verði lögð til grundvallar í húsnæðismálum, að sérhverri fjölskyldu verði gert kleift að eignast og búa í eigin húsnæði. Til að því markmiði verði náð og til að auka hagkvæmni við stjórn húsnæðismála er nauðsynlegt að eftirfarandi aðgerðir verði framkvæmdar:

1. Stefnt verði að 80% lánsfjármögnun fyrstu íbúðar á næstu 5 árum. Á árinu 1983 láni Byggingarsjóður ríkisins 25% byggingarkostnaðar staðalíbúðar til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.
2. Lánstími verði lengdur í 42 ár. Frá ákvörðun lánsfjárhæðar til útborgunar verði lánshlutar látnir fylgja verðbreytingum í samræmi við byggingarvísitölu.
3. Lán til þeirra, sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn, verði með hagstæðari lánskjörum en önnur lán.
4. Leitað verði eftir frjálsu samstarfi við lífeyrissjóði í landinu um fjármögnun húsnæðislána.
5. Framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verði ekki minni en sem svarar einu launaskattsstigi.
6. Lánshlutfall í félagslegum byggingum verði lækkað í 80%. Heimilt er þó að lána 90% af byggingarkostnaði ef um sérstaklega erfiðar fjárhagsástæður lánþega er að ræða.
7. Teknir verði upp verðtryggðir bundnir reikningar í bönkum, sem veittu rétt til samsvarandi frádráttar frá tekjuskatti og skyldusparnaðurinn og gæfu rétt til 10—15 ára láns til íbúðarbyggingar eftir 3—5 ára sparnað sem næmi allt að 15% af tekjum. Slíkt fjármagnsstreymi hefði ekki áhrif á bindiskyldu í Seðlabanka Íslands.
8. Sérstakt átak verði gert í byggingu þjónustuíbúða og verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða og fatlaða. Einnig verði sérstaklega athugað hvernig hægt sé að koma til móts við þá sem eiga íbúðir fyrir, en vilja byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða og þurfa á lánsfjármagni að halda í stuttan tíma.
9. Heimilaðar verði lánveitingar til einstaklinga og félaga til byggingar leiguíbúða.
10. Taka þarf lögin um húsaleigusamninga til endurskoðunar þegar í stað og breyta þeim þannig að þau hamli ekki leigusölu og að hvorki hallist á rétt leigutaka né leigusala.
11. Komið verði til móts við þá aðila sem þurfa að framkvæma meiri háttar endurnýjun og viðgerð á íbúðarhúsnæði.
12. Starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Tæknideild stofnunarinnar verði lögð niður.
13. Kannaðar verði leiðir til þess að lækka byggingarkostnað, m. a. með lækkun aðflutningsgjalda á byggingarefni, lækkun launaskatts og aðstöðugjalds.
14. Endurskoða þarf löggjöf um byggingarsamvinnufélög.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið mjög mikill samdráttur í byggingu íbúðarhúsnæðis á vegum einstaklinga og einnig ef litið er á heildarbyggingamagn. Greinilegt er að ungt fólk hefur orðið harðast úti og möguleikar þess á því að eignast sína fyrstu íbúð minnkað stórlega. Þetta á bæði við um kaup og byggingu húsnæðis.

Orsakir þessa mikla samdráttar eru vafalaust margvíslegar. Lóðaskortur sveitarfélaga kemur þar til, en einkum þó sá fjármagnsskortur sem verið hefur hjá Byggingarsjóði ríkisins, en flestir lánaflokkar hafa verið skornir verulega niður. Segja má að þetta ástand sé furðulegt ef tekið er mið af því, hve mikil áhersla hefur verið lögð á að ná upp sterkum fjármögnunarsjóði varðandi íbúðarhúsnæði. Því er full ástæða til að taka þar sérstaklega til hendi og snúa þróun þessara mála í rétta átt.

Vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á fjármagnsmöguleikum þess fólks sem er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð, er nauðsynlegt að sem fyrst geti heildarlán til þessara aðila orðið sem næst 80% af raunverulegum byggingarkostnaði eða íbúðarverði. Þegar sérstaklega stendur á geta þessi ákvæði átt við þá sem hafa af einhverjum ástæðum misst íbúðir sínar og standa uppi eignalausir eða eignalitlir. Að sjálfsögðu ber að líta á alla lánsmöguleika sem viðkomandi aðili á, bæði hjá lífeyrissjóðum, bönkum og húsnæðislánakerfinu. Mjög brýnt er þó að Byggingarsjóður ríkisins geti strax hækkað lán sín verulega frá því sem nú er, og er sú hækkun, sem hér er sett fram, lágmark að okkar mati, eða um 50% hækkun á því hlutfalli sem nú er lánað af staðalíbúðarverði. Lán til kaupa á eldri íbúðum eru 50% af almennu nýbyggingarláni. Hér er því lagt til að mjög veruleg hækkun verði á þessum lánaflokki hjá þeim sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Samhliða hækkun lána þarf að koma til lenging lánstíma til þess að létta greiðslubyrði lántakenda. Þó væri eðlilegt að heimild væri í skuldabréfum til greiðslu á styttri tíma ef viðkomandi óskaði eftir slíku. Lán Byggingarsjóðs er talið vera um 17% af kostnaði staðalíbúðar. Þá er einungis miðað við það tímamark sem hús verður fokhelt á, en þá binst lánsupphæð við fasta krónutölu þó svo að lánið sé ekki greitt út fyrr en löngu seinna. Fyrsti hluti er nú greiddur eftir 3 mánuði, annar hluti eftir 9 mánuði og sá þriðji og síðasti eftir 15 mánuði frá því að hús verður fokhelt. Það liggur nokkuð ljóst fyrir, að á þeim tíma sem 50—60% verðbólga geisar skerðast allverulega þeir lánshlutar sem greiddir eru út sem föst krónutala mörgum mánuðum eftir að fasta talan er ákveðin, enda mun nú vera svo komið að almennt lán sé ekki nema um 12% af raunverulegum byggingarkostnaði staðalíbúðar. Því teljum við nauðsynlegt að verðtryggja lánshlutana miðað við byggingarvísitölu.

Á síðustu árum hafa lánskjaravísitala og vísitala kauptaxta þróast í ólíkar áttir. Hækkun lánskjaravísitölu hefur orðið miklu meiri og því gert greiðslubyrði lántakenda óeðlilega mikla. Því er ástæða til að skoða lánskjör þeirra, sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, með hliðsjón af framangreindum orsökum.

Gert er ráð fyrir því, að leitað verði eftir frjálsu samstarfi við lífeyrissjóði um fjármögnun húsnæðismála. Reynslan hefur sýnt að sú lögbinding á framlögum lífeyrissjóðanna, sem við höfum búið við, hefur reynst illa, en ástæða er til að ætla að meiri árangur náist í frjálsu samstarfi.

Telja má að þær breytingar á húsnæðislögunum, sem hér er gert ráð fyrir, kosti Byggingarsjóð ríkisins rúmlega 50 millj. kr. Til þess að mæta því er lagt til að framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verði ekki minni en sem nemur einu launaskattsstigi á næsta ári, sem þýddi

tekjuaukningu fyrir Byggingarsjóð í kringum 70—80 millj. kr. Vegna þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu, sem Byggingarsjóður er í nú og skapast hefur vegna fjársveltis seinustu ára, er nauðsynlegt að gera ráð fyrir sérstakri aukafjárveitingu á fjárlögum næsta árs til að rétta sjóðinn af og gera honum kleift að standa við skuldbindingar sínar. Æskilegt hefði verið að stíga stærra skref í húsnæðismálunum strax, en þær erfiðu kringumstæður, sem nú eru í efnahagsmálunum, valda því, að það er ekki raunhæft.

Árið 1964 var ákveðið í samráði við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur í tengslum við lausn á vinnudeilu að 1% launaskattur skyldi renna til Byggingarsjóðs ríkisins. Síðar var launaskatturinn hækkaður upp í 2% og naut Byggingarsjóður þess að hluta fram til ársins 1980. Þá var það óheillaskref stigið að svipta Byggingarsjóð þessum fasta tekjustofni, en ætla honum í staðinn beint framlag á fjárlögum. Það hefur aftur valdið því, að hlutur hans hefur verið skertur verulega, sem glöggt sést á því, að á yfirstandandi ári renna til Byggingarsjóðs samkv. fjárlögum 53.8 millj. kr., en 1% af launaskatti er í kringum 130 millj. kr.

Gert er ráð fyrir því að lækka lánshlutfall í félagslegum byggingum úr 90% í 80% sem almenna reglu. Þó er gert ráð fyrir að lána þeim lánþegum, sem búa við sérstaklega erfiðar fjárhagsástæður, 90% af byggingarkostnaði svo sem verið hefur. Þetta er eðlilegt ákvæði, enda verður vel fyrir þeim séð sem verst eru staddir.

Reynslan hefur sýnt að hinn lögbundni skyldusparnaður hefur ekki skilað því fjármagni í Byggingarsjóð sem hann gerði í upphafi og búist hafði verið við. Í lánsfjáráætlun Byggingarsjóðs var þannig gert ráð fyrir að skyldusparnaðurinn skilaði um 20 millj. kr., en nú eru horfur á að þessi fjárhæð verði mun meiri eða um 32 millj. kr. Þessari aukningu valda betri ávöxtunarkjör en áður. Ungt fólk, sem stofnað hefur til hjúskapar eða er við nám, er undanþegið skyldusparnaði. Okkur þykir rétt að örva það til frjáls sparnaðar, svo og þá sem falla undir skyldusparnaðinn, og leggjum því til að í bönkum verði opnaðir sérstakir verðtryggðir reikningar sem veittu rétt til samsvarandi frádráttar frá tekjuskatti og skyldusparnaðurinn gerir nú. Slíkir innleggjendur fengju sjálfkrafa rétt til 15 ára láns til íbúðabyggingar eftir þriggja til fimm ára sparnað sem næmi allt að 15% af tekjum. Frjáls sparnaður af þessu tagi hefur uppeldislegt gildi og er til þess fallinn að auka virðingu æskufólks fyrir fjármunum. Hann krefst frumkvæðis frá viðkomandi og knýr hann til ráðdeildar og fyrirhyggju.

Gert er ráð fyrir að slíkt fjármagnsstreymi skuli ekki hafa áhrif á bindiskyldu í Seðlabanka Íslands, sem að sjálfsögðu væri óeðlilegt.

Sérstakt átak þarf að gera í húsnæðismálum aldraðra og fatlaðra. Gert er ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir, ríki og sveitarfélög haldi áfram byggingu og rekstri slíkra stofnana svo sem verið hefur. En jafnframt er nauðsynlegt að ráðist verði í byggingu á þjónustuíbúðum og vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldrað fólk eða öryrkja. Algengt er að aldrað fólk búi lengur en það óskar sjálft í sínum gömlu einbýlishúsum eða stóru íbúðum vegna þess að það á ekki völ á öðru minna við sitt hæfi með þægilegum hætti. Það þarf þess vegna að örva þá byggingarstarfsemi á frjálsum markaði sem beinist að því að reisa sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að sérstöku lánsfjármagni verði varið í þessu skyni til þess að veita fyrirgreiðslu í stuttan tíma. Eðlilegt er að slík lánsfyrirgreiðsla falli undir hið almenna bankakerfi. Slík starfsemi hefur mikinn þjóðfélagslegan sparnað í för með sér, eins og glöggt má sjá af því, að 13 íbúða fjölbýlishús fyrir aldrað fólk gæti oft og tíðum losað 13 jafnmörg einbýlishús og sparað þannig verulega fjármuni í gatnagerð, holræsagerð og öðru sem til þarf. Hér er gert ráð fyrir að binda umtalsvert fé hjá bönkunum til 3—4 ára í þessu skyni, sem er veruleg skerðing á ráðstöfunarfé þeirra. Sjálfsagt er að því verði mætt með því að létta á bindiskyldu þeirra í Seðlabankanum.

Að sjálfsögðu verður sú leið að vera opin í húsnæðismálakerfinu, að tvær kynslóðir geti búið saman í nábýli, þannig að tveim íbúðum sé svo fyrir komið að aldraðir foreldrar geti búið hjá börnum sínum þar sem slíks er óskað.

Reynslan hefur sýnt að nokkur fjöldi fólks vill heldur búa í leiguíbúð en ráðast í kaup á eigin íbúð. Þá hafa einstaklingar og fyrirtæki jafnan þörf fyrir leiguíbúðir til skamms tíma. Óhyggilegt væri að svara þessari eftirspurn einungis með þeim hætti, að þorri leiguíbúða yrði í framtíðinni í eigu opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Sú tilhneiging er rík hjá mörgum að umgangast slíkar íbúðir af kæruleysi, og allt of oft hefur hent að þær hafa drabbast niður. Það er þess vegna hagkvæmt fyrir þjóðfélagið í heild að einstaklingar eða fyrirtæki, svo sem tryggingarfyrirtæki, hefji rekstur leiguíbúða svo sem er í nágrannalöndum okkar.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að halda vel við því húsnæði sem til er í landinu. Með síðustu skattalögum var horfið frá því, að viðhald á íbúðarhúsnæði væri frádráttarbært. Það var mjög vafasamt skref, sérstaklega þegar um meiri háttar viðgerðir eða endurbætur væri að ræða, eins og t. d. skemmdir af völdum alkalíefnahvarfs í sementi. Slíkar skemmdir eru talsvert útbreiddar, sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu, og er þar um verulegan kostnað að ræða fyrir húseigendur og vaxandi eftir því sem lengur dregst að bregðast við vandanum. Þetta er því spurning um varðveislu verðmæta fremur en ívilnun fyrir viðkomandi húseiganda sem í flestum tilvikum á enga sök á þeim skemmdum sem orðið hafa á húseign hans. Þá vegur það þungt í þessu sambandi, að slík frádráttarbærni ylli því, að tekjur skiluðu sér betur til skatts en nú. Vitað er að mjög mikið er um það, að viðgerðir á mannvirkjum eru ekki gefnar upp til skatts þar sem greiðandi hefur engan hag af því. Hér er því um það að ræða að uppræta skattsvik í þjóðfélaginu. Nauðsynlegt er að rýmka lánsskilyrði og hækka lán til viðhalds og endurbóta.

Mikið er um það rætt, að nauðsynlegt sé að auka sparnað og aðhald í ríkisrekstrinum, en minna hefur orðið úr efndum. Hér er gert ráð fyrir því, að starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar með það fyrir augum að lán til húsbyggjenda verði sem allra mest í höndum almennra lánastofnana, enda nægur mannafli í bönkunum til að anna þeirri viðbót og auk þess hagræði fyrir lántakendur. Þá er lagt til að tæknideild stofnunarinnar verði lögð niður í núverandi mynd.

Byggingarkostnaður hefur jafnan verið mikill hér á landi, og á það m. a. rætur sínar að rekja til þess, að um óeðlileg aðflutningsgjöld er að ræða á byggingarefni, en það er nauðsynlegt að lagfæra. Þá er lagt til að launaskattur verði lækkaður svo og aðstöðugjald af byggingarstarfsemi.

Nauðsynlegt er að endurskoða löggjöf um byggingarsamvinnufélög, enda er löggjöfin orðin gömul.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um stefnumörkun í landbúnaði.

(Lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

Alþingi ályktar, að megintilgangur og markmið í íslenskum landbúnaði skuli vera þessi:

I. Að framleiða landbúnaðarafurðir með þeirri fjölbreytni, sem landkostir, veðurfar og markaðsskilyrði leyfa.

II. Að tryggja efnahagslegt sjálfstæði og félagslegt jafnrétti bændafólks og eigna- og umráðarétt þess á bújörðum. Fjölskyldubúskapur og sjálfseignarábúð bænda verði grundvallarform rekstrareininga, en félagsbúskapur fái fastmótað form í lögum. Réttur þéttbýlisbúa til umgengni við landið og náttúru þess verði tryggður.

III. Að leggja áherslu á að varðveita náttúruauðæfi landsins, landkosti og hlunnindi bújarða og eðlilega byggð í landinu, fyrir næstu kynslóðir, m. a. með gerð áætlana um landgræðslu og landvernd. Landbúnaðurinn og úrvinnslugreinar landbúnaðarafurða leggi fram sinn skerf til vaxandi þjóðartekna með hagkvæmri nýtingu landsgæða og síaukinni framleiðni vinnu og fjármuna.

Til að ná framangreindum markmiðum, skal unnið að eftirfarandi verkefnum:

I.

Gerð verði spá um þróun markaðar fyrir landbúnaðarafurðir hér á landi til næstu 5 ára og 10 ára, er byggi m. a. á spá um mannfjölda og búsetuþróun í landinu yfir sama tímabil. Einnig spá um útflutning m. v. markaðshorfur. Jafnhliða því verði gerð spá um þróun heildarframleiðslu landbúnaðarafurða og framleiðslu eftir byggðarlögum.

Gerð verði út frá fyrrnefndum spám áætlun um framleiðslu á landbúnaðarafurðum, er taki mið af lögboðnum rétti landbúnaðarins til útflutningsbóta, ákvörðunum um niðurgreiðslur og möguleikum fyrir nýjar búgreinar. Miða skal mjólkurframleiðsluna sem næst við innanlandsþarfir, en framleiðslu sauðfjárafurða við innlendan markað og erlenda markaði sem teljast viðunandi. Áfram verði unnið að könnun búrekstraraðstöðu á einstökum jörðum og gerð úttekt á gróðurlendi landsins á heiðum og afréttum. Innlend fóðurframleiðsla verði efld og stefnt að sem minnstum innflutningi á fóðri þannig að landbúnaðurinn verði sjálfum sér nægur í sem mestum mæli með rekstrarvörur.

Áhersla verði lögð á að bæta og auka það hráefni, sem landbúnaðurinn getur lagt innlendum iðnaði til á hagkvæman hátt, og iðnaðurinn hafi forgang að því, svo sem verið hefur, en greiði fyrir það sanngjarnt verð. Sérstaklega verði hlúð að ullar- og skinnaiðnaði og leitað annarra möguleika á framleiðslu séríslenskrar vöru, er styrki framleiðslugrundvöll landbúnaðarins. Kappkostað verði að leita nýjunga í framleiðslu til útflutnings, er komi í stað óhagkvæmrar útflutningsframleiðslu.

Rannsókna-, leiðbeininga- og fræðslustofnunum landbúnaðarins verði falið að vinna að fyrrnefndum málum.

II.

Bændum og búaliði verði tryggð fjárhagsleg afkoma, sambærileg því sem gerist meðal verkamanna og iðnaðarmanna.

Lögin um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum komi að fullu til framkvæmda hið fyrsta. Stefnt verði að því að bændur og sveitafólk geti notið orlofs og reglulegra frídaga. Félagsleg aðstaða sveitakvenna verði bætt m. a. þannig að þær njóti fæðingarorlofs til jafns við aðrar stéttir.

Tryggt verði að vinnslustöðvar landbúnaðarins greiði bændum 90% af andvirði afurða við innlegg, en óskert grundvallarverð við uppgjör, að frádregnum verðmiðlunargjöldum, ef tekin eru. Rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins verði hækkuð svo þetta útborgunarhlutfall náist.

Stofnlánum í landbúnaði verði komið í það horf að þau auðveldi ættliðaskipti á jörðum og nauðsynlegt viðhald fjármuna í samræmi við heildaráform í framleiðslu- og markaðsmálum landbúnaðarins. Þegar lánshæfni umsækjenda er metin, skal taka mið af tengslum þeirra við landbúnaðinn eða búfræðimenntun. Þéttbýlisfólki verði tryggður umgengnisréttur við landið. Þjónusta við ferðafólk á vegum bænda veiti þeim sem hana stunda rétt til að eiga aðild að sjóðakerfi landbúnaðarins og fái þannig viðurkenningu sem þáttur í landbúnaði.

III.

Unnið verði ötullega að landgræðslu- og gróðurverndarmálum m. a. á grundvelli nýrrar landgræðslu- og landverndaráætlunar. Áfram verði unnið að gróðurfars- og beitarþolsrannsóknum og Landmælingum Íslands gert fjárhagslega kleift að ljúka gerð grunnkorta af landinu. Skipulag nýrra þéttbýlissvæða verði gert þannig að það skaði sem minnst ákjósanlegt ræktunarland. Sama aðgát verði höfð við ákvörðun um mannvirkjagerð utan þéttbýlis.

Kappkostað verði að athuga hugmyndir um nýjar búgreinar í því augnamiði að þær geti á skipulegan hátt orðið vaxtarbroddur í landbúnaði, aukið fjölbreytni í framleiðslu, styrkt búsetu og leyst af hólmi óhagkvæma útflutningsframleiðslu.

Nýjum búgreinum, sem byggja að verulegu leyti á innlendum aðföngum, og eins þeim sem ekki rýra markað þess sem fyrir er, skal veitt öflug fjárhagsleg fyrirgreiðsla. Gert verði skipulegt átak til uppbyggingar búgreina, sem að fenginni nokkurri reynslu eru taldar vænlegar til framleiðslu afurða til sölu á erlendum mörkuðum, sbr. loðdýrarækt. Þessum búgreinum verði sköpuð jafngóð starfsskilyrði af hálfu þess opinbera og gerist í sjávarútvegi og útflutningsiðnaði.

Þess verði gætt að breytingar á framleiðslu- og atvinnuháttum í landbúnaði valdi sem minnstri búseturöskun. Veita skal stuðning úr Byggðasjóði eða af fjárlögum þar sem rétt er talið að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að viðhalda og efla byggð á tilteknum svæðum, enda leiði það ekki til þess að raska þeim framleiðsluáætlunum sem gerðar verða í samræmi við stefnumörkun þessa. Einkum verði greitt fyrir æskilegri framleiðslu í landbúnaði og nýjum verkefnum með slíku fjármagni.

Rannsóknastarfsemi og leiðbeiningaþjónustu verði beint sérstaklega að framangreindum verkefnum og kynningu á nýjungum er þau varða. Kannaðir verði möguleikar á að koma upp og efla úrvinnslu- og þjónustuiðnað í sveitum.

Í rannsókna-, leiðbeininga- og fræðslustarfsemi verði lögð ríkari áhersla en verið hefur á rekstrarfræðileg atriði búskapar. Heimilt verði að skylda bændur til að færa búreikninga og niðurstöður þeirra nýttar svo sem hægt er til almennrar hagræðingar í búrekstri.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi til þingsályktunar var lögð fyrir síðasta Alþingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Tillagan er nú endurflutt óbreytt, en henni fylgdi svofelld greinargerð:

1. INNGANGUR.

Með bréfi dags. 10. mars 1980 var skipuð nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar til þess að semja tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins. Í nefndinni áttu sæti: Egill Bjarnason, ráðunautur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda og Helgi F. Seljan, alþingismaður.

Nefndin lagði mikla vinnu í störf sín og skilaði tvívegis á starfstíma sínum áfangatillögum um tiltekna þætti landbúnaðarmála, sem taka þurfti afstöðu til með skjótum hætti. Lokatillögum sínum skilaði nefndin 2. apríl 1981.

Nefndarmenn töldu æskilegt að aflað yrði frekari gagna, áður en tillagan væri lögð fyrir Alþingi. Þessi gögn voru í fyrsta lagi: Niðurstöður nefndar, sem vinnur að úttekt á þjóðhagslegu gildi landbúnaðarframleiðslunnar. Í öðru lagi: Úttekt á búskaparhæfni og búrekstraraðstöðu einstakra jarða í hverju byggðarlagi. Í þriðja lagi: Aflað yrði frekari tölulegra upplýsinga um ýmsa þætti landbúnaðarmála og þær felldar inn í greinargerð tillögunnar.

Þrátt fyrir að þessi gögn liggi ekki enn fyrir að fullu, er tillagan nú flutt. Hún er að meginefni samin af nefnd þeirri, sem að framan getur, en auk þess hafa nokkrir af forstöðumönnum landbúnaðarstofnana lagt til efni um tiltekin sérsvið.

Allt bendir til þess að framleiðsla lax með hafbeit aukist verulega á komandi árum. Nú þegar hefur verið hafist handa um viðamikil verkefni á þessu sviði og fleiri munu fylgja í kjölfarið.

Megineinkenni hafbeitar er að lagt er í mikinn kostnað í upphafi, sem ekki skilar hagnaði fyrr en að nokkrum árum liðnum. Þessar miklu fjárfestingar í upphafi koma í veg fyrir að aðrir en fjársterkir aðilar geti hafið hafbeitarbúskap, nema til komi veruleg lánafyrirgreiðsla.

Ekki er unnt að gera sér grein fyrir mögulegu framleiðslumagni hafbeitar. Sleppingar gönguseiða, sem hafbeitarbúskapur byggir á að mestu leyti, á sér öllu fremur landfræðilegar takmarkanir en líffræðilegar, þar sem gönguseiði þurfa ekki að hagnýta sér fæðuframboð árinnar.

Sömuleiðis er ekki unnt að geta sér til um fjölda staða, sem hægt er að stunda hafbeit frá. Ýmislegt bendir þó til að svo hátti víða til, og að vandamálið sé öðru fremur að þróa þá aðferð, sem henta myndi hverjum stað.

Þá er vert að benda á, að ekkert mælir á móti því að stunda við sömu veiðiá sportveiði og hafbeit. Aðferðin byggir á því að taka laxinn í gildru við ósinn, en sleppa hæfilegum fjölda laxa upp ána til sportveiði og hrygningar. Það mælir enn frekar með þessari aðferð, að ýmis rök hníga að því að of stór hrygningarstofn í hverri á geti haft áhrif til hins verra fyrir stofn árinnar.

3.6.2.3. Strandkvíaeldi.

Strandkvíaeldi krefst annars vegar mikillar fjárfestingar, svo sem í kerum, dælum og öðrum búnaði og talsverðs rekstrarkostnaðar (dæling, fóður, mannafli), og hins vegar sérstakra staðhátta, svo sem heits vatns, nálægðar við sjó o. s. frv.

Ekki hefur verið gerð heildarúttekt á aðstæðum til strandkvíaeldis. Áður er nefnd eldisstöðin að Húsatóftum við Grindavík, en þar fæst eftir þörfum saltur og heitur sjór úr borholum. Þá er nýhafið strandkvíaeldi í Vestmannaeyjum, þar sem nýttur er hiti úr nýja hrauninu.

Ekki er raunhæft að reikna með hagstæðum aðstæðum til strandkvíaeldis víða við landið.

3.6.2.4. Kvíaeldi.

Lágur hiti sjávar, sem farið hefur undir dauðamörk laxfiska köldustu mánuði vetrarins, er helsta vandamálið sem menn hafa rekist á við kvíaeldi á laxi hér við land.

Almennt má segja að sjávarhiti útiloki þetta eldisform við Austfirði og Norðurland, nema þar sem sérstakar staðbundnar aðstæður ríkja, svo sem í Lóni í Kelduhverfi. Við vestur- og austurströndina þar sem sjórinn er hlýrri, takmarkast möguleikarnir hins vegar af því hve skjóllítið er fyrir sjógangi.

Kvíaeldi hefur verið reynt nokkuð undanfarin ár, án þess að skila verulegum árangri nema í Lóni í Kelduhverfi. Óhætt er að fullyrða, að aðstæður þessa eldisforms eru miklum mun óhagstæðari hér við land en í Noregi, þar sem kvíaeldi er orðin stöndug atvinnugrein.

Fara verður varlega í að útiloka að þetta eldisform nái fótfestu hér við land. Má líklegt telja, að kynbætur á laxfiskum geti þróað kuldaþolnari fiska, auk þess sem frekari athugun staðhátta gæti leitt í ljós fleiri hentuga staði fyrir kvíaeldi.

3.6.2.5. Samrekstur strandkvía og kvíaeldis.

Helstu annmarkar kvíaeldis eru lágur sjávarhiti köldustu mánuðina. Annmarkar strandkvíaeldis eru m. a. dælingarkostnaður. Vatnsþörf fiska og þar með dælingarkostnaður eykst, er þeir stækka. Þetta hefur opnað augu manna fyrir því, að við íslenskar aðstæður væri hugsanlega hentugast að styðjast við bæði þessi eldisform. Þannig gæti laxinn verið alinn í strandkvíastöð, þar til hann hefur náð 100—150 g stærð, en þá færður í kvíaeldisstöð og alinn upp í sláturstærð. Tvennt vinnst við þetta: laxinn er ekki í strandkvíaeldi, nema þegar dælingarkostnaður er tiltölulega hóflegur, og hann er ekki í kvíaeldi þá mánuði, sem hætta er á banvænum sjávarkulda.

Þessar hugmyndir hafa verið prófaðar lítillega og gefið góða raun, og má telja líklegt að þetta eldisform verði reynt í vaxandi mæli í náinni framtíð.

3.6.3. Seiðaeldi.

Flest það, sem nefnt hefur verið hér að framan, miðar við, að framleiðsla laxaseiða sé nægileg. Verði farið í að fullnýta þá ræktunarmöguleika, sem nefndir hafa verið, er það sjálfgefið, að afkastageta seiðaeldisstöðva þarf að aukast gífurlega.

Aðstæður til seiðaeldis á Íslandi eru mjög góðar. Veldur mestu jarðhitinn, sem gerir seiðaeldi bæði fljótvirkara og hagkvæmara en ella. Má því ætla, að seiðaframleiðsla verði ekki þröskuldur í vegi fyrir fiskrækt í náinni framtíð.

3.6.4. Markaðsmál.

Framleiðsla laxfiska takmarkast ekki eingöngu af ytri framleiðsluskilyrðum, heldur verður einnig að miðast við það markaðsástand, sem ríkir. Hingað til hefur megnið af laxaframleiðslunni farið til neyslu innanlands, en ljóst er að verði veruleg framleiðsluaukning á laxfiskum, mun þurfa að flytja megnið af henni út.

3.6.4.1. Innlendi markaðurinn.

Innlendi markaðurinn hefur hingað til tekið við 70—99% heildarlaxveiðanna (talinn er með sá hluti sem fer beint til neyslu án þess að vera seldur). Hefur þetta frá 1970 verið á milli 150 og 200 tonn. Reikna verður með, að hægt verði að selja meira innanlands, einkum ef tekst að bjóða nýjan lax lengri tíma ársins (kvíaeldi).

3.6.4.2. Erlendi markaðurinn.

Líta verður svo á, að V-Evrópa verði okkar helsti markaður fyrir laxfiskaafurðir. Talið hefur verið að sá markaður sé upp á ca. 100.000 tonn miðað við verðlag undanfarinna ára. Laxfiskar eru dýr munaðarvara og mundi verðlækkun stækka markaðinn.

Á þessum markaði keppa nú framleiðendur Atlantshafslax, Kyrrahafslax og silungs. Kyrrahafslax hefur hingað til haft stærri hlutdeild í markaðinum en Atlantshafslax, en sá síðarnefndi þykir betri og er dýrari.

Norðmenn yrðu okkar helstu keppinautar á þessum markaði. Síðustu ár hefur laxfiskaeldi þeirra aukist jafnt og þétt og er reiknað með enn hraðari aukningu á næstu árum. Eftirfarandi tafla sýnir framleiðslu Norðmanna á laxi og silungi undanfarin ár og framleiðsluspár komandi ára (talið í tonnum):

Lax- og urriðaeldi Norðmanna 1979—1984/85.

Ár	Laxeldi	Silungseldi
1979	4.000	2.600
1980	5.000	3.000
1981	8.000	3.000
1982	12—15.000	
1983	12—15.000	
1984/85	25.000	

Á árinu 1980 fengu norskir laxaframleiðendur að meðaltali 45,92 Nkr. í sinn hlut fyrir hvert kg af laxi. Var það almennt álitið u. þ. b. 15% hærra verð en eðlilegt mætti telja.

Sú mikla framleiðsluaukning, sem reiknað er með, mun að sjálfsögðu hafa áhrif til lækkunar verðs á laxi. Íslenskur lax verður því að keppa við þann norska á verðlagi, sem er lægra en verð á undanförnum árum. Gætti þessarar verðlækkunar reyndar þegar seinni hluta árs 1981.

3.6.4.3. Um samanburð á hafbeit og norsku sjóeldi.

Erfitt er að gera raunhæfan samanburð á rekstrarafkomu hafbeitarstöðvar annars vegar og norskri kvíaeldisstöð hins vegar. Framkvæmdastofnun ríkisins lét 1980 gera slíkan samanburð, þar sem tekin voru dæmi af 200.000 seiða hafbeitarstöð annars vegar og meðalstórri norskri kvíaeldisstöð (20 tonna ársframleiðsla). Niðurstaða þessarar athugunar er sú, að hafbeitarstöð myndi fyllilega standast samanburð við norska kvíaeldisstöð með tilliti til ágóðamöguleika.

3.6.5. Skipulag veiðimála.

Skipulag veiðimála hlýtur að miðast við annars vegar að nýta framleiðslumöguleikana til fullnustu með þeim takmörkunum, sem markaðsmál munu setja, og hins vegar að nýta þau tækifæri, sem veiðimál veita til að renna tryggari stoðum undir atvinnulíf og búsetu, þar sem við örðugleika er að etja.

Ýmsar spurningar verða áleitnar í þessu sambandi. Til dæmis hversu vel hinar mismunandi greinar veiðimála henta sem aukabúgrein og hverjar þarf að stunda einhliða. Hverjar henta sem fjölskyldubúskapur og hvar hentar stórbúskapur.

3.6.5.1. Veiði sem aukabúgrein.

3.6.5.1.1. Sportveiði.

Sportveiði hefur verið og verður áfram rekin sem aukabúgrein. Vaxtarbroddar þessarar greinar liggja í frekari ræktunarstarfsemi. Við myndarlegt átak í ræktun þarf samstilltan hóp landeigenda. Hér hefur stundum orðið misbrestur á. Einkum hafa skapast vandamál, þegar hugsanleg uppeldissvæði seiða eru í eigu annarra landeigenda en þeirra sem eiga veiðisvæðin. Tryggja þarf annars vegar réttinn til að nýta uppeldissvæði og jafnframt því rétt landeigenda uppeldissvæða til sanngjarnrar hlutdeildar í ágóða veiðanna.

3.6.5.1.2. Hafbeit.

Eins og fyrr er nefnt, krefst hafbeit mikils fjármagns í upphafi, sem síðar skilar sér til baka. Þetta veldur því að hafbeit, sem annars hentaði mjög vel sem aukabúgrein, nýtist ekki sem slík, nema til komi veruleg lánafyrirgreiðsla í upphafi.

3.6.5.2. Veiði sem aðalbúgrein.

3.6.5.2.1. Strandkvíaeldi/kvíaeldi.

Strandkvíaeldi og kvíaeldi krefjast bæði mikillar umhirðu svo að óraunhæft er að reikna með öðru en að slíkt eldi verði aðalstarf þeirra, sem það stunda.

3.6.6. Rannsóknir og vísindalegt eftirlit.

Framþróun í veiðimálum hefur verið og mun áfram verða háð þeim rannsóknum sem unnar hafa verið og unnar verða. Það sem fjárfest hefur verið í veiðimálum hingað til hefur skilað miklum arði og er öll ástæða til að ætla að svo verði áfram.

Þá er rétt að benda á að allt fiskræktarstarf þarf að vinna undir vísindalegu eftirliti. Arðsemi ræktunarinnar ræðst vitanlega af því hvernig að henni er staðið. Til dæmis er hægt að hugsa sér vatnasvæði sem að hálfu leyti henta vel til sleppingar smáseiða, en að hálfu leyti ekki. Væri seiðum sleppt á allt svæðið myndi einungis helmingur seiðanna nýtast. Sú hætta væri þá fyrir hendi að ályktað yrði út frá þeim árangri sem næðist að ekki væri grundvöllur fyrir smáseiðasleppingum á viðkomandi svæði, þótt helmingur seiðanna hefði skilað góðum árangri. Dæmi sem þetta undirstrikar nauðsyn þess að fiskræktendur eigi kost á ráðgjafaþjónustu og rannsóknaþjónustu.

3.6.7. Menntunarmál.

Menntunar er þörf í fiskræktar- og fiskeldisgreinum eins og í öðrum greinum búskapar. Fram til þessa hefur vísir að kennslu í þessum greinum verið við bændaskólana. S. l. haust, er Bændaskólinn á Hólum tók til starfa á ný, var rætt um að leggja meiri áherslu á fiskrækt og fiskeldi við kennsluna og nýta til þess þá aðstöðu, sem laxeldisstöð Hólalax h/f býður upp á. Þessa kennslu ber að auka, bæði til þess að áhugasamir nemendur fái að kynnast þessum málum, svo og til þess að sjá atvinnuveginum fyrir hæfum og menntuðum starfskröftum.

3.6.8. Úrbætur og hagmunamál.

1. Koma þarf upp útibúum Veiðimálastofnunar úti um land, það mörgum að starfsmenn þeirra geti, auk frumrannsókna, veitt fiskræktendum þá þjónustu sem óskað er eftir. Gera verður ráð fyrir að greitt verði fyrir þá þjónustu.
2. Koma þarf upp lánafyrirgreiðslu, sem geri landeigendum kleift að ráðast í skynsamleg hafbeitarverkefni. Tryggt verði með umsögn Veiðimálastofnunar að viðkomandi haf-

beitaráætlun þyki álitleg áður en lánað yrði fé til hennar, en jafnframt ákveðið að lán þurfi ekki að endurgreiða fyrr en ágóði er af hafbeitinni.

3. Skipuleggja þarf markaðsöflun jafnframt því sem framleiðsla laxfiska eykst.
4. Tryggt verði, eftir því sem kostur er, að nægur fjöldi menntaðs fiskræktarfólks og eldismanna geti fengist til starfa.

3.7. Skógrækt.

3.7.1. Viðarframleiðsla.

3.7.1.1. Íslenski birkiskógurinn.

Umtalsvert viðarmagn mun fást úr hinum náttúrulegu birkiskógum. Þeir eru aðeins til nú á tveimur svæðum, Fljótsdalshéraði og Suður-Þingeyjarsýslu, af þeirri stærð, sem gerir mögulegt að nýta þá. Sú nýting er fyrst og fremst bundin við kurl til eldsneytis, ef ný tækni kynni að gera það samkeppnisfært um verð við aðra orkugjafa. Tilraun verður gerð með það á þessu ári. Vöxtur í allra besta birkiskógi er tæplega 1 m^3/ha á ári.

3.7.1.2. Innfluttar trjátegundir.

Við þær eru bundnir möguleikar á viðarframleiðslu í framtíðinni. Reynsla af ræktun lerkis, sitkagrenis og stafafuru bendir til þess að búast megi við meðalvexti á ha, er nemur um 3 m^3/ha miðað við 80—100 ára aldur. Hér er átt við bestu skógræktarsvæði landsins, sem eru í fjórum héruðum. Á allra bestu svæðum innan þessara héraða er hugsanlegt, að meðalvöxtur gæti orðið meiri, t. d. 5 m^3/ha/ár. Í elsta lerkiteignum á Hallormsstað er hann 7,2 m^3/ha/ár eftir fjóra áratugi frá gróðursetningu. Þessi ársvöxtur þætti hvarvetna um norðanverða Skandinavíu mjög góður, þar sem skógrækt er einn helsti atvinnuvegurinn.

3.7.1.3. Hagrænar forsendur.

Kostnaður við ræktun og nýtingu skógar er yfirleitt því minni sem stærri samfelld svæði eru tekin fyrir. Hins vegar geta minni svæði engu að síður verið gott búsílag. Hér á landi er engin leið önnur fær en að taka smá svæði fyrir og reyna eftir föngum að stækka þau, ef árangur ræktunarinnar reynist viðunandi. Eina skógræktarsvæðið á Íslandi nú, þar sem möguleikar eru á reglulega hagkvæmum rekstri í skógrækt (viðarframleiðslu) er Hallormsstaðarsvæðið, en þar eru 2.000 ha af ræktanlegu landi innan einnar girðingar.

3.7.2. Framleiðsla jólatrjáa.

Framleiða má jólatré á tiltölulega litlum landspildum, þar sem skjólsamt er frá náttúrunnar hendi eða með því að koma upp góðum skjólbeltum um þær. Með því móti er áreiðanlega hægt að stunda þá ræktun mun víðar en viðarframleiðsluna.

Af framansögðu er ljóst, að viðarframleiðsla hérlendis verður ekki mikil í náinni framtíð. Hins vegar eru miklar líkur fyrir, að skógbúskapur geti í sumum héruðum orðið arðsöm búgrein, þegar fram líða stundir, og gildi skógræktar til viðarframleiðslu farið vaxandi, ef verðlag á timbri fer verulega hækkandi á komandi tímum.

Vegna þess hve langur tími líður þar til fjárfesting í þessari framleiðslugrein skilar sér, verður henni ekki sinnt nema til komi opinberar fjárveitingar og fyrirgreiðsla í formi lánsfjár, þar til viðarframleiðslan fer að skila tekjum. Hér er því um framtíðarverkefni að ræða.

3.8. Ferðamannaþjónusta.

Nauðsynlegt er að gerð verði athugun á framtíðarmöguleikum þessarar atvinnugreinar sem allra fyrst í samvinnu við samtök bænda, sem vinna að ferðamálum, og yfirvöld ferðamála.

4. RÆKTUN, HEYFENGUR OG FÓÐURIÐNAÐUR.

Landbúnaður á Íslandi grundvallast á grasrækt og nýtingu beitilanda á afrétti og í heimalöndum jarða. Grasræktarskilyrði eru góð og er talið að um 33 þús. km² eða rétt tæpur þriðjungur alls landsins sé ræktanlegur. Þar af munu fara veruleg landflæmi til mannvirkjagerðar ýmiss konar. Til arðgæfrar túnræktar er talið að megi áætla um 15.000 km². Þar af er talið að um 1300 km² sé búið að rækta í dag.

Af þessum tölum sést að aðeins litlum hluta ræktanlegs lands er búið að ráðstafa til ræktunar í dag og möguleikar fyrir aukinni ræktun miklir.

4.1. Ræktun og heyfengur.

Allt frá setningu jarðræktarlaga árið 1923 og einnig fyrir þann tíma hefur megináhersla framkvæmda í landbúnaði verið lögð á jarðræktarframkvæmdir og byggingu áburðar- og heygeymslna. Þess vegna hafa verið veitt framlög af opinberu fé til styrktar þessum framkvæmdum og teknir upp tímabundnir styrkir til að efla fóðurframleiðsluna, sbr. sérstakar styrkveitingar við gerð súgþurrkunar. Það sjónarmið hefur ríkt, að jarðræktarframkvæmdir séu varanlegar umbætur á landinu, sem komi til hagsbóta á næstu áratugum. Þess vegna leggi hið opinbera fram fé til stuðnings þeim á móti því framkvæmdafé, sem bændur ráðstafa til þessa.

Eftirfarandi tölur sýna nýræktun, endurvinnslu túna og ræktun grænfóðurs á seinni árum og heyfeng sömu ár. Ræktunin er talin í ha, en heyfengurinn í þúsundum m³:

Ár	Nýræktun	Endurræktun	Grænfóður	Heyfengur
1960	3696	96	44	3541
1970	3248	856	3460	2293
1975	2996	627	3560	3481
1976	3193	451	3976	3740
1977	2807	450	4768	3897
1978	2895	594	4789	3630
1979	2324	510	4500	3153
1980	2534	680	3956	3879
1981 [1]	1942	1520	4772	

Af heyi eru um 90% sett í þurrhey og 10% í vothey.

1) Bráðabirgðatölur.

Svo sem tölurnar bera með sér, eru allmiklar sveiflur í magni heyja milli ára og einnig er fóðurgildi þeirra breytilegt eftir árum. Mjög oft er fóðurgildi heyjanna lélegt þegar magn þeirra er lítið, þannig að munur uppskeru mælt í fóðurgildi er jafnvel enn meiri en fyrrnefndar tölur sýna. Gera má ráð fyrir að í lökustu árum geti heyforðinn orðið einungis $^2/_3$ hlutar þess sem fæst í góðæri, sbr. fyrrnefndar tölur.

4.2. Fóðuriðnaður — innflutningur fóðurs.

Til viðbótar heyfóðri kemur framleiðsla á eggjahvíturíku fóðri s. s. fiskimjöli hvers konar og grasmjöli og grasköggum.

Framleiðsla á grasmjöli hófst árið 1961 í einni verksmiðju. Framleiðsla fer í dag fram í fimm verksmiðjum og er mestmegnis um framleiðslu á grasköggum að ræða. Framleiðsla á grasmjöli, grasköggum og graskökum hefur verið þessi frá því árið 1976:

Árið 1976	8 297 tonn
Árið 1977	8 714 tonn
Árið 1978	11 410 tonn
Árið 1979	9 881 tonn
Árið 1980	13 198 tonn

Árið 1980 skiluðu verksmiðjurnar hámarksafköstum. Uppskera var góð og sláttur hófst snemma. Sumarið var sæmilega þurrkasamt. Votviðri, sein spretta og stutt sumar dregur úr afköstum verksmiðjanna og gerir framleiðsluna dýrari.

Framleiðsla á korni hefur verið lítils háttar eða frá 4 tonnum af byggi upp í tæp 30 tonn.

Fóðuröflun fyrir nautgripi, sauðfé og hross hefur skipst þannig undanfarin ár, að meginhluti fóðursins hefur fengist af heyöflun, sbr. eftirfarandi tölur um skiptingu fóðuröflunar eftir fjölda fóðureininga s. l. fimm ár frá 1. júlí til 30. júní árið eftir. Tölurnar sýna milljónir fóðureininga fyrir hvern flokk.

Ár	Heyfóður	Innlent fóður, annað	Innflutt kjarnfóður	Fóður alls
1976/77	189,3	12,3	55,7	257,3
1977/78	226,4	10,5	61,8	298,6
1978/79	208,2	15,3	63,5	287,0
1979/80	187,9	15,7	63,0	266,0
1980/81		16,3	40,3	

Árið 1980 varð mikill samdráttur í notkun á innfluttu fóðri til nautgripa- og sauðfjárræktar vegna álagningar kjarnfóðurgjalds. Þessi samdráttur, sem er tæplega 30%, varð til þess að mjólkurframleiðsla og framleiðsla á kindakjöti minnkaði og færðist nær þörfum innanlandsmarkaðarins.

Auk þess fóðurmagns er að framan greinir, er áætlað að 14½ millj. fóðureininga fari til alifuglaræktunar og 5½ millj. fóðureininga til svínaræktar.

Sé meðtalið það magn fóðurs, sem búpeningurinn aflar með beit, má áætla fóðurnotkun búgreinanna þannig:

Nautgripir ..... um 130 millj. fóðureiningar
Sauðfé ..... um 330 millj. fóðureiningar
Hross ..... um 70 millj. fóðureiningar
Alifuglar og svín ..... um 20 millj. fóðureiningar

Af því nemur innflutt fóður um 13% s. l. fimm ár eða um 70 þús. tonnum á ári.

4.3. Fóðurframleiðsla og fóðuriðnaður á næstu árum.

Helstu atriði sem leggja þarf áherslu á næstu ár eru eftirfarandi.

1. Lögð verði aukin áhersla á bætta heyverkun, varðveislu garðávaxta, endurræktun túna, uppgröft eldri skurða og skjólbeltarækt.
2. Jarðræktarframlög verði á líkan hátt og áður til bænda, þó þannig að greiðsla framlags til einstakra jarða sé í samræmi við búskaparhæfni jarðarinnar. Jarðræktarframlög verði ekki veitt til annarra framkvæmda en búskapar og innan þeirra marka sem gilda um stofnlánaveitingu.
3. Opinber framlög til landbúnaðarins skv. jarðræktarlögum haldist a. m. k. í sama verðgildi út þennan áratug og var í byrjun hans. Það fjármagn sem kann að verða umfram lögboðin framlög til einstakra framkvæmda verði notað til að framkvæma stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum að því marki sem það dugar til. Höfð verði í huga nauðsyn nýrra atvinnutækifæra í sveitum með nýjum búgreinum eða á annan hátt, til að auka tekjumöguleika sveitafólks án framleiðslu afurða sem mjög takmarkaður markaður er fyrir.
4. Fóðuriðnaður verði efldur með það í huga að flytja inn sem allra minnst af erlendu kjarnfóðri, e. t. v. einungis vegna svína- og alifuglaræktar. Lögð verði megináhersla á nýtingu innlendrar orku í fóðuriðnaði og auknar tilraunir á því sviði. Nauðsynlegt er að

hamla gegn óhóflegum innflutningi á kjarnfóðri, sem oft er boðið á niðurgreiddu verði, og að auka rannsóknir á þýðingu og hollustu grasköggla og fræðslu um notkun þeirra til fóðrunar í stað innflutts korns. Kannaðir verði til hlítar möguleikar á kornrækt hérlendis og hagkvæmni kornræktar samanborið við grasrækt.

5. FRAMLEIÐSLA HRÁEFNIS TIL IÐNAÐAR.

Iðnaður úr landbúnaðarvörum hefur haft vaxandi þýðingu á undanförnum árum. Mjólkur- og kjötiðnaður hefur enn sem komið er að mestu byggt á innlendum markaði. Líkur eru fyrir að svo verði áfram a. m. k. hvað mjólkuriðnaðinn áhrærir. Öðru máli gegnir með ullar- og skinnaiðnaðinn.

5.1. Ullariðnaður.

Á s. l. áratug hefur orðið mjög mikil aukning í framleiðslu á fullunnum ullarfatnaði og öðrum ullarvörum. Árið 1980 varð ullarvöruútflutningurinn 1,2% af heildarvöruútflutningi, en árið 1981 þrefalt meiri eða 3,6%.

Árlega mun innvegið ullarmagn nema um 1500—1600 tonnum. Þar af er ull af vetrarrúnu fé um 50%. Gera má ráð fyrir, að vetrarrúningur aukist nokkuð á næstu árum. Það leiðir af sér betri ull og betri skil á þeirri ull, sem fjárstofninn getur gefið. Sértakt átak þarf að gera til þess að bæta meðferð ullarinnar. Ef sauðfjárbúskapur í landinu drægist saman, þannig að kjötframleiðslan yrði í samræmi við innanlandsneysluna, má ætla að ullarframleiðslan minnkaði um 25—30% eða niður í 1100—1200 tonn. Þessi samdráttur myndi hafa neikvæð áhrif fyrir ullariðnaðinn og útflutning iðnaðarvara, þar sem erlend ull getur ekki nema að takmörkuðu leyti komið í stað íslensku ullarinnar.

Mannafli sem nú vinnur að ullariðnaði hvers konar, bæði í verksmiðjum, prjóna- og saumastofum og við framleiðslu á handunnum fatnaði, er um 0,7% alls mannafla eða um 700 ársverk. Þessi atvinna er dreifð um landið, ekki síður í dreifbýli en þéttbýli. Miklu skiptir í þessu sambandi að tekist hefur að framleiða og finna markað fyrir íslenskar ullarvörur, sem gefur mjög hátt verð fyrir gæði hráefnisins og framleiðslunnar. Þeir markaðir, sem unnist hafa með mikilli vinnu og fjármunum til auglýsingastarfsemi, myndu tapast við samdrátt framleiðslunnar svo og það fé, sem til þeirra hefur verið kostað.

5.2. Skinnaiðnaður.

Skinnaiðnaður er skemmra á veg kominn en ullariðnaðurinn, þó svo að íslenskar dilkagærur séu með besta hráefni til mokkaskinnaframleiðslu sem til er í Evrópu. Einungis gærur af spænskum lömbum eru taldar betri. Vegna þessa hafa íslenskar dilkagærur selst á háu verði, hvort sem þær hafa verið seldar óunnar, forsútaðar eða sem mokkagærur.

Eftirfarandi tölur gefa mynd af þeim úrvinnslumöguleikum sem felast í sútun og fataframleiðslu úr gærum af íslensku fé miðað við þann fjárfjölda sem nú er í landinu. Miðað er við verðlag í byrjun þessa árs.

Úrvinnslumöguleikar á gærum:

1. Framleiðsla alls á gærum	920 þús. stk.	
2. Verðmæti frá sláturhúsi	62,6 millj. kr.	
3. Verðmæti alls eftir forsútun	114,3 millj. kr.	
Verðmætisaukning		51,7 m. kr.
4. Verðmæti alls eftir fullsútun	188,6 millj. kr.	
Verðmætisaukning		74,3 m. kr.
5. Verðmæti alls fullunnið í flíkur	473,8 millj. kr.	
Verðmætisaukning		285,2 m. kr.

Starfsmöguleikar við að fullvinna gærur í flíkur yrðu um 1000 ársverk, sem skiptast þannig að 540 ársverk eru við að fullsúta gærurnar og 460 eru við að vinna flíkur úr skinnum. Störf við stjórnun eru hér meðtalin.

Núna eru um 195 manns við að súta gærurnar og 35 manns við að vinna flíkur úr þeim, alls um 230 manns í skinnaiðnaði. Með því að fullnýta í flíkur gæruframleiðsluna í landinu mætti fjölga atvinnutækifærum um 770 ársverk eða sem svarar tæplega 1% af heildarársverkum í þjóðfélaginu.

6. TEKJU- OG FÉLAGSMÁL BÆNDA.

Verðlagsmál, skipulagsmál og félagsmál bændastéttarinnar verða einungis leyst á félagslegum grundvelli með þeirri íhlutun löggjafans, sem nauðsynleg telst hverju sinni.

6.1. Verðlagning búvöru og tekjur bænda.

Með framleiðsluráðslögunum 1947 var það markmið sett að tekjur bænda skyldu vera hliðstæðar tekjum verkamanna og iðnaðarmanna. Misjafnlega hefur gengið að ná þessu markmiði, enda er árangurinn háður þróun markaðsmála á hverjum tíma og efnahagslegum aðstæðum.

Lagt er til að áfram verði stefnt að sama marki varðandi tekjur bænda, þ. e. að þær séu svipaðar því sem sambærilegar stéttir hafa. Því verði áfram unnið að verðlagningu búvara á grundvelli framleiðsluráðslaga, en stefnt að beinni þátttöku ríkisvaldsins í samningagerð. Í verðlagssamningum verði m. a. fjallað um fjárhagslega fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins, umbætur á félagslegri stöðu, stuðning við hagræðingu, aðgerðir í markaðsmálum o. fl. sem auðveldað gæti að ná því tekjumarkmiði sem stefnt er að, án beinna verðhækkana á búvöru. Einnig um önnur þau atriði sem snerta framkvæmd stefnumörkunarinnar, sem verðlagning búvörunnar getur haft áhrif á. Þar á meðal er verðlagning iðnaðarhráefnis, ullar og gæra, nýting sláturúrgangs, mismunandi breyting á verði einstakra vara með hliðsjón af framleiðslu og markaðsþróun o. fl.

Til frekari tryggingar tekjumarkmiðinu verði bændum áfram veitt verðtrygging vegna nauðsynlegs útflutnings búvara. Þótt stefnt sé að því að mjólkurframleiðslan verði sem næst innanlandsþörf, er óhjákvæmilegt að um einhvern útflutning á mjólkurvörum verði að ræða í flestum árum.

Útflutningur sauðfjárafurða er enn óhjákvæmileg afleiðing þeirra byggðamarkmiða sem sett hafa verið og vegna ullar- og skinnaiðnaðarins. Lagt er til að útflutningsbótarétturinn verði áfram að hámarki 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar og stjórnunaraðgerðum beitt til að halda framleiðslunni innan þeirra marka m. v. aðstæður á hverjum tíma. Heimilað verði að ráðstafa hluta útflutningsbótafjárins til markaðsaðgerða innanlands, til niðurgreiðslu á framleiðslukostnaði og til beinna greiðslna til bænda ef henta þykir.

Til að tryggja enn frekar, að tekjumarkmið landbúnaðarstefnunnar náist, eru ýmsar umbætur í markaðs- og sölumálum nauðsynlegar. Nauðsynlegt er m. a. að heimila meiri sveigjanleika í verðlagningu búvara svo hagræða megi verði þeirra eftir markaðsaðstæðum. Ætti það að vera til hags jafnt fyrir framleiðendur og neytendur.

Auk þeirra atriða, sem að framan getur og mikilvæg eru með tilliti til tekjumöguleika bænda, má nefna stefnuna í lánamálum landbúnaðarins, stofnlána og afurða- og rekstrarlána. Áhersla er á það lögð, að bændur geti fengið afurðir sínar greiddar sem fyrst.

6.2. Félagsleg aðstaða og þjónusta.

Það, sem e. t. v. ræður mestu um hvar fólk velur sér búsetu, er sú félagslega aðstaða og þjónusta, sem í boði er á hverjum stað. Aðstaða þegnanna í þessu tilliti er ákaflega misjöfn, sem ekki er óeðlilegt í stóru og strjálbýlu landi. Óhætt er að fullyrða, að fáir munu verr settir í þessu tilliti en bændur almennt. Í þeim hópi eru þó búfjárbændur lakast settir og hafa í

flestum tilfellum hvorki aðstöðu til að njóta reglulegra frídaga né fara í orlof. Dýrin þurfa sína umhirðu á hverju sem gengur.

Árið 1979 voru samþykkt lög um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Með þeim lögum er bændum og húsfreyjum í sveitum tryggð aðstoð, ef veikindi eða slys ber að höndum. Lög þessi eru ennþá aðeins að hluta komin til framkvæmda, en ljóst er, að í þeim er mjög mikil framför. Orlofsmál búvöruframleiðenda eru þó enn óleyst. Brýnt er að koma upp afleysingaþjónustu fyrir bændur, svo þeir geti notið orlofs og reglulegra frídaga.

Ófullnægjandi heilbrigðisþjónusta og erfiðar samgöngur eru annar þáttur, sem mjög er brýnt að bætt verði úr. Stefna þarf að því að sem flestum heimilum í landinu verði á næstu árum tryggður sjálfvirkur sími.

Aðstaða til náms er enn einn þáttur þessa mismunar. Víða þurfa foreldrar að sjá af börnum sínum ungum að heiman til dvalar í heimavistarskóla. Á þetta jafnvel við um neðstu bekki skyldunámsins. Augljóst er hvaða erfiðleika það skapar. Mörg fleiri atriði mætti nefna, s. s. hátt orkuverð, ófullkomnari verslunarþjónustu, slæm hlustunarskilyrði hljóðvarps og sjónvarps o. fl.

Þau atriði, sem hér hafa verið rakin, önnur en orlofsmálin, snerta að sjálfsögðu marga fleiri en búvöruframleiðendur, þar sem þau eiga einnig við um marga minni þéttbýlisstaði. Hins vegar eru þau e. t. v. enn tilfinnanlegri fyrir fólk í sveitum, þar sem bæði kemur til binding vegna umhirðu búfjárins og oft á tíðum einangrun og þar af leiðandi lítið félagslíf. Á það skal bent, að margir telja, að starfi bóndans fylgi ýmsir kostir, sem íbúar í borgum og bæjum fari á mis við. Má þar m. a. benda á frjálsari vinnutíma, kosti þess að vera sjálfs sín húsbóndi, heilnæmt umhverfi o. s. frv. Þessar ábendingar eiga vissulega við mörg rök að styðjast, þótt þessir kostir sveitalífsins vegi tæpast upp á móti þeim annmörkum, sem að framan getur, ef margir fara saman.

Ef ekki verða verulegar umbætur á félagslegri stöðu bænda og skylduliðs þeirra á næstu árum, er hætt við að ekki verði sú endurnýjun í stéttinni, sem nauðsynleg er. Dugmikið ungt fólk mun þá fremur velja sér önnur störf, sem betri aðstöðu bjóða, meðalaldur í stéttinni hækkar og mun það með tímanum leiða til lakari afkasta og minni framleiðni í landbúnaðinum.

7. LANDNÝTING OG VERNDUN LANDSGÆÐA.

Úthagi, afréttir og heimalönd eru einkum nýtt fyrir sauðfjár- og hrossabeit. Þó gengur sauðfé mikið á ræktuðu landi, einkum vor og haust. Mjög hefur dregið úr hrossabeit á afrétti, og verulegur hluti fjárins gengur í heimalöndum á láglendi sumarlangt, þó mismunandi eftir sveitum, en sum sveitarfélög eiga ekki afrétti. Vetrarbeit hefur farið minnkandi, og er hún víða lítið sem ekkert notuð fyrir sauðfé. Allvíða er vetrarbeit notuð fyrir hross, en þó er jafnan gefið töluvert með.

Að sumra áliti eru afréttarlönd og jafnvel heimalönd fullnýtt og á sumum svæðum of mikið beitarálag, einkum þegar árferði er slæmt. Mest er ofbeitarhættan á eldfjallasvæðunum, en víða á þeim hefur orðið tiltölulega mikil fjölgun búfjár síðustu árin. Ýmsum aðgerðum hefur verið beitt (í samræmi við lög um afréttarmálefni og landgræðslu) til að draga úr beitarálagi, t. d. með styttingu beitartíma og takmörkunum eða banni á upprekstri hrossa í afrétti, en ítölu hefur aðeins verið beitt í fáeinum tilvikum til þessa. Auk þess hefur verið unnið að ýmiss konar landgræðsluframkvæmdum, yfirleitt með góðum árangri, sem hafa leitt til jafnari dreifingar fjárins og dregið úr ofbeitarhættu á viðkomandi svæðum.

Skilningur fer vaxandi á nauðsyn þess að varðveita landsgæði og vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs. Hafa víða verið unnin stórvirki á undanförnum áratugum við uppgræðslu gróðursnauðs eða örfoka lands. Í þessu sambandi þarf m. a. að huga vel að beitarmálum í landinu og nýta alla tiltæka þekkingu við að bæta skipan þeirra.

Þarf m. a. að ljúka gerð gróður- og jarðakorta af landinu öllu svo og skráningu landamerkja allra jarða. Jarðakort vantar enn af flestum héruðum landsins.

Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur að byggjast mjög á því, að beitargróður verði hóflega nýttur, hvar sem er á landinu. Viðhald hinna dreifðu byggða stuðlar að betri dreifingu beitarfénaðar og sem jafnastri nýtingu landsins alls. Taka þarf sérstakt tillit til landsstærðar og landsgæða á einstökum býlum, svo og í einstökum sveitum og landshlutum, við mörkun nýrrar framleiðslustefnu í landbúnaði. Því þarf sem best samræmi að vera á milli vals á búgreinum og uppbyggingar á hverri jörð annars vegar og hins vegar þeirra landsgæða, sem jörðin hefur yfir að ráða, hvort sem um er að ræða ræktunarland, beit í heimalöndum eða afréttarnot. Leggja ber sérstaka áherslu á það samhengi, sem þarf að vera á milli landnýtingar og fjárfestingar í byggingum, vélum og bústofni. Til þess er nauðsynleg öflun upplýsinga um búskapar- eða framleiðsluhæfni jarða með tilliti til hinna ýmsu búgreina. Því eru augljós tengsl skynsamlegrar og hóflegrar landnýtingar, hvort sem er til beitar eða annarra þarfa, og gerðar búrekstraráætlana. Móta þarf ákveðnari reglur um veitingu styrkja og lána til uppbyggingar og endurbóta á jörðum og búa þannig um, að ákveðnum skilyrðum um landkosti sé ætíð fullnægt, áður en fjárfestingarsjóðir veita fyrirgreiðslu sína. Því er frumskilyrði að fyrir liggi úttekt á búskaparhæfni einstakra jarða.

Verði samdráttur í hefðbundinni búvöruframleiðslu, t. d. vegna fækkunar sauðfjár, verður rýmra í högum. Engu að síður þarf að komast ákveðin og markviss langtímaskipan á nýtingu beitilanda. Slíkt skipulag gæti reyndar orðið þáttur í mótun nýrrar framleiðslustefnu, en þess skal gætt, að sem best samræmi verði á milli þarfa landbúnaðar annars vegar og almennra landverndar- og náttúruverndarsjónarmiða hins vegar.

Árið 1974 var samþykkt landgræðsluáætlun til fjögurra ára og til hennar var veitt fé á fjárlögum í tilefni af 1100 ára búsetu í landinu. Áætlunin var m. a. byggð á víðtækum fyrirspurnum um ástand gróðurlanda og gróðurnýtingu. Á grundvelli áætlunarinnar hefur verið unnið mikið starf við uppgræðslu örfoka lands, rannsóknir og gróðurvernd. Nú liggur fyrir Alþingi tillaga að landgræðsluáætlun fyrir árin 1982—1986, sem tryggir framhald á þessu starfi ef samþykkt verður.

Við skipulagningu þéttbýlis og mannvirkja, s. s. vega, þarf að gæta fyllstu hagkvæmni og forðast svo sem unnt er að ákjósanlegt landbúnaðarland fari til spillis. Ýmsum kann að þykja óþarft að vera með slíkar viðvaranir hér á landi, þar sem landrými er nægt, en benda má á að víða í löndum Evrópu og í Bandaríkjunum hafa menn nú áhyggjur af því að sumt af besta akurlendinu er að hverfa undir borgir og annað þéttbýli. Ráðstöfun lands og náttúrugæða getur haft langvarandi áhrif sé rangt að farið og kostnaðarsamt og jafnvel ómögulegt úr að bæta.

8. BÚSETA OG BYGGÐAÞRÓUN.

Búseta í sveitum landsins byggist fyrst og fremst á framleiðslu búvara. Snöggar breytingar í framleiðslu- og atvinnuháttum í strjálbýli geta valdið verulegri búseturöskun. Samdráttur í búvöruframleiðslunni gæti því haft óæskilegar afleiðingar á sviði atvinnu- og byggðamála.

8.1. Fækkun í sveitum við samdrátt í búvöruframleiðslu.

Talið er að um 4 300 bændur stundi búvöruframleiðslu, þar af um 4 000 nær eingöngu nautgripa- og sauðfjárrækt en um 300 framleiðslu annarra búvara. Alls eru talin um 7 300 ársverk í landbúnaði eða tæp 7% alls vinnuafls.

Með hliðsjón af áður framkomnum tölum um samdrátt í framleiðslu nautgripa- og sauðfjárafurða, ef einungis yrði framleitt nægjanlegt magn fyrir innlendan markað, mætti ætla að fækka myndi um 1/5 hluta ársverka við nautgripa- og sauðfjárrækt eða um 1 300

ársverk. Þessi samdráttur myndi væntanlega orsaka fækkun á nautgriparæktar- og sauðfjárjörðum um 1/5 hluta, eða 800, og þær fjölskyldur, sem þar misstu framfæri sitt, yrðu að leita annarrar atvinnu og nýrrar búsetu.

Búsetan er misjafnlega traust í einstökum héruðum, sveitum og jafnvel sveitahlutum. Áhrif samdráttar í búvöruframleiðslunni geta því verið misafdrifarík, allt eftir stöðu viðkomandi byggða. Búrekstraraðstaðan á einstökum býlum skiptir því miklu máli í þessu sambandi.

Miklu máli skiptir, hvernig ástatt er með rekstrarbyggingar í sveitum og hvernig framleiðslan skiptist á milli þeirra, sem búa við góða og/eða sæmilega aðstöðu á því sviði, þannig að fjárfesting í rekstrarbyggingum er ekki aðkallandi, og hinna sem búa við lélegar byggingar, sem nauðsynlega þarf að endurnýja á allra næstu árum eða verið er að endurnýja. Á þeim býlum eru minnstu búin og mikill minnihluti framleiðslunnar.

Samkvæmt spjaldskrá Stéttarsambands bænda voru á árinu 1978 4 029 lögbýli, þar sem aðalframfæri ábúanda var af sauðfjár- eða nautgriparækt og skiptust þau í stærðarflokka þannig:

1— 100 ærgildi	213 býli
101— 200 ærgildi	593 býli
201— 300 ærgildi	646 býli
301— 400 ærgildi	710 býli
401— 500 ærgildi	607 býli
501— 600 ærgildi	416 býli
601— 700 ærgildi	294 býli
701— 800 ærgildi	205 býli
801— 900 ærgildi	135 býli
901—1000 ærgildi	92 býli
1001—1100 ærgildi	51 býli
1101—1200 ærgildi	22 býli
1200 ærgildi	45 býli

Ef þannig færi að minnstu búin féllu út þegar þrengdi að framleiðslumöguleikum bændanna, er ljóst af framangreindum tölum að fækkun býla í sveitum gæti orðið tvöfalt meiri hlutfallslega en samdrætti í framleiðslunni nemur, nema því aðeins að opnist möguleikar til umþóttunar í búskapnum með því að taka upp hliðarbúgreinar svo sem loðdýrarækt eða fiskrækt.

Eins og ástatt er í dag, þola sumar sveitir ekki neina fækkun setinna jarða. Grisjun byggðar við slíkar aðstæður leiðir af sér að öll byggð leggst niður á viðkomandi svæðum. Jafnhliða því eyðileggjast verðmæti, sem myndu nýtast ef búsetan raskaðist ekki. Eyðilegging slíkra verðmæta, samhliða gífurlegum kostnaði við uppbyggingu nýrra dvalarstaða og möguleika til annarrar atvinnu leiðir af sér verulegan fjárhagsvanda fyrir þjóðarheildina.

Áríðandi er að kanna, hvernig ástatt er með rekstrarbyggingar og íbúðarhús í sveitum landsins, til að fá yfirlit um hvaða afleiðingar stöðnun í uppbyggingu í landbúnaði og samdráttur í búvöruframleiðslunni gæti haft í einstökum sveitarfélögum.

Þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana, til þess að viðhalda eða efla byggð á tilteknum svæðum, verður að líta á það sem hlutverk þjóðarheildarinnar. Því verður fjármögnun til þeirra hluta að koma í gegnum fjárlög og/eða frá Byggðasjóði.

Að gerðri áðurnefndri könnun verður auðveldara að marka heildarstefnu á sviði fjárfestingar í landbúnaði og annarra þeirra þátta, sem styrkt geta byggðina og viðhaldið henni að því marki sem hagkvæmt telst. Þessa fjárfestingarstefnu þarf að marka til eins langs tíma og fært þykir. Frumkvæði að og yfirstjórn með mótun hennar ætti að vera í höndum landbúnaðarráðherra, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggðasjóðs og bændasamtakanna.

Fjárfestingarstefnan miði að framleiðslustjórnun í eins ríkum mæli og fært þykir, þar sem ætla má, að þar sé að finna eitt besta stjórntækið á því sviði, bæði varðandi nýja fjárfestingu vegna þeirra búgreina, sem nú eru stundaðar, nýrra búgreina og annarra atvinnutækifæra, sem búsetan gæti byggst á.

Ætla má að einhver hluti þeirra jarða, sem nú eru setnar, falli úr ábúð af ýmsum ástæðum, t. d. vegna aldurs ábúenda. Slíkt þarf þó að meta í einstökum tilvikum m. a. með hliðsjón af stöðu viðkomandi byggðarlags. Því verður að gera ráð fyrir að efla þurfi Jarðasjóð ríkisins, til þess að hann geti keypt þessar jarðir eða lánað sveitarfélögum fé til kaupanna, ef slíkt þætti eðlilegra, og þannig gert þeim kleift að nota forkaupsrétt sinn. Jafnframt getur þurft að veita því fólki, sem þar hefur búið, fjárhagsstuðning til þess að koma sér fyrir annars staðar.

Á síðustu árum hafa skapast mjög miklir erfiðleikar á útflutningi búvara og þeir markaðir, sem hvað mestar vonir eru bundnar við, bæði hvað snertir útflutning á ostum og dilkakjöti, hafa lokast að verulegu leyti. Þessum vanda hefur m. a. verið mætt með samdrætti í mjólkurframleiðslu til samræmis við sölu mjólkur og mjólkurafurða á innlendum markaði. Þessi samdráttur hefur átt sér stað með þeim hætti, að bændur hafa ýmist dregið úr mjólkurframleiðslu á búum sínum eða hætt henni með öllu.

Jafnhliða því sem bændur hafa dregið úr mjólkurframleiðslu, hafa sumir þeirra, einkum þeir sem hættu henni, stefnt að því að auka sauðfjárframleiðslu í trausti þess að unnt reyndist að flytja út sauðfjárafurðir með viðunandi hætti. Auk þess er búsetan í mörgum sveitum grundvölluð eingöngu á sauðfjárframleiðslu og þar er að finna flesta þá bændur, sem erfiðast eiga með að taka á sig verðskerðingu búvöruframleiðslunnar eða minnkun búanna.

Samdráttur í sauðfjárframleiðslunni er því mun erfiðari í framkvæmd og getur haft langtum víðtækari afleiðingar byggðalega séð en samdráttur í mjólkurframleiðslunni. Eigi að viðhalda byggð með líkum hætti og nú er, verða því að koma til nýjar búgreinar og/eða önnur atvinnutækifæri jafnhliða samdrætti í sauðfjárframleiðslu.

9. BÚNAÐARFRÆÐSLA, RANNSÓKNASTARFSEMI OG LEIÐBEININGAÞJÓNUSTA.

9.1. Búnaðarfræðsla.

Bændaskólarnir á Hólum og Hvanneyri hafa starfað um langt árabil. Hólaskóli var stofnaður árið 1882 og á því aldarafmæli á þessu ári. Hvanneyrarskólinn er stofnaður árið 1889. Starfstími þessara skóla er því svipaður. Áður starfaði búnaðarskólinn í Ólafsdal og um tíma var búfræðikennsla á Eiðum. Þá er starfandi Garðyrkjuskóli ríkisins í Hveragerði, en hann tók til starfa árið 1939.

Fullyrða má, að þessar fræðslustofnanir á sviði landbúnaðarins hafa haft geysimikla þýðingu fyrir alla framþróun í landbúnaði og hafa enn. Landbúnaður er mjög fjölþætt atvinnugrein. Hann byggist á margþættum samskiptum manna við landið, búfénað og það samfélag, sem við búum í. Það skiptir því miklu, að fræðsla á sviði landbúnaðarins sé virk. Til þess að svo megi verða, þurfa bændaskólarnir að vera vel í stakk búnir, bæði hvað alla aðstöðu snertir og starfslið, til þess að geta gegnt því forystuhlutverki, sem þeim er ætlað á sviði fræðslumála í þágu landbúnaðarins.

Sú öra þróun, sem verið hefur í landbúnaðinum á undanförnum árum og enn á sér stað, bæði faglega og tæknilega séð, krefst þess að þessar fræðslustofnanir séu í stöðugri uppbyggingu. Vegna þeirra aðstæðna, sem nú hafa skapast í markaðsmálum landbúnaðarins, og nauðsynjar þess að taka upp nýjar, áður lítt reyndar búgreinar hérlendis, er þessi þörf enn brýnni en áður, til þess að unnt verði að veita nauðsynlega kennslu í þessum nýju búgreinum og koma þannig í veg fyrir mistök, sem rekja má til of lítillar þekkingar. Því verður að efla bændaskólana og garðyrkjuskólann til samræmis við þær kröfur, sem til þeirra verður að gera, og það hlutverk, sem þeim er ætlað.

Árið 1947 hófst framhaldsnám í búfræði við Bændaskólann á Hvanneyri. Þetta nám hefur þróast þannig, að á Hvanneyri er starfandi búvísindadeild, sem gegnt hefur mjög

veigamiklu hlutverki í framhaldsmenntun á sviði búvísinda hin síðari ár. Þetta nám þarf enn að efla og gera það fjölþættara til samræmis við breytta aðstöðu í landbúnaðinum.

9.2. Rannsókna- og tilraunastarfsemi.

Að rannsókna- og tilraunastarfsemi er nú unnið á Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti, tilraunastöðvum í einstökum landsfjórðungum, bændaskólunum og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þá gegnir Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum þýðingarmiklu hlutverki á sviði rannsókna varðandi búfjársjúkdóma og lyfjaframleiðslu. Veiðimálastofnun vinnur að rannsóknum og tilraunum með fiskrækt og veiðimál almennt.

Allar þessar stofnanir gegna þýðingarmiklu hlutverki í þágu landbúnaðarins og skapa í mörgum tilvikum undirstöðu undir þeirri þróun og þeim framförum, sem orðið hafa í þessari atvinnugrein. Þess ber að gæta, að landbúnaður hérlendis hefur sérstöðu á mörgum sviðum miðað við landbúnað annarra þjóða. Það veldur m. a. því, að við getum ekki hagnýtt okkur erlendar rannsókna- og tilraunaniðurstöður í eins ríkum mæli og ætla mætti. Sérstaklega gildir þetta á sviði jarðræktar, fóðuröflunar og fóðrunar búfjár við hérlendar aðstæður með innlendu fóðri. Því verður enn að efla þessa starfsemi hér og beina henni að þeim verkefnum, sem mest kalla að hverju sinni. Sérstaka áherslu þarf að leggja á uppbyggingu tilraunastöðvanna, efla þær að starfsliði og auka tengsl þeirra við búnaðarsamtökin í hinum einstöku landsfjórðungum, m. a. með því að þau gerist aðilar að og taki ábyrgð á rekstri stöðvanna. Þá er áríðandi að auka rannsóknir á sviði fiskræktar og fiskeldis, þannig að svarað verði mörgum þeim spurningum, sem upp koma, þegar fyrirhugað er að stórefla þessa búgrein.

9.3. Leiðbeiningaþjónusta.

Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamtökin annast framkvæmd leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Hjá Búnaðarfélagi Íslands starfa ráðunautar hver á sínu sérsviði, s. s. jarðrækt, sauðfjárrækt, nautgriparækt o. s. frv. Þessa starfsemi búnaðarfélagsins þarf að efla verulega á sviði nýrra búgreina s. s. loðdýraræktar, garðræktar, fiskræktar, hagfræði o. fl. Þá er áríðandi að efla leiðbeiningar á sviði fóðurfræði, sérstaklega er tekur til innlendra fóðurefna og ræktunar á þeim.

Hjá búnaðarsamböndunum starfa héraðsráðunautar, sem annast leiðbeiningar í landbúnaði hjá einstökum bændum. Þeir ásamt ráðunautum Búnaðarfélags Íslands koma á framfæri og kynna nýjustu niðurstöður rannsókna og tilraunastarfseminnar og reyna að aðhæfa þær breytilegum aðstæðum úti á meðal bænda. Jafnframt safna þeir upplýsingum um reynslu manna af ýmsum þáttum landbúnaðarins, en hinar mjög svo breytilegu aðstæður, bæði hvað snertir jarðveg, veðurfar o. fl., leiða það af sér að mikil þörf er fyrir staðbundnar leiðbeiningar og að misjafnlega þarf að bregðast við á einstökum stöðum, allt eftir ríkjandi aðstæðum. Leiðbeiningar í slíku formi verða því tímafrekar og oft fremur dýrar í framkvæmd, en hjá þeim verður ekki komist.

Auk þess að sinna faglegum og hagfræðilegum leiðbeiningum, fer Búnaðarfélag Íslands í samvinnu við búnaðarsamböndin með framkvæmd þýðingarmikilla lagabálka, s. s. jarðræktar- og búfjárræktarlaga, í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Þá sinna búnaðarsamböndin margvíslegum verkefnum á sviði félags- og framleiðslumála landbúnaðarins. Þessi störf krefjast mjög mikillar vinnu, ekki hvað síst við þær aðstæður sem nú ríkja. Því verður ekki undan því vikist að efla starfsemi Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna til þess að tryggja sem best faglegar leiðbeiningar í landbúnaði og samræmd vinnubrögð á sviði skipulags- og félagsmála þessa atvinnuvegar.

Fylgiskjal.

Formáli.

Með bréfi, dagsettu 28.09. 1979, skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrímur Hermannsson, nefnd til þess að vinna að verkefni sem fólst í eftirfarandi þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á Alþingi 15. maí 1979:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvað stór hluti þjóðarinnar hefur atvinnu af framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu í sambandi við hana, enn fremur hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum.

Nú þegar verði gerð um þetta áætlun, sem byggist á þeim gögnum, er fyrir hendi eru, og því verki hraðað svo að sú áætlun liggi fyrir á komandi vori. Síðan verði verkinu haldið áfram með ítarlegri könnun, þannig að traustar heimildir fáist um gildi þessa mikilvæga þáttar þjóðarbúskaparins."

Í nefndina voru skipaðir:

Ingi Tryggvason, fyrrverandi alþingismaður, formaður, Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, Gamalíel Sveinsson, viðskiptafræðingur, Þjóðhagsstofnun, Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri, landbúnaðarráðuneytinu.

Þann 23. apríl 1980 ákvað landbúnaðarráðherra, Pálmi Jónsson, að þessi könnun nái einnig „til þess að meta þjóðhagslegt gildi þeirrar landbúnaðarframleiðslu, sem er umfram innanlandsþarfir og hvaða áhrif það hefði fyrir þjóðfélagið í heild, ef sá hluti framleiðslunnar félli niður."

Jafnframt skipaði ráðherra til viðbótar í nefndina Bjarna Braga Jónsson, hagfræðing Seðlabankans, Ketil A. Hannesson, hagfræðiráðunaut Búnaðarfélags Íslands og Guðmund Jónsson, formann Landssambands iðnverkafólks. Sá síðastnefndi baðst undan störfum í nefndinni.

Nefndin lítur á meðfylgjandi skýrslu sem fyrsta áfanga starfsins. Í henni er einkum gerð grein fyrir vinnuaflsnotkun í frumframleiðslu í landbúnaði.

Nefndin hefur haldið 26 fundi. Síðustu mánuði hefur starfað með henni Baldur Kristjánsson, þjóðfélagsfræðingur.

Reykjavík, 1. sept. 1981.

Virðingarfyllst,

Ingi Tryggvason.	Árni Jónasson.	Bjarni Bragi Jónsson.
Gamalíel Sveinsson.	Guðmundur Sigþórsson.	Ketill A. Hannesson.

MANNAFLI Í LANDBÚNAÐI

Efnisyfirlit:

1. MANNAFLI Í FRUMFRAMLEIÐSLU
   1.1 Skráðar vinnuvikur í landbúnaði (slysatrygging)
   1.2. Endurmat á skráðum vinnuvikum í landbúnaði
   1.3. Niðurstöður endurmats á vinnuframlagi í landbúnaði
   1.4. Endurmetið vinnuframlag í landbúnaði.
   1.5. Niðurstöður
   1.6. Samanburður slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags
   1.7. Hlutfall landbúnaðar miðað við aðrar atvinnugreinar

2. MANNAFLI Í ÚRVINNSLUGREINUM

3. MANNAFLI Í ÞJÓNUSTU VIÐ LANDBÚNAÐ

1. MANNAFLI Í FRUMFRAMLEIÐSLU.

1.1. Skráðar vinnuvikur í landbúnaði (slysatrygging).

Þegar litið er til þess hve margir starfa í landbúnaði, eru gjarnan skoðaðar skýrslur Hagstofu Íslands um flokkun á störfum manna eftir atvinnugreinum. Þessar skýrslur eru byggðar á fjölda slysatryggðra vinnuvikna í hverri starfsgrein og eru unnar úr gögnum skattyfirvalda. Alls skiptir Hagstofan iðju manna upp í 9 aðalflokka og hverjum þessara flokka upp í undirflokka. Þannig er störfum skipt í um það bil 170 staði. Landbúnaður er einn af flokkunum 9 og hann skiptist í 9 undirflokka:

Almennan búrekstur
Alifuglabú
Svínabú
Loðdýrabú
Garðyrkju- og gróðurhúsabú
Fóðurframleiðslubú
Kornræktarbú o. fl.
Þjónustu við búrekstur
Dýraveiðar

Gildandi fyrirmæli um slysatryggingu eru í 29. og 30. gr. laga nr. 67 um almannatryggingar frá 1971. Þar segir á þá leið, að slysatryggðir skuli allir launþegar, sem starfa hér á landi. Þau mörk eru skilgreind nánar. Þá eru taldir upp iðnnemar, stjórnendur aflvéla og ökutækja, útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar o. fl. Þá segir orðrétt í 30. gr.:

„Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs, að tryggingar sé ekki óskað.

a) Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12—16 ára.
b) Atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
c) Launþegum, sem að staðaldri vinna störf, sem heyra undir ákvæði 3. málsgr. 29. gr.

Þeir, sem heimilisstörf stunda, geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur samkvæmt b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs."

Það er ljóst af þessum lagabreytingum, að slysatryggðar vinnuvikur gefa ranga mynd af hlutdeild landbúnaðar í vinnuaflsnotkun í landinu.

Þar kemur til, að bóndinn og maki hans eru alltaf tryggð í 52 vikur, hvort um sig, án tillits til vinnu við búið. En stundi þau launuð störf utan bús er tryggingu þeirra skipt milli þeirrar starfsgreinar og landbúnaðar eftir því sem tekjur hvors um sig gefa tilefni til.

Fram til ársins 1979, þ. e. árin 1963—1978, voru bóndinn og maki hans skyldutryggð að fullu, 104 stundir, í landbúnaði, án tillits til launatekna utan bús. Þetta ber að hafa í huga, því að í þessari skýrslu eru yfirleitt notaðar tölur frá árinu 1978.

Þá eru börn 12—15 ára gömul skyldutryggð í 16 vikur (13 vikur 1978 og fyrr) og er það gert án tillits til dvalartíma á býlinu.

Þá er eldra fólk, sem hefur minnkað bú sín, áfram tryggt allt árið, svo og ellilífeyrisþegar, séu þeir skráðir fyrir einhverjum bústofni. Þá er fólk í þéttbýli tryggt í 13 vikur minnst, ef fram koma hjá því einhverjar tekjur af kvikfé eða garðrækt.

Rétt er að taka það fram að Hagstofan hefur gert sér grein fyrir skekkju þeirri sem það veldur að telja vinnu makans með að fullu og birtir í yfirliti sínu tölur, þar sem vinna makans hefur verið dregin frá að hluta eða alveg. Svipaðar leiðir hefur Framkvæmdastofnun ríkisins farið í meðferð á þessu talnaefni.

Að öllu samanlögðu er augljóst, að slysatryggðar vinnuvikur gefa mjög ýkta mynd af vinnuframlagi í landbúnaði, þótt það lagist heldur við þá breytingu, sem Hagstofan gerir milli áranna 1978 og 1979, að taka tillit til launaðrar vinnu bóndans og maka hans til frádráttar við útreikning slysatryggðra vinnuvikna. Milli nefndra ára fækkaði slysatryggðum vinnuvikum bænda í almennum búrekstri (atvinnugrein 011) um rúmlega 42 000 og er það samdráttur um 88%.

1.2. Endurmat á skráðum vinnuvikum í landbúnaði.

Nefndinni var því ljóst að finna þyrfti annan mælikvarða til þess að komast að því hve mikil atvinnuþátttaka er í framleiðslunni. Í niðurstöðum búreikninga, sem Búreikningastofa landbúnaðarins hefur umsjón með, kemur fram hve mikil vinna liggur að baki hverjum grip og þar með hver vinnan er á búreikningabúinu að meðaltali. Ef búreikningabúin gefa rétta mynd af vinnuaflsnotkuninni, mætti af henni ráða hve mikil vinna er að baki landbúnaðarframleiðslunni í heild.

Árið 1978 færðu 220 bændur búreikninga í samvinnu við Búreikningastofu landbúnaðarins. Birtar voru niðurstöður 152 reikninga frá búum þar sem stunduð var sauðfjárrækt og nautgriparækt. Felld voru út 28 félagsbú, 15 bú bænda, sem höfðu meira en 1200 þús. gkr. í tekjur utan bús, og 12 bú bænda, sem höfðu meira en 1200 þús. gkr. í tekjur af aukabúgreinum á árinu. (Öll búin 220 voru þó tekin með við gerð vinnuafkastastuðla). Búreikningabúin endurspegla því fyrst og fremst bú þar sem rekstur er mjög hefðbundinn. Þau eru stærri en meðalbúið, 608 ærgildi að meðaltali 1978, til samanburðar við tæplega 400 ærgilda meðalbú virkra bænda. Þegar af þeirri ástæðu, að búreikningabúin eru ekki dregin út tilviljanakennt úr hópi allra búa á landinu, er ekki sjálfgefið að vinnuframlag á þeim gefi rétta mynd af vinnuframlagi í landbúnaði á landinu öllu. Þá er hugsanlegt að það hafi áhrif á búreksturinn, þegar menn færa búreikninga fyrir hálfopinbera aðila. Var því talið nauðsynlegt að kanna eftir öðrum leiðum hvort þeir gefi rétta mynd af meðalatvinnunotkun að tiltölu við bústofn.

Á grundvelli niðurstaðna Búreikningastofunnar voru settir upp stuðlar, sem sýna vinnu á hvert ærgildi miðað við hinar ýmsu bústærðir (sjá fylgiskjal I: Vinnuframlag á búreikningabúum árið 1978). Síðan voru valdir 11 hreppar. Þess var gætt að hrepparnir dreifðust sem víðast um landið, að þeir gæfu mynd af bæði sauðfjárrækt og nautgriparækt, og að þar væru hreppar þar sem nær eingöngu er stundaður almennur búrekstur, svo og hreppar, sem liggja nærri þéttbýli. Safnað var eftirtöldum gögnum úr skattskýrslum fyrir tekjuárið 1978: Brúttótekjum bænda skv. landbúnaðarskýrslu, hreinum tekjum skv. III. kafla persónuframtals, launatekjum bónda og maka hans utan bús, hlunnindatekjum, lífeyri, örorkustyrk og öðru því um líku. Þá var safnað upplýsingum um bústærð, aldur bónda og maka hans. Þá lágu fyrir sundurliðaðar upplýsingar um slysatryggingu á hverju býli, bæði „eigin" tryggingu, sem er trygging bónda og maka hans og barna undir 16 ára aldri, og „aðra" tryggingu, en það er trygging á aðkeyptu vinnuafli. Til viðbótar þessum upplýsingum var leitað liðsinnis manna, sem voru sérstaklega kunnugir í hverjum hreppi fyrir sig, og fengnar frá þeim upplýsingar um ákveðna þætti.

Þar sem upplýsingar úr skattframtölum eru trúnaðarmál, og hrepparnir fámennir, ákvað nefndin að birta ekki nöfn hreppa, enda byggjast niðurstöður á því, að hrepparnir gefi heildarmynd af landinu.

Eins og fyrr segir, voru bóndinn og maki hans tryggð í 104 vinnuvikur á árinu 1978, án tillits til vinnuframlags við búið. Í öllum hreppunum leiddi könnunin til þess, að metið vinnuframlag við landbúnaðarstörf var fært verulega niður og var einkum tekið tillit til bústærðar og launaðrar vinnu utan bús, en vinna inni á heimilinu var ekki talin með landbúnaðarstörfum, enda er hún talin utan atvinnuvegaflokkunar hjá öllum öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Vinna bænda við framkvæmdir er ekki talin með, enda telst afrakstur hennar ekki til landbúnaðarframleiðslu. Þá var vinna öryrkja og ellilífeyrisþega yfirleitt færð mikið niður frá því sem slysatryggingin gaf til kynna, þegar bústærð gaf tilefni til.

1.3. Niðurstöður endurmats á vinnuframlagi í landbúnaði.

Hér fara á eftir nokkrar niðurstöður umræddra athugana:

Tafla I

Reiknað vinnuframlag samkvæmt stuðlum, sem byggðir eru á niðurstöðum Búreikningastofunnar sem hlutfall af fjölda slysatryggðra vinnuvikna 1978:

Hreppur nr.:	
1. Nautgriparæktarhreppur í Rangárvallasýslu	78%
2. Nautgriparæktarhreppur í Árnessýslu	62%
3. Þéttbýlishreppur á SV-landi	35%
4. Hreppur í Borgarfirði með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparækt	64%
5. Hreppur á Vesturlandi í nánd þéttbýlis með jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparækt	65%
6. Hreppur á Snæfellsnesi með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparækt	68%
7. Hreppur í Dalasýslu með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparækt	72%
8. Hreppur í Skagafirði með nokkuð jafnri áherslu á sauðfjár- og nautgriparækt	60%
9. Nautgriparæktarhreppur í Þingeyjarsýslu	65%
10. Sauðfjárræktarhreppur á norðausturhorni landsins	71%
11. Sauðfjárræktarhreppur í Norður-Múlasýslu	56%
Meðaltal (án hrepps nr. 3)	**66%**

Hreppur númer 3, þéttbýlishreppur á Suðvesturlandi, sker sig verulega úr í því hvað reiknaða vinnuframlagið er lágt. En skýringin er sú, að bændafólk þar er að sjálfsögðu að fullu tryggt í landbúnaði, en hefðbundinn búskapur hefur hopað fyrir öðrum störfum í miklum mæli. Vegna þessa eru niðurstöður úr þessum hreppi úr samhengi við hina hreppana og er honum því sleppt úr meðaltali. Þessar tölur gefa þegar nokkuð til kynna hve ýkta mynd slysatryggðar vinnuvikur gefa af vinnuframlagi í framleiðslunni.

Í töflu II sjáum við hins vegar niðurstöður úr því dæmi, þegar atvinnuþátttaka var metin eftir ýmsum þáttum í afkomu bóndans, svo sem lýst er hér að framan, svo og staðkunnugleika. Staðkunnugleika varð aðeins komið við í sex hreppum, en ekki varð annað séð af áðurgreindum heimildum en að niðurstöður hefðu orðið svipaðar úr hinum fimm.

Tafla II

Hreppur nr.	Vinnuframlag eftir bústærð, tekjum, tekjum utan bús o. s. frv. með hliðsjón af staðkunnugleika, sem hlutfall af slysatryggðum vinnuvikum Ár 1978 (A)	Niðurstöður úr töflu I fyrir sömu hreppa: Reiknað vinnuframlag skv. stuðlum sem byggðir eru á niðurstöðum Búreikningastofunnar sem hlutfall af fjölda slysatryggðra vinnuvikna Ár 1978 (B)	Dálkur (A) sem hlutfall af dálk (B) (C)
1	62%	78%	79%
4	68%	64%	106%
5	59%	65%	91%
6	73%	68%	107%
7	73%	72%	102%
9	63%	65%	95%
Einfalt meðaltal	66%	69%	97
Meðaltal 4—9:	67%	67%	100%

Mikil fylgni er alls staðar milli þessara tveggja aðferða, nema í hreppi númer 1. Þar virðast menn afkasta meiru en annars staðar. Það gæti stafað af því að búin í þessum hreppi eru stærri en almennt gerist og vélakostur er góður og náttúruskilyrði mjög góð. En sé litið fram hjá þessum hreppi, sýna niðurstöður að skýrslur Búreikningastofunnar um vinnuframlag gefa haldgóða mynd af þeirri vinnu, sem lögð er af mörkum við venjulegan búrekstur á Íslandi. Samsvörun er 100% þegar tekið er meðaltal úr hreppum 4—9.

Af þessu dregur nefndin þá ályktun, að fyllilega sé verjandi að reikna vinnuframlag í almennum búrekstri út frá stuðlum sem byggðir eru á útreikningum Búreikningastofu.

1.4. Endurmetið vinnuframlag í landbúnaði.

a. Hefðbundinn búskapur.

Nú verða á grundvelli ærgildafjölda í landinu og skiptingar búa í stærðarflokka og áðurnefndra vinnuafkastastuðla (Fylgiskjal I) reiknuð út ársverk í landbúnaði árið 1978 í þeim búrekstri, þar sem aðalbúgrein er sauðfjárrækt eða nautgriparækt. Þá verður þessum ársverkum skipt upp eftir búgreinum og er þá miðað við skiptingu vinnunnar milli búgreina samkvæmt útreikningum Búreikningastofu (Fylgiskjal II).

Ársverk er vinna í 52 vikur, og er hér miðað við 50 stundir á viku, sem er nærri hinu almenna meðaltali í hliðstæðum störfum.

Skv. upplýsingum Hagstofu Íslands, sem byggir á forðagæsluskýrslum, voru í ársbyrjun 1978 **924.684** ærgildi í nautgripum á landinu og er þá miðað við 20 ærgildi í mjólkurkú, 12 ærgildi í kelfdri kvígu, 8 ærgildi í geldneyti og fjögur ærgildi í kálfi.

Á sama tíma voru **896.192** ærgildi í sauðfé. Alls voru því **1.820.876** ærgildi í landinu í byrjun árs 1978.

Samkvæmt spjaldskrá Stéttarsambands bænda voru á árinu 1978 4 029 lögbýli þar sem aðalframfæri ábúanda var af sauðfjár- eða nautgriparækt og skiptast þau í stærðarflokka þannig:

1—100 ærgildi	213 býli
101— 200 ærgildi	593 býli
201— 300 ærgildi	646 býli
301— 400 ærgildi	710 býli
401— 500 ærgildi	607 býli

501— 600 ærgildi	416 býli
601— 700 ærgildi	294 býli
701— 800 ærgildi	205 býli
801— 900 ærgildi	135 býli
901—1000 ærgildi	92 býli
1001—1100 ærgildi	51 býli
1101—1200 ærgildi	22 býli
1200— ærgildi	45 býli

Ærgildi á landinu voru eins og fyrr segir **1.820.876,** og eru 94,1% þeirra í eigu bænda. Það sem eftir er skiptist þannig:*)

— elli- og örorkulífeyrisþegar í sveitum (meiri hluti tekna af elli- og örorkulífeyri)	0,6%
— tilraunabú	0,9%
— þeir sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði	2,5%
— þéttbýlisbúar	1,9%

Ærgildi annarra en bænda eru 89% sauðfé og 11% nautgripir. Ærgildafjöldi í eigu bænda er því:

Nautgripir 912.663
Sauðfé 801.734

Ef býlafjöldinn er margfaldaður með meðal-ærgildafjölda í hverjum stærðarflokki og síðan aftur með stuðlum um vinnuafköst miðað við bústærð, kemur fram að ársverk í landbúnaði eru **6.304,** þar sem aðalbúgrein er sauðfjárrækt eða nautgriparækt.**) En sú vinna fer ekki öll í sauðfé og nautgripi. Inni í þessari tölu er vinna í öðrum búgreinum. Ein aðferðin við að áætla þann tíma sem fer í aukabúgreinar er að athuga niðurstöður búreikninga (Fylgiskjal II). Þar kemur fram að:

1,54% af vinnu alls á búinu fer í hrossarækt
0,98% í kartöflu- og rófnarækt
0,08% í svínarækt
1,18% í hænsnarækt
0,54% í hlunnindi
Alls 4,32% í aukabúgreinar

Fæst þannig fram eftirfarandi útkoma í ársverkum talið og hefur þá verið tekið tillit til þess að hrossaræktinni fylgir einnig vinna við tún og viðhald.

Hrossarækt	122 ársverk
Kartöflu- og rófnarækt	62 ársverk
Svínarækt	5 ársverk
Hænsnarækt	75 ársverk
Hlunnindi	34 ársverk
	Alls 298 ársverk

Þá eru eftir **6.006** ársverk og skiptast þau jafnt á milli nautgripa- og sauðfjárræktar. Koma **3.003** ársverk í hlut hvorrar búgreinar um sig.

Þegar þessi skipting er fundin, er tekið tillit til fjölda ærgilda í hvorri búgrein fyrir sig og einnig þess, að samkvæmt búreikningum telst vinna á vetrarfóðraða kind 9,0 klst., en vinna á

*) Byggt á samantekt Stéttarsambands bænda frá áramótum 1976/1977.
**) Um nánari útreikning sjá Fylgiskjal III.

ærgildi nautgripa 7,9 klst.*) Þessir stuðlar miðast við árið 1978, en eru nokkuð breytilegir milli ára.

Þegar hliðstæðum meðalvinnutíma er beitt á bústofn annarra bænda, fást fram eftirtalin ársverk:

— elli- og örorkulífeyrisþega í sveitum (þeirra sem hafa meiri hluta tekna af elli- og örorkulífeyri) ..... :53
— á tilraunabúum ..... :36
— þeirra sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði .. :207
— þéttbýlisbúa ..... :157
Alls annarra en bænda ..... 453 ársverk
þar af 403 ársverk í sauðfjár- og 50 í nautgriparækt.

b. Aðrar búgreinar.

Þá er eftir að meta vinnumagnið á búum, þar sem öndvegi skipa aðrar búgreinar en sauðfé og nautgripir. Eftirfarandi upplýsingar eru úr atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar fyrir árið 1978:

Aðalbúgrein	Ársverk
Alifuglarækt	87
Svínarækt	15
Garðyrkjurækt og gróðurhúsabú	334
Loðdýrarækt	17
Fóðurframleiðsla	11
Dýraveiðar	20

Mjög erfitt er að meta áreiðanleika þessara upplýsinga vegna skorts á samanburðargögnum. Hætta á oftalningu slysatryggðra vinnuvikna er ekki eins mikil í þessum búgreinum og í sauðfjár- og nautgriparækt, þar sem hlutfallslega fleira launafólk er í þessum greinum. Aðalhættan er sú, að skattstofur flokki búin rangt. Það hefur augljóslega gerst með svínabúin, en samkvæmt fjölda svína hérlendis ættu ársverkin að vera **41.** Þessi ársverkafjöldi er notaður í stað 5 ársverka og 15 ársverka sem áður eru talin. Þá vantar heykögglaverksmiðjurnar fimm og áætlar nefndin að þar bætist við 25 ársverk og teljist því 36 ársverk til „Fóðurframleiðslubúa". Að öðru leyti telur nefndin ekki rétt að breyta tölum Hagstofunnar.

1.5. Niðurstöður

Ársverk í landbúnaðarframleiðslunni eru þá sem hér greinir árið 1978:

a. Vinna á lögbýlum þar sem aðalframfæri ábúanda er af sauðfjár- eða nautgriparækt svo og vinna við aðrar búgreinar:

	Ársverk
Sauðfjárrækt	3 003
Nautgriparækt	3 003
Hrossarækt	122
Garðyrkju- og gróðurhúsarækt	396
Alifuglarækt	162
Svínarækt	41
Loðdýrarækt	17
Fóðurframleiðsla	36
Nytjun hlunninda	34
Dýraveiðar	20
Samtals	6 834

*) Vinna við hirðingu er 6,7 klst. á vetrarfóðraða kind, en 5,63 klst. á ærgildi nautgripa. Önnur vinna telst 2,3 klst. á hvora búgrein.

b. Vinna elli- og örorkulífeyrisþega. Vinna á tilraunabúum. Vinna þeirra sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði. Vinna þéttbýlisbúa:

Sauðfjárrækt	403
Nautgriparækt	50
Samtals	453
Alls ársverk í landbúnaði:	**7 287**

Þegar meta á ársverk í landbúnaðarframleiðslunni kann að orka tvímælis hvort telja eigi með þau 453 ársverk sem hér eru reiknuð hjá þeim sem stunda nokkurn landbúnað, en hafa meiri hluta tekna sinna af öðru (vinna á tilraunabúum er einnig í þessari tölu).

Hér er ljóslega um tvo aðgreinda mælikvarða að ræða, hvort meta eigi alla þá vinnu er að baki landbúnaðarframleiðslunni liggur, eða hvort aðeins eigi að telja þá vinnu sem flokkast undir aðalstarf.

Í samanburði þeim við aðrar atvinnugreinar, sem hér fer á eftir, verður hlutfall vinnuafls í landbúnaði mælt m. t. t. beggja stærðanna.

1.6. Samanburður slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags.

Samkvæmt slysatryggðum vinnuvikum 1978 eru 10.791 ársverk í landbúnaði. Samkvæmt endurmati nefndarinnar eru ársverkin í landbúnaði 7.287, en 6.834 ef aðeins eru tekin ársverk þeirra er hafa af landbúnaði aðalframfæri. Hlutfallið er 67,5% af slysatryggðum vinnuvikum sé miðað við hærri töluna, en 63,3% sé miðað við þá lægri.

Eins og áður kemur fram, breytti Hagstofan útreikningi á slysatryggðum vinnuvikum frá og með árinu 1979 og varð samdráttur á vinnuframlagi 8,8%, eða niður í 9.776 ársverk.

Sé gengið út frá óbreyttum mannafla 1979, þá er hlutfallið milli slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags 74,5% eða 69,9% eftir því við hvora töluna er miðað.

1.7. Hlutfall landbúnaðar miðað við aðrar atvinnugreinar.

Hlutdeild landbúnaðar í mannafla landsins, miðað við aðra atvinnuvegi, er sýnt í þrem fyrstu dálkunum í töflunni hér að neðan, eins og hún kemur fram í opinberum Hagskýrslum*), og í dálki 4 er hlutdeild hans sýnd eftir að vinnuframlag hefur verið endurmetið og er þá miðað við 6.834 ársverk.

	(1) Vinnuvikur eiginkvenna bænda meðtaldar, %	(2) Vinnuvikur eiginkvenna bænda meðtaldar að hálfu, %	(3) Mat Framkvæmdastofnunar: 2800 ársverk dregin frá vegna tryggingar maka, %	(4) Endurmetið vinnuframlag í landbúnaði, %
1978	10,4	9,2	8,0	6,9
1979	9,4	8,2	6,9	

1) 7,3% ef metin er öll sú vinna er að baki landbúnaðarframleiðslunni liggur, 7287 ársverk.

Þá hafa meginstarfi nefndarinnar til þessa verið gerð skil. Um þá kafla sem hér fara á eftir um mannafla í úrvinnslugreinum og mannafla í þjónustu hefur nokkur umræða farið fram innan nefndarinnar, en endanlega hefur ekki verið tekin afstaða til þess hve langt skuli ganga í að meta áhrif landbúnaðar. Mörg álitamál mæta athuganda í þeim efnum.

Meðfylgjandi kaflar eru látnir fylgja með til þess að gefa hugmynd um viðfangsefnið.

Þá hefur í nefndinni verið fjallað um hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum. Umfjöllun um þau efni verður að bíða betri tíma.

*) Dálkar 1 og 2. Júníhefti Hagtíðinda 1980 og 1981. Útg. Hagstofa Íslands og Mannfjöldi, mannafli og tekjur, Framkvæmdastofnun ríkisins júlí 1981.

2. MANNAFLI Í ÚRVINNSLUGREINUM

Upplýsingar um mannafla í úrvinnslugreinum eru samkvæmt útreikningum og flokkun Hagstofu á fjölda slysatryggðra vinnuvikna, en sú aðferð er í meginatriðum í fullu gildi hvað snertir launafólk. Bílstjórar í launaðri vinnu flokkast til þeirrar greinar sem fyrirtæki þeirra tilheyrir. Þannig flokkast vinna mjólkurbílstjóra undir mjólkuriðnað, en ef einhver vinnslufyrirtæki nýta þjónustu sjálfseignarbílstjóra og greiða þeim eftir reikningi, þá flokkast hún ekki undir búvöruvinnslu. Upplýsingar um fataframleiðslu úr ull eru fengnar úr ársskýrslum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 1980. Ekki liggja fyrir nýrri tölur en frá árunum 1978 og 1979.

Vinnuafl í slátrun og kjötiðnaði

Slátrun og tilheyrandi störf í sláturhúsum, söltun sláturafurða, kjötfrysting, geymsla, söltun, reyking og niðursuða kjöts. Pylsugerð, bjúgnagerð og ýmiss konar kjötvinnsla, garnahreinsun o. fl. Skrifstofuvinna í viðkomandi fyrirtæki telst með.

	Mannár
1978	1.076
1979	1.198

Vinnuafl í mjólkuriðnaði

Gerilsneyðing og áfylling mjólkur og öll framleiðsla úr mjólk, svo sem á smjöri, skyri, osti, mjólkurdufti og kaseini. Enn fremur mjólkur- og rjómaísgerð, þó ekki fyrirtækja, sem selja alla eða mestalla framleiðslu í eigin útsölum.

	Mannár
1978	459
1979	540

Vinnuafl í ullar- og skinnaiðnaði

(Mannár)

	Ullarþvottur, framleiðsla á garni, dúkum, teppum o. fl.	Prjónav. framleiðsla	Sútun og önnur verkun skinna	Fataframleiðsla úr ull	Alls
1978	403	361	181	443	1388
1979	409	361	179	472	1421

Alls í úrvinnslugreinum

(Mannár)

1978	2923
1979	3159

Ekki verður farið út í það hér að kanna mannafla í sölu, dreifingu og kynningu landbúnaðarafurða, þar sem ætla má að sú þjónusta yrði til staðar án tillits til búvöruframleiðslu innanlands þar sem ella yrði að flytja inn vöruna og það krefðist væntanlega svipaðs dreifingarkerfis.

En öðru máli gegnir með mannafla í þjónustu.

3. MANNAFLI Í FRUMFRAMLEIÐSLU

Á þessu ári (1981) starfa um 60 manns við innflutning fóðurs, heildsölu og smásölu í 4 fyrirtækjum. Þau eru:

Fóðurblandan h/f
Fóðurvörudeild SÍS
Mjólkurfélag Reykjavíkur
Fóðurvöruverslun Guðbjörns Guðjónssonar

Um 55 manns starfa í 5 fyrirtækjum við innflutning og sölu landbúnaðartækja. Þau eru:

Dráttarvélar hf.
Búvörudeild SÍS
Þór hf.
Glóbus hf.
Vélaborg.

Þá eru 195 ársmenn hjá Áburðarverksmiðjunni. Um 95% af framleiðslunni fer til bænda samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra fyrirtækisins. Það eru **185 menn.**

Alls starfa því í þjónustu við landbúnaðinn **320 menn.**

Þá er ótalin ýmis önnur þjónusta svo sem:

Starfsmanna búnaðarsambanda
Dýralækna (37 ársverk)
Rannsóknastofnana
Búnaðarskóla o. fl. o. fl.

Einnig eru ótalin öll störf í stjórnkerfi landbúnaðarins.

Fylgiskjal I.

Vinnuframlag á búreikningabúum árið 1978*)

Bústærð	Fjöldi býla	Meðal-bústærð ærgildi	Vinna alls klst.	Vinna á ærgildi klst.	Viðmiðun klst./ ærgildi
0— 99	0	—			14,0
100— 199	0	—			13,0
200— 299	15	252	3 599	14,3	12,0
300— 399	28	348	3 985	11,4	11,0
400— 499	31	455	4 430	9,7	10,0
500— 599	30	551	5 546	10,1	9,3
600— 699	22	652	5 634	8,6	8,5
700— 799	30	748	5 774	7,7	7,7
800— 899	14	859	6 474	7,5	7,2
900— 999	12	953	7 737	8,1	6,8
1 000—1 099	7	1 052	6 455	6,1	6,4
1 100—1 199	5	1 145	7 230	6,3	6,1
1 200 og stærri	10	1 578	8 675	5,5	5,9

*) Öll vinna á búinu, þ. e. a. s. meðtalin er vinna við aukabúgreinar (hross, garðrækt, svín, hænsni, hlunnindi o. s. frv.) þó ekki vinna við fjárfestingu.

Fylgiskjal II.

Tafla 3.1 **Skipting vinnunnar milli búgreina á kúa-, sauðfjár- og blönduðum búum.**

		KÚABÚ		BLÖNDUÐ BÚ		SAUÐFJÁRRÆKT		MEÐALBÚ	
Nr.	Búgreinar	Klst.	%	Klst.	%	Klst.	%	Klst.	%
811	Mjólkurframleiðsla	3 273	56,14	2 080	39,54	278	6,78	2 100	40,49
815	Holdanaut	27	0,46	19	0,36	47	1,15	30	0,58
822	Sauðfjárrækt	649	11,13	1 690	32,13	2 374	57,89	1 427	27,52
826	Hrossarækt	86	1,48	80	1,52	71	1,73	80	1,54
833	Kartöflur og rófur	79	1,36	28	0,53	32	0,78	51	0,98
842	Svínarækt	3	0,05			10	0,24	4	0,08
846	Eggjaframleiðsla	61	1,05	54	1,03	69	1,68	61	1,18
881	Hlunnindi	17	0,29	20	0,38	54	1,32	28	0,54
853	Grænfóður	44	0,75	25	0,48	18	0,44	31	0,60
855	Tún	868	14,89	770	14,64	701	17,09	794	15,31
800	Viðhald og rekstur	723	12,40	494	10,90	447	10,90	580	11,18
	Vinna alls:	5 830	100	5 260	100	4 101	100	5 186	100

Fylgiskjal III.

(1)	(2)	(3)	(4)
Ærgildi	Meðalfj.	Fjöldi býla	Vinnu-stuðlar
1—100	80	213	14
101—200	150	593	13
201—300	250	646	12
301—400	350	710	11
401—500	450	607	10
501—600	550	416	9,3
601—700	650	294	8,5
701—800	750	205	7,7
801—900	850	135	7,2
901—1000	950	92	6,8
1001—1100	1050	51	6,4
1101—1200	1150	22	6,1
1201—	1505	45	5,9

(2) X (3) X (4) = 6.174 ársverk + 2,1%[1]) = 6.304 ársverk

1) 2,1% er hækkun til að jafna mun á búfjártalningu í búreikningum og forðagæsluskýrslum.

EFNISYFIRLIT

1. **Inngangur** .....
2. **Framleiðsla og ráðstöfun landbúnaðarafurða** .....
2.1. Afurðir nautgripa .....
2.1.1. Mjólk .....
2.1.2. Sláturafurðir .....
2.2. Afurðir sauðfjár .....
2.2.1. Kindakjöt .....
2.2.2. Gærur og ull .....
2.3. Afurðir hrossa .....
2.4. Afurðir alifugla, svína o. fl. .....
2.4.1. Afurðir alifugla .....
2.4.2. Afurðir svína .....
2.4.3. Afurðir loðdýra .....
2.5. Garð- og gróðurhúsaframleiðsla .....
2.5.1. Saga og þróun .....
2.5.2. Framleiðsla og markaðsþörf .....
2.5.3. Tegundaval .....
2.6. Lax- og silungsveiði .....
2.6.1. Sportveiði .....
2.6.2. Matvælaframleiðsla .....
2.6.3. Netaveiði .....
2.6.4. Hafbeit .....
2.6.5. Strandkvíaeldi .....
2.6.6. Kvíaeldi .....
2.7. Skógrækt .....
2.7.1. Viðarframleiðsla .....
2.7.2. Framleiðsla jólatrjáa .....
3. **Markaðs- og framleiðslumöguleikar** .....
3.1. Afurðir nautgripa .....
3.1.1. Framleiðsla á mjólk .....
3.1.1.1. Stjórnun mjólkurframleiðslunnar .....
3.1.2. Framleiðsla á nautgripakjöti .....
3.2. Afurðir sauðfjár .....
3.2.1. Kindakjötsframleiðslan .....
3.2.1.1. Framleiðslustjórnun .....
3.3. Afurðir hrossa .....
3.3.1. Framleiðslu- og sölumöguleikar .....
3.3.1 1. Sala á reiðhestum innanlands .....
3.3.1.2. Útflutningur reiðhesta og kynbótahrossa .....
3.3.1.3 Sala á hrossakjöti .....

3.3.1.4. Aðrar afurðir .....
3.4. Afurðir alifugla, svína o. fl. .....
3.4.1. Afurðir svína og alifugla .....
3.4.1.1. Framleiðslumöguleikar .....
3.4.2. Afurðir loðdýra .....
3.4.2.1. Æskileg þróun loðdýraræktar .....
3.5. Garð- og gróðurhúsaafurðir .....
3.5.1. Árstíðabinding framleiðslunnar .....
3.5.2. Verðlagning — framleiðslukostnaður .....
3.5.3. Sölufyrirkomulag .....
3.5.4. Markaðsmöguleikar .....
3.5.5. Helstu ræktunarvandamál og leiðir til úrbóta .....
3.5.5.1. Útiræktun .....
3.5.5.2. Ylræktun .....
3.5.6. Framtíðarmöguleikar og efling garðyrkju .....
3.6. Lax- og silungsveiði .....
3.6.1. Sportveiði .....
3.6.2. Matvælaframleiðsla .....
3.6.2.1. Netaveiði .....
3.6.2.2. Hafbeit .....
3.6.2.3. Strandkvíaeldi .....
3.6.2.4. Kvíaeldi .....
3.6.2.5. Samrekstur strandkvía og kvíaeldis .....
3.6.3. Seiðaeldi .....
3.6.4. Markaðsmál .....
3.6.4.1. Innlendi markaðurinn .....
3.6.4.2. Erlendi markaðurinn .....
3.6.4.3. Um samanburð á hafbeit og norsku sjóeldi .....
3.6.5. Skipulag veiðimála .....
3.6.5.1. Veiði sem aukabúgrein .....
3.6.5.1.1. Sportveiði .....
3.6.5.1.2. Hafbeit .....
3.6.5.2. Veiði sem aðalbúgrein .....
3.6.5.2.1. Standkvíaeldi, kvíaeldi .....
3.6.6. Rannsóknir og vísindalegt eftirlit .....
3.6.7. Menntunarmál .....
3.6.8. Úrbætur og hagsmunamál .....
3.7. Skógrækt .....
3.7.1. Viðarframleiðsla .....
3.7.1.1. Íslenski birkiskógurinn .....
3.7.1.2. Innfluttar trjátegundir .....
3.7.1.3. Hagrænar forsendur .....
3.7.3. Framleiðsla jólatrjáa .....
3.8. Ferðamannaþjónusta .....
4. **Ræktun, heyfengur og fóðuriðnaður** .....
4.1. Ræktun og heyfengur .....
4.2. Fóðuriðnaður — innflutningur fóðurs .....
4.3. Fóðurframleiðsla og fóðuriðnaður á næstu árum .....

5. **Framleiðsla hráefnis til iðnaðar** .....
5.1. Ullariðnaður .....
5.2. Skinnaiðnaður .....
6. **Tekju- og félagsmál bænda** .....
6.1. Verðlagning búvöru og tekjur bænda .....
6.2. Félagsleg aðstaða og þjónusta .....
7. **Landnýting og verndun landsgæða** .....
8. **Búseta og byggðaþróun** .....
8.1. Fækkun í sveitum .....
9. **Búnaðarfræðsla, rannsóknastarfsemi og leiðbeiningaþjónusta** .....
9.1. Búnaðarfræðsla .....
9.2. Rannsókna- og tilraunastarfsemi .....
9.3. Leiðbeiningaþjónusta .....
Fylgiskjal: Mannafli í landbúnaði.

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna sérstakt embætti ráðunauts ríkisstjórnarinnar í öryggis- og varnarmálum hjá utanríkisráðuneytinu.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis hefur verið lögð fram á síðustu tveimur þingum án þess að hljóta endanlega afgreiðslu. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

„Allt frá því að Ísland gerðist eitt af stofnríkjum Atlantshafsbandalagsins hefur ríkt einhugur um aðildina að bandalaginu hjá Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki, en Alþýðubandalagið og forverar þess verið andvígir aðildinni. Á sínum tíma studdu fleiri þingmenn lýðræðisflokkanna gerð varnarsamningsins við Bandaríkin en aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Á síðustu árum hafa allir flokkar nema Alþýðubandalagið lýst þeirri skoðun með einum eða öðrum hætti, að breytingar á varnarviðbúnaði hér á landi í þá átt að draga úr honum séu ótímabærar. Umræður um varnar- og öryggismál Íslands einkennast oft um of af tilfinningalegri afstöðu og lítilli þekkingu á þeim staðreyndum, sem móta og ráða stefnunni í þessum málum, og þeim ákvörðunum, sem teknar eru í varnar- og öryggismálum. Árum saman hafa hinir hernaðarlegu þættir, sem móta það ytra umhverfi sem Ísland býr við, verið á vitorði tiltölulega fárra. Stjórnvöld hafa lítt sinnt því að fræða þjóðina um staðreyndir þessara mála. Ein ástæða þess er vafalaust skortur á viðurkenndri innlendri sérfræðiþekkingu á þessum sviðum. Þessi skortur á innlendri sérfræðiþekkingu hefur líka leitt til ásakana þess efnis, að stjórnvöld séu í mati sínu á varnarhagsmunum Íslands á hverjum tíma um of háð mati erlendra manna á íslenskum hagsmunum. Það ætti því að vera augljóst áhuga- og hagsmunamál allra, að Íslendingar ráði sjálfir yfir nægri þekkingu til þess að meta sjálfir þann herfræðilega veruleika sem landið er hluti af, og til þess að meta sjálfstætt þær upplýsingar og skoðanir, sem aðrir kunna að gefa um og hafa á herfræðilegri stöðu Íslands og varnar- og öryggishagsmunum landsins. Slík herfræðiþekking

innan stjórnkerfisins er í fyrsta lagi til þess fallin að treysta ákvarðanir stjórnvalda á þessum sviðum. Í öðru lagi mundi hún eyða tortryggni og ásökunum í garð þeirra sem með þessi mál fara. Á síðustu árum hafa Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur allir lýst vilja sínum í þessu efni.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1967 sagði þáverandi formaður flokksins, Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, m. a.: „Annað mál er, hvernig vörnum Íslands skuli háttað hverju sinni. Það verður stöðugt að meta eftir atvikum, og einmitt þess vegna var varnarsamningurinn við Bandaríkin bundinn því höfuðskilyrði af hálfu Íslendinga, að við gætum sjálfir einhliða með tilteknum fresti sagt honum upp. Við höfum þetta því á valdi okkar og getum metið eftir eigin þekkingu á aðstæðum, hvað gera skuli. En spurning er: Höfum við þá þekkingu, sem á þarf að halda? Við erum svo fjarhuga hernaði, að enginn eiginlegur íslenskur hernaðarsérfræðingur er til, svo að um sé vitað. Talað er um, að við eigum að láta íslenska sérfræðinga taka að sér rekstur varnarmannvirkjanna. Þetta kann að láta vel í eyrum og verða menn þó þá að gera sér grein fyrir, hvort eigi sé um orðaleik að ræða, þannig að slíkir svokallaðir sérfræðingar séu í raun og veru hermenn. Úrlausnarefnið er þá í raun og veru, hvort Íslendingar eigi að taka upp eigin hermennsku eða ekki. Slíkt þarf ekki að vera nein fjarstæða, en ef menn vilja það, þá er nauðsynlegt að segja það berum orðum, svo að allir geti áttað sig á, um hvað sé að ræða. En áður en við tökum slík sérfræðingastörf að okkur, sýnist hitt sanni nær, að við öflum okkur sérfræði í herstjórnarmálum, svo að við þurfum ekki að sjá þau með annarra augum. Fyrsta skrefið hlýtur þess vegna að vera það að leggja drög að öflun þvílíkrar sérfræði."

Þessi skoðun var ítrekuð í yfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins um utanríkis- og varnarmál 1974 og oft síðan af forustumönnum flokksins.

Á fjörutíu ára afmæli íslensku utanríkisþjónustunnar lýsti núverandi utanríkisráðherra, Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, því yfir, að hann teldi æskilegt og hefði í huga að ráða herfræðilega menntaðan mann til starfa í utanríkisráðuneytinu. Þetta hefur ráðherrann síðar ítrekað.

Benedikt Gröndal, fyrrv. formaður Alþýðuflokksins og utanríkisráðherra, hefur hreyft þeirri hugmynd að stofna beri sérstaka rannsóknarstofnun er fjallaði að staðaldri um utanríkis- og öryggismál. Hlutverk hennar væri fyrst og fremst að leggja hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar og þróun mála og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis við stefnumótandi ákvarðanir.

Í ritstjórnargreinum Alþýðublaðsins hefur sú skoðun verið sett fram, að Íslendingar eigi að krefjast fullgildrar þátttöku í störfum hermálanefndar NATO. Aðild að henni kallar á það, að á vegum utanríkisráðuneytisins starfi sérfróðir aðilar um hernaðar- og öryggismál er geti lagt hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar út frá sérískenskum hagsmunum. Spurningin um það, hvort varnarviðbúnaðar fullnægi ströngustu kröfum um öryggi íslenskra borgara, er t. d. stöðugt matsatriði.

Þannig eru allir stuðningsflokkar Atlantshafsbandalagsins hér á landi á einu máli um það, að innlend sérfræðiþekking á sviði hermála sé nauðsynleg. Þrátt fyrir andstöðu Alþýðubandalagsins við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið verður því, vart trúað að óreyndu með tilliti til þess, hve sá flokkur leggur mikla áherslu í málflutningi sínum á íslenska hagsmuni í varnar- og öryggismálum, að Alþýðubandalagið mundi vera andvígt því að íslensk stjórnvöld ráði á hverjum tíma yfir sérfræðilegri þekkingu í varnar- og öryggismálum.

Embætti af því tagi, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, yrði að hafa á að skipa starfsliði, sem bæði hefði herfræðilega (strategiska) þekkingu og almenna hernaðarþekkingu. Miðað við núverandi skiptingu starfa milli ráðuneyta væri eðlilegast að embætti þetta félli beint undir utanríkisráðherra, eins og varnarmáladeild gerir nú, en verkefni hennar eru fyrst og fremst fólgin í hvers konar stjórnsýslulegum samskiptum við varnarliðið og

skipulagningu verklegra framkvæmda á þess vegum. Verkefnaskipting milli hins nýja embættis og varnarmáladeildar eða innan varnarmáladeildar yrði ákveðin af utanríkisráðherra. Verkefni þessa embættis væru að annast mat á herfræðilegri stöðu Íslands, varnarþörfum landsins og að gera tillögur um hvernig öryggi Íslands verði best tryggt. Embættið mundi annast öll samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið á sviði hermála og öryggismála innan utanríkisráðuneytisins og í fullri samvinnu við önnur viðkomandi stjórnvöld og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hvað eina sem snertir þjóðaröryggi og varnarmál Íslands.“

Sþ. 49. Fyrirspurnir. [48. mál]

I. Til menntamálaráðherra um framkvæmd á verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar sem samþykkt var á 100. löggjafarþingi, 22. mars 1979?

II. Til samgönguráðherra um framkvæmd laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvað líður framkvæmd 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977 þar sem segir í 2. málsgrein: „Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á“?
2. Hvernig og eftir hvaða reglum framkvæmir Landssíminn gjaldtöku símtala í gegnum svokallaðar „hnútstöðvar“, sem settar hafa verið upp víðs vegar um land í sambandi við framkvæmd lagningar sjálfvirks síma um landið skv. lögum frá 18. maí 1981?

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um úttekt á framkvæmd skrefatalningarinnar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Vilmundur Gylfason, Geir Hallgrímsson, Matthías Á. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa **nú þegar** nefnd til að gera úttekt á framkvæmd skrefatalningarinnar.

Verkefni nefndarinnar skal vera:

1) Að leita orsaka fyrir verulegum halla Pósts og síma í kjölfar skrefatalningarinnar.
2) Að kanna að hve miklu leyti hallinn kemur til með að minnka þá jöfnun símkostnaðar sem fyrirhuguð var.
3) Að kanna með hvaða hætti Póstur og sími hefur fengið bættan tekjumissinn vegna skrefatalningarinnar.
4) Að kanna hvaða aðrar leiðir en skrefatalning innanbæjarsímtala komi til greina til að ná sömu jöfnun símkostnaðar og fyrirhuguð var með skrefatalningunni.

Skýrslu um störf nefndarinnar skal senda Alþingi sem fjalla skal um málið, og ef ástæða þykir til skal fella niður skrefatalninguna og setja fram nýjan valkost sem nær því markmiði að jafna símkostnað landsmanna án þess að breyta heildartekjum Pósts og síma.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af samgönguráðuneytinu og skal hann vera formaður nefndarinnar, einum tilnefndum af Neytendasamtökunum, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum tilnefndum af Pósti og síma.

Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir 1. apríl n. k.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var lögð fram þingsályktunartillaga um könnun á afstöðu símnotenda til mismunandi valkosta við jöfnun símkostnaðar. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að láta fara fram nú þegar könnun á afstöðu símnotenda til þess, hvor leiðin verður farin til að jafna símkostnað landsmanna: 1) Skrefatalning innanbæjarsímtala eða 2) hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa (þó ekki á kostnað langlínunotenda). Spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublöðum verði unnin í samráði við Neytendasamtökin og send út með símreikningum."

Tillagan mætti mikilli andstöðu, að því er virðist fyrir misskilning, og náði ekki fram að ganga. Því var borið við, að verið væri að bregða fæti fyrir jöfnun símkostnaðar. Þessu var haldið fram jafnvel þó viðurkennt væri af Póst- og símamálastofnun að hægt væri að ná sömu jöfnun með gjaldskrárhækkun umframskrefa. — Tillagan fól einungis í sér að símnotendur fengju að segja álit sitt á hvor leiðin væri farin: skrefatalning innanbæjarsímtala eða gjaldskrárhækkun umframskrefa — til að ná fram því markmiði að jafna símkostnað landsmanna.

Nær árs reynsla er nú komin á framkvæmd skrefatalningarinnar og af þeirri reynslu er nokkuð ljóst að skrefatalningin hefur misheppnast, en fyrir því liggja augljós rök.

Ljóst er að áætlanir Póst- og símamálastofnunarinnar varðandi tekjuaukningu af skrefamælingu innanbæjarsímtala hafa ekki staðist. — Á því er sú skýring sennilegust, að símnotendur hafi mótmælt skrefatalningunni sem þvinguð var fram. Mótmælin koma fram í því, að símnotendur hafa minnkað mikið símnotkun á þeim tíma sem skrefatalningin er í gangi.

Samkvæmt upplýsingum, sem fjármálastjóri Pósts og síma gefur í Morgunblaðinu 26. júní s. l., er áætlað að tekjutap Pósts og síma vegna skrefatalningarinnar sé um 20 milljónir króna á ársgrundvelli eða um 13%.

Leiða má þó líkur að því, að tapið sé mun meira, eins og sést á meðfylgjandi töflu:

Aukning umframskrefa á öllu landinu milli ára mánuðina jan.—maí, þ. e. fimm mánuði ársins. Samanburður er gerður á fyrstu fimm mánuðum áranna 1979—1982.

Ár	Skrefafjöldi	Aukning frá síðasta ári
1979	117 672	
1980	121 695	+ 3.42%
1981	132 392	+ 8.79%
1982	115 205	−12.98%

Meðalaukning milli ára tímabilið 1979—1981 var 6.07%. Miðað við sömu aukningu 1981—1982 hefðu skrefin orðið 140 428. **Raunveruleg minnkun er því, miðað við þær forsendur, 17.96.** Benda má á að í áætlun Pósts og síma á s. l. ári var gert ráð fyrir óbreyttum heildarfjölda skrefa vegna innanbæjarsímtala og langlínusímtala. Fjölgun skrefa hefur þó verið töluverð vegna verslunarsíma, og einnig má nefna að umtalsverð fjölgun skrefa varð hjá Reykjavíkurborg eða að meðaltali rúm 31% og aukning hjá aðalsímum borgarinnar yfir 50%.

Gefa þessar tölur vísbendingu um að áætlanir Pósts og síma varðandi einkasíma hefðu getað staðist og töluverð hækkun símreikninga orðið samfara skrefatalningu, ef símnotkun hefði verið eðlileg á þeim tíma sem skrefatalningin er í gildi.

Til þess að mæta því tekjutapi, sem orðið hefur, verður Póstur og sími nú að hækka gjaldskrár sínar, sem gera verður ráð fyrir að komi niður á öllum símnotendum, einnig langlínunotendum.

Því til staðfestingar má benda á að í greinargerð Pósts og síma fyrir beiðni um hækkun gjaldskrár fyrir símaþjónustu frá 1. ágúst s. l. er gert ráð fyrir að greiðsluhalli ársins verði með óbreyttri gjaldskrá 41.7 millj. kr.

Bendir Póstur og sími á tvær ástæður fyrir þessum greiðsluhalla:

Í fyrsta lagi hafi orðið verulegt tekjutap í kjölfar skrefatalningarinnar 1. nóvember 1981, þ. e. a. s. þegar skrefatalningu var komið á í þéttbýli og langlínutaxtar lækkaðir frá sama tíma um allt að 30% að meðaltali.

Í öðru lagi hafi ýmsir kostnaðarliðir hækkað nokkuð frá fyrri áætlunum og útgjaldaforsendur því raskast.

Upplýst var í greinargerð Pósts og síma að áætlað hefði verið að skrefatalningin mundi þýða óbreyttar tekjur hjá stofnuninni, en annað hefur komið á daginn.

Upplýsti Póstur og sími einnig að nú liggi fyrir rúmlega 13% fækkun umframskrefa sem samsvarar 22.8 millj. kr. á ársgrundvelli.

Bendir Póstur og sími á tvær leiðir sem helst komi til greina til að bæta tekjutapið: Sú fyrri að **hækka öll gjöld fyrir póst- og símaþjónustu** um 4% aukalega 1. ágúst s. l., en sú síðari að hækka umframskref um 13%.

Hér verður varla annað séð en að Póstur og sími sé að leggja til þá leið, að hækkun á póstburðargjöldum standi einnig undir tekjutapi vegna skefatalningarinnar.

Einnig má ætla, miðað við áðurnefndar tillögur, að 4% heildarhækkun póst- og símgjalda gefi sama og 13% hækkun skrefagjalds sem mundi taka til baka 1/3 hluta þeirrar 30% meðallækkunar sem gerð var á langlínutöxtum frá 1. nóvember 1981.

Auk þess er ljóst að þeir, sem ekki nota umframskref, verða einnig að standa undir tekjutapinu vegna skrefatalningarinnar þar sem almenn hækkun (fastagjald + umframskref) varð á gjaldskrá Pósts og síma 1. ágúst s. l. um 18%, m. a. til að standa undir hluta hallans.

Af framansögðu er nokkuð ljóst að þeir, sem lækka átti símkostnaðinn hjá, verða sjálfir að greiða hluta tekjutaps sem Póstur og sími varð fyrir vegna lækkunar langlínugjaldanna, sem skrefamæling bæjarsímtala átti að standa undir, og vegna minnkandi notkunar innanbæjarsíma. Í reynd er það því þannig að dreifbýlið fær gjaldskrárhækkun vegna tekjutapsins af skrefatalningunni sem tekur til baka hluta af lækkun langlínugjaldanna sem koma átti þeim að fullu til góða. Jafnframt eru þeir, sem nota ekki umframskrefin, nú látnir standa undir tapi af skrefatalningunni.

Hjá 96% símnotenda er niðurstaðan sú að sitja uppi með skrefatalninguna og standa líka undir tekjutapi Pósts og síma með almennri gjaldskrárhækkun.

Í gjaldskrárhækkun verður að ætla að bæði felist kostnaður vegna lækkunar langlínugjalda vegna minnkandi notkunar innanbæjarsíma og einnig fjármagnskostnaðar vegna skrefatalningarbúnaðar sem sýnir sig að ná ekki því markmiði sem að var stefnt.

Þau rök, sem mæla með því að fella niður skrefatalningu innanbæjarsímtala, eru því augljós.

Í fyrsta lagi má benda á að hún skilar ekki Pósti og síma nauðsynlegri tekjuaukningu til að standa undir lækkun langlínugjaldanna vegna þess að símnotendur hafa augljóslega hafnað henni.

Í öðru lagi verður að ætla að Póstur og sími verði að standa undir lækkun langlínugjalda með almennri gjaldskrárhækkun. Hún er ekki réttlætanleg þegar á það er litið að undir henni standa bæði langlínunotendur, sem leikurinn snýst þó um að lækka símkostnað hjá, og einnig

vegna þess að undir henni standa líka þeir sem lítið nota símann, þ. e. þeir sem nota aðeins skrefin sem innifalin eru í ársfjórðungsgjaldi.

Miðað við nýjustu upplýsingar Pósts og síma eru um það bil 21% notenda höfuðborgarsvæðisins og 22% notenda dreifbýlisins sem nota aðeins innifalin skef. Þeir notendur slyppu við slíka almenna gjaldskrárhækkun ef hækkunin kæmi aðeins fram í hækkun gjaldskrártaxta umframskrefa.

Í þriðja lagi kemur skrefatalningin illa niður á gömlu fólki og sjúku og þeim sem ekki eiga heimangengt og helst þurfa að nota símann á þeim tíma sem skrefatalningin er í gangi, en veigra sér við því vegna hættu á umframkostnaði.

Í fjórða lagi er í hæsta máta óeðlilegt að stjórnvaldsákvörðunum sé beitt til þess í raun að þvinga fólk til að nota símann á vissum tímum sem oft henta ekki þörfum þess. Það er óþarfaskerðing á málfrelsi sem hægt hefði verið að komast hjá með valkosti sem skerti ekki málfrelsi og næði auk þess betur fram þeim markmiðum sem að var stefnt.

Í landi sem Íslandi með erfiða veðráttu og afar tíð umferðarslys ætti að stuðla að aukinni notkun símans, en ekki hinu gagnstæða, eins og gert hefur verið. — Það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt að nýta sem best það símkerfi sem búið er að fjárfesta í og ekki er í dag talið of mikið lestað. Enn fremur er ekki fyrirsjáanlegt að erfitt verði að byggja kerfi fyrir aukna notkun í framtíðinni miðað við núverandi tækniþróun.

Í fimmta lagi má benda á að nú er það staðfest, sem andstæðingar skrefatalningarinnar hafa margoft haldið fram, að skrefatalningin er miklu óvissari tekjulind en gjaldskrárhækkun umframskrefa til að mæta lækkun langlínugjalda.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að úttekt fari fram á framkvæmd skrefatalningarinnar, en til þess verði kosin 5 manna nefnd. Helstu verkefni nefndarinnar verði að kanna sem best áhrif skrefatalningarinnar á tekjur Pósts og síma og orsakir fyrir verulegum halla sem orðið hefur í kjölfar skrefatalningarinnar. Einnig að kanna hver verði endanleg jöfnun símkostnaðar eftir að tekjutapinu vegna skrefatalningarinnar hefur verið mætt að fullu, þ. e. að hve miklu leyti langlínunotendur hafa þurft að standa undir tekjutapinu, og einnig á hvern hátt Póstur og sími hefur fengið bættan tekjumissinn vegna skrefatalningarinnar. Að auki verði það verkefni nefndarinnar að kanna hvaða aðrar leiðir en skrefatalning innanbæjarsímtala komi til greina til að ná sömu jöfnun símkostnaðar og fyrirhuguð var með skrefatalningunni, þar sem ljóst er að skrefatalningin hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Nauðsynlegt er að í hugsanlegum nýjum valkostum, sem nefndin kynni að benda á, verði dregin fram rök með og móti þeim valkostum í samanburði við skrefatalninguna.

Vegna hinna mjög svo skiptu skoðana á Alþingi um réttmæti skrefatalningarinnar er eðlilegt að slík úttekt fari fram sem hér er lögð til, þar sem nú er komin marktæk reynsla á áhrif skrefatalningarinnar á tekjur Pósts og síma og viðbrögð símnotenda við henni. — Á þessu stigi er ekki lagt til að fella niður skrefatalninguna, þó margt af því, sem rakið hefur verið hér í greinargerðinni, gefi fyllilega tilefni til slíks.

Réttara þykir að bíða með hvaða ákvörðun verði tekin í því máli, þar til fyrir liggur úttekt þeirrar nefndar sem hér er lagt til að skipuð verði, — og þá jafnframt að fyrir liggi könnun á nýjum valkosti sem nái því markmiði að jafna símkostnað landsmanna.

Sþ. 51. Fyrirspurnir. [50. mál]

I. Til fjármálaráðherra um aldurshámark starfsmanna ríkisins.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hinn 5. mars 1981 var samþykkt á Alþingi svohljóðandi tillaga til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og að setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum?“

Hvað líður framkvæmd þessarar tillögu?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um réttindi sjúkranuddara.

Frá Helga Seljan.

Hver er staða sjúkranuddara í heilbrigðiskerfinu í dag og hvaða horfur eru á breytingum varðandi réttarstöðu þeirra?

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um könnun vélhjólaslysa.

Flm.: Helgi Seljan, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á tíðni, orsökum og afleiðingum vélhjólaslysa í umferðinni. Könnunin skal unnin á vegum heilbrigðisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Skal áliti skilað í skýrsluformi til næsta reglulegs Alþingis ásamt meðfylgjandi tillögum um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Greinargerð.

Í sumar hafa orðið nokkur blaðaskrif um tíðni og orsakir vélhjólaslysa og þá ekki síður alvarlegar afleiðingar þeirra. M. a. hafa hinir virtustu læknar ritað um málið og sýnt ljóslega fram á alvöru þess.

Öll umferðarmál okkar og óhöpp og slys þeim tengd eru raunar verðugt athugunarefni, og hvarvetna má sjá dæmi þess, að úrbóta er þörf í umferðarmenningu okkar sem vart á þó það heiti skilið. Mála sannast er auðvitað að þar er það hugarfarsbreyting ein sem haft gæti veruleg áhrif til góðs, þar sem aðgát og tillitssemi sæti í fyrirrúmi.

Vélhjólaslys eru e. t. v. aðeins einn þáttur þessa alvörumáls. En sé miðað við álit þeirra sem gerst þekkja til afleiðinganna, þá er full ástæða til að athuga þann þátt sérstaklega. Enginn dómur skal á það lagður, hvort vélhjólin séu meiri slysavaldar en önnur farartæki eða hvort tillitsleysið í umferðinni bitnar harðar á ökumönnum þeirra en öðrum.

En hitt er ljóst, að afleiðingar þessara slysa eru almennt alvarlegri en annarra, þó ekkert skuli þar úr dregið. Ýmsar spurningar vakna um aldursmörk, næga kennslu, öryggisbúnað allan og margt fleira sem könnun af þessu tagi getur leitt í ljós.

Og engin leið er að loka augunum fyrir þeirri vá, sem þarna er fyrir hendi, né skella skollaeyrum við því sem þeir segja um þessi mál sem eru í náinni snertingu við afleiðingarnar.

Flutningsmenn telja fulla nauðsyn að hreyfa þessu máli á Alþingi og fá fram lágmarksaðgerðir a. m. k. af hálfu opinberra aðila og munu gera nánari grein fyrir málinu öllu, áliti lækna og lögreglumanna í framsögu fyrir málinu. En umræða er til alls fyrst.

Nd. 53. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í l. mgr. 67. gr., skal vera 17 350.00 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. l. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjustofni skv. l. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sé um hjón að ræða, sem skattlögð eru skv. ákvæðum 63. gr., skal óráðstafaður hluti persónuafsláttar annars makans á sama hátt dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjustofni hans skv. l. málsl. l. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu.

Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, allt að kr. 8 680.00. Ekki skal þó greiða persónuafslátt til manna, sem eru innan 20 ára aldurs á tekjuárinu, né til þeirra manna þar sem samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. l. tl. A-liðs 7. gr. eru meira en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til álagningar tekjuskatts árið 1983.

Greinargerð.

Höfuðtilgangur þessa frv. er sá að bæta hag hinna lægst launuðu og bótaþega almannatrygginga með því að greiða þeim úr ríkissjóði þann hluta persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts sem ekki nýtist til lækkunar álagðra gjalda, á sama hátt og nú er um barnabætur.

Hér er um neikvæðan tekjuskatt að ræða til hagsbóta fyrir hina verst settu og lið í þeirri afkomutryggingu, sem Alþýðuflokkurinn beitir sér fyrir, og um leið þátt í tillögugerð flokksins um mótun nýrrar efnahagsstefnu.

Á tímum sem þessum, þegar hver kjaraskerðingin rekur aðra, er nauðsynlegt að verja þá verst settu fyrir frekari kjaraskerðingum og er frv. liður í þeirri viðleitni.

Fleira kemur til. Þrátt fyrir góðan vilja heildarsamtaka launafólks heldur launabilið í þjóðfélaginu áfram að breikka. Hinir tekjuhærri hafa yfirleitt mun betri aðstöðu en láglaunafólk til að knýja fram hækkanir í ýmsum myndum umfram þær almennu hækkanir sem um semst í heildarkjarasamningum.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frv., að löggjafinn verði að beita sér meira en hingað til hefur verið gert til að rétta hlut þeirra sem bera hann skarðastan frá borði við gerð kjarasamninga og við ákvörðun tryggingabóta. Frv. er þáttur í þeirri viðleitni.

Því er svo enn við að bæta, að lagfæringar á skattalögum, skattþegnum í vil, koma yfirleitt ekki þeim verst settu að gagni, nema sá hluti persónuafsláttar, sem ekki nýtist til lækkunar gjalda viðkomandi, verði greiddur út.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa áður flutt sömu tillögu og í frv. felst, síðast í febrúar 1981 og þá sem lið í breytingartillögum við afgreiðslu frumvarps til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Sú lækkun tekna ríkissjóðs, sem af samþykkt frv. leiddi, er langt innan þeirra marka sem ríkisstjórnin hugsar sér að verja til láglaunabóta, og vandséð er að unnt sé að verja þeim bótum betur en frv. gerir ráð fyrir, ef ætlunin er að þeir verst settu njóti þeirra fyrst og fremst.

Frv. gerir ráð fyrir að útborgun ónýtts persónuafsláttar sé takmörkuð við fólk sem er 20 ára og eldra og stundar ekki atvinnurekstur. Takmörkunin tekur mið af því, að á yngri árum búa margir í foreldrahúsum og réttara væri að mæta þörfum hinna á annan hátt t. d. með auknum námslánum. Ekki er ástæða til að útgreiðsla ónýtts persónuafsláttar nái til atvinnurekenda.

Þær upphæðir, sem um getur í l. gr. frv., eru byggðar á sömu skattvísitölu og fjárlagafrumvarpið fyrir 1983 gerir ráð fyrir, þ. e. 152 (miðað við 100 árið 1982).

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um umferðarmiðstöð í Borgarnesi.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um athugun á breyttu skipulagi fólksflutninga með tilliti til þess að komið verði á fót umferðarmiðstöð í Borgarnesi.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á liðnu þingi, en varð eigi útrædd.

Góðar samgöngur eru mikilvægar í okkar þjóðarbúskap, enda er varið 10—15% af ríkisútgjöldum til þessa málaflokks. Með betra vegakerfi hljóta samgöngur að aukast og skilyrði til góðrar þjónustu að batna. Hagræðingar er þörf á hinum ýmsu sviðum samgöngumála, ekki aðeins að því er varðar fjárfestingar í samgöngumannvirkjum, heldur og ekki síður í nýtingu þeirra til hagsbóta fyrir samfélagið. Þjónusta, sem veitt er hér á landi á sviði samgangna, gegnir þar mikilvægu hlutverki. Bent hefur verið á að ástæða væri til að endurskoða alla þætti samgönguþjónustu hér á landi með að markmiði aukna hagkvæmni, betri nýtingu flutningatækja, en meiri og öruggari þjónustu.

Athuganir Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa leitt í ljós að einfalda þurfi leiðakerfi sérleyfisbifreiða, samhæfa hina ýmsu þætti samgönguþjónustunnar og að undangenginni rannsókn stofna eða byggja, ef þurfa þykir, flutningamiðstöðvar á ýmsum stöðum á landinu. Einnig þarf að athuga í þessu sambandi innanhéraðssamgöngur og athuga nýjungar á því sviði og hafa í huga betri nýtingu þeirra samgöngutækja sem til eru.

Undanfarin ár hafa farið allt að 50 000 manns með sérleyfisferðum um Vesturland á ári hverju. Með tilkomu brúar yfir Borgarfjörð fara allflestir farþeganna um Borgarnes. Meðalnýting hjá sérleyfum hefur verið misjöfn eða frá um það bil 20—80% eftir árum og árstímum. Í dag eru 5 sérleyfishafar sem aka frá Reykjavík til og um Borgarnes.

Með þeirri tillögu, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir að sú endurskoðun, sem áður er vikið að, verði hafin og er því um að ræða hluta af stærri heild. Þau sérleyfi, sem þessi tillaga varðar, mynda nokkuð samfellt umferðarnet og leiða því hugann að aukinni hagkvæmni.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um perlusteinsiðnað.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við áhugaaðila að hlutast til um athugun á hagkvæmni perlusteinsiðnaðar.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á liðnu þingi, en varð eigi útrædd.

Perlusteinn finnst á tveim stöðum á landinu í einhverju magni, en það er í Loðmundarfirði og Prestahnjúk við Langjökul. Af þessum tveim stöðum hefur Prestahnjúkur þótt vænlegri til vinnslu. Eru til þess tvennar orsakir. Í fyrsta lagi er meira magn fyrir hendi af vinnanlegum perlusteini í Prestahnjúk, og í öðru lagi er vænlegra með flutning til strandar frá þeim stað.

Langt er síðan farið var að kanna möguleika á vinnslu perlusteins úr Prestahnjúki. Frá byrjun var talið víst að geysilega mikið magn af perlusteini mætti vinna úr fjallinu. Rannsóknir á perlusteini í Prestahnjúk hefjast 1954 og 1957 er stofnað íslenskt fyrirtæki, Perlita hf., sem ætlaði að vinna perlustein þaðan til útflutnings. Á vegum þess fyrirtækis og síðar, eða um 1971 á vegum iðnaðarráðuneytisins, gerðu tvö bandarísk fyrirtæki könnun á magni og gæðum perlusteinsins í Prestahnjúk. Niðurstaða þeirra kannana var að íslenski perlusteinninn væri ekki samkeppnisfær til útflutnings.

Þessar niðurstöður voru gagnrýndar af íslenskum sérfræðingum og töldu þeir þær ekki gefa raunhæfa mynd af íslenska perlusteininum og eiginleikum hans. Árið 1972 setti iðnaðarráðherra á fót nefnd til þess að kanna notagildi íslenskra gosefna. Nefndin hlaut nafnið Gosefnanefnd og eitt af aðalverkefnum hennar var að kanna möguleika á nýtingu perlusteins úr Prestahnjúk bæði til innanlandsnota og útflutnings. Vann nefndin að þessum athugunum á árunum 1972—1978.

Aðalverkefnin, sem nefndin lét framkvæma vegna perlusteins, voru eftirfarandi:

1. Athugun á jarðfræði Prestahnjúks og nýtanlegu magni perlusteins þar.
2. Rannsóknir á gæðum og eiginleikum perlusteinsins.
3. Athuganir á notkunarsviðum fyrir perlustein hérlendis sem erlendis svo og markaðsathuganir.
4. Hagkvæmniathuganir á vinnslu perlusteins, bæði í smáum stíl á innanlandsmarkað og stórvinnslu til útflutnings.

1. Athugun á Prestahnjúk.

Prestahnjúkur er 1200 metra hátt fjall, sem liggur milli Þórisjökuls og Langjökuls. Er fjallið um einn rúmkílómetri að stærð. Talið er að a. m. k. 17—18 milljónir rúmmetra af perlusteini séu í fjallinu. Vegalengd frá Prestahnjúk til strandar er styst ef tekin er bein lína í Hvalfjarðarbotn, um 50 km. Sé farinn núverandi vegur um Kaldadal, Uxahryggi til Akraness er vegalengdin þangað um 116 km og að Grundartanga 109 km.

2. Rannsóknir á gæðum og eiginleikum.

Perlusteinn er súrt gosberg með efnasamsetningu sem lík er líparíti og hrafntinnu. Perlusteinninn hefur þó þann sérstæða eiginleika, að sé hann hitaður upp í 800—900°C þenst hann út allt að 20-falt og myndar mjög létt og einangrandi efni. Er algengt að þaninn perlusteinn vegi frá 50 til 150 kg rúmmetrinn.

Fyrst í stað voru gerðar þenslutilraunir á rannsóknastofu, sem brátt lofuðu svo góðu að farið var út í stærri tilraunir. Var í fyrstu leitað til erlendra sérfræðinga og fékkst aðstoð frá Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, bæði hvað snerti fjárhags- og sérfræðiaðstoð. Var það aðallega frá Ungverjalandi sem þessi aðstoð kom. Árið 1976 var ákveðið að setja upp fullkomna rannsóknaaðstöðu með nægjanlega stórum þensluofni til að framleiða sýni, sem gæfu fullkomnar upplýsingar um eiginleika perlusteinsins. Var gerður samningur við Sementsverksmiðju ríkisins árið 1976 um að setja þar upp búnað til þess að þurrka og flokka óþaninn perlustein og jafnframt að setja þar upp þensluofn sem fenginn hafði verið til tilraunavinnslunnar frá Ungverjalandi.

Jafnframt gerðist erlendur aðili þátttakandi í tilraununum. Var það sementsverksmiðjan í Álaborg í Danmörku og var þetta rannsóknaverkefni að hluta fjármagnað úr Norræna iðnþróunarsjóðnum.

Ítarlegar rannsóknir fóru fram á eiginleikum perlusteinsins árin 1976—1978 og voru sýni send bæði til erlendra og innlendra notenda. Niðurstaða tilraunavinnslunnar var sú, að íslenskur perlusteinn væri mjög vel nothæfur á flestum notkunarsviðum perlusteins. Erlendir aðilar, sem fengu stærri sendingar af þöndum perlusteini, svo sem norsku sementsverksmiðjurnar, töldu hann ekkert síðri gríska perlusteininum bæði í þenslu og til nota í byggingarplötur.

3. Notkunarsvið og markaðsathuganir.

Perlusteinn er notaður til margs konar hluta. Má þar til nefna notkun í lausa hitaeinangrun húsa, í léttar múrblöndur, í léttsteypu, í klæðningaplötur með sement sem bindiefni, sem fylliefni með asfalti eða plasti, sem bindiefni, sem bætiefni í jarðveg og sem síuefni fyrir ýmiss konar vökva, sérstaklega í lyfjaiðnaði. Vegna samstarfsverkefnisins við Álaborgarverksmiðjurnar var gerð ítarleg markaðsathugun á Norðurlöndunum fyrir þaninn perlustein. Einnig var markaður athugaður í Norður-Evrópu og á austurströnd Bandaríkjanna. Þá var perlusteinn frá tilraunavinnslunni sendur víðs vegar erlendis til prófunar og reyndust margir aðilar vera áhugasamir. Sérstaklega virtist notkun hans í síuefni vera eftirsóknarverð, þar sem verð á síuperlusteini er hátt.

Á innanlandsmarkað var framleitt talsvert magn af þöndum perlusteini. Var það notað á nokkrum stöðum í byggingariðnaðinum, aðallega sem laus einangrun, og virtist reynsla af því góð. Þá var perlusteinninn reyndur í léttpússningu og sem þjálnibætandi efni í pússningu, til jarðvegsbóta, sem fylliefni í málningu, fylliefni í þilplötur, og fleiri álíka tilraunir voru gerðar með íslenska perlusteininn hérlendis og þótti hann reynast vel í flestum tilfellum, þó að sumar þessar tilraunir næðu fremur skammt og væru ekki nægilega marktækar.

4. Hagkvæmniathuganir.

Í byrjun var talið hagstætt að flytja út perlustein, og sýndu hagkvæmniútreikningar jákvæða niðurstöðu miðað við um 100 000 tonna útflutning á ári. Nokkrir óvissuþættir voru þó alltaf í áætlununum um útflutning. Stærstir þessara þátta voru þó tveir. Annar var flutningskostnaður á perlusteini til strandar og hinn möguleikinn á markaðshlutdeild erlendis. Flutningskostnaðurinn var að sjálfsögðu mjög stór liður þar sem ástand vega upp að fjallinu er mjög bágborið og leiðin löng.

Útreikningar varðandi útflutning byggðust því á lagningu vegar sem þó yrði ekki nothæfur allt árið vegna snjóa. Hitt málið var að 100 000 tonn voru of mikið magn til þess að öryggi væri um sölu þess á mörkuðum í hæfilegri fjarlægð. Talið var að aðrir flutningamöguleikar, t. d. flutningur í pípum með vatni, gætu bætt um hagkvæmnina, en þeim athugunum er ekki lokið fullkomlega.

Athugaðir voru möguleikar á útflutningi í samvinnu við erlenda aðila, svo sem bæði norsku og dönsku sementsverksmiðjurnar, en að athuguðu máli töldu þessir aðilar málið of áhættusamt. Fróðlegt er þó að geta þess, að einn af þeim sérfræðingum frá Álaborgarverksmiðjunni, sem unnu að tilraunaverkefninu á Akranesi, setti sjálfur upp litla þensluverksmiðju í Kaupmannahöfn eftir að Álaborgarverksmiðjan hafði hætt við verkefnið. Gengur þetta fyrirtæki vel, en notar gríska perlustein sem hráefni.

Framleiðsla í smáum stíl innanlands virðist mun vænlegri en útflutningur. Ýmislegt veldur því. Markaðurinn er það lítill að núverandi vegakerfi ber nauðsynlegt flutningamagn í þá 3—4 mánuði sem vegurinn er opinn.

Útreikningar sýndu að perlusteinn fluttur eftir núverandi leiðakerfi í smáum stíl var á svipuðu verði hér innanlands og útfluttur perlusteinn í stórum stíl í móttökuhöfn erlendis.

Í ljósi þessara staðreynda var í beinu framhaldi af tilraunavinnslunni kannaður áhugi innlendra aðila á perlusteinsvinnslu fyrir íslenskan markað, þá með útflutning meira sem framtíðarmöguleika í huga.

Sementsverksmiðja ríkisins sýndi þessu máli áhuga, og gerði stjórn verksmiðjunnar um það samþykktir. Niðurstaðan varð þó sú, að mynduð voru fjögur fyrirtæki sem skyldu vinna að vinnslu og nýtingu perlusteins úr Prestahnjúk. Þessi fyrirtæki voru Perla hf. á Akranesi, sem átti að sjá um þenslu á perlusteini, Prestahnjúkur hf. í Borgarnesi og Ylfell hf. í Reykjavík, sem áttu að sjá um vöruþróun og framleiðslu og Perlusteinsvinnslan hf., sem var sameign hinna þriggja fyrirtækjanna, en það fyrirtæki átti að sjá um vinnslu hráperlusteins og leita leiða til útflutnings. Þessi fyrirtæki störfuðu nokkuð árin 1978 og 1979, en hafa síðan hætt starfsemi vegna fjárskorts, m. a. vegna þess að hlutafé safnaðist illa og opinbert lánsfé var bundið því.

Perlusteinsvinnslan áætlaði að byggja upp útflutning í áföngum með því að reisa fyrst verksmiðju sem þurrkaði og sigtaði 5—10 þús. tonn af perlusteini á ári. Var gert ráð fyrir að innlendu þenslufyrirtækin fengju mestan hluta framleiðslunnar, en afgangurinn yrði notaður til vörukynningar erlendis. Í hagkvæmniáætlun Perlu hf. á Akranesi var gert ráð fyrir framleiðslu á um 17 000 m³ af þöndum perlusteini á ári, sem samsvarar um 1500 tonnum af þöndum perlusteini.

Notkun perlusteinsins var hugsuð þannig:

Laus einangrun í stað frauðplasts og glerullar	8 000 m³
Létt perlusteinspússning	4 000 —
Léttsteypa og trefjaplötur	4 000 —
Perlusteinn sem jarðvegsbætir	1 000 —
Samtals	17 000 m³

Talið var að þessum markaði mætti ná á 4 árum, en gert var ráð fyrir að kaupa ofn með 10 m³ afköstum á klst. sem vel annaði þessu magni.

Ef markaðurinn stækkaði var gert ráð fyrir fleiri þensluofnum sem dreifa mætti um landið, en hráperlusteinninn yrði aðeins unninn í Borgarfirði.

Á árunum 1978 og 1979 voru gerðar áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað verksmiðju bæði til þurrkunar og flokkunar hráperlusteins og þenslu perlusteins.

Hér á eftir eru þessar áætlanir færðar til núvirðis miðað við byggingarvísitölu:

1. Þurrkun og sigtun 5 000 tonn/ári.

1.1. Kostnaðaráætlun:

Byggingarkostnaður:

Húsnæði 12 × 35 metrar	2 460 000 kr.
Efnisstíur o. þ. h.	180 000 —
Lóðafrágangur	90 000 —
Rafmagn o. fl.	120 000 —
Samtals	2 850 000 kr.

Véla- og tækjabúnaður:

Matari, færibönd og forbrjótur	260 000 kr.
Þurrkari	840 000 —
Olíuketill og olíutankur	540 000 —
Flutningakerfi	25 000 —
Rykskilja	230 000 —
Sigti	220 000 —
Færibönd að stíum	190 000 —
Stjórntæki	140 000 —
Loftræstitæki o. þ. h.	180 000 —
Rafbúnaður	120 000 —
Samtals	2 745 000 kr.

Vélabúnaður + byggingarkostnaður	**5 595 000 kr.**

1.2. Rekstrarkostnaður miðað við framl. 5 000 t/ár.

Flutningur hráefnis til Akraness	1 650 000 kr.
Verksmiðja:	
Olía og raforka	410 000 —
Laun	520 000 —
Viðhald — skrifstofa	130 000 —
Afgreiðsla o. fl.	300 000 —
Afskriftir af vélum 10%	275 000 —
Vextir af rekstrarfé	80 000 —
Ýmislegt	150 000 —
Samtals	**3 515 000 kr.**

Miðað við fulla framleiðslu mundi tonnið af óþöndum perlusteini kosta 700 kr.

Miðað við það, að aðeins væri framleitt nægjanlegt magn til þess að sjá 17 000 m^3 þensluverksmiðju fyrir efni, eða 1500 tonn á ári, hækkar þetta verð, áætlað, í 1 000 kr. á tonn.

2. Þensla.

2.1. Stofnkostnaður.

Húsnæði	4 500 000 kr.
Þensluofn	1 350 000 —
Annar tækjabúnaður	1 150 000 —
Samtals	**7 000 000 kr.**

2.2. Rekstrarkostnaður 17 000 m³/ár.

Launakostnaður	1 350 000 kr.
Olía	630 000 —
Rafmagn	145 000 —
Hráefni	1 500 000 —
Umbúðir	650 000 —
Rekstur húsa	180 000 —
Viðhald	270 000 —
Vextir — rekstrarlán	540 000 —
Vöruþróun — markaðsþróun	225 000 —
Afskriftir	450 000 —
Samtals	**5 940 000 kr.**

Kostnaðarverð á m³: **350 kr.**

Þetta verð er samkeppnisfært við frauðplast, þar sem verð á venjulegu frauðplasti er 760 kr. á m³, en um tvöfalt magn þarf af perlusteini miðað við frauðplast þegar hann er notaður í lausa einangrun í loft, en til þeirra nota eru mestar vonir bundnar við perlusteininn.

Hagkvæmni notkunar perlusteins í pússningu, byggingaplötur eða jarðveg er erfiðara að dæma um, þar sem um nýiðnað er að ræða og beinn samanburður er ekki fyrir hendi, en væntanlega ætti hagkvæmni þó að vera þar meiri. Má benda á að þilplötur úr sementi, trefjum og perlusteini eru seldar á mjög háu verði erlendis, t. d. í Noregi (Pernit-plötur).

Framangreindar áætlanir eru gerðar fyrir tvær aðskildar verksmiðjur, þar sem önnur framleiðir þurrkaðan og flokkaðan perlustein tilbúinn til þenslu. Afkastageta þeirrar verksmiðju er þrefalt meiri en þensluverksmiðjunnar og er hugsuð til lengri framtíðar, þar sem þensluverksmiðjur mundu rísa víðar á landinu. Hin verksmiðjan mundi svo framleiða þaninn perlustein. Þessum verksmiðjum mundi svo fylgja nokkur vöruiðnaður, t. d. plötugerð og framleiðsla pússningar. Þá skal bent á það, að staðsetning þessara verksmiðja á sama stað gæti verið mjög hagkvæm. Má þar nefna betri nýtingu starfsmanna og húsakosts og hugsanlega mætti nýta hita frá þenslu perlusteinsins til þess að þurrka hráperlusteininn.

Af þessum athugunum má ályktа að útflutningur perlusteins í stórum stíl sé enn sem komið er of áhættusamt fyrirtæki. Stofnkostnaður er um tíu sinnum meiri en til innanlandsframleiðslu og vegagerð og markaðsaðstæður ótryggar. Öðru máli gegnir um framleiðslu á innanlandsmarkað. Þar nýtist sú vegagerð sem fyrir er, markaðsaðstæður eru betur þekktar, stofnkostnaður er lítill og hagnaðarvon, miðuð við þaninn rúmmetra, betri en í útflutningi. Aftur á móti gæti traustur innlendur perlusteinsiðnaður leitt af sér stórútflutning sem byggður væri á traustum grunni.

Nd. 56. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 87 1971, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Laugardagar, sunnudagar eða aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum.

4. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við töku orlofs fyrir orlofsárið frá 1. maí 1982 til 30. apríl 1983 en 3. gr. tekur gildi 1. desember 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst 1982 um aðgerðir í efnahagsmálum og leggur ríkisstjórnin áherslu á afgreiðslu þess fyrir 1. desember n. k. Ástæðan er sú, að lenging orlofsins kemur á móti þeirri skerðingu verðbóta sem á sér stað 1. desember. Lenging orlofsins skv. þessu frumvarpi þýðir 1.84% í kaupi, en að auki er svo flutt sérstakt frumvarp um frídag verslunarmanna þannig að heildarbreytingin samsvarar liðlega 2% í kaupi hjá þeim sem minnstan rétt hafa haft, þ. e. 8.33% orlof og ekki launað leyfi á frídegi verslunarmanna.

Meginbreytingin frá gildandi lögum er sú, að í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að laugardagar teljist ekki orlofsdagar, fremur en sunnudagar og aðrir helgidagar. Verkalýðssamtökin hafa um árabil haft uppi kröfu í þessu efni og ýmis stéttarfélög fengið því framgengt í samningum. Á Alþingi hafa verið flutt þingmannafrumvörp sem gengið hafa í sömu átt.

Almenn vinnuvika verkafólks er nú 40 stundir í dagvinnu, unnin á 5 dögum, frá mánudegi til og með föstudegi. Laugardagar hafa því um langt skeið ekki talist til almennra vinnudaga hjá þorra verkafólks. Það verður því að teljast fullkomið réttlætismál að laugardagar teljist ekki til orlofsdaga. Þá má í þessu sambandi geta þess að í nýlegum samningum við BSRB var sá háttur upp tekinn að fella laugardaga út sem orlofsdaga. Frumvarp þetta stefnir því að samræmingu lágmarksorlofs hjá öllum launamönnum.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að orlof skuli veitt í einu lagi á tímabilinu frá 1. maí til 15. september.

Í samræmi við þá fjölgun orlofsdaga, sem felst í 1. gr. frumvarpsins, er í 3. gr. gert ráð fyrir hækkun á orlofsfé í 10,17% sem er rétt hlutfall miðað við fjölgun orlofsdaga.

Með ákvæði til bráðabirgða er að því stefnt að breyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, komi til framkvæmda með sama hætti og samið var um við opinbera starfsmenn.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 2. ágúst var einnig fjallað um frídag verslunarmanna og að hann yrði almennur frídagur. Í samræmi við yfirlýsinguna er flutt sérstakt frumvarp um þetta efni.

Nd. 57. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku, sbr. lög nr. 25 22. maí 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Við 6. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Frá og með árinu 1983 skal fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skal greiða laun fyrir þann dag samkvæmt sömu reglum og gilda í kjarasamningum um aðra almenna frídaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er fylgifrumvarp frumvarpsins um lengingu orlofs. Um athugasemdir vísast til þess frumvarps.

Nd. 58. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. maí — 31. maí og 1. september — 15. september, nema sérstakt samþykki launþega komi til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var áður flutt á 104. löggjafarþingi. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Á því hefur borið, einkum á stærri vinnustöðum, að launþegar hafa verið óánægðir með að þurfa að taka orlof sitt í maí, áður en eiginlegur sumarleyfistími er hafinn. Með þessu frumvarpi er lagt til að í upphafi og við enda orlofstímans þurfi sérstakt samþykki launþegans til, en að öðrum kosti sé orlof á tímabilinu júní, júlí og ágúst.

Sþ. 59. Fyrirspurnir. [58. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um birgðir afurða.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hve miklar voru birgðir kindakjöts hjá afurðasölufyrirtækjum 1. júní s. l., 1. júlí, 1. september og 1. október og hvert var verðmæti þeirra?
2. Hjá hvaða fyrirtækjum voru þessar óseldu birgðir á framangreindum dögum?
3. Hve mikil voru afurðalánin út á þessar afurðir á hverjum framangreindra daga og hverjir höfðu fengið þau?

II. Til landbúnaðarráðherra um bann við því að bændum sé greitt fullt verð fyrir afurðir.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Samkvæmt hvaða lagaheimild hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins lagt bann við því, að bændum sé greitt fullt verð fyrir sauðfjárafurðir frá haustinu 1981?
2. Var bann þetta lagt á í samráði við landbúnaðarráðherra?
3. Hvert var tilefni þess, að Framleiðsluráðið taldi sig knúið til að banna sláturleyfishöfum að greiða bændum fullt verð?
4. Mega bændur eiga von á því, að sláturleyfishöfum verði nú á næstunni bannað að greiða þeim fullt verð fyrir afurðir haustsins 1982?

Ed. 60. Frumvarp til laga [59. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

a) 2. tl. orðist svo:
Með árlegum framlögum af byggingarsjóðsgjöldum, 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.

b) Nýr töluliður komi er verði 6. tl. og orðist svo:
Með 2% launaskatti samkvæmt lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.

2. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Lán skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 42 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

3. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a) Með tekjum af eigin fé.
b) Með árlegu framlagi úr ríkissjóði á fjárlögum sem nema skal 80% af áætlaðri fjármagnsþörf sjóðsins vegna byggingar verkamannabústaða.

c) Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 10% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.
d) Með lántökum.

Eigin fé sjóðsins skal m. a. varið til lánveitinga vegna sölu á eldri verkamannabústöðum og til lækkunar á framlögum skv. stafliðunum b og c hér að framan.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast afgreiðslu lána úr sjóðnum og innheimtu þeirra fyrir hans hönd. Heimilt er ráðherra að ákveða að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að almennum innlánsstofnunum skuli falið að annast afgreiðslu lána og innheimtu þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsnæðismálin eru ein allra þýðingarmestu mál hvers þjóðfélags. Það er ekki einungis að húsnæði er öllum mönnum nauðsynlegt, heldur hefur húsnæðisástandið, sem þjóðin býr við, hin víðtækustu áhrif.

Þá hafa húsnæðismálin þá sérstöðu gagnvart ýmsum öðrum málum, að jafnvel þótt tiltölulega fáir búi við slæmt ástand er það þó alltaf mjög alvarlegt mál. Og því fremur kastar tólfunum þegar ástandið er almennt slæmt. Fólk, sem býr í heilsuspillandi íbúðum eða í ofþrengslum eða getur ekki stofnað heimili vegna húsnæðisskorts, getur átt við ósegjanlega erfiðleika að stríða. Allir heilbrigðir menn hafa samúð með fólki sem lendir í slíkum erfiðleikum.

Einmitt vegna þessarar sérstöðu húsnæðismálanna er hætt við að þau séu notuð enn frekar en önnur mál í lýðskrums- og auglýsingaskyni. Skortir þá ekki á að farið sé hugnæmum orðum um raunir hinna húsnæðislausu, og er þá oft lögð meiri áhersla á þann söng heldur en raunhæf úrræði. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar litið er til laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, ef menn vilja leita skýringa á þeim ólíkindum sem í þeim felast.

Fyrir rúmum aldarfjórðungi voru fyrstu lögin sett um húsnæðismálastjórn og almenna veðlánakerfið tók til starfa. Þetta markaði þáttaskil í lánamálum húsbyggjenda í landinu. Síðan hefur almenna veðlánakerfið verið grundvöllur opinberra aðgerða til fjármögnunar íbúðarhúsabygginga. Á þessu tímabili hefur verið lyft Grettistaki í húsakosti landsmanna. Eru þær framfarir eitt af undrum þeim sem þjóðin hefur upplifað á þessum tíma. Almenna veðlánakerfið eða Byggingarsjóður ríkisins hefur lengst af lánað 90—95% af öllum íbúðarhúsabyggingum landsmanna þennan tíma.

Almenna veðlánakerfið var ekki fullkomið þegar það hóf starfsemi sína og ýmsu var ábótavant. En menn vissu hvað þeir vildu og höfðu markmið að stefna að. Viðfangsefnið var frá upphafi að efla veðlánakerfið. Það þurfti að bæta lánskjörin, lengja lánstímann, lækka vexti og umfram allt að hækka lánin og auka hlutfall þeirra í byggingarkostnaðinum.

Forsenda þessa alls er fjármagnið. Það hefur verið meginvandinn frá fyrstu tíð að afla aukins fjármagns í þágu húsnæðismálanna. Það hefur líka verið aðalatriði því að ekkert hefur verið hægt að sækja fram á þessu sviði nema með auknu fjármagni. Þess vegna hefur endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar venjulega beinst fyrst og fremst að fjáröfluninni. Í þessum efnum hefur verið smám saman sótt fram í rétta átt með því að Byggingarsjóði ríkisins hafa verið fengnir auknir og nýir tekjustofnar, svo sem með skyldusparnaði ungs fólks og með launaskatti.

En árið 1980 dregur bliku á loft með því að rofin er hin jákvæða þróun sem fólgin var í því að styrkja fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs ríkisins. Við setningu laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, var brugðið frá þeim vana, sem jafnan hafði verið áður fylgt við endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar, að afla aukins fjármagns í þágu húsnæðismálanna. En

það var ekki nóg með þetta, heldur var farið þveröfugt að við það sem áður tíðkaðist, með því að Byggingarsjóður ríkisins var sviptur aðaltekjustofni sínum þar sem var launaskatturinn. Og svo var óskammfeilnin mikil að jafnframt voru lögð stóraukin verkefni á Byggingarsjóð ríkisins án þess að honum væri séð fyrir nokkrum nýjum tekjustofnum til að mæta þessum þörfum. Hér var um bein fjörráð að ræða við hinn almenna húsbyggjanda í landinu. Það var beinlínis verið að grafa undan þeim lánasjóði sem lánað hafði til meginhluta allra íbúðarhúsabygginga í landinu.

En hér var um meira að tefla en Byggingarsjóð ríkisins. Það var vegið að þeim viðhorfum og lífsskoðunum sem eru grundvöllur þess átaks sem þjóðin hefur gert í húsnæðismálum sínum á undanförnum áratugum. Það var vegið að þeirri sjálfsbjargarviðleitni og einkaframtaki sem skilað hefur okkur glæsilegum árangri í húsnæðismálunum. Það, sem mest á reið, var að styrkja þetta framtak með því að bæta íbúðarlánin til fólksins í landinu, lengja lánstímann, lækka vexti og hækka hlutfall lána af byggingarkostnaðinum. Þurfti að festa í sessi þá skipan, sem svo vel hefur reynst okkur, með því að tryggja betur að öllum almenningi í landinu væri gert fært að byggja og standa undir þeim lánskjörum sem hið almenna íbúðarlánakerfi hefur upp á að bjóða.

Þessi niðurrifsstefna ríkisstjórnarinnar gagnvart Byggingarsjóði ríkisins er svo áréttuð í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1980 með því að tekið er fram að stefnt skuli að því, að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a. m. k. þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Þessi stefna er út í hött nema ráð sé fyrir því gert, að hið almenna veðlánakerfi geti ekki mætt þörfum hins almenna húsbyggjanda.

En sýndarmennska ríkisstjórnarinnar ríður ekki við einteyming. Undir yfirskini umhyggju fyrir lítilmagnanum eru Byggingarsjóði verkamanna brugguð fjörráð. Um leið og sjóðurinn er gerður að almennum lánasjóði á að svipta hann möguleikunum að sinna sérþörfum þeirra sem verst eru settir. Áður var Byggingarsjóður verkamanna fjármagnaður með óafturkræfum framlögum frá sveitarfélögum og ríkissjóði þannig að allt fjármagn hans til verkamannabústaða var fengið með þeim hætti. Í lögunum frá 1980 er kveðið svo á að frá ríki og sveitarfélögum komi einungis 40% af því fjármagni sem gengur til verkamannabústaða. Samkvæmt ákvörðun laganna á hitt fjármagnið að koma með sérstökum lántökum sem ákveðnar eru hverju sinni. Þannig á að leita á hinn almenna lánamarkað með þeim lánskjörum sem þar eru nú og sjóðnum að vera gert að taka þar lán og lána síðan út með 0.5% vöxtum.

Með þessu fyrirkomulagi er raskað til frambúðar fjárhagslegum grundvelli fyrir starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna nema breytt verði þeim útlánskjörum sem lögin gera ráð fyrir. Þessi lánskjör eru miðuð við þarfir hinna verst settu. Ef þau eru gerð lakari, þá er kippt fótunum undan aðstoð við þetta fólk.

Afleiðingarnar af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum blasa nú við. Stefnt er í almennt lánakerfi án sérkjara fyrir hina verst settu, en með þeim kvöðum sem verkamannabústöðum fylgja. Keppikefli er að sem flestir húsbyggjendur falli undir slíkt kerfi verkamannabústaða. Þannig eru sem flestir gerðir háðir opinberri forsjá. Þannig undirgangast sem flestir þær takmarkanir sem löggjöfin setur á eignar- og umráðarétt þesssara íbúða. Þetta á að þykja fullgott eftir að búið er að veikja almenna veðlánakerfið svo að það geti ekki veitt nægilega há lán með þeim kjörum sem hinn almenni launþegi getur staðið undir af launatekjum sínum. Þannig er grafið undan því framtaki einstaklingsins að frjálsri byggingarstarfsemi sem hefur staðið undir 90—95% allra íbúðabygginga í landinu. Þannig er skert samkeppnisaðstaða þeirra sem best hafa stuðlað að hagkæmni íbúðarhúsabygginga og lækkun byggingarkostnaðar. Það er talið keppikefli, að ríkisforsjá komi í stað einstaklingsframtaks. Jafnframt er forsmáð hugsjónin um sérstaka aðstoð við þá sem verst eru settir.

Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er ætlað að hamla gegn þeirri þróun í húsnæðismálunum sem hér hefur verið lýst. Frumvarpið felur í sér tvenns konar aðgerðir sem mest

er um vert í þessu tilliti að koma í framkvæmd. Annars vegar er lagt til að tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins verði efldir til þess að gera sjóðnum betur fært að gegna því hlutverki sem almennur lánasjóður að veita íbúðarlán með þeim kjörum sem geri almenningi í landinu fært að koma sér upp eigin íbúð. Hins vegar er lagt til að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti, að sjóðnum sé gert kleift til frambúðar að veita sérstaka félagslega aðstoð þeim sem verst eru settir til þess að þeir geti einnig komið sér upp þaki yfir höfuðið.

Frumvarp þetta fjallar um fjármögnun byggingarsjóðanna, en felur ekki í sér tillögur til alhliða breytinga á húsnæðislöggjöfinni. Það verkefni bíður betri tíma. Hins vegar hafa tillögur þær, sem hér eru gerðar, almennt gildi sem forsenda þess, að lánasjóðunum sé gert kleift að sinna hinum ýmsu verkefnum sem lögin setja þeim. Af þeim ástæðum er einnig lagt til að lánstími almennra íbúðalána Byggingarsjóðs ríkisins verði lengdur úr 26 árum í 42 ár svo að staðið verði undir greiðslubyrði lánanna af almennum launatekjum, en það er forsenda þess, að Byggingarsjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu sem almennt veðlánakerfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a) Í 2. tl. 9. gr. segir nú, að fjár í Byggingarsjóð ríkisins skuli aflað með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum. Tvær breytingar eru lagðar til á þessu ákvæði laganna. Önnur breytingin er sú, að „launaskattur", sem hér er óskilgreindur og í framkvæmd til málamynda, fellur niður. Hin breytingin er sú, að skilgreint er nánar hvað átt er við með byggingarsjóðsgjöldum, þ. e. 1% álag er innheimta skal aukalega á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.

b) Hér er lagt til, að andvirði 2% launaskatts gangi til Byggingarsjóðs ríkisins eins og var áður en núgildandi lög komu til. Ber hér tvennt til. Annars vegar er um að ræða brýna fjárþörf Byggingarsjóðsins til að bæta íbúðalánin og mæta nýjum verkefnum sem sjóðnum hefur nú verið ætlað að sinna. Hins vegar verður einungis með þessu móti haldið í heiðri forsendunum fyrir álagningu launaskattsins. Þannig verður það virt sem almenningi og skattborgurunum var sagt þegar þetta gjald var upphaflega sett á og menn gátu miklu betur umborið í vissu um að andvirði þess gengi til þeirra þarfa sem um var talað, eða til aðstoðar húsbyggjendum í landinu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lánstíminn verði lengdur úr 26 árum í 42 ár. Er þetta gert til að létta greiðslubyrði lánanna svo að staðið verði undir henni af almennum launatekjum.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna sé efldur til þess að sinna því sérhæfða verkefni að veita hinum verst settu í þjóðfélaginu aðstoð til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Lagt er til að þetta sé gert með því, að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 80% af fjármagnsþörf sjóðsins í stað 30% sem núgildandi lög ákveða. Er þá ekki keppikefli að aðstoð Byggingarsjóðs verkamanna nái til sem flestra, heldur hitt, að sjóðurinn megi veita sem besta þjónustu þeim sem eru þurfi þessarar sérstöku hjálpar. Er þá reiknað með því stefnumiði, að Byggingarsjóður ríkisins sé efldur svo að almenningur í landinu eigi kost íbúðarlána frá þeim sjóði í svo háu hlutfalli við byggingarkostnað, að mönnum sé gert kleift að koma sér upp eigin íbúðum, og með þeim lánstíma og vaxtakjörum, að staðið verði undir með almennum launatekjum. Með tilliti til þessa er lagt til að fellt verði niður það stefnumið í núgildandi lögum, að Byggingarsjóður verkamanna fjármagni a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um rafvæðingu dreifbýlis.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Helgason, Þórarinn Sigurjónsson, Ingólfur Guðnason, Stefán Valgeirsson, Davíð Aðalsteinsson, Páll Pétursson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að á næstu tveim árum (1983 og 1984) verði nægjanlegt fjármagn tryggt svo ljúka megi rafvæðingu býla í sveitum sem miðist við að samveita nái til allra býla landsins með allt að 6 km eins vírs línu samkvæmt áætlun Orkuráðs frá 14. apríl 1982.

Jafnframt verði gerð og lögð fram áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla sem ekki hafa verið tengd samveitu að áætlunartímabili loknu.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur tekist að koma rafmagni frá samveitu til mikils meiri hluta allra sveitabýla í landinu.

Árið 1971 voru um 930 býli án rafmagns. Nú eru þau býli, sem þessi tillaga til þingsályktunar fjallar um og lagt er til að verði tengd samveitu, nálægt 25—30.

Í því þjóðfélagi, sem við lifum í, sjá allir og skilja hversu mikilvægt það er, að raforka sé fyrir hendi þar sem mannlíf á annað borð er.

Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga gnægð vatnsorku. Okkur ber skylda til að nýta þá orku er í fallvötnum landsins býr, en spara þess í stað innflutta olíu bæði til raforkuframleiðslu og upphitunar.

Því er skynsamlegt og hagkvæmt að ljúka rafvæðingu dreifbýlisins sem fyrst.

Ed. 62. Frumvarp til laga [61. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1983 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1982 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1982.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1983 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1982. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1983 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 2 000 kr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VII—XIV kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1983 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1984. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1983.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt lögum nr. 19/1982 og er áætlað að tekjur af honum verði um 32 100 000 kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 19/1982. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 54 700 000 kr. en innheimta um 49 500 000 kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Nd. 63. Frumvarp til laga [62. mál]

um breytingu á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist á þessa leið:
Við bætist ný tollskrárnúmer:

34.02.05. Sótthreinsandi vökvi og hreinsitöflur fyrir snertilinsur	0
38.11.10. Vökvi fyrir snertilinsur	0
38.19.49. Vökvi fyrir snertilinsur	0

Eftirtalin tollskrárnúmer breytist svo:
90.01.01. Fyrir „15" kemur: 0.
90.03.00. Fyrir „15" kemur: 0.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mjög er á reiki hvernig innflutningsgjöld eru ákveðin af einstökum vörutegundum. Rökrétt samhengi milli einstakra tollflokka finnst trauðla, enda eykur tollskráin á misrétti í félagslegum efnum í sumum tilvikum. Í öðrum hallar hún á innlenda framleiðendur en ívilnar erlendum.

Í frv. þessu er aðeins tekið á einum og takmörkuðum þætti tollskrárinnar þar sem lagt er til að fella niður aðflutningsgjöld af umgjörðum og gleraugnagleri, en á hvoru tveggja er 15% tollur og 32% vörugjald.

Undir vissum kringumstæðum eftir augnuppskurð greiðir Tryggingastofnun ríkisins glerin, og 70% af verði gleraugna fyrir börn vegna augnréttinga, ef þau hafa sjónskekkju.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að rétt sé að menn, sem nota venjuleg gleraugu, standi undir þeim kostnaði sjálfir, en rangt að íþyngja þeim með innflutningsgjöldum. Til álita kemur á hinn bóginn að Tryggingastofnunin taki þátt í eða greiði gleraugu fyrir börn. Nærsýni er ættgeng og systkin geta því þurft gleraugu hvert af öðru hennar vegna.

Vökvi fyrir þá, sem nota svonefndar „kontaktlinsur" eða snertilinsur, er með þrennum hætti eftir notagildi og í jafnmörgum tollnúmerum. Tollur er ýmist enginn, 15% eða 50% og vörugjald ýmist 32% eða 40%. Þessar tölur sýna að löggjafinn hefur ekki haft „kontaktlinsur" í huga við gerð tollskrárinnar eða ákvörðun vörugjaldsins. Hér er farin sú leið að setja vökva þessa í ný tollskrárnúmer og fellur vörugjaldið þá sjálfkrafa niður.

Samkvæmt tollskrá falla svonefnd „Mílusgleraugu", sem þeir nota sem nánast eru blindir, undir tollflokk 90.04.09 og ættu því að bera 50% toll og 32% vörugjald. Ef ettir er leitað falla þessi gjöld þó niður skv. sérstakri heimild.

Nd. 64. Frumvarp til laga [63. mál]

um breytingu á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Í A-lið 1. gr. laganna falla niður eftirtalin tollskrárnúmer:
90.01.01.
90.03.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni frv. þessa er einungis að fella niður vörugjald af umgjörðum og gleraugnagleri. Vörugjald þetta hefur verið að hækka, nú síðast með brbl. ríkisstjórnarinnar hinn 21. ágúst s. l. er það var ákveðið 32%, en var áður 24%.

Samhliða frv. þessu flytja flm. frumvarp um breytingu á tollskrá á þskj. 63. Verði bæði frv. samþykkt falla öll aðflutningsgjöld niður af gleraugum og hreinsivökvum fyrir svokallaðar „kontaktlinsur".

Sþ. 65. Fyrirspurn [64. mál]

til dómsmálaráðherra um norrænt umferðaröryggisár.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu yfirvalda til að auka öryggi í umferðinni í tilefni norræna umferðaröryggisársins 1983?

Ed. 66. Frumvarp til laga [65. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að draga úr verðmun á gjaldskrám hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða í samanburði við aðrar rafveitur í landinu. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1983 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Í stað „1982“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforku verði framlengd til ársloka 1983. Upphæð gjaldsins verður áfram 19% og verður því skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins sem fá 80% og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Frá 1970 til 1974 voru í gildi lög nr. 17/1970 um breytingu á lögum nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt ákvæðum þeirra laga var kveðið á um að „þeir aðilar sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins“.

Með lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku.

Verðjöfnunargjaldið var hækkað verulega til að ráða bót á miklum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Þá var ákveðið að greiða skyldi verðjöfnunargjaldið í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. lagt á sama stofn og söluskattur. Gjaldinu skyldi varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og hamla gegn óhóflegri hækkun gjaldskrár. Með stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið að hluti gjaldsins skyldi renna til þess.

Ákveðið var að gjaldið legðist á samhliða söluskatti og að raforkusala til hitunar skyldi undanþegin á sama hátt og hún er undanþegin söluskatti.

Lög þessi voru sett til eins árs í senn, en hafa verið framlengd nánast óbreytt síðan að efni til.

Oft hafa verið gerðar athuganir á ástæðum fyrir fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, og hafa meginniðurstöður jafnan verið þær, að þeim væri ætlað að sinna félagslegum framkvæmdum og orkusölu á ýmsum stöðum, þar sem markaður stendur engan veginn undir tilkostnaði.

Ennfremur hafa lánskjör verið óhagstæð og fyrirtækinu var ekki séð fyrir neinu eigin fé um árabil. Þó var orkuöflun Rafmagnsveitnanna lengst af mjög kostnaðarsöm og þurfti víða um land að framleiða raforku með dísilvélum. Með hækkandi olíuverði keyrði um þverbak í þeim efnum.

Þessar erfiðu aðstæður bitnuðu mjög á viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna, þannig að verðjöfnunargjaldið nægði engan veginn til að ná endum saman eða draga úr vaxandi verðmismun. Þannig var raforkuverð til viðskiptavina Rafmagnsveitnanna um skeið orðið næstum tvöfalt miðað við verð hjá rafveitum sveitarfélaga, og hið sama gilti um Orkubú Vestfjarða við stofnun þess.

Með aðgerðum í raforkumálum hefur á undanförnum árum náðst verulegur árangur í að draga úr mismun á raforkukostnaði víðs vegar um landið. Má í því sambandi minna á eftirtalið:

1) Tilkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við orkuöflun hefur lækkað verulega með lagningu orkuflutningslína og minnkandi raforkuframleiðslu með dísilvélum í kjölfarið, og má hún nú heita úr sögunni nema sem varaafl.

2) Það sjónarmið hefur nú verið viðurkennt að nokkru að ríkissjóður leggi Rafmagnsveitum ríkisins til eigið fé vegna framkvæmda sem nauðsynlegt reynist að ráðast í, en ekki eru fjárhagslega arðbærar.
3) Gerð hefur verið leiðrétting á heildsölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins þannig að hún er nú í meira samræmi við kostnað við að spenna raforkuna niður fyrir rafveitur sveitarfélaga og kostnað vegna þess taps, sem verður í dreifikerfinu.

Með ofangreindum aðgerðum og fyrir tilstyrk verðjöfnunargjalds hefur tekist að minnka verðmun á milli rafveitna sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins þannig að munur er nú 25% á heimilistaxta Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og minni gagnvart rafveitum flestra annarra sveitarfélaga.

Verðmunur til viðskiptamanna í atvinnurekstri hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er mjög mismunandi eftir stærð notenda og nýtingartíma þess afls sem keypt er. Smáir og stórir notendur greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en miðlungsstórir notendur með góðan nýtingartíma afls greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Staðfestur hefur verið samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar dags. 11. ágúst 1982 um yfirtöku Landsvirkjunar á 132 kV stofnlínukerfi landsins, svokölluðum byggðalínum, 1. janúar 1983. Samkvæmt samningnum skal Landsvirkjun selja raforku á sama verði á afhendingarstöðum stofnlínukerfisins. Með gerð þessa samnings hefur því verið stigið mikilvægt skref til að tryggja jöfnun á raforkukostnaði. Þannig mun Orkubú Vestfjarða, frá 1. janúar 1983, kaupa raforkuna beint frá Landsvirkjun á heildsöluverði því sem gilda mun um land allt. Mun þetta létta undir rekstri Orkubúsins, en fjárhagsstaða fyrirtækisins er afar erfið um þessar mundir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald sem innheimt er hjá rafveitunni á árinu 1983.

Rafveita Siglufjarðar hefur átt í miklum fjárhagslegum erfiðleikum undanfarin ár. Stafar þetta einkum af því, að ákvarðanir um virkjun Fljótaár hafa ekki reynst eins hagstæðar og vænst hafði verið, svo og ýmsum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins.

Gerð hefur verið allítarleg athugun á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom í ljós að hún var mjög slæm. Lánstími á lánum þeim sem tekin höfðu verið var m. a. of stuttur og lánskjör óhagstæð. Veitunni var útvegað lánsfé til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Ljóst er af þeirri reynslu sem fengist hefur síðan, að aðgerðir þessar duga ekki til að rétta af greiðslustöðu fyrirtækisins og þurfa því að koma til frekari aðgerðir, eigi raforkuverð hjá veitunni ekki að fara upp úr öllu valdi.

Atvinnulíf á Siglufirði hefur verið mjög sveiflukennt á undanförnum árum og virðist minnkandi loðnuafli nú leiða til verulegs tekjutaps fyrir rafveituna.

Komi til endurgreiðslu verðjöfnunargjalds til Rafveitu Siglufjarðar ætti með því að vera unnt að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins allverulega. Endurgreiðsla verður bundin því skilyrði, að gjaldskrá á Siglufirði sé a. m. k. ekki lægri en gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra þeirra rafveitna er halda verða uppi tiltölulega háu raforkuverði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að verðjöfnunargjald af raforku verði 19% og af því renni 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun.

Flm.: Steinþór Gestsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd 7 manna til þess að gera tillögur um samræmt númerakerfi yfir bújarðir í landinu með það að markmiði að gera tölvuvinnslu margs konar þátta landbúnaðarins og upplýsingamiðlun á því sviði fljótvirkari og öruggari.

Eftirgreindir aðilar skulu skipa fulltrúa í nefndina: Hagstofa Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Fasteignamat ríkisins, Landnám ríkisins og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum til landbúnaðarráðherra fyrir 1. janúar 1984.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 104. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrædd. Allsherjarnefnd Sþ. sendi hana þá ýmsum aðilum til umsagnar. Rétt þykir að benda á svar Fasteignamats ríkisins sem barst eftir að síðasta þing lauk störfum, og er það prentað með tillögunni sem fylgiskjal.

Þegar tillagan var flutt á síðasta þingi fylgdi henni svofelld greinargerð:

Það er hverjum manni ljóst, að tölvuvinnsla gagna hefur nú þegar verið tekin í þjónustu stjórnkerfisins, og í sjónmáli er að fleiri og fleiri þættir í samskiptum manna verða að laga sig að lögmálum tölvunnar ef fullt jafnræði á að haldast með starfsgreinum þjóðfélagsins.

Landbúnaðurinn hefur þegar komist í snertingu við þetta kerfi í ýmsum greinum atvinnuvegarins. Forðagæslan hefur verið sett í tölvuvinnslu. Jarðræktin, nautgriparæktin og sauðfjárræktin hafa einnig fengið úrvinnslu sinna gagna í tölvu. Mjólkuriðnaðurinn og afurðasalan yfirleitt hefur nýtt þá vinnslu í æ ríkari mæli.

En eitt er þó það sem veldur erfiðleikum og torveldar fyllstu not þeirrar kerfisbreytingar sem tölvuvinnslan getur valdið, og það er að ekkert samræmt tölvukerfi er til afnota innan landbúnaðarins né til þess að tengja hann miðlun eða móttöku upplýsinga á vegum hinnar almennu stjórnsýslu.

Hverri starfsgrein hættir til að setja sér eigið kerfi til að vinna eftir. Hagstofan hefur sett upp röðun sýslu- og sveitarfélaga sem náð hefur almennri útbreiðslu til mikilla þæginda og flýtisauka við úrvinnslu gagna. Hagstofan hefur einnig byggt upp talnaröð sveitabæja eða jarða sem hvergi er notuð óbreytt svo okkur sé kunnugt. Fasteignamat ríkisins notar þá röð lítið breytta svo og Stéttarsamband bænda, Forðagæsla B.Í. og jarðræktin. Hins vegar er búfjárræktin utan við þetta kerfi svo og Landnám ríkisins. Slíkt skipulagsleysi veldur töfum og tvíverknaði þar sem fleiri aðilar verða æðioft að veita upplýsingar um sama efni, en samræming gæti komið í veg fyrir slíka vinnutöf.

Hér hefur aðeins verið fjallað um það svið, sem að landbúnaðinum snýr, og þó drepið á nokkra þætti þess og ugglaust fellt eitt og annað niður sem þyrfti að taka með. Rétt er að minna á það einnig, að merkingar búfjár þyrftu nauðsynlega að tengjast þeirri samræmingu og skipulagi einmitt nú þegar ætla má að haldgóðar merkingar séu á næsta leiti. Slíkt er algjör forsenda þess, að tölvunotkun verði hagnýtt til nokkurrar hlítar. Þá væri og rétt að gera um það áætlun að hagnýta þetta samræmda kerfi við þinglýsingar eigna og veðbókafærslur til flýtisauka og öryggis og samræmingar við fasteignaskrá og til þess jafnframt að auðvelda og hraða afgreiðslu veðbókavottorða til hins almenna notanda.

Nánar verður fjallað um málið í framsögn.

Fylgiskjal

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

23.07.1982.

Varðar tillögu til þingsályktunar um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun, 261. mál.

Í lögum nr. 94 frá 1976 eru ákvæði í 2. mgr. 5. gr. þess efnis, að „Fasteignamati ríkisins ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis (matrikel) sem taki til landsins alls. Heimilt er að skylda fasteignaeigendur til að sjá um auðkenningu fasteigna samkvæmt greinitalnakerfi Fasteignamats ríkisins", eins og segir orðrétt í lögunum. En boð og bönn ná ekki langt ef ekki tekst að laða aðila til samstarfs.

Við hjá FMR teljum því að hér sé á ferðinni merk tillaga sem gæti markað tímamót ef takast mætti að koma á fót samstarfsnefnd þeirra aðila er tillagan gerir ráð fyrir. Með aukinni tölvunotkun hefur áhugi sveitarfélaganna á gerð staðgreinikerfa vaxið a. m. k. fyrir þau stærri. Reykjavík er þó eina sveitarfélagið þar sem fullkomið staðgreinikerfi er í notkun, en vinnslu er langt komið í nokkrum af stærstu kaupstöðunum.

Það, sem helst hefur strandað á, er mannafli hér hjá FMR sem óhjákvæmilega verður að veita nokkra aðstoð í þessu efni og minni sveitarfélögin hafa litla möguleika nema utan að komandi hjálp komi til.

Samþykkt þessarar þingsályktunartillögu gefur vissulega fyrirheit um að lagður yrði grunnur að réttri uppbyggingu fyrir tölvuvinnslu þess þáttar, sem tillagan fjallar um, og gæti orðið til eftirbreytni um aðra þætti á sviði fasteignamála og í málum þeim tengdum.

Tæknideild FMR hefur tekið saman atriði sem við teljum miklu varða ef af samþykkt þessarar þingsályktunartillögu verður, og fylgja athugasemdir hennar hér með.

Virðingarfyllst,
Guttormur Sigurbjörnsson.

Tölvuútskrift fylgir úr gögnum FMR um jarðeignir sem tengjast landbúnaði.

Nd. 68. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Á eftir 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi ný málsgrein svohljóðandi:

Með reglugerð skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hækka bætur almannatrygginga um 2% frá 1. desember n. k. auk þeirra hækkana sem leiðir af ákvæði 79. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli fela Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins rannsókn á surtarbrandi á Vestfjörðum og könnun leiða til nýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar.

Skal verkefni þessu hraðað svo sem verða má. Hafa skal samráð við Orkubú Vestfjarða um aðgerðir þessar. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allt frá því að olían hækkaði í verði í október 1973 hafa flest lönd heimsins reynt að finna eldsneyti sem gæti komið í staðinn fyrir olíu.

Augu manna hafa æ meir beinst að kolum. Til er gífurlega mikið af kolum í heiminum, en þar sem olía var mjög ódýr hafði ekki verið lögð nein veruleg áherslá á þróun tækni til nýtingar kola.

Nágrannar okkar, Danir, voru með þeim fyrstu sem fóru að nota kol í stað olíu, enda var löng hefð hjá þeim í notkun kola. Fyrstu viðbrögð þeirra voru að breyta öllum sementsverksmiðjum í kolakyndingu. Nú standa yfir miklar breytingar í Danmörku á þeim rafstöðvum, sem ekki voru kolakyntar, yfir í kolakyndingu. Einnig hafa verið gerðar miklar ráðstafanir til að tryggja innflutning kola.

Aðrar Norðurlandaþjóðir leggja mikla áherslu á þróun kolanýtingar, einkum Finnar, sem hafa þó stór kjarnorkuver. Liður í þessari viðleitni var ráðstefna sem haldin var í Finnlandi í október 1981 á vegum NORDEL um „Fluidized bed" kolakyndingu sem mætti kalla svifbruna-kyndingu.

Þessi tækni er ekki ný af nálinni og hefur verið notuð síðan 1922 í iðnaði, en eftir olíuverðshækkunina var fyrir alvöru farið að þróa þessa tækni. Þessi tækni felst í því, að lofti er blásið inn í ofninn að neðan og eldsneytinu haldið svífandi inni í eldholinu þannig að mjög góður bruni fæst. Saman við er blandað kalksteini sem dregur í sig brennistein úr kolunum, og er þá reykurinn laus við brennistein, sem annars er mjög erfitt og dýrt að losna við með venjulegri kyndingu.

Með „Fluidized bed" tækninni opnaðist ný og áður óþekkt aðferð til að nýta eldsneyti með lægra brunagildi en venjuleg kol, svo sem brúnkol (surtarbrand), mó, sag, viðarkurl o. fl., eins og t. d. Finnar gera.

Nú þegar er hægt að fá keypta á almennum markaði ofna sem gerðir eru til að nýta þessa nýju tækni.

Í Þýskalandi á þessi tækni sér merka sögu, og miklar tilraunir eru gerðar víða um lönd, svo sem í Englandi og Bandaríkjunum.

Athygli vekur að í Kína voru þegar árið 1981 komnir 60 gufukatlar með þessari tækni og eru nú um 10 teknir í notkun árlega. Í Kína eru notuð kol með lágu brennslugildi eða um 9—20 MJ/kg. Surtarbrandurinn liggur á þessu sviði eða í kringum 16 MJ/kg (um 4000 kcal/kg).

Það er stefna okkar Íslendinga að gera okkur sem óháðasta innflutningi orkugjafa. Þess vegna viljum við hagnýta eigin orkulindir. Það gerum við með því að virkja fallvötnin og jarðvarmann. En orkan, sem fæst eftir þessum leiðum, verður ekki af tækni- og hagkvæmniástæðum notuð til allra þarfa. Þannig verður rafmagn ekki enn hagnýtt til rekstrar þurrkara fiskmjöls- og loðnuverksmiðja og Sementsverksmiðjunnar, þó svo að slík notkun sé nú á rannsóknarstigi. Þess vegna á Sementsverksmiðjan ekki annars úrkosta en að taka upp kolanotkun þegar horfið er frá notkun olíu, eins og nú er ákveðið. En með þessari breytingu hjá Sementsverksmiðjunni er ekki um að ræða að hagnýta innlendan orkugjafa í stað erlends. Það er verið að breyta um erlenda orkugjafa.

Það hlýtur að vera nú eitt af stóru verkefnunum í framkvæmd orkumálastefnu okkar að hagnýta innlenda orkugjafa sem eldsneyti. Þar er um að ræða hagnýtingu surtarbrands.

Gísli Júlíusson verkfræðingur flutti erindi á Orkuþingi 1981, þar sem hann vakti athygli á því, hvernig rannsóknum á surtarbrandi hefur verið háttað hér á landi. Rannsóknir þessar hófust þegar um síðustu aldamót. Rannsóknir hafa aðallega beinst að því að finna, hvar surtarbrandslög eru, og að efnasamsetningu brandsins og brennslugildi, en ekki hversu mikill hann er. Þó eru til ágiskanir sem gerðar hafa verið eftir aðstæðum á þeim stöðum þar sem surtarbrandslög hafa fundist.

Vestfirðir hafa sérstöðu í þessum efnum. Þar fyrirfinnast surtarbrandslög víðs vegar. Má þar nefna surtarbrandslögin á Barðaströnd, Patreksfirði, Arnarfirði, Súgandafirði, Bolungarvík, Steingrímsfirði, Hrútafirði og Kollafirði í Strandasýslu. En sá staður, sem athyglin hefur beinst helst að, er Stálfjall í Vestur-Barðastrandarsýslu. Þar hefur farið fram lauslegt mat og var það gert árið 1917 af sænska verkfræðingnum Ivar Svendberg, sem áleit að þar væru um 180 milljónir tonna af surtarbrandi og mundi það nægja 600 MW rafstöð í 60 ár. Hér er um að ræða álíka mikið uppsett afl og nú er samtals í öllum vatnsaflsvirkjunum landsins.

Áður fyrr, og einkum á heimsstyrjaldarárunum fyrri og síðari, var surtarbrandur nokkuð unninn á Vestfjörðum, svo sem í Súgandafirði, Bolungarvík, Dufansdal og Stálfjalli. Með þeirri tækni, sem þá viðgekkst, þótti þetta eldsneyti of dýrt og erfitt að nálgast það. Með nútímaaðferðum við námugröft og flutningatækni og endurbættum brennsluaðferðum eru viðhorf nú gjörbreytt. Vinnsla surtarbrands gæti nú orðið arðvænleg.

Með tilliti til þessa er þingsályktunartillaga þessi fram borin. Vinda verður bráðan bug að því að kanna hverjir möguleikar kunna að vera hér ónotaðir. Svo miklir hagsmunir eru í húfi að vinna verður markvisst og skipulagsbundið í máli þessu. Þess vegna er lagt til að Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins verði falin rannsókn á surtarbrandi á Vestfjörðum og könnun leiða til nýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar. Nú liggur þegar fyrir mikil vitneskja um staðsetningu surtarbrandslaga og brennslugildi surtarbrandsins. Hins vegar er lítið vitað með vissu um magn surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum. Ekki hefur heldur verið rannsökuð aðstaða til vinnslu surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum miðað við nútímaaðferðir við námugröft og flutningatækni. Þá hefur arðsemi af vinnslu surtarbrands ekki verið metin miðað við þær endurbættu brennsluaðferðir sem nú eru fyrir hendi. Allt eru þetta verkefni, sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að unnin verði af Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins. Svo mikils er um vert, að verk þetta verði unnið með þeim hraða sem frekast er unnt, að lagt er til að þessar stofnanir fái sérstakar fjárveitingar úr ríkissjóði til að standa undir kostnaði við þetta viðfangsefni.

Jafnframt því, að á Vestfjörðum eru aðalsurtarbrandssvæði landsins, hafa Vestfirðir einnig þá sérstöðu að hafa yfir að ráða minni orkulindum en aðrir landshlutar í formi vatnsafls og jarðhita. Er því tvöföld ástæða til að leggja sérstaka áherslu á vinnslu surtarbrands á Vestfjörðum. Árangurinn af slíku gæti líka orðið tvíþættur. Annars vegar væri

skapaður möguleiki, sem nú er ekki fyrir hendi, til þess að leysa olíuna af hólmi með innlendum orkugjafa í mjög þýðingarmiklum og orkufrekum iðnaði. Hér dugar ekki að auka raforkuframleiðslu í landinu vegna þess að raforkan verður ekki hagnýtt í þessu skyni. Til þess þarf að koma nýr orkugjafi, sem við nú ráðum ekki yfir, en gætum fengið með hagnýtingu surtarbrandsins. Hagnýting slíks nýs orkugjafa hefði í för með sér ómetanlegan hag fyrir efnahagslíf landsins í heild. Hins vegar væri skapaður möguleiki með hagnýtingu surtarbrandsins til stóráataks til eflingar byggð á Vestfjörðum. Grundvöllur fengist fyrir þeirri fjölbreytni í atvinnulífi sem þar skortir mjög á. Þessi hagnýting orkulinda getur skapað beinlínis mjög mikla atvinnu við námugröftinn og flutninga, auk þeirrar almennu atvinnuuppbyggingar sem óbeinlínis hlýtur að leiða af þessari vinnslu. Með slíkri þróun gæti staða Vestfjarða í orkumálum landsins gerbreyst frá því sem nú er. Í stað þess að hafa lítið gildi fyrir orkubúskap þjóðarinnar í heild, þegar einungis er litið á vatnsafl og jarðhita, væru Vestfirðir þýðingarmikill aðili í orkuvinnslu landsins, auk þess að vera með hagnýtanlega orkulind sem ómissandi er, en ekki annars staðar að hafa í landinu eða í miklu minna mæli.

Hér er ekki um neitt hégómamál að ræða. Það má vera ljóst, þegar haft er í huga hve mikil sú orka er sem þarf til þess rekstrar er notar eldsneyti sem orkugjafa. Hér er um að ræða þann rekstur sem nú notar olíu, en surtarbrandur gæti leyst af hólmi. Á árinu 1980 voru flutt inn 171 000 tonn af svartolíu. Þar af munu hafa farið um 100 000 tonn til fiskmjölsverksmiðja, Sementsverksmiðjunnar og Hvalstöðvarinnar. Ef þessir aðilar notuðu surtarbrand yrði gjaldeyrir sparaður að upphæð um 21 millj. dollara eða um 210 millj. kr. Útsöluverð væri um 240 millj. kr. Af surtarbrandi samsvarandi að orkugildi mundi þurfa um 230 000 tonn. Þetta mundi svara til um 900 Gwh. á ári í rafmagni eða sem svarar 210 MW í uppsettu afli, sem er jafnmikið og Hrauneyjafossvirkjun fullbúin.

Hér hefur einungis verið talað um hagnýtingu surtarbrandsins sem eldsneytis. Slík notkun surtarbrands kemur þó til greina í ýmsum fleiri tilvikum en hér hefur verið getið, svo sem til kyndingar hitaveitna sem ekki hafa jarðvarma sem orkugjafa. Þá kann og að geta verið hagkvæmt að framleiða rafmagn með surtarbrandi í raforkuverum á námustað. En auk þess getur surtarbrandurinn orðið hagnýttur til margs konar efnaiðnaðar.

Af þessu má marka hve þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum hagnýting surtarbrandsins gæti orðið fyrir landið í heild og Vestfirði sérstaklega.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu.


Surtarbrandur á Vestfjörðum
Súðureyri
Bolungarvík
Flateyri
Ísafjörður
Súðavík
Þingeyri
Gilsfjörður
Tálknafjörður
Patreksfjörður
Djúpavík
SKÝRINGAR
Surtarbrandur eða surtarbrandsvottur

Sþ. 70. Fyrirspurnir. [68. mál]

I. Til samgönguráðherra um endurskoðun siglingalaga.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var 16. júlí 1981 til að endurskoða ákvæði siglingalaga sem lúta að björgun skipa og skiphafna?

II. Til samgönguráðherra um fjarskiptasamband við skip á Breiðafjarðarmiðum.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Eru fyrirhugaðar einhverjar aðgerðir á vegum Landssíma Íslands til að bæta fjarskiptasamband og strandstöðvarþjónustu við skip á Breiðafjarðarmiðum?

Sþ. 71. Fyrirspurn [69. mál]

til samgönguráðherra um undanþágur til skipstjórnar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hversu margir hafa fengið undanþágu til skipstjórnar árið 1981 og það sem af er þessu ári. Í svari komi fram fjöldi undanþága í hverju kjördæmi svo og hvers konar réttindi er um að ræða.

Svar óskast skriflega.

Sþ. 72. Fyrirspurn [70. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstjórnar og ríkisstofnana.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Óskað er eftir upplýsingum um utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstjórnar og ríkisstofnana að meðtöldum ríkisbönkum á árinu 1980, 1981 og það sem af er þessu ári.

Í svari komi fram:

1. Nöfn þeirra, sem farið hafa utan, hvert farið, hverra erinda og hve langan tíma hver ferð tók.
2. Kostnaður vegna hverrar ferðar, ferðakostnaður annars vegar og dvalarkostnaður hins vegar.
3. Yfirlit yfir hver heildarferðakostnaður og fjöldi ferða var hjá Alþingi, ráðherrum, stjórnarráði og ríkisstofnunum.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 73. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Níels Á Lund, Páll Pétursson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára, sbr. ákvæði 1. mgr. 43. gr. þessara laga.

2. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. þessara sömu laga komi eftirfarandi viðbót:

Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, verði breytt á þann hátt, að ungmennum fæddum á sama ári verði ekki mismunað hvað varðar aðgang að opinberum skemmtunum.

Frá því að lögin voru samþykkt á Alþingi 1966 hefur aðgangur að opinberum skemmtunum verið miðaður við fæðingardag viðkomandi, en ekki fæðingarár svo sem nú er lagt til að gert verði. Þessi viðmiðun er ákaflega ranglát og erfið í framkvæmd, auk þess sem hún hefur kallað á tilraunir til að komast inn á þessar skemmtanir á ólöglegan hátt.

Rétt er að benda á eftirfarandi:

a) Löggjafinn gerir ráð fyrir því, m. a. í lögum nr. 63/1974, grunnskólalögum, að þessir unglingar eigi sama rétt og sömu skyldur, og er skólanum skylt að leggja fyrir þá sama námsefni hvort sem viðkomandi er fæddur fyrst í janúar eða síðast í desember. Þar af leiðir að lögin hljóta að gera ráð fyrir að þeir hafi líkan þroska, bæði andlegan og líkamlegan.

b) Af þessu leiðir m. a. að unglingarnir hafa í flestum tilvikum valið sér félaga innan síns bekkjar eða hóps án tillits til þess, hvenær ársins þeir eru fæddir, og með því að miða við fæðingardag þegar um skemmtanir ræðir er verið að sundra félagshóp sem ekki er æskilegt.

c) Þessi aðskilnaður er mjög óæskilegur og geta afleiðingar hans verið ófyrirsjáanlegar, og dæmi eru um að þeir unglingar, sem fyrir utan eru og hafa verið skildir frá hópnum, leiðist til óreglu og séu verr á sig komnir en þeir sem komast inn. Þessi sundrun félagshópa er því mjög varhugaverð og hlýtur að skapa fleiri vandamál en hún leysir.

d) Mjög erfitt er fyrir forráðamenn skemmtana að framfylgja núgildandi reglum þar sem ásókn jafnaldra er mikil í að sækja skemmtanir saman, og hefur þetta misræmi á aldursgreiningu orðið þess valdandi, að unglingar hafa reynt að komast inn á skemmtanir á ólöglegan hátt, m. a. með fölsun á nafnskírteinum. Af þessu hefur það svo leitt, að á mörgum stöðum hefur í reynd verið farið eftir fæðingarári en ekki fæðingardegi þegar aldur er metinn.

Ed. 74. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

III. kafli laganna, sem ber heitið, „Hafrannsóknastofnun“, verði svohljóðandi:

10. gr.

Hafrannsóknastofnun er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra að starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um deildaskiptingu stofnunarinnar og skipun ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. Stjórnin skal staðfesta áætlun um rannsóknaleiðangra að fengnum tillögum forstjóra og umsögn ráðgjafarnefndar.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra, tvo aðstoðarforstjóra og deildarstjóra við Hafrannsóknastofnunina að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar. Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu skipaðir til 5 ára í senn. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

Annar aðstoðarforstjórinn — sbr. 13. gr. — skal vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar. Hinn aðstoðarforstjórinn skal annast fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skipareksturinn og starfsmannahald. Aðstoðarforstjórar eru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.

15. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kýs sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m. a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar. Nefndin er ólaunuð.

Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf.

16. gr.

Hafrannsóknastofnunin starfrækir útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.

Hafrannsóknastofnunin skal leita samstarfs við aðrar rannsóknastofnanir um rekstur og samnýtingu útibúa, eftir því sem kleift þykir.

17. gr.

Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt er að nýta auðlindir þess.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland, einkum með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
4. Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta orkunýtingu fiskiskipa og hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.
7. Að stunda rannsóknir á sjávareldi.
8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.
9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmiða.
10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknastarfseminnar.

18. gr.

Til framkvæmda á markmiðum sem um getur í 17. gr. skal skipta Hafrannsóknastofnuninni í deildir að fengnum tillögum stjórnar og staðfestingu ráðherra.

Leitast skal við að deildaskipting stofnunarinnar sé sveigjanleg og stuðli að sem bestri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni stofnunarinnar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun núverandi stjórnar skal halda gildi sínu, en skipunartími núverandi ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. skal renna út 31. desember 1983.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í ágúst 1982 til að athuga rekstur og skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar, en í áfangaáliti nefndarinnar var lagt til, að III. kafli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem fjallar um Hafrannsóknastofnunina, yrði endurskoðaður. Í nefndinni áttu sæti Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Geir Gunnarsson, formaður fjárveitinganefndar Alþingis, Jón Jónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Magnús Pétursson, hagsýslustjóri, Már Elísson, fiskimálastjóri, og Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Með nefndinni starfaði sem ritari Þórður Ingvi Guðmundsson frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í *10. gr.* gildandi laga um Hafrannsóknastofnunina er kveðið á um að stofnunin sé sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir sjávarútvegsráðuneytið. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar í þessari grein.

Í *11. gr.* gildandi laga er kveðið á um skipun stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar. Ekki er gerð tillaga um breytingu á þessari grein.

12. gr. gildandi laga fjallar um verksvið stjórnar. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að við þessa grein bætist ákvæði um að stjórnin taki ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi Hafrannsóknastofnunarinnar, geri tillögu um starfs- og fjárhagsáætlanir og geri tillögur til ráðherra um skipun ráðgjafarnefndar og deildaskiptingu stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir, að stjórnin staðfesti skipaáætlun stofnunarinnar, svo og reikninga hennar.

Í *13. gr.* eru þau nýmæli tekin inn, að ráðherra skipi, auk forstjóra, tvo aðstoðarforstjóra og deildarstjóra stofnunarinnar.

Til aðstoðarforstjóra eru gerðar þær menntunarkröfur að annar skuli vera með sambærilega menntun og forstjóri en hinn hafa sérstaka menntun og sérþekkingu á sviði stjórnunar og rekstrar. Nýmæli er, að forstjóri og aðstoðarforstjórar séu skipaðir til 5 ára í senn. Gengið er út frá að aðstoðarforstjórar séu ekki jafnframt deildarstjórar.

Í *14. gr.* frumvarpsins er kveðið á um, að við stofnunina skuli starfa 2 aðstoðarforstjórar og er hér um nýmæli að ræða frá gildandi lögum. Fyrir nokkrum árum voru ráðnir með ráðherrabréfi tveir aðstoðarmenn forstjóra, sem jafnframt voru deildarstjórar ákveðinna rannsóknadeilda stofnunarinnar. Nú er talið nauðsynlegt að lögfesta þessar stöður þó þannig, að einungis annar aðstoðarforstjórinn sé vísindamaður á sviði hafrannsókna, en hinn aðstoðarforstjórinn verði fjármála- og rekstrarstjóri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að hann annist stjórn á rekstri skipa stofnunarinnar, sem felur í sér, að það hlutverk er fært frá rekstrardeild ríkisskipa til Hafrannsóknastofnunarinnar. Einnig er honum ætlað að annast gerð fjárveitingabeiðna stofnunarinnar, útgjaldaáætlana, kostnaðaráætlana rannsóknarleiðangra í samvinnu við forstjóra og samræma starfsemi deilda og útibúa með tilliti til sem

bestrar hagkvæmni og nýtingar. Þá er eðlilegt að fjármálalegur aðstoðarforstjóri annist starfsmannahald stofnunarinnar, uppáskrift reikninga og annað reikningshald og fjárreiður sem ekki eru í verkahring Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Allar beiðnir um meiri háttar útgjöld þurfa samt að samþykkjast fyrirfram af forstjóra.

Í 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir allmiklum breytingum á sömu grein gildandi laga. Skv. gildandi lögum starfar við Hafrannsóknastofnunina ráðgjafarnefnd sem er skipuð skv. tilnefningu ýmissa hagsmunasamtaka og stofnana sem hér segir:

Landssamband íslenskra útvegsmanna, tveir menn.
Fiskifélag Íslands, einn mann.
Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, einn mann.
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn mann.
Alþýðusamband Íslands, einn mann.
Sjómannasamband Íslands, einn mann.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.

Ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunarinnar hefur sjaldan komið saman, enda falið takmarkað og óljóst verksvið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði bundið í lög hverjir skuli skipa nefndina, heldur skuli stjórn gera tillögur til ráðherra um skipun nefndarinnar hverju sinni. Þá er ráðgjafarnefnd með frumvarpinu falið víðtækara starfssvið, s. s. að fjalla um starfsáætlanir og rannsóknarverkefni stofnunarinnar og gera tillögur um verkefnaval og starfshætti.

Með þessum breytingartillögum er stefnt að meiri sveigjanleika við skipun nefndarinnar og aukinni virkni í samræmi við starfsmarkmið stofnunarinnar á hverjum tíma. Með þessu fyrirkomulagi má tengja fleiri og óskyldari aðila starfi stofnunarinnar en einungis hin hefðbundnu hagsmunasamtök sjávarútvegsins. Má í þessu sambandi nefna sérfræðinga stofnunarinnar, rannsóknastofnanir, skóla og aðra sem tengjast sjávarútvegi beint eða óbeint.

Loks er gert ráð fyrir í frumvarpinu að ráðherra setji ráðgjafarnefndinni erindisbréf sem kveði nánar á um skyldur hennar og verksvið. Sem fylgiskjal með frumvarpinu er birt tillaga að erindisbréfi fyrir ráðgjafarnefndina.

Við *16. gr.* gildandi laga eru sett ákvæði um útibú Hafrannsóknastofnunarinnar og er hér um nýmæli að ræða. Lögð er áhersla á, að útibúin geti nýst fleirum en Hafrannsóknastofnuninni einni, s. s. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðrum rannsókna- og eftirlitsstofnunum o. fl. eftir því sem tækifæri gefst. Forstöðumenn útibúa ættu að heyra beint undir forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar.

17. gr. gildandi laga er gjörbreytt. Þau verkefni, sem lögin kveða á um að skuli vera á hendi stofnunarinnar, voru skilgreind fyrir tæpum tveimur áratugum þegar aðstæður voru aðrar en nú. Nauðsynlegt hefur því reynst að endurskoða markmið stofnunarinnar eins og þau eru skilgreind skv. lögum. Þau markmið, sem hér er gerð tillaga um, byggja á skilgreiningu, sem sett er fram í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Í 18. gr. gildandi laga er kveðið á um að til að framkvæma verkefni stofnunarinnar skuli skipta starfseminni í fjögur verksvið. Í dag starfar stofnunin hins vegar í 9 mismunandi deildum auk fjögurra útibúa, skipareksturs og skrifstofuhalds. Gerð er tillaga um að stofnuninni skuli skipt í deildir með ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Með þessu er leitast við að tryggja frekari sveigjanleika í starfsemi stofnunarinnar, betri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármunum í stað þess að deildir myndist í tengslum við áhuga og sérfræðisvið einstakra vísindamanna.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með gildistöku frumvarpsins sem laga frá Alþingi þarf ekki að breyta skipun stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar, þar sem ekki er lögð til breyting á 11. gr. gildandi laga. Skipunartími núverandi ráðgjafarnefndar rennur hins vegar ekki út fyrr en 31. desember 1985. Til að tefja ekki framkvæmd laganna er því lagt til að skipunartíminn renni út 31. desember 1983 þannig að í ársbyrjun 1984 verði skipuð ný ráðgjafarnefnd. Auk þess er hentugt, að skipunartími stjórnar og ráðgjafarnefndar víxlist, þar sem ráðgjafarnefnd á fulltrúa í stjórn.

Fylgiskjal.

Drög að erindisbréfi fyrir Ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar.

1. gr.

Við Hafrannsóknastofnun starfar ráðgjafanefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar	fjóra menn
Fiskifélag Íslands	einn mann
Landssamband íslenskra útvegsmanna	tvo menn
Sjómannasamband Íslands	einn mann
Stýrimannaskólinn	einn mann
Tækniskóli Íslands	einn mann
Fiskvinnsluskólinn	einn mann
Háskóli Íslands	tvo menn
Sjávarútvegsráðuneytið	einn mann
Alls	14 menn

Auk þess eiga sæti í nefndinni formaður ráðgjafarnefndar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og forstjóri, forstjóri og aðstoðarforstjóri Hafrannsóknastofnunar.

Ráðgjafarnefndin kýs sér formann.

2. gr.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og þeirra aðila sem hagnýta eiga niðurstöður af rannsóknum hennar. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og skal störfum hennar hagað í aðalatriðum á eftirfarandi hátt:

— Nefndin skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust, en oftar eftir þörfum.
— Að vori skal nefndin fjalla um starfsáætlun stofnunarinnar og skulu einstök verkefni stofnunarinnar vera lögð fyrir nefndina til umsagnar.
— Að hausti skulu helstu niðurstöður af starfi stofnunarinnar skýrð og sagt frá verkefnum sem lokið er. Lögð skulu fyrir drög að nýjum verkefnum og leitað ábendinga eða tillagna nefndarinnar um ný verkefni, sem tekin verði upp í starfsáætlun og lögð fyrir til umsagnar að vori.
— Nefndin getur rætt og gert tillögur til stjórnar stofnunarinnar um allt er lýtur að stefnumótun, starfsháttum og verkefnavali stofnunarinnar, svo og samskiptum hennar út á við.

— Nefndin hefur fullt frjálsræði um að móta sín eigin vinnubrögð. Þar á meðal skipan undirnefnda.
— Ráðgjafarnefndin hefur einungis tillögurétt til stjórnar og forstjóra, en ekki ákvörðunarrétt.

3. gr.

Nefndin er ólaunuð, en sjávarútvegsráðuneytið getur heimilað þóknun fyrir sérstaklega umfangsmikil störf á vegum nefndarinnar að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ed. 75. Frumvarp til laga [73. mál]

um stjórn flugmála.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

I. KAFLI
Flugmálastjórn.

1. gr.

Stjórn flugmála á landinu skal heyra undir þann ráðherra sem fer með samgöngumál.

2. gr.

Flugmálastjóri hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra. Forseti skipar flugmálastjóra, að fengnum tillögum ráðherra. Flugmálastjóri skal hafa almenna og góða þekkingu á flugmálum og umtalsverða reynslu af störfum, sem beinlínis tengjast flugmálum. Flugmálastjóra skal skipa til 6 ára í senn, en hann má endurskipa.

3. gr.

Embætti flugmálastjóra skal heita Flugmálastjórn. Um skipulag, starfshætti og verkefni Flugmálastjórnar skal nánar ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Ráðherra ræður og skipar starfsmenn flugmálastjóra til aðstoðar, að fengnum tillögum hans, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Markmið Flugmálastjórnar er að stuðla að öruggum og hagkvæmum flugsamgöngum innanlands og til annarra landa, svo og öruggri og hagkvæmri notkun loftfara við hvers kyns önnur verkefni, þ. á m. í þjónustuflugi, í flugkennslu og við einkaafnot. Með það markmið í huga skal flugmálastjóri annast eftirfarandi:

a) Framkvæmd laga, reglna og fyrirmæla um flugmál.
b) Byggingu og rekstur allra flugvalla ríkisins ásamt tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og þjónustu.
c) Byggingu og rekstur fjarskiptastöðva og búnaðar til fjarskipta við loftför og til flugleiðsögu fyrir leiðarflug og aðflug.
d) Framkvæmd flugumferðarþjónustu, leitar- og björgunarþjónustu, upplýsingaþjónustu, ásamt útgáfu flugkorta.
e) Skráningu loftfara, eftirlit með flughæfi þeirra svo og almennt eftirlit með flugrekstri.
f) Útgáfu, endurnýjun og eftirlit með skírteinum flugliða, flugvéltækna, flugumferðarstjóra, flugumsjónarmanna og flugradíómanna.
g) Rannsókn flugslysa og óhappa í flugi.
h) Samskipti við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), svo og önnur alþjóða- eða fjölþjóðasamtök á sviði flugmála, sem íslenska ríkið er aðili að.
i) Annað það er ráðherra ákveður.

II. KAFLI
Flugráð.

6. gr.

Flugráð skipað fimm mönnum er ráðherra til ráðuneytis um flugmál. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en ráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir fimm varamenn í flugráð.

7. gr.

Flugráð skal kosið til fjögurra ára í senn. Enginn má sitja lengur en 8 ár samfellt í flugráði.

8. gr.

Auk þess að flugráð fjallar almennt um markmið og leiðir í flugmálum og hefur það frumkvæði á því sviði, sem það ákveður, og gefur ráðherra skýrslur þar um, skal flugráð:

a) gefa umsögn um veitingu flugrekstrarleyfa, þ. m. t. áætlunarleyfa og sérleyfa, breytingar á lögum og reglugerðum um flugmál, áætlanir í flugmálum og annað það sem ráðherra ákveður.
b) hafa eftirlit með og gera tillögur til ráðherra um framkvæmdir í flugmálum og fjármálum flugmálastjórnar og gefa ráðherra skýrslu þar um eftir því sem þörf krefur,
c) fjalla um önnur mál eftir ákvörðun ráðherra.

9. gr.

Ráðherra setur flugráði starfsreglur.

III. KAFLI
Flugmálaáætlun.

10. gr.

Í júní annað hvort ár skal flugmálastjóri hafa tilbúna tillögu að flugmálaáætlun til fjögurra ára í senn. Ráðherra skal leggja fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugmálaáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhugað er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd endanlega sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Ef fé er veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum, þá skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

Er þingsályktun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir að minnsta kosti tvö ár.

11. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir, svo og nýbyggingar flugvalla á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Ennfremur áætlaður kostnaður við flugvallaviðhald og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Ráðherra tilkynnir flugmálastjórn, í janúar ár hvert, hve háa fjárhæð skuli miða við þegar gerð er áætlun um nýframkvæmdir fyrir þar næsta ár.

12. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal flugvöllum og öryggistækjum til flugs skipað í flokka samkvæmt því sem hér segir:

Áætlunarflugvellir: Allir flugvellir sem flogið er til í reglubundnu áætlunarflugi.

Aðrir flugvellir: Allir flugvellir sem eru aðallega ætlaðir til sjúkraflugs.

Flugöryggisþjónusta: Öll tæki og búnaður er ætlaður er til flugleiðsögu eða flugumferðarstjórnar.

Önnur flugmálastarfsemi: Undir það falli öll önnur flugmálastarfsemi en sú sem að ofan er talin.

13. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum falla niður lög nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, sbr. lög nr. 26 24. mars 1954 um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. fer utanríkisráðherra, sbr. auglýsingu nr. 96 frá 31. desember 1969, með flugmál á Keflavíkurflugvelli.

Í umboði utanríkisráðherra fer flugmálastjóri með tækni- og flugöryggissvið flugumferðarþjónustu flugvallarins, en flugvallarstjórinn þar annast að öðru leyti stjórn flugmála á flugvellinum í umboði utanríkisráðherra, þ. m. t. fjármál og starfsmannahald flugumferðarþjónustu vegna Keflavíkurflugvallar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 104. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt.

I. Inngangur.

Með bréfi dags. 21. apríl 1980 skipaði Steingrímur Hermannsson, samgönguráðherra, nefnd til að gera sem víðtækasta athugun á lögum og reglum er varða stjórnun flugmála, þ. m. t. skipulag flugmálastjórnar, með tilliti til hugsanlegrar endurskipulagningar eða breytingar á þessum málum. Í nefndina voru skipaðir þeir Pétur Einarsson, lögfræðingur, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Birgir Guðjónsson, deildarstjóri, og Garðar Sigurðsson, alþingismaður.

Frumvarp þetta er einn þáttur í starfi nefndarinnar, en nefndin hefur einnig gert tillögu að reglugerð um störf, skipulag og verkefni flugmálastjórnar, starfsreglum fyrir flugráð og unnið að skipuriti flugmálastjórnar, allt í samræmi við og í framhaldi af lagafrumvarpi þessu.

Frumvarpið var sent flugráði og flugmálastjóra til umsagnar, og er að nokkru tekið tillit til sjónarmiða þeirra í frumvarpinu.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Frumvarpinu er skipt í 3 kafla. Fyrsti kafli fjallar um embætti flugmálastjóra, annar um flugráð og sá þriðji um flugmálaáætlun.

Flugmálastjórn.

Hér eru flugmálastjóra sett ákveðin hæfnisskilyrði og skipunartími hans bundinn við 6 ár í senn. Þá eru verkefni flugmálastjóra nákvæmar ákveðin en áður hefur verið. Flugmálastjóri gerir tillögur um ráðningu starfsmanna sinna beint til ráðherra. Skipulag, starfshættir og verkefni flugmálastjórnar skulu nú ákveðin með reglugerð.

Breytingar þessar eru gerðar með hliðsjón af nútíma viðhorfum í stjórnum ríkisfyrirtækja. Þá er reynt að gæta fyllsta samræmis við lög um sambærileg ríkisfyrirtæki.

Flugráð.

Staða flugráðs er að mestu óbreytt frá því, sem hún er í raun í dag. Flugráð verður ekki lengur stjórnandi stofnunarinnar heldur til ráðgjafar fyrir ráðherra, enda á fyrri stjórnunarleg staða flugráðs sér ekki hliðstæðu í ríkisrekstri á Íslandi og ekki er vitað um hliðstætt fyrirkomulag hjá aðildarríkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (International Civil Aviation Organization).

Þá er í 8. gr. kveðið ákveðnar á um það en áður að flugráð skuli fjalla um tiltekin mál. Eru það þeir sömu málaflokkar, sem flugráð fjallar að jafnaði um nú.

Setutími manna í ráðinu er bundinn við átta ára hámark. Ekki þótti rétt að ákveða sérstök hæfnisskilyrði, en það er hins vegar skoðun nefndarinnar er frumvarp þetta samdi, að flugráðsmenn skuli að jafnaði ekki eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í flugrekstri, enda er það í samræmi við almennar reglur.

Með breytingum þessum verða stjórnunarleiðir beinni og einfaldari, sem ætti að leiða til greiðari úrlausnar verkefna. Þá er höfð hliðsjón af nýlegum lagasetningum um ríkisfyrirtæki og skipulagi flugmála í öðrum löndum.

Flugmálaáætlun.

Flugmálaáætlun er lögfest hér með eftirfarandi meginsjónarmið í huga:

1. Að unnin sé reglulega heildaráætlun um framkvæmdir og rekstur flugmála með hliðsjón af stöðu og þróun samgangna innanlands og utan.
2. Að Alþingi ákveði á skýran og einfaldan hátt fjármagn til flugmála og að vilji Alþingis sé bindandi fyrir framkvæmdavaldið í þessu efni.
3. Að fjárþörf til flugmála sé áætluð ákveðið árabil í senn.
4. Að Alþingi fái reglulegt yfirlit um störf flugmálastjórnar.
5. Að stuðla að betri nýtingu fjármagns, auknum afköstum og skipulegri vinnubrögðum. Kafli þessi er saminn með hliðsjón af vegáætlunarákvæðum laga um vegamál.

Bráðabirgðaákvæði.

Bráðabirgðaákvæði er í lögum þessum um stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli. Er þar engin afstaða tekin til verkefnaskiptingar milli ráðuneyta, sbr. 5. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 og 13. gr. 9. lið reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, sem og laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl. nr. 106/1954, heldur er hér gerð tilraun til þess að koma eðlilegu skipulagi á stjórn Keflavíkurflugvallar með lögákveðnum stjórnunarleiðum, meðan utanríkisráðuneytið fer með þennan þátt samgöngumála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI.

Flugmálastjórn.

Um 1. gr.

Er í samræmi við það sem tíðkast hefur um langan tíma, að málaflokkar er tengjast samgöngum eru undir stjórn sama ráðherra, sem samræmist lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969.

Um 2. gr.

Flugmálastjóra er skipað undir yfirstjórn ráðherra, án milligöngu flugráðs. Þessi breyting er lögð til þar sem erfitt er í reynd að flugráð sé í daglegum stjórnunarmálum milliliður milli ráðuneytis og flugmálastjóra.

Að forseti skipi flugmálastjóra er til samræmis við skipan forstöðumanna annarra mikilvægra ríkisstofnana. Nauðsynlegt er að flugmálastjóri hafi víðtæka þekkingu og reynslu í flugmálum.

Í samræmi við nútímaviðhorf um endurnýjun í æðstu stöður framkvæmdavaldsins er flugmálastjóri skipaður til 6 ára. Valin eru 6 ár með hliðsjón af því að enginn sitji lengur en 8 ár í flugráði og því skarist ekki starfslengd þannig að bæði verði nýr flugmálastjóri og nýir flugráðsmenn á sama tíma.

Eftir hver 6 ár skal auglýsa starf flugmálastjóra laust til umsóknar í samræmi við lög um opinbera starfsmenn.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Er í samræmi við framkvæmd mála af þessu tagi hjá flestum stofnunum ríkisins.

Um 5. gr.

Hér er fest í lögum að flugmálastjóra ber að framfylgja lögum um flugmál. Verkefni eru að öðru leyti í samræmi við loftferðalög nr. 34/1964, þ. e. almennur rekstur skrifstofu stofnunarinnar, stjórnun flugumferðar, rekstur flugvallamannvirkja og eftirlit með flugrekstri.

II. KAFLI

Flugráð.

Um 6. gr.

Svo sem áður er rakið er hér ákveðið að flugráð skuli ekki vera stjórnandi stofnunarinnar heldur til ráðgjafar fyrir ráðherra, og þarfnast sú breyting ekki frekari skýringar hér.

Með hliðsjón af því, að verkefni flugráðs varða mjög stóran hóp manna og oft samfélagið allt, þá þykir eðlilegt að meiri hluti flugráðs verði valinn af sameinuðu Alþingi.

Eðlilegt er að ráðherra hafi í hendi sér, hver er formaður ráðsins.

Um 7. gr.

Meginsjónarmið með grein þessari er að til þess að nauðsynleg endurnýjun fáist fram er engum heimilt að sitja samfleytt lengur en 8 ár í flugráði, sem kjörinn fulltrúi.

Hins vegar má endurkjósa mann eftir að hann hefur fallið út eitt kjörtímabil, þ. e. 4 ár.

Um 8. gr.

Hér er ákveðið, að auk þess sem flugráð fylgist með og fjalli um flugmál á sem víðtækastan hátt þá skuli ráðið

a) hafa eftirlit með framkvæmdum í flugmálum og gefa ráðherra skýrslu, ef eitthvað það kemur á daginn, sem athugavert þykir. Skýrslur flugráðs og athugasemdir vegna þessa skulu vera trúnaðarmál milli ráðsmanna og ráðherra nema hann ákveði annað. Þetta verksvið ráðsins er í samræmi við hugmyndir um eftirlit alþingismanna með ríkisstofnunum.
b) fjalla um veitingu flugrekstrarleyfa, þ. m. t. áætlunarleyfa og sérleyfa því veiting heimilda í flugsamgöngum getur verið afdrifarík fyrir íbúa tiltekinna svæða, og eðlilegt er að slíkt sé rætt í fjölskipuðu ráði, breytingar á lögum og reglugerð um flugmál, sem eðli síns vegna geta haft mjög víðtæk áhrif, og um áætlanir í flugmálum vegna mikilvægis þessa samgönguþáttar.
c) ræða önnur mál sem ráðherra vísar til umfjöllunar í flugráði þegar hann telur þess þurfa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

III. KAFLI

Flugmálaáætlun.

Um 10. gr.

Eins og áður segir er III. kafli þessara laga saminn með hliðsjón af lögum um vegáætlun, sem góð reynsla er af. Þessi grein laganna er nánast í fullu samræmi við III. kafla vegalaga nr. 6/1977 um vegáætlun.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Í samræmi við ákvæði vegalaga um framkvæmdir í vegamálum.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Bráðabirgðaákvæði.

Hér er kveðið á um stjórnun íslenskra flugmála á Keflavíkurflugvelli og er gert ráð fyrir óbreyttri skipan frá því sem nú gildir.

Ed. 76. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

141. gr. 3. mgr. laganna breytist þannig, að í stað orðanna „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið“ komi:

Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í rannsóknarnefnd flugslysa. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum, eða miklu tjóni á munum. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins.

Rannsóknarnefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja úr sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað ef rannsóknin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni, svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 104. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt.

Um 1. gr.

Nauðsynlegt er talið að sett verði nánari ákvæði en nú gilda um óháða nefnd sérfræðinga, sem geri sjálfstæða úttekt á rannsókn flugslysa, orsökum þeirra, og tillögur til úrbóta. Ekki er gert ráð fyrir því að rannsóknarnefnd þessi kanni að jafnaði vettvang flugslyss. Það verður hlutverk flugmálastjórnar. Þó getur nefndin sjálf farið á vettvang, ef hún telur það nauðsynlegt, eða krafist nánari rannsóknar.

Nefndin skal starfa óháð og draga ályktanir sjálfstætt, áþekkt og dómstóll skipaður sérmenntuðum mönnum, en af því leiðir m. a. að hún getur gert athugasemdir við slysarannsóknir telji nefndarmenn ástæðu til.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um stefnumörkun í landbúnaði.

Flm.: Egill Jónsson, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Lárus Jónsson, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir, Halldór Blöndal, Þorv. Garðar Kristjánsson, Albert Guðmundsson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins skuli byggjast á eftirfarandi grundvallaratriðum:

I. **Treysta skal sjálfseignarábúð bænda á jörðum. Eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verði verndaður. Landbúnaðurinn verði jafnan metinn sem sjálfstæður atvinnurekstur, þar sem framsýni og hyggindi njóti sín og sú áhætta, sem felst í rekstri og uppbyggingu, leiði til aðhalds og ábyrgðar.**

II. **Grundvöllur landbúnaðar, er felst í ræktun landsins, verði treystur og verðmæti jarðargróðurs aukin með nýrri þekkingu og tækni. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.**

III. **Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að fullnægt verði þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra, sem landbúnaðarframleiðslan veitir.**

IV. **Áhersla verði lögð á að treysta byggð í sveitum landsins. Miðað verði við að hefðbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda fullnægi atvinnuþörf sveitanna í núverandi mynd, en nýjar búgreinar og aukin atvinnutækifæri, m. a. í iðnaði og þjónustugreinum, auki á styrk byggðar í sveitum landsins.**

V. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði, að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör við aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins.

VI. **Íbúum sveitanna verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nytur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.**

VII. **Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tök eru á, að varðveitt séu sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og séð verði fyrir opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og friðlýstum svæðum.**

Til að unnt sé að ná framangreindum markmiðum er m. a. bent á:

1. **Gerðar verði markvissar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í framleiðslu og sölu búvara. Samtök bænda fái víðtækar heimildir til að stjórna framleiðslu landbúnaðarvara í samræmi við þarfir markaðarins á hverjum tíma.**

   Í þessu sambandi er lögð áhersla á:

   a. **Heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipað og nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri frá viðskiptalöndum okkar.**
   b. **Á meðan það ástand varir í landbúnaðinum, að heimildir til útflutningsbóta nægja ekki til að verðbæta útfluttar búvörur, verði heimilt að leggja**

á sérstakt gjald á hámarksnotkun kjarnfóðurs, er miðist við framleiðslu og bústofn.

Á meðan kvótakerfi er í framkvæmd verði þau bú, sem eru með svipaða eða minni framleiðslu en grundvallarbú verðlagsgrundvallar og ekki hafa umtalsverðar tekjur annars staðar frá, undanþegin framleiðslukvóta og sérstakt tillit verði tekið til frumbýlinga og þeirra annarra bænda, sem fjárfest hafa í landbúnaði á síðari árum.

c. Heimildir verði áfram í lögum um verðmiðlun búvöru.
d. Samtökum bænda verði veittar heimildir til að skipuleggja og hagræða framleiðslu búvara innan héraða og framleiðslusvæða. Í því sambandi er áhersla lögð á að markaðsþörf innanlands sé alls staðar fullnægt.

2. Til að auðvelda framleiðendum búvara aðlögun að breyttri skipan framleiðslumála og til að koma í veg fyrir snöggar breytingar í landbúnaðarframleiðslunni, sem hefðu í för með sér erfiðleika í rekstri, er m. a. leiddi til skorts á búvörum, þegar framleiðsla þeirra er í lágmarki, verði sú útflutningsframleiðsla, sem ekki nýtur verðbóta, að hluta verðtryggð.
3. Þeirri heimild, sem nú er í lögum um verðtryggingu búvara til útflutnings, verði breytt þannig, að heimiluð sé greiðsla til ákveðinna framleiðsluþátta á frumstigi. Heimildir til viðmiðunar verði innan þess ramma, sem nú er, og nái ekki til nýrra búgreina. Jafnframt verði tryggt að þær greiðslur hafi áhrif til lækkunar á framleiðslukostnaði búvara.

Í þessu sambandi kemur m. a. til greina:

a. Greiðsla til Áburðarverksmiðju ríkisins til að lækka verð á tilbúnum áburði.
b. Greiðsla vegna fjármagnskostnaðar.
c. Niðurgreiðsla á vinnsluvörum á markað innanlands til að auðvelda sölu þeirra, t. d. til þarfa iðnaðarins.
d. Beinar greiðslur til bænda, sbr. þingsályktun um beinar greiðslur til bænda, sem samþykkt var á Alþingi fyrir ári.

4. Þar sem á vissum svæðum landsins á sér enn stað eyðing gróðurlendis og Ísland er sérlega vel fallið til grasræktar, skiptir það höfuðmáli að bæta og vernda gróðurfar í byggð og óbyggð. Með hliðsjón af þeirri vitneskju, sem fengist hefur með tilraunum og rannsóknum, ber að hraða úttekt gróðurlendisins svo að unnt verði að ákvarða nýtingu þess og koma í veg fyrir ofbeit þar sem hún kann að eiga sér stað.

Stórátak verði gert til að tryggja heyverkun í landinu með aukinni votheysverkun og súgþurrkun. Jafnframt verði komið á skipulagðri uppbyggingu fóðuriðnaðar, er miði að því að í landinu verði að mestum hluta framleitt það fóður sem þörf er fyrir innanlands.

5. Gert verði öflugt átak í markaðsmálum landbúnaðarins. Þess verði freistað að ná samningum við stjórnvöld í helstu viðskiptalöndum okkar um að fá felldar niður innflutningstollar af íslenskum landbúnaðarafurðum, m. a. í tengslum við aðra viðskiptasamninga.

Gert verði skipulagt átak í að fullvinna innanlands þær landbúnaðarvörur, sem nú eru fluttar óunnar úr landi, t. d. gærur og ull, og auka þannig verðmæti útfluttra landbúnaðarvara stórlega. Skipulag á sölu- og markaðsmálum landbúnaðarins, er lýtur að útflutningi búvara, verði tekið til endurskoðunar m. a. með það fyrir augum að tryggja bændasamtökunum beina aðild að framkvæmd þeirra mála.

6. Lánamál landbúnaðarins verði tekin til endurskoðunar. Þar verði m. a. athugað hvaða áhrif núverandi lánareglur, er fela í sér fulla verðtryggingu, hafa á rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Jafnframt verði kannað að hve miklu leyti lífeyrissjóður bænda geti fullnægt lánsfjárþörf landbúnaðarins í framtíðinni.

Þá verði tekið til endurmats, m. a. með tilliti til breyttra lánskjara, hvort

ekki sé unnt að fella niður það gjald, sem innheimt hefur verið af búvöruverði og hefur í raun verið varið til lánajöfnunar, eða að öðrum kosti verði því varið til eflingar nýrra verkefna, sbr. 8. lið.

Rekstrar- og afurðalán verði þau sömu og til annarra atvinnuvega og greiðslum hagað skv. ályktun Alþingis frá 22. maí 1979.

7. Til að ná því markmiði að koma á jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn (markaði) og til þess að treysta grundvöll nýrra verkefna í landbúnaði, verði rannsóknar- og leiðbeiningastörfum beint að þeim verkefnum. Bændaskólarnir taki upp verklega og bóklega kennslu í nýjum búgreinum í samræmi við niðurstöðu tilrauna- og rannsóknarstarfseminnar.

   Hér kemur m. a. til greina hagræðing og einföldun í rekstri búanna, nýting jarðhita, sem æ víðar kemur til nota, fiskrækt í ám og vötnum og önnur hlunnindi, einnig mat á gróðri og uppskeru túna og beitilanda, fjölbreytni í ræktun grænfóðurs, garðávaxta, skjólbelta og skóga, korns og fleiri tegunda, með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna og möguleika. Þá má nefna ný áform í búfjárrækt, svo sem sérræktun ákveðinna eðlisþátta innlendra búfjárkynja, sem miðuðu að verðmætari útflutningi búvara.

   Til að treysta þessi áform í framkvæmd er áhersla lögð á að efla rannsóknarstarfsemina og gera tilraunir á tilraunastöðvunum sjálfum svo og á búum bænda í svo ríkum mæli sem nokkur kostur er á.

8. Komið verði á skipulagðri starfsemi og ákveðnu formi varðandi uppbyggingu nýrra búgreina og ræktun nýrra búfjártegunda.

   Þar verði m. a. kveðið á um, hvernig haga beri innflutningi á nýjum búfjártegundum, fyrirkomulagi í rekstri og rannsóknum, sölu og vinnslu framleiðsluvara og félagslegum grundvelli þessarar starfsemi.

   Stofnuð verði sérstök deild innan Stofnlánadeildar landbúnaðarins til stuðnings við ný verkefni í landbúnaði.

Greinargerð.

Mál þetta er nú flutt í fjórða sinn á Alþingi nánast óbreytt.

Borist hafa umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Landnámi ríkisins. Fela þær í sér stuðning við málið.

Svofelld greinargerð hefur fylgt málinu:

Segja má að stefna í landbúnaðarmálum hafi verið óbreytt í tvo áratugi. Með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins árið 1960 var landbúnaðinum tryggður réttur til bóta á útfluttar búvörur, er að upphæð máttu nema allt að 10% af heildarverðmætum landbúnaðarvara. Þessi lögboðna verðtrygging nægði til ársins 1976 en þá hófst sá vandi, sem síðan hefur sífellt vaxið, að óverðtryggðar birgðir búvara hafa aukist ár frá ári. Vöntun útflutningsbóta á þessu tímabili hefur numið:

Verðlagsárið 1976/77	500 millj. kr.
Verðlagsárið 1977/78	1 800 millj. kr.
Verðlagsárið 1978/79	3 487 millj. kr.

Í upphafi verðlagsárs 1979/80 var áætlað að um 7 milljarða skorti til þess að verðbæta alla umframframleiðslu búvaranna. Í reynd mun þessi vöntun nema 5.9 milljörðum króna, sem meðal annars skýrist með þeim hömlum sem settar hafa verið á framleiðslu búvara.

Afleiðing þessarar þróunar er augljós. Birgðir hlaðast upp, framleiðendur fá ekki fullar greiðslur fyrir framleiðslu sína, sem síðar leiðir til ófyrirsjáanlegra erfiðleika í rekstri, er bitna harðast á þeim er verr eru settir.

Afleiðingin verður óhjákvæmilega sú, að einhver hluti bændanna í landinu verður að endurmeta stöðu sína og velja sér viðfangsefni á öðrum sviðum.

Svo að unnt sé að ná fram breytingum í framleiðslumálum landbúnaðarins er nauðsynlegt að leitast við að einangra þær ástæður sem leitt hafa til núverandi ástands.

Bústofn.

Sé litið á tölu mjólkurkúa eins og hún hefur verið tvo síðustu áratugi kemur í ljós að nokkrar sveiflur í mjólkurkúastofninum hafa átt sér stað á milli ára, sem rekja má til breytinga á árferði. Sé hins vegar tekið meðaltal af mjólkurkúastofninum milli tveggja síðustu áratuga kemur í ljós að á árunum 1960—1970 er tala mjólkurkúa að meðaltali 38 900 kýr, en á áratugnum 1970—1980 er sambærileg tala nokkru lægri eða 36 100 kýr.

Þegar samanburður er gerður á tölu sauðfjár á þessu sama árabili kemur í ljós að þótt um fremur smávægilegar breytingar sé að ræða eru þær gagnstæðar því, sem er varðandi mjólkurkúastofninn.

Árin 1960—1970 er árleg meðaltalstala sauðfjár 806 800, en sambærileg tala áranna 1970—1980 er 837 500. Af þessum samanburði má ráða að breytingar í bústofni hafa nánast engin áhrif á umframframleiðslu þessara greina landbúnaðarins. Hins vegar kemur hér fram greinileg viðleitni bændanna í þá átt að fella framleiðslu sína að meiri hagkvæmni í útflutningi með tilliti til verðlags á erlendum mörkuðum.

Framleiðsla búvara.

Í línuriti I kemur fram hverjar breytingar hafa orðið á framleiðsluvörum landbúnaðarins á síðustu tveimur áratugum.

Þar kemur fram að um nokkra aukningu er að ræða. Sé miðað við framleiðsluárið 1969/1970, en þá var landbúnaðarframleiðslan í lágmarki, hefur um nokkuð stöðuga framleiðsluaukningu verið að ræða, sem nú síðustu tvö árin nemur tæpum 30%. Í þessu sambandi er þó vert að geta þess, að þessi ár eru bæði afbrigðileg að því er framleiðslu varðar, þótt ástæðurnar séu ólíkar. Fyrra árið var landbúnaði afar hagstætt að því er allt árferði áhrærði, en hið síðara var illt, það erfiðasta fyrir landbúnaðinn. Af þeirri ástæðu var ásetningur minni en ella hefði verið og þar af leiðandi barst meira kjöt á markað.

Ef hins vegar er gerður samanburður á framleiðslumagni búvara og fólksfjölda kemur í ljós að mjólkurframleiðslan er hin sama á íbúa árið 1979 og hún var árið 1960 (sjá töflu VI í fylgiskjali II).

Kjarnfóður.

Þótt augljóst sé að hvorki fjölgun búfjár né aukning í framleiðslu sé hin raunverulega orsök verður ekki á móti mælt að við það verðlag, sem nú er í landinu, er landbúnaðarframleiðslan of mikil. Í þessu sambandi ber sérstaklega að íhuga hver hlutur innflutts kjarnfóðurs hefur verið í að halda uppi framleiðslunni og auka hana að því marki sem áður er lýst.

Árin 1950—60 er innflutt kjarnfóður innan við 10% af heildarfóðurorkunni, en hefur farið vaxandi og er nú orðið 25% (sjá töflu V3 á fylgiskjali II).

Samkvæmt niðurstöðum búreikninga árin 1970—1978 evkst hlutdeild fóðurbætis í mjólkurframleiðslunni úr um 20% árið 1970 í um 30% árið 1978. Í sauðfjárrækt hefur notkun fóðurbætis ekki tekið umtalsverðum breytingum og numið um 15% af vetrarfóðurorku sauðfjárins.

Samkvæmt upplýsingum úr Árbók landbúnaðarins og Hagtíðindum hafa á árunum 1960—1969 komið fram sveiflur í framleiðslu búvara sem rekja má til breytinga í hevafla. Eftir 1970 gætir árferðis í mjólkurframleiðslunni sáralítið, sem skýrist með aukinni notkun kjarnfóðurs (sjá töflu V1, V2, V4 á fylgiskjali II).

Sé borið saman verð á kjarnfóðri og mjólk síðustu tvo áratugi kemur í ljós að kjarnfóður er nú helmingi ódýrara en þá var. Athyglisvert er að þrjú síðustu árin er kjarnfóðrið sérstaklega ódýrt. Sjá töflu V2 á fylgiskjali II.


Vísitala framleiðslumagns.
150
100
50


Landbúnaðarframleiðslan 1965/66 - 1978/79
Verð- og magnvísitölur
Vísitala verðbótaþarfar
Vísitala hámarksverðábyrgðar
1500
1000
1500


Vísitala
búvöruverðs
Vísitala vöru
og þjónustu
1000
500
100
0

Áhrif verðbólgunnar.

Línurit sýnir þróun framleiðslumagns og verðlags landbúnaðarafurða verðlagsárin 1965/66 til 1978/79. Einnig er sýnd fyrir sama tímabil vísitala vöru og þjónustu svo og vísitala hámarksverðábyrgðar skv. upplýsingum Hagstofu Íslands.

Vísitala framleiðslumagns gefur til kynna breytinguna á búvöruframleiðslunni miðað við fast verð og hefur framleiðslan allt tímabilið þá verið verðlögð á verðinu 1969.

Vísitala búvöruverðs sýnir verðþróun búvörunnar á sama tímabili og er þá miðað við verð til framleiðenda.

Vísitala vöru og þjónustu, þ. e. A-liður vísitölu framfærslukostnaðar, er hér sýnd til samanburðar sem vísbending um almenna verðþróun á þessum tíma.

Vísitala hámarksverðábyrgðar gefur til kynna hver verðábyrgðin hefði orðið miðað við fulla nýtingu hennar á hverju ári, þ. e. sem nemur 10% af verðmæti búvöruframleiðslunnar. Síðustu þrjú árin er einnig sýnd sem dæmi ábyrgðin að meðtalinni vöntun útflutningsbótanna.

Af línuritinu má ráða, að síðustu tvö verðlagsár, þ. e. 1977/78 og 1978/79, hefur landbúnaðarframleiðslan orðið um 30% meiri en verðlagsárið 1969/70 og frá verðlagsárinu 1971/72 fer framleiðslan að aukast að marki. Enn fremur má af línuritinu ráða, að frá og með verðlagsárinu 1976/77 fer að gæta vaxandi misvægis milli útflutningsbótaþarfar og almennrar verðþróunar í landinu. Síðustu tvö árin ríflega þrefaldast útflutningsbótaþörfin, en framleiðsluaukningin á sama tíma er óveruleg eða nálægt 4%. Á sama tíma tæplega tvöfaldast almennt verðlag í landinu.

Af þessum samanburði má m. a. ráða hve hlutur markaðsverðs erlendis hefur stöðugt farið minnkandi og hve lítils sá markaður er megnugur í þeirri verðbólgu sem hér geisar.

Hér er óþarft að fara um fleiri orðum. Sú mynd, sem hér blasir við, skýrir sig sjálf.

Orsakir og markmið.

Hér að framan hefur verið lýst þeim ástæðum er liggja til grundvallar þeim vandamálum í framleiðslu búvara, sem landbúnaðurinn stendur nú frammi fyrir. Þessir orsakaþættir eru einkum:

1. Verðbólguþróunin hér á landi.
2. Notkun og verðlagning kjarnfóðurs.
3. Aukin vernd landbúnaðar í markaðslöndum okkar.

Í þeirri umræðu um vandamál landbúnaðarins, sem að undanförnu hefur átt sér stað, hafa komið fram margvíslegar tillögur um lausn þessa vanda. Mikill hluti þeirra tillagna og ábendinga getur í engu talist mótleikur gegn þeirri þróun, sem átt hefur sér stað.

Sérstaklega er hér varað við allri tilhneigingu til að draga úr framförum og umbótum í landbúnaði. M. a. á þetta við um bættan húsakost, tækninýjungar og þó alveg sérstaklega allar umbætur í ræktun og nýtingu jarðar og jarðargróða. Þá verður að vara mjög alvarlega við allri viðleitni í þá átt að halda ungum mönnum utan starfa í landbúnaði, miklu fremur er ástæða til að leggja á það ríka áherslu að auðvelda kynslóðaskipti í landbúnaði.

Allt annað mál er að mikil þörf er að taka mið af nýjum viðhorfum, sem óhjákvæmilega hljóta að hafa í för með sér mat á hinum ýmsu þáttum landbúnaðarins, m. a. heppilegustu stærð framleiðslueininga og hagkvæmni í rekstri búanna. Til grundvallar þeirri stefnumótun í landbúnaði, sem hér er lögð til, er áhersla lögð á að byggð í sveitum haldist í meginatriðum óbreytt. Fjölþættari atvinnumöguleikar, sem m. a. byggjast á nýjum búgreinum, þurfa verulegan tíma til aðlögunar áður en þeir geta tekið við því vinnuafli sem þar er fyrir.

Lausn framleiðsluvanda búvara, umbætur og framfarir í landbúnaði næstu ára verður því einkum að grundvalla á:

1. Ákveðnari stjórn framleiðslu búvara, sem m. a. grundvallast á rýmri og ákveðnari heimildum þar um og fullri ábyrgð samtaka bænda á framleiðslumálum landbúnaðarins.
2. Betri samkeppnisaðstöðu og stórbættri nýtingu innlendrar fóðurframleiðslu.
3. Rýmri heimildum varðandi ráðstöfun þess fjár, sem nú er einvörðungu bundið við greiðslu útflutningsbóta og nemur 10% af heildarverðmæti landbúnaðarvara.
4. Aukningu á verðmæti landbúnaðarvara innanlands, bæði að því er varðar neyslu og iðnað.
5. Umbótum í verslun með búvörur.

Augljóst er að þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins á síðastliðnu ári og veita rýmri heimildir til að stjórna framleiðslunni, eru engan veginn fullnægjandi, auk þess sem þar er um ýmsa augljósa ókosti að ræða, m. a. að því er varðar framkvæmd þessara mála.

Sjálfstæðisflokkurinn er andvígur því fyrirkomulagi í stjórn framleiðslumála er byggist á framleiðsluskömmtun eða kvótafyrirkomulagi, eins og sú aðferð er jafnan nefnd.

Með þeim fyrirvörum, sem að framan greinir, er þó hægt að fallast á að slíkar heimildir séu fyrir hendi í lögum. Við núverandi aðstæður í peninga- og verðlagsmálum, þar sem verðgildi útflutningsbóta rýrnar og stöðugt breikkar bilið milli framleiðslukostnaðar búvara og þess verðs, er fæst fyrir þær vörur á erlendum mörkuðum, getur þurft að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir óeðlilega birgðasöfnun.

Notkun kjarnfóðurs hefur tekið breytingum eftir verðlagi þess á hverjum tíma, sem síðan hefur komið fram í aukinni framleiðslu. Þetta sýnir, að kjarnfóðurgjald er áhrifamikil leið til að stjórna framleiðslu á búvörum.

Sé litið á skiptingu kjarnfóðurs eftir búgreinum má ætla að nálega helmingur þess fari til nautgriparæktar, ca. 1/5 fari til sauðfjárræktar og ca. 30% til annarra búgreina. Augljóst er, að kjarnfóðurgjald kemur þannig misjafnlega niður á hinar einstöku búgreinar, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða til andstöðu við það innan bændastéttarinnar.

Þá ber líka að athuga, hvernig tekjum af kjarnfóðurgjaldi yrði varið. Sé það ekki talið til kostnaðar við búreksturinn er það orðin bein skattlagning á bændurna í landinu. Þess vegna er lögð á það áhersla, að það fjármagn, sem fæst vegna kjarnfóðurgjalds, verði hagnýtt þannig að leiði til frekari framleiðni í búrekstri, hagkvæmni við innlenda fóðurframleiðslu svo og til þróunarverkefna, allt eftir eðli og möguleikum hverrar búgreinar.

Þær heimildir, sem nú eru í lögum varðandi verðmiðlun búvara og gjald til verðjöfnunar þeirra, eru enn sem fyrr nauðsynlegur þáttur í sölukerfi landbúnaðarframleiðslu. Athugandi er hvort ekki sé unnt að beita þeim heimildum í víðtækari mæli en nú er gert, t. d. með því að greiðslur til bænda verði í meira samræmi við hagkvæmni í rekstri vinnslustöðvanna og þarfir markaðarins á hverjum tíma.

Þá er ástæða til að benda á þá hagkvæmni sem felst í beinum greiðslum til bænda, sjá nánar fskj. VI.

Mikilvægasti þáttur í stjórn framleiðslumála landbúnaðarins og sá æskilegasti er að færa skipulag framleiðslunnar í auknum mæli í hin einstöku byggðarlög.

Með þessum hætti væri vandinn færður nær bændunum sjálfum og um leið yrði lausn hans ein af félagslegum þáttum þeirra sjálfra.

Mikilvægasta aflið til að koma á umbótum í framleiðslumálum landbúnaðarins er leiðbeiningaþjónustan, sem í þessum efnum hefur lítils verið megnug. Ástæðan er m. a. sú, eins og í upphafi var getið um, að framleiðslustefnan í landbúnaði hefur verið óbreytt í tvo áratugi, þrátt fyrir breyttar aðstæður í mörgum byggðarlögum.

Um leið og ný stefna er mótuð, sem m. a. felst í ákveðnari stjórn á framleiðslunni, umbótum í sölu og vinnslu búvara, stórbættri fóðurframleiðslu og víðtækari heimildum um ráðstöfun þess fjármagns, sem einvörðungu hefur verið bundið við að verðbæta búvörur til útflutnings, fær leiðbeiningaþjónusta landbúnaðarins tækifæri til að beita áhrifum sínum til samræmis við þau viðhorf, er breytt stefna í málefnum landbúnaðarins felur í sér. Við slíkar kringumstæður má ætla að áhrif þeirra aðila, sem hafa með höndum leiðbeiningastörf í landbúnaði, verði mikilvægur þáttur í að koma á jafnvægi í framleiðslumálum landbúnaðarins.

Aðlögunartímabil.

Hér að framan hafa verið skýrðar leiðir til að ná jafnvægi í framleiðslumálum. Augljóst er að af þeirri þróun hlýtur að leiða að einhver skerðing verður á kjörum þeirra er að landbúnaði vinna. En eins og kemur fram á línuriti 2 eru framleiðslumál landbúnaðarins samantvinnuð verðlagsþróuninni í landinu. M. a. og raunar fyrst og fremst af þeirri ástæðu eru þau komin í þá sjálfheldu að útilokað er, að þau verði færð til betri vegar nema verðlagsþróunin hér innanlands taki allt aðra stefnu en nú er. Því þarf til að koma stuðningur við landbúnaðinn meðan á breytingunni stendur. Slíkt svigrúm til lagfæringar á rekstrargrundvelli búanna er forsenda þess, að landbúnaðurinn geti þróast með eðlilegum hætti.

Annar mikilvægur þáttur af hendi hins opinbera er að breyta þeim heimildum, sem nú eru bundnar í lögum varðandi verðtryggingu búvöru til útflutnings. Víðtækari heimildir um notkun þess fjár til hagræðingar og niðurgreiðslna hér innanlands hefðu í för með sér jákvæð áhrif á mörgum sviðum í þjóðfélaginu. (Sjá fylgiskjal I.) Þá er mikilvægt að bændur fái greiðslur fyrir afurðir sínar sem fyrst í hendur, ekki síst á verðbólgutímum.

Áfram skal halda.

Ekki fer þó hjá því, að við þær aðstæður, sem nú eru í landbúnaði, hlýtur athygli manna að beinast að þeim sérstöku orsakaþáttum, sem þar eru ráðandi. Þess vegna eru málefni framtíðarinnar ekki eins skýrð hér og ástæður væru til.

Einn mesti ágallinn við útflutningsmál landbúnaðarins hefur verið að núverandi fyrirkomulag hefur ekki haft hvetjandi áhrif varðandi öflun hagstæðra markaða, þar sem verðtryggingin tryggði að vissu marki fullt útborgunarverð og sölulaun eru greidd án tillits til söluverðs erlendis. Þegar svo er komið að framleiðendur búvara fá hluta þeirra greiddan á útflutningsverði verður að skapast mikill þrýstingur frá þeirra hendi um að þessum málum sé vel fyrir komið. Eðlilegt er því að ákvarðanir varðandi útflutninginn verði í ríkari mæli bundnar bændasamtökunum en nú er.

Sama máli gegnir um vinnslu landbúnaðarvara til útflutnings. Í fylgiskjali III kemur fram að íslenskar gærur hafa verið unnar erlendis og seldar á mörkuðum þar. Hér er um nýlenduviðskiptahætti að ræða sem engan veginn eru forsvaranlegir. Öflugt átak í sölu og vinnslu vissra landbúnaðarvara getur haft mikil áhrif til að auka á gildi landbúnaðarins.

Ákvörðun Búnaðarfélags Íslands um ræktun feldfjár er lofsvert framtak, sem áhugavert verður að fylgjast með.

Þar sem stofnlán til landbúnaðarins eru nú að fullu verðtryggð hlýtur að koma til álita, hvort ekki er brostinn grundvöllur fyrir því gjaldi er greitt hefur verið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af búvörum til lánajöfnunar.

Eitt mikilvægasta verkefni í landbúnaði er stórbætt heyverkun. (Sjá nánar fylgiskjal II.) Ef greiðslum til þeirra verkefna samkvæmt jarðræktarlögum yrði flýtt mundu þær auðvelda bændum að koma á umbótum í þeim efnum. Fóðuriðnaður hefur þegar náð fótfestu. Mikil þörf er að efla þá starfsemi og um leið að tengja hana störfum bændanna eða félagasamtökum þeirra.

Nýjar búgreinar hafa mikið verið til umræðu. Varast ber að tengja umræðu um þær úrræðum um skjóta lausn framleiðsluvanda landbúnaðarins. Þrír áratugir eru liðnir frá því að umræður hófust um innflutning á holdanautum. Nú fer hins vegar áhrifa þessarar baráttu fyrst að gæta, þar sem fyrstu kálfarnir af holdastofni fæðast hér á landi á þessu ári.

Nýbúgreinum þarf að finna ákveðið form í landbúnaðinum, bæði að því er varðar uppbyggingu, rekstur og sölu framleiðslunnar. Hér þurfa m. a. til að koma nýir þættir rannsóknar- og leiðbeiningastarfsemi. (Sjá fylgiskjal III).

Ræktun landsins og gróðurvernd eru nú sem fyrr veigamestu þættir í íslenskum landbúnaði. Landgræðsla ríkisins hefur fyrir löngu sannað fyrir alþjóð hversu mikilvægu hlutverki hún hefur að gegna. Ný landgræðsluáætlun er verðug viðurkenning til þeirra starfa.

Þau viðfangsefni, sem hér eru nefnd, eru dæmi um þá möguleika sem felast í störfum bændanna í þessu landi og mörg hver verða að mótast og vinnast af djörfum áformum. Það verður að varðveita það umhverfi í sveitum landsins sem á eftir að verða starfsvettvangur ókominna kynslóða. Þegar tímar líða mun það reynast traustur grundvöllur þeirra áforma þjóðarinnar að byggja Ísland allt.

Fylgiskjal I.

Pétur Sigurðsson
mjólkurverkfræðingur.

Reykjavík, apríl 1980.

HVERNIG VERÐUR DREGIÐ ÚR ÞÖRF LANDBÚNAÐARINS FYRIR ÚTFLUTNINGSBÆTUR?

Stærsta vandamál landbúnaðarins í dag er offramleiðsla á sauðfjár- og nautgripaafurðum, sem kemur fram í því, að mikið vantar upp á að þær útflutningsbætur, sem landbúnaðurinn á rétt á skv. lögum, dugi til að bæta framleiðendum upp mjög lágt verð á útfluttum afurðum.

Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar til lausnar þessum vanda og margt verið reynt með fremur litlum árangri til þessa, en í stórum dráttum er um fjórar meginleiðir að ræða:

a. Samdráttur í framleiðslu.
b. Aukning innanlandssölu.
c. Lækkun innanlandsverðs.
d. Hækkun útflutningsverðs.

a. Samdráttur í framleiðslu.

Sú leið, sem aðallega er unnið að í dag með hinu svokallaða kvótakerfi, er að draga úr framleiðslu. Stefnt er að því, að með þessu kerfi ásamt fóðurbætisskatti verði hægt að stjórna framleiðslunni í framtíðinni mun meir en verið hefur. Því miður er augljóst að framkvæmd þessa kerfis, eins og það hefur verið byggt upp með lögum og í reglugerð, verður bæði flókin og vinnufrek. Mjög seinlegt er að fá allar þær upplýsingar, sem kerfið á að byggjast á, jafnframt því sem gert er ráð fyrir að tekið verði tillit til ýmissa aðstæðna, sem erfitt getur orðið að fá fullnægjandi upplýsingar um og síðan meta. Fyrir mikinn fjölda framleiðenda er kerfið nær óskiljanlegt.

Til þess að hafa stjórn á landbúnaðarframleiðslunni þarf að hafa kerfi sem er einfalt í framkvæmd, kerfi sem byggist á aðgengilegum upplýsingum, sem mest frá söluaðilum, en ekki frá skattskýrslum. Framleiðslustjórnun á nautgripaafurðum á að vera sem mest eða alveg aðskilin frá framleiðslustjórnun á sauðfjárafurðum. Fóðurbætisskatt á að leggja á allt kjarnfóður, en endurgreiða framleiðendum að hluta tvisvar á ári miðað við búfjáreign á ákveðnum árstímum.

Að sjálfsögðu eru ýmsir ókostir því fylgjandi að dregið sé úr framleiðslu og má þá sérstaklega benda á eftirfarandi atriði:

1. Lélegri nýting fasteigna, véla og vinnuafls framleiðenda.
2. Lélegri nýting vinnslustöðva, þ. e. mjólkursamlaga og sláturhúsa.
3. Samdráttur í sauðfjárrækt dregur úr framleiðslu hráefna fyrir ullar- og skinnaiðnaðinn.
4. **Samdráttur í mjólkurframleiðslu getur, vegna mikillar árstíðasveiflu í framleiðslunni**, orsakað skort á neyslumjólk yfir vetrartímann og þá sérstaklega á svæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og á Ísafirði.
5. Verulegur samdráttur hefur slæm áhrif á jafnvægi í byggð landsins.

b. Aukning innanlandssölu.

Óhægt er að fullyrða að heildarsala á sauðfjár- og nautgripaafurðum hér á **landi sé mikil miðað við flest önnur lönd. Nautgripakjötssala er ef til vill ekki mikil,** en þess í stað er sala á kindakjöti og mjólkurafurðum mjög mikil. Svigrúm til aukningar á innanlandsneyslu er því ekki mikið og má teljast gott ef tekst að halda þeirri heildarneyslu á íbúa sem verið hefur undanfarin ár.

Spurningin er því heldur, hvort hægt sé að finna markaði innanlands fyrir sauðfjár- og nautgripaafurðir, sem fullnægt er í dag með innflutningi eða með hráefnum frá óskyldum greinum. Hafa verður í huga að verð afurðanna má í slíkum tilvikum vera töluvert undir skráðu innanlandsverði. Öll slík sala á verði umfram útflutningsverð er beinn hagnaður fyrir framleiðendur eða, þegar útflutningsbætur eru nægar, fyrir ríkissjóð.

Áhugi framleiðenda til að nýta þennan möguleika hefur til skamms tíma verið **takmarkaður vegna þess að útflutningsuppbótakerfið hefur ekki boðið upp á,** að sala á innanlandsmarkaði sé hætt upp með fé af útflutningsbótum. Halla af slíkri sölu hafa framleiðendur því orðið að bera sjálfir.

Sem dæmi má nefna að á undanförnum 2—3 árum hefur töluvert verið selt af undanrennumjöli til fóðurframleiðenda hér á landi á verði sem hefur verið verulega undir skráðu innanlandsverði, en samt verulega yfir útflutningsverði. Mjólkurframleiðendur hafa tekið á sig þennan skaða, einfaldlega vegna þess að þar sem vöntun hefur verið á útflutningsbótum, þá hefði skaði þeirra orðið enn þá meiri ef mjólkin hefði verið flutt út.

Vafalaust eru fleiri aðilar, sem gætu nýtt sér afurðir frá landbúnaðinum og greitt fyrir hærra verð en útflutningsverð, án þess að það hefði áhrif á hefðbundna sölu landbúnaðarafurða innanlands.

Hvað mundu smjörlíkisframleiðendur vilja greiða fyrir smjörið, sem hráefni í sína framleiðslu?

Hvað mundu framleiðendur á ýmiss konar dýramat (minka-, refa-, fiska-, **hunda- og kattafóðri) vilja greiða fyrir** t. d. ærkjötið eða annað lélegt kjöt sem flutt hefur verið út — eða undanrennumjöl?

Hvað mundu bakarar vilja greiða fyrir undanrennumjölið?

Hvað mundu mjólkurframleiðendur sjálfir vilja borga fyrir mjólk til kálfaeldis o. s. frv.?

Hafa verður í huga að þessar vörur hafa undanfarið verið fluttar út fyrir verð sem hefur verið á milli 10 og 40% af innanlandsverðinu. Til þess að nýta þennan möguleika til aukningar á sölu innanlands þarf að breyta þeim reglum sem gilda um notkun útflutningsbóta.

c. Lækkun innanlandsverðs.

Lækkun innanlandsverðs á landbúnaðarafurðum á annan máta en með beinum niðurgreiðslum á afurðirnar mundi að sjálfsögðu minnka þörf fyrir útflutningsbætur. En hvernig er hægt að lækka innanlandsverð án þess að það skaði fram-

leiðendur? Innlent heildsöluverð á sauðfjár- og nautgripaafurðum er nær eingöngu samsett úr grundvallarverði til framleiðenda og kostnaði vinnslustöðva.

Lækkun vinnslukostnaðar er hægt að ná fram með ýmsu móti, en í flestum tilvikum þarf að koma til fyrirgreiðsla frá ríkinu, t. d. í formi lækkunar ýmissa opinberra gjalda á fjárfestingar- og rekstrarvörum eða á annan máta.

Það er þó ástæða til að nefna sérstaklega tvennt sem orsakað hefur háan vinnslukostnað hér á landi, en það er léleg nýting mjólkursamlaga og sláturhúsa.

Sauðfjárslátrun tekur hér yfirleitt 6—8 vikur á haustin, en utan þess tíma er nýting sláturhúsanna yfirleitt mjög lítil eða engin. Afar mikilvægt er fyrir rekstur þessara húsa að fundin séu verkefni fyrir þau allt árið.

Árstíðasveifla í mjólkurframleiðslunni er gífurlega mikil hér á landi, en um tvöfalt meira magn af mjólk er framleitt á dag í júlí en í janúar. Þessi mismunur er mun meiri en hjá okkar nágrannaþjóðum.

Afkastagetu mjólkursamlaganna verður að miða við hámarksframleiðslu sumarsins og nýtist því illa yfir vetrartímann. Með minnkun árstíðasveiflunnar á að vera hægt að ná fram verulegum sparnaði í mjólkursamlögunum, ekki bara í fjárfestingu, heldur einnig í vinnuafli.

Einnig má benda á að meiri samvinna milli vinnsluaðilanna og betra heildarskipulag á að geta lækkað vinnslukostnað.

Lækkun grundvallarverðs er einnig hægt að ná fram með ýmsu móti, en eins og með vinnslukostnaðinn þarf í flestum tilvikum að koma til fyrirgreiðsla frá ríkinu. Rætt hefur verið um niðurgreiðslu á ýmsum kostnaðarliðum grundvallarbúsins, eins og t. d. áburði, kjarnfóðri og fjármagnskostnaði. Slíkum niðurgreiðslum væri jafnframt hægt að haga á ýmsan máta þannig að þær kæmu þeim bændum helst til góða sem frekast þurfa á þeim að halda.

Einn aðalkostur við slíkt fyrirkomulag fyrir framleiðendur er að þeir fá miklu fyrr hluta afurðaverðsins óbeint greiddan með lægri rekstrarkostnaði. Sem dæmi má nefna að áburður, sem keyptur er vorið 1980, skilar sér í mjólkurverði til framleiðenda veturinn 1980/1981 og það síðasta í eftirstöðvum mjólkurverðs vorið 1982. Í sauðfjárafurðunum skilar þessi áburður sér að litlum hluta í afurðaverðinu haustið 1980, en aðallega haustið 1981 og það síðasta við uppgjör í ágúst/sept. 1982. Með niðurgreiðslu á áburði fengju þeir hluta afurðaverðsins strax. Þetta er því verulegt hagsmunamál fyrir framleiðendur, svo lengi sem verðbólgan er jafnmikil og hún hefur verið undanfarið og svo lengi sem útborgun söluaðila er aðeins 70—80% af grundvallarverði.

Einnig má benda á að niðurgreiðsla á áburði ætti að vera mikill styrkur fyrir rekstur Áburðarverksmiðjunnar, ef niðurgreiðslurnar fengjust greiddar á réttum tíma. Verksmiðjan á stöðugt í miklum rekstrarfjárerfiðleikum, í fyrsta lagi vegna mikillar birgðasöfnunar mikinn hluta ársins og í öðru lagi vegna lítillar útborgunargetu áburðarkaupenda.

Niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði kæmi framleiðendum og þá sérstaklega frumbýlingum mjög vel. Lánakjör til bænda eins og annarra hafa breyst mikið á undanförnum árum og eru verulega óhagstæðari í dag en þau voru fyrir 10—15 árum, eins og fram kemur í töflu I.

Tafla I. Almenn lánakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

	Vextir	Verðtrygging	Lánstími
	%	%	ár
1962	6.0—6.5	0.0	25
1970	6.0—6.5	0.0	20—25
1976	12.0	25.0	20
1980	1.0—5.0	100.0	20

Niðurgreiðsla einstakra kostnaðarliða kemur framleiðendum misjafnlega vel, eftir því hve stór hlutfallslega viðkomandi liður er í þeirra rekstri. Niðurgreiðsla áburðar kæmi t. d. sauðfjárframleiðendum betur en mjólkurframleiðendum þar sem áburðarnotkun er talin 40% meiri á ærgildi sauðfjár en á ærgildi nautgripa. Aftur á móti kæmi niðurgreiðsla fóðurbætis sér betur fyrir mjólkurframleiðendur. Niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði kæmi sér vel fyrir þá sem standa í miklum framkvæmdum og þá sem skulda mikið, en aftur á móti verr fyrir þá sem skulda lítið o. s. frv.

Með því að greiða niður verð á aðföngum er í reynd verið að greiða niður verð allra landbúnaðarafurða. Niðurgreiðslan nær til heimanotaðra afurða, afurða, sem seldar eru beint frá framleiðendum til neytenda, og afurða til útflutnings. Ef litið er á kostnað ríkissjóðs við niðurgreiðslu á verðlagi innanlands er því augljóst að niðurgreiðsla aðfanga er mun dýrari á hvert vísitölustig framfærslukostnaðar en beinar niðurgreiðslur á ákveðnar afurðir.

Annað, sem einnig verður að hafa í huga við niðurgreiðslu aðfanga, er að hún má ekki verða til þess að framleiðslan aukist. Niurgreiðsla áburðar, kjarnfóðurs eða fjármagnskostnaðar getur auðveldlega orsakað framleiðsluaukningu ef ekki er fylgt mjög ákveðnum reglum.

Með breytingu á lögum um verðlagningu landbúnaðarafurða á þann veg, að ríkið verði beinn samningsaðili við framleiðendur í stað fulltrúa neytenda í sexmannanefnd, mundi skapast vettvangur þar sem hægt væri að hafa áhrif á innanlandsverð landbúnaðarafurða með ýmsum hliðarráðstöfunum. Vafalaust er hægt að koma til móts við launakröfur framleiðenda á annan máta en að hækka afurðaverðið. Sexmannanefnd, sem nú ákvarðar verð landbúnaðarafurða, hefur ekki heimild til að semja um annað en verðið.

d. Hækkun útflutningsverðs.

Einfaldasta leiðin til að hækka útflutningsverðið í krónutölu er að lækka gengið. Gengissig hefur verið mikið á undanförnum árum, en það nægir lítið þegar allur framleiðslukostnaður hefur hækkað mun meira og þar með innanlandsverð afurðanna. Mjög verulegur hluti þess vanda, sem landbúnaðurinn stendur nú frammi fyrir, á einmitt rætur sínar að rekja til þessarar þróunar á undanförnum 5 árum, en að sjálfsögðu einnig til aukinnar framleiðslu.

Markaðsnefnd landbúnaðarins, sem starfað hefur um nokkurra ára skeið, hefur einmitt haft það verkefni að finna leiðir til að fá hærra verð fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Því miður hefur starf hennar borið fremur lítinn árangur til þessa, enda aðstæður mjög erfiðar. Veruleg umframframleiðsla er í hinum vestræna heimi á þeim landbúnaðarafurðum, sem hér er offramleiðsla á, auk þess sem mikið framboð er á þeim frá löndum eins og Ástralíu og Nýja-Sjálandi, þar sem allur framleiðslukostnaður er miklu lægri en hér. Útflutningur landbúnaðarafurða nýtur nær alls staðar verulegs stuðnings af opinberu fé á einn eða annan máta, enda útflutningsverð lágt vegna mikillar samkeppni um þá innflutningsmarkaði sem finnast.

Á undanförnum árum hafa verulegar vonir verið bundnar við að takast mætti að skapa öruggan markað fyrir Óðalsost í Bandaríkjunum, en fyrir hann hefur fengist töluvert hærra verð en fyrir aðrar mjólkurafurðir. Vegna fremur slælegrar framvindi stöðu íslenskra stjórnvalda og útflytjenda mjólkurafurða virðist nú sem þessi markaður sé glataður, að minnsta kosti í bili.

Verulegra hækkana á útflutningsverði á kindakjöti og mjólkurafurðum er því varla að vænta í næstu framtíð, en ef horft er lengra fram í tímann er ótrúlegt annað en verðlag á matvælum almennt í heiminum eigi eftir að hækka mikið í þegar sveltandi heimi.

Fylgiskjal II.

Gunnar Sigurðsson sérfræðingur.

Hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslunnar er framleiddur á innfluttu fóðri?

Á árinu 1979 voru alls flutt inn um 85 þúsund tonn af fóðurbæti. Við þetta bætist innlendur fóðurbætir, sem er aðallega grasкögglar og fiskimjöl. Árið 1979 var mjög slakt sprettusumar hvað heildina varðar. Þá voru framleidd 9671 tonn af grasкögglum, þó svo að í venjulegu sumri eigi að vera hægt að framleiða allt að 12 þús. tonnum við núverandi aðstæður. Innfluttur fóðurbætir og grasкögglar gera því samtals um 95 þúsund tonn árið 1979.

Við samanburð á heimildum um heyafla og fóðurbætisinnflutning kemur í ljós að á árabilinu 1950—1960 er innfluttur fóðurbætir innan við 10% af samanlagðri orku heyja og innflutts fóðurbætis (tafla V4). Á árabilinu 1960—1970 virðist hlutdeild innflutningsins vaxa í um eða yfir 20% og var á árinu 1978 um 25%.

Við mat á hlutdeild nautgripa- og sauðfjárbúskapar í heildarfóðurbætisnotkuninni er fróðlegt að skoða niðurstöður búreikninga. Þar er til yfirlit um heildarfóðurbætisnotkun annars vegar og framleiðslumagn mjólkur á kúabúum og kindakjöts á sauðfjárbúum hins vegar. Þetta samhengi er sýnt fyrir 3 ár í töflu 1.

Tafla 1. Afurðir fyrir hvert kg af fóðurbæti á kúabúi (lítrar mjólkur) og sauðfjárbúi (kg kindakjöts). (Ársskýrslur Búreikningastofu '76, '77 og '78.)

Ár	1976	1977	1978	Meðaltal
Kúabú	2.69	2.66	2.83	2.73
Sauðfjárbú	0.735	0.699	0.704	0.713

Eins og fram kemur í töflu 1, þá framleiddu þeir búreikningabændur, sem kúabúskap stunda, að meðaltali 2.73 lítra af mjólk fyrir hvert kg af aðkeyptum fóðurbæti. Á sama hátt framleiddu þeir sauðfjárbændur, sem skýrslurnar ná til, um það bil 1.40 kg af kindakjöti fyrir hvert kg af fóðurbæti sem keyptur var.

Ef þessi hlutföll eru notuð til að áætla fóðurbætisnotkun til viðkomandi framleiðslu á landinu öllu, má reikna með þeim tölum, sem fram koma í töflu 2. Árið 1979 voru framleidd 15170 tonn af kindakjöti, en af mjólk er reiknað með að framleiddir verði um 126 milljónir lítra á því framleiðsluári, sem nú er að ljúka.

Tafla 2. Áætluð ársnotkun á fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti.

	Framleiðsla	Stuðull	Fóðurbætisnotkun (tonn)
Kýr	126 000 000 l	2.73	46 154
Sauðfé	15 170 000 kg	0.713	21 276
		Alls	67 420

Samkvæmt þessu eru notuð um það bil 68 þúsund tonn af fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti. Má því ætla að aðrar búgreinar noti afganginn eða um 27 þús. tonn.

Þó svo að þarna sé komin nokkuð sæmileg vísbending um fóðurbætisnotkun kúabænda, er erfitt að segja til um hve mikill hluti þessa magns er notaður við sjálfa mjólkurframleiðsluna og hve stór hluti er notaður sem fóður handa geldpeningi. Við venjulegar aðstæður má reikna með að hvert kílógramm af fóðurbæti skili um það bil 2 kílógrömmum af mjólk, þó svo að fræðilega eigi að fást 2.5 kg af mjólk. Erfitt er sem sagt að slá neinu föstu, en ef 2 kg eru lögð til grundvallar,



Mynd 1. Áhrif heygæða á fóðurbætisþörf til mjólkurframleiðslu.

þá eru rúmlega 90 millj. lítra framleiddar á fóðurbæti eða rúmlega 70% af mjólkurframleiðslunni.

Í þeirri mynd, sem hér hefur verið dregin upp, hefur ekki verið tekið tillit til þess fóðurs, sem þarf til viðhalds og endurnýjunar mjólkurkúastofninum. Við athugun á heildarfóðurafla búreikningabúanna 1976—1978 kemur í ljós að um það bil 30% af fóðurorkunni er aðkeyptur fóðurbætir, þ. e. kjarnfóður og grasköggglar (sbr. töflu V3). Hvað sauðfjárframleiðslu varðar þýðir þessi tala í töflu 2 að notuð séu á milli 12 og 14 kg af fóðurbæti á hverja vetrarfóðraða kind í landinu.

Við athugun á niðurstöðum búreikninga kemur í ljós að á sauðfjárbúum er aðkeypt fóður um 15% af vetrarfóðrinu og er það nokkuð stöðugt síðan 1970.

Hve mikið má framleiða af innlendu fóðri eingöngu? Þessi spurning er samsett. Fyrsti og stærsti hluti spurningarinnar er hve langt er hægt að ná í mjólkurframleiðslu með heyfóðrun eingöngu. Mynd 1 sýnir mjaltaferil þriggja kúa. Nythæsta kýrin er með 5300 kg ársnyt, en nytlægsta kýrin er í 3500 kg ársnyt. Neðst á myndinni kemur fram sá breytileiki, sem mældur hefur verið á nothæfni heyja til mjólkurframleiðslu. Ef hægt væri að hækka úr neðri línunni upp í þá efri þýddi það að fyrir hverja kú í nytarlægsta flokknum (mynd 1) yrði aukning í verðmætamyndun vegna bættrar nýtingar, sem þegar er búið að gera í kúabúskap, milli 4 og 5 hundruð þúsund. Bein tekjuaukning yrði rúm 100 þús. Fyrir vísitölubúið þýddi þetta að afurðir fyrir um það bil níu milljónir króna yrðu framleiddar fyrir þá fjárfestingu sem þegar hefði verið gerð. Nythæstu kúna í mynd 1 er einfaldlega ekki hægt að fóðra með svo slöku heyi sem neðri lína sýnir. Seinni hluti þessarar spurningar, þ. e. hve mikið af mjólk er hægt að framleiða af innlendu fóðri, snýr svo að fóðurbæti. Í tilraunum með mjólkurkýr hefur verið sýnt, að ná megi a. m. k. 12 fóðureininga dagfóðrun með heyi og grasköggglum. Þá er búið að fullnægja fóðurþörf verulegs hluta af kúastofninum, þ. e. svo fremi sem nægilegt framboð er af grasköggglum. Ef ársframleiðslunni af mjólk er skipt niður á 35 000 mjólkurkýr, þá

koma um 3600 lítrar í hlut hverrar. Af framansögðu má ljóst vera að þessa mjólk má alla framleiða með innlendu fóðri. Meginverkefni í landbúnaði hlýtur því að vera að færa neðri línuna upp í mynd 1, þ. e. að bæta heygæðin. Nú er unnið að þessu með áróðri fyrir aukinni súgþurrkun, en þar þarf meira til. Öflug súgþurrkun er ein af forsendunum, en ræktunarþátturinn er engu síður mikilvægur. Flóra þeirra túna, sem bændur nota í dag, er víða þannig að þar verður ekki framleitt afurðahey. Þar þarf stórátak í endurræktun.

Eitt er víst, að meðalkúna íslensku er hægt að fóðra á innlendu fóðri að langmestum hluta. Miklar afurðakýr verða eftir sem áður að fá kornfóður meðan þær eru í hæstri nyt. Spurningarnar, sem skoða þarf í þessu sambandi, eru því bætt fóðuröflunaraðstaða hvers bónda og aukin grasköglaframleiðsla. Hvað sauðfé áhrærir er engin spurning um að það er hægt að fóðra á innlendu fóðri eingöngu og sennilega hægt að komast af með fjórða hluta af því fóðurbætismagni, sem tilgreint er í töflu 2. Þar er bætt heyverkun einnig þýðingarmikil forsenda.

TAFLA V1.

Þróun mjólkurframleiðslu og íbúafjölda og samhengi þeirrar þróunar.

Ár	Innv. mjólk (þús. lítrar)	Íbúafjöldi	Lítrar/íbúa
1960	97 672	175 680	556
1965	106 515	193 758	550
1970	100 568	204 578	492
1971	105 261	206 818	509
1972	109 751	210 352	522
1973	112 537	213 070	528
1974	115 964	216 172	536
1975	111 525	218 682	510
1976	112 008	220 918	507
1977	118 927	222 055	536
1978	120 172	223 917	537
1979	126 000	226 339	557

TAFLA V2

Þróun mjólkurframleiðslu, verðsamhengi mjólkur og fóðurbætis, heyskapur.

Ár	Verðhlutfall mjólk/fóðurb.	Mjólk lítrar/íbúa	Heyafli (m^3)
1960	1.07	556	2 850 000
1965	1.23	550	3 037 359
1970	1.56	492	2 293 086
1971	1.38	509	3 217 877
1972	1.90	522	3 730 511
1973	1.53	528	3 564 979
1974	1.50	536	3 429 387
1975	1.46	510	3 481 740
1976	1.60	510	3 740 107
1977	2.20	536	3 897 271
1978	1.99	537	3 630 261
1979	2.20	557	

TAFLA V3.

Fóðurafli búreikningabúa og hluti aðkeypts fóðurs.

Kúabú: Ár	Fóðureiningar: Hey	Fóðurb.	Alls	Fóðurb. %
1970	48 210	10 979	59 189	18.5%
1971	53 580	15 865	69 445	22.8%
1972	54 150	20 000	74 150	27.0%
1973	**57 720**	**20 525**	**78 255**	**26.0%**
1974	60 753	21 277	82 030	26.0%
1975	58 830	20 395	79 225	25.7%
1976	69 260	28 260	97 520	29.0%
1977	76 020	31 466	107 486	29.3%
1978	74 360	31 970	106 330	30.0%
			Meðaltal	26.0%
Sauðfjárbú:				
1970	34 780	6 517	41 298	15.8%
1971	40 510	7 554	48 064	15.7%
1972	46 650	8 521	55 171	18.3%
1973	51 630	9 537	61 161	15.6%
1974	52 924	8 486	61 410	13.8%
1975	48 880	8 674	57 554	15.0%
1976	57 590	10 158	67 748	15.0%
1977	61 780	10 748	72 528	14.8%
1978	57 240	9 749	66 989	14.6%
			Meðaltal	15.4%

TAFLA V4.

Fóðurbætisinnflutningur og heyskapur 1950—1979 (Hagtíðindi 1951—1980).

Ártal	Heyfengur (m^3)	FE þús.	Fóðurbætis-notk. þús. FE	Innflutn-ingur í %
1950	1 762 620[1])	103 300	9 182	8
1955	2 099 230[1])	125 000	21 814	15
1960	2 850 000[1])	180 400	18 690	9
1965	3 037 359	168 906	35 007	17
1970	2 293 086	140 000	70 910	30
1971	3 217 877	190 000	59 903	24
1972	3 730 511	220 000	58 134	21
1973	3 564 979	215 000	65 309	23
1974	3 429 387	205 000	58 134	22
1975	3 481 740	210 000	55 367	21
1976	3 740 107	220 000	67 046	23
1977	3 897 271	234 000	71 194	23
1978	3 630 261	218 000	73 460	25
1979			84 918	

1) Rúmmetrar umreiknast úr hestburðum 1.3 hb/m^3.

Fylgiskjal III.

Sigurjón B. Jónsson ráðunautur.

Þáttur nýbúgreina í framtíðinni.

Ekki getur hjá því farið, að eigi íslenskur landbúnaður að halda áfram að gegna sínu hlutverki og halda uppi matvælaframleiðslunni í landinu, atvinnu- og byggðajafnvægi í dreifbýlinu ásamt gjaldeyrisöflun, verður hann að laga sig að breyttum aðstæðum og fara inn á nýjar brautir búgreina.

Þessar nýju búgreinar þurfa að falla vel að þeim sem fyrir eru og geta komið í staðinn fyrir þær í sumum tilvikum ásamt því að taka við því vinnuafli sem er og kemur úr dreifbýlinu, bæta og halda uppi byggðajafnvægi, sjá iðngreinum fyrir hráefni, eftir því sem hægt er, og auka hlutdeild bændastéttarinnar í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Loðdýrarækt.

Helstu tegundir loðdýra sem má rækta hér á landi:

Kjötætur:	Minkar
	Refir
	Þvottabirnir
	Ildar
Grasætur:	Chinchillur
(jurtaætur):	Ullar- og kjötkanínur
	Buslur (vatnarottur)

Nokkrar greinar loðdýraræktar hafa sýnt sig að vera heppilegar sem auka- eða aðalbúgreinar hjá bændum í nágrannalöndum okkar. Einkum eru það kjötæturnar minkar, refir, ildar og þvottabirnir, sem henta vel í því sambandi, og gras- eða jurtaæturnar chinchillur, ullar- og kjötkanínur og buslur (vatnarottur).

Afurðirnar, skinnin, eru seldar á opinberum uppboðum erlendis þar sem verð þeirra ræðst af framboði og eftirspurn að undanskráðu lágmarksverði, en framleiðsla ullarkanínunnar, sem er angoruullin, er seld hjá iðnfyrirtækjum í V-Evrópu á föstu verði. Afsetning afurðanna, skinna og angóruullar, kemur okkur vel þar sem við þurfum ekki að búa eingöngu við takmarkaðan innanlandsmarkað.

Loðskinn eru heimsins stöðugasta tískuvara sem varað hefur síðan maðurinn fyrst fór að klæðast fötum (skinnfatnaði). Eftirspurn eykst stöðugt eftir loðkápum, þar sem nú hafa fleiri og fleiri efni á að fá sér þessar flíkur.

Skinnum af villtum dýrum fer jafnt og þétt fækkandi á skinnamörkuðum og veldur því fækkun villidýra í heiminum og friðun dýra- og landssvæða, þar sem veiðar hafa áður verið stundaðar.

Framboð skinna af ræktuðum loðdýrum hefur lítið breyst síðustu árin og hefur eftirspurnin verið lítið eitt meiri en framleiðslan eða sem svarar einni milljón skinna. Það, sem veldur því að framboðið fylgir ekki eftirspurninni, er, að hráefni í fóður fyrir ræktuð loðdýr er hvarvetna á þrotum í V-Evrópu og N-Ameríku. Aðstaða okkar Íslendinga er því mjög góð nú til að fara af stað með loðdýrarækt. Hráefni til fóðurgerðar frá frysti- og sláturhúsum landsins höfum við nóg af sem dugar til framleiðslu á 3—5 millj. loðskinna. Lega landsins hjálpar til og tryggir framleiðslu úrvalsskinna með sínu kalda og raka loftslagi, sem er gagnstætt við hinn hefðbundna búskap.

Loðdýraræktin fellur því vel að kröfum og þörfum okkar fyrir nýjar búgreinar og iðnað, hvað varðar atvinnu, byggðajafnvægi, markaði og gjaldeyrisöflun og veðurfar landsins.

Til að gefa einhverja hugmynd um stofnkostnað og rekstur loðdýra samanborið við hefðbundinn búskap er sett hér upp gróft dæmi með refa-, minka- og sauðfjárbúskap sem grundvallast á afurðaeiningum.

Dæmi:	1 refalæða	3 minkalæður	5 ær
Hús	kr. 500 000	kr. 400 000	kr. 700 000
Bústofn	— 80 000	— 90 000	— 150 000
Fóður	— 40 000	— 45 000	— 84 000
Afurðir	— 168 000	— 168 000	— 168 000

Feldfjárrækt.

Ræktun feldfjár af íslenska landkyninu, þar sem pelsgæðin, hreinleiki og lokkmyndun, eru meginmarkmið, en frjósemi og kjötafurðir koma þar á eftir. Byrjað væri á ræktun á gráum feldgærum, en síðar meir athugað með markað fyrir svartar og dökkmórauðar gærur.

Unglambaskinn til feldframleiðslu væru nýtt eftir því sem hægt væri og bændum kennt að flá og verka skinnin eins og gert er með karakúllömb, til að auka verðmæti þeirra. Einnig væri gerð á því athugun í tilraunaskyni, hvort ekki mætti með ræktun og notkun hormóna reka hér sauðfjárbúskap með marglembur, þar sem unglambaskinnin væru meginframleiðslan.

Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákveðið fyrir gildistöku þessara laga en undanþiggja birgðir innlendra framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessara laga verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku laga þessara. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismuninum sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 7. gr. þessara laga. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldskyldum framleiðanda að greiða á sama gjalddaga sérstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald skv. 7. gr. þessara laga, skal hann skila tveimur skýrslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga og hinni vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breytingar á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu, skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkissjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst 1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir frá og með 23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir septemberlok 1982. Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

9. gr.

Við beitingu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1980, skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

10. gr.

1. mgr. 11. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum orðist svo:

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi sem skráð er í bönkum hér á landi skuli við ákvörðun tollverðs gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að breytist skráð sölugengi gjaldmiðils eða tollafgreiðslugengi eftir að vara hefur verið tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr., skuli miða við hið nýja gengi við endanlega tollafgreiðslu vöru.

11. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í VIII. kafla laga um efnahagsmál nr. 13/1979 bætist nýr liður tölumerktur IV. svohljóðandi:

Draga skal sérstaklega 2,9 prósentustig frá þeirri verðbótahækkun launa, er skal eiga sér stað frá 1. september 1982 vegna ákvæða í 48.—52. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjala hér á eftir:

Fylgiskjal I

BRÁÐABIRGÐALÖG

um efnahagsaðgerðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum, vegna þeirra þungu áfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á undanförnum mánuðum. Aflabrestur, verðfall og sölutregða á íslenskum afurðum hafa valdið vaxandi viðskiptahalla gagnvart útlöndum, þrengt að atvinnuvegunum, aukið verðbólgu og dregið úr þjóðartekjum.

Af þessum ástæðum ber brýna nauðsyn til þess að draga úr víxlgangi verðlags og launa, minnka viðskiptahalla og styrkja stöðu atvinnuveganna. Sú 13% lækkun á gengi íslenskrar krónu, sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið með samþykki ríkisstjórnarinnar, kallar einnig á setningu bráðabirgðalaga um gengismun af útflutningsbirgðum og ráðstöfun hans.

Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að sérstakar bætur, allt að 50 millj. króna, verði greiddar úr ríkissjóði til láglaunafólks á árinu 1982. Tilhögun þessara bóta verður ákveðin í samráði við samtök launafólks.

3. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 23. ágúst 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6,5% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.

4. gr.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal lagður í sérstakan gengismunarsjóð, sem skal varið í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

1. Krónum 80 milljónum skal varið til greiðslu óafturkræfs framlags til togara til að bæta rekstrarafkomu þeirra vegna aflabrests á fyrri hluta þessa árs. Skal Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins annast greiðslur þessar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
2. Krónur 15 milljónir til loðnuvinnslustöðva samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
3. Krónur 10 milljónir í Fiskimálasjóð, sem verði ráðstafað til orkusparandi aðgerða í útgerð og fiskvinnslu og til fræðslu um gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
4. Krónur 5 milljónir í lífeyrissjóði sjómanna, samkvæmt nánari reglum sem ríkisstjórnin setur, að höfðu samráði við sjómannasamtökin.
5. Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

5. gr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að eftirstöðvar þess fjár, sem er í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sbr. a) og b) lið 17. gr. laga nr. 79/1968, b) lið B málsliðar 3. gr. laga nr. 2/1978 og 2. tl. b) liðar 3. gr. laga nr. 22/1979, renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

6. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gilti 11. ágúst 1982 miðað við þær álagningarreglur, sem í gildi voru samkvæmt ákvörðunum verðlagsráðs þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu, eða öðrum viðskiptum frá því sem var 12. ágúst 1982 með breytingum skv. 1. mgr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda.

7. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, breytist með svofelldum hætti:

a) 1. og 2. málsliður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1983 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

b) Upphaf A-liðar 1. gr. laganna orðist svo:
Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:

c) Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við A-lið 1. gr. laganna:

07.05.00	18.06.03	21.05.11
16.03.00	19.02.01	21.05.19
17.01.23	19.02.02	21.05.21
17.01.24	20.02.01	21.06.01
17.01.27	21.02.11	21.06.02
17.01.29	21.02.19	21.07.01
17.02.04	21.02.20	21.07.02
17.04.02	21.03.00	33.04.01
18.05.01	21.04.01	33.04.02
18.05.09	21.04.02	33.04.03
18.06.01	21.04.09	33.04.09
18.06.02		

d) Upphaf B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:
Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:

8. gr.

Hið hækkaða vörugjald sem skv. 7. gr. þessara laga skal lagt á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 23. ágúst 1982 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 23. ágúst 1982 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 23. ágúst 1982. Sama gildir um innheimtu gjalds af vörum sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákveðið fyrir gildistöku þessara laga en undanþiggja birgðir innlendra framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessara laga verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku laga þessara. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismuninum sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 7. gr. þessara laga. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldskyldum framleiðanda að greiða á sama gjalddaga sérstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald skv. 7. gr. þessara laga, skal hann skila tveimur skýrslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga og hinni vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breytingar á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu, skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar máls-

greinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkissjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst 1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir frá og með 23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir septemberlok 1982. Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

9. gr.

Við beitingu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1980, skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

10. gr.

1. mgr. 11. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum orðist svo:

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi sem skráð er í bönkum hér á landi skuli við ákvörðun tollverðs gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að breytist skráð sölugengi gjaldmiðils eða tollafgreiðslugengi eftir að vara hefur verið tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr., skuli miða við hið nýja gengi við endanlega tollafgreiðslu vöru.

11. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í VIII. kafla laga um efnahagsmál nr. 13/1979 bætist nýr liður tölumerktur IV. svohljóðandi:

Draga skal sérstaklega 2,9 prósentustig frá þeirri verðbótahækkun launa, er skal eiga sér stað frá 1. september 1982 vegna ákvæða í 48.—52. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1982.

Vigdís Finnbogadóttir,
(L.S.)

Gunnar Thoroddsen.

Fylgiskjal II

21. ágúst 1982.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna aðgerða í efnahagsmálum.

Íslenskt efnahagslíf hefur átt við ört vaxandi erfiðleika að etja á síðustu mánuðum. Þegar efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1982 var sett fram í þjóðhagsáætlun í október á liðnu ári, var miðað við ákveðnar forsendur um þróun helstu hagstærða hér á landi og í umheiminum. Þjóðhagsspáin var samkvæmt venju að mestu leyti áætlun um tekjur þjóðarbúsins og ráðstöfun þeirra. Þar var m. a. gengið út frá að þjóðarframleiðslan ykist um 1%, viðskipti við önnur lönd yrðu hallalaus og verðbólga færi minnkandi. Á þeim tíma var fastlega búist við jafnvægi í þjóðarbúskapnum á þessu ári.

Nokkru eftir að gengið var frá þjóðhagsspá varð ljóst, að ýmsar meginforsendur hennar stóðust ekki af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Loðnuveiðar brugðust og vonir manna um batnandi ástand í efnahagsmálum umheimsins reyndust ekki á rökum reistar. Því var nauðsynlegt að grípa til ráðstafana í efnahagsmálum snemma á þessu ári. Jafnframt var tilkynnt að frekari ráðstafana yrði þörf, þegar líða tæki á árið, ef ekki yrðu umskipti til hins betra.

Frá því í ársbyrjun hefur enn sigið á ógæfuhlið í þróun efnahagsmála, bæði hér á landi og annars staðar. Nú eru horfur á, að tekjur þjóðarbúsins dragist enn meira saman en þá var búist við. Fyrstu sex mánuði ársins reyndist verðmæti sjávarafla 17% minna en á sama tíma í fyrra og flest bendir til að framleiðsla sjávarafurða á þessu ári verði 13—16% minni en á síðasta ári.

Á sama tíma og tekjur í sjávarútvegi hafa minnkað, er einnig við alvarlegan vanda að etja á öðrum mikilvægustu útflutningsmörkuðum. Sá öldudalur, sem efnahagslífið í heiminum er í, hefur reynst dýpri en vænta mátti, og eftirspurn eftir framleiðslu okkar minnkað. Auk þess hefur kostnaðarþróun í útflutningsframleiðslu reynst þungur baggi og veldur verðbólgan þar mestu um. Þessi samdráttur skerðir þjóðartekjur sennilega um 5—6%, auk þeirra annarra víðtæku áhrifa sem samdrátturinn hefur á tekjur og afkomu í öðrum atvinnugreinum. Hér er um að ræða alvarlegra áfall í þjóðarbúskap okkar en um áratugaskeið.

Þessi óheillavænlega þróun veldur því, að í stað jafnaðar í viðskiptum við önnur lönd og minnkandi verðbólgu, eins og spáð var í lok síðasta árs, stefnir viðskiptahallinn í 8—9% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir nokkurri aukningu vöruútflutnings á næsta ári, eru engu að síður líkur á svipuðum viðskiptahalla á því ári, ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana. Verðbólgan fer einnig vaxandi og er líklegt að án aðgerða verði hún um 75—80% um þetta leyti á næsta ári. Við slíkar aðstæður verður vart komist hjá atvinnuleysi, og skuldasöfnun við útlönd myndi stefna fjárhagslegu sjálfstæði okkar í voða.

Sá vandi sem við er að glíma er djúpstæðari og umfangsmeiri en um langt skeið, vegna þess hve þjóðarbúið og atvinnuvegirnir eru vanbúnir að mæta ytri áföllum. Langvarandi verðbólga hefur smám saman skekkt og grafið undan rekstrarskilyrðum framleiðsluatvinnuveganna. Takist ekki að draga verulega úr verðbólgu munu framleiðsluskilyrði og afkoma þjóðarbúsins fara versnandi á næstu árum.

Minnkandi afli, vandkvæði á erlendum mörkuðum og langvarandi verðbólga gera það nauðsynlegt að grípa nú til umfangsmikilla efnahagsráðstafana.

Þýðingarmesta verkefnið er að draga úr viðskiptahallanum og þar með erlendri skuldasöfnun, en það verður ekki gert við núverandi aðstæður á annan hátt en með lækkun

þjóðarútgjalda, minni innflutningi og meiri sparnaði. Um leið og ráðstafanir eru gerðar til að draga úr þjóðarútgjöldum, leggur ríkisstjórnin áherslu á aðgerðir í atvinnumálum til að auka þjóðarframleiðslu og atvinnu á næstu árum. Aðhald í heildarútgjöldum samhliða aðgerðum til að auka framleiðslugetu þjóðarbúsins er því þungamiðja efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar mótast af eftirfarandi fjórum meginmarkmiðum:

Í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd.

Í öðru lagi að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

Í þriðja lagi að verja lægstu laun, eins og unnt er, fyrir þeim samdrætti, sem orðið hefur í þjóðartekjum.

Í fjórða lagi að veita viðnám gegn verðbólgu.

Til þess að ná þessum markmiðum hefur ríkisstjórnin sett bráðabirgðalög um ráðstafanir í efnahagsmálum. Aðalefni bráðabirgðalaganna er eftirfarandi:

1. Dregið er út víxlgangi kaupgjalds og verðlags með helmingslækkun verðbóta á laun 1. desember n. k.
2. Aflað er tekna á þann hátt að dregið er úr viðskiptahalla. Tekjunum verður ráðstafað til jöfnunar lífskjara.
3. Um leið og gengi krónunnar er breytt til að styrkja stöðu atvinnuveganna og draga úr innflutningi, er helmingi gengismunar varið til sérstakra ráðstafana í þágu sjávarútvegs, einkum vegna erfiðleika í togaraútgerð.

Auk þeirra aðgerða, sem ákveðnar hafa verið með bráðabirgðalögunum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að standa að eftirfarandi:

1. Að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkvæmt nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. desember 1982.
2. Innflutningur fiskiskipa verði stöðvaður í tvö ár, og við nýsmíði innanlands verði gerðar verulegar kröfur til eiginfjárframlags. Verkefnum varðandi breytingar og viðhald flotans verði beint til innlendra skipasmíðastöðva, eftir því sem kostur er.
3. Til að hamla gegn lélegri meðferð á afla og koma í veg fyrir léleg framleiðslugæði verði strax settar hertar matsreglur og viðurlög gegn brotum. Veiðar og vinnsla verði háð opinberum leyfum sem beita má m. a. í þessu skyni.
4. Á næstu mánuðum verði efnt til stóraukinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskri framleiðslu.
5. Til að örva útflutning verði nýtt útflutningstryggingakerfi tekið upp og útflutningslánakerfið eflt, þannig að Útflutningslánasjóður geti boðið sambærileg kjör og samsvarandi sjóðir erlendis.
6. Unnið verði að því að draga úr þörf fyrir útflutningsuppbætur með því að stuðla að samdrætti í kjötframleiðslu með aðstoð hins opinbera, þannig að framleiðslan haldist framvegis í hendur við innanlandsneyslu og nýtanlega erlenda markaði. Viðræður verði teknar upp við samtök bænda um endurskoðun útflutningsbótakerfisins. Loðdýrarækt og aðrar nýjar búgreinar verði efldar sérstaklega með hagkvæman útflutning í huga. Stefnt verði að því að búvöruframleiðslan í einstökum byggðarlögum verði í samræmi við landkosti jarða og markaðsstöðu.
7. Undirbúið verði sérstakt átak í markaðs- og sölumálum íslenskra afurða erlendis.

8. Verðlagning á innlendum iðnaðarvörum sem eiga í óheftri erlendri samkeppni verði gefin frjáls.
9. Útlánareglur, lánstími og vaxtakjör fjárfestingalánasjóða atvinnuveganna verði sambærileg.
10. Undirbúin verði löggjöf um að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til fimm ára í senn.
11. Aukin áhersla verði lögð á sparnað og spornað við útþenslu í opinberum rekstri.
12. Erlendar lántökur verði takmarkaðar til samræmis við markmið um viðskiptajöfnuð. Í þessu skyni verði dregið úr heildarfjárfestingu og óbeinum aðgerðum beitt til að minnka innflutning, m. a. verði athugað að takmarka lán til vörukaupa og kaupa á vélum og tækjum.
13. Ríkisstjórnin mun stofna til endurskoðunar á skipulagi og útgjöldum til heilbrigðismála með sérstakri áherslu á þjónustu sjúkrahúsa.
14. Tekjuöflunarkerfi hins opinbera verði endurskoðað með það fyrir augum að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna með hliðsjón af tillögum starfshóps um starfsskilyrði atvinnuveganna.
15. Unnið verði að því að samræma aðstöðugjald á atvinnurekstur með lækkun gjaldsins á iðnað og landbúnað að undangengnum viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga.
16. Ríkisstjórnin mun hefja viðræður við samtök launafólks um jöfnun lífskjara. Í því skyni verði varið 175 millj. kr. á þessu og næsta ári til láglaunabóta og skattendurgreiðslna og 85 millj. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins.
17. Ríkisstjórnin mun efna til viðræðna við viðskiptabanka og sparisjóði um lengingu lána til atvinnuvega og húsbyggjenda.
18. Stefna skal að aukinni hlutdeild starfsmanna og meðábyrgð í stjórnum fyrirtækja og stofnana.
19. Ríkisstjórnin mun þar sem ástæða þykir til beita sér fyrir frestun á umfangsmiklum byggingarframkvæmdum opinberra stofnana og fyrirtækja í allt að 18 mánuði.
20. Tryggður verði áfangi í jöfnun húshitunarkostnaðar frá 1. október næstkomandi. Jafnframt verði skipuð nefnd með fulltrúum allra þingflokka er fjalli um framtíðarfjáröflun til jöfnunar húshitunarkostnaðar.
21. Ríkisstjórnin mun leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins um þá breytingu á orlofslögum að laugardögum og frídegi verslunarmanna verði sleppt í talningu orlofsdaga. Að loknum viðræðum við aðila mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp í þesu skyni.

Sþ. 88. Fyrirspurnir. [86. mál]

I. Til fjármálaráðherra um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum samkvæmt lánsfjáráætlun.

Frá Helga Seljan.

Hvernig hafa lífeyrissjóðirnir staðið skil á kaupum skuldabréfa af opinberum fjárfestingarlánasjóðum í samræmi við lánsfjáráætlun þessa og síðasta árs?

Ef um vanskil er að ræða, hverjir eru þá stærstu aðilarnir, sem ekki hafa staðið skil á þessum skuldabréfakaupum, og hversu háar upphæðir er þar um að ræða?

II. Til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar við Húnaflóa.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hyggst sjávarútvegsráðherra breyta þeim reglum, sem nú gilda um skiptingu rækjuafla úr Húnaflóa, í ljósi þeirra breytinga, sem orðið hafa á atvinnuöryggi þeirra staða er aflans hafa notið?

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um málefni El Salvador.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að beina því til utanríkisráðherra, að Ísland beiti áhrifum sínum, hvarvetna þar sem þess gefst kostur á alþjóðavettvangi, til þess að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála í El Salvador, jafnframt því að beita sér fyrir því gagnvart Bandaríkjastjórn, að hún láti af hernaðarstuðningi við þá ógnarstjórn sem fer með völd í El Salvador. Í þessu sambandi er sérstaklega minnt á nýlegt tilboð stjórnarandstöðunnar um, að deiluaðilar setjist að samningum, og hvatt til þess, að Ísland stuðli að því, að af slíkum samningum verði sem allra fyrst.

Greinargerð.

Ríkisstjórnir þær, sem farið hafa með völd undanfarin ár í El Salvador, bera ábyrgð á einhverjum mestu fjöldamorðum síðari ára. Samkvæmt heimildum fulltrúa kirkju og mannréttindasamtaka hafa tugþúsundir manna verið myrtar þar á kerfisbundinn hátt á síðustu þremur árum. **Á síðustu þremur árum hefur Mannréttindanefnd El Salvador skráð rúmlega 26 þúsund morð á óbreyttum borgurum í landinu.** Mannréttindasamtök og kirkjunnar menn halda því fram, að langflest þessara morða séu framin af öryggissveitum, her og lögreglu í landinu. Einnig hefur verið sýnt fram á tengsl milli herforingja landsins og ýmissa hópa öfgamanna, sem flest óhæfuverkin vinna. Langflest fórnarlömbin eru fátækir landbúnaðarverkamenn, en allar stéttir landsins hafa orðið fyrir mikilli blóðtöku af völdum þessa hildarleiks. Þar má sérstaklega nefna lækna (42 myrtir á síðustu þremur árum) og kennara, en mikill fjöldi þeirra hefur horfið sporlaust.

Talið er að nú hafi rúmlega 1 milljón manna orðið að yfirgefa heimili sín eftir að ógnaröldin hófst þar árið 1979. Þetta er nærri fimmti hver landsmaður, sem kominn er á flótta í eigin landi eða er kominn úr landi. Samkvæmt heimildum mannréttindasamtaka standa her og lögregla fyrir skipulögðum pyntingum í fangelsum landsins.

Vegna mikillar gagnrýni á aftökur og hryðjuverk hers og lögreglu í El Salvador á alþjóðavettvangi á síðasta ári virðast aðferðir yfirvalda nú vera að breytast til samræmis við aðferðir ógnarstjórna sunnar í álfunni. Þannig sýna tölur yfir mannshvörf á þessu ári að þau hafa á sumum tímabilum ársins þrefaldast miðað við sama tíma í fyrra. Það er einnig hrikalegt, að ofbeldi gegn konum virðist fara vaxandi. Skýrslur mannréttindasamtaka sýna að 90% þeirra kvenna, sem handteknar eru, er nauðgað. Þá er til fjöldi vitnisburða um fjöldamorð á óbreyttum borgurum á þessu ári.

Augljóst er að ríkisstjórn El Salvador ræður ekki við þennan vanda. Þrátt fyrir gífurlega hernaðaraðstoð Bandaríkjastjórnar hefur stjórnarher og lögreglu lítt miðað í baráttu við vopnaða stjórnarandstöðu sem hefur meira en þriðjung landsins undir sinni stjórn. Ólíklegt verður að teljast að unnt sé að vinna hernaðarsigur þar sem þjóðin skiptist í andstæðar fylkingar og her og lögregla halda almenningi í stöðugum ótta. Þrátt fyrir yfir **80 milljóna** dollara aðstoð Reagan-stjórnarinnar á þessu ári miðar her landsins lítt gegn skæruliðum **FMLN,** hinni vopnuðu stjórnarandstöðu landsins.

Það virðist því rétt, að reynd sé til þrautar samningaleið hinna stríðandi afla. Í október s. l. settu hin pólitíska stjórnarandstaða **FDR** og **andspyrnuhreyfingin FMLN** fram hugmyndir til lausnar deilunni. Þessar hugmyndir, sem byggja á samningaviðræðum stríðandi afla í landinu, gera ráð fyrir því, að fulltrúar stjórnarandstöðu og andspyrnuhreyfingar ásamt fulltrúum framkvæmdavalds, stjórnlaga- og fulltrúaþings og hers landsins komi þegar saman til að leita lausnar á deilunni. Engin skilyrði eru sett fram varðandi upphaf samningaviðræðna. Einnig verði höfð milliganga um þátttöku fulltrúa annarra þjóðfélagsafla í samningaviðræðunum, svo sem fulltrúa stjórnmálaflokka, verkalýðshreyfingar og e. t. v. fleiri. Þetta samningatilboð er undirritað af dr. Guillermo Manuel Ungo, formanni jafnaðarmannaflokks El Salvador, MNR og oddamanni hinnar pólitísku andstöðu, ásamt Ruben Zamore fyrir andspyrnuhreyfinguna FMLN.

Forseti stjórnlagaþings El Salvador, Roberto D'Aubuisson, hefur þegar hafnað þessu tilboði. En ýmsir ábyrgir leiðtogar innanlands sem utan hafa séð í því lausn deilunnar, þar á meðal erkibiskupinn í San Salvador, Riviera Y Damas, sem hefur lýst yfir afdráttarlausum stuðningi við þessar hugmyndir.

Íslendingar geta haft áhrif á þróun þessarar deilu, m. a. á vettvangi S. þ. þar sem unnið er að lausn deilunnar bak við tjöldin. Einnig getum við þrýst á ríkisstjórn Reagans Bandaríkjaforseta að láta þegar af hernaðaraðstoð við El Salvador, en án þeirrar aðstoðar gæti her og lögregla í landinu ekki haldið uppi þeirri ógnarstjórn sem einkennt hefur landið undanfarin ár.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina — ríkisstjórn sjálfstæðismanna, Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins.

Ed. 91. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 4 1. febrúar 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982).

1. gr.

7. gr. laga nr. 4/1980 orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1982 orðist svo:
Ef afli grásleppubáts er minni en 10 tunnur eða tilsvarandi samanlagt andvirði grásleppuafurða, verður ekki um bótaskyldu að ræða, nema um mjög alvarlegan aflabrest á bótasvæði sé að ræða, og sannað sé að viðkomandi hafi stundað veiðarnar sem aðalstarf eða aukabúgrein.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau ásamt öðrum gildandi breytingum á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins inn í þau lög og gefa lögin út þannig breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Þegar verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins var sett á laggirnar með lögum nr. 4 1. febrúar 1980 var í 7. gr. laganna tekið fram, að ákvæði þeirra tæki til afla, er landað væri á árunum 1980 og 1981. Lögin sem slík hafa ekki fallið úr gildi og deildin hefur starfað síðan. Með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum hefur deildinni verið ráðstafað fé. Með lagabreytingu þessari er verið að fella niður tímatakmarkanir á greiðslum verðbóta, þannig að þær taki til afla þessa árs og framvegis.

Um 2. gr.

Þegar lögin nr. 29/1982 voru sett, og við undirbúning þeirra, var að sjálfsögðu stuðst við upplýsingar um grásleppuafla undanfarinna ára, þegar grásleppuveiðar hafa verið stundaðar reglulega og afli tiltölulega árviss. Af þeim upplýsingum var ekki unnt að gera sér fulla grein fyrir því, hversu alvarlegur aflabrestur gæti orðið. Þótti því rétt að leggja áherslu á að tryggja hagsmuni þeirra, sem stunda grásleppuveiðar sem atvinnu eða aukabúgrein í þeim skilningi, að það skipti verulegu máli fyrir afkomu þeirra, en lögin tækju ekki til þeirra manna, sem stunduðu grásleppuveiðar sem algera aukavinnu eða ígripavinnu. Með þetta í huga og til þess að koma í veg fyrir misnotkun var ákveðið í 2. gr. laganna nr. 29/1982, að eigi skyldi vera um bótaskyldu Aflatryggingasjóðs að ræða, ef afli báts á heilli vertíð yrði minni en 10 tunnur grásleppuhrogna.

Nú brá hins vegar svo við, að mjög alvarlegur aflabrestur varð á þessu ári og raunar miklu meiri en menn gátu átt von á. Grásleppuveiðimenn víða um land þraukuðu þó við

veiðarnar í von um, að afli glæddist þegar á grásleppuvertíðina liði. Mjög víða brást þessi von og margir grásleppuveiðimenn urðu því fyrir þungum búsifjum og náðu ekki tilskildum lágmarksafla.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að gera kleift að bæta skaða þessara manna eftir því sem ákvæði laga um Aflatryggingasjóð veitir heimild til.

Eins og kunnugt er er Aflatryggingasjóður í umsjá Fiskifélags Íslands og undir sérstakri stjórn. Fiskifélagið hefir í sinni þjónustu trúnaðarmenn um land allt, sem m. a. fylgjast með veiðum og aflabrögðum og geta haft vitneskju um það, hvernig veiðar eru stundaðar. Gengið er út frá, að Fiskifélagið muni leita til þessara trúnaðarmanna sinna til að afla upplýsinga um hvort þeir grásleppuveiðimenn, sem sækja um bætur samkvæmt ákvæði þessu, fullnægi því skilyrði, að þeir hafi stundað veiðarnar sem aðalatvinnu. Ennfremur kemur hér til að skylda er að skila nákvæmum skýrslum um veiðarnar. Upplýsingar trúnaðarmanna Fiskifélags Íslands og skýrslur grásleppuveiðimanna ættu að geta komið í veg fyrir að til misnotkunar komi vegna tilslökunar þessarar.

Um 3. gr.

Í gildi eru nú sex lög auk þessara, ef samþykkt verða, um breyting á lögum Aflatryggingasjóðs. Eru það lög nr. 27/1976, 5/1976, 13/1976, 4/1980 og 29/1982. Lagt er til að lög þessi verði öll felld inn í lögin frá 1971 og þau gefin út þannig breytt. Er það augljóst hagræði.

Sþ. 92. Fyrirspurnir. [90. mál]

I. Til forsætisráðherra um framkvæmd fræðslu um vöruvöndun í íslenskri framleiðslu.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin framkvæma þá yfirlýstu stefnu sína frá 21. ágúst s. l., að „á næstu mánuðum verði efnt til stóraukinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskri framleiðslu“?

II. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hvað líður störfum starfshóps um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna sem skipaður var haustið 1979?

III. Til menntamálaráðherra um val á listaverkum á sýningar erlendis.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Með hvaða hætti hafa þeir myndlistarmenn verið valdir sem gefinn hefur verið kostur á að senda verk á þær myndlistarsýningar erlendis sem íslenska ríkið stendur að árin 1979, 1980, 1981 og 1982?
2. Hafa samtök myndlistarmanna verið höfð í ráðum í því sambandi?
3. Með hvaða hætti eru þau verk valin sem keypt eru í Listasafn Íslands?

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um mótmæli gegn hvalveiðibanni.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla nú þegar samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algjört bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið að algjört bann við hvalveiðum skuli taka gildi frá og með árinu 1986. Fjölmargar þjóðir, sem þetta bann snertir, hafa þegar komið mótmælum á framfæri við ráðið. Það hafa Íslendingar enn ekki gert. Flutningsmaður þessarar tillögu telur, að ríkisstjórnin eigi nú þegar að koma mótmælum á framfæri við Alþjóðahvalveiðiráðið. Því er þessi tillaga flutt. Sé mótmælum Íslendinga ekki komið á framfæri við ráðið fyrir 1. febrúar 1983 er svo litið á sem Íslendingar hafi samþykkt bannið. Mótmæli Íslendingar hins vegar fyrirhuguðu hvalveiðibanni eru þeir óbundnir af samþykkt ráðsins.

Hlutur hvalafurða í útflutningstekjum Íslendinga er meiri á þessu ári en oftast áður. Talið er að verðmæti afurða, sem fluttar verða út eftir hvalvertíðina s. l. sumar, séu um 10 milljónir Bandaríkjadala. Hlutur hvalafurðanna í ár er talinn vera um 1,3% af útflutningstekjum þjóðarinnar.

Við hvalveiðar og vinnslu á vegum Hvals hf. starfa nú hvert sumar um 230 manns. Þar af eru 100 í Hvalstöðinni í Hvalfirði, um 60 á hvalveiðiskipunum og um 70 manns við vinnslu í frystihúsi Hvals hf. í Hafnarfirði. Eru þá ótaldir þeir sem annars staðar starfa við hrefnuveiðar og vinnslu og frágang hrefnukjöts. Hrefnuveiðar stunduðu s. l. sumar 8—10 bátar.

Alþjóðahvalveiðiráðið var upphaflega myndað af þjóðum sem stunduðu hvalveiðar og áttu hagsmuna að gæta á þessu sviði. 14 þjóðir undirrituðu samþykktir ráðsins árið 1946. Nú er þetta gjörbreytt þar sem mikilvægi hvalveiða hefur minnkað vegna ofveiði, en jafnframt hefur aðildarþjóðum Alþjóðahvalveiðiráðsins fjölgað mjög og flestar aðildarþjóðir ráðsins hafa enga hagsmuni af hvalveiðum, heldur einbeita sér að því á vettvangi ráðsins að stöðva allar hvalveiðar hvar sem er í veröldinni án tillits til vísindalegra raka.

Hvalveiðar hafa verið stundaðar á vegum Hvals hf. í Hvalfirði í 35 ár. Veiðarnar hafa verið stundaðar undir vísindalegu eftirliti í vaxandi mæli hin síðari ár. Engin vísindaleg rök benda til þess, að þeir hvalastofnar, sem Íslendingar hafa nýtt, séu ofveiddir eða of nærri þeim sé gengið.

Enn fremur skal bent á að hvalveiðarnar eru alfarið stundaðar á íslensku yfirráðasvæði, þ. e. a. s. innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Þá vil ég loks vekja athygli á eftirfarandi tillögu, sem samþykkt var samhljóða á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi 5. og 6. nóvember s. l.:

„Hvalveiðibann:

Aðalfundur S. S. V. K., haldinn að Munaðarnesi 5.—6. nóvember 1982, skorar á ríkisstjórnina að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algert hvalveiðibann frá og með árinu 1986. Fundurinn bendir á, að hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir byggðir Vesturlands, heldur þjóðarbúið í heild, enda eru hvalafurðirnar 1.3% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þá minnir fundurinn á, að Hvalveiðistöðin í Hvalfirði hefur verið rekin í 35 ár með góðri og skynsamlegri stjórnun veiðanna og undir vísindalegu eftirliti. Ósannað er, að hvalastofninn sé að ganga til þurrðar eða að honum sé ógnað með ofveiði."

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um gerð frumvarps til stjórnskipunarlaga um aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdavalds.

Flm.: Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd **nú þegar** að gera frumvarp til stjórnskipunarlaga sem feli í sér eftirfarandi meginhugmyndir:

1. Forsætisráðherra verði kosinn beinni kosningu um landið allt, til fjögurra ára í senn. Hann verði kosinn í tveimur umferðum, ef nauðsyn krefur, þannig að í síðari umferð verði kosið milli hinna tveggja efstu úr fyrri umferð hafi enginn frambjóðenda þá náð hreinum meiri hluta.
2. Forsætisráðherra skipar með sér ríkisstjórn, utan þings eða innan, og séu ráðherrar, að forsætisráðherra meðtöldum, eigi fleiri en níu. Ráðherrarnir fari með framkvæmdavald. Þingrofsréttur verði afnuminn.
3. Löggjafarþing verði kosið til fjögurra ára, á ári þegar kosning forsætisráðherra fer ekki fram. Kjördæmaskipan og kosningalög verði að öllu leyti óbreytt, nema hvað kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Alþingi starfi í einni málstofu. Alþingi fari með fjárveitingarvald, löggjafarvald og strangt eftirlitsvald með framkvæmd löggjafar, en þingmönnum verði óheimilt að sinna framkvæmdavaldsstörfum. Verði þingmaður ráðherra taki varamaður sæti hans á Alþingi.
4. Utanríkisráðherra verði staðgengill forsætisráðherra og taki við embætti hans út kjörtímabilið, ef hann hverfur úr því embætti af einhverjum ástæðum.
5. Stefnumörkun í utanríkismálum verði á hendi Alþingis.
6. Forsætisráðherra geti efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða mál sem vera skal, þar á meðal um samþykkt lagafrumvörp, og fari þá um framtíðargildi laganna eftir úrslitum hennar.

Greinargerð.

Þetta er hið fyrsta þingmál sem flutt er af þingmanni væntanlegs **Bandalags jafnaðarmanna.** Þau samtök munu stofnuð af áhugafólki innan tíðar og munu leitast við að afla málstað sínum fylgis.

* * *

Íslenskt efnahagslíf og íslenskt stjórnkerfi eru í upplausn. Erlendar skuldir á hvert mannsbarn í landinu nema um 4000 bandaríkjadölum. Verðþensla nemur nálægt 70 af hundraði á ári. Atvinnuleysi gæti blasað við, þrátt fyrir margháttað góðæri. Þeirri röngu kenningu hefur verið haldið að fólki, að valið hafi staðið um atvinnuleysi annars vegar og mikla verðbólgu hins vegar. Við vitum **nú** að þetta er rangt.

Íslenskt stjórnkerfi er einnig í upplausn. Lögunum í landinu er ekki hlýtt, jafnvel þannig að ríkisstjórn ræðir á fundum sínum með hverjum hætti lögin skuli brotin (verðtryggingarmál). Seðlabanki, stofnun sem ekki ber beina lýðræðislega ábyrgð, leitast hins vegar við að framfylgja lögunum í landinu.

Vitað er að meiri háttar skekkjur í efnahagskerfi landsins má rekja til þeirrar staðreyndar, að atkvæðisrétti í landinu hefur verið skipt ójafnt, þannig að skekkjan er rúmlega 1:4. Skekkjan er svo mikil að hún verður ekki leiðrétt með vitsmunalegum hætti nema gerð sé róttækari breyting en rædd hefur verið. Ef menn eru að ræða leiðréttingu til réttlætis, þá þarf að fjölga alþingismönnum í rúmlega 120. Ef verið er að ræða leiðréttingu án þess að fjölga þingmönnum fá fámennustu kjördæmi 1—2 þingmenn. Hvorugt nálgast veruleikann, eins og menn munu fljótt komast að raun um.

Alvarlegasta staðreyndin er sú, að skekkjur í efnahagslífi, sem eru mjög verulegar, má með beinum og óbeinum hætti rekja til misvægis í kjördæmamálum. Mikil verðbólga, stöðugur flutningur eigna og verðmæta, neikvæðir vextir, óeðlileg fyrirgreiðsla til handa einstaklingum og samtökum þeirra og þær hörmulegu efnahagslegu og félagslegu afleiðingar, sem frá stafa, eru auðvitað engin tilviljun. Þetta er meðvituð aðferð valdakerfis, sem almennum orðum talað hefur brugðist, til þess að hygla sínu fólki. Á meðan blæðir landinu sjálfu, í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Þessar skekkjur verður að leiðrétta, en um leið verður að auka og styrkja annars vegar lýðræði og hins vegar störf Alþingis — löggjafarvaldsins.

Ekki er ólíklegt að hið samtryggða vald gömlu stjórnmálaflokkanna hafi þegar komið sér saman um að „leysa" þessi vandræði með fjölgun þingmanna um 7—9. Þeirri lausn, ef lausn skyldi kalla, verði þröngvað upp á þjóðina í pólitísku tímahraki rétt fyrir kosningar. Þessa „lausn" hins brostna en samtryggða valds verða ábyrgir aðilar að koma í veg fyrir sé það hægt innan ramma lýðræðis og réttra leikreglna.

Þessa „lausn" verður að koma í veg fyrir, vegna þess að þetta er engin lausn, heldur er þetta tilraun til þess að blekkja, fela hinn raunverulega vanda. Þó svo nokkrum þingmönnum verði bætt við í Reykjavíkurkjördæmi og Reykjaneskjördæmi verða skekkjurnar áfram þær sömu, áfram verða aðilar löggjafarvaldsins á bólakafi í framkvæmdavaldinu, Kröflunefndum alls konar, bankaráðum, útvarpsráði, og áfram verða þeir jafn-óhæfir til að hafa eftirlit með sjálfum sér og hingað til.

Þessi lausn gömlu stjórnmálaflokkanna leysir engan vanda, en eykur hann að því leytinu til, að um sinn gætu einhverjir haldið að verið væri að leysa hin raunverulegu vandamál.

Fjölgun þingmanna í óbreyttu kerfi að öðru leyti er örvæntingarfull tilraun hins úr sér gengna valdakerfis til þess að viðhalda völdum sínum, hinum þröngu flokksvöldum, sem teygja arma sína um samfélagið allt.

* * *

Í þessari tillögu til þingsályktunar, sem flutt er af þingmanni væntanlegs Bandalags jafnaðarmanna, er lagt til að öðruvísi verði farið að: að stjórnkerfinu verði breytt í grundvallaratriðum.

Vandi okkar liggur að verulegu leyti í því, að við höfum ekki fundið leið til þess að ná réttu jafnvægi milli hinna þéttari byggða annars vegar og hinna dreifðari byggða hins vegar.

Sé framkvæmdavald (forsætisráðherra) kosið með þeirri aðferð, að landið sé raunverulega eitt kjördæmi, þá gefur auga leið að framkvæmdavaldið mun heldur hallast inn á þéttbýli. Til mótvægis verður kjördæmaskipan **óbreytt,** þannig að löggjafarvaldið mun í raun hallast í átt til hinna dreifðari byggða.

Það er staðreynd um íslenskt samfélag, sem verður að taka tillit til, að í þéttbýli fer fram meiri þjónusta af öllu tagi, minni frumframleiðsla. Í hinum dreifðari byggðum er þessu öfugt farið. Þess vegna verður að fara jafnvægisleið þar sem hagsmuna beggja er gætt til hlítar, en þó þannig að um leið sé hægt að halda uppi styrkri stjórn á efnahagsmálum.

Í tillögugreinunum er lýst stefnumörkun, en ekki einstökum smærri framkvæmdaatriðum. Greinarnar skýra sig sjálfar.

Aðalatriðin eru þessi: Stjórnkerfi, með samábyrgð allra stjórnmálaflokka, sem skilur við efnahags- og önnur stjórnmál í þeirri rúst sem raun ber vitni, fær ekki staðist. Önnur og afleidd verðmæti eru í hættu.

Saga annarra þjóða segir okkur að við slíkar aðstæður og við valdakerfi, sem í raun er ónýtt og ófært um að takast á við þau verkefni sem því eru ætluð, fer að örla á varhugaverðum hugmyndum.

Bandalag jafnaðarmanna mun telja að þessi leið sé fær og muni skapa aðstæður fyrir heilbrigðari stjórnarhætti, óspilltara valdakerfi og síðan meiri valddreifingu.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal I. Gylfi Þ. Gíslason, **Helgafell,** 1945.
Fylgiskjal II. Ólafur Jóhannesson, **Helgafell,** 1945.
Fylgiskjal III. Vilmundur Gylfason, **Málþing,** 1979.
Fylgiskjal IV. Vilmundur Gylfason, **Vinnuskjal fyrir þingflokk,** 1980.

Skýrt verður að taka fram að athuga ber **hvenær** eftirfarandi ritgerðir eru ritaðar og **að höfundar hafa auðvitað fullan rétt á að hafa aðrar skoðanir nú en þá.** Ritgerðirnar eru prentaðar sem þingskjal með leyfi höfunda.

Fylgiskjal I.

GYLFI Þ. GÍSLASON:

Lýðræði og stjórnfesta.

HUGLEIÐINGAR UM STJÓRNARSKRÁRMÁLIÐ.

(Tímaritið Helgafell, 1945.)

HUGSJÓNIR OG STJÓRNSKIPUN.

Stjórnskipun ríkis mótast annars vegar af ákveðnum hugmyndum um þjóðfélagsmál, en hins vegar af hagkerfi því, sem þjóðin á við að búa. Stjórnarskrá vor Íslendinga, sem er að meginstofni til frá 1874, er byggð á hinum helztu félagsmálahugsjónum 18. og 19. aldar, en þær voru, að allir skyldu njóta óskoraðs andlegs frelsis, hafa jafnan rétt til áhrifa á stjórn ríkisins og vera jafnir fyrir lögum. Segja má, að í stjórnarskrá vorri hafi hugsjónir þessar sigrað stig af stigi og að lokum verið leiddar til öndvegis. En þróunin hefur ekki numið staðar. Jafnframt sigri hinna gömlu hugsjóna hafa nýjar kvatt sér hljóðs. Í mannréttindabaráttunni felur sérhver sigur í sér upphaf nýrrar sóknar.

Gildi andlegs frelsis hefur hlotið viðurkenningu. En sá einn er þó andlega frjáls, sem er sæmilega öruggur. Stöðugt öryggisleysi um afkomuna er einn hinn skæðasti óvinur jafnvægis í orðum og athöfnum, skynsamlegrar íhugunar og heilbrigðrar dómgreindar, en allt eru þetta

stoðir, sem andlegt frelsi verður að standa á. Það hljómar sem öfugmæli, þótt sú sé raunin, að sömu breytingarnar, sem tækni og búskaparhættir hafa tekið á síðustu tveim öldum og fært hafa mannkyninu stóraukna velmegun, skuli jafnframt hafa leitt til öryggisleysis um hag manna og atvinnuleysis í svo stórum stíl, að telja má það eitt hið geigvænlegasta þjóðfélagsmein vorra tíma. Á þetta tvímælalaust snaran þátt í því, að andlegt frelsi hefur víða ekki verið metið sem skyldi á öld þeirri, sem vér lifum á, menn hafa jafnvel reynzt fúsir til að gjalda frelsið, ef þeir hafa talið sig eiga öryggis von í aðra hönd. Á hinn bóginn hefur þetta orðið til þess, að milljónir manna hafa letrað kröfuna um rétt til vinnu og öryggi í félagsmálum á gunnfána sinn, og telja fært að fá henni framgengt án þess að fórna nokkrum þýðingarmiklum mannréttindum.

Hugsjón 18. og 19. aldar um stjórnmálajafnrétti hefur unnið sigur, en í kjölfar hennar hefur ekki siglt jafnrétti í efnahagsmálum. Og stéttum og einstaklingum hefur fundizt auðnum ekki aðeins ójafnt skipt, heldur einnig ranglátlega. Annars vegar hefur þetta skert nokkuð virðinguna fyrir stjórnmálajafnréttinu, en hins vegar eflt mjög hugsjónina um aukinn jöfnuð í efnahagsmálum. Atburðir þeir, sem nú eru að gerast víðs vegar um heim, benda tvímælalaust til þess, að straumurinn liggi í þá átt.

Sú kenning, að allir menn fæðist jafnir í þennan heim og skuli jafnir fyrir lögum, leiddi til þess, að stéttaforréttindin voru afnumin. En hún hefur þó í rauninni ekki unnið fullan sigur enn. Fæðast menn jafnir, er sumir hljóta auð í vöggugjöf, en aðrir fátækt? Menn geta enn orðið stórauðugir án þess að hafa nokkuð til unnið eða hafa nokkra hæfileika eða kunnáttu til þess að ráðstafa auði sínum af skynsemi eða þekkingu, menn geta erft of fjár, haft feiknatekjur af eignum, einokunaraðstöðu og margs konar sérréttindum. Það er því sízt að undra, að þeirri hugsjón skuli undanfarið hafa aukizt mjög fylgi, að menn eigi að hljóta tekjur, eftir því sem menn afreka einungis, en aðstaða í þjóðfélaginu eigi þar engu um að ráða. Hún er í rauninni rökrétt framhald þeirrar kenningar að allir menn fæðist jafnir og skuli jafnir fyrir lögum.

Eins og hugsjónir þær, sem mótuðu stjórnarskrár 18. og 19. aldarinnar, voru *andlegt frelsi, jafnrétti í stjórnmálum* og *jöfnuður fyrir lögum,* telur sá, sem þetta ritar, líklegt og æskilegt, að þær hugsjónir, sem þessu til viðbótar muni setja svip sinn á stjórnarskrár þeirra tíma, sem nú eru framundan, muni verða *öryggi í félagsmálum, aukinn efnahagsjöfnuður* og *afnám aðstöðutekna.*

Hugsjónum þessum verður ekki tryggður fullur sigur nema jafnhliða róttækum breytingum á hagkerfinu öllu. Verkefni það, sem fyrir höndum er í stjórnskipunarmáli vor Íslendinga nú, er þó ekki að semja stjórnarskrá, er taki tillit til slíkra gerbreytinga. Hin nýja stjórnarskrá mun í aðalatriðum eiga að byggjast á óbreyttum forsendum frá því, sem nú er, að því er snertir mannréttindi og búskaparhætti, og verður miðað við það hér á eftir. En engu að síður er þörf margs konar breytinga.

BREYTT HLUTVERK RÍKISVALDSINS.

Þeir stjórnhættir, sem nú eru algengastir í lýðræðisríkjunum, og stjórnarskrá vor gerir ráð fyrir, þróuðust samhliða þeirri skipan atvinnumála, sem byggði á óheftum einkarekstri og frjálsri samkeppni, og miðuðust við þarfir hennar. Hlutverk ríkisvaldsins var að langmestu leyti fólgið í því að setja almennar reglur um samskipti manna og sjá um, að þær væru haldnar. Af atvinnulífinu hafði það nær engin afskipti önnur en styðja stoðirnar, sem hagkerfið hvíldi á, einkaeignarétt og einstaklingsframtak. Nú er orðin á þessu gerbreyting. Atvinnulífið tók smám saman fremur að mótast af samtökum og einokun en heilbrigðri samkeppni. Hin margbrotna vél þess gekk svo skrykkjótt og stundum lá svo nærri, að hún stöðvaðist, að ríkisvaldið taldi nauðsynlegt að grípa í taumana á hverju sviðinu á fætur öðru. Þessi afskipti höfðu auðvitað í för með sér, að hið opinbera gat ráðið og raunar hlaut að ráða

miklu um hag og kjör einstaklinga og stétta. Og nú er svo komið, að það er orðið eitt höfuðverk þess að skera úr ýmiss konar hagsmunaágreiningi.

Þrátt fyrir þetta aukna og sumpart gerbreytta starfssvið ríkisvaldsins hafa lýðræðisríki yfirleitt ekki gert neinar meginbreytingar á stjórnháttum sínum. Þingræði er enn hið algengasta form lýðræðis, en höfuðeinkenni þess eru náin tengsl löggjafar- og framkvæmdarvalds. Á dögum einvaldskonunganna var framkvæmdarvaldið afturhaldssamt og spillt, og var þá fullkomlega eðlilegt, að framfaraöfl löggjafarþinganna vildu hafa á því fullkomið taumhald. Starfssvið ríkisvaldsins var þá svo þröngt, að það gat blessazt, viðfangsefnin ekki þess konar, að sérstök hætta virtist á tíðum stjórnarskiptum eða reikulli stjórnarstefnu, og reyndar ekki þannig, að slíkt mundi hafa mjög alvarlegar afleiðingar. Nú ætti þessara tengsla ekki að vera lengur þörf til eftirlits með framkvæmdarvaldinu, og vegna hinna síauknu afskipta af atvinnulífinu eru þær breytingar orðnar á viðfangsefnum löggjafarþinga, að æ erfiðara verður að ná um þau samkomulagi, en það veldur því að ríkisstjórnir verða valtar í sessi. Og einmitt sökum hinna stórauknu áhrifa ríkisvaldsins á nær öllum sviðum, getur það haft hinar alvarlegustu afleiðingar, ef aldrei eru stigin nema hálf spor og sí og æ breytt um stefnu.

Það eru þessar breytingar á verksviði sjálfs ríkisvaldsins, sem eru höfuðorsök þess, að þörf er breyttrar stjórnskipunar.

MEGINÁGALLAR STJÓRNHÁTTANNA.

Meginágallar þeirra stjórnhátta, sem vér eigum nú við að búa, virðast mér þessir:

1) Ríkisstjórnin er hvergi nærri nógu föst í sessi, hefur ekki nægileg völd og er þess vegna lítt fær um að gera áætlanir um framkvæmdir til langs tíma og stýra þeim. Hún er ennfremur alltof háð stjórnmálaflokkunum, þar eð þeir eða einhverjir þeirra beinlínis tilnefna hana. Hlýzt af því ýmislegt, sem miður fer í opinberu lífi, þar eð reynslan hefur sýnt, að stuðningsmenn telja sig oft eiga hönk upp í bakið á þeim, sem þeir hafa lyft í valdastólinn, og erfitt getur reynzt að halda því sæti án ýmiss konar umbunar.

2) Alþingi er ekki nægilega starfhæft sökum þess, hve margir flokkar geta átt þar sæti, svo að iðulega reynist erfitt að mynda samhentan meiri hluta, en það getur leitt til skaðlegra hrossakaupa. Kjördæmaskipunin og hin nánu tengsl þingmanna við kjósendur sína valda og því, að starf þeirra verður oft og einatt fyrst og fremst í því fólgið að skara eld að köku umbjóðenda sinna, mjög oft til tjóns fyrir æskilega heildarstefnu ríkisvaldsins. Hefur þetta leitt til ýmiss konar framkvæmda og ráðstafana, sem einungis hafa verið gerðar til kjósendaveiða og hafa valdið misrétti milli héraða og óþörfu bruðli á opinberu fé.

3) Hin nánu tengsl framkvæmdarvaldsins við stjórnmálaflokka valda því, að menn eru oft og einatt fremur valdir til trúnaðarstarfa eftir stjórnmálaskoðun og fylgispekt við valdhafa en hæfileikum og dugnaði. Hafa það nú lengi verið ein hvimleiðustu og jafnframt viðsjárverðustu einkenni á opinberu lífi þjóðarinnar, að nauðsynlegt hefur þótt að hafa flestar nefndir skipaðar flokksfulltrúum, og stuðningsmenn ríkisstjórna hafa átt öðrum greiðari aðgang að embættum og trúnaðarstörfum. Auðvitað er ekkert athugavert við það, að valdamaður veiti flokksbróður stöðu, ef hinn síðarnefndi er vel að henni kominn. En stjórnmálatengsl og kunningsskapur virðast í þessum efnum oft hafa verið mun þyngri á metunum en skyldi og jafnvel valdið því, að lítt hæfir menn hafi valizt til þýðingarmikilla starfa, en ríkisvaldið farið á mis við starfskrafta ágætra manna. Það, að vera í stjórnmálum á öndverðum meiði við valdhafa, hefur jafnvel virzt svo vís trafali á vegi til trúnaðarstarfa, að ungir menn hafa oft talið það nálgast skerðingu á skoðanafrelsi sínu, og ekki með öllu að ástæðulausu.

4) Mikill seinagangur er á afgreiðslu dómsmála og kostnaðarsamt að reka þau. Virðist jafnvel stundum næsta þýðingarlítið að hefja mál sökum þess, að fyrirsjáanlegt er, að úrslit muni ekki fást fyrr en að mörgum mánuðum liðnum. Komið hefur fyrir, að héraðsdómarar

hafi vanrækt óhæfilega lengi að kveða upp dóma. Þetta hefur ekki einungis komið sér illa fyrir borgarana, heldur einnig framkvæmdarvaldið. Það hefur t. d. orðið framkvæmd þýðingarmikilla lagabálka, svo sem húsaleigu- og verðlagslaganna, til trafala.

Ákæruvaldið í opinberum málum hefur og verið í höndum dómsmálaráðherra, og hefur ekki reynzt heppilegt, að stjórnmálamenn fari með það vald. Það hefur átt sér stað, að því er virðist vegna stjórnmálahagsmuna, að ekki hafi verið höfðað mál á hendur mönnum, sem réttarrannsókn hefur þó leitt í ljós um, að gerzt hafa brotlegir við lög, og er slíkt vitanlega óhæfa.

5) Í stjórnmálabaráttu vorri kveður mjög mikið að óvönduðum málflutningi, enda er hægt að skýra vísvitandi rangt frá staðreyndum í opinberum umræðum, án þess að nokkur viðurlög séu við. Þau ákvæði hegningarlaga, sem ætlað er að vera æru manna nokkur vernd, virðast og sumpart virt að vettugi af ríkisvaldinu sjálfu, þar eð sektir fyrir meiðyrði í stjórnmáladeilum munu ekki hafa verið innheimtar um langan aldur. Hefur þetta orðið til þess að sljóvga mjög dómgreind almennings og ásamt öðru unnið gegn því, að hér hafi myndazt heilbrigt almenningsálit, en hvort tveggja er sönnu lýðræði nauðsynlegt.

LEIÐIR TIL ÚRBÓTA.

Skal nú rætt um ráðstafanir þær, sem þeim, er þetta ritar, þykja æskilegastar til úrbóta, og um atriðin fjallað í sömu röð, sem að ofan.

1) Til þess að festa ríkisstjórnina í sessi og gera hana óháða stjórnmálaflokkunum verður að gera löggjafar- og framkvæmdarvaldið mun óháðara hvort öðru en nú er. Í því skyni virðist einkum þrennt koma til greina, sem sé að þjóðkjörinn forseti tilnefni stjórnina, sem síðan starfi á ábyrgð hans, — að þingið kjósi ráðherrana til ákveðins tíma — og að kjósendur velji ráðuneyti um leið og þingmenn. Hér er ekki rúm til þess að bera leiðir þessar saman, en ég tel hið fyrst nefnda æskilegast.

Forseti á að taka vald sitt beint frá þjóðinni og vera hinn æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins. Kveða ætti svo á, að hann skyldi hafa meiri hluta greiddra atkvæða, og yrði þá sennilega að kjósa öðru sinni, bundinni kosningu, ef svo færi ekki við fyrsta kjör. Staða hans gagnvart Alþingi ætti að vera sterk, og einmitt þess vegna er æskilegt, að hann hafi meiri hluta kjósenda að baki sér. Hann ætti að staðfesta lög og geta synjað um staðfestingu, þar til þjóðaratkvæði hefði gengið um frumvarpið, og hann ætti að hafa heimild til þess að rjúfa þingið og fyrirskipa kosningar. Ennfremur ætti hann að tilnefna ráðherra, og ættu þeir ekki að mega vera alþingismenn, en hafa þó rétt til að bera fram frumvörp og taka þátt í umræðum á Alþingi.

Mér kæmi ekki á óvart, þótt einhverjir nefndu þetta spor í einræðisátt. Það er orðin venja sumra að nefna allt, er rýrir stjórnmálaflokka, skerðingu á lýðræði. Svo er þó vissulega ekki. Lýðræði er í því fólgið, að sameiginlegum málum þjóðar sé stjórnað að vilja meiri hluta hennar — eða a. m. k. ekki gegn honum — eins og hann birtist í frjálsum kosningum, og að sérhver minni hluti eigi þess kost að afla skoðun sinni fylgis og verða meiri hluti, en þess vegna eru prentfrelsi, félagafrelsi og fundafrelsi hyrningarsteinar lýðræðis. Ofangreind skipun hefur engin áhrif á þessi meginatriði lýðræðisins. Alþingi mótar auðvitað heildarstefnu ríkisvaldsins með löggjöf sinni, en það gerir ekkert annað, og samkvæmt eðli sínu á það ekkert annað að gera en setja lög. Forseti og ríkisstjórn framkvæma þau síðan með aðstoð embættismanna sinna. Auðvitað hefur framkvæmdin verulega stjórnmálaþýðingu, en þar eð forseti er þjóðkjörinn og hefur meira að segja meiri hluta kjósenda að baki sér, ætti ekki að vera meiri hætta á, að framkvæmdarvaldinu væri beitt gegn meiri hluta þjóðarinnar en löggjafarvaldinu.

Hér er og um að ræða mjög svipað fyrirkomulag sem í Bandaríkjunum, einu helzta lýðræðislandi heims, og virðist skipun þessi ekki hafa orðið þar til skerðingar á lýðræðinu, heldur þvert á móti fest það í sessi.

Kostir þessarar tilhögunar eru fyrst og fremst þeir, að stjórnin verður mun styrkari en nú er og þess vegna hæfari til þess að stýra framkvæmdum, að meiri líkur eru til þess, að farið sé heiðarlega með framkvæmdarvaldið og því ekki misbeitt í þágu einstaklinga, héraða, flokka eða annarra samtaka og til starfa í þágu ríkisins veljist hæfir menn, þar eð stjórnin er engum háð öðrum en forseta. Yfirleitt ætti að mega búast við því, að draga mundi úr hinum alltof miklu áhrifum stjórnmálanna í þjóðlífinu og ýmsu því, sem óheilbrigt hefur mátt telja í opinberu lífi þjóðarinnar.

Ýmsir virðast þeirrar skoðunar, að þetta fyrirkomulag hafi þegar verið reynt hér í stjórnartíð dr. jur. Björns Þórðarsonar og ekki gefizt vel. Þetta er þó hinn mesti misskilningur. Sú stjórn var þingræðisstjórn, þótt hún væri skipuð utanþingsmönnum, enda vissi hún það, að hún yrði að víkja, hvenær sem þinginu þóknaðist. Það er og rangt, að það hafi fremur verið sök stjórnar en þings, hversu seint gekk að leysa þau vandamál, sem úrlausnar biðu. Aðalatriðið var, að þingið næði samkomulagi, á því stóð, og um það verður stjórnin ekki sökuð, hvaða skoðun sem menn kunna að hafa haft á tillögum hennar.

2) Enginn vafi er á því, að þing er starfhæfast, ef þar eru aðallega tveir flokkar, meiri hluti og minni hluti, og starfshæfnin minnkar að sama skapi og flokkum þess fjölgar. Í stjórnskipunarlögum mætti hafa ákvæði, sem stuðluðu að því, að í þinginu væri jafnan ákveðinn meiri hluti, eða jafnvel þvinguðu fram tveggja flokka kerfi. Virðist í því sambandi þrennt geta komið til greina, sem sé að skipta öllu landinu í nokkurn veginn jafnstór einmenningskjördæmi án uppbótarþingsæta, — að hafa landið eitt kjördæmi eða nokkur stór og láta aðeins tvo stærstu flokkana fá sæti í þinginu, en til þess að firra ekki þá, sem vilja kjósa minni flokka, öllum áhrifum á skipun þingsins mætti heimila að kjósa annan flokk til vara, — og heimila stærsta flokknum að tilnefna sér nægilega marga þingmenn, til þess að hann öðlist meiri hluta, ef enginn flokkur eða flokkasamsteypa hefur hlotið hann í kosningum. Ég álít þó enga þessa skipun æskilega. Frá því, sem nú er, væri það tiltölulega lítil breyting, ef landinu væri skipt í einmenningskjördæmi og uppbótarþingsætin afnumin. Slíkt mundi án efa valda því, að í þinginu yrðu aðallega tveir flokkar, og mundi það auðvelda störf þess. Hins vegar yrði þingið þá auðvitað ekki eins nákvæm mynd af flokkaskiptingu þjóðarinnar. Í sjálfu sér er það enginn höfuðgalli og hinn mesti misskilningur að telja það ósamrýmanlegt meginreglum lýðræðis, enda hafa t. d. Bretar ekki litið svo á. En skipun þessari fylgir annar ókostur. Það er mjög algengt að sjá og heyra það talinn einn helzta kost smárra kjördæma, að þingmaðurinn hafi þá náin kynni af umbjóðendum sínum og þörfum þeirra og mikil tengsl við þá. En það er svo fjarri því, að þetta sé kostur smárra kjördæma, að það er þvert á móti megingalli þeirra, og hann meira að segja svo viðsjárverður, að heilbrigði stjórnarfarsins stafar nokkur háski af. Hér hlytu einmenningskjördæmi jafnan að vera mjög smá, og þingmanni slíks kjördæmis hlýtur jafnan að vera mjög hætt við að skoða sig fyrst og fremst sem fulltrúa sinna umbjóðenda og miða gerðir sínar við það, hvað þeim sé fyrir beztu, en ekki hitt, hvað heppilegast sé frá heildarsjónarmiði og til frambúðar. Þingmaður smákjördæmis er í rauninni ekki alls kostar frjáls gerða sinna, vilji hann halda kjörfylgi sínu. Það getur komið fyrir, að ekki fari saman það, sem æskilegast væri fyrir umbjóðendur hans, og það sem hann telur réttast frá almennu sjónarmiði. Þess munu því miður of mörg dæmi, að fyrst og fremst hafi verið litið á hag kjósenda, og það þá farið eftir dugnaði þingmanns og aðstöðu, hvort rétt eða rangt hefur orðið ofan á.

Eitt af því, sem miður fer í opinberu lífi voru, er það, að alþingismenn hafa ekki aðeins gerzt forsvarsmenn umbjóðenda sinna í þinginu, heldur og erindrekar einstaklinga meðal þeirra á ýmiss konar vettvangi, jafnvel í smásnatti. Slíkt er vansæmandi fyrir stjórnmálamennina, siðspillandi fyrir kjósendurna og veldur óheilbrigðu andrúmslofti í stjórnmálunum. En þetta hlýzt af hinum nánu tengslum við kjósendurna og baráttunni um hvern einstakan þeirra, og mundi væntanlega hverfa, ef landið væri t. d. 4 eða 5 kjördæmi.

Hinar tvær leiðirnar, sem ég nefndi, virðast mér fela í sér gagngerðari breytingu en svo, að rétt sé að mæla með þeim. Þótt ég telji þær að vísu samrýmanlegar meginreglum lýðræðis, eru þær svo á takmörkum þess, að ekki væri rétt að grípa til þeirra nema sem neyðarráðstafana til að koma í veg fyrir öngþveiti.

Heppilegast held ég vera að skipta landinu í 5 kjördæmi, Reykjavík og fjórðunga, og miða þingmannatölu hvers kjördæmis við kjósendafjölda þess, viðhafa hlutfallskosningu, en hafa engin uppbótarþingsæti. Þingmönnum ætti að fækka verulega, hafa þá t. d. 33 og alla í einni málstofu. Deildaskiptingin er frá þeim tíma, er hvor deildin um sig var skipuð eftir ólíkum reglum. Eftir að því var hætt, virðist hún ástæðulaus. Í þessu sambandi má og varpa því fram, hvort ekki væri rétt að endurvekja forn og ágæt heiti úr alþingissögunni og nefna málstofu þingsins lögréttu og forseta hennar lögsögumann. Ef engin breyting verður gerð á deildaskipuninni, ætti „lögrétta“ að koma í stað „sameinaðs þings“ og forseti þess að heita lögsögumaður.

Þrátt fyrir þessar breytingar, væri að vísu engin trygging fengin fyrir því, að til yrði að dreifa samhentum meiri hluta í þinginu, t. d. eins og nú er háttað kjörfylgi flokkanna, en það gerði minna til, ef ráð framkvæmdarvaldsins hefðu verið tekin úr höndum þingsins. Afnám smákjördæmanna og fækkun þingmanna ættu hins vegar að auðvelda störf þess nokkuð.

Til þess að koma í veg fyrir, að smáflokkum fjölgi í þinginu í skjóli hlutfallskosninganna, en í kjölfar þess sigla venjulega aukin hrossakaup, ætti að kveða svo á, að ákveðna tölu atkvæða þyrfti, til þess að flokkur eða einstaklingur næði kosningu, og hana allháa. Með þessu móti væru þeir flokkar, sem nú starfa, löghelgaðir á vissan hátt, og væri því sjálfsagt, að viss skilyrði yrðu sett fyrir því, að flokkur mætti hafa frambjóðendur í kjöri, og þá fyrst og fremst, að innganga í hann væri öllum þeim heimil, sem fylgdu stefnuskránni, og honum væri skipað og stjórnað eftir lýðræðisreglum.

Auk þess sem skilið væri að löggjafar- og framkvæmdarvaldið, þyrfti að kveða á um starfssvið hvors um sig eða mynda um það hefð. Hér hefur ekki aðeins yfirstjórn framkvæmdarvaldsins verið í höndum Alþingis, heldur hefur það unnið bein framkvæmdarvaldsstörf, t. d. ákveðið, hvar skuli leggja vegi, síma o. s. frv. Þingið er þó illa fallið til þess, enda hafa þessi störf ekki ávallt farið vel úr hendi. Stjórnmálahagsmunir og einstakra kjósendahópa hafa þar oft skipt meira máli en skyldi, og er hætt við, að þeir muni jafnan gera það, meðan mál þessi eru í höndum þingsins.

Framkvæmdarvaldinu ætti ekki einungis að fá í hendur ráðstöfun á opinberu fé í öllum einstökum atriðum, heldur einnig allvíðtækan rétt til áhrifa á fjármálastefnuna. Alþingi, þar sem eru fulltrúar hinna ýmsu hagsmuna, stétta og flokka, á auðvitað að ráða því, hvernig teknanna til sameiginlegra þarfa skuli aflað og hvernig þeim skuli ráðstafað í öllum meginatriðum, enda er þar um að ræða hin þýðingarmestu stjórnmálaviðfangsefni. Hins vegar ætti ríkisstjórnin að ráða því mikilsverða atriði fjármálastefnunnar, hvort reka skuli þjóðarbúið með tekjuafgangi eða halla og hversu miklum. Og einstökum þingmönnum ætti að vera óheimilt að bera fram tillögur um útgjöld nema ásamt tilsvarandi tekjuöflunartillögum. Á hinn bóginn ætti að framfylgja því ákvæði núgildandi stjórnarskrár, að ríkisstjórninni sé óheimilt að ráðstafa fé án lagaheimildar, miklu rækilegar en gert hefur verið.

Ýmsum kann að þykja hér hart gengið, og mér kæmi heldur ekki á óvart, þótt einhverjir nefndu þetta skerðingu á lýðræði. Það er þó hinn mesti misskilningur. Hlutverk Alþingis er að semja lög í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar, eða a. m. k. ekki gegn honum, og ráða þannig í meginatriðum stjórn sameiginlegra mála borgaranna, þar á meðal, hvernig opinberra tekna er aflað og þeim ráðstafað í aðalatriðum, þ. e. a. s., samþykkja heildarfjárveitingar í ýmsu skyni, til nánari ráðstöfunar framkvæmdarvaldsins. Fjölmenn samkunda eins og Alþingi á hins vegar ekki að ákveða, hvort leggja skuli ákveðinn veg, brúa tiltekna á, veita nefndum embættismanni launauppbót eða vissum listamanni styrk. Og þinginu á heldur ekki

að vera heimilt að samþykkja útgjaldatillögur, sem rýra þann tekjuafgang eða auka þann halla, sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi sínu.

Þessi skipun er mjög svipuð því, sem á sér stað í Bretlandi, og hefur hún vafalaust orkað mikils í þá átt að verja brezkt lýðræði ýmsum kvillum, sem reynzt hafa lýðræði annarra landa skaðlegir og jafnvel banvænir.

Þótt ég telji æskilegt að taka umráð framkvæmdarvaldsins algjörlega úr höndum þingsins, þarf auðvitað að vera um að ræða náið samstarf milli þessara aðilja. Fengist það í fyrsta lagi með setu ráðherra á Alþingi. En auk þess væri vafalaust heppilegt, að þeir, sem fara með ýmsa þætti framkvæmdarvaldsins, forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana og sérfræðingar, ættu sæti sem ráðgjafar í þingnefndum, og ætti þetta við t. d. um skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, vega- og vitamálastjóra, landlækni og biskup, póst- og símamálastjóra, hagstofustjóra, fræðslumálastjóra, útvarpsstjóra o. s. frv. Þá væri og vafalaust heppilegra að flytja þá þætti framkvæmdarvaldsins, sem nú eru í höndum ýmiss konar meira og minna sjálfstæðra nefnda, í hendur ráðuneytanna — eða einstaklinga, er störfuðu á ábyrgð þeirra, — en jafnframt bæri brýna nauðsyn til þess að endurbæta starfshætti þeirra og skipulag allt.

Á þennan hátt væri vald ríkisstjórnarinnar og handhafa framkvæmdarvaldsins yfirleitt aukið mjög, og þar með vex auðvitað nauðsyn þess, að með það sé farið af ráðdeild og heiðarleik. Til þess að reyna að tryggja það, ætti að stofna embætti opinbers endurskoðanda, er kjörinn væri af Alþingi til þess að fylgjast með öllum gerðum framkvæmdarvaldsins og láta því í té skýrslu. Ætti síðan að taka mjög strangt á öllum misfellum. Opinberir trúnaðarmenn, sem orðið hafa berir að misnotkun á aðstöðu sinni eða verða uppvísir að lagabrotum, ættu að hverfa úr opinberu lífi, auk þess sem þeir hlytu dóm lögum samkvæmt.

3) Til þess að koma fastari skipun en verið hefur á veitingu embætta og trúnaðarstarfa og leitast við að koma í veg fyrir, að annarleg sjónarmið fái þar nokkru um ráðið, væri æskilegast, að forseti sjálfur veitti hin þýðingarmeiri embætti án atbeina ráðherra, en forstöðumenn ríkisstofnana og stjórnardeilda ættu að ráða starfsmenn sína. Heppulegast væri, að ráðherrarnir, sem í reyndinni mundu bera ábyrgð á framkvæmdarstörfunum og vera yfir fjölmarga embættismenn settir, væru lausir við allar embættisveitingar. Óhjákvæmilegar nefndir yrðu þeir þó væntanlega að skipa. Auðvitað er aldrei hægt að tryggja, að veitingarvaldinu sé ekki misbeitt, en minni líkur mun þó mega telja til þess með þessari skipun en meðan það er í höndum ráðherra, valinna af stjórnmálaflokkum, svo sem nú er. Með minnkandi áhrifum stjórnmálaflokkanna á framkvæmdarvaldið má og búast við, að mjög dragi úr því, sem bæði er hvimleitt og varhugavert, að alls staðar séu flokksfulltrúar og alls staðar verið að taka tillit til flokkshagsmuna. Um leið má og vænta þess, að með hina ýmsu þætti framkvæmdavaldsins verði farið af meiri festu og kunnáttu.

4) Líklega munu breyttir starfshættir einir nægja til þess að ráða bót á því, sem er ábótavant í meðferð dómsmála, sem sé, hve rekstur þeirra gengur seint, en á slíkum breytingum er brýn nauðsyn. Engin ástæða virðist til þess að hrófla við því, hvernig hinu æðsta dómsvaldi er skipað, enda nýtur hæstiréttur að verðleikum fullkomins trausts. En héraðsdómsskipunin virðist hins vegar vera orðin úrelt. Vafalaust hafa samgönguerfiðleikarnir fyrr á tímum átt sinn þátt í því, að fulltrúum framkvæmdarvaldsins í hinum tiltölulega litlu umdæmum landsbyggðarinnar, sýslumönnunum, var einnig fengið dómsvald. Reynslan hefur þó sýnt, að þetta er ekki heppilegt. Dómarastörfin vilja oft mæta afgangi, þau eru mjög vandasöm, og ekki víst, að ávallt sé fyrir hendi nægileg sérþekking til þess að fara með þau sem skyldi. Heppilegra virðist að skipa fjóra fjórðungsdómara til þess að fara með dómsvaldið í héraði utan Reykjavíkur. Jafnframt mætti síðan e. t. v. flytja fleiri framkvæmdarvaldsstörf í hendur sýslumannanna eða stækka umdæmi þeirra.

Í þessu sambandi má geta þess, að skipun sveitarstjórnarmála virðist ekki heppileg.

Mjög bættar samgöngur og aukin samskipti manna í strjálbýlinu gera það kleift og æskilegt, að umdæmin séu stækkuð verulega frá því, sem nú er.

Önnur þýðingarmikil breyting væri og æskileg, að því er snertir meðferð dómsmálanna. Ákæruvald í opinberum málum ætti ekki að vera í höndum dómsmálaráðuneytisins, jafnvel ekki þótt sá aðskilnaður væri gerður milli löggjafar- og framkvæmdarvalds, sem að framan var talinn æskilegur, heldur opinbers saksóknara.

5) Til þess að reyna að efla nokkuð hlutlægni og heiðarleik í stjórnmálabaráttunni og stuðla þannig að heilbrigðu almenningsáliti, væri rétt að í stjórnarskránni væri stuttort ákvæði um, hvers konar stjórnmálabarátta samrýmist leikreglum lýðræðisins. Í skjóli slíks ákvæðis mætti síðan setja lagabálk um réttindi og skyldur stjórnmála- og blaðamanna. Við þau lög ætti það m. a. að varða, ef rangt er skýrt frá staðreyndum í opinberum umræðum, og ætti sérstakur dómari að fjalla um slík mál, sem og ómerkingar- og meiðyrðamál, sem spretta af stjórnmáladeilum. Slíkum dómurum væri auðvitað mikill vandi á höndum, og vissulega er ekki rétt að vænta of mikils af ráðstöfunum slíkum sem þessum. Hins vegar kveður svo rammt að óheiðarlegum málflutningi í opinberum umræðum hér á landi, að til skaða og skammar er, og verður varla hjá komizt að gera einhverja tilraun til úrbóta. Í lagabálk þennan og kosningalögin væri ennfremur æskilegt að setja ákvæði til þess að reyna að draga úr hinum skefjalausa áróðri, sem beitt er í stjórnmálabaráttu vorri, einkum í sambandi við kosningar.

NAUÐSYN HUGARFARSBEYTINGAR.

Hér að framan hefur verið rætt um það, sem sá, er þetta ritar, telur stjórnháttum vor Íslendinga einkum ábótavant, og hitt, sem hann álítur æskilegast til bóta. Rétt er þó að geta þess, og leggja á það ríka áherzlu, að hverjar, sem þær breytingar verða, er afráðið verður að gera á stjórnkerfinu, er jafnhliða og jafnvel fyrst og fremst nauðsynlegt, að um verði að ræða róttæka hugarfarsbreytingu hjá þjóðinni, stjórnmálamönnum hennar og embættismönnum, að því er snertir hógværð og drengskap í stjórnmálabaráttunni og heiðarleik og skyldurækni á öllum sviðum opinbers lífs. Vér Íslendingar skipum oss alltof fast í flokka, vér erum óvægnir í deilum, oss skortir á hlutlægni í hugsun og dómum og er miklum mun of gjarnt að líta á menn fremur en málefni. Vér erum oft rætnir í garð stjórnmálaandstæðings, en blindir fyrir því, sem aflaga fer hjá eigin flokki eða flokksmanni, og vér erum of fúsir til þess að láta oss fátt um finnast, þótt upp komist um ódugnað eða jafnvel afbrot trúnaðarmanns, ef í hlut á flokksbróðir, þótt vér séum siðavandir og strangir, ef svo er ekki. Oss skortir á skyldurækni, og vér erum um of hneigðir til þess að þiggja hátt gjald fyrir smátt verk, oss er ósýnt um hvers konar aga, og vér berum of litla virðingu fyrir hefð og venjum og jafnvel stundum lögum.

Höfuðmarkmið allra breytinga á stjórnháttum vorum ætti að vera það, að oss yrði kleift að njóta kosta lýðræðisins í ríkara mæli en nú er. Það er þó ekki aðeins, að hugarfarsbreyting í þá átt, er að ofan getur, sé jafnframt nauðsynleg, til þess að svo geti orðið. Ef oss lærist ekki að gera auknar kröfur til sjálfra vor og bera meiri virðingu hver fyrir öðrum, getur svo farið, að vér hættum að njóta nokkurra af kostum lýðræðisins, jafnvel glötum því.

GYLFI Þ. GÍSLASON

Fylgiskjal II.

ÓLAFUR JÓHANNESSON, lögfræðingur:

Hugleiðingar um stjórnarskrána.

(Tímaritið Helgafell, 1945.)

Núgildandi stjórnarskrá íslenzka ríkisins er frá 17. júní s. l. ár. Nefnist hún: *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.* Fram til þess tíma gilti stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9 frá 18. maí 1920, með þeim breytingum, sem á henni höfðu verið gerðar 1934 og 1942, en þær breytingar fjölluðu aðallega um skipun Alþingis, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag.

Með stjórnarskrárbreytingunni á s. l. ári var sú breyting gerð á stjórnarskipuninni, að lýðveldi kom í stað konungdæmis og forseti í stað konungs. Að öðru leyti er skipun og skipting ríkisvaldsins sú sama og áður var, nema hvað hluttaka forseta í löggjafarvaldinu var gerð nokkru minni en konungs var, þ. e., að synjunarvaldið var í rauninni af honum tekið, sbr. 26. gr. stjskr.

Stjórnarskráin frá 1920 var að miklu leyti sniðin eftir stjórnarskránni frá 1874 og stjórnskipunarlögum frá 1903 og 1915. Vegna þeirra breytinga á réttarstöðu Íslands, sem leiddi af sambandslögunum og fullveldisviðurkenningunni 1918, varð þó að taka upp í hana ýmis ný ákvæði. Voru þau yfirleitt sniðin eftir tilsvarandi ákvæðum í grundvallarlögum Dana frá 5. júní eða sjálfum sambandslögunum. Stjórnarskráin frá 1874, er nefndist: *Stjórnarskrá í hinum sérstöku málefnum Íslands,* var að mestu sniðin eftir endurskoðuðum grundvallarlögum Danmerkur frá 28. júlí 1866.

Samkvæmt þessu má segja með allmiklum rétti, að meginstofn núgildandi stjórnarskrár sé gamla stjórnarskráin frá 1874, með þeim viðaukum og breytingum, sem á henni voru gerðar. Þó að sú stjórnarskrá, ásamt síðari breytingum, væri frjálsleg í ýmsum greinum, er ekki nema eðlilegt, að sum þeirra ákvæða, er þá þóttu réttmæt og viðeigandi, þurfi nú nokkurrar endurskoðunar og breytinga við. Viðhorf manna og ýmsar aðstæður hafa tekið svo gagngerðum breytingum frá þeim tíma, er þessi ákvæði urðu upphaflega til. Mun það nú orðið nokkuð almenn skoðun, að þörf sé ýmissa endurbóta á lýðveldisstjórnarskránni, enda í rauninni ráðgert, að stjórnarskrá sú, er samþykkt var í fyrra, yrði aðeins bráðabirgðastjórnarskrá, sem tekin skyldi til rækilegrar endurskoðunar. Hins vegar mun menn greina á um það, hversu langt skuli ganga í þá átt að gera breytingar á stjórnarskipuninni. Flestir munu þó sammála um að halda í meginatriði þess stjórnskipulags, sem hér hefur verið.

Fram að 17. júní s. l. var stjórnskipulagið hér á landi þingbundin konungsstjórn. En frá þeim tíma er hér lýðveldi með þingbundinni stjórn. Einkenni þessa stjórnskipulags eru þau, að ríkisvaldið er greint í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Með löggjafarvaldið fara Alþingi og þjóðhöfðinginn, hvort sem hann er konungur eða forseti, með framkvæmdarvaldið fer þjóðhöfðinginn eða umboðsmenn hans, en með dómsvaldið sérstakir dómstólar. Með framkvæmdarvaldið hefur konungur eða forseti þó aðeins farið í orði, því að Alþingi eða meiri hluti þess ræður því, hverjir verða ráðherrar, og markar þannig stjórnarstefnuna og stjórnarframkvæmdina. Samkvæmt þessu er konungur eða forseti mjög valdalítill, eða í rauninni valdalaus.

Eins og ég drap á áður, hygg ég, að flestir muni sammála um að halda fast í aðalatriði þessa skipulags. T. d. munu menn almennt vilja halda áfram að greina ríkisvaldið í hina áðurnefndu þrjá þætti: löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Einnig munu menn nokkuð sammála um, að hinir þrír handhafar ríkisvaldsins skuli vera þeir sömu og áður, þ. e.

Alþingi, forseti og dómstólar. Hins vegar er af mörgum talin ástæða til að endurskoða ákvæðin um skiptingu valdsins á milli þessara þriggja valdhafa, og þá einkum afstöðuna á milli Alþingis og forseta. Enn fremur er af ýmsum talin þörf á nokkrum breytingum á skipun þessara valdhafa, einkum Alþingis, og ýmsum atriðum í því sambandi.

Í því, sem hér fer á eftir, mun ég drepa á nokkur atriði stjórnarskrárinnar, sem ég tel þörf á að breyta til bóta eða taka a. m. k. til rækilegrar endurskoðunar, áður en gengið verður frá framtíðarstjórnarskrá hins íslenzka lýðveldis. Að sjálfsögðu verður að fara hér fljótt yfir sögu.

Áður en ég vík að hinum einstöku atriðum, langar mig þó til að gera grein fyrir því í fáum orðum, hvaða meginsjónarmið eigi að leggja til grundvallar breytingum á stjórnarskránni, eða að hverju breytingar á henni eigi að miða.

Ég tel, að breytingar á stjórnarskránni eigi fyrst og fremst að miða að því að tryggja raunverulegt lýðræði í landinu og fyrirbyggja hvers konar ofbeldi einstaklinga og félagsheilda. Þær verða að miða að því að tryggja borgurunum öryggi, jafnrétti og athafnafrelsi, — hið síðasttalda þó innan þeirra takmarka, sem setja verður vegna þjóðarheildarinar. Enn fremur eiga þær að beinast í þá átt að gera stjórnarkerfið óbrotnara og ódýrara, að treysta og bæta framkvæmdarvaldið, svo að skjótar og haldgóðar úrlausnir í aðsteðjandi vandamálum séu tryggðar eftir því, sem unnt er, og að tryggja það, að borgararnir fái notið þeirra mannréttinda, sem stjórnarskráin og önnur löggjöf landsins játar þeim til handa. Við þessi sjónarmið ber að miða breytingar á einstökum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þetta eru leiðarstjörnurnar, sem fylgja ber við endurskoðun hennar. Skal svo ekki fjölyrt frekar um þessi heildarsjónarmið, en vikið að einstökum atriðum stjórnarskrárinnar.

Þau atriði, sem ég mun einkum ræða um, eru afstaða löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins hvors til annars, vald og réttarstaða forsetans, skipun Alþingis, þ. e. einkum kjördæmaskipun, kosningar til þess og skipting þess í deildir, fjárveitingarvald Alþingis, greining dómstóla og framkvæmdarvalds og ýmis þegnréttindi og þegnskyldur.

Samkvæmt gömlu stjórnarskránni var konungi falið að fara með framkvæmdarvaldið. Eins og áður er vikið að, var þó reyndin sú, að það var Alþingi, sem mestu réð um stjórnarframkvæmdina. Meiri hluti þess réð því, hverjir urðu ráðherrar. Embættismenn og starfsmenn ríkisins voru flestir skipaðir af ráðherrum, eða konungi eftir tilnefningu ráðherra. Í seinni tíð hefur og tíðkazt, að ýmsar nefndir, sem fara með framkvæmdarvaldsstörf, séu kosnar af Alþingi eða skipaðar eftir tilnefningu þingflokkanna. Á þessari skipan hefur engin breyting verið gerð með lýðveldisstjórnarskránni. Eftir sem áður er það Alþingi eða meiri hluti þess, sem mestu ræður um framkvæmdarvaldið. Forsetinn er meira að segja enn valdaminni og háðari þinginu en konungur var.

Vafalaust hafa fáum eða engum komið til hugar breytingar á þeirri skipan, meðan Ísland var konungdæmi í sambandi við Danmörku. En aðstaðan er mjög breytt, þegar lýðveldi er komið í stað konungdæmis, og innlendur forseti, kosinn af þjóðinni sjálfri til ákveðins árabils, í stað útlends erfðakonungs. Þá geta ýmsar breytingar verið eðlilegar, þó að þær hafi ekki þótt tiltækilegar áður.

Þess vegna eru einmitt margir orðnir þeirrar skoðunar nú, að heppilegra sé að gera gleggri greinarmun á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en verið hefur, og eðlilegra sé, að forseti fái í raun og veru meiri hlutdeild í framkvæmdarvaldinu en að undanförnu, og þá fyrst og fremst þannig, að hann skipi ráðherrana án atbeina Alþingis, enda beri þeir ábyrgð gagnvart honum, en ekki þinginu.

Skoðun þessi er rökstudd með því, að þörf sé á styrkara framkvæmdarvaldi en verið hefur, að nauðsynlegt sé að draga úr valdi hinna pólitísku flokka og ýmissa annarra hagsmunasamtaka, að engin trygging sé fyrir því, að þingið reynist þess jafnan umkomið að mynda stjórn, og loks, að slík skipan sé í beztu samræmi við þrískiptingu valdsins og tíðkist þar, sem lýðræðið sé í einna mestum hávegum haft.

Því verður vissulega ekki neitað, að meiri festa í stjórnarframkvæmdum væri hér æskileg. Tíð ráðherraskipti eru óheppileg. Ráðherrarnir eru í rauninni framkvæmdastjórar, hver fyrir sinni deild ríkisbúsins. En engu félagi þykir hagkvæmt að skipta um framkvæmdastjóra með stuttu millibili. Því verður ekki heldur mótmælt með rökum, að vald stjórnmálaflokkanna og ýmissa hagsmunasamtaka er orðið meira en góðu hófi gegnir. Í rauninni er þar orðið um að ræða mörg ríki í ríkinu, og þau svo voldug, að þau beygja ríkisvaldið og knésetja þjóðarheildina. Rétt er það einnig, að þingið getur reynzt óhæft til stjórnarmyndunar, þ. e., að ekki náist meiri hluti með neinni ríkisstjórn. Er þar skemmst að minnast þess ástnds, sem hér ríkti í þeim efnum frá því haustið 1942 og þangað til seint á s. l. ári, er loks tókst að mynda þingræðisstjórn. Slíkt getur endurtekið sig hvenær sem er, ef engar gagnráðstafanir eru gerðar. En öllum má ljóst vera, að þvílíkt ástand, þ. e., að ekki sé hægt að mynda starfhæfa ríkisstjórn, getur stefnt í algert öngþveiti. Það er og rétt, að sú skipan, að forseti skipi ráðherra og þeir beri ábyrgð gagnvart honum, er í Bandaríkjunum, því lýðveldi, sem einna bezta raun hefur gefið.

Sennilegt er, að ráðherraskipti yrðu fátíðari og ráðherrar sjálfstæðari og óháðari þingflokkunum, ef þeir væru skipaðir af forseta og bæru ábyrgð gagnvart honum einum. Þó er erfitt að fullyrða um, hvernig slíkt yrði í framkvæmdinni.

Enda þótt veigamikil rök hnígi að því að veita forsetanum meira vald en nú, og þá fyrst og fremst vald til að skipa ríkisstjórn, ekki aðeins í orði, heldur og á borði, gera ýmsar ástæður slíka stjórnarskipunarbreytingu varhugaverða.

M. a. má benda á það, að af þessari skipun gæti leitt til ýmiss konar árekstra milli forseta og Alþingis, t. d. gæti þingið neitað um fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda, ríkisstjórnin tregðazt við að framkvæma lög o. s. frv. Enn fremur má nefna, að þingræðið er að sumu leyti hið fyllsta lýðræði, og í traustustu lýðræðisríkjunum hefur það gefizt vel. Á það einkum við, þar sem flokkaskipun er mótuð orðin og flokkar fáir og stórir, svo sem er á Englandi. Hins vegar verður því ekki neitað, að þingræðið getur komizt í og hefur lent í ógöngum, þar sem flokkaskipun er á reiki og flokkar margir og smáir.

Loks má á það benda, að með þessum hætti yrði forsetinn vafalaust pólitískur og mundi dragast inn í stjórnmáladeilurnar. Má einnig vera, að ýmsum þyki þetta of mikil völd hjá einum manni. Vafasamt er þó, hvort forseti verður nokkru sinni ópólitískur, enda þótt hann sé valdalítill, eins og nú.

Um framangreind sjónarmið má rökræða fram og aftur, án þess að niðurstaða náist. En séu þau athuguð hlutlaust og rólega, er mér nær að halda, að fleiri muni hallast að því, að heldur beri að auka völd forsetans frá því, sem nú er. Hins vegar er mikið álitamál, hversu langt á að ganga í því efni. Varast verður að skerða völd Alþingis um of, og einhver ákveðin takmörk verður að setja valdi forseta.

Ég er þeirrar skoðunar, að auka beri vald forseta frá því, sem nú er, og gera þurfi nokkru gleggri grein á milli hinna einstöku þátta ríkisvaldsins, einkanlega þannig, að Alþingi fari ekki beinlínis að ganga inn á svið framkvæmdarvaldsins. Þó get ég ekki fallizt á að hverfa eigi frá þingræðinu, þ. e. a. s. því, að ríkisstjórnin verði yfirleitt að hafa traust meiri hluta Alþingis. Á milli Alþingis og ríkisstjórnar verður að vera samvinna. Annars er hætt við, að illa fari. En verði Alþingi þannig skipað, að það geti ekki komið sér saman um myndun stjórnar eða stuðning við nokkra ríkisstjórn, verður að fela forseta að fara með framkvæmdarvaldið án atbeina Alþingis, á meðan slíkt ástand varir. Í stjórnarskrána ætti því að setja sérstök og skýlaus ákvæði um, að forseti skuli tilnefna ráðherra án atbeina þingsins, þegar það hefur gefizt upp við stjórnarmyndun. Slík ríkisstjórn yrði að fá fjárveitingarvaldið í sínar hendur að einhverju leyti. Að öðrum kosti gæti hún orðið algerlega óstarfhæf. Stjórn, er svo væri skipuð, sæti svo a. m. k. þar til þingræðisleg stjórn væri mynduð. E. t. v. mætti einnig ákveða, að hún skuli sitja fyrirfram ákveðinn tíma, þ. e., að á tilteknum tíma þurfi hún ekki að beygja sig fyrir vantrausti þingsins. Ef sú regla gilti, gætu þingmenn ekki komið til

slíkrar ríkisstjórnar daginn eftir, að hún var mynduð, og sagt við hana, að hún geti farið, nú séu þeir tilbúnir að taka við. Líklega þætti þó mörgum hér of langt farið. Er því sennilega réttara að binda setu slíkrar ríkisstjórnar við það tímabil, sem Alþingi getur ekki myndað stjórn. Með þessari reglu er á engan hátt gengið á rétt Alþingis. Komi það sér saman um, hvernig með völdin skuli farið, fer það með þau óskert. Geti það hins vegar ekki um stund farið með hlutverk sitt, er séð fyrir því, að annar aðili taki það að sér, meðan svo stendur. Þingræðið er með þessu viðurkennt sem meginregla og ákvæði sett, sem óbeinlínis miða að því að tryggja það. Enn fremur er með þessum hætti tryggt öruggt framkvæmdarvald, þó að þingskipulagið kynni að bila um skeið.

Að sjálfsögðu má benda á ýmsar aðrar leiðir til að gera framkvæmdarvaldið nokkru styrkara og sjálfstæðara en nú er, án þess þó að ganga svo langt að fela forsetanum að ráðstafa því algerlega, án nokkurrar íhlutunar Alþingis. T. d. mætti hugsa sér, að forseti skipaði að vísu ráðherra án tilnefningar Alþingis, en þó yrðu þeir að hafa traust meiri hluta þess, þ. e., þeir yrðu að beygja sig fyrir vantrausti, enda væri skylt að rjúfa þing þegar eftir slíkt vantraust og láta nýjar kosningar fara fram. Ef þessi skipun væri á höfð, mundi forseti að sjálfsögðu ekki skipa aðra í ráðherrasæti en þá, sem hann teldi líkur fyrir, að meiri hluti Alþingis mundi styðja eða a. m. k. þola. Hins vegar væri hann ekki eins bundinn við þingflokkana um mannaval og nú. Er ekki ólíklegt, að hann veldi menn í ráðherrastöðurnar eftir nokkuð öðrum sjónarmiðum en þingflokkarnir. Samt sem áður væri forseti knúður til að kynna sér þingviljann og reyna að hafa gott samstarf við þingið. Þingrofið væri þingmönnum aðhald. Mundu þeir því veigra sér við að koma með ástæðulaust og ótímabært vantraust. Þó er hætt við, að þetta skipulag gæti leitt til alvarlegra árekstra milli þings og forseta, er erfitt væri að sjá fyrir.

Til mála gæti komið að hafa hér þjóðkjörna ríkisstjórn. Mundi þá ríkisstjórnin kosin af alþingiskjósendum um leið og forsetinn og henni ætluð seta kjörtímabil hans. Forsetinn yrði þá eftir sem áður valdalaus. Með þessum hætti mundi skapast meiri festa og öryggi í stjórnarframkvæmdum en ella. Slíka stjórn ætti aðeins að vera hægt að fella við þjóðaratkvæðagreiðslu, er ákveðinn meiri hluti Alþingis ætti að hafa heimild til að krefjast. Sennilega mundi skipun þessi þykja nokkuð margbrotin, og hætt við, að hún kynni að leiða til árekstra milli þings og stjórnar.

Sú leið, sem ég hallast að í þessum efnum, er, eins og áður segir, að byggja á þingræðinu sem meginreglu, en veita forseta aukið vald, þegar Alþingi hefur að verulegu leyti reynzt óstarfhæft, og binda vald hans við það tímabil, er slíkt ástand varir.

Sé forsetinn valdalaus, má einu gilda, hvort tilnefnir hann, þingið eða þjóðin. En sé hann gerður að sjálfstæðum valdhafa, sem undir vissum kringumstæðum getur farið með mikil völd, sýnist mér sjálfsagt, að þjóðin kjósi hann. Hitt getur aftur á móti verið álitamál, hvort hann skuli kosinn beinum kosningum af öllum þeim, sem kosningarrétt hafa við alþingiskosningar, eða óbeinum kosningum, þ. e. af kjörmönnum. Jafnframt forseta ætti að kjósa varaforseta. Viðvíkjandi hluttöku forsetans í löggjafarvaldinu, er ég þeirrar skoðunar, að hann eigi að hafa frumkvæðisrétt að lögum, eins og nú, og frestandi synjunarvald. Því má haga á ýmsan hátt. Þarf að athuga, hver regla muni eiga þar best við. Ég get ekki fallizt á ákvæði núgildandi stjórnarskrár í þessum efnum. Sýnist mér sú regla bæði óeðlileg og óheppileg, enda er eigi kunnugt um, að hún eigi sér fyrirmynd annars staðar.

Um lögkjör og stöðu forsetans þarf annars að setja sem ýtarlegust ákvæði í sjálfri stjórnarskránni, svo að hann verði sem sjálfstæðastur og óháðastur þinginu.

Á núverandi kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi þarf að gera gagngerðar breytingar. Sú óstarfhæfni Alþingis, sem óneitanlega hefur allmjög borið á að undanförnu, á vitaskuld rætur sínar að rekja til ýmissa orsaka. En ein veigamesta ástæða til hennar er tvímælalaust kjördæmaskipunin og kosningafyrirkomulagið. Það á m. a. sinn þátt í því, hversu

illa gengur að fá þar starfhæfan meirihluta. Einkanlega hefur uppbótarþingmannafyrirkomulagið gefizt illa. Á milli uppbótarþingmannsins og þingmanns þess kjördæmis, sem uppbótarþingmaður féll í, hefur myndazt kapphlaup og stöðugt yfirboð. Fyrirkomulag þetta miðar að því að auka flokkavaldið. Það hvetur til myndunar margra flokka, smáflokkamyndunar. En það er mjög óheppilegt, því að það eru einmitt hinir mörgu smáflokkar, sem hafa orðið lýðræðinu hættulegir. Segja má einnig, að uppbótarþingmannafyrirkomulagið sé hvorki fugl né fiskur. Það tryggir engan veginn, eða þarf ekki að tryggja rétt hlutföll milli þingflokka. Því síður tryggir það stjórnmálaflokkum áhrif í hlutfalli við kjósendatölu, því að vel getur verið, að stjórnmálaflokkur, sem hvergi kemur að þingmanni, og þar af leiðandi fær engan uppbótarþingmann, fái fleiri atkvæði samanlögð en stjórnmálaflokkur, sem kemur að þingmanni í einhverju fámennu kjördæmi og fær einn eða fleiri uppbótarþingmenn.

Í rauninni má segja hið sama um hlutfallskosningarnar í tvímenningskjördæmunum. Þær styðja einnig að smáflokkamyndunum og þurfa síður en svo að vera réttlátar. Stjórnmálaflokkunum eru veitt óeðlileg sérréttindi, bæði með uppbótarþingmönnum og hlutfallskosningum. Um þetta er annars svo mikið búið að ræða og rita, að ég skal ekki orðlengja um það hér.

Alþingi hefur verið og mun verða í framtíðinni meginstoð íslenzkrar stjórnskipunar. Það er sú stofnun þjóðarinnar, sem mestrar virðingar á að njóta. Eigi það ekki að glata þessari virðingu, þarf að gera á skipun þess vissar breytingar. Eigi það í framtíðinni að verða fulltrúasamkunda þjóðarinnar og landsins í heild, en ekki einstakra klíkna eða hagsmunahópa, þarf að breyta kjördæmaskipuninni.

Við breytingar á kjördæmaskipuninni sýnast mér aðallega tvær leiðir koma til greina.

Önnur leiðin er að skipta landinu öllu niður í einmenningskjördæmi og hafa þar óhlutbundnar kosningar.

Hin leiðin er að skipta landinu í fá, en stór kjördæmi, t. d. fimm eða sex, og hafa hlutfallskosningar í þeim. Reykjavík yrði þá væntanlega eitt kjördæmi.

Ég tel fyrrnefndu leiðina tvímælalaust heppilegasta og eðlilegasta. Með því móti verða kosningarnar persónulegri, en ekki eins flokksbundnar og nú. Þá kjósa menn fremur fulltrúa, sem búsettir eru heima í kjördæmunum og njóta þar trausts og virðingar. Þessir fulltrúar mundu verða sjálfstæðari og óháðari flokkunum en nú tíðkast. Með þessum hætti væru líkur til, að ætíð væri traustur þingmeirihluti fyrir hendi. Það mundi skapa meiri festu í þinginu, bæði um löggjöf og stjórnarstefnu. Ef þessi háttur væri upp tekinn, þyrfti að skipta landinu þannig í kjördæmi, að sem svipuðust kjósendatala yrði í hverju þeirra. Ákvæði þyrftu svo að vera um, að annaðhvort skuli þessi kjördæmaskipun endurskoðuð á vissu árabili eða kjördæmi skuli skipt, ef það nær ákveðnu hámarki kjósenda, en missi þingmann og verði sameinað með öðru eða öðrum kjördæmum, fari það niður fyrir ákveðið lágmark. Með þessum hætti væri tryggt, að atkvæði manna séu jafngóð, hvar sem þeir eru búsettir.

Á síðarnefndu leiðinni eru verulegir gallar, einkanlega þeir, að það er algerlega byggt á flokkakerfi. Þó álít ég þá skipun betri en núverandi fyrirkomulag. Aftur á móti álít ég ófært með öllu að gera landið að einu kjördæmi. Verði horfið að hlutfallskosningum, og þar með byggt á flokkakerfinu, virðist eðlilegt, að einhver ákvæði séu sett í sjálfa stjórnarskrána um flokkana.

Jafnframt stjórnarskrárbreytingunni þyrfti að fækka þingmönnum, t. d. niður í 40. Sú aðferð, sem höfð hefur verið við svo að segja allar stjórnarskrárbreytingar, sem hér hafa verið gerðar, að fjölga þingmönnum, er ófær og hlýtur að enda í öngþveiti, ef henni verður haldið áfram. Þingmannafjöldinn stuðlar að seinagangi í þinginu og gerir þinghaldið kostnaðarsamara en þörf er á og aðstæður leyfa. — Við kjörgengisskilyrði til Alþingis ætti að bæta, að hlutaðeigandi mætti ekki hafa orðið sekur um refsiverð ósannindi að lagadómi. Ein af undirstöðum lýðræðisins er sú, að menn geti fengið réttar upplýsingar um þjóðmálin. Því

þarf að knýja stjórnmála- og blaðamenn til að skýra rétt frá staðreyndum. Fátt mundi styðja betur að slíku en einmitt þvílíkt kjörgengisskilyrði. Einnig mundi þetta stuðla að mennilegri blaðaskrifum og setja viðkunnanlegri og virðulegri blæ á þjóðmálabaráttuna, en þess er sízt vanþörf. Auðvitað er það einnig með öllu óviðeigandi, að þeir, sem berir eru að ósannsögli, sitji á Alþingi.

Eins og kunnugt er, hefur Alþingi skipzt í deildir, efri og neðri deild, frá því árið 1874. Slík skipting í tvær deildir eða málstofur er þekkt fyrirbrigði í flestum löggjafarþingum. En í flestum eða öllum tilfellum mun þá kosið til efri deildar með öðrum hætti en til neðri deildar. Þannig var því lengi vel háttað hér. Hinir konungkjörnu og síðar landskjörnu þingmenn voru sjálfkjörnir til efri deildar. En eftir að landskjörið var niður fellt, hafa þingmenn einungis kosið lögboðna tölu til efri deildar úr sínum hópi.

Þegar kosið er með ólíkum hætti til deildanna, má segja, að deildaskiptingin hafi skynsamlegan tilgang og geti haft mikla þýðingu. En þar sem þingmenn eru allir kosnir á sama hátt, en skipta sér svo eftir á í tvær málstofur, eins og hér á sér stað, sýnist deildarskiptingin þýðingarlítil.

Með reglunum um þrjár umræður í hvorri deild með vissu millibili og athugun í nefndum milli umræðna, sýnist sæmilega vera séð fyrir athugun mála í hvorri deild sem er. Hins vegar er augljóst, að deildaskiptingin stuðlar að seinni afgreiðslu þingmála og getur beinlínis stöðvað góð mál. Sýnist lítið réttlæti í því að láta 17 þingmenn, sem kosnir hafa verið til efri deildar, ráða jafnmiklu og 35 neðri deildar þingmenn. 9 menn í efri deild geta t. d. fellt frumvarp, sem samþykkt hefur verið í neðri deild með öllum greiddum atkvæðum. Deildaskiptingin gerir og þinghaldið dýrara.

Samkvæmt þessu virðist eðlilegast, að þingið sé sameinað í eina málstofu, enda má á það benda, að hin þýðingarmestu lög þingsins, fjárlögin, eru nú afgreidd í sameinuðu þingi. Sé deildaskiptingunni hins vegar haldið, virðist sjálfsagt að kjósa á einhvern annan hátt til efri deildar en til neðri deildar. T. d. mætti hugsa sér, að kosið væri til neðri deildar í einmenningskjördæmum, en í fáum stórum kjördæmum til efri deildar.

Í sambandi við Alþingi langar mig til að minnast enn á eitt atriði. Það er meðferð fjárlaganna. Með ári hverju hafa fjárlögin farið hækkandi og eru nú orðin hærri en nokkurt vit er í. Því verður ekki neitað, að fjárlögin hafa oft og einatt viljað hækka í meðförum þingsins meira en góðu hófi gegndi. Þess vegna hefur því verið nokkuð hreyft að undanförnu að setja þyrfti einhverjar skorður við heimild einstakra þingmanna til að bera fram hækkunartillögur við útgjaldahlið fjárlaga. Þetta er viðkvæmt mál, því að ekki má ganga of nærri fjárveitingarvaldi Alþingis. En mögulegt sýnist vera að fara þarna einhvern meðalveg, þannig að nokkur takmörk séu sett heimild einstakra þingmanna til hækkunartillagna, án þess að fjárveitingarvald þingsins sé skert um of. T. d. mætti hugsa sér, að einstakir þingmenn mættu ekki bera fram hækkunartillögur, sem fara yfir ákveðið hámark, nema með samþykki fjárveitingarnefndar eða fjármálaráðherra, eða þá að tiltekna tölu þingmanna þyrfti til þess að bera fram slíkar tillögur. E. t. v. kunna að finnast aðrar hyggilegri leiðir, ef betur er að gáð, og er þá auðvitað sjálfsagt að fara þær. En hér er atriði, sem taka þarf til rækilegrar athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Í núgildandi stjórnarskrá er sagt, að skipun dómsvaldsins skuli ákveðin með lögum. Með ákvæði þessu hefur verið reynt að tryggja það, að framkvæmdarvaldið fari ekki að ákveða skipun dómstólanna. Slíkt væri auðvitað með öllu ótækt og ósamrýmanlegt sæmilegu réttaröryggi. En þar sem stjórnarskráin telur dómsvaldið einn af þremur meginþáttum ríkisvaldsins og dómstólana einn þriggja handhafa þess, sýnist eðlilegast, að aðalatriði dómstólaskipunar séu ákveðin í sjálfri stjórnarskránni. Dómstólarnir þurfa að vera sem sjálfstæðastir og óháðastir öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Réttaröryggi borgaranna er mjög undir því komið, að dómstólarnir séu traustir og hlutlausir. Sérstaklega þarf að setja í

stjórnarskrána skýr ákvæði um landsdóm eða þann dómstól, er á að dæma ráðherra út af embættisverkum þeirra. Að sjálfsögðu væri aðeins hægt að ákveða skipun dómsvaldsins í stórum dráttum í stjórnarskránni. Að öðru leyti yrði að fela hinum almenna löggjafa að ákveða hana.

Viðvíkjandi dómsvaldinu er og annað atriði, sem athuga þarf. Svo sem kunnugt er, hafa sömu embættismenn, þ. e. sýslumenn, farið hér með dómstörf og framkvæmdarvaldsstörf. Hefur skipun þessi yfirleitt gefizt sæmilega. En með vaxandi umboðsstjórnarstörfum sýslumanna, einkanlega alls konar innheimtum og skýrslugerðum, mun nú svo komið, að dómstörfin eru hjá mörgum þeirra alger aukastörf. Þarf ekki að eyða orðum að því, hve óheppilegar afleiðingar slíkt getur haft. Mér sýnist því full þörf á því að greina þessi störf meira í sundur í framtíðinni og gera aðra skipun á þessum málum að einhverju leyti, t. d. að láta dómendur aðeins hafa dómstörf með höndum, en í stærri umdæmum en nú tíðkast.

Í sambandi við mannréttindakafla stjórnarskrárinnar er þörf á nokkrum breytingum, fyrst og fremst vegna breyttra aðstæðna. Réttindi þau, sem þar eru veitt borgurunum, þykja nú sjálfsögð, og kemur eigi til mála að fella þau niður né draga úr þeim. Hins vegar getur verið ástæða til að skýra þau nánar, breyta um form á þeim og bæta nokkrum við. Í þessum kafla stjórnarskrárinnar er lögð áherzla á þegnréttindi. En til réttinda eiga að svara skyldur. Því virðist ástæða til að taka í kafla þennan nokkur ákvæði um þegnskyldur borgaranna.

Sem dæmi aukinna réttinda vil ég nefna atvinnuréttindi, þ. e., að því sé slegið föstu í stjórnarskránni, að sérhver maður eigi rétt á að stunda þá atvinnu, er hann vill, enda fullnægi hann þeim skilyrðum, sem almenni löggjafinn kann að hafa sett um þá atvinnu. Enn fremur vil ég nefna aukið félagslegt öryggi og ýmiss konar tryggingar.

Af þegnskyldum vil ég fyrst og fremst nefna skyldu til að virða stjórnskipunina, skyldur einstaklinganna gagnvart þjóðarheildinni og almennar hlýðniskyldur gagnvart lögum og löglega settum reglum, án tillits til þess, hverjar skoðanir menn hafa á þeim reglum. E. t. v. væri rétt að láta sérhvern þegn vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, áður en hann öðlast kosningarrétt.

Þá þarf að setja í framtíðarstjórnarskrá landsins ýtarlegri ákvæði um eignarrétt, bæði um lögvernd hans, þannig að ekki sé hægt að taka allar eignir manna eftir krókaleiðum, t. d. með sköttum, og takmörk hans, þannig að einstakir menn auðgist ekki óhæfilega fyrir beinar aðgerðir hins opinbera, t. d. landeigendur við hafnir eða vegi.

Hér að framan hef ég minnzt á nokkur atriði, sem ég tel þörf á að taka til rækilegrar athugunar við þá allsherjarendurskoðun á stjórnarskránni, sem nú fer fram. Að sjálfsögðu hefur hér aðeins verið lýst skoðunum mínum sem einstaklings, en ekki frá sjónarmiðum neins flokks eða flokka, enda munu stjórnmálaflokkarnir sem slíkir ekki vera búnir að taka endanlega ákvörðun í þessu máli. Er og þess tæplega að vænta, meðan málið er í athugun hjá nefndum, skipuðum af þingflokkunum. Þess má þó geta, að ályktanir þær, sem Framsóknarflokkurinn gerði um þetta mál á síðasta flokksþingi sínu, ganga í flestu verulega í svipaða átt og hér hefur verið rætt um.

Stjórnarskráin er vissulega þýðingarmikil. Því þarf vel að vanda til endurskoðunar hennar. Hún getur átt sinn þátt í varanleik og velgengni hins íslenzka lýðveldis. Þó ættu menn að minnast þess, að hún er aðeins form, en það, sem mestu máli skiptir, er fólkið, sem á við hana að búa. Það ræður mestu um það, hvort hún verður dauður bókstafur eða umgjörð um gróandi þjóðlíf. Þess vegna megum við ekki setja neitt oftraust á nýja stjórnarskrá. Það er þjóðin, sem við verðum að treysta. Hana þarf ef til vill einnig eitthvað að bæta.

Skrifað í maímánuði 1945.

ÓLAFUR JÓHANNESSON

Fylgiskjal III.

VILMUNDUR GYLFASON:

Franskt stjórnarfar og íslenskar aðstæður.

HUGLEIÐINGAR UM BREYTTA STJÓRNARSKRÁ.

(Tímaritið Málþing, 1979.)

I.

Umræður um íslenzkt stjórnkerfi og nýja stjórnarskrá eiga eftir að skipa verulegt rúm í stjórnmálaumræðu á Íslandi á næstu mánuðum og árum. Veldur þar í fyrsta lagi, að ljóst hefur verið um langa hríð, að íslenzka stjórnarskráin er um margt úrelt og þarfnast endurskoðunar. Hefur raunar starfað stjórnarskrárnefnd — og það fleiri en ein — um langt skeið, en án þess þó að hafa skilað tillögum. Í annan stað er ljóst að kosningakerfið sjálft á Íslandi hefur í tímanna rás orðið mjög ófullkomið. Misjafnt vægi atkvæða er nú orðið svo mikið, að þar sem munurinn er mestur er hann orðinn fimmfaldur. Ljóst er, að þó að stjórnarskrárbreytingin á árinu 1959 hafi þá verið réttmæt, er hún nú engan veginn fullnægjandi.

Þá hefur einnig orðið ljóst, að einkum eftir tvennar síðustu kosningar, en mátti þó ljóst vera löngu fyrr, að margflokkakerfið er í eðli sínu mjög gallað, þegar þarf að koma saman starfhæfri ríkisstjórn. Á árinu 1978 var ríkisstjórn ekki mynduð fyrr en eftir miklar sviptingar, og eftir kosningarnar 1979 var ríkisstjórn ekki mynduð fyrr en eftir klofning í stærsta stjórnmálaflokknum, Sjálfstæðisflokknum. Þessir erfiðleikar þurfa ekki að koma neinum á óvart, og eru alls ekki sú ávísun á lágkúru stjórnmálamanna, sem gagnrýnendur stundum láta í veðri vaka. Þvert á móti er það staðreynd, að til þess að mynda samsteypustjórn þurfa stjórnmálaflokkar að slá miklu af, ef miðað er við það sem þeir sögðu eða lofuðu fyrir kosningar. Þegar vel gengur að mynda ríkisstjórnir, eins og það er kallað, þá er það auðvitað vegna þess að stefnur flokkanna eru útvatnaðar og til þess eins að búa til kosningabæklinga fyrir kosningar. Þegar hins vegar illa hefur gengið að mynda ríkisstjórnir, sem er m. ö. o. að flokkar vilja standa á stefnum sínum, þá hefur reyndin orðið sú að almenningsáliti hefur verið snúið gegn stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum og þeir á endanum verið reknir inn í einhverja ríkisstjórn, hversu svo sem þeim sjálfum hefur mislíkað slíkt. Um þetta kann stjórnmálasagan hin síðustu ár mörg og misjöfn dæmi.

Allt gerir þetta að verkum, að eðlilegt getur talizt, að menn fari að huga að grundvallarbreytingum á stjórnarfari og kosningakerfi.

II.

Árið 1942 var um margt sögulegt ár í íslenzkri stjórnmálasögu. Þetta ár var mesta dýrtíðarár sem Íslendingar höfðu þekkt frá því í fyrri heimsstyrjöldinni. Þá voru utanríkismál farin að skipta meira máli en áður, og bein afstaða manna og flokka þeirra til skoðana og stefna úti í heimi litaði stjórnmálasviðið ríkari litum. En á árinu 1942 gerðist það einnig í tvennum kosningum, sem háðar voru á því ári, raunar ári of seint því að að réttu lagi hefðu kosningar átt að vera á árinu 1941, að þriggja flokka kerfi Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks varð að fjögurra flokka kerfi Sjálfstæðisflolkks, Framsóknarflokks, Sósíalistaflokks og Alþýðuflokks. Þetta var mikil breyting og meiri breyting en menn oft gera sér ljóst. Á þessum árum var einnig að hefjast ný og mikil umræða um stjórnarskrá, einnig vegna þess að stofnun lýðveldis stóð fyrir dyrum. Æ fleirum var ljóst, að svo gæti vel farið að fjögurra flokka kerfið yrði illa stjórnhæft, einfaldlega vegna þess, að illa myndi

ganga að koma saman ríkisstjórn. Á þessum árum rituðu fræðimenn mjög mikið um stjórnarskrármál. Komu þar glögglega fram áhyggjur, sem menn höfðu af því að fjögurra flokka kerfið myndi ganga illa í raun.

Nefna má ritgerðir eftir þá Ólaf Jóhannesson og Gylfa Þ. Gíslasonar, sem þeir rituðu í tímaritið Helgafell á þessum árum. Báðir höfðu þeir áhyggjur af þessari þróun mála. Þeir lögðu til sem lausn, þó með nokkuð ólíkum hætti væri, að farið yrði í ríkari mæli inn á þá braut að styrkja framkvæmdavaldið, að gera embætti ríkisstjóra, eða embætti forseta, að pólitísk sterku embætti. Þessar tillögur voru aldrei útfærðar nákvæmlega. Segja má að þessar hugmyndir hafi um nokkurt skeið átt nokkurn hljómgrunn í Framsóknarflokknum, en að öðru leyti ekki verið ræddar af mikilli alvöru.

Hins vegar segir stjórnmálasagan okkur, að eftir að fjögurra flokka kerfið á Íslandi varð staðreynd, hefur ævinlega gengið illa að mynda ríkisstjórnir, ef viðreisnartímabilið eitt er undanskilið. Fyrst eftir að fjögurra flokka kerfið varð staðreynd á árinu 1942, tókst alls ekki að mynda þingræðisstjórn. Var þá mynduð utanþingsstjórn, og sat hún fram yfir lýðveldisstofnun á árinu 1944. Þá var, eftir miklar fæðingarhríðir, mynduð svokölluð nýsköpunarstjórn. Þá beitti Ólafur Thors sér fyrir því að þverbrjóta hefðir í íslenzkum stjórnmálum með því að taka Sósíalistaflokkinn, svo og Alþýðuflokkinn, inn í ríkisstjórn. Þó ber þess að gæta, að ágreiningur um þetta var svo megn í Sjálfstæðisflokknum, að fimm þingmenn flokksins fóru í varanlega stjórnarandstöðu. Þegar nýsköpunarstjórnin síðan sprakk á árinu 1946, tókst ekki um langa hríð að mynda ríkisstjórn, og ekki fyrr en Stefán Jóhann Stefánsson myndaði stjórn sína, Stefaníu, snemma á árinu 1947. Var þó sú stjórn alltaf erfið, og í raun og veru megn stjórnarandstaða við hana, t. d. innan Alþýðuflokksins, bæði innan þingflokksins og utan hans. Þessi ríkisstjórn hætti eftir kosningarnar 1949, og enn varð mjög erfið stjórnarkreppa í landinu. Snemma á árinu 1950 var Sveinn Björnsson, þá forseti, tilbúinn með utanþingsstjórn og hafði falið Vilhjálmi Þór að mynda slíka stjórn. Þegar þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks stóðu andspænis utanþingsstjórn mynduðu þeir ríkisstjórn sína, svo kallaða helmingaskiptastjórn, sem sat í 6 ár. Stjórnarandstaða innan frá var þó ævinlega megn í þeirri stjórn, og t. d. var Hermann Jónasson, þá formaður Framsóknarflokksins, í reynd í stjórnarandstöðu mest af þessu tímabili. Vinstri stjórnin, sem fylgdi þessari ríkisstjórn, stóð stutt, enn fylgdi stjórnarkreppa, minnihlutastjórn Alþýðuflokksins, og síðan kemur viðreisnarstjórnin, sem kalla má stöðugasta tímabilið að því er varðar samvinnu stjórnmálaflokka. Viðreisnarstjórnin varaði í 12 ár. Óstöðugleika þessa áratugs er varla þörf á að rekja, en sá óstöðugleiki hefur ekki einvörðungu verið milli stjórnmálaflokka, heldur hefur hann einnig brotist út á efnahagssviðinu, það er með verðbólgu, sem vart hefur verið viðráðanleg nú síðustu árin.

Það er fölsk goðsögn, sem um of er haldið á lofti, að á lýðveldistímanum hafi einhvern tímann verið auðvelt að koma hér saman ríkisstjórn. Svo hefur aldrei verið. Því er stundum haldið á lofti, að áður fyrr hafi verið uppi miklir stjórnmálamenn, eins og t. d. Ólafur Thors, sem hafi töfrað ríkisstjórnir fram úr erminni, m. a. vegna „sjarma", sem hann vissulega bjó yfir. Slík söguskoðun stenzt hins vegar ekki nokkra rýni. Þetta er vert að hafa í huga.

III.

Fjórða lýðveldið í Frakklandi stendur frá stríðslokum, 1945, og þangað til stjórnarskránni er gjörbreytt á árinu 1958, að undirlagi de Gaulles, hershöfðingja. Fjórða lýðveldið er litríkur kafli í franskri sögu. Segja má, að á þeim tíma hafi þingræðið í Frakklandi verið sterkt, en framkvæmdavaldið að sama skapi veikt. Í Frakklandi varð til margra flokka kerfi, þar sem kommúnistar voru öflugir á vinstri væng en jafnaðarmenn einnig. Kommúnistar höfðu barizt hetjulega í andspyrnuhreyfingunni, þannig að fennt hafðu í hin hræðilegu spor frá því að Stalín og Hitler (eða utanríkisráðherrar þeirra) gerðu griðasáttmálann, sem stóð frá 1939 til 1941. Á miðjunni í frönskum stjórnmálum var fjöldi stjórnmálaflokka, einkum

róttækir, sem átt höfðu glæsiskeið fyrir stríð, en máttu sín nú lítils. Til hægri var bandalag, sem einkum tók mið af kaþólsku, og sem skyldast var de Gaulle. De Gaulle, sem í raun stjórnaði Frakklandi frá stríðslokum og til ársbyrjunar 1946, tók hins vegar þá ákvörðun að hann gæti ekki stjórnað með þinginu, og vildi ekki stjórna gegn því, og hætti þess vegna afskiptum af stjórnmálum. Í hönd fór 12 ára tímabil, þar sem ríkisstjórnaskipti urðu mjög tíð, svo að oft jaðraði við fullkomið stjórnleysi. Kalda stríðið gerði það að verkum, að samvinna kommúnista og jafnaðarmanna kom ekki til greina, þar eins og víðar, og jafnaðarmenn unnu meira inn á miðjuna. Þá fóru utanríkismál að skipta meira máli, einkum deilan um Alsír, og ríkisstjórnir komu og fóru á nokkurra mánaða fresti. Segja má, að kerfi samsteypustjórna hafi verið að hruni komið, þegar komið var fram á miðjan sjötta áratuginn.

IV.

Á árinu 1958 myndaði de Gaulle ríkisstjórn í Frakklandi, og fékk síðan samþykkt lög, sem heimiluðu honum og stjórn hans að gera uppkast að nýrri stjórnarskrá. Þessi stjórnarskrá, sem endanlega var samþykkt með þjóðaratkvæðagreiðslu, varð síðan grundvöllur að nýju stjórnarkerfi í Frakklandi, svo kölluðu fimmta lýðveldi.

Með nýju stjórnarskránni í Frakklandi er þingræðinu í raun haldið við. Hins vegar voru völd forseta aukin mjög, og hann kosinn í beinni kosningu. Þó mótaðist valdsvið forseta fremur af persónu de Gaulles en af beinum ákvæðum í stjórnarskrá. Forsetinn skipar forsætisráðherra og ráðherra í ríkisstjórn. Hann situr í forsæti á ríkisstjórnarfundum, hann undirritar meiri háttar lög, og hann skipar í meiri háttar embætti og einnig í dómskerfinu. Þá hefur hann rétt til að leysa þingið upp og efna til nýrra kosninga, en þeim rétti beitti de Gaulle tvisvar, á árunum 1962 og 1968. Þá getur hann efnt til þjóðaratkvæðagreiðslna og sér um samninga við erlend ríki. Hann er æðsti maður hers. Þá hefur forsetinn heimild til þess að taka sér alræðisvald um skamman tíma, samkvæmt grein 16 í stjórnarskránni, en einmitt þetta ákvæði hefur hvað harðast verið gagnrýnt vegna þess hversu ólýðræðislegt það er í raun.

Þinginu er hins vegar skipt í tvær deildir. Á þjóðþinginu sitja 485 þingmenn, sem eru kosnir beinni kosningu til fimm ára, í eimmenningskjördæmum og í tveimur umferðum, þannig að í seinni umferð er kosið á milli þeirra tveggja hæstu úr fyrri umferð og þá ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Í öldungadeild sitja á hinn bóginn 283 öldungadeildarþingmenn, sem eru kosnir óbeinni kosningu úr sveitarstjórnum til 9 ára. Franska þingið fer með hefðbundið vald þjóðþinga, annars vegar setur það lög, en hins vegar á það að hafa þétt eftirlit með framkvæmdavaldinu. Nú er það svo í Frakklandi, að allar götur síðan 1958 hefur meirihluti verið samansettur af flokkum, sem jafnframt hafa stutt forsetann. Það er því ekki reynsla fyrir því hvernig fara mundi ef þing væri fjandsamlegt forseta. Fyrir því er raunar reynsla í Bandaríkjunum; þar hefur slíkt ekki í raun komið að sök, en hins vegar eru hefðir í Bandaríkjunum annars vegar og í Evrópu hins vegar auðvitað svo ólíkar, að slíkur samanburður kann að vera óraunhæfur.

Frumkvæði um lagasetningu getur hvort heldur komið frá þingi eða frá ríkisstjórn, svo sem er t. d. hér á landi. Frumvörp til laga eru lögð fyrir þingnefndir. Hins vegar getur ríkisstjórn hvenær sem er krafið þingið um atkvæðagreiðslu um frumvarp í heilu lagi, annað hvort til samþykktar eða synjunar. Síðan er lagt mikið upp úr rannsóknar- og eftirlitsvaldi þingsins, bæði með spurningum til framkvæmdavalds og með rannsóknarnefndum. Þá getur þingið fellt ríkisstjórn með vantrausti eins og stjórn Georges Pompidou var felld á árinu 1962.

V.

Þrátt fyrir þessa lauslegu lýsingu á franska stjórnkerfinu, er auðvitað ljóst að mörgum spurningum er ósvarað. Þeirri spurningu helztri er ósvarað, hvað muni gerast í Frakklandi, ef þing verður í raun fjandsamlegt forsetavaldinu, en það hefur ekki gerzt til þessa. Eins verður að leggja áherzlu á þann grundvallarmismun á þessu stjórnkerfi annars vegar og bandaríska stjórnkerfinu hins vegar, að franska kerfið er sprottið úr jarðvegi fjölflokkakerfis, á meðan bandaríska kerfið er sprottið úr jarðvegi tveggja flokka kerfis. Fyrir vikið er um grundvallarmismun að ræða.

Hitt er ljóst, að margar ástæður hníga til þess, að það er vel þess virði fyrir íslenzka áhugamenn að íhuga vel kosti og galla kerfisins. Staðreynd er að fjölflokkakerfið á Íslandi hefur í raun ekki dugað árum saman til þess að koma saman starfhæfri ríkisstjórn. Ríkisstjórnir hafa vissulega verið myndaðar, en þegar horft er til hagsögu þessa áratugar, verður ljóst, að samkvæmt öllum pólitískum mælikvörðum hafa þessar ríkisstjórnir alls ekki verið starfhæfar. Það er ekki starfhæf ríkisstjórn, sem skilur eftir sig feril 50% verðbólgu. Það er ekki stjórnhæft kerfi, þar sem misvægi atkvæða er orðið svo gífurlegt sem raun ber vitni. Og líklegt er, að á Íslandi eigi misvægi atkvæða og þar með mismunandi geta byggðarlaga til þess að koma ár sinni fyrir borð gagnvart almannasjóðum, þyngsta sök á því er varðar efnahagslega óstjórn. Íslendingar búa vissulega ekki við hefðir hermennsku og byltinga eins og Frakkar gera. En Íslendingar hafa vonda reynslu af fjölflokkakerfi og því stjórnleysi, sem því fylgir að loknum kosningum.

Það kynni að vera skynsamlegt, að okkar stjórnarskrá væri þannig byggð upp, að ígildi forsætisráðherra væri kosið beinni kosningu með tveimur umferðum, þannig að í fyrri umferð gæfu þeir kost á sér sem til þess fengju tilskildar uppáskriftir, en í seinni umferð væri kosið á milli þeirra tveggja efstu. Þessi einstaklingur skipaði síðan með sér ríkisstjórn samkvæmt nánari ákvæðum í stjórnarskrá. Síðan væri Alþingi kosið sérstaklega eftir kjördæmum, og Alþingi færi með bæði fjárveitingavald og löggjafarvald. Síðan væri eftirlitsvald löggjafans með framkvæmdavaldi stóraukið, einkum með tilkomu rannsóknanefnda, en að öðru leyti væri fullkomlega skilið á milli verksviðs löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Þessar hugmyndir þarfnast auðvitað nánari útfærslu, og einkum þarf að útfæra valdsvið hvors um sig, löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Þá er ósvarað spurningum eins og þeim hvað gerist, ef þingmeirihluti er fyrirfram andvígur kosnum forsætisráðherra. Hans list felst þá í því að setja saman ríkisstjórn, sem njóti a. m. k. trausts hjá þingi. Þing hefði vald til þess að lýsa vantrausti á einstaka ráðherra, en ekki ríkisstjórn í heild.

Einn höfuðkostur er þá ónefndur. Á Íslandi þýddi þessi aðferð í raun, að ígildi forsætisráðherra (kannski ríkisstjóri ...) væri kosið beinni kosningu um land allt, þannig að sérhver einstaklingur færi með jafngilt atkvæði, óháð búsetu. Ennfremur þýddi þetta í raun, að stjórnmálaflokkar gerðu ekki bandalög **eftir** kosningar, eins og nú tíðkast í svokölluðum stjórnarmyndunarviðræðum, heldur **fyrir** kosningar. Og sýnist það öllu réttmætari leið gagnvart kjósendum.

Vilmundur Gylfason.

Heimildir, auk almennra uppsláttarrita og alfræðibóka:
Jean Blondel: **The Government of France,** 1974.
Alfred Cooban: **A History of Modern France, III,** 1977.
Stanley Rothman: **European Society and Politics** 1969.

Fylgiskjal IV.

VILMUNDUR GYLFASON:

Vinnuskjal fyrir þingflokksfund Alþýðuflokksins, 1980.

Lýst hefur verið hugmyndum stjórnarskrárnefndar.

Líklegar breytingar á kjördæmaskipan, ef annars konar frumkvæði kemur ekki frá Alþingi: Kjörnum alþingismönnum fjölgað um fimm, sem falli á Reykjavík og Reykjanes. Fimm uppbótarmenn, sem nú eru kosnir samkvæmt hlutfalli í kjördæmum, verði kosnir samkvæmt atkvæðatölu, og fleiri en einn uppbótarmaður megi koma frá sama flokki í sama kjördæmi.

Í okkar hópi hafa á undanförnum árum verið ræddar hugmyndir sem miða að því að styrkja mjög framkvæmdavald og breyta háttum löggjafarvalds, svo sem gert var í Frakklandi fyrir tuttugu árum. Einnig má líta til Bandaríkja Norður-Ameríku. Munurinn er þó sá, að þar er rótgróið tveggja flokka kerfi, en fjölflokkakerfi í Frakklandi.

Nú ber þess að gæta, að í útfærslu þessa kerfis er margra smárra atriða að gæta. Hér fer því aðeins mjög gróf lýsing.

Helstu einkenni eru þessi:

Ígildi forsætisráðherra (forseti, ríkisstjóri ...) er kosið beinni kosningu í tveimur umferðum. Flokkar eða hagsmunasamtök eða einstaklingar stilla upp í fyrri umferð, en í seinni umferð (viku, hálfum mánuði síðar) er kosið milli tveggja efstu manna. Forsætisráðherra skipar síðan með sér ríkisstjórn, væntanlega þannig að líkur séu á því, að hún njóti trausts þingsins. Um fjölda ráðherra, verkaskiptingu o. s. frv. verður að kveða sérstaklega á í stjórnarskrá.

Ráðherrar hafi fullt málfrelsi á þingi en ekki atkvæðisrétt.

Forsætisráðherra fengi síðan aukin völd, bæði um meðferð utanríkismála, milliríkjasamninga (samkvæmt frekari skilgreiningu) og um beitingu þjóðaratkvæðagreiðslna. Það síðast nefnda er mikilvægt, vegna þess að helsta gagnrýni á þetta fyrirkomulag er í þá veru, að landið verði óstjórnhæft ef meiri hluti löggjafarþings stendur til annarrar pólitískrar áttar en kjörinn forsætisráðherra.

Þing gæti lýst vantrausti á einstaka ráðherra, en ekki á forsætisráðherra og ekki á ríkisstjórn sem heild, enda er forsætisráðherra kjörinn til ákveðins tíma (fjögurra ára).

Forseti getur borið fram heil lagafrumvörp til samþykktar eða synjunar (sbr. Frakkland). Hann getur beitt frestandi neitunarvaldi á lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt, t. d. í átján mánuði, og hann getur efnt til þjóðaratkvæðagreiðslna, bæði um lagafrumvörp, sem hann hefur borið fram og þing synjað, og um lagafrumvörp, sem þing hefur samþykkt en hann er mótfallinn. Hann er enn fremur einráður um skipan stjórnar sinnar.

Alþingi er kosið til ákveðins tíma (fjögurra ára). Það fer með löggjafar- og fjárveitingavald sem og nákvæmlega útfært eftirlitsvald með framkvæmdavaldi. Alþingi starfar í einni málstofu og hlutverk nefnda er stóraukið. Sömu menn sitja ekki samtímis í framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi, og verði strangar hömlur settar gegn slíku. Verði þingmenn eftir sem áður ráðherrar taka varamenn þeirra við þingstörfum.

Fyrstu athugasemdir um svo róttæka breytingu hafa fyrst og fremst varðað þá hættu sem felst í því, að meiri hluti þings sé frá upphafi andstæður ríkisstjórn. Því er til að svara, að vitaskuld breytast nokkuð hugmyndir um stjórn og stjórnarandstöðu, menn verða ekki sjálfvirkir stjórnarþingmenn eða sjálfvirkir stjórnarandstæðingar í sama mæli og við hefðbundið þingræðisskipulag. Auk þess felst stjórnlist kjörins forseta og ríkisstjórnar hans í því

að stjórna með þinginu, en ekki andstætt því. Eftir sem áður er hægt að mynda samsteypustjórnir sem njóti stuðnings tveggja eða fleiri þingflokka. Forsætisráðherra getur beinlínis sótt ráðherra sína þangað. En hann getur einnig auðveldlega losað sig við slíka ráðherra, og honum er frjálst að sækja þá alfarið utan veggja þingsins.

Nd. 95. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo:

Gjaldskrár og verðtaxtar, sem settir eru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, skulu vera undir sérstöku eftirliti.

Sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skulu sérhæfa sig í uppbyggingu slíkra gjaldskráa og verðtaxta og hafa reglulegt eftirlit með þeim.

Með þeim er skylt að senda rökstudda greinargerð, þar sem á fullnægjandi hátt er gerð grein fyrir einstökum kostnaðarliðum. Enn fremur þarf að tilgreina sérstaklega þóknunar- eða álagningarhluta hverrar einstakrar verðlagningar.

Allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs að fenginni umsögn Verðlagsstofnunar.

Óheimilt er að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð.

Gjaldskrár og verðtaxtar skulu hverju sinni auglýst á þann hátt að aðgengilegt sé almenningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 104. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt.

Í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er hvergi að finna bein ákvæði er snerta meðferð Verðlagsstofnunar á gjaldskrám og verðtöxtum sem settir eru einhliða. Tilgangur þessa lagafrumvarps er að tryggja nauðsynlegt verðlagseftirlit á þeim sviðum þar sem eftirlit hefur verið lítið eða óvirkt hingað til.

Líta verður svo á að samkvæmt 2. og 4. gr. laganna geti Verðlagsstofnun haft eftirlit með einhliða settum gjaldskrám og verðtöxtum. Ætla verður einnig að það sé á þess valdi að ákveða að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi að hljóta staðfestingu verðlagsráðs, þó hvergi séu bein ákvæði um það í lögunum.

Reynslan er þó sú, að mjög er misjafnt hvað gjaldskrár og verðtaxtar, sem sett eru af ýmsum þjónustuaðilum öðrum en hinu opinbera, eru undir virku eftirliti hjá Verðlagsstofnun, og því er það mat flutningsmanna að bein ákvæði um það í lögum séu óhjákvæmileg.

Þannig má t. d. benda á að hækkanir á útseldri vinnu, svo sem byggingarmeistara, rafverktaka og málm- og skipasmiða, þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Þjónustuaðilar eins og hárgreiðslu- og hárskerameistarar þurfa einnig að sækja um hækkanir á sínum gjaldskrám og fá þær samþykktar af verðlagsráði áður en hægt er að gefa þær út. Sama gildir um fyrirtæki í einkaeign sem selja þjónustu sína, eins og efnalaugar og þvottahús. Einnig má benda á að gjaldskrá leigubifreiðarstjóra er háð ákvörðun verðlagsráðs.

Hér eru taldir upp nokkrir aðilar sem selja þjónustu sem mikið er notuð af öllum

almenningi. Eðlilegt er að gjaldskrár þeirra séu undir virku verðlagseftirliti þannig að fylgst sé með að eðlileg verðlagning sé á þessari þjónustu.

Hins vegar eru svo aðrir þjónustuaðilar sem eru undir litlu sem engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun.

Má þar nefna lögfræðinga, endurskoðendur, arkitekta, verkfræðinga og tannlækna. Erfitt er að sjá hvað réttlætir það, að gjaldskrár og verðtaxtar þessara aðila séu ekki undir svipuðu eftirliti og þurfi að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Megintilgangurinn með starfsemi Verðlagsstofnunar hlýtur að vera að vernda hag neytenda og tryggja þeim sanngjarnt og eðlilegt verð fyrir vöru og þjónustu.

Til að ná því markmiði getur þurft að velja mismunandi leiðir, eins og raunar kemur fram í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, enda ekki algilt að sama fyrirkomulag henti í öllum tilfellum til að tryggja sem hagstæðasta verðlagningu á vörum og þjónustu.

Það er þó skoðun flutningsmanna, að sá skortur, sem er á eftirliti með gjaldskrám og verðtöxtum þeirra aðila sem hér hafa verið tilgreindir, tryggi lítt þann grundvallarþátt í starfsemi Verðlagsstofnunar sem er að vernda hag neytenda.

Segja má að þeir aðilar, sem þessa þjónustu veita, fái yfirleitt óhindrað að ráðskast með hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. Neytendavernd er þar engin eða a. m. k. mjög takmörkuð.

Stundum er líka gefin út gjaldskrá, svo sem hjá tannlæknum, sem notuð er sem nokkurs konar viðmiðunargjaldskrá og er í raun lágmarksgjaldskrá. Gefur auga leið að það fyrirkomulag verndar lítt hag neytenda um sanngjarna og eðlilega verðlagningu fyrir þessa þjónustu.

Nauðsynlegt er að líta á þetta fyrirkomulag út frá ákveðinni staðreynd, þegar til þess er litið að um einhliða ákvörðun um gjaldskrá er að ræða, án íhlutunar eða eftirlits opinberra aðila um eðlilega verðmyndun.

Í 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti kemur fram sem eitt af markmiðum laganna að stuðla að sanngjarnri skiptingu þjóðartekna.

Þó um það megi deila, hvernig til hafi tekist um framkvæmd á skiptingu þjóðartekna sem í geti falist ákveðið þjóðfélagslegt réttlæti, þá má segja að varðandi veigamikinn þátt þess gildi ákveðnar leikreglur sem flestir verði að hlíta.

Bæði vinnukaupendur og vinnuþiggjendur þurfa að hlíta ákveðnum leikreglum. Þeir þurfa að komast að samkomulagi um verð fyrir vinnuframlag sem báðir aðilar sætta sig við. Hvorugur aðili hefur einhliða ákvörðunarvald í þessu efni.

Auðvitað eiga sömu leikreglur að gilda um þjónustuaðila sem selja vinnu sína samkvæmt gjaldskrá.

Það fyrirkomulag er vægast sagt óþolandi, að nokkrir aðilar fái að ráðskast með það sjálfir hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. M. ö. o. eru þeir undanþegnir leikreglunum. Ákvörðunin er einhliða á þeirra valdi, hvaða verð þeir setja upp fyrir sitt vinnuframlag.

Tilgreint skal hér dæmi. Ekki er óeðlilegt að taka það úr þjónustugrein sem almenningur þarf hvað mest að leita til af þeim aðilum sem eru undir litlu sem engu eftirliti og áður var að vikið.

Eins og allir vita er þjónusta tannlækna almennt mjög dýr.

Í samningi milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, sem gerður var 1975, kemur fram að 50% af gjaldskrárfjárhæðum svari til rekstrarkostnaðar tannlækna. Ekki skal hér lagt mat á það, hvort um sé að ræða eðlilegt hlutfall eða ekki.

Hitt er þó ljóst, að verulegur hluti af verði gjaldskrárinnar er laun tannlækna, enda renna tölur, sem fram komu á Alþingi 1980 um laun skólatannlækna, stoðum undir það.

Gjaldskrár, sem nefndar hafa verið, eru settar án þess að þurfa að hljóta samþykki þeirra sem þjónustuna kaupa — þ. e. ríkisvaldsins í umboði neytenda. Án alls opinbers eftirlits um hvað talist getur sanngjarnt og eðlilegt skammta þessir aðilar sér sinn skerf af þjóðarkökunni.

Í slíku fyrirkomulagi getur varla falist sanngjörn skipting þjóðartekna, eins og fram kemur sem markmið þeirra laga sem sett voru 1978.

Það er vægast sagt óeðlilegt, að án nokkurs eftirlits hafi nokkrir aðilar í þjóðfélaginu þá sérstöðu að geta skammtað sér laun og tekjur fyrir sína þjónustu, sem oft hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir allan almenning.

Óhætt er einnig að fullyrða að verðlagning er oft á tíðum óeðlilega há og getur varla verið í samræmi við þann tilkostnað, sem af þjónustunni leiðir, eða í samræmi við hugmyndir þorra þjóðfélagsþegnanna um eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Meðan við búum við slíkt fyrirkomulag er skylda stjórnvalda að grípa inn í með ákveðnu, virku og skipulegu eftirliti til að tryggja eðlilega verðmyndun fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrám og verðtöxtum.

Um 1. gr.

Greinin mælir fyrir um að allar gjaldskrár og verðtaxtar, sem sett eru einhliða af hinum ýmsu einkaaðilum, svo sem einstökum stéttum, þjónustuaðilum og fyrirtækjum, skuli vera undir sérstöku eftirliti.

Lagt er til að sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skuli sérhæfa sig í uppbyggingu á gjaldskrám og verðtöxtum þessara aðila. Uppbygging þeirra er mjög mismunandi eftir eðli starfseminnar. Því er nauðsynlegt að um þær fjalli starfsmenn sem kynni sér sérstaklega þann þátt, sem snýr að uppbyggingu þeirra, og þann grunn, sem þær eru reistar á, til að hægt sé á raunhæfan hátt að meta réttmæti þeirra svo eftirlit verði sem árangursríkast.

Einnig er lagt til að með gjaldskrám og verðtöxtum verði skylt að senda inn rökstudda greinargerð. Til að auðvelda allt eftirlit er það fyrirkomulag nauðsynlegt, þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir vægi einstakra kostnaðarþátta í gjaldskránni, svo sem álagningarhluta hverra einstakra verðþátta í heildarverðmynduninni.

Til að hægt sé að meta hvað réttlætir hækkanir gjaldskráa og verðtaxta er rökstudd greinargerð um hvern þátt fyrir sig í verðmynduninni mjög nauðsynleg, enda mjög afgerandi þáttur í þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Það fyrirkomulag, sem gilt hefur í sumum tilfellum, að gefnir séu út lágmarkstaxtar, er vægast sagt mjög óeðlilegt og lítt í samræmi við tilgang laganna frá 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Gjaldskrár eru oftast settar af heildarsamtökum í viðkomandi starfsgrein. Lágmarkstaxtar banna þeim, sem þjónustuna veita, að undirbjóða þá taxta, en hærri verðlagning en taxtinn segir til um er heimil.

M. ö. o. sætti þeir aðilar sig ekki við þá verðlagningu, sem stéttarfélag þeirra ákveður, er einfalt að hækka taxtann, taka meira til sín en hann segir til um. Sá, sem nota þarf þjónustuna, stendur uppi varnarlaus og á ekki annars úrkosta en greiða það sem upp er sett hverju sinni.

Því er hér lagt til að ekki sé heimilt að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð. Líta yrði því á útgefna taxta sem hámarkstaxta. Þetta fyrirkomulag tryggir mun betur að neytandinn viti hverju sinni hvers hann má vænta í kostnaði þegar hann sækir sér þjónustu sem greiðsla er krafin fyrir samkvæmt einhliða settum gjaldskrám eða verðtöxtum.

Í greininni eru einnig tekin af öll tvímæli um það, að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi samþykki verðlagsráðs. Samkvæmt því eru allar gjaldskrár og verðtaxtar háð ákvörðun verðlagsráðs — og ekki hægt að gefa þær út fyrr en samþykki verðlagsráðs liggur fyrir.

Síðasta mgr. greinarinnar kveður á um að gjaldskrárnar skuli hverju sinni auglýstar á þann hátt að aðgengilegar séu almenningi. Er nauðsynlegt að lögbinda þá skyldu til að almenningur hafi hverju sinni glöggar upplýsingar um leyfilegt verð fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrám og verðtöxtum.

Nd. 96. Frumvarp til laga [94. mál]

um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um sparisjóði og starfsemi þeirra.

Hlutverk sparisjóðs er að reka hvers konar sparisjóðsstarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í VII. kafla laga þessara.

Stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðilar, sem hér eftir nefnast sparisjóðsaðilar, bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram upphæð stofnfjárinneignar sinnar og inneignar í séreignarsjóði eða skráðra ábyrgða sinna.

Sparisjóðsaðilar hafa ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Ennfremur er eignarréttur stofnfjáreigenda háður þeim takmörkunum, sem lög þessi kveða á um.

2. gr.

Sparisjóðum er einum heimilt að reka sparisjóðsstarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað, og jafnframt er þeim óheimilt að reka annars konar starfsemi.

Sparisjóðum einum er rétt og skylt að hafa orðið „sparisjóður“ í heiti sínu. Öðrum er óheimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „sparisjóður“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur sparisjóðs sé að ræða. Að öðru leyti fer um firmu sparisjóða eftir ákvæðum firmalaga.

II. KAFLI

Stofnun sparisjóðs.

3. gr.

Stofnun sparisjóðs er háð leyfi viðskiptaráðherra. Umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, upphæð stofnfjár, starfssvæði, ef fyrirhugað er, að starfræksla verði bundin við ákveðið svæði, svo og aðrar þær upplýsingar, sem taldar eru máli skipta.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna, Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Skal sérstaklega gefa því gaum, hvort stofnun sparisjóðs sé líkleg til að vera til hagsbóta fyrir byggðarlagið og íbúa þess, og hvort stofnfé teljist í eðlilegu samræmi við væntanleg heildarviðskipti sjóðsins.

Ráðherra getur bundið leyfi til stofnunar sparisjóðs því skilyrði, að hefji sparisjóður ekki starfsemi sína innan þess tíma, sem ráðherra ákveður, falli leyfið úr gildi.

4. gr.

Stofnendur sparisjóðs geta verið sýslufélög, sveitarfélög, starfandi sparisjóðir, skráð samvinnu- og hlutafélög, stéttarfélög, félög vinnuveitenda, einstaklingar og sjálfseignarstofnanir undir opinberu eftirliti.

Stofnendur skulu vera a. m. k. 30 talsins. Sýslufélag getur þó stofnað sparisjóð eitt sér eða í samvinnu við einn eða fleiri þeirra aðila, sem taldir eru upp í 1. mgr. Hið sama gildir um sveitarfélag og samvinnufélag með starfandi innlánsdeild við gildistöku laga þessara.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir, sbr. þó 6. gr. Í samþykktum er heimilt að kveða svo á, að sparisjóðsaðilar geti allir þeir orðið, sem uppfylla tiltekin almenn skilyrði.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði, skulu stofnendur sem og aðrir sparisjóðsaðilar vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði.

5. gr.

Sparisjóð má ekki stofna með lægra stofnfé en kr. 500 000. Verði frá gildistöku laga þessara verulegar breytingar á almennu verðlagi í landinu, skal færa framangreinda lágmarksfjárhæð til sem mests samræmis við verðlag á hverjum tíma.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt bankaeftirlitið) og Tryggingarsjóðs sparisjóða að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um lágmark stofnfjár til hækkunar eða lækkunar, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 61. gr.

Sparisjóður má ekki hefja starfsemi sína fyrr en minnst helmingur stofnfjár hefur verið greiddur. Stofnfé skal greitt að fullu í síðasta lagi innan árs, eftir að starfsemi sparisjóðs hefst.

Stofnfé má aðeins greiða í reiðufé.

6. gr.

Samþykktir sparisjóðs og breytingar á þeim öðlast þá fyrst gildi, er ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Í samþykktum sparisjóðs skulu fyrst og fremst vera ákvæði, sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. Heiti sparisjóðs.
2. Heimili sparisjóðs og varnarþing.
3. Heildarupphæð stofnfjár og skiptingu í stofnfjárhluti.
4. Hvaða reglur gildi um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár.
5. Hverjir séu stofnendur sparisjóðs og hvernig stofnfé skiptist á einstaka stofnendur. Sé um að ræða sparisjóð, sem við gildistöku laga þessara er starfræktur án innborgaðs stofnfjár, skal tilgreina heildarupphæð ábyrgða og skiptingu á einstaka ábyrgðaraðila, lágmarksfjölda ábyrgðaraðila, reglur um brottfall ábyrgðar og tilkomu nýrra ábyrgðaraðila.
6. Kosningu sparisjóðsstjórnar og störf hennar.
7. Breytingu á samþykktum.
8. Slit á sparisjóðnum og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar öllum skilyrðum fyrir leyfisveitingu hefur verið fullnægt og samþykktir staðfestar, gefur ráðherra út leyfi fyrir sparisjóð, sbr. 3. gr.

III. KAFLI
Stofnfjárhlutir o. fl.

7. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum, og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn, og verða þau ekki framseld til handhafa, þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. Heiti sparisjóðs og heimilisfang.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Nafn, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreiganda.
4. Útgáfudag stofnfjárbréfs.
5. Efni 8.—10. gr. laga þessara.
6. Sérstök atriði, er varða réttindi eða skyldur stofnfjáreiganda.

8. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt, nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.

Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

9. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Við andlát stofnfjáreiganda.
2. Við eigendaskipti að stofnfjárhlut vegna slita á félagsbúi hjóna.
3. Við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. Þegar félagi eða stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða lagt niður.
2. Við gjaldþrot stofnfjáreiganda.
3. Við aðför skuldheimtumanna stofnfjáreiganda í stofnfjárhlut hans.

10. gr.

Ný synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 1. mgr. 8. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 9. gr., og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs, frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram, skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði. Skal þá stjórnin ráðstafa hlutunum að nýju svo fljótt sem auðið er á samsvarandi verði.

11. gr.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila sparisjóðs, sbr. 5. tl. 6. gr.

Í skránni skal tilgreina nafn, stöðu, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreigenda eða ábyrgðaraðila ásamt stofnfjáreign eða ábyrgðarupphæð.

Verði eigendaskipti að stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykkta eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Ennfremur skal geta eigendaskiptadags og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána, skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna.

Skrána skal ætíð geyma í skrifstofu sparisjóðs og eiga allir sparisjóðsaðilar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

12. gr.

Sparisjóður má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé.

Verði sparisjóður sjálfur eigandi að meira en 10% af stofnfé sínu vegna ákvæða 9. og 10. gr., og slíkt ástand helst lengur en 6 mánuði, skal sparisjóðsstjórn tilkynna það ráðherra, sem tekur þá ákvörðun um, hvort sjóðnum sé heimilt að starfa áfram við þessar aðstæður. Áður skal ráðherra leita umsagnar og tillagna bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Óheimilt er að taka eigin stofnfjárbréf að veði til tryggingar skuldbindingum gagnvart sparisjóðnum.

IV. KAFLI

Aukning stofnfjár.

13. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði. Aðalfundur setur reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans, að viðbættri greiðslu í séreignarsjóð að tiltölu við hlut eldri stofnfjáreigenda í sjóðnum.

14. gr.

Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram, heldur einungis ábyrgðir, getur aðalfundur ákveðið, að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. verður því aðeins gild, að ábyrgðaraðilar, sem ráða yfir minnst $^4/_5$ hlutum heildaratkvæðamagns í sparisjóði, gjaldi henni jákvæði. Verða hinir fyrri ábyrgðaraðilar þá stofnfjáreigendur í sparisjóðnum, en ábyrgðir falla niður að sama skapi. Nú fæst ábyrgðarmaður ekki til þess að leggja fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og fellur hann þá úr aðilahópi. Ef slíkur aðili er eigandi að stofnfjárhlut, og áframhaldandi óbreytt stofnfjáraðild hans samrýmist ekki ákvæðum laga þessara og samþykkt aðalfundar, skal sparisjóður innleysa stofnfjárhlutinn og fer um það eftir ákvæðum 2. mgr. 10. gr.

Stofnfé, sem innborgað er samkvæmt 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

V. KAFLI

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda.

15. gr.

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda myndast á eftirgreindan hátt:

1. Með hluta þeirra vaxta, er aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi, sbr. 39. gr.
2. Með upphæðum, sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 13. gr.

Hver stofnfjáreigandi á í hlutfalli við stofnfjáreign sína ákveðinn hlut í séreignarsjóði, og skal hlutur hans í sjóðnum sérgreindur í bókhaldi sparisjóðs.

Eigendaskipti að rétti stofnfjáreiganda yfir hlut sínum í séreignarsjóði geta ekki orðið, nema eigendaskipti verði að stofnfjárbréfi skv. III. kafla, og gilda reglur þess kafla um stofnfjárhluti jafnframt um hluti í séreignarsjóði.

Stofnfjáreigendur bera ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs með inneign sinni í séreignarsjóði á sama hátt og með upphæð stofnfjár síns.

Inneign í séreignarsjóði verður ekki greidd til stofnfjáreiganda nema við slit sparisjóðs skv. ákvæðum 61. gr.

VI. KAFLI
Stjórn sparisjóðs.

16. gr.

Æðsta stjórn sparisjóðs er í höndum aðalfundar og aukafundar. Milli funda fer stjórn sparisjóðs með yfirstjórn hans.

Aukafund skal halda, ef sparisjóðsaðilar, sem fara með minnst 1/3 hluta ábyrgðar- eða stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Skal þá sparisjóðsstjórn boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafund skal annars halda, þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

17. gr.

Aðalfundir og aukafundir skulu boðaðir í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan jafntryggilegan hátt til allra sparisjóðsaðila með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Fundur er því aðeins lögmætur, að helmingur sparisjóðsaðila hið fæsta sæki hann, enda fari þeir með a. m. k. helming atkvæðamagns. Sparisjóðsaðila er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á aðal- eða aukafundi, nema slíkt sé sérstaklega leyft í samþykktum sparisjóðs. Nú er fundur ekki lögmætur, og skal þá boða til fundar að nýju með sama hætti, og verður fundur þá lögmætur án tillits til þess, hversu margir sækja hann.

Þegar aukins meirihluta er krafist til þess að ákvörðun öðlist gildi, skal hinn aukni meirihluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 19. gr. ræður úrslitum á fundum, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Fyrir aðalfund skal leggja reikninga liðins árs og skýrslu stjórnar.

Hver sparisjóðsaðili á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum sparisjóðs, ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

18. gr.

Á aðalfundi skulu m. a. eftirgreind mál tekin fyrir:

1. Kosning sparisjóðsstjórnar, sbr. 20. gr., og endurskoðenda, sbr. 42. gr.
2. Kosning fulltrúa á aðalfund Tryggingarsjóðs sparisjóða, sbr. 52. gr.
3. Staðfesting ársreiknings og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 39. gr.
4. Bygging, kaup, sala, skipti eða veðsetning á fasteignum sparisjóðs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, enda verði þessar ráðstafanir að teljast meiri háttar miðað við eigið fé sparisjóðs. Sparisjóðsstjórn er þó eigi skylt að bera yfirtöku og sölu á fasteignum skv. 26. gr. undir aðalfund.
5. Laun stjórnarmanna. Laun endurskoðenda eru háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.
6. Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. þó lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands ásamt síðari breytingum.
7. Breytingar á samþykktum sparisjóðs.
8. Önnur mál, sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fund.

19. gr.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan atkvæðisrétt, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Öðrum sparisjóðsaðilum en sýslufélögum, sveitarfélögum og sam-

vinnufélögum með starfandi innlánsdeild við gildistöku laga þessara er þó óheimilt að fara með meira en 1/5 hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan hlut, nema ráðherra heimili annað.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 12. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum, er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur.

20. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja þrír eða fimm menn, eftir því sem ákveðið er í samþykktum. Þar sem þrír menn sitja í stjórn, kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn, en hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna einn mann. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs, tilnefna hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvo stjórnarmenn. Séu bæjar- eða sýslufélög einu sparisjóðsaðilarnir, kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir alla stjórnina. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin.

Stjórnarmenn, sem ekki eru kosnir af sparisjóðsaðilum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

21. gr.

Sparisjóðsstjórn fer með stjórn á málefnum sparisjóðs með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem greinir í lögum þessum. Stjórnin skal hafa með höndum reglubundið eftirlit með rekstri sparisjóðs og gæta þess, að reksturinn sé í hvívetna í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins.

Stjórnarfund skal boða með tryggilegum hætti. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Meðal þeirra mála, sem sparisjóðsstjórn tekur ákvörðun um, eru:

1. Útlán sparisjóðs. Lán úr sparisjóði skal aldrei veitt nema meirihluti sparisjóðsstjórnar hafi samþykkt lánveitingu, sbr. þó 22. gr. Sparisjóðsstjórn skal samþykkja lánveitingar með undirskrift undir fundargerðir, áritun á lánsskjöl eða með öðrum sannanlegum hætti.
2. Bygging, kaup, sala, skipti eða veðsetning á fasteignum sparisjóðs, sbr. þó 4. tl. 18. gr.
3. Ráðning sparisjóðsstjóra, aðalféhirðis, aðalbókara og útibússtjóra, ef sparisjóður starfrækir útibú.
4. Ákvörðun um afskriftir af eignum sparisjóðs í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.

22. gr.

Afskipti sparisjóðsstjórnar af sölu eða öðru framsali stofnfjárhlutar eru tryggð skv. 1. mgr. Með hliðsjón af, hvers eðlis stofnfjárhlutir í sparisjóði eru, og þeim hagsmunum sparisjóða að geta stjórnað eigendaskiptum, þykir ekki rétt að leyfa veðsetningu stofnfjárhlutar, jafnvel ekki með samþykki sparisjóðsstjórnar, og er því lagt til í 2. mgr. að hún verði bönnuð.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um heimild og skyldu sparisjóðs til að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði í ákveðnum tilvikum.

Samkvæmt 1. mgr. er sparisjóði heimilað að innleysa stofnfjárhlut við andlát stofnfjáreiganda og brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sparisjóðsins, svo og við eigenda-

skipti að stofnfjárhlut vegna slita á félagsbúi hjóna. Í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik, þegar sparisjóði er skylt að innleysa stofnfjárhlut.

Auk ákvæða þessarar greinar getur komið til innlausnar samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Möguleikar sparisjóðs til innlausnar takmarkast af ákvæðum 12. gr., sem leyfa ekki hærri eigin stofnfjáreign en 10% af stofnfé nema í skamman tíma, þegar um þau tilvik er að ræða, sem getur í þessari grein og 10. gr.

Um 10. gr.

Hér er lögð sú skylda á sparisjóð að hafa milligöngu um sölu stofnfjárhlutar eða innleysa hann, ef óskað er, þegar synjað hefur verið um sölu hlutarins samkvæmt 8. gr. eða heimildar til innlausnar samkvæmt 1. mgr. 9. gr. hefur ekki verið neytt. Sparisjóði er settur eins árs frestur í þessum efnum, frá því að skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn. Gæta verður ákvæða 12. gr.

Þessar reglur ættu t. a. m. að stuðla að því, að sparisjóðir beiti rétti sínum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. með gát og að ekki komi til geðþóttaákvarðana.

Í 2. mgr. eru settar reglur um ákvörðun verðs við innlausn stofnfjárhlutar. Hlutur skal innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um, að haldin skuli skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila í sparisjóði, og er í 2. mgr. getið þeirra atriða, sem greina ber í skránni.

Í 3. mgr. eru settar reglur um færslu í skrána, þegar lögmæt eigendaskipti verða að stofnfjárhlut. Nafn hins nýja eiganda skal fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, enda séu ákvæði frumvarpsins eða samþykkta sparisjóðs eigendaskiptunum ekki til fyrirstöðu. Venjulega fara eigendaskipti fram með vitund sparisjóðsstjórnar sökum þeirra takmarkana á viðskiptum með stofnfjárhluti, sem getið er í 8. gr. Þó getur komið fyrir, t. d. þegar eigendaskipti verða fyrir erfð, að sparisjóðsstjórn sé ekki kunnugt um eigendaskipti, fyrr en við tilkynningu samkvæmt reglum þessarar greinar. Ef slíkt kæmi fyrir gæti sparisjóður neytt heimildar til innlausnar, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um það, hverjir skuli eiga aðgang að skránni, og er aðgangurinn takmarkaður við sparisjóðsaðila í sparisjóði. Þau stjórnvöld, sem sérstaklega er ætlað að hafa umsjón og eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra, hafa að sjálfsögðu aðgang að skránni, sbr. lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.

Um 12. gr.

Rétti sparisjóðs til þess að eiga eigið stofnfé verður að setja þröngar skorður, enda geta kaup sparisjóðs á eigin bréfum stórlega rýrt stöðu hans. Hæfilegt þykir, að hámark eigin stofnfjáreignar verði 10% af stofnfé.

Vegna ákvæða 9. og 10. gr. um innlausn gæti borið við, að hámarksregla 1. mgr. reyndist ófullnægjandi og gæti stundum skapað vandræði, sem erfitt væri að greiða úr. Við þessu er reynt að sjá með ákvæðum 2. mgr., sem heimila ráðherra, ef slíkt ástand helst lengur en 6 mánuði, að undanþiggja sparisjóð ákvæðum um 10% hámark eigin stofnfjáreignar um tiltekinn tíma. Umsagnar og tillagna bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða skal leitað, áður en undanþágur eru veittar. Ákvörðun ráðherra skal þó ætíð við það miðuð, að meginregla 1. mgr. taki gildi á nýjan leik eins fljótt og auðið er.

IV. KAFLI

Um 13. gr.

Hér eru settar reglur um aukningu stofnfjár. Einungis aðalfundi sparisjóðs er heimilt að taka ákvörðun um aukningu. Þegar ákvörðun er tekin, ber aðalfundi jafnframt að setja

reglur um áskrift hinna nýju hluta í samræmi við ákvæði samþykkta, en samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 6. gr. skulu vera ákvæði í samþykktum um aukningu stofnfjár.

Álitamál er, hversu ítarlegar reglur eigi að hafa í frumvarpinu um aukningu stofnfjár. Má vera, að ástæða sé til að kveða nánar á um þetta, en gert er. Hér er þó látið nægja að leggja á vald og ábyrgð aðalfundar að ákveða nánari reglur um áskrift nýrra hluta. Hafa ber í huga, að í samþykktum skulu vera ákvæði um aukningu stofnfjár, eins og áður er sagt, og þar sem samþykktir skulu staðfestar af ráðherra, að fenginni umsögn bankaeftirlits og Tryggingarsjóðs sparisjóða, er unnt að tryggja, ef ástæða þykir til, að fullnægjandi og samræmd ákvæði séu í samþykktum um þetta efni. Yrði væntanlega kveðið á um öll mikilvægustu atriðin varðandi stofnfjáraukningu í samþykktum. Hins vegar myndi aðalfundur væntanlega setja reglur um þau atriði, sem tæpast er unnt að ákveða, fyrr en aukningin á að fara fram, svo sem reglur um fresti til áskriftar og greiðslu hinna nýju hluta.

Þar sem eignarréttur sparisjóðsaðila er mjög takmarkaður, þ. e. bundinn við stofnfjáreign og hlutdeild í séreignarsjóði, verður að hafa sérstakar reglur um ákvörðun útboðsverðs nýrra hluta, þar sem þess er gætt, að eldri stofnfjáreigendur og hinir nýju sitji við sama borð og tekið sé tillit til hins takmarkaða eignarréttar.

Um 14. gr.

Hér er aðalfundi í sparisjóðum, sem starfa á grundvelli ábyrgða, veitt heimild til þess að ákveða, að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé. Mjög aukinn meirihluta sparisjóðsaðila þarf til þess, að ákvörðun um þetta efni verði gild. Eðlilegt er, að gerðar séu ríkar kröfur að þessu leyti, þar sem ákvörðun um breytingu úr ábyrgðarsjóði í stofnfjársjóð eða aukningu stofnfjár felur í sér verulegar kvaðir fyrir ábyrgðarmenn. Er lagt til, að miðað verði við þann meirihluta, sem ræður minnst $^4/_5$ hlutum af heildaratkvæðamagni, til þess að ákvörðun verði gild. Þeir ábyrgðarmenn, sem ekki fást til að leggja fram stofnfé, falla úr aðilahópi. Hafi sami aðili lagt fram stofnfé og veitt ábyrgð, en fáist ekki til að leggja fram viðbótarstofnfé, getur svo farið, að stofnfjáraðild hans verði ekki samrýmd lögunum. Er þá gert ráð fyrir að innleysa skuli stofnfjárhlutinn.

V. KAFLI

Um 15. gr.

Í þessari grein er að finna almennar reglur um séreignarsjóð stofnfjáreigenda, en um tillög í sjóðinn fer eftir ákvæðum í 13. og 39. gr.

Ákvæðin um séreignarsjóð stofnfjáreigenda eru nýmæli. Þau eru tilkomin vegna verðlagsþróunar undanfarin ár. Með þeim er stefnt að því að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari en hún er nú, án þess þó að rýra eiginfjárstöðu hans.

Í þessu sambandi skal bent á, að í frumvarpinu felast ýmsar takmarkanir á viðskiptum með stofnfjárhluti, og ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslu stofnfjár nema í sambandi við slit sparisjóðs, sbr. 61. gr. Líta verður því svo á, að stofnfjáreign fylgi fjárbinding til óákveðins tíma. Jafnframt er hér um áhættufé að ræða, sbr. 2. mgr. 1. gr. Eðlilegt er því, að þeir, sem lagt hafa fram stofnfé í sparisjóði, njóti góðra ávöxtunarkjara af þessu fé.

Lagt er til, að ársvextir af stofnfé megi svara til allt að hæstu innlánsvaxta á hverjum tíma, ef rekstrarafkoma leyfir, sbr. 39. gr. Hins vegar þykir ekki rétt að veita heimild til að greiða svo háa vexti út til stofnfjáreigenda hverju sinni, heldur sé skylt að leggja vexti umfram vexti af almennum sparisjóðsbókum í séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Jafnframt geti aðalfundur ákveðið frekari takmörkun á útborgun ársvaxta. Skal hver stofnfjáreigandi eiga ákveðinn hlut í séreignarsjóði, sem sérgreindur skal bókhaldi sparisjóðs. Í séreignarsjóði skal einnig leggja þær upphæðir, sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 13. gr.

Ákvæði 3., 4. og 5. mgr., þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI

Um 16. gr.

Hér er getið þeirra aðila, sem fara með yfirstjórn sparisjóðs. Skv. 1. mgr. er æðsta stjórn sparisjóðs í höndum aðalfundar og aukafundar, og eru nánari ákvæði um fundina í 17. og 18. gr. Í gildandi lög vantar skýrar reglur um hlutverk aðal- og aukafunda í stjórnun sparisjóða, um boðun til þeirra, þau málefni, sem taka skal til úrlausnar á þeim o. fl. Engin ákvæði eru um það í gildandi lögum, hver fari með æðsta vald í málefnum sparisjóðs. Eina ákvæðið um störf aðalfundar í gildandi lögum er í 5. gr. um kosningu stjórnar. Í 19. gr. reglugerðar um sparisjóði frá 15. febrúar 1942 eru ákvæði um að ársreikning með athugasemdum endurskoðenda skuli leggja fyrir aðalfund, sem úrskurðar hann endanlega. Þrátt fyrir, að ákvæði skorti um þetta, hefur æðsta vald í framkvæmd verið í höndum aðalfundar ábyrgðarmanna. Er hér einungis verið að leggja til, að það verði lögfest, sem í reynd hefur verið tíðkað hjá sparisjóðum. Í 1. mgr. er jafnframt vikið að stjórn sparisjóðs milli funda og er svo kveðið á, að yfirstjórn sparisjóðs sé í höndum sparisjóðsstjórnar. Nánari reglur um sparisjóðsstjórn eru einkum í 20.—21. gr., og verður vikið að þeim í athugasemdum við þær greinar.

Í 2. mgr. eru settar reglur um það, hvenær haldnir skuli aukafundir. Aukafund skal halda, þegar stjórn sparisjóðs telur þess þörf. Þetta er hin almenna regla, en að auki er minnihluta sparisjóðsaðila veitt heimild til þess að krefjast aukafundar. Skal minnihluti þessi fara með minnst 1/3 hluta ábyrgðar- eða stofnfjár. Þessar reglur um aukafundi eru nýmæli.

Um hina stjórnunarlegu skipan í sparisjóðum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er það almennt að segja, að lagt er til, að gildandi skipan sé í meginatriðum haldið óbreyttri. Þessi skipan er einföld og reynsla er fengin fyrir henni. Sú reynsla er að vísu misjöfn. Hjá minni og meðalstórum sparisjóðum hafa stjórnir ekki verið eins virkar og nauðsynlegt er, en hjá hinum stærri hefur stjórnarframkvæmd verið mun traustari og sums staðar mjög góð. Á Norðurlöndum er uppbygging stjórnunar í sparisjóðum mun flóknari og viðameiri. Þar er um að ræða svokallað fulltrúaráð auk stjórnar og framkvæmdastjórnar. Ennfremur er innstæðueigendum tryggð aðild að stjórnum sparisjóðanna. Vegna fámennis og annarra sérstakra aðstæðna hérlendis verður að telja vafasamt að taka upp viðamikið og flókið stjórnkerfi í sparisjóðum, enda hafa hugmyndir um slíkt ekki fengið hljómgrunn hjá íslenskum sparisjóðamönnum. Í frumvarpinu er því leitast við að treysta það stjórnkerfi, sem fyrir er, með því að setja ítarlegri og skýrari reglur um ýmislegt það, sem skort hefur, lögfesta sumt, sem í framkvæmd hefur tíðkast, og almennt færa stjórnunarákvæðin í nútímalegra horf.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. eru settar reglur um boðun til aðal- og aukafunda sparisjóðs. Hér er um nýmæli að ræða. Slík ákvæði eru í samþykktum sumra sparisjóða. Rétt þykir að kveða á um lágmarkskröfur um þetta efni í lögum.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um gildi atkvæða á fundum í sparisjóðum. Hér er lagt til, að í þeim tilvikum, þar sem aukins meirihluta er krafist, til þess að mál nái fram að ganga, skuli hinn aukni meirihluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Aukins meirihluta er t. d. krafist til ákvörðunar um slit sparisjóðs, sbr. 60. gr. frumvarpsins. Almenna reglan er hins vegar sú, að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráði úrslitum máls.

Samkvæmt gildandi lögum skal halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Nokkur misbrestur hefur verið á því, að þetta hafi verið haldið. Hverju sem um er að kenna, er ekki óeðlilegt að lengja þann tíma, sem sparisjóðirnir hafa til þess að halda sinn aðalfund, til loka júnímánaðar ár hvert, og er það lagt til í 4. mgr. Þá er í þessari málsgrein kveðið svo á, að stjórn sparisjóðs skuli gefa aðalfundi skýrslu um störf liðins reikningsárs, sem er nýmæli í lögum, þótt í framkvæmd hafi það tíðkast, og leggja fyrir aðalfund ársreikning sama árs og

skýrslu endurskoðenda. Hliðstæð ákvæði eru nú í 19. gr. reglugerðar um sparisjóði frá 1942, en réttara er að hafa ákvæði um þetta efni í lögunum sjálfum.

Í 5. mgr. er kveðið á um rétt sparisjóðsaðila til þess að fá tiltekið mál tekið fyrir á aðal- og aukafundum.

Um 18. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, eru talin upp þau málefni, sem taka skal ákvörðun um á aðalfundi. Hér eru greind þau mál, sem mikilvægust eru fyrir starfsemi sérhvers sparisjóðs. Einstakir liðir greinarinnar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa. Þó skal fram tekið, að þar sem í 4. tl. er rætt um, að þau atriði, er þar eru rakin, verði að teljast meiriháttar miðað við eiginfjárstöðu sparisjóðs, er átt við, að þau nemi yfir 20% af eigin fé sjóðsins.

Um 19. gr.

Í gildandi lög vantar ákvæði um atkvæðisrétt í sparisjóðum. Til þess að taka af allan vafa í þeim efnum er hér lagt til, að settar verði reglur um atkvæðisrétt sparisjóðsaðila á aðal- og aukafundum. Er í 1. mgr. lagt til, að sparisjóðsaðilar hafi allir jafnan atkvæðisrétt, nema samþykktir sparisjóðs kveði á um aðra tilhögun. Jafnframt er atkvæðisréttur takmarkaður með þeim hætti, að enginn sparisjóðsaðili getur farið með meira en 1/5 hluta heildaratkvæðamagns í sparisjóði, að sýslufélögum, sveitarfélögum og samvinnufélögum með starfandi innlánsdeild undanskildum. Á þessi regla að sporna við óeðlilegu valdi einstakra fjársterkra aðila og auka áhrif hinna, sem minni getu hafa til fjárframlaga. Undantekningarnar eiga hins vegar rætur að rekja til þess, að skv. 4. gr. frumvarpsins getur sýslufélag, sveitarfélag eða samvinnufélag með starfandi innlánsdeild stofnað sparisjóð eitt sér.

Í 2. mgr. er lagt til, að sparisjóðsaðilar skuli að meginstefnu til eiga jafnan hlut. Byggist þessi regla á sömu sjónarmiðum og rakin eru hér að framan.

Í 3. mgr. er lagt til að óheimilt sé að fara með atkvæðisrétt skv. stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir óeðlilega mikið vald stjórnar.

Um 20. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal stjórn sparisjóðs skipuð þremur mönnum hið fæsta. Ekki eru reistar skorður við því, hversu margir stjórnarmenn mega vera. Í reynd hafa stjórnir sparisjóðanna verið skipaðar þremur til fimm mönnum. Hér er lagt til, að stjórnarmenn verði annaðhvort þrír eða fimm. Ráðast myndi af ákvæðum samþykkta, hvor talan yrði valin. Bæjarstjórnir og sýslunefndir á starfssvæði sparisjóðs tilnefna alltaf einn til tvo stjórnarmenn, eftir því hve fjölskipuð stjórnin er, enda þótt hlutaðeigandi bæjar- eða sýslufélög séu ekki sparisjóðsaðilar. Þykir þátttaka þessara aðila í stjórn sparisjóða hafa gefist vel. Hins vegar þykir ekki rétt, að þeir, sem eiga sæti í sparisjóðsstjórn á vegum bæjarstjórna eða sýslunefnda, hafi atkvæðisrétt á aðal- eða aukafundum sparisjóðs.

Heimilt er, en ekki skylt, að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, í stjórn sparisjóðs.

Ákvæði 3. mgr. um kjörtímabil stjórnarmanna eru að efni til hliðstæð ákvæðum gildandi laga.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um helstu verkefni sparisjóðsstjórnar. Ýmsar þær reglur, sem hér er lagt til, að lögfestar verði, eru tíðkaðar í framkvæmd. Sérstök athygli skal vakin á 1. tl. 3. mgr., sem svarar til 1. mgr. 14. gr. gildandi laga, þó með þeirri breytingu, að hér er gerð sú krafa, að stjórnarmenn skjalfesti samþykki sitt um lánveitingu, sbr. þó 22. gr.

Í 1. mgr. er það nýmæli, að sérstaklega er kveðið á um eftirlitsskyldu sparisjóðsstjórnarinnar með rekstrinum og baka þeir sér ábyrgð, ef út af er brugðið.

Um 22. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um sparisjóðsstjóra. Reglur hefur því tilfinnanlega skort um hlutverk sparisjóðsstjóra, skyldur hans, starfsskiptingu sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og annað, er varðar framkvæmdastjórn sparisjóðs. Málum hefur stundum verið þannig háttað, að í hinum minni sparisjóðum hefur einhver stjórnarmanna annast daglegan rekstur einn, enda þótt sú framkvæmd sé mjög á undanhaldi, og dæmi eru um það, að sparisjóðsstjórar hinna stærri sparisjóða séu jafnframt stjórnarmenn. Þetta fyrirkomulag er óeðlilegt. Hinu er þó ekki að leyna, að stundum hefur þetta þótt vera óhjákvæmileg lausn, einkum í fámennum byggðarlögum.

Ekki er fært að gera það að skyldu að ráða sparisjóðsstjóra. Meginstefna verður hér eftir, að sérstakur sparisjóðsstjóri verði ráðinn, er jafnframt eigi ekki sæti í stjórn sparisjóðs, enda er ekki eðlilegt, að sparisjóðsstjóri taki þátt sem stjórnarmaður í eftirliti með störfum sjálfs sín. Þá er einnig hugsanlegt, að sparisjóðsstjórar séu fleiri en einn, eins og nú er í sumum stærstu sparisjóðanna.

Í 1. mgr. er lagt til, að sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri fari sameiginlega með stjórn sparisjóðs, ef sparisjóðsstjóri hefur verið ráðinn. Jafnframt er lagt til í 2. mgr., að greint sé á milli almennrar stjórnar á málefnum sparisjóðs og stjórnun hins daglega rekstrar. Er sparisjóðsstjóra falið að annast stjórn hins daglega rekstrar og lúta í þeim efnum fyrirmælum og eftirliti sparisjóðsstjórnar. Ekki er tilgreint, hvað fellur undir daglegan rekstur. Í því efni verður að hafa hliðsjón af umfangi starfseminnar og venjum á þessu sviði. Sú almenna takmörkun er þó gerð, að ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, falla ekki undir hinn daglega rekstur.

Samkvæmt 3. mgr. skal sparisjóðsstjórn setja sparisjóðsstjóra sérstakt erindisbréf, þar sem starfssvið skal tilgreint. Erindisbréf skal gilda tiltekinn tíma, enda er heppilegt, að það sé endurskoðað með hæfilegu millibili. Tekið er fram, að ekki megi fela sparisjóðsstjóra þau verkefni, sem talin eru í 3. tl. 1. mgr. 21. gr., þ. e. ákvarðanir um afskriftir af eignum sparisjóðsins í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.

Sé ekki annað ákveðið, eru allar lánveitingar sparisjóðs háðar ákvörðunarvaldi sparisjóðsstjórnar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 21. gr. Í 4. mgr. þessarar greinar er heimilað að veita sparisjóðsstjóra ákveðið vald í þessum efnum. Getur stjórnin með samþykki aðalfundar falið sparisjóðsstjóra að taka ákvarðanir um lánveitingar og framlengingar lána án þess að leita þurfi fyrirfram samþykkis stjórnarinnar. Stjórnin skal þá setja reglur um þessa útlánaheimild og ber sparisjóðsstjóra að árita lánsskjöl til staðfestingar á útlánaákvörðun og gera skal hann stjórninni eftir á grein fyrir öllum nýjum lánveitingum. Með þessu fyrirkomulagi ætti heimild sparisjóðsstjóra að vera nægjanlega afmörkuð og stjórn sparisjóðs gert auðveldara að sinna eftirlitsskyldu þeirri, sem á henni hvílir.

Í 5. mgr. eru settar reglur um útibússtjóra. Þær reglur þarfnast ekki sérstakra skýringa, og má vísa til þess, sem að framan segir um sparisjóðsstjóra.

Um 23. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt bann við því, að sparisjóðsstjóri og útibússtjóri í fullu starfi stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Miðað er við, að gegnt sé fullu starfi, og er þannig ekki lagt bann við því, að þeir, sem gegna þessum störfum að hluta, stundi að auki sjálfstæðan atvinnurekstur. Þetta bann miðar að því að tryggja, að stjórnendur sparisjóða og útibúa þeirra, freistist ekki til þess að lána í þágu þess rekstrar, sem þeir standa fyrir. Í þeim tilvikum, þar sem sparisjóðsstjóri eða útibússtjóri, sem ekki eru í fullu starfi, stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, verður eftirlitsskylda sparisjóðsstjórnarinnar með störfum þeirra þeim mun ríkari.

Í 2. mgr. er tekið fram, að sparisjóðsstjórnin hafi með höndum daglega stjórn, ef sparisjóðsstjóri er ekki ráðinn.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um heimild til að skuldbinda sparisjóð þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VII. KAFLI

Um 24. gr.

Í þessari grein er reynt að lýsa í örfáum orðum megindráttum í starfsemi sparisjóða. Virðist þessi lýsing komast næst því sem almennt er álitið felast í hugtakinu sparisjóðsstarfsemi og þá jafnframt bankastarfsemi. Miðað við gildandi lög má segja, að skilgreining sé færð í nútímalegra horf og fremur rýmkuð.

Um 25. gr.

Í 20. gr. gildandi laga segir, að sparisjóður megi ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Í 1. mgr. þessarar greinar er um svipaða reglu að ræða. Þó er heimildin til að eiga fasteignir örlítið rýmkuð með því að miða ekki aðeins við starfsemina eins og hún er á hverjum tíma, heldur einnig við líklega aukningu hennar. Um heimild sparisjóða til að yfirtaka eignir til fullnustu kröfu er fjallað í 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. er ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að sparisjóður geti leigt út húsnæði í byggingu, sem aðallega er ætluð starfsemi hlutaðeigandi sparisjóðs.

Ákvæði gildandi laga um eignaraðild sparisjóða að öðrum fyrirtækjum og stofnunum eru ófullkomin. Aðeins er tekið fram í 20. gr., að sparisjóðir megi ekki eiga hlutabréf. Hér er lagt til í 2. mgr., að skýrari reglur verði settar um þetta og sparisjóðunum verði heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka sparisjóðsstarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er sparisjóðsstarfsemi eða er í eðlilegum tengslum við hana, og er þá t. d. höfð í huga hugsanleg aðild að reiknistofu bankanna. Eignaraðild eða þátttaka í rekstri umfram þetta er bönnuð.

Um 26. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 2. málsl. 20. gr. gildandi laga. Hér er yfirtaka leyfð án takmarkana til að tryggja fullnustu kröfu. Þetta getur t. d. orðið raunhæft, þegar sparisjóður eignast fasteign á nauðungaruppboði. Eignirnar skulu seldar strax og það telst hagkvæmt að mati sparisjóðsstjórnar, og er það hliðstætt reglum gildandi laga. Tæplega er unnt að setja sparisjóðum ákveðna fresti til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torseljanlegar.

Um 27. gr.

Ákvæði um sama efni og hér um ræðir eru í 12. gr. gildandi laga. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru þó ítarlegri og í samræmi við núverandi framkvæmd á þessu sviði hjá innlánsstofnunum. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 28. gr.

Grein þessi er nýmæli. Æskilegt er, að innlánsstofnanir leiti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxaákvörðunarvalds bankans.

Um 29. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 25. og 26. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. gildandi laga er kveðið á um, að ekki skuli framar reikna vexti af innstæðu á viðskiptabók, eftir að hún hefur staðið óhreyfð í 15 ár samfleytt, og beri þá að skora á

eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og þegar bók glatast. Ef eigandi gefur sig ekki fram, áður en tilskilinn frestur er liðinn, er bók ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Sparisjóðsstjórn er þó veitt heimild til að greiða féð, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

Með tilliti til þess, að í lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, er almennt ákvæði um fyrning á innlánsfé, sýnist ekki vera ástæða til að halda í sérákvæði sparisjóðalaganna, sem að auki er óhagstæðara innstæðueigendum en hið almenna ákvæði laga nr. 14/1905. Í 1. tl. 2. gr. síðastnefndra laga segir, að krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu, fyrnist á 20 árum. Er lagt til hér, að vísað verði til þessa ákvæðis og gildandi reglur falli niður.

Ákvæði 2. mgr. eru efnislega í samræmi við gildandi reglur í 1. mgr. 11. gr. laganna.

Um 31. gr.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru ófullkomin ákvæði um tryggingar fyrir útlánum. Nauðsynlegt er að setja reglur um atriði, sem er jafnmikilvægt fyrir rekstraröryggi sparisjóða.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til við sparisjóð, skuli teknar fullnægjandi tryggingar að mati sparisjóðsstjórnar. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veð eða ábyrgð.

A síðari árum hefur það færst í vöxt, að innlánsstofnanir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag. Einkum á þetta við um viðskiptabankana. Þessi þróun er eðlileg og æskileg. Má búast við, að slíkum vinnubrögðum verði beitt í vaxandi mæli í framtíðinni. Með hliðsjón af þessari þróun er hér lagt til, að sparisjóðum verði heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati sparisjóðsins á viðskiptaaðilanum, sem sýni að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Í slíkum tilvikum skal sparisjóður fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni sjóðsins, ef þörf krefur.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru hvorki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem sparisjóður aflar um afkomu og efnahag lántaka, né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati sparisjóðs og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar um smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðs, enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati sjóðsins um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

Um 32. gr.

Efni 1. mgr. er hliðstætt gildandi lögum eins og þeim var breytt með lögum nr. 100/1980 að öðru leyti en því, að Tryggingarsjóður sparisjóða skal ásamt bankaeftirliti samþykkja heildarupphæð ábyrgða, sem er umfram 20% af heildarinnlánum sparisjóðs.

Í 2. mgr. er haft í huga, að til þess kann að koma, að einstakir sparisjóðir taki á sig ábyrgð á tékkum reikningshafa að vissri fjárhæð. Útvegsbankinn býður nú upp á slík viðskipti. Verði ábyrgðir á tékkum teknar almennt upp hér á landi, eru sparisjóðir með ákvæðum 2. mgr. undanþegnir skilyrðum 1. mgr., ef þeir vilja gerast aðilar að slíkum ábyrgðum, en aðild þeirra er hins vegar háð samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða. Í mgr. kemur einnig fram, að sparisjóðir geta að eigin frumkvæði, án almenns samkomulags, tekið upp ábyrgð á tékkum.

Um 33. gr.

Þessi grein er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 100/1980.

Í 3. málsgr. er þó að finna nýtt ákvæði, sem gerir ráð fyrir, að hlutabréf og eignarhlutir sparisjóðs í fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 25. gr. frumvarpsins, skuli teljast til heildarskuldbindinga. Ákvæði þetta er bein afleiðing þeirrar rýmkunar sem 25. gr. frumvarpsins felur í sér frá gildandi lögum. Einnig er 5. tl. 5. mgr. nýmæli.

Með reglum þessarar greinar er verið að tryggja sem best rekstraröryggi án þess að leggja óeðlileg höft á sparisjóðina.

Um 34. gr.

Í 6. gr. gildandi laga eru reglur um bann við lántöku stjórnarmanna og starfsmanna sparisjóðs úr sjóðnum. Hér er lagt til, að nokkrar breytingar verði gerðar í þessum efnum.

Í 1. mgr. er lagt til, að stjórnarmenn sparisjóðs, sparisjóðsstjórar og útibússtjórar sparisjóðs megi ekki vera skuldugir sjóðnum, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Jafnframt er lagt til, að hið sama gildi um maka þeirra. Reglunum er m. a. ætlað að koma í veg fyrir, að þessir aðilar geti notað stöðu sína innan hlutaðeigandi sparisjóðs í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn og endurskoðendur, er lagt til í 2. mgr., að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér, að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinna hjá, eftir reglum, sem sparisjóðsstjórn setur og staðfestar skulu af aðalfundi og Tryggingarsjóði sparisjóða til aðhalds og samræmingar milli einstakra sjóða. Þegar löggiltir endurskoðendur eiga í hlut, skal gæta ákvæða laga nr. 67/1976.

Ákvæði 3. mgr. er ekki í gildandi lögum, hvorki um sparisjóði né viðskiptabanka.

Í 4. mgr., sem er nýmæli, er lagt til, að ákvæði 1. mgr. gildi ekki um skuldbindingar, sem stofnað var til, áður en hlutaðeigandi voru kjörnir eða ráðnir til starfa við sparisjóð. Hins vegar er mælt fyrir um, að slíkar skuldbindingar skuli greiða upp á hæfilegum tíma. Með þessu er verið að koma í veg fyrir óeðlilega framlengingu á áður umsömdu láni, meðan aðilar eru í tengslum við sparisjóðinn.

Um 35. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. gildandi laga. Reglan um, að a. m. k. tveir starfsmenn skuli vera viðstaddir greiðslur, er að sjálfsögðu sett í öryggisskyni. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum, að bankaeftirlitinu er heimilað að veita undanþágur frá skilyrðum greinarinnar að höfðu samráði við Tryggingarsjóð sparisjóða.

VIII. KAFLI

Um 36. gr.

Hér er fjallað um laust fé sparisjóða. Um það efni eru reglur í 16. gr. gildandi laga, og er þar m. a. mælt fyrir um, að sparisjóðir skuli eiga í sjóði, innstæðu í ríkisviðskiptabanka og í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum minnst $^1/_{10}$ af innlánsfénu. Þó megi sjóður og bankainnstæða aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Í lögum um viðskiptabankana er um svipaðar viðmiðanir að ræða. Þar eru fyrirmæli um, bæði í lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka og hina einstöku banka, sem reknir eru í formi hlutafélags, að þeir skuli eiga a. m. k. 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, og er nánar skilgreint hvers konar verðbréf geta þar komið til álita.

Um ákvæði gildandi laga um sparisjóði og reyndar ákvæði af þessu tagi yfirleitt er það að segja, að með þeim er stefnt að því, að innlánsstofnanir geti, hvenær sem er, fullnægt því að greiða innlánsfé, þegar þess er krafist, og innstæðueigendur geti þannig alltaf treyst því, að unnt sé að greiða þeim innstæður þeirra, þegar þeir þurfa á því að halda. Hinar sérstöku kröfur sparisjóðalaganna til sjóðs- og bankainnstæðu voru á sínum tíma rökstuddar með því, að erfitt væri að selja verðbréf hér á landi, enda þótt þau væru trygg. Þótti því ekki annað fært en að gera kröfur um, að sjóður og bankainnstæður næmu ákveðnu lágmarkshlutfalli af innlánsfé.

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma, og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um stöðu lauss fjár hjá innlánsstofnunum. Með hliðsjón af þessu er í frumvarpsgreininni reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé sparisjóðanna sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

Um 37. gr.

Einn mikilvægasti þáttur löggjafar um innlánsstofnanir eru lágmarkskröfur um eigið fé þeirra. Slíkar kröfur eru yfirleitt settar fram á þann veg, að eigið fé skuli að minnsta kosti jafngilda ákveðnu hlutfalli af vissum efnahagsliðum á hverjum tíma. Innan þessa ramma getur framsetning ákvæða um eigið fé verið með margvíslegum hætti.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru ákvæðin um eigið fé í 1. mgr. 13. gr. Þessi ákvæði eru þannig orðuð, að margir munu eiga erfitt með að átta sig á þeim við fyrstu sýn. Í þeim felst það, að eigið fé sparisjóðs má ekki vera minna en 4% af innlánsfé að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í innlendum bönkum, „tryggum verðbréfum“ í eigu sparisjóðsins og útlánum gegn veði í fasteign, þar sem lánið, ásamt því sem áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en $^3/_5$ fasteignamatsverðs hennar.

Ákvæði um eigið fé, sem sett eru fram á þennan veg, hafa þann stóra kost, að innlánsstofnun í örum vexti getur haldið hlutfalli eigin fjár innan tilskilinna marka með því að gæta ákveðinna greiðslutrygginga í sambandi við útlánastarfsemi sína. Í slíkum tilvikum er því ekki nauðsynlegt að bjóða út aukningu á eigin fé, þótt tekjuafgangur nægi ekki til að halda hlutfallinu í réttu horfi. Hins vegar hafa slík ákvæði þann ókost, að það krefst viðamikillar athugunar á útlánsskjölum, ef ganga á úr skugga um, hvort innlánsstofnun fullnægir kröfum laganna um eigið fé.

Vegna þeirra frádráttarheimilda, sem felast í ákvæðum gildandi sparisjóðalaga um eigið fé, verður að telja að töluvert vanti á, að 4% hlutfall eigin fjár sé fullnægjandi til að tryggja fjárhag sparisjóðanna og hagsmuni viðskiptaaðila þeirra. Útlánaáhætta er einungis einn þáttur þeirrar margvíslegu áhættu, sem fylgir rekstri sparisjóða og annarra innlánsstofnana. Þótt útlánin séu vel tryggð, er því engu að síður nauðsynlegt, að þessar stofnanir hafi yfir töluverðu eigin fjármagni að ráða.

Sá frumstofn, sem eigið fé skal miðast við samkvæmt frumvarpinu, er niðurstöðutala efnahagsreiknings. Niðurstöðutala efnahagsreiknings sýnir bókfært verð allra eignaliða og þykir sú viðmiðun rökréttari en að miða við fjárhæð innlána, sem eru liðir á skuldahlið efnahagsreiknings.

Rétt þótti að halda þeim sveigjanleika, sem felst í framsetningu ákvæða gildandi laga um eigið fé. Samkvæmt frumvarpinu má því draga ákveðnar eignir frá niðurstöðutölu efnahagsreiknings, þegar hlutfall eigin fjár er reiknað út. Bent skal á, að nú bætast í þann flokk afurðalán og framleiðslulán iðnaðar allt að 50% af nettóverði veðsettra afurða eða iðnaðarvara, sbr. 33. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpsgreininni má bókfært eigið fé sparisjóðs ekki vera lægra en svarar til 10% af framangreindri viðmiðunarfjárhæð. Hér er því um að ræða hækkun lágmarkshlutfalls úr 4% í 10%.

Vissulega mun stofnun nýs Tryggingarsjóðs sparisjóða með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, auka mjög fjárhagslegt öryggi sparisjóðsstarfseminnar. Með hliðsjón af því má varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki væri fremur ástæða til að lækka lágmarkshlutfall eigin fjár en hækka það. Í þessu sambandi verður hins vegar að leggja á það ríka áherslu, að þrátt fyrir tilkomu Tryggingarsjóðs sparisjóða, hljóta ákvæði sparisjóðalaganna um eigið fé að miðast við það, að hver og einn sparisjóður hafi yfir fullnægjandi eigin fé að ráða og sé

fjárhagslega traustur. Með skírskotun til þess, sem segir um þetta efni hér á undan, og með hliðsjón af þeim sveigjanleika, sem ákvæði frumvarpsins um eigið fé fela í sér, er víst, að 10% lágmarkshlutfall verður sparisjóðunum ekki fjötur um fót, heldur mun stuðla að frekari eflingu sparisjóðsstarfseminnar.

IX. KAFLI

Um 38. gr.

Ákvæði um, að reikningsárið skuli miðast við almanaksárið, er óbreytt frá gildandi lögum.

Ekki þykir rétt að lögfesta ítarlegar reglur um einstök atriði varðandi gerð ársreiknings, enda geta ráðandi sjónarmið í því efni tekið verulegum breytingum á skömmum tíma. Þess í stað er í 3. mgr. kveðið á um, að gerð ársreiknings fari eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, en nánari reglur um þetta efni skuli setja með reglugerð að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Tekið skal fram, að þau lög, sem fyrst og fremst koma til álita í þessu sambandi, eru almenn lög um bókhald.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um ráðstöfun tekjuafgangs. Í greininni felast mikilvæg nýmæli og önnur atriði eru nútímalegri og skýrari en í gildandi lögum.

Hafi tap orðið á rekstri sparisjóðs, skal tekjuafgangur síðari ára ganga til að jafna tapið að fullu, áður en önnur ráðstöfun tekjuafgangs getur átt sér stað. Bent skal á, að þetta ákvæði gildir, hvort sem rekstrartapið var fært á sérstakan bókhaldsreikning eða fært til lækkunar á varasjóði.

Eftir að hugsanleg töp fyrri ára hafa verið jöfnuð, er skylt að leggja helming tekjuafgangs, sem þá er eftir, í varasjóð.

Að öðru leyti en hér hefur verið talið, tekur aðalfundur ákvörðun um, hvernig ráðstöfun tekjuafgangs skuli skiptast milli greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda annars vegar og varasjóðs hins vegar. Ársvextir, sem stofnfjáreigendum reiknast, mega þó ekki vera hærri en bestu innlánskjör á hverjum tíma. Vextir, sem aðalfundur kann að ákveða, umfram vexti af almennum sparisjóðsbókum, geta ekki komið til útborgunar, heldur leggjast í séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Að öðru leyti ákveður aðalfundur, hvort vextir greiðast út eða leggjast í séreignarsjóðinn.

Í 15. gr. frumvarpsins er að finna almennar reglur um séreignarsjóð stofnfjáreigenda og er gerð nánari grein fyrir honum í athugasemdum við þá grein.

Að fengnu samþykki ráðherra getur sparisjóðsstjórn ákveðið að verja fé úr varasjóði til almenningsheilla. Svipað ákvæði er í gildandi lögum.

Vakin skal athygli á því, að samkvæmt gildandi lögum er heimilt að verja nokkru af tekjuafgangi sparisjóðs til endurgreiðslu á stofnfé, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðum. Þessa heimild er ekki að finna í frumvarpinu, enda er nú gert ráð fyrir því að stofnfé verði fastur eiginfjárgrundvöllur sparisjóðs, sem endurgreiðist einungis við slit sjóðsins.

Um 40. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um það, að auk ársreiknings skuli senda bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða skýrslu endurskoðenda og endurrit af fundargerð aðalfundar.

Um 41. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 2. mgr. skal tekið fram, að ekki þykir ástæða til að gefa fyrirmæli um það í lögum,

að ársreikninga allra sparisjóða skuli birta í Stjórnartíðindum. Hins vegar er hér gert ráð fyrir, að ráðherra geti, að fengnu áliti bankaeftirlitsins, tekið ákvörðun um, að ársreikningur sparisjóðs skuli birtur í Stjórnartíðindum.

X. KAFLI

Um 42. gr.

Samkvæmt gildandi lögum kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd tvo endurskoðunarmenn fyrir hvern sparisjóð til eins árs í senn með hlutfallskosningu.

Í 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir því, að endurskoðendur sparisjóðs verði áfram tveir. Til greina kom að áskilja, að annar endurskoðendanna væri löggiltur endurskoðandi, en rétt þótti að setja það á vald sparisjóðanna sjálfra hvaða kröfur þeir gera um menntun á sviði endurskoðunar eða reynslu í endurskoðunarstörfum. Einnig verður að ganga út frá því, að Tryggingarsjóður sparisjóða beiti áhrifum sínum í þá átt að tryggja, að raunhæf og fagleg endurskoðun sé framkvæmd hjá öllum sparisjóðum. Mjög kemur til álita að Tryggingarsjóður taki þátt í kostnaði við endurskoðun hjá minnstu sparisjóðunum, sbr. ákvæði 49. gr. Má benda á fordæmi í því efni í starfsemi „Sparebankenes sikringsfond" í Noregi.

Varðandi þá breytingu, að aðalfundur kjósi endurskoðendur í stað bæjarstjórnar eða sýslunefndar, skal á það bent, að eðlilegt er, og í samræmi við það, sem tíðkast í þessu efni á öðrum vettvangi, að sá aðili, sem fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðs, ráði vali endurskoðenda.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Hér eru sett fram sérstök hæfisskilyrði, sem eiga að tryggja, að endurskoðendur séu óháðir stjórnendum sparisjóðs.

Um 44. gr.

Í greininni eru gefin almenn fyrirmæli um framkvæmd endurskoðunar. Í greininni kemur fram, að endurskoðendur skuli fylgjast með því, að skipulag á reikningshaldi og starfsemi sparisjóðs sé í fullnægjandi horfi.

Um 45. gr.

Í þessari grein er fjallað um færslu endurskoðunarbókar og um upplýsingaskyldu endurskoðenda gagnvart bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða. Lögð er sama upplýsingaskylda á endurskoðendur gagnvart Tryggingarsjóði sparisjóða og gildir um bankaeftirlitið. Þetta þykir nauðsynlegt vegna þess mikilvæga hlutverks, sem Tryggingarsjóði er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Um 46. gr.

Hér er fjallað um áritun endurskoðenda á ársreikning og um skýrslugerð þeirra. Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að ekki þótti ástæða til að gefa fyrirmæli um skýrslugerð af hálfu endurskoðenda umfram það, sem fram kemur í greininni. Starfsemi margra sparisjóða gefur ekki tilefni til að semja endurskoðunarskýrslu, enda eiga upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar að koma fram í endurskoðunarbók.

Um 47. gr.

Nú liggja ekki fyrir aðrar reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá sparisjóðum en þau almennu atriði, sem fram koma í lögum og reglugerð um sparisjóði. Rétt þykir, að ráðherra setji nánari reglur um endurskoðun hjá sparisjóðum að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

XI. KAFLI

Um 48. gr.

Við setningu gildandi laga um sparisjóði nr. 69/1941 var settur á stofn Tryggingarsjóður sparisjóða. Hann er enn starfandi og í vörslu Seðlabanka Íslands. Árlega greiðir hver sparisjóður 2% af tekjuafgangi sínum í sjóðinn. Heildarfé í Tryggingarsjóði nam um 2,87 millj. kr. í árslok 1981.

Meginhlutverk tryggingarsjóða af þessu tagi er að koma í veg fyrir, að innstæðueigendur bíði tjón, þótt innlánsstofnun verði fyrir svo miklu fjárhagslegu áfalli, að hún geti ekki greitt skuldbindingar sínar að fullu.

Skipulag núverandi Tryggingarsjóðs sparisjóða er með þeim hætti, að hann getur ekki valdið því hlutverki, er að framan greinir. Gert er ráð fyrir því, að árleg tillög hvers sparisjóðs, ásamt vöxtum, skoðist sem séreign sparisjóðsins og færist sem eign í efnahagsreikningi hans. Þetta veldur því, að Tryggingarsjóður getur ekki veitt óafturkræft framlag til sparisjóðs, sem þarf á því að halda til að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum. Þetta er meginástæða þess, að núverandi Tryggingarsjóður hefur haft sáralítið gildi fyrir starfsemi sparisjóða.

Enginn vafi er á því, að sú samábyrgð og samvinna, sem felst í rétt skipulögðum tryggingarsjóði, er nauðsynleg ráðstöfun til að auka fjárhagslegt öryggi sparisjóðanna og treysta hagsmuni innstæðueigenda. Hafa forráðamenn sparisjóðanna lengi verið þess mjög fýsandi, að byggður yrði upp öflugur tryggingarsjóður, er gegnt gæti framangreindu hlutverki.

Þær reglur um starfsemi nýs Tryggingarsjóðs, sem fram koma í frumvarpinu, eru að nokkru sniðnar eftir reglum um hliðstæða sjóði á öðrum Norðurlöndum, einkum reglum um „Sparebankenes sikringsfond" í Noregi.

Í fyrri mgr. þessarar greinar er kveðið á um stofnun nýs Tryggingarsjóðs sparisjóða og mælt fyrir um, að núverandi Tryggingarsjóður skuli lagður niður með þeim hætti, sem segir síðar í frumvarpinu.

Í síðari mgr. er það mikilvæga skipulagslega ákvæði, að Tryggingarsjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Framlög til hans er því óheimilt að færa sem eign í efnahagsreikningi einstakra sparisjóða.

Um 49. gr.

Hér er greint frá hlutverki og starfsvettvangi Tryggingarsjóðs. Eins og vikið er að í athugasemdum við 48. gr., er meginhlutverk hans að tryggja full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs. En stjórn Tryggingarsjóðs getur ákveðið að tryggja jafnframt skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs.

Í 2. mgr. kemur fram, að hlutverk Tryggingarsjóðs skal einnig vera að stuðla almennt að eflingu sparisjóðsstarfsemi í landinu og veita sparisjóðunum ýmiss konar aðstoð. Til frekari glöggvunar í þessu efni eru stjórn Tryggingarsjóðs veittar ákveðnar heimildir til ráðstafana á þessu sviði. Sýna þær, að sjóðurinn getur með margvíslegum hætti haft mikið gildi fyrir starfsemi sparisjóðanna, ef rétt er á málum haldið.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 50. gr.

Þessi grein fjallar um framlög, sem sparisjóðirnir skulu greiða til Tryggingarsjóðs, og um ábyrgðir, sem veittar skulu við stofnun sjóðsins, svo hann geti frá upphafi gegnt meginhlutverki sínu.

Innlán hjá sparisjóðunum í árslok 1981 námu 1 054 846 þús. kr. Ábyrgðir, sem kveðið er á um í 2. mgr., 0,5% af innlánum, mundu þá nema alls 5 274 þús. kr. Þótt hér sé ekki um ýkja háa fjárhæð að ræða miðað við bókfært eigið fé sparisjóðanna allra, sem var 137 441 þús.

kr. í árslok 1981, mundi hún nægja til að auka verulega fjárhagslegt öryggi einstakra sparisjóða.

Hér við bætist svo, að samkvæmt 1. mgr. skal hver sparisjóður greiða árlegt framlag til Tryggingarsjóðs fyrstu fimm árin, sem hann starfar, er nemi minnst 0,5‰ af heildarinnlánsfé um næstu áramót á undan. Sé miðað við innlán í árslok 1981 og ofangreint lágmark yrðu framlög á fyrsta ári um 527 þús. kr. og á fyrstu fimm árum starfseminnar mundi Tryggingarsjóður fá töluvert starfsfé auk áðurnefndra ábyrgða og innstæðu í núverandi Tryggingarsjóði. Telja verður því, að sjóðurinn yrði fljótlega allvel í stakk búinn til að gegna meginhlutverki sínu og gæti þá jafnframt hafist handa um önnur verkefni, sem honum eru falin.

Að undanskilinni ofangreindri lágmarksreglu, sem gilda skal í 5 ár, fer um árlegt framlag til Tryggingarsjóðs eftir ákvörðun aðalfundar að fengnu samþykki viðskiptaráðherra. Með þessu fyrirkomulagi er að því stefnt að skapa hæfilegan sveigjanleika varðandi fjárhagslega uppbyggingu Tryggingarsjóðs. Grundvallarsjónarmið í því efni hlýtur að vera, að sjóðurinn sé ávallt það sterkur, að hann geti gegnt því meginhlutverki að tryggja kröfur innstæðueigenda. Þrátt fyrir önnur verkefni sjóðsins er svo á hinn bóginn eðlilegt, að við ákvarðanir um fjárhagslega uppbyggingu hans sé tekið tillit til þess, að sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og árleg framlög til hans færast héðan í frá til gjalda í rekstrarreikningi hvers sparisjóðs.

Í 3. mgr. er síðan kveðið á um, að hinn nýi Tryggingarsjóður taki við ávöxtun þess fjár er núverandi Tryggingarsjóður ræður yfir. Þar eð núverandi Tryggingarsjóður er séreign hvers sparisjóðs og færður til eigna í efnahagsreikningi, þykir ekki rétt að leggja hann eignalega undir hinn nýja Tryggingarsjóð heldur er lagt til, að hann verði í vörslu síðarnefnda sjóðsins og fjármagnið meðhöndlað sem lánsfé hjá honum, sem komi ekki til endurgreiðslu nema viðkomandi sparisjóður hætti störfum, sbr. XIII. kafla.

Um 51. gr.

Ekki er ástæða til að lögfesta reglur um ávöxtun fjármuna sjóðsins. Hins vegar er hér sett fram sjálfsögð almenn regla um þetta efni og kveðið á um, að nánari reglur skuli setja í samþykktir sjóðsins.

Um 52. gr.

Hér er fjallað um aðalfundi Tryggingarsjóðs. Atkvæðisréttur hvers sparisjóðs miðast við hlutdeild hans í innborguðum ársframlögum til sjóðsins síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Til þess að sporna við óeðlilegu valdi einstakra sjóða er sett sú takmörkunarregla, að hver sparisjóður má ekki fara með meira en 1/10 hluta af heildaratkvæðamagni í Tryggingarsjóðnum.

Um 53. gr.

Hér segir, að auk fjögurra stjórnarmanna, sem kjörnir eru á aðalfundi, skuli forstöðumaður bankaeftirlitsins eiga fast sæti í stjórninni.

Nauðsynlegt er, að sem nánust samvinna sé milli bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs, innan þeirra marka, sem lög heimila á hverjum tíma. Af þeim sökum verður að telja æskilegt og gagnlegt fyrir báða aðila, að forstöðumaður bankaeftirlitsins sitji í stjórn sjóðsins. Þetta fyrirkomulag er t. d. hjá „Sparebankenes sikringsfond" í Noregi og hefur reynst vel.

Um 54. gr.

Til að Tryggingarsjóður geti sem best sinnt þeim verkefnum sem honum eru falin, er nauðsynlegt, að stjórn hans fylgist vel með rekstri og fjárhag einstakra sparisjóða. Til að svo megi verða þarf stjórnin að hafa ótvíræðar heimildir til að krefjast upplýsinga frá sparisjóðum og rannsaka fjárreiður þeirra, ef þurfa þykir. Í 1. mgr. eru ákvæði um þetta efni.

Í 2. mgr. er lögð sama þagnarskylda á stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs og hvílir á starfsmönnum einstakra sparisjóða.

Um 55. og 56. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

XII. KAFLI

Um 57. gr.

Almenn ákvæði um starfsemi bankaeftirlitsins er að finna í lögum um Seðlabanka Íslands. Bæði í gildandi sparisjóðalögum og í frumvarpi þessu eru bankaeftirlitinu falin ýmis sérstök verkefni að því er sparisjóðina varðar. Af þessum sökum þótti rétt að hafa sérstaka grein um bankaeftirlitið í frumvarpinu, en ákvæði hennar þarfnast ekki frekari skýringa.

XIII. KAFLI

Um 58. gr.

Hér er fjallað um, hvernig með skuli fara, þegar hag sparisjóðs er þannig komið, að hann fullnægir ekki ákvæðum 37. gr. Ákvæði um eigið fé eru í gildandi lögum eins og áður segir, en hins vegar eru ekki sérstök ákvæði um, hvernig með skuli fara, ef í ljós kemur, að ákvæðunum er ekki fullnægt. Í 24. gr. gildandi laga eru ákvæði á þá lund, að verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til að greiða það, og stjórn sparisjóðs og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa, leggja ekki fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt það fé, sem á vantar, skuli sparisjóðsstjórn tafarlaust skýra sparisjóðseftirlitinu frá því. Komi í ljós eða sé ástæða til að ætla, að tapið, þ. m. t. væntanlegt tap á útistandandi lánum, nemi öllum varasjóði og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé, skal eftirlitið tafarlaust halda fund með sparisjóðsstjórninni og gera þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar. Verði ekki bætt úr innan hæfilegs frests, skal stöðva rekstur sjóðsins. Sé ákveðið, að sjóðurinn hætti störfum, skal það auglýst í Lögbirtingablaðinu. Síðan eru ákvæði um töku sparisjóðs til gjaldþrotaskipta, þ. á m. um skipun tveggja skiptaforstjóra. Þessi ákvæði 24. gr. gildandi laga ber að skoða í ljósi og tengslum við ákvæði gildandi laga um eigið fé, sem eru í 13. gr. þeirra. Þau ákvæði eru um margt sérstæð og er að þeim vikið í athugasemdum við 37. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessarar greinar verður þannig að skoða í ljósi hinna breyttu ákvæða, sem lagt er til í 37. gr., að tekin verði upp. Hér eru reglur um þá málsmeðferð, sem skal viðhöfð, þegar út af ákvæðum 37. gr. er brugðið, og mælt fyrir um þau úrræði, sem grípa má eða grípa skal til. Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 59. gr.

Þessi grein, sem er nýmæli, veitir ráðherra virk úrræði til að tryggja, að rekstur sparisjóðs sé í samræmi við lög og samþykktir. Ráðherra er heimilt en ekki skylt að beita þeim úrræðum, sem um er fjallað í þessari grein. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 60. gr.

Í þessari grein er fjallað um frjáls sparisjóðsslit, þ. e. a. s. þegar þau atvik liggja ekki fyrir, sem um ræðir í 58. og 59. gr., og knýja fram slit sparisjóðs. Um hliðstætt efni er fjallað í 4. mgr. 24. gr. gildandi laga, eins og þeim var breytt með lögum nr. 22/1944. Þar segir, að óski eigendur eða ábyrgðarmenn sparisjóðs á aðalfundi að leggja sjóðinn niður, án þess að um gjaldþrot sé að ræða, skuli þeir leita samþykkis þess ráðherra, er fer með bankamál.

Hér er eins og áður gert ráð fyrir, að ákvörðun um slit sparisjóðs sé á valdi fundar sparisjóðsaðila. Sú breyting er þó gerð, að þess er ekki krafist, að aðalfundur fjalli um slíka ákvörðun, heldur verði einnig heimilt að ákveða slit sparisjóðs á aukafundi.

Í greininni kemur fram, að frjáls slit geta orðið með tvennum hætti. Annars vegar getur fundur sparisjóðsaðila ákveðið það sem nefnt er full slit, og hins vegar samþykkt, að spari-

sjóður sé yfirtekinn af annarri innlánsstofnun. Í báðum tilvikum er ráðherra skylt að leita umsagnar bankaeftirlitsins, Tryggingarsjóðs sparisjóða og hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, áður en hann veitir ákvörðun samþykki sitt, og er það nýmæli.

Sérreglur gilda um sameiningu sparisjóða og sameiningu sparisjóðs og annarrar innlánsstofnunar, sbr. 63. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein.

Um 61. gr.

Hér er mælt fyrir um skiptameðferð á búi sparisjóðs. Gilda um þetta sömu reglur, hvort sem skylt er að slíta sparisjóði, sbr. 58. og 59. gr., eða um frjáls slit er að ræða, sbr. 60. gr. Ekki er gert ráð fyrir, að unnt verði að taka bú sparisjóðs til gjaldþrotaskipta eftir almennum lögum um gjaldþrotaskipti, sbr. 62. gr.

Í 24. gr. gildandi laga eru sérstakar reglur um skiptameðferðina, eftir því hvort um skyldu til slita er að ræða eða frjáls slit. Að því er vikið að nokkru í athugasemdum við 58. gr. Sé um frjáls slit að ræða, skal samkvæmt gildandi lögum kjósa á aðalfundi tvo skilanefndarmenn til þess að ljúka reikningsuppgjöri sparisjóðs. Skilanefndarmenn skulu löggiltir af ráðherra. Þeir geta gefið út innköllun til skuldheimtumanna sjóðsins, þ. m. t. innstæðueigenda. Skiptagerð skal senda sparisjóðs (banka) eftirliti. Frekari ákvæði eru ekki um störf þeirra.

Hér eru settar skýrari reglur um skiptameðferðina, sem gilda skulu bæði í þeim tilvikum, þegar skylt er að slíta sparisjóði og þegar um frjáls slit er að ræða, eins og áður segir. Ráðherra skal skipa þrjá skilanefndarmenn. Kveðið er á um, að skylt sé að birta áskorun til skuldheimtumanna sparisjóðs. Í 2. mgr. eru settar reglur um uppgjör. Þegar skuldir hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra, þ. e. a. s. stofnfé og séreignarsjóð, af eftirstöðvum eigna. Þessi ákvæði um endurgreiðslu stofnfjárins eru nýmæli, og hefur áður verið að þeim vikið, t. d. í athugasemdum við 1. og 15. gr. frumvarpsins. Í 28. gr. gildandi laga er vikið að síðasttalda atriðinu. Segir þar, að verði sparisjóður lagður niður og engin ákvæði í samþykktum hans um, hvernig fara skuli um eigur hans, geti hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum þeirra, sem síðast voru í stjórn sjóðsins, að eignunum skuli varið til almenningsþarfa. Ekki er í gildandi lögum sérstök heimild til endurgreiðslu innborgaðs stofnfjár til sparisjóðsaðila af eftirstöðvum eigna.

Um 62. gr.

Hér er mælt fyrir um, að bú sparisjóðs verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum lögum um gjaldþrotaskipti. Rekstur sparisjóða sem annarra innlánsstofnana er þess eðlis, að nauðsynlegt er talið að hafa sérstakt opinbert eftirlit með honum. Margvíslegar reglur eru settar til að tryggja sem heilbrigðastan rekstur þeirra, þ. á m. um laust fé og eigið fé. Ef út af þessum reglum er brugðið, kemur til sérstakrar málsmeðferðar og úrræða, sbr. einkum 58. og 59. gr. og 61. gr. frumvarpsins. Reglur almennrar gjaldþrotaskiptalöggjafar eiga því ekki við og væru reyndar einar sér alveg ófullnægjandi, þar sem keppa þarf að því að taka í taumana sem fyrst, áður en í algert óefni er komið í rekstri sparisjóðs, og að því stefnt með ákvæðum frumvarpsins.

XIV. KAFLI

Um 63. gr.

Ákvæði þessarar greinar um sameiningu sparisjóða eru nýmæli. Segja má, að hér sé um sérstaka tegund á slitum sparisjóðs að ræða. Ástæða þess, að rétt þykir að kveða á um þetta atriði í frumvarpinu, er sú, að slit með þessum hætti eru nokkuð sérstaks eðlis, þar sem starfsemi sparisjóðs heldur áfram, þótt hann hætti að vera til sem sjálfstæður lögaðili.

Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

XV. KAFLI

Um 64.—65. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

XVI. KAFLI

Um 66. gr.

Samkvæmt 27. gr. gildandi laga um sparisjóði skulu sparisjóðirnir undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti og útsvari. Ákvæði greinarinnar eru lítt breytt frá ákvæðum gildandi laga.

Ákvæðin víkja vitaskuld fyrir ákvæðum sérlaga er kveða á um skattskyldu sparisjóða.

Um 67. gr.

Sérstök ákvæði um þagnarskyldu eru ekki í gildandi lögum. Lagt er til hér, að úr þessu verði bætt og settar reglur um þagnarskyldu.

Um 68. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þá skyldu starfandi sparisjóða að samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna. Þykir rétt að gefa þeim tveggja ára frest til þess að koma samþykktunum í rétt horf.

Í 2. mgr. eru talin upp þau ákvæði frumvarpsins, sem ekki þykir raunhæft að láta ná til starfandi sparisjóða.

Um 69. gr.

Ekki þykir ástæða til að láta líða langan tíma, þar til lögin koma til framkvæmda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hér er veitt heimild til þess að endurmeta stofnfé í starfandi sparisjóðum innan þröngra takmarka. Kom fram ósk frá Sambandi ísl. sparisjóða um heimild af þessu tagi. Þessar reglur ná að sjálfsögðu aðeins til þeirra sparisjóða, sem nú starfa með innborguðu stofnfé, en slíkir sjóðir eru ekki margir. Endurmatsreglur þessar skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Sþ. 97. Fyrirspurn [95. mál]

til félagsmálaráðherra um bótarétt vegna eignatjóns og fjárútláta af völdum náttúruhamfara og veðurofsa.

Frá Hannesi Baldvinssyni.

1. Hver er bótaréttur þeirra sem nýverið hafa orðið fyrir stórfelldu eignatjóni og fjárútlátum af völdum veðurofsa og sjávarflóða?
2. Hvernig er unnt að bæta eignatjón og fjárútlát af völdum aurskriðufallanna á Siglufirði um miðjan ágúst s. l.?
3. Hvernig er Bjargráðasjóður í stakk búinn til að veita aðstoð í framangreindum áföllum og hversu fljótt getur hann brugðist við til aðstoðar?
4. Er unnt að hraða gildistöku laga um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands og auka við lögin ákvæðum, ef nauðsyn krefur, sem tryggja ótvíræðan bótarétt í framangreindum tjónatilfellum sem átt hafa sér stað frá því lögin voru samþykkt s. l. vor?
5. Eru óbætt tjón einstaklinga af framangreindum sökum ótvírætt frádráttarbær á skattframtölum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um langtímaáætlun um þróunarsamvinnu.

Flm.: Árni Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Þróunarsamvinnustofnun Íslands gera fimm ára áætlun um aukinn stuðning Íslendinga við þau ríki sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar verði þær, að framlög hins opinbera nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar í lok áætlunartímabilsins, jafnhliða því sem stuðlað verði að því, að frjáls framlög almennings verði 0.3% — eða aðstoðin samtals 1% af þjóðarframleiðslu. Til að ná þessu marki verði við það miðað að tvöfalda opinbert framlag á hverju ári næstu árin.

Greinargerð.

Hér á landi eru fjárframlög til þessa málaflokks langt frá því að vera sambærileg við þann stuðning sem önnur Norðurlönd veita. Það er yfirlýst markmið Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar hafa aðhyllst, að 1% þjóðarframleiðslu þróaðra þjóða renni til aðstoðar við þau lönd sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni. Þá er miðað við að opinber framlög nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar, en einkaframlög 0.3%.

Í fjárlagafrumvarpi 1983 er gert ráð fyrir að framlög til þróunarmála nemi 26 631 000 kr., sem er um 0.065% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt þessum tölum lækka framlögin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu frá því sem nú er. Flutningsmönnum er ljóst að hér á landi er við efnahagsörðugleika að etja, en þeir réttlæta ekki lækkun á þessu framlagi til þróunarlandanna.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir því, að framlög til alþjóðastofnana vegna þróunaraðstoðar hækki um 33% frá fjárlögum 1982. Nær allar þessar stofnanir nota dollara í fjárhagsáætlunum sínum, og vegna mikilla breytinga á gengi íslensku krónunnar er staðan sú, miðað við fjárlagafrumvarpið 1983, að tilkynna yrði þriðjungslækkun allra framlaga Íslands til alþjóðastofnana vegna þróunarmála. Það er m. a. álit utanríkisráðuneytisins, að slík lækkun yrði Íslendingum verulegur álitshnekkir.

Það er ekki vansalaust fyrir Íslendinga, sem hafa búið við einhver bestu kjör er um getur í heiminum, að hafa ekki ráð á því að veita snauðum þróunarlöndum nema brot af þeirri aðstoð sem aðrar þjóðir veita.

Á þessu ári er áætlað að framlögin verði 0,07% af þjóðarframleiðslu.

Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu nær samhljóða tillögu á síðasta þingi. Með þessari þingsályktunartillögu er stefnt að því tvíþætta markmiði, að Alþingi ákveði annars vegar að ná settu marki í þróunaraðstoð innan fimm ára og hins vegar að Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái tækifæri til að vinna skipulega að þessu verkefni.

Með þessari tillögu er fylgiskjal sem í eru margvíslegar upplýsingar sem utanríkisráðuneytið hefur tekið saman og sent fjárveitinganefnd vegna framlaga á fjárlögum 1983. — Þessi gögn frá utanríkisráðuneytinu segja meiri sögu en löng greinargerð.

Fylgiskjal

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
9. nóvember 1982.

Ráðuneytið leyfir sér hér með að leita atbeina hæstvirtrar fjárveitinganefndar vegna framlaga á fjárlögum 1983 er varða aðstoð Íslands við þróunarlönd.

Við frumundirbúning fjárlagafrumvarps lagði utanríkisráðuneytið fram áætlun um framlög til þróunaraðstoðar á árinu 1983 samtals að fjárhæð kr. 64 735 000, sbr. hjálagt fskj. Var þar stefnt að því, að heildarframlög Íslands til þróunarmála nemi 0.16% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Við gerð fjárlaga 1982 var átak gert til að auka framlög til þróunaraðstoðar og var það af hálfu utanríkisráðuneytisins túlkað sem fyrsta skref að því marki, að framlög hins opinbera verði 0.7% af þjóðarframleiðslu. Á árinu 1982 er áætlað að framlögin verði 0.07% af þjóðarframleiðslu, en gætu orðið 0.11%, ef með er talið 10 milljóna kr. framlag til niðurskurðar á sauðfé, sem rætt er um að gefa til Póllands og Líbanon.

Í fjárlagafrumvarpi 1983 er gert ráð fyrir að framlög **til þróunarmála nemi kr. 26 631 000, eða um 0.065 af áætlaðri þjóðarframleiðslu.** Ljóst er að þar með lækka framlög þessi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu frá því sem nú er.

Ráðuneytinu er vel ljós alvarleg staða þjóðarbúsins og að nú eru e. t. v. ekki aðstæður til að stíga stórt skref til aukningar á framlögum til þróunaraðstoðar. Hins vegar verður að telja lágmark að haldið verði í horfinu og að framlögin lækki ekki.

Verður nú gerð grein fyrir þeim framlögum sem ráðuneytið telur brýnt að hækki frá því sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi.

I. Háskóli Sameinuðu þjóðanna — jarðhitadeild.

Um þriggja ára skeið hefur starfað hér á landi deild úr Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem annast fræðslu um jarðhitaleit og jarðhitanýtingu. Hafa samtals um 15 nemendur frá þróunarlöndum hlotið þjálfun til þessa. Jarðhitaskólinn starfar á grundvelli samnings milli Orkustofnunar og Háskóla S. þ., sem fyrst tók gildi 1. mars 1979. Framlög til skólans hafa verið á fjárlögum utanríkisráðuneytisins. Samningurinn um rekstur skólans var framlengdur um 1 ár á s. l. ári og nú liggur fyrir ríkisstjórninni tillaga utanríkisráðherra um framlengingu samningsins til eins eða tveggja ára.

Sú stefnubreyting hefur orðið hjá Háskóla Sameinuðu þjóðanna, að hann er ekki lengur reiðubúinn að leggja fram hluta rekstrarútgjalda, heldur einungis fé, sem nægi til greiðslu fargjalda og dvalarkostnaðar styrkþega frá þróunarríkjum. Einnig hefur komið fram sú stefna Háskóla S. þ., að eftir árslok 1984 muni skólinn hætta greiðslu ferða- og dvalarstyrkja og láta rekstrarríkinu, þ. e. Íslandi, eftir að fjármagna jarðhitadeildina að öllu leyti, e. t. v. með stuðningi Þróunarstofnunar S. þ. eða annarra sérstofnana.

Utanríkisráðherra er þeirrar skoðunar, að forsendur fyrir rekstri jarðhitadeildarinnar hér á landi hafi verulega breyst með þessari einhliða ákvörðun háskólans og því þurfi að taka til nánari skoðunar framhald á rekstri deildarinnar. Þurfi þeirri athugun að vera lokið tímanlega áður en háskólinn áformar að hætta greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar styrkþega á árinu 1984.

Hins vegar telur utanríkisráðherra ekki fært að leggja jarðhitadeildina niður strax frá næstu áramótum eða skerða svo rekstur hennar að hún verði varla nema nafnið tómt. Slík aðgerð nú myndi valda Íslandi álitshnekki á alþjóðavettvangi, ekki síst með hliðsjón af þeirri miklu áherslu, sem á það var lögð á sínum tíma að fá deildina til Íslands.

Ósk utanríkisráðherra er því sú, að deildinni verði gert kleift að starfa á sama hátt og áður á næsta ári og það bil þá brúað af Íslendingum, sem komið er til vegna ákvörðunar háskólans. Jafnframt verði tíminn notaður til að kanna fjárhagsgrundvöll deildarinnar þegar háskólinn hættir framlögum til hennar.

Hefur málið verið lagt fyrir ríkisstjórnina og er tillaga utanríkisráðherra að ríkisstjórnin mæli með því við fjárveitinganefnd, að framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna — jarðhitadeildar verði hækkað úr kr. 1 850 000 upp í kr. 3 108 000, eða um kr. 1 258 000. Hjálagt fylgir rekstraráætlun jarðhitadeildar.

II. Framlög til alþjóðastofnana vegna þróunaraðstoðar.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að framlög til alþjóðastofnana vegna þróunaraðstoðar hækki um 33% frá fjárlögum 1982. Nær allar þessar stofnanir nota dollara í fjárlagsáætlunum sínum og eru framlög einstakra ríkja tilkynnt í dollurum. **Vegna mikilla breytinga á gengi íslenskrar krónu er staðan nú sú, miðað við fjárlagafrumvarpið, að tilkynna yrði þriðjungslækkun allra framlaga Íslands til alþjóðastofnana vegna þróunarmála. Yrði það Íslandi verulegur álitshnekkir.**

Framlög Íslands til þessara stofnana eru hlutfallslega lág og væri ástæða til að hækka þau verulega, svo sem tillögur utanríkisráðuneytisins gerðu ráð fyrir. Algjört lágmark verður að telja að framlögin haldist óbreytt í erlendri mynt frá því sem nú er. Til þess að ná því marki þurfa framlögin að hækka um kr. 1 623 100, en ef framlagið til Þróunaraðstoðar S. þ. (UNDP), sem tilkynnt er og greitt í íslenskri mynt, er tekið út úr myndinni, er nauðsynleg hækkun kr. 881 500. Hjálagt fylgir yfirlit um framlög þessi.

III. Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Með lögum nr. 43/1981 um Þróunarsamvinnustofnun Íslands var lagður nýr grundvöllur að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarríkin. Af umræðum á Alþingi undanfarin ár virðist mega ráða eindreginn stuðning við eflingu stofnunarinnar og að henni verði gert kleift að færa út kvíarnar.

Stofnunin gerði tillögur um að fjárveitingar til hennar árið 1983 næmu 25 milljónum króna. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að fjárveitingin verði 12.4 milljónir króna. Er þá við það miðað að áframhald verði á aðstoð stofnunarinnar við Cabo Verde, en ekkert svigrúm til athugana eða undirbúnings nýrra verkefna.

Minnisblað til utanríkisráðuneytis
frá Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Varðar framlag á fjárlögum 1983 til jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Þau fjögur ár, sem Jarðhitaskóli HSþ. hefur verið starfræktur hefur framlag íslenska ríkisins verið sem hér segir (upphæðir í $ miðast við gengi þann dag sem Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur verið tilkynnt framlagið, sem er venjulega í vikunni eftir að fjárlög eru samþykkt á Alþingi):

		kr.	$
Fjárveiting	1979	332 000	99 000
Fjárveiting	1980	456 000	105 556
Fjárveiting	1981	661 000	110 702
Fjárveiting	1982	1 045 000*	125 752
Fjárlagafrumvarp	1983	1 850	119 048

* Var 1 100 000 kr. eða 132 253 $ fyrir niðurskurð í mars 1982.

Árin 1979—1982 hefur Háskóli Sameinuðu þjóðanna greitt námsstyrki og erlendan ferðakostnað 6—7 nemenda árlega og auk þess veitt Jarðhitaskólanum styrki að upphæð 60 000—70 000 $ árlega til reksturs og tækjakaupa.

Eins og fram kemur í greinargerð um kostnaðaráætlun Jarðhitaskólans fyrir 1983, dags. 1982. 05.26, hefur HSþ. tilkynnt að vegna fjárhagsörðugleika og stefnubreytingar í rekstri muni HSþ. einungis greiða ferða- og dvalarkostnað styrkþega 1983 (alls 65 000 $ sem svarar til sjö styrkþega), en ekki veita neinn styrk til reksturs Jarðhitaskólans, enda mun HSþ. í framtíðinni einungis veita rekstrarstyrki til stofnana í þróunarlöndum. Því var farið fram á í tillögum Orkustofnunar að íslenska fjárveitingin 1983 hækkaði sem nemur niðurfelldum rekstrarstyrk HSþ. svo og að íslenska fjárveitingin dygði til greiðslu námsstyrkja til þriggja styrkþega frá þróunarlöndunum.

Alls var farið fram á að íslenska fjárveitingin yrði **2 614 259** kr. eða **248 974** $ miðað við gengi í maí 1982 eða **3 869 056** kr. miðað við gengi 19. september 1982. Í fjárlagafrumvarpi 1983 er gert ráð fyrir að fjárveiting til Jarðhitaskóla HSþ. nemi **1 850 000** kr. eða **119 048** $ á núverandi gengi. Þótt felldir væru niður þrír íslenskir námsstyrkir til þróunarlandanna úr tillögu Orkustofnunar er gjörsamlega vonlaust að reyna að reka Jarðhitaskólann með þessari fjárveitingu. Undanfarin ár hefur fjárveiting til Jarðhitaskólans ekki verið hækkuð vegna umsaminna launahækkana eins og títt er um ríkisstofnanir. Fjárveitingatillagan er í raun lækkun frá fjárveitingu 1982, auk þess sem ekkert tillit er tekið til að HSþ. mun fella niður 60 000 $ styrk, sem Jarðhitaskólinn hefur notið undanfarin ár. Til þess að reka megi Jarðhitaskólann 1983 með svipuðu sniði og undanfarin ár þarf íslenska fjárveitingin að nema að minnsta kosti **3 108 000** kr. eða **200 000** $.

Virðingarfyllst,
Ingvar Birgir Friðleifsson,
forstöðumaður Jarðhitaskóla HSþ.

Alþjóðastofnanir — framlög til þróunaraðstoðar.

Framlög til þróunaraðstoðar, sem tilkynnt og skráð eru í erlendri mynt hjá viðkomandi alþjóðastofnunum. (Reiknuð á gengi pr. 5.11.1982 varðandi framlög 1983, en rauntölur 1982).

03-401: Tillaga utanríkisráðuneytis		Frumvarp 1983	Framlög 1982	Lækkun	%	Lágmarksh. ísl. kr.
0111 Alþjóðabarnahjálparsjóður	USD 500 000	20 750	31 200	10 450	33.5	167 200
0112 Aðstoð við Palestínuflóttamenn	— 125 000	9 125	13 700	4 575	33.4	73 200
0113 Flóttamannastofnun S. þj.	— 187 500	28 900	43 300	14 400	33.3	230 400
0115 Matvælaáætlun S. þj.	— 112 500	13 200	19 900	6 700	33.7	107 200
0117 Ýmsir sérsjóðir, Namibía/S.-Afríka o.fl.	— 42 200	10 000	18 600	8 600	46.3	137 600
0143 Neyðarhjálparstofnun S. þj.	— 31 250	5 625	8 500	2 875	33.8	46 000
0146 Mannfjöldasjóður S. þj.	— 3 700	2 500	3 700	1 200	32.4	19 200
Dollarar samtals:	1 002 150	90 100	138 900	48 800	35.0	780 800
0128 Alþjóðaráð Rauða krossins	C HF 55 600	36 000	50 000	14 000	28.0	100 700
Svissn. frankar samtals:	55 600	36 000	50 000	14 000	28.0	100 700

Stærsta einstaka framlagið til þróunaraðstoðar, sem greitt er til alþjóðastofnunar, er framlagið til Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP, viðfangsefni 0110. Það hefur verið tilkynnt og greitt í íslenskum krónum inn á reikning UNDP hjá Seðlabanka Íslands. Ljóst er að þó að framlagið hækki um 33% milli ára, úr 3.6 milljónum í 4.8 milljónir, minnkar raungildi framlagsins fyrir UNDP vegna gengistaps. Í dollurum reiknað er framlagið til UNDP sem hér segir:

0110	Þróunaraðstoð S. þj.	USD	937 500	299 250	345 600	46 350	13.4	741 600

Framlag til Alþjóðamatvælasjóðsins, IEFR, viðfangsefni 0147, var í fyrsta sinn á fjárlögum 1982, en var ekki tilkynnt né greitt vegna niðurskurðar á ríkisútgjöldum í ársbyrjun 1982.

Niðurstaða:

1. Til að framlög 1983 til þróunaraðstoðar til alþjóðastofnana haldist óbreytt í erlendri mynt (miðað við gengisskráningu 5. nóvember 1982) er því nauðsynlegt að hækka þau samtals um **kr. 881.500.**
2. Til að framlag til Þróunaraðstoðar S. þj. (UNDP) haldist að verðgildi í dollurum, án þess að tekið sé tillit til verðhækkana erlendis, þyrfti framlagið að hækka um **kr. 741 600.**

Áætlun um framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar á árinu 1983.

Við fjárlagagerð 1982 var gert átak til aukningar framlaga Íslands til þróunarmála. Tillögur utanríkisráðuneytisins voru að stefnt yrði að því, að framlögin yrðu um 0.1% af vergri þjóðarframleiðslu. Ljóst er að framlög á þessu ári ná ekki því marki. Utanríkisráðuneytið leggur áherslu á að áfram verði haldið að auka framlög til þróunarmála þannig að því markmiði verði náð á nokkrum árum að þessi framlög nemi 1% af vergum þjóðartekjum svo sem Alþingi hefur ályktað.

Æskilegt væri að stefna að því, að framlögin árið 1983 nemi 0.2% af þjóðarframleiðslu. Með hliðsjón af afgreiðslu þessara mála á s. l. ári og aðstæðna í efnahagsmálum er þó ekki gengið svo langt í tillögum ráðuneytisins, heldur miðað við að ná hlutfallinu 0.16% á árinu 1983. Miðað við þær áætlunartölur, sem ráðuneytinu hefur tekist að afla, um að verg þjóðarframleiðsla á árinu 1983 verði rúmlega 40 milljarðar króna, er því lagt til að heildarframlög til þróunarmála verði kr. 64 735 000 sem skiptist þannig:

03-401	**Alþjóðastofnanir**	
0110	Þróunaraðstoð S. þ.	15 000 000
0111	Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	8 000 000
0112	Aðstoð við Palestínuflóttamenn	2 000 000
0113	Flóttamannastofnun S. þ.	3 000 000
0115	Matvælaáætlun S. þ.	1 800 000
0117	Namibíusjóður/S.-Afríkusjóður	500 000
0128	Alþjóðaráð Rauða krossins	400 000
0143	Neyðarhjálparstofnun S. þ.	500 000
0146	Mannfjöldasjóður S. þ.	60 000
0147	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn	200 000
03-399	**Ýmis utanríkismál**	
0101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	25 000 000
0102	Flóttamannráð Íslands	2 000 000
0106	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	2 615 000
1. gr.	**Lánahreyfingar út**	
	Alþjóðaframfarastofnunin	3 660 000
	Samtals:	64 735 000

Ed. 99. Frumvarp til laga [97. mál]

um þjóðsöng Íslendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó, Guð vors lands“, ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

2. gr.

Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar, og fer forsætisráðuneytið með umráð yfir útgáfurétti á honum.

3. gr.

Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upphaflegu gerð höfunda hans. Á það jafnt við um ljóð, laggerð, hljómsetningu og hljóðfall þjóðsöngsins.

4. gr.

Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

5. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr. Getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæðum 3. gr., þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins, ef þörf þykir.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um þjóðsöng Íslendinga hafa aldrei verið í gildi nein lagaákvæði né beinar ákvarðanir stjórnvalda. Lofsöngur Matthíasar Jochumssonar og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, „Ó, Guð vors lands“, hefur smám saman unnið sér hefð sem þjóðsöngur, og munu langflestir Íslendingar líta á hann sem þjóðartákn, hliðstætt þjóðfánanum, sem eigi megi óvirða né vanhelga.

Á lýðveldisárinu voru sett lög um þjóðfána Íslendinga, nr. 34/1944. Þykir einnig ástæða til þess að setja lög um þjóðsöng Íslendinga í líkingu við lögin um þjóðfánann, þar sem staðfest yrði, að lofsöngurinn „Ó, Guð vors lands“ sé þjóðsöngur Íslendinga og eign íslensku þjóðarinnar, og kveðið á um vernd hans gegn misnotkun.

Lofsöngurinn „Ó, Guð vors lands“ var fyrst fluttur við hátíðaguðsþjónustu í Dómkirkjunni í Reykjavík 2. ágúst 1874 í minningu þúsund ára byggðar á Íslandi. Haustið áður hafði Matthías Jochumsson verið gestur Sveinbjörns Sveinbjörnssonar í Edinborg á Skotlandi, þar sem Sveinbjörn var þá búsettur, og þar orti hann fyrsta erindi kvæðisins. Augljóst er, að

kveikjan að ljóðinu voru vers úr 90. sálmi Davíðs, sem Pétur Pétursson biskup hafði þá þegar valið sem ræðutexta við hátíðaguðsþjónustur í öllum höfuðkirkjum landsins 2. ágúst þjóðhátíðarárið. Tvö síðari erindi ljóðsins orti séra Matthías í London um veturinn, en lagið samdi Sveinbjörn í Edinborg síðla vetrar eða um vorið 1874.

Á síðustu áratugum 19. aldar og fram yfir aldamót munu flestir hafa litið á „Eldgamla Ísafold", ljóð Bjarna Thorarensens við lag enska þjóðsöngsins, sem eins konar þjóðsöng Íslendinga. Frá þessu segir Árni Thorsteinsson tónskáld í endurminningum sínum og telur, að íþróttafélög og önnur slík samtök hafi haft forgöngu um, að hér varð breyting á. En það tók langan tíma, að „Ó, Guð vors lands" ynni sér hefð sem þjóðsöngur. Um 1910 seldi tónskáldið erlendu forlagi, Wilhelm Hansen í Kaupmannahöfn, öll réttindi að laginu, og mundi það vart hafa orðið, ef það hefði þá verið almennt talið þjóðsöngur. En þótt lagið væri nú í eigu útlendinga, gróðaðist það æ dýpra í vitund þjóðarinnar sem eitt helsta tákn íslensks þjóðernis, og þótti mörgum óviðfelldið að vita það í eigu erlendra kaupsýslumanna. Tilraunir voru gerðar af hálfu stjórnvalda til að fá réttindin keypt, m. a. kringum Alþingishátíðina 1930, en forlagið reyndist ófúst að láta þau af hendi. Upp úr lýðveldisstofnuninni 1944 komst loks skriður á málið, og 9. desember 1948 afsalaði Wilhelm Hansen réttindunum í hendur menntamálaráðuneytinu. Hinn 15. ágúst 1949 keypti svo ráðuneytið réttindi að ljóðinu af erfingjum Matthíasar Jochumssonar. Síðar tók forsætisráðuneytið við réttindum að ljóði og lagi af menntamálaráðuneytinu og var eigandi þeirra, meðan höfundaréttur var í gildi, en hann rann út 31. desember 1970 að því er ljóðið varðar, en 31. desember 1977 að því er tekur til lagsins.

Telja má, að stjórnvöld hafi óbeint viðurkennt og staðfest stöðu lofsöngsins „Ó, Guð vors lands" sem þjóðsöngs í fyrsta lagi með þeim kaupum á réttindum lags og ljóðs, sem að ofan greinir, í öðru lagi með vandaðri útgáfu 1957, sem forsætisráðuneytið gaf út og ber undirtitilinn „Þjóðsöngur Íslendinga", og í þriðja lagi með minningarplötu, sem menntamálaráðuneytið lét setja árið 1974 á húsið nr. 15 við London Street í Edinborg, þar sem lagið var samið og fyrsta erindi ljóðsins var ort. Á plötunni er talað berum orðum um „Þjóðsöng Íslendinga".

Með frumvarpi þessu er leitað staðfestingar á fyrri afstöðu stjórnvalda varðandi þjóðsönginn, tekinn af allur vafi í máli, sem mestur hluti þjóðarinnar mun vera einhuga um, og kveðið á um vernd þjóðsöngsins að lögum.

Frumvarp þetta er að ósk forsætisráðherra samið af Gunnari G. Schram, prófessor, í samráði við Gauk Jörundsson, prófessor. Haft var samráð um málið við menntamálaráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra menntamálaráðuneytisins og Jón Þórarinsson, tónskáld.

Nd. 100. Frumvarp til laga [98. mál]

um breytingu á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, lögum nr. 50 frá 26. maí 1972 og lögum nr. 46 frá 12. maí 1978, um breytingu á þeim lögum.

Flm.: Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Albert Guðmundsson, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Jósef H. Þorgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Eftirlifandi maki skal undanþeginn erfðafjárskatti. Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

a) Af erfðafé, sem hverfur til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta er ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 100 þús. kr. 5%,
af næstu 100 þús. kr. 6%,
og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 10%.
Við fyrirframgreiðslu arfs til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 10%.

b) Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið a, skal svara af hverjum arfshluta:
Af fyrstu 100 þús. kr. 15%,
af næstu 100 þús. kr. 17%,
og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 25%.
Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 25%.

c) Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir staflið a eða b hér að framan, eða til fjarskyldra erfingja eða óskyldra, skal svara af hverjum arfshluta:
Af hverjum 100 þús. kr. 30%,
af næstu 100 þús. kr. 33%,
og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 3% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 45%.
Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 45%.

d) Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, skal ekki greiða erfðafjárskatt.

Afsali erfingi eða gjafþegi sér arfi eða dánargjöf, skal sá, er við afsalið fær aukinn arf, greiða af hinum aukna arfshluta þann erfðafjárskatt, er hinum hefði borið að greiða, er afsalaði sér arfi.

2. gr.

Í stað „60 000“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 5000.

3. gr.

Í stað „600 000“ í fyrri mgr. 12. gr. laganna komi: 50 000.

4. gr.

Fjárhæðir þær, sem um getur í 2. gr., 1. mgr. 6. gr. og fyrri mgr. 12. gr., skulu hækkaðar í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún var 1. jan. 1982.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra búa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra, en fram til þess tíma gilda óbreyttar fyrri reglur um álagningu erfðafjárskatts.

Greinargerð.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð;

Það er svo um fjárhæðir í lögum, að verðgildi þeirra breytist mjög ört, ef ekki er sjálfvirk viðmiðun við vísitölu eða tengsl við verðbólguþróun með öðrum hætti. Lögin um erfðafjárskatt eru frá 1978 og hefur vöxtur verðbólgunnar frá þeim tíma legið nálægt 50%. Af þeim sökum er erfðafjárskattur nú mun þyngri en löggjafinn ætlaðist til þegar umrædd lög voru sett. Frumvarp þetta hnígur að því að leiðrétta þá skekkju, sem þannig hefur myndast, og tengja lögin byggingarvísitölunni til þess að sæmilegt réttaröryggi megi verða varðandi erfðafjárskatt í framtíðinni. Þessar breytingar eru svo sjálfsagðar, að um þær þarf

ekki að hafa fleiri orð. Vilji Alþingis liggur fyrir frá árinu 1978, og ekkert hefur komið fram um það, að hann hafi breyst frá þeim tíma. Hér er því nánast um leiðréttingu að ræða.

Í frv. þessu felst það nýmæli, að eftirlifandi maki skuli undanþeginn erfðafjárskatti. Hér er vissulega brotið í blað, sem réttlætist af því, að missir maka veldur hinum eftirlifandi þungum búsifjum sem erfitt er að færa rök fyrir að geti orðið þjóðfélaginu tekjulind, — a. m. k. ef það vill kalla sig menntað eða siðfágað.

Það nýmæli er í frv. þessu, að skattprósentan er í hámarki á hverri tröppu, ef um fyrirframgreiðslu er að ræða. Það er gert til þess að auðvelda framkvæmd laganna og gera hana skýrari.

Í frumvarpinu er sú breyting, að því er slegið föstu að erfðafjárskattur verði aldrei hærri en 45% í stað 50% eins og nú er.

Þá er sú breyting að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af fé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, en samkv. núgildandi lögum er gert ráð fyrir 10% erfðafjárskatti.

Það er erfitt að meta um hversu háar fjárhæðir hér er að ræða, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu mikill erfðafjárskattur innheimtist t. d. á árinu 1981. Að beiðni flutningsmanna hefur þó verið kannað hversu háum fjárhæðum erfðafjárskatturinn nam þá við borgarfógetaembættið í Reykjavík og reyndist hann vera 9 988 450 kr. Sennilegt má telja að þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, muni lækka þessa fjárhæð um 20%.

Nú er það að vísu svo, að lögum samkvæmt á erfðafjárskattur að renna óskiptur í sérstakan sjóð, sem hefur það að markmiði að lána og veita styrki til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Reynslan hefur þó orðið sú, að ríkissjóður hefur tekið til sín verulegan hluta erfðafjárskattsins svo að hann hefur ekki komist allur til skila í erfðafjársjóð. Nauðsynlegt er í tengslum við þetta frumvarp að bæta erfðafjársjóði þann tekjumissi, sem frumvarpið felur í sér. Eðlilegt er að það verði gert við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, enda liggur raunar fyrir að nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar, hvort erfðafjársjóður hafi bolmagn til þess að standa undir skuldbindingum sínum eða hvort nauðsynlegt sé að gera frekari ráðstafanir til þess að meira fé renni til uppbyggingar á vinnuheimilum og öðrum stofnunum öryrkja en nú er.

Nd. 101. Frumvarp til laga [99. mál]

um niðurfellingu á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978 og lög nr. 18 2. maí 1980.

Flm.: Halldór Blöndal, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Lög um flugvallagjald eru numin úr gildi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Flugvallagjald var upp tekið 1. maí 1975 og var það liður í víðtækum efnahagsráðstöfunum, en samtímis var felldur niður söluskattur af fargjöldum í innanlandsflugi, en hann hafði ekki verið á fargjöldum til útlanda. Gjaldið var upphaflega nýkr. 25 fyrir millilanda-

farþega, en nýkr. 3.50 fyrir farþega í innanlandsflugi. 1. mars 1976 lækkaði gjaldið í nýkr. 15 fyrir farþega í millilandaflugi og í nýkr. 2 fyrir innanlandsfarþega og þar með mörkuð sú stefna, að þetta gjald skyldi lagt niður í áföngum, þótt svo hafi verið ákveðið á árinu 1978, að það skyldi innheimt með 100% álagi í millilandafluginu, en var áfram nýkr. 2 í innanlandsflugi.

Þáttaskil urðu í þessum efnum þegar flugvallagjaldið var hækkað í nýkr. 55 fyrir farþega í millilandaflugi, en nýkr. 4 fyrir farþega í innanlandsflugi á árinu 1979. 1980 hækkaði það upp í nýkr. 88 og nýkr. 6.50. Jafnframt var sú breyting gerð á næstsíðasta þingi, að ráðherra sé heimilt að hækka flugvallagjaldið í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar. Nú er það 200 kr. og fer í 250 kr. 1 febr. n. k. fyrir farþega í millilandaflugi, en innanlands er það 14 kr. og fer í 18 kr. 1. febr. n. k.

Með hliðsjón af verðbindingu flugvallagjaldsins er ljóst að það er stefna núverandi ríkisstjórnar, að það skuli verða viðvarandi. Það er skoðun flutningsmanna, að reynslan sýni að þetta gjald sé mjög óheppilegt, enda hefur það valdið reiði hjá erlendum ferðamönnum og bakað starfsmönnum Flugleiða hf. margvísleg óþægindi. Nýlega komu forustumenn ferðamála í landinu að máli við formenn þingflokkanna og lýstu áhyggjum sínum vegna áhrifa flugvallaskattsins á ferðamál almennt. Þeir telja að skatturinn dragi úr ferðalögum útlendinga til landsins og hamli gegn eðlilegri þróun ferðamála.

Þá ber að geta þess, að alltaf var ætlunin að skatturinn rynni til endurbóta og lagfæringa á íslenskum flugvöllum. Þessi hefur ekki orðið raunin, heldur hafa tekjur ríkissjóðs af þessum skatti farið til annarra verkefna.

Þetta gjald er mjög tilfinnanlegt fyrir fólk sem þarf mikið á flugsamgöngum að halda hér innanlands og leggst, eðli sínu samkvæmt, fyrst og fremst á þær byggðir, sem fjærst eru Reykjavík. Skyldu menn þó halda að hár flutnings- og ferðakostnaður væri ærinn baggi fyrir fólk í þessum byggðarlögum þótt til slíkra ráðstafana væri ekki gripið.

Nd. 102. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

1. tl. 74. gr. laganna orðist svo:

Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Fasteignir, sem notaðar eru til íbúðar, skulu sem skattstofn eignarskatts þó ekki hækka meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi skal eignin talin til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr., eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er. Skattstjóri skal áætla fasteignamatsverð í þessu sambandi með hliðsjón af gildandi ákvæðum um fasteignamat.

Eiganda leiguíbúðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar, en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Meðal skattskyldra eigna, sem eignarskattur er lagður á, eru íbúðir. Allar fasteignir eiga að teljast til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 28 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu, skal miða mat á fasteignum við það „gangverð, sem líklegt er, að þær mundu hafa í kaupum og sölum". Þetta ákvæði hefur leitt til þess, að í sumum sveitarfélögum hefur fasteignamatsverð íbúða hækkað mun meira en nemur hækkun launa venjulegs launafólks, þannig að skattbyrði eignarskatts þyngist stöðugt. Þessi skattbyrði er nú orðin æðimikil, þar sem greitt er 1.2% af eignarskattsstofni umfram fyrstu 150 000 kr. Leigulóðir eru einnig reiknaðar sem eign í þessu sambandi.

Sem dæmi um hækkun fasteignamats umfram laun má nefna eftirfarandi þróun í Reykjavík undanfarin fjögur ár.

Í ársbyrjun 1980 hækkaði fasteignamat í Reykjavík að meðaltali frá árinu áður um 60% á íbúðarhúsnæði og 55% á lóðum. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 45.5% og kauptaxtar launþega um 50.8%.

Í ársbyrjun 1981 hækkaði fasteignamat í Reykjavík um 50% á lóðum og 60% á íbúðarhúsnæði. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 58.5% og kauptaxtar launþega um 50.8%.

Í ársbyrjun 1982 hækkaði fasteignamat á lóðum og íbúðarhúsnæði að meðaltali um 55%. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 50.9% og kauptaxtar launþega um 49.1%.

Á þessu ári verður munurinn væntanlega meiri en nokkru sinni fyrr. Fasteignamat á lóðum er talið munu hækka um 65% og á íbúðarhúsnæði um 78% um næstu áramót. Á sama tíma er því spáð að kauptaxtar launþega muni hækka um 50% og vísitala framfærslukostnaðar um 50%.

Af þessu má sjá að á fjórum árum hefur fasteignamat íbúðarhúsnæðis og lóða hækkað mun meira í Reykjavík en almennar launatekjur. Eignarskattsbyrðin hefur því aukist að sama skapi.

Nauðsynlegt er að sporna gegn þessari þróun og því er þetta frv. flutt. Það gerir ráð fyrir að fasteignir sem eignarskattsstofn geti ekki hækkað meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu. Sú vísitala er eðlileg viðmiðun, því að hún er notuð af ríkisvaldinu í öðrum skiptum þess við skattborgarana.

Hér er að sjálfsögðu undanskilið að fasteignir hafi ekki verið teknar til mats að nýju vegna breytinga og endurbóta.

Í þessu frv. er ekki tekið á því vandamáli, sem nú fer vaxandi, en það er sá mikli munur sem er á fasteignamati íbúðarhúsa og lóða eftir hverfum innan sama sveitarfélags eða eftir sveitarfélögum vegna þess, hversu matið er mismunandi eftir ætluðu markaðsverði. Felur það í sér mikla mismunun við álagningu eignarskatts og fasteignagjalda.

Sþ. 103. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um umferðarmiðstöð á Egilsstöðum og vörudreifingarmiðstöð á Reyðarfirði.

Flm.: Sveinn Jónsson, Jón Kristjánsson, Egill Jónsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um bætt og breytt skipulag á fólks- og vöruflutningum á Austurlandi með því m. a. að komið verði á fót umferðarmiðstöð á Egilsstöðum og vörudreifingarmiðstöð á Reyðarfirði í tengslum við tollvörugeymslu.

Greinargerð.

Samgöngur milli staða og landshluta hafa löngum verið til umfjöllunar. Mikilvægi þeirra má vera augljóst þegar 10—15% ríkisútgjaldanna er varið til þeirra mála og þykir þó mörgum sem ekki sé nóg að gert og úrbóta sé víða þörf.

Um tíma hefur starfað nefnd á vegum samgönguráðuneytisins að endurskipulagningu samgangna á landinu öllu. Árangur af þessu starfi hefur þó látið á sér standa og úrbóta er þörf.

Tengsl Austurlands við aðra landshluta hafa lengst af verið á sjó, en þeim þætti er í dag um margt ábótavant.

Með vegalagningu opnaðist á sínum tíma tenging til Norðurlands, sem þó hefur einungis haldist opin 3—4 mánuði á ári hverju, og er svo enn. Einangrun fjórðungsins er þó fyrst raunverulega rofin með opnun leiðar sunnan jökla árið 1974. Þá leið er nú fluttur verulegur hluti allra nauðsynja frá höfuðborgarsvæðinu.

Einangrun Austurlands hefur þó hin síðari árin í vaxandi mæli verið brúuð með samgöngum í lofti sem hafa náð til fólks-, vöru- og póstflutninga. Þessi tengsl hafa líka styrkst innan fjórðungsins. Um Egilsstaðaflugvöll hafa samkvæmt skýrslum flugmálastjórnar farið um og yfir 40 000 farþegar á hverju ári undanfarið og völlurinn því verið meðal fjögurra fjölförnustu í innanlandsfluginu.

Á sviði vöru- og póstflutninga heldur völlurinn ótvírætt þriðja sæti með verulegu forskoti umfram aðra velli. Aðbúnaði vallarins er þó áfátt og gagngerra endurbóta er þörf.

Að mati starfsmanna vallarins eru um 60—80% farþega á leið til eða frá nágrannabyggðarlögum á fjörðum niðri. Þjónustu sérleyfishafa er um margt áfátt, t. d. engin um helgar sem stendur og um vetrartímann aðeins tengd einni flugkomu á virkum dögum þó svo að flogið sé tvisvar suma dagana. Á leiðinni Egilsstaðir-Reyðarfjörður aka svo þrír sérleyfishafar samtímis.

Yfir sumartímann hafa allir 7000—9000 Smyrilsfarþegar haft meiri eða minni viðdvöl á Egilsstöðum auk fjölda annarra ferðamanna. Þjónusta við þennan hóp hefur farið batnandi, en er þó helst áfátt samgöngulega séð.

Ferðamálaráðstefna Austurlands, haldin á Hallormsstað 28. ágúst 1980, samþykkti að skora á yfirvöld að styðja þá hugmynd að umferðarmiðstöð yrði reist á Egilsstöðum. Þeir aðilar, sem að þessum málum vinna eystra, hafa því leitað hófanna um úrbætur á þessu sviði, en ekki orðið ágengt sakir þess fjárhagslega vanda sem er því samfara að koma slíkri aðstöðu á fót. Fordæmi er fyrir þátttöku hins opinbera þar sem Umferðarmiðstöðin í Reykjavík er, og því er þessu máli nú hreyft á vettvangi Alþingis.

Austurlandsáætlun frá 1975 bendir á eðlilega meginskiptingu Austurlands í þrjú svæði með tilliti til íbúadreifingar og vegalengda: norður- og suðursvæði auk miðsvæðis, sem næði frá Héraðsflóa til Berufjarðar. Egilsstaðir hafa þar þá höfn sem þjóna mun fólksflutningum, en Reyðarfjörður er eina vöruhöfn Austurlands sem liggur miðsvæðis gagnvart töluverðu svæði og nokkrum íbúafjölda. Hún þjónar Héraði og þaðan eru um veg 15 km til Eskifjarðar, 40 km til Norðfjarðar, 58 km til Seyðisfjarðar og 100 km til Breiðdalsvíkur. Þar hefur um nokkurt skeið verið tollvörugeymsla, en takmarkanir og skipulagsleysi á vörudreifingu staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun.

Landfræðilegar aðstæður valda því, að þessir staðir, Reyðarfjörður og Egilsstaðir sameiginlega, hafa miðstöðvarhlutverki að gegna á Austurlandi og nauðsynlegt að þar fáist þær úrbætur sem verði stöðunum og svæðinu öllu til framdráttar.

Sþ. 104. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um könnun á fjárhagsstöðu láglaunafólks og lífeyrisþega.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Jón Árm. Héðinsson, Magnús H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram sérstaka könnun á fjárhagsstöðu og afkomu láglaunafólks og lífeyrisþega, þar sem m. a. verði sérstaklega könnuð áhrif myntbreytingarinnar á hag þeirra sem lægst hafa launin.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins, sem flytja þessa tillögu, vilja fá fram óyggjandi upplýsingar um kjör láglaunafólks og lífeyrisþega til að auðvelda úrbætur er miði að því að tryggja afkomu þeirra Íslendinga sem búa við lökust kjör.

Í stefnuræðu forsætisráðherra, er hann flutti þinginu og þjóðinni hinn 25. október s. l., kom fram að ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta fara fram sérstaka úttekt á fjárhagsstöðu bænda.

Flutningsmenn þessarar tillögu vilja á engan hátt gera lítið úr mikilvægi þess, að gerð verði úttekt á fjárhagsstöðu íslenskra bænda. Þeir eru hins vegar þeirrar skoðunar, að ekki sé síður brýnt að gera úttekt á fjárhagsstöðu láglaunafólks og lífeyrisþega á Íslandi. Slík úttekt mun áreiðanlega leiða ýmislegt athyglisvert í ljós og jafnframt á hún að geta verið mikilvæg leiðsögn um það, hvar brýnast sé að beita sér fyrir bættum kjörum og hvaða ráðstafanir skuli gera, þannig að tryggja megi sem best afkomu þeirra sem minnst mega sín.

Það er nú almennt viðurkennd staðreynd, að myntbreytingin varð til þess, að verð á ýmiss konar smávöru hækkaði mjög verulega frá því, sem verið hafði, og hlutfallslega margfalt meira en ýmis dýrari vara. Aldrei hefur verið kannað með neinum hætti, hve mikla kjararýrnun smávöruhækkunin hefur haft í för með sér. Æskilegt er að slík könnun fari fram.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu, að meðal láglaunafólks og lífeyrisþega á Íslandi séu kröpp kjör og fátækt almennari en margur hyggur, þrátt fyrir gnægtaþjóðfélagið. Úr því verður að bæta.

Ed. 105. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 32 23. maí 1980, breytist sem hér segir:

a. Í stað „500 000 krónum“ í 2. tölul. 1. málsgr. komi: 20 000 krónum.
b. Í stað „300 000 króna“ í 2. málsgr. komi: 12 000 króna.
c. Í stað „100 000 krónum“ í 2. málsgr. komi: 4 000 krónum.
d. Í stað „30 000 króna“ í 3. málsgr. komi: 1 200 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum er sektaheimild lögreglustjóra bundin við 3 000 krónur og sektaheimild lögreglumanna bundin við 300 krónur. Með sama hætti er heimild lögreglustjóra til að ákveða eignaupptöku vegna brota sem sektaheimild lögreglustjóra nær til bundin við 1 000 krónur og heimild dómara til að ákveða eignaupptöku ef brot er skýlaust sannað en sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur takmörkuð við 5 000 krónur.

Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1980. Er lagt til að fjárhæðir þessar verði hækkaðar vegna verðlagsbreytinga. Sektaheimildir þessar hafa gefið góða raun og létt verulega álagi af dómstólum. Er því nauðsynlegt að heimildirnar fylgi verðlagsþróun.

Ed. 106. Frumvarp til laga [104. mál]

um breytingu á lögum nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Flm.: Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er að treysta búsetu og vinna gegn röskun byggðar í sveitum landsins. Verkefni, er lúta að þessu markmiði, hafi forgang um veitingu fjár úr sjóðnum.

Heimilt er að veita styrki og lán í þeim tilgangi að

1) efla hvers konar viðleitni er leiði til hagræðingar og aukinnar framleiðni í landbúnaði,
2) auðvelda samræmdar aðgerðir til að draga úr framleiðslu- og dreifingarkostnaði búvara,
3) auðvelda landbúnaðinum að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður utanlands og innan,
4) efla nýjar búgreinar, hlunnindi og önnur þau verkefni er stuðla að fjölþættari atvinnu í sveitum landsins.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Framleiðnisjóðs skipa 5 menn er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands tilnefna hvort um sig tvo menn í stjórnina, en landbúnaðarráðherra skipar einn mann án tilnefningar, sem jafnframt er formaður.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Framleiðnisjóðs eru að

a) veita lán eða styrki úr sjóðnum,
b) gera áætlun um verkefni sjóðsins til þriggja ára í senn og greinargerð um árleg störf og reikningsskil sjóðsins,
c) láta landbúnaðarráðherra í té um hver áramót skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum.

Heimilt er stjórn Framleiðnisjóðs að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera í þeim málum.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur Framleiðnisjóðs skulu vera:

1. Fast framlag á fjárlögum er nemi 750 000 kr. er hækki árlega með hliðsjón af verðlagi.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins sem hér segir:
   a) 1/4% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu,
   b) 1/2% á annað sem gjaldskylt er.
   Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Framlag úr ríkissjóði sem nemur tvöföldu gjaldi, skv. 2. tl.
4. Aðrar tekjur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 13 24. mars 1971 og lög nr. 77 3. maí 1972.

Greinargerð.

17. desember árið 1966 voru lög um Framleiðnisjóð lögfest á Alþingi.

Samkvæmt lögunum var Framleiðnisjóðnum fengið allvíðtækt vald, þótt aðalhlutverk sjóðsins væri hins vegar og sé raunar að skipta því fjármagni milli vinnslustöðva í landbúnaði sem samkvæmt fjárlögum hverju sinni er veitt til Framleiðnisjóðsins.

Þegar jarðræktarlögunum var breytt árið 1979 með það í huga að efla nýjar búgreinar og önnur þau verkefni í sveitum landsins, er byggðinni væri styrkur að, var Framleiðnisjóðnum falið að sjá um úthlutun þess fjár sem samkvæmt framangreindum breytingum í jarðræktarlögunum átti að verja til nýrra viðfangsefna í landbúnaði.

Íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir miklum vanda, þar sem sölutregðu gætir á heföbundnum búvörum á erlendum mörkuðum. Búnaðarþing og raunar fleiri samtök í landbúnaði hafa bent á nauðsyn þess að gera skipulegt átak til uppbyggingar og eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og að forsenda þess, að slíkt geti tekist, sé að fá þar til forustu ákveðinn aðila.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er leitað nýrra leiða til stuðnings við landbúnaðinn. Allt til síðustu ára hefur með breytingum á landbúnaðarlöggjöfinni verið leitast við að ná fram stuðningi við þau viðfangsefni sem hverju sinni hafa verið talin mikilvægust til styrkingar byggð í sveitum landsins. Sú löggjöf, sem hér um ræðir, er einkum jarðræktarlögin, búfjárræktarlögin og lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Það er sameiginlegt með allri þessari löggjöf, að heimild til stuðnings við hin ýmsu viðfangsefni er ærið bundin og ekki fyrir hendi nauðsynlegt svigrúm til að færa fjármagn til sumra þeirra viðfangsefna sem brýnust eru á hverjum tíma.

Með frumvarpinu er hins vegar leitast við að skapa aukið svigrúm til að takast á við ný viðfangsefni eins og aðstæður kunna að leyfa hverju sinni.

Frumvarpið hefur einkum að markmiði:

1. Verksvið Framleiðnisjóðs er nákvæmar skilgreint og áhersla lögð á forustuhlutverk sjóðsins varðandi uppbyggingu nýrra viðfangsefna í landbúnaði.
2. Stjórn sjóðsins er að verulegu leyti færð til bændasamtakanna sjálfra og þannig tryggt að sú þekking og reynsla, sem þar er til staðar, nýtist, um leið og markviss forusta bændasamtakanna hlýtur að leiða til skjótari árangurs.
3. Framleiðnisjóðnum eru fengnir ákveðnir tekjustofnar og hann efldur frá því sem áður var.

Við ákvörðun á tekjum til Framleiðnisjóðsins er haft til hliðsjónar framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983, gjöld á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins gegn tvöföldu framlagi. Við ákvörðun þess gjalds er haft til hliðsjónar það fjármagn sem hefði átt að færa til nýrra viðfangsefna í landbúnaði á grundvelli þeirra breytinga sem gerðar voru á jarðræktarlögunum árið 1979. Sjá nánar töflu I.

Í töflu II er gerð grein fyrir tekjum Framleiðnisjóðs eins og þær yrðu samkvæmt frumvarpinu. Til enn frekari skýringa vísast til frumvarps til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins og frumvarps til laga um breytingar á jarðræktarlögum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi.

Tafla I.

Hlutfall milli framleiðendagjalds og óskerts sparnaðarfjár samkv. jarðalögum frá 1979.

Ár	Framleiðendagjald frá bændum samkv. frumvarpinu	Framlög, sem hefðu átt að fara til sérstakra viðfangsefna samkv. jarðræktarlögum frá 1979	Hlutfall
1980	2.43 millj. kr.	4.81 millj. kr.	1:2.0
1981	3.59 millj. kr.	8.32 millj. kr.	1:2.3
1982	5.50 millj. kr.	8.70 millj. kr.	1:1.6

Þriggja ára hlutfall hefur verið 1:1.97.

Tafla II.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.
samkvæmt frumvarpi 1980—1983, eins og þær hefðu orðið og áætlun fyrir 1982 og 1983.

	1980	1981	1982	1983
Framleiðendagjald frá bændum	2 425 434	3 587 889	5 500 000	8 180 000
Mótframlag frá ríkissjóði	4 850 868	7 175 779	11 000 000	16 360 000
Fast framlag	330 000	500 000	750 000	1 125 000
Alls	7 606 302	11 263 668	17 250 000	25 665 000

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir greiðslur vegna jarðræktarlaga árin 1980—1983.

	1980 millj. kr.	1981 millj. kr.	1982 millj. kr.	Áætlun 1983 millj. kr.
I. Jarðabótaframlög í fjárlögum:				
a. Samkvæmt jarðræktarlögum frá 1979 áttu framlög að vera	22.13	34.83	52.24	81.17 1)
b. Framlög samkvæmt fjárlögum voru	22.00	33.00	44.82	59.67
c. Vöntun á fjárlögum til að jarðræktarlögum frá 1979 væri fylgt	0.13	1.83	7.42	21.56
II. Reiknuð jarðabótaframlög án og með breytingum á jarðræktarlögum 1979:				
a. Framlög eins og þau hefðu orðið án breytinga á jarðræktarlögum 1979	17.32	26.51	43.54	67.49 2)
b. Framlög eins og þau urðu með skerðingu samkv. lagabreytingu 1979	17.04	23.75	40.74	63.15 2)
c. Mismunur	0.28	2.76	2.80	4.34
III. Sparnaðarfé til sérstakra viðfangsefna eins og það hefði orðið ef jarðræktarlögum frá 1979 hefði verið fylgt:				
a. Til orðið vegna skerðingarákvæða jarðræktarlaga frá 1979 (sbr. II c)	0.28	2.76	2.80	4.34
b. Til orðið vegna samdráttar í framkvæmdum (mismunur á I a og II a)	4.81	8.32	8.70	13.68
c. Sparnaðarfé átti samtals að vera	5.09	11.08	11.50	18.02
IV. Raunverulegar greiðslur til sérstakra viðfangsefna:				
a. Sparnaðarfé átti að vera (sbr. III c)	5.09	11.08	11.50	
b. Sparnaðarfé, sem var greitt	4.96	7.60	5.24	
c. Mismunur	0.13	3.48	6.26	

Allar upphæðir eru í nýkrónum (einnig 1980). Árið 1981 var grænfóðurframlag skert en hin árin ekki. Árið 1982 var öll fjárlagaupphæðin greidd og auk þess 1.32 millj. kr. aukafjárveiting.

1) Áætluð hækkun jarðabótavísitölu um 55%.

2) Áætlaðar óbreyttar framkvæmdir en jarðabótavísitala hækki um 55%.

Reykjavík, 9. nóvember 1982.

Óttar Geirsson, jarðræktarráðunautur.

Ed. 107. Frumvarp til laga [105. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

Flm.: Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna orðist svo:
Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

2. gr.

1. málsl. 10. gr. laganna orðist svo:
Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði, sem hér segir:

3. gr.

IX. tl. 10. gr. laganna (laga nr. 43/1979) falli niður.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í 12. gr. laganna (laga nr. 43/1979) falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 43 29. maí 1979.

Greinargerð.

Það frumvarp, sem hér er flutt, miðar að því að breyta jarðræktarlögunum til þess horfs sem var áður en þeim var breytt árið 1979.

Þær breytingar, sem gerðar voru á jarðræktarlögunum þá, fólu einkum í sér tvennt:

1. Heimilaðar voru skerðingar á tilteknum framlögum vegna framkvæmda í jarðrækt.
2. Sú upphæð, sem greidd var að meðaltali samkvæmt jarðræktarlögunum árin 1978 og 1979 og yrði verðtryggð, skyldi greiðast næstu fimm árin. Þannig átti að fást með samdrætti í framkvæmdum í jarðrækt og skerðingu jarðræktarframlaga fjármagn er verja átti til að efla ný viðfangsefni í landbúnaði.

Við þær breytingar, sem að framan er lýst, var leitað nokkurs samráðs við bændastéttina, þar á meðal Búnaðarþing, en meiri hluti þess féllst á breytingarnar. Óhætt er að fullyrða að sá stuðningur, sem fyrir hendi var við framangreind áform, byggðist að verulegu leyti á því, að með verðtryggingunni fengist fjármagn til stuðnings við nýjungar í landbúnaði, og þess vegna réttlætanlegt að fallast á heimildir um skerðingu á jarðræktarframlögum.

Það fjármagn, sem verðtryggingarákvæði jarðræktarlaganna hefðu átt að skila, hefur verið miðað við fjárlög og fjárlagafrumvarp fyrir árið 1983.

	1980	1981	1982	1983
Verðtryggingarfé hefði átt að verða	4.81	8.32	8.70	13.68
Verðtryggingarfé varð	4.68	4.84	2.44	0.00

Eins og hér má sjá hefur upphæð þess fjár, sem verðtrygging jarðræktarlaganna átti að gefa, farið stöðugt minnkandi og er nú svo komið, ef miðað er við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1983, að ekki vantar einungis allt það fé, heldur einnig skerðingarféð og að auki 3.48 millj. kr. svo unnt sé að standa skil á lögboðnum framlögum til bænda.

Augljóst er af því, sem að framan er greint, að þau fyrirheit, sem gefin voru árið 1979 þegar rætt var um breytingar á jarðræktarlögunum í núverandi horf og til hvers þær ættu að leiða, hafa brugðist. Þess vegna er lagt til að þær breytingar verði felldar úr lögum.

Að öðru leyti ber að meta flutning þessa frumvarps með hliðsjón af frumvarpi til laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og frumvarpi til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Í greinargerð fyrir þeim frumvörpum koma fram enn frekari skýringar máli þessu til stuðnings.

Ed. 108. Frumvarp til laga [106. mál]

um breytingu á lögum nr. 41 7. maí 1982, um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

Flm.: Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

4. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað „1/2%" í 2. tl. a komi: 1/4%.
2. Í stað „1%" í 2. tl. b komi: 1/2%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Liðlega tveir áratugir eru liðnir frá því að tekið var upp sem fastur tekjustofn til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sérstakt gjald á framleiðslu- og söluvörur landbúnaðarins með það í huga að byggja upp traustan lánasjóð til stuðnings uppbyggingu í landbúnaði.

Á þessu tímabili hafa vextir verið fremur hagstæðir og lán allt fram til ársins 1976 óverðtryggð, en það ár var tekin upp 25% verðtrygging á almennum lánum til bænda, sem hækkaði árið 1978 í 33%, og árið 1979 var verðtrygging á almennum lánum til bænda að fullu upp tekin. Þá ákvörðun leiddi af störfum nefndar sem fengið var það verkefni að fjalla um málefni Stofnlánadeildar landbúnaðarins og bændasamtökin áttu aðild að.

Með bréfi til þáverandi forsætisráðherra 14. maí 1979, um samþykkt stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins á lánakjörum deildarinnar er fólu í sér fulla verðtryggingu, var eftirfarandi bókað:

„Samþykkt þessi var gerð með þeim fyrirvara, að lögboðnir tekjustofnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins samkv. lögum nr. 68/1973 með breytingum nr. 60/1978 haldist óbreyttir."

Af hálfu ríkisvaldsins hafa þessir fyrirvarar ekki verið virtir, eins og fram kemur þegar athugaðar eru þær skerðingar á lögboðnum greiðslum ríkissjóðs til Stofnlánadeildarinnar sem orðið hafa á síðari árum.

Árið 1979 nam skerðingin	0.81 millj. kr.
Árið 1980 nam skerðingin	4.49 millj. kr.
Árið 1981 nam skerðingin	9.10 millj. kr.
Árið 1982 nam skerðingin	11.30 millj. kr.
Árið 1983 nam skerðingin	19.65 millj. kr.
Alls	45.35 millj. kr.

Samtals skortir því **45.35 millj. kr.** til að fjárveitingar til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafi verið í samræmi við lagaákvæði þar um.

Með fullri verðtryggingu á almennum lánum Stofnlánadeildarinnar til bænda og niðurskurði á fjárveitingum til hennar eru forsendur fyrir búvörugjaldi til Stofnlánadeildar landbúnaðarins í raun brostnar.

Þessi skoðun hefur meðal annars komið fram hjá bændum og samtökum þeirra. Þannig segir t. d. í greinargerð fyrir ályktun Búnaðarþings um mál nr. 57 árið 1982: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins:

„Búnaðarþing telur hins vegar ljóst að lögin verði að endurskoða og breyta þeim, þegar greiðsluskylda deildarinnar á hluta ellilauna fellur niður, og verði framleiðendagjaldið þá fellt niður eða því ráðstafað til félagssamtaka bænda eða til styrktar landbúnaðinum á annan hátt."

Með tilvísun til röksemdar Búnaðarþings er að þessu sinni lagt til að einungis helmingur búvörugjaldsins færist til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, þótt hins vegar liggi fyrir að ekkert samband var á milli álagningar þess í upphafi og þeirrar ákvörðunar, að Stofnlánadeild landbúnaðarins greiddi hluta af ellilífeyri bænda.

Til nánari skýringar er vísað til greinargerða er fylgja frumvörpum til laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins og jarðræktarlög.

Sþ. 109. Fyrirspurn [107. mál]

til iðnaðarráðherra um sveitarafvæðingu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvers vegna hefur iðnaðarráðherra ekki afgreitt tillögu Orkuráðs samkvæmt bréfi dags. 17. apríl s. l. og ítrekaða með bréfi dags. 21. október s. l., um ráðstöfun fjármagns sem ákveðið er til sveitarafvæðingar í fjárlögum fyrir árið 1982 vegna nýrra veitulagna?
2. Vill iðnaðarráðherra afgreiða tillögu Orkuráðs þegar í stað, svo að nýta megi það fjármagn sem Alþingi hefur ákveðið að ganga skuli til sveitarafvæðingar á árinu 1982?

Sþ. 110. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um rannsókn á innsiglingarleiðinni í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta fara fram ítarlega rannsókn á innsiglingunni í Höfn í Hornafirði og hafnaraðstöðu allri austur þar.

Greinargerð.

Öllum er ljóst mikilvægi góðra hafnarskilyrða í Höfn í Hornafirði og greiðrar siglingar í þá höfn. Höfn hefur um árabil verið ört vaxandi fiskvinnslu- og útgerðarstaður og nú orðið einn mikilvægasti framleiðslustaður útflutningsafurða í landinu. Við þetta bætist hið gífurlega mikilvægi hafnar í Höfn vegna hinnar víðáttumiklu hafnleysu frá Vestmannaeyjum austur til Berufjarðar, að Höfn einni undanskilinni. Lokun hafnar í Höfn yrði því meiri háttar áfall fyrir þjóðarbúið og má einskis láta ófreistað að hindra að svo verði nokkru sinni.

Nýfengin reynsla bendir þó til að mikil hætta kunni að vera á ferðinni. Í árslok 1978 urðu þær breytingar á innsiglingunni í Höfn á örskömmum tíma að hindruðu siglingu allra

stærri skipa. Allítarleg athugun var þá gerð á aðstæðum öllum af hálfu Hafnamálastofnunar og tillögur gerðar um bráðabirgðaúrræði og eins til lengri tíma. Einnig voru aðstæður kannaðar árið 1977 með aðstoð erlends sérfræðings og tillögur lagðar fram. Skemmst er frá því að segja, að af framkvæmd tillagna hefur ekkert orðið, ef frá er talin dýpkun innsiglingar í janúar 1979. Við svo búið má ekki standa miðað við mikilvægi þessarar lífhafnar, og því er þessi tillaga flutt.

Sþ. 111. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um framhaldsrannsóknir á Ilmenitmagni í Húnavatnssýslum, eiginleikum þess og vinnsluhæfni.

Flm.: Ingólfur Guðnason, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram frekari rannsóknir á þeim Ilmenitsvæðum, sem þekkt eru í Húnavatnssýslum, og leita nýrra svæða þar sem titanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.

Skal rannsóknin beinast að magni titans og annarra verðmætra efna í berginu og vinnsluhæfni þeirra.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal fylgja frumáætlun um arðsemi, vinnslu, mannaflaþörf, fjárfestingarkostnað, markaðshorfur svo og önnur atriði sem rannsóknaraðilar telja máli skipta.

Greinargerð.

Vitað er um nokkra staði í Húnavatnssýslum þar sem Ilmenit er að finna, en Ilmenit er titansteind ($TiFeO_3$) sem er helsta titanhráefnið í heiminum sem unnið er nú.

Ilmenitið er unnið bæði úr bergi og sandi og er það aðallega í basísku djúpbergi (gabbróí).

Þeir staðir, sem nú eru þekktir í Húnavatnssýslum þar sem Ilmenit er að finna, eru Steinsvað í Víðidalsá, Urðarfell upp af Melrakkadal í Víðidal, Hólar og Skessusæti austan og norðan í Víðidalsfjalli, Deildarhjalli í Vatnsdalsfjalli og fleiri staðir. (Sjá fskj.).

Þær takmörkuðu rannsóknir, sem fram hafa farið á þessum stöðum, benda til þess, að þar geti verið um mikið magn af basísku bergi að ræða, og hafa frumrannsóknir sýnt athyglisvert magn af titani, auk málmsteinda, í berginu.

Árið 1978 var gefin út könnunarskýrsla Iðnþróunarstofnunar Íslands og Orkustofnunar um íslenskt Ilmenit.

Fram kemur í skýrslunni að þótt hlutfall titans og annarra verðmætra efna í íslensku Ilmeniti sé e. t. v. lágt miðað við það sem best gerist erlendis, þá sé tekið til vinnslu berg með sífellt minna innihaldi verðmætra efna með hverju árinu sem líður, þar sem auðugustu námurnar eru nýttar fyrst og verið er að taka til vinnslu námur sem ekki þóttu vinnsluhæfar áður. Dæmi: Kopargrýti 1942 1.1%, 1977 0,65%, 2000 (áætl.) 0.03%.

Þá virðast rannsóknir sýna að á Íslandi sé titanauðugt berg í allmiklum mæli á hverjum stað, einnig virðist kornastærð, aukaefni, harka bergsins o. fl., sem máli skiptir varðandi vinnsluhæfni, hagstætt íslenska Ilmenitinu.

Með tilkomu nálægrar orkuvinnslu (Blönduvirkjunar), með tilliti til nálægðar tveggja þéttbýlisstaða, Hvammstanga og Blönduóss, og hafnaraðstöðu þar svo og með tilliti til þéttbýlla sveita í næsta nágrenni virðast ýmis skilyrði vera fyrir hendi til framkvæmda og framleiðslu ef þær rannsóknir, sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að fram fari, leiða í ljós að hagkvæmt sé að hefja vinnslu titans og annarra verðmætra efna á þeim stöðum sem þingsályktunartillagan fjallar um.

Það er að sjálfsögðu ástæðulaust að benda sérstaklega á mismun þess að vinna dýrmæt hráefni til iðnaðarframleiðslu úr íslenskri jörð eða flytja hráefnið e. t. v. um hálfan hnöttinn hingað til vinnslu eins og gert er.

Þar sem nokkur vitneskja er þegar fyrir hendi um verðmæt efni í jörðu hér á landi, eins og að framan greinir, ber okkur að bæta við þá vitneskju með frekari rannsóknum, svo við vitum hvar við stöndum í þessum efnum, og vinna að verðmætasköpun með íslenskum höndum, úr íslenskri jörð og með íslenskri orku, ef eða þegar hagkvæmt þykir. Það er með þessi grundvallaratriði í huga sem flm. flytja þessa þingsályktunartillögu og vonast til að hún njóti skilnings og fyrirgreiðslu Alþingis.

Fylgiskjal.



Sþ. 112. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðrik Sophusson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Karlsson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Steinþór Gestsson, Tryggvi Gunnarsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims og ekki síst kjarnorkuveldin sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum, sem leitt geti til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela utanríkismálanefnd að láta gera úttekt á þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um sameiginlega stefnu í þessum málum.

Greinargerð.

Meiri samstaða ríkir nú en oft áður um stefnuna í öryggismálum Íslands. Grunnþættir hennar eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin. Hugmyndir hafa komið fram um aukna þátttöku Íslands í eigin vörnum innan þessa ramma og eru umræður um þær alkunnar. Á öryggismálum eru tvær hliðar, ef þannig má að orði komast: annars vegar sú er lýtur að því að tryggja öryggið með varnarviðbúnaði og hins vegar sú er lýtur að afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Til marks um það, hve þessir þættir eru nátengdir, er ákvörðun utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins frá 12. desember 1979 um endurnýjun á meðallangdrægum kjarnorkuherafla á vegum bandalagsins í Evrópu og að teknar verði upp viðræður um niðurskurð slíkra vopna í álfunni.

Á Alþingi hafa á undanförnum áratugum komið fram ýmsar tillögur um afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar. Það er einkenni þessara tillagna, að rökstuðningur fyrir þeim byggist fremur á óskhyggju en raunsæju mati á vænlegum leiðum. Flestar bera tillögurnar þess og merki, að þær eru af erlendum uppruna og taka ekki beinlínis mið af innlendu mati og íslenskum öryggishagsmunum. Allir eru sammála um það, að varhugavert sé að láta óskhyggju ráða ferðinni í umræðum um stríð og frið. Eftir því sem innlend þekking á herfræðilegum þáttum hefur aukist hefur samstaða um stefnu þjóðarinnar í öryggismálum vaxið. Æskilegt er að sama þróun verði í afstöðunni til afvopnunarmála. Á því sviði þurfa að liggja fyrir skýrir og þaulhugsaðir kostir.

Friðarumræðurnar, sem sett hafa verulegan svip á stjórnmálalíf á Vesturlöndum undanfarin misseri, snúast í raun um það, með hvaða hætti á að takmarka vígbúnað og skera niður vopnakerfi. Um þessi mál er rætt hvarvetna þar sem stjórnmálamenn og stjórnarerindrekar hittast á alþjóðavettvangi. Íslendingar hafa lítið sem ekkert látið að sér kveða á þessu sviði, enda lítið verið stuðlað að mótun sameiginlegrar stefnu í þessum málum. Venjulega láta Íslendingar sér nægja að benda á það, að þeir séu vopnlaus þjóð og meiri afvopnunarsinna sé ekki unnt að finna. Svo einfaldar röksemdir duga ekki lengur, hvorki í umræðum innanlands né utan. Það þarf að móta markvissa og samræmda stefnu Íslands í

afvopnunarmálum þar sem tekið er mið að íslenskum hagsmunum. Forsenda þess, að slík stefna verði mótuð, er sú alhliða úttekt sem hér er hvatt til að gerð verði.

Það vekur athygli, þegar lesið er erindisbréf Öryggismálanefndar sem skipuð var á grundvelli samkomulags milli Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks haustið 1978, að þar er hvergi vikið beint að afvopnunarmálum þótt nefndinni sé að vísu falið að fjalla um „hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi". Afvopnunarmál spanna miklu víðtækara svið en þetta, eins og fram kom til dæmis á aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á liðnu sumri og til umræðu hefur verið á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Í hvorugu tilviki hafa Íslendingar kynnt hugmyndir um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar sem byggðar eru á þeirra eigin mati og niðurstöðum. Íslendingar eiga óbeina aðild í gegnum Atlantshafsbandalagið að viðræðunum í Vínarborg um jafnan og gagnkvæman samdrátt venjulegs herafla í Mið-Evrópu (MBFR-viðræðurnar), og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hafa þeir einstakt tækifæri til að fylgjast með viðræðum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf annars vegar um niðurskurð langdrægra kjarnorkuvopna (START) og hins vegar um niðurskurð meðallangdrægra kjarnorkuvopna (INF). Hins vegar liggur ekkert fyrir um það í opinberum umræðum hér á landi, hvaða áhrif þessar viðræður hafa beint á stöðu Íslands. Fram hafa komið athyglisverðar hugmyndir um takmörkun vígbúnaðar í hafinu, meðal annars þess efnis, að eldflaugakafbátar búnir langdrægum eldflaugum fái griðastað á afmörkuðum hafsvæðum. Þessar hugmyndir hafa lítt eða ekkert verið kynntar hér á landi og þannig mætti áfram telja.

Í Öryggismálanefnd sitja fulltrúar allra þingflokka. Nefndin hefur ekki tillögurétt samkvæmt erindisbréfi sínu, heldur á hún að afla gagna og gefa út álitsgerðir um öryggismál íslenska lýðveldisins. Ekki væri óeðlilegt, næði sú tillaga, sem hér er flutt, fram að ganga, að utanríkismálanefnd fengi Öryggismálanefnd í samvinnu við utanríkisráðuneytið að semja þá skýrslu sem í tillögunni er getið. Við það starf mundi einnig reyna á samstöðu stjórnmálaflokkanna og stuðning þeirra við frekari framgang málsins.

Ed. 113. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Stefán Guðmundsson.
Stefán Jónsson.	Egill Jónsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Nd. 114. Frumvarp til laga [111. mál]

um Tónskáldasjóð Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Ingólfur Guðnason, Vilmundur Gylfason, Guðrún Helgadóttir, Ólafur G. Einarsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Stofna skal Tónskáldasjóð Íslands. Stofnfé sjóðsins skal vera tíföld meðalárslaun menntaskólakennara og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1983.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan áætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega við undirbúning fjárlaga með hliðsjón af breytingum á launum menntaskólakennara.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja tónskáld til starfa og stuðla að útbreiðslu íslenskrar tónlistar.

4. gr.

Til eftirtalinna verkefna má veita framlög úr sjóðnum:

a) Til tónsmíða, enda hafi umsækjandi gert grein fyrir hvernig hann hyggist vinna að þeim.
b) Til útgáfu íslenskrar tónlistar á hljómplötum, snældum og nótum.
c) Til kynningar á íslenskri tónlist innanlands og utan.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Tónskáldasjóðs Íslands til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Tónskáldafélags Íslands, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Félags ísl. hljómlistarmanna.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við félagssamtök þau, sem um getur í 5. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi s. l. vor, en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Á síðustu árum og áratugum hefur menntuðum tónlistarmönnum fjölgað svo hér á landi að það gengur kraftaverki næst. Fyrir því má raunar færa sannfærandi rök, að engin listgrein standi með jafnmiklum blóma um þessar mundir og tónlistin hér á landi, og er ekki hugsun flutningsmanna að fara út í frekari meting um ágæti einstakra listgreina en þessi orð fela í sér. En um hitt ættu allir að geta orðið sammála, að okkur sem menningarþjóð er mikill sómi að ágætri frammistöðu tónskálda okkar á erlendum vettvangi, ekki síður en hér heima. Er þess skemmst að minnast, að Atli Heimir Sveinsson hlaut tónskáldaverðlaun Norður-

landa og þótti hvarvetna vel að þeim kominn. Það gerist og æ algengara, að íslensk tónverk séu flutt á erlendum vettvangi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir lögum um Launasjóð rithöfunda og Þýðingasjóð og þeim hugmyndum, sem uppi hafa verið um Launasjóð myndlistarmanna. Höfuðhlutverk sjóðsins er að örva tónskáld til dáða og fylgja eftir tónlistarvakningu sem hér hefur orðið á undanförnum árum. Í þessu frumvarpi er út frá því gengið, að stofnfé sjóðsins nægi til þess, að unnt sé að veita 5 árslaun menntaskólakennara til tónskálda svo að þau geti gefið sig heils hugar að tónsmíðum sínum. Síðan er gert ráð fyrir því, að jafnmiklu fé sé varið til annarra þeirra verkefna, sem sjóðurinn á að anna, og hlýtur það að fara eftir atvikum hverju sinni, hversu það fé skiptist.

Það er skoðun flutningsmanna, að frumkvæði og sjálfstæði í menningarmálum sé ekki síður mikilvægt en efnaleg velgengni, enda styður þar hvort annað. Nauðsynlegt er að hvetja til skapandi starfs á sviði allra listgreina og einn liður í því er að endurskoða fjárveitingar til menningarmála með betri nýtingu þeirra í huga. Blómlegt menningarlíf gerir mannlífið auðugra og innihaldsríkara.

Við því er ekki að búast, að Alþingi treysti sér til að samþykkja þetta frumvarp á þessu þingi. Hins vegar töldu flutningsmenn nauðsynlegt að leggja það fram nú þegar til þess að unnt sé að hafa framlög til Tónskáldasjóðs Íslands í huga, þegar gengið verður frá fjárlagafrumvarpi á hausti komanda, enda auðgert að samþykkja stofnun sjóðsins á haustþinginu, svo að hægt sé að veita fé úr honum strax á næsta ári. Þá ættu allar umsagnir og nauðsynlegar upplýsingar að liggja fyrir til þess að alþingismenn geti glöggvað sig á því máli, sem hér er hreyft við.“

Ed. 115. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Í stað „1980—1982“ í 1. og 2. málsgr. 21. gr. laganna komi „1980—1984“.

2. gr.

Í stað „1980—1982“ í 22. gr. laganna komi „1980—1984“.

3. gr.

Í stað „1980—1982“ í 24. gr. laganna komi „1980—1984“.

Við 24. gr. bætist nýr málsliður, er verði næstsíðasti málsliður og orðist svo:

Við endanlegt uppgjör vegna áranna 1983 og 1984 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 25. gr.

4. gr.

2. töluliður 1. málsgr. 25. gr. laganna verði 1. töluliður og 3. töluliður verði 2. töluliður.

2. málsgr. 25. gr. orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags áranna 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjalddagar áætlaðs framlag áranna 1983 og 1984 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs

framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

3. málsgr. 25. gr. falli niður.

5. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1983.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verðtrygging lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum var upphaflega mjög takmörkuð. Úr þessu var bætt árið 1976 með samkomulagi þess efnis, að lífeyrissjóðir á samningssviði hlutaðeigandi samtaka skyldu standa undir aukinni verðtryggingu lífeyrisgreiðslna. Samkomulag þetta hefur síðan verið framlengt með nokkrum breytingum og samkvæmt núgildandi lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra gilda verðtryggingarákvæðin til ársloka 1982, sbr. 21. og 24. gr. laganna.

Í samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 30. júní 1982 er gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun árin 1983 og 1984. Er því lýst yfir, að þessir aðilar séu sammála um að beina því til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því, að ákvæði 21. og 24. gr. laga nr. 97/1979 verði framlengd til loka gildistíma laganna, þ. e. til ársloka 1984.

Ákvæði um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum eru í I. kafla laganna frá 1979 og fjallar framangreint samkomulag um þær greiðslur. Í II. kafla laganna er kveðið á um eftirlaun til þess hóps manna, sem við bættist í ársbyrjun 1980, en um kostnað af þeim eftirlaunagreiðslum ásamt sérstakri uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda er kveðið á í 25. gr. Samkvæmt 3. málsgr. þeirrar greinar er með hliðsjón af gildistíma verðtryggingarákvæðanna í 21. og 22. gr. gert ráð fyrir endurskoðun þessara ákvæða í árslok 1982.

Í meðfylgjandi lagafrumvarpi er kveðið á um framlengingu verðtryggingarákvæða 21. gr. laganna frá 1979 og ákvæða 24. gr. um kostnað af þeirri verðtryggingu í samræmi við áðurnefnt samkomulag launafólks og atvinnurekenda. Þá er kveðið á um hliðstæða framlengingu á ákvæðum 22. og 25. gr. laganna. Í frumvarpinu felast enn fremur breytingar á gjalddögum og uppgjöri á eftirstöðvum framlaga lífeyrissjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér að framan.

Um 3. gr.

Vísað er til almennra athugasemda og athugasemda við 4. gr.

Um 4. gr.

1. töluliður 1. málsgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 var felldur niður með lögum nr. 52/1981, og er töluröð annarra liða málsgreinarinnar breytt í samræmi við það.

Samkvæmt 25. gr. laganna er gjalddagi framlaga lífeyrissjóða 1. apríl ár hvert. Samkvæmt reglugerð nr. 207/1980 er lífeyrissjóðum heimilt að skipta ársgreiðslunni í tvo hluta með eindaga 30. apríl og 31. júlí. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að gjalddagar verði tveir, 1. apríl og 1. ágúst. Ennfremur er gert ráð fyrir, að við lokauppgjör verði þeim sjóðum, sem samkvæmt áætlun hefur verið gert að greiða hærri fjárhæð en þeim bar, skilað ofgreiðslunni með verðbótum og á sama hátt verði eftirstöðvar greiddar með verðbótum.

Um 5. gr.

Þar sem útgjöldum vegna fæðingarorlofs hefur nú verið létt af Atvinnuleysistryggingasjóði, eru forsendur fyrir bráðabirgðaákvæðum laganna frá 1979 fallnar brott.

Lög nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1983 og endurskoðuð áætlun fyrir árið 1982.

	1983 Þús. kr.	1982 Þús. kr.
Útgjöld:		
1. Lífeyrir skv. I. kafla án uppbótar	39 800	26 535
2. Uppbót skv. I. kafla	76 330	55 310
3. Viðbót (3 stig)	25 360	17 860
4. Lífeyrir skv. II. kafla	25 000	15 720
5. Uppbót skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda	18 770	13 600
	185 260	129 025
Tekjur:		
I. kafli, sbr. 23. og 24. gr.:		
Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, 75% af 1. lið	29 850	19 901
Framlag ríkissjóðs, 25% af 1. lið	9 950	6 634
Framlag „samkomulagssjóða“	76 330	55 310
Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna viðbótarlíf. (3 stiga)	25 360	17 860
II. kafli og uppbót skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda:		
Framlag lífeyrissjóða	24 500	17 500
Framlag ríkissjóðs, 40% af afg.	7 708	4 728
Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, 30% af afg.	5 781	3 546
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 30% af afg.	5 781	3 546
	185 260	129 025

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um skipun nefndar til að gera úttekt og tillögur um nýtingu aukaafurða í fiskiðnaði.

Flm.: Alexander Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson, Guðmundur G. Þórarinsson, Guðmundur Gíslason, Stefán Valgeirsson, Davíð Aðalsteinsson, Ingólfur Guðnason, Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur Bjarnason, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd sérfróðra manna til að gera úttekt og tillögur um hvernig hægt sé á fljótvirkastan hátt að stórauka og fullnýta aukaafurðir í fiskiðnaði hér á landi.

Nefndin geri m. a. tillögur um tæknibúnað og tæki um borð í íslenskum veiðiskipum svo og nauðsynlegar breytingar á fiskverkunarstöðvum í landi til að ná þessu markmiði, enn fremur tillögur um nýjar vinnslustöðvar ef með þarf, t. d. í lífefnaiðnaði.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskifélag Íslands skulu vera nefndinni til ráðuneytis.

Nefndin skal hraða störfum og skila álitsgerð og tillögum um verkefnið ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun til ríkisstjórnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Flestir gera sér ljóst að óvarlegt er að reikna með mikilli aukningu á fiskafla hér við land í næstu framtíð. Margir fiskistofnar munu nálægt því að vera fullnýttir. Það fer því ekki milli mála að vinna þarf markvisst að því að gera þann afla, sem veiðist, verðmeiri, auka þannig verðmætasköpun í fiskiðnaði sem hlýtur að byggjast á betri meðferð og fullvinnslu þess sem veiðist.

Fiskiðnaður er mikilvægur og er dæmigerður aukaafurðaiðnaður. Sem dæmi má nefna að við framleiðslu fiskflaka falla um það bil 60% af þunga fisksins undir skilgreininguna aukaafurðir og við rækjuvinnslu 75% eða meira.

Nokkur hluti þessara aukaafurða er nú nýttur, t. d. í dýrafóður eða í mjöl- og lýsisvinnslu. Stór hluti er þó meðhöndlaður sem úrgangur, kastað í sjó eða ónýttur á annan hátt. Það er alkunn staðreynd, að miklu magni af innyflum og úrgangsfiski er hent árlega. Talið er að innyfli séu um 15% af heildarþyngd t. d. þorsks og ufsa.

Togari, sem kemur að landi með 150 tonna afla úr veiðiferð, hefur fengið um 180—190 tonn af fiski upp úr sjó. Hefur því 30—40 tonnum verið kastað fyrir borð sem innyflum og úrgangsfiski úr einni veiðiferð.

Á síðari árum hefur aflamagn bolfisks hér á landi verið um 600 þúsund tonn. Innyfli (þ. e. slóg og lifur) hafa þá verið um 90 þúsund tonn, þar af lifur um 40% eða um 36 þúsund tonn.

Hér er verðmætum fyrir tugmilljónir króna kastað á glæ á ári hverju, en ljóst er að hægt er að nýta þetta hráefni og skapa þannig aukna atvinnu og auknar útflutningstekjur fyrir þjóðarbúið.

Þetta þarf að skipuleggja frá grunni og hagnýta alla þá tækniþekkingu, sem fyrir hendi er, til að ná þessu markmiði.

Sem betur fer hafa Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins unnið mikið og gott starf á þessu sviði á undanförnum árum. Er því þegar fyrir hendi

mikil þekking og niðurstöður rannsókna, og hlýtur það að auðvelda ákvörðun um skipulegar framkvæmdir til að auka fullnýtingu í fiskiðnaði hér á landi.

Ýmislegt hefur verið nefnt í þessu sambandi sem æskilegur valkostur, auk mjölvinnslu og lýsisbræðslu á heföbundinn hátt, svo sem meltuvinnsla úr innyflum sem talið er að hægt sé að koma við um borð í veiðiskipum og án mikils tilkostnaðar við fiskvinnslustöðvar í landi, fjölbreyttari framleiðsla úr lifur og hrognum og síðast en ekki síst lífefnaiðnaður — lyfjaframleiðsla, en talið er að hagkvæmt sé meðal annars að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra lyf, lyfjahráefni, hormóna og líffhvata.

Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktunartillaga frá þingmönnum Framsóknarflokksins um innlendan lífefnaiðnað, á þingskjali 219:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að komið verði á fót öflugum innlendum lífefnaiðnaði.

Í því sambandi beiti ríkisstjórnin sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Með markvissri rannsóknaáætlun verði leitað svara við því, hvaða lyf, lyfjahráefni, hormóna og líffhvata geti verið hagkvæmt að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra, sem til falla hérlendis.

2. Framleiðsla þeirra lyfja, lyfjahráefna, hormóna og líffhvata, sem rannsóknir sýna að hagkvæm sé, verði hafin jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir."

Alþingi afgreiddi tillöguna þannig skv. breytingartillögu atvinnumálanefndar:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Í greinargerð með þessari þingsályktunartillögu framsóknarmanna var m. a. eftirfarandi rökstuðningur:

„Á Íslandi fellur til mikið magn innyfla úr fiskum, hvölum og sláturdýrum, sem landsmönnum verður að nánast engum verðmætum. Hráefni þetta er verðmætt í lyfjaiðnaði, þ. e. við framleiðslu lyfja, lyfjahráefna og líffhvata. Lífefnaiðnaður er ört vaxandi víða um heim, og má í því sambandi sérstaklega benda á framleiðslu líffhvata til notkunar í iðnaði. Nýlegar kannanir benda til að framleiðsla líffhvata muni aukast um 8% á ári fram til 1985 í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta er á sama tíma og samdráttur virðist vera í mörgum efnaiðnaði í heiminum.

Íslendingar ættu að geta átt mikla möguleika á þessu sviði. Þeir eru fiskframleiðendur á heimsmælikvarða. Innyfli þorsks, svo dæmi séu nefnd, nema um 15% af heildarþunga fisksins. Hráefni fellur því til hér í miklum mæli. Lífefnaiðnaður er léttur sérhæfður iðnaður, sem nýtir innlent hráefni og sérmenntaða starfskrafta. Íslendingar ættu því að geta verið vel samkeppnisfærir í þessum iðnaði.

Ljóst er af þeim rannsóknum, sem þegar hafa farið fram, að Íslendingar ættu að geta haslað sé völl á sviði lífefnaiðnaðar.

Nauðsynlegt er að gera markvissa rannsóknaáætlun og vinna að framgangi málsins með föstum, ákveðnum skrefum.

Í okkar þjóðlífi er nú mikið rætt um orkufrekan iðnað. Verulegum fjármunum er varið í hagkvæmniathuganir á ýmsum kostum stóriðju. Hér er í flestum tilvikum um að ræða iðnað þar sem hráefni er flutt til landsins og fullunna varan út.

Mikil nauðsyn er að auka framleiðslu landsmanna með orkufrekum iðnaði. En við megum ekki láta okkur sjást yfir nærtæka möguleika eins og lífefnaiðnað úr innlendu hráefni. Innyflum fiska og sláturdýra er að mestu hent.

Þessi verðlitlu hráefni eru grundvöllur að öflugum lífefnaiðnaði.

Það, sem vantar, er stefnumörkun á þessu sviði og markviss vinnubrögð, þá mun árangurinn ekki láta á sér standa."

Flutningsmenn leyfa sér að vona að ríkisstjórnin taki þetta mál föstum tökum, um leið og harma verður að Alþingi skyldi ekki veita þessu máli ítarlegri umfjöllun, þar sem um er að ræða stórmál til verðmætasköpunar og til að treysta atvinnugrundvöll þjóðarinnar. Þessi þingsályktunartillaga er tilraun til að fá fram samræmdar aðgerðir, hefjast handa um að auka verðmætasköpun í fiskiðnaði, sem hlýtur að skapa ný atvinnutækifæri, auka umsvif og treysta grundvöll okkar aðalútflutningsframleiðslu, okkar stóriðju, sjávarútvegsins.

Í 2. tbl. tímaritsins „Sjávarfrétta" birtist athyglisverð grein eftir Svein Jónsson verkfræðing sem ber yfirskriftina: „Nýtt átak í athugunum á nýtingu aukaafurða í fiskiðnaði."

Sveinn Jónsson hefur gefið leyfi til að láta grein þessa fylgja með þessari greinargerð til fróðleiks. Kunna flutningsmenn honum bestu þakkir fyrir.

Sveinn Jónsson:

Nýting aukaafurða í fiskiðnaði.

Fiskiðnaðurinn er dæmigerður aukaafurðaiðnaður. Við framleiðslu fiskflaka falla t. d. um það bil 60% af þunga fisksins undir skilgreininguna aukaafurðir og við rækjuvinnslu 75% eða meira. Nokkur hluti þessara aukaafurða er nú nýttur og þá helst í dýrafóður, annaðhvort frystur eða sem hráefni til mjöl- og lýsisvinnslu. Allt of mikið er þó meðhöndlað sem úrgangur, sem annaðhvort er kastað í sjóinn eða er ónýttur á annan hátt.

Ástæðan fyrir þessu liggur að nokkru leyti í eðli og skipulagi fiskveiðanna. Þær eru árstíðabundnar þannig að mannafli og tækjabúnaður annar aðeins því verðmesta úr aflanum, fiskimjölsverksmiðjur eru ekki alltaf á þeim stað, þar sem fiskaðgerð fer fram, og svo mætti lengi telja.

Nú er svo komið, að varla þarf að reikna með auknum fiskafla hér við land, svo að aukin verðmætasköpun í fiskiðnaði hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á betri meðferð og nýtingu þess sem aflað er. Auk verðmætasköpunar eru það oft umhverfissjónarmið, sem leiða til þess að farið er að huga að nýtingu úrgangsefna. Það er því miður fremur fátítt hér á landi enn sem komið er. Rétt er þó að hafa í huga, að mengunarvaldur reynist oft vera verðmæti á röngum stað.

Hér á eftir verður minnst á nokkur atriði varðandi mögulega nýtingu og vinnslu á aukaafurðum eða úrgangi frá fiskiðnaði.

Nýting innyfla.

Af aukaafurðum í fiskiðnaði eru innyfli fiska og þá einkum þorsks og ufsa hvað fyrirferðarmest. Reiknað er með að innyflin séu um 15% af heildarþunga fisksins. Mikið hefur verið unnið að bættri nýtingu slógs hér á landi allt frá stofnun Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands og síðar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (Arnesen og Einarsson 1967). Er nú svo komið að ýmsar leiðir eru færar í þessu sambandi og töluverður hluti innyflanna er nú nýttur sem heild í mjöl- og lýsisvinnslu með öðru bræðsluhráefni eða í meltuvinnslu sem skepnufóður (Dagbjartsson, et al., 1976; Arnesen et al., 1981). Einnig eru einstök líffæri, svo sem lifur og hrogn, skilin frá og þau nýtt sérstaklega. Allt of stór hluti innyflanna er þó enn ónýttur af ástæðum sem drepið hefur verið á hér að framan.

Auk meltuvinnslu, sem unnið hefur verið að á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í allmörg ár, er nú verið að vinna að athugunum á frekari nýtingu einstakra innyflalíffæra. Slíkar hugmyndir eða athuganir eru ekkert nýjar af nálinni, en hafa að mestu leyti legið niðri undanfarin ár. Í ljósi nýrrar þekkingar og breyttra aðstæðna er nú talið rétt að huga frekar að þessum þætti.

Mynd 1 sýnir áætlað magn innyfla og skiptingu þeirra í einstök líffæri, ef miðað er við 400 þúsund tonna ársafla af þorski og ufsa.

Lifrarvinnsla.

Lifrin var áður fyrr með því verðmesta í þorskaflanum, en nú er svo komið, að aðeins lítill hluti hennar er nýttur. Sem dæmi um þetta má nefna, að árið 1964 var þorskalýsisframleiðslan u. þ. b. 3.4% af aflamagni þorsks, en er nú innan við 1%. Mestur hluti lifrarinnar, sem nýttur er í dag, er bræddur í lýsi og nokkuð er soðið niður.

Á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er nú unnið að athugunum á geymslu og vinnslu lifrar með nýju sniði. Lifrin er skilin frá innyflunum á heðbundinn hátt, en síðan er hún hökkuð og í hana blandað 1.5—2% maurasýru. Sýran hindrar rotnun og stuðlar jafnframt að því, að fituvefurinn brotnar niður fyrir áhrif ensíma og fitan losnar. Þetta er tilsvarandi því sem gerist við meltuvinnslu úr slógi, en ef lifrin er melt með slógi tekur fitan upp blóðlitarefni og verður gjarnan mjög dökk. Þetta er hins vegar ekki tilfellið ef lifrin er aðskilin. Enginn afgerandi munur hefur komið fram á lýsi, sem myndast á þennan hátt við 12—15°C á 14 dögum eða við 40°C á 4 tímum, og í báðum tilfellunum er nýtingin svipuð eða 80—90% af heildarfitu lifrarinnar. Þetta er álíka góð nýting og fæst við venjulega gufubræðslu. Allar mælingar og gæðaprófanir á lýsi, sem framleitt er á þennan nýja hátt, benda til þess að það nái meðallýsisgæðum eftir venjulega hreinsun, ef hráefnið er óskemmt, þegar það er tekið til vinnslu. Það mikilvægasta við þessa aðferð er, að með henni má á mjög einfaldan og ódýran hátt verja lifrina skemmdum og vinna hana síðar í hæsta verðflokk, þ. e. a. s. meðalalýsi. Ef svo reynist sem horfir, ætti jafnvel að vera hægt að nýta alla þá lifur, sem til fellur á afskekktustu verkunarstöðvum og um borð í togurunum.

Nýting hrogna.

Allmikið magn hrogna er nú nýtt til manneldis, en það er þó aðeins á vissu þroskastigi, sem þau eru hirt. Norðmenn vinna nú að rannsóknum á nýtingu van- og ofþroskaðra hrogna, fyrst og fremst þorskhrogna, sem byrjunarfóðurs fyrir lax- og silungsseiði. Hrognin eru þá gerjuð og þurrkuð til þess að auka geymsluþol þeirra. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið fram til þessa, benda til þess að hrognin séu mjög heppilegt fóður, fóðurnýtingin er mun betri en þegar venjulegt byrjunarfóður er notað og seiðadauðinn minni (Raa, 1982). Með vaxandi fiskeldi hér á landi gætu því opnast nýir möguleikar á betri nýtingu hrogna.

Vinnsla svilja og galls.

Á árunum 1971—1973 voru á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins gerðar nokkrar tilraunir til söfnunar og vinnslu þorsk- og ufsasvilja. Einnig stóð Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fyrir söfnun og frystingu svilja til útflutnings um tíma. Framhald hefur þó ekki orðið á þessari söfnun, sennilega vegna þess að erfitt hefur verið að koma frystingu sviljanna við jafnframt flakafrystingunni. Áhugi á söfnun svilja hefur nú vaknað aftur, vegna þess að nýjar vinnsluaðferðir og mögulegur markaður er fyrir hendi. Er þar annars vegar um að ræða vinnslu kjarnasýru til lyfjaframleiðslu, þar sem söltun er fyrsti liður vinnslunnar, og hins vegar framleiðsla súrra „autolysate" til notkunar í matvælaiðnaði. Í hvorugu tilfellinu er því þörf á að frysta svilin.

Fiskgalli hefur nokkrum sinnum verið safnað hér á landi og síðast á árunum 1971—1973. Gallvökvinn var þá rotvarinn með formalíni og seldur úr landi til vinnslu á cholinsýrum, sennilega til framleiðslu cortisons. Ekki er vitað hvort markaður er í dag fyrir gall. Magar, garnir og skúflangar innihalda mikið af ensímum og er nú verið að vinna að athugunum á vinnslu og nýtingu þeirra. Jafnframt því að leita upplýsinga og gera athuganir á nýtingarmöguleikum einstakra líffæra er nú verið að athuga vinnuþörf og kostnað við aðgreiningu innyflanna, en slíkar upplýsingar eru takmarkað fyrir hendi.

Rækjuúrgangur.

Við rækjuvinnslu nýtist í mesta lagi 25% af þunga rækjunnar. Afgangurinn, haus, skel og hrogn, er næstum ekkert nýttur hér á landi. Heildaraflinn hefur verið nokkuð breytilegur á milli ára eða 7—10 þúsund tonn síðast liðin ár. Það má því reikna með að úrgangur frá rækjuvinnslunni á öllu landinu sé að meðaltali um 6 þús. tonn. Varðandi nýtingu á þessum úrgangi er það einkum þrennt sem kemur til greina, vinnsla chitins og chitosans úr rækjuskelinni, nýting rauðu litarefnanna í sambandi við lax- og silungseldi og nýting próteins, þótt sá þáttur vegi ekki þungt þegar á allt er litið.

Þrátt fyrir þessa möguleika er rækjuúrgangur, samkvæmt þeim heimildum sem við höfum, að mestu leyti ónotaður annars staðar í heiminum eins og hér á landi. Eitthvað er þó notað sem fóður fyrir laxfiska, en þeir möguleikar hafa verið mjög takmarkaðir, vegna þess að rækjuúrgangur skemmist mjög fljótt og flestar geymsluaðferðir eru annað hvort of dýrar eða óheppilegar fyrir rækjuúrgang. Sem dæmi um það má nefna, að tilraunir hafa verið gerðar bæði hérlendis og erlendis með framleiðslu rækjumjöls, en við þurrkunina tapast litarefnin mjög og hefur slíkt mjöl því lítið gildi sem litargjafi fyrir eldisfisk, auk þess sem próteininnihald mjölsins er fremur lágt.

Rækjuskelin er aðallega gerð úr chitini og kalki. Chitinið er fjölsykrungur byggður upp af N-acetyl-glucosamin sameindum og er það torleysanlegt í því formi, en við væga hydrolysu eða deacetyleringu verður það leysanlegt og nefnist þá chitosan. Ýmisir notkunarmöguleikar hafa verið nefndir fyrir chitosan eins og t. d. sem felliefni við hreinsun frárennslisvatns, við pappírsframleiðslu sem bindiefni fyrir ensím og þykkingarefni í matvælaiðnaði.

Chitosan er einungis framleitt í verulegu magni í Japan, þar sem ársframleiðslan er u. þ. b. 500 tonn og í Bandaríkjunum en þar er framleiðslan aðeins 50 tonn á ári. Í Japan er chitosanið aðallega notað sem felliefni fyrir prótein í frárennslisvatni (Hansen, 1981; Ashford et al., 1977).

Norðmenn eru nú að vinna að áætlunum um byggingu verksmiðju, sem vinnur bæði chitosan og litarefnið astaxanthin úr rækjuúrgangi. Í áætluninni er miðað við að chitosan framleiðslan sé um 500 tonn á ári, en til þess þarf 12—14 þúsund tonn af hráefni. Það er helmingi meira en fellur hér til á landinu öllu árlega. Þessar áætlanir byggja á hefðbundinni chitosan-vinnslu, en nýjum aðferðum við geymslu hráefnisins og vinnslu litarefnanna (Hansen, 1981; Torrissen et al., 1981; Raa, 1979).

Geymsluaðferðin á rækjuúrganginum er í því fólgin að bæta í hann þráavarnarefni og blöndu af propionsýru og saltsýru og helst hann þannig óskemmdur í alllangan tíma og litarefnin tapast mjög lítið. Magn fasta efnisins í úrganginum minnkar við þessa meðhöndlun, vegna þess að sýran leysir upp kalkið, en litarefnin sitja áfram í skelinni. Þetta veldur því að hlutfallslegt magn astaxanthins í fastefninu eykst verulega. Litarefnið astaxanthin er fituleysanlegt og hefur komið í ljós, að hægt er að leysa út meginhluta þess með lýsi, t. d. loðnulýsi. Lýsinu má svo bæta í fiskafóður og er það þá bæði litarefna- og fituefnagjafi.

Vafasamt er að slík vinnsla rækjuúrgangs sem hér er fjallað um sé fýsileg fyrir okkur Íslendinga eins og málum er nú háttað, en með aukinni notkun chitosans og aukinni fiskirækt hérlendis má vera að vinnsla rækjuúrgangs verði okkur hagkvæm áður en langt um líður.

Smáfiskur til manneldis.

Oft heyrist það sagt, að illa sé farið með fisk, sem unninn er í mjöl og lýsi til skepnufóðurs, í stað þess að nota hann til manneldis. Það er þó ekkert athugavert við slíka vinnslu á meðan aðrar vinnsluaðferðir eða markaður er ekki fyrir hendi, sem gerir það mögulegt að nýta allan þennan fisk í mannamat. Það er þó ekki eðlilegt að líta á mjölvinnslu úr smáfiski, t. d. loðnu, spærlingi og kolmunna, sem endanlegt takmark, heldur leita annarra aðferða, sem gera það kleift að vinna þetta hráefni á arðvænlegri hátt, bæði næringarlega og fjárhagslega. Slík vinna fer stöðugt fram og má þar sem dæmi nefna smáfiskþurrkun hérlendis, marningsvinnslu Færeyinga úr kolmunna og svokallaðan „Ole-prosess" Norðmanna. Þessi síðastnefnda vinnsluaðferð byggir á því að skilja fitu, roð, bein og búkhimnur frá fiskvöðvanum á lífefnafræðilegan hátt og ná síðan fiskvöðvanum frá með fleytingu. Þetta er gert með því að bita fiskinn niður, setja hann í bað með ákveðnu sýru- og hitastigi, sem eru kjörskilyrði bindivefs-niðurbrjótandi ensíma í fiskinum. Með þessu móti losnar fiskurinn í sundur, eins og áður sagði, án þess að fiskvöðvinn skemmist. Þessi aðferð hefur gefist vel í smáum stíl, en einhverjum erfiðleikum hefur verið háð að vélvæða vinnsluna (Eide et al., 1982).

Framleiðsla bragðefna úr smáfiski.

Fyrir nokkrum árum voru gerðar hér tilraunir til þess að framleiða bragðefni eða kraft úr soði af ýmsum smáfiskum. Kraftur þessi var framleiddur á svipaðan hátt og kjötkraftur eða fiskkraftur, sem víða er framleiddur. Nokkrum erlendum matvælaframleiðendum var sendur kraftur þessi til prófunar og umsagnar, en viðbrögð þeirra voru neikvæð, þeir töldu kraftinn bera of mikil fiskeinkenni.

Fiskkraftur sá, sem á markaðnum er og við höfum getað aflað upplýsinga um, líkist mjög kjötkrafti að bragði og lykt. Allur þessi kraftur er framleiddur úr túnfisktegundum, ansjósum eða makríl, en ekki úr þeim fisktegundum, sem við höfum yfir að ráða.

Það er viðtekin skoðun að hin einkennandi fisklykt og fiskbragð liggi fyrst og fremst í fiskfitunni og reikulum amínum, sem gjarnan finnast í fiski, þ. e. a. s. ammoníak og trímethylamín (TMA). Það var því eðlilegt að athuga hvort fitan og amínin ættu allan þátt í því að skapa fiskeinkennin í kraftinum, sem hér var framleiddur.

Þrátt fyrir að öll fitan væri fjarlægð úr kraftinum og amínin eimuð burt, varð óveruleg breyting til batnaðar. Að vísu dró nokkuð úr fiskeinkennunum, en strax við upphitun, sem nauðsynleg er til þess að framkalla hið eftirsótta kjötbragð af kjötkrafti, fékk krafturinn óþægilega lykt, sem í bestu tilfellum minnti á yfirhitaða mjólk eða brenndan sykur.

Nú er það vel þekkt hvaða efni það eru í kjöti, sem nauðsynleg eru til þess að framkalla kjötlykt og kjötbragð. Ef þessum efnum er blandað saman og þau hituð í vatnslausn í nokkurn tíma, fæst hinn ágætasti kjötkraftur. Samkvæmt okkur mælingum og annarra virðist vera lítill munur á þessum efnum í þorskfiskum og t. d. nautakjöti. Þetta bendir til þess að ekki sé vöntun á neinum efnum í þorskfiskunum sem geri þá óhæfa sem hráefni til kjötkraftsframleiðslu, heldur hitt að einhverju sé ofaukið. Það ráð var því tekið að blanda í gervikjötkraft ýmsum efnum, sem finnast í þorskfiskum, en ekki eða mun minna í kjöti, túnfiskum og makríl. Sem dæmi um slík efni má nefna dípeptíðið anserin og amínosýrurnar b-alanin, 1-methyl-histidin og glycin. Ekkert þessara efna hafði nein afgerandi áhrif.

Trimethylamín-oxíð (TMAO) finnst í verulegu magni í þorskfiskum, mun minna í túnfiskum og makríl og ekki í kjöti. Þetta efni er alveg lyktarlaust og næstum bragðlaust, en breytist einkum fyrir áhrif gerla í trimethylamín (TMA), sem er reikult efni eins og áður sagði og hefur alleinkennandi fisklykt.

Ef TMAO var blandað í gervikjötkraftinn eða kjöthakk og þetta hitað saman, hurfu öll kjöteinkenni. TMA í sama magni og TMAO hafði hins vegar óveruleg áhrif. Þetta benti því í þá átt, að TMAO ætti þátt í að svipta fiskkraftinn kjöteinkennunum. Tilraun var því gerð til þess að brjóta TMAO í kraftinum niður í TMA á efnafræðilegan hátt, en þrátt fyrir það að allt TMAO hyrfi úr kraftinum áður en hann var hitaður breytti það engu til batnaðar. Það kom síðar í ljós, að við slíkt niðurbrot myndast, auk TMA, dimethylamin og formaldehýð, þ. e. a. s. 5—10% af TMAO fer yfir í þessi efni. Slíkt niðurbrot á sér einnig stað við upphitun. Það var því prófað að bæta formaldehýði í gervikjötkraftinn fyrir upphitun og gaf það sömu niðurstöðu, þ. e. a. s. öll kjöteinkenni kraftsins hurfu.

Þannig standa þessar athuganir í dag, en eftir er að ganga úr skugga um hvort TMAO og formaldehýð séu einu efnin fyrir utan fitu og reikul amín, sem draga úr kjöteinkennum krafts, sem unninn er úr þorskfiskum, eða hvort fleiri þættir eru þar að verki.

Ekki veit ég hvort við getum með þessari vitneskju framleitt fiskkraft með kjötbragði á hagkvæman hátt, en aukin þekking eykur alla vega möguleikana.

Heimildir.

Arnesen, G., Arason, S. og Jónsson S. 1981. Meltur úr fiskúrgangi. Tæknitíðindi nr. 126.

Arnesen, G. og Einarsson, H. 1967. Hagnýting á slógi. Í Vinnsla sjávarafla, Ráðstefna íslenskra verkfræðinga 1967. Verkfræðingafélag Íslands.

Ashford, N. A., Hattis, D. og Murray, A. E. 1977. Industrial prospects for chitin and protein from shellfish wastes. A Report on the first marine industries business strategy program marine industry advisory service. MIT Sea Grant Program Massachusetts Institute of Technology Cambridge.

Dagbjartsson, B., Arnesen, G., Þorsteinsson, J., Bjarnason, J., Ólafsson, P. og Eiríksson, T. 1976. Ný aðferð til nýtingar á slógi og úrgangsfiski. Tæknitíðindi nr. 77.

Eide, O., Børresen, T. og Strøm, T. 1982. Minced fish production from chapelin (Mallotus villosus). A new method for gutting, skinning and removal of fat from small fatty fish species. J. Food. Sci. 47: 347—354.

Hansen, F. R. 1981. Ensilert rekeavfall som fór til laksefisk og som råstoff til kitosanproduksjon. Kandidatoppgave i fiskerifag. Norges fiskerihögskole/Universitetet i Tromsö.

Raa, J. 1982. Starffór til laksefisk. Norsk Fiskeoppdrett. Nr. 3; 7. årgang s. 7—9.

Raa, J. 1979. Kjent teknologi og utviklingsmuligheter for å utnytte biprodukter fra fisk og skalldyr. Handrit, Universitetet i Tromsö.

Torrissen, O., Tidemann, E., Hansen, F. R. og Raa, J. 1981/1982. Ensiling in acid-A method to stabilize astaxanthin in shrimp processing by-products and improve uptake of this pigment by rainbow trout (Salmo gairdneri). Aquaculture, 26: 77—83.

MYND 1

INNYFLI ÞORSKS OG UFSA,
ÁÆTLAÐ MAGN ÞEIRRA OG SKIPTING Í EINSTÖK LÍFFÆRI,
EF MIÐAÐ ER VIÐ 400 ÞÚSUND TONNA ÁRSAFLA.

	HLUTFALL AF ÞUNGA FISKSINS Í %	HEILDARMAGN Í ÞÚSUNDUM TONNA
INNYFLI	15	60
LIFUR	5	20
HROGN	2,5	10
SVIL	2,5	10
MAGAR (ÆTISLAUSIR)	1,5 ... 1,7	6 ... 7
SKÚFLANGAR	1,5 ... 1,7	6 ... 7
GARNIR	1,5 ... 1,7	6 ... 7


Fyrirhuguð vinnslurás í verksmiðju, sem vinnur chitosan og astaxanthin úr rækjuúrgangi.
2
propionsýra 1,2%
+HCl; pH≈4
þráavarnarefni 0,01%
(BHT)
rækjuúrgangur
geymsla
pressun
pressuvökvi
($CaCO_3$; prót.)
H_2O
þvottur
lýsi
litarefna útdráttur
astaxanthin í lýsi
NaOH (~1%)
próteín útdráttur
H_2O, próteín
H_2O
þvottur
chitin
NaOH (40...50%)
deacetylering
H_2O
þvottur, filtrun og þurrkun
chitosan
frárennsli

Sþ. 117. Fyrirspurnir. [114. mál]

I. Til samgönguráðherra um lestur veðurfregna.

Frá Tryggva Gunnarssyni.

Hvers vegna er loftskeytamönnum á strandstöðvum landssímans bannað að lesa veðurfregnir á metrabylgju?

II. Til fjármálaráðherra um þátttöku Hafnarfjarðarkaupstaðar í greiðslu kostnaðar vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Kjartani Jóhannssyni, Ólafi G. Einarssyni, Geir Gunnarssyni, Markúsi Á. Einarssyni, Salome Þorkelsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni.

1) Hvar er að finna lagaákvæði eða samninga, þar sem Hafnarfjarðarkaupstað er gert að taka þátt í kostnaði við athugun á starfsemi Íslenska álfélagsins, sem iðnaðarráðuneytið hefur staðið fyrir?
2) Hver tók þá ákvörðun, að Hafnarfjarðarkaupstað er gert að taka þátt í umræddum kostnaði, sem ríkisbókhaldið tilkynnir í bréfi 5. nóv. s. l.?
3) Hefur Hafnarfjarðarkaupstað áður verið gert að taka þátt í slíkum kostnaði?
4) Hefur verið haft samráð við Hafnarfjarðarkaupstað um þá athugun sem fram hefur farið?
5) Var umrædd ákvörðun tekin með vitneskju Hafnarfjarðarkaupstaðar?
6) Hvenær hófust greiðslur á umræddum kostnaði?
7) Hvernig skiptist kostnaður á árinu 1981 vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins, að fjárhæð kr. 2 831 803, á eftirtalda útgjaldaflokka:
   a) Aðkeypt sérfræðiþjónusta.
   b) Ferðakostnaður.
   c) Funda- og risnukostnaður.
   d) Annað?
8) Hver er útlagður kostnaður vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins til 31. okt. 1982 og hvernig greinist hann á sömu útgjaldaflokka?
9) Hefur verið tekin afstaða til athugasemda Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna umræddrar gjaldfærslu?

Sþ. 118. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um nýtingu og úrvinnslu rekaviðar og úrgangstimburs.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Sigurgeir Bóasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma athugun á nýtingu og úrvinnslu rekaviðar og úrgangstimburs til iðnaðar og orkusparnaðar.

Greinargerð.

Á fjörum landsins liggur mikið magn trjáviðar, rekatimburs, og bíður tortímingar. Enginn opinber aðili hefur til þessa stuðlað að nýtingu rekaviðar. Þó er vitað að sumt af þessu rekatimbri er úrvals-efniviður sem hentar vel til smíða og hvers konar iðnaðar.

Við allar byggingarframkvæmdir, stórar og smáar, þar sem viðhafður er sá hefðbundni byggingarmáti að slá upp steypumótum úr mótatimbri, fellur til meira og minna af úrgangstimbri sem að lokum hafnar á sorpeyðingarstöðum og er þar ýmist urðað eða brennt, oftast með ærnum tilkostnaði og engum til gagns eða hagsbóta. Sömu sögu má sjálfsagt einnig segja hvað varðar úrgang frá hinum ýmsu trésmíðaverkstæðum. Þó er vitað að hluti þess úrgangs er þegar nýttur, og ánægjulegar eru þær fréttir, að einstakar trésmiðjur hafa ekki þurft að kaupa orku til upphitunar um áraraðir.

Því finnst okkur, flutningsmönnum þessarar tillögu til þingsályktunar, fyllilega tímabært að fram fari ítarleg athugun á því, með hvaða hætti megi nýta rekavið og úrgangstimbur með tilliti til orkusparnaðar, aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi, einkum til sveita, tekjuöflunar og gjaldeyrissparnaðar. Okkur flutningsmönnum finnst eðlilegt að athugun þessi sé unnin sameiginlega á vegum landbúnaðarráðuneytisins, þar sem reki er í flestum tilfellum talinn til hlunninda á bújörðum og frekari nýting hans ætti að geta létt undir með landbúnaðinum, en á hinn bóginn getur einnig verið um verulegan orkusparnað að ræða og nýtingu á hráefni til iðnaðar.

Einhver rekahlunnindi munu vera á meiri hluta jarða er liggja að sjó. Árið 1932 voru skráðar 1114 jarðir í fasteignamati með reka, og fram yfir síðustu aldamót var hitagjafi heimila hér á landi eingöngu fast heimafengið eldsneyti. Var rekaviður mikill hluti þar af. Síðar komu innfluttir orkugjafar til sögunnar og ruddu þessum heimafengnu orkugjöfum, sem meira þurfti að hafa fyrir, úr vegi. Með hækkandi olíuverði hafa viðhorfin hins vegar breyst á ný og aftur er leitað nýrra leiða. Mest munar þar að sjálfsögðu um jarðhitann, sem víða er mjög ódýr, og raforkuna, sem á hinn bóginn er því miður víða um land mjög dýr orkugjafi og stefnir í að verða álíka dýr og olía. Því er okkur nauðsynlegt að leita allra leiða og nýta alla þá möguleika sem tiltækir eru. Trjálurkakatlar, sem brenna úrgangsreka, morviði og öðru föstu eldsneyti, eru nú að koma í umferð hér á landi. Þetta eru danskir katlar og eru 18—20 slíkir þegar í notkun hér og allmargir væntanlegir. Hefur notkun þeirra gefið mjög góða raun.

Um árabil hafa bestu afurðir úr rekaviði verið girðingarstaurar, en ekki er nokkur vafi á að mikið af þessu rekatimbri er úrvalsviður sem efna má niður í planka og borðvið og nota síðan til smíða og hvers konar iðnaðar.

Því miður liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um magn rekaviðar á strandlengju landsins, hversu mikið rekur hér á land árlega, hversu mikið verðmæti hér er um að ræða ef vel væri um hirt, hversu mikil hitaorka er fólgin í reka svo og úrgangi trésmíðaverkstæða, sorpi o. fl. sem nýta mætti til upphitunar sveitabýla og fjarvarmaveitna í þéttbýli. Athugun sú, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, þarf að veita svör við þessum spurningum. Eðlilegt er að slík rannsókn eða upplýsingaöflun sé unnin af opinberum aðilum og í samráði við hagsmuna- og áhugaaðila. Margir þeirra hafa þegar sýnt þessum málum mikinn áhuga, svo sem Búnaðarfélag Íslands, einstök búnaðarsambönd og búnaðarfélög. Kaupfélag Norður-Þingeyinga, Kópaskeri, hreppsnefnd Presthólahrepps og fleiri aðilar hafa lýst áhuga á að taka þátt í frumkönnun á úrvinnslu rekaviðar á félagslegum grundvelli.

Búnaðarþing 1981 ályktaði um nýtingu rekaviðar. Þá hefur hlunnindaráðunautur Búnaðarfélags Íslands, Árni G. Pétursson, unnið mikið að þessum málum, safnað upplýsingum og hvatt til betri nýtingar þessara verðmæta. Í greinargerð, sem Á. G. P. lagði fyrir Búnaðarþing 1981, segir m. a.:

„Trjáreki er mjög vannýttur um meiri hluta lands, sem stafar af fleiri samverkandi orsökum.

Má þar nefna:
1) Mannfæð.
2) Samtakaleysi um úrvinnslu rekaviðar.
3) Neikvæða þjónustu varðandi sölu og dreifingu.
4) Tómlæti hins opinbera um fyrirgreiðslu vegna rekahlunninda.

Einstakir bændur hafa komið sér upp sögunaraðstöðu, í flestum tilfellum í mjög einfaldri útfærslu, og varla nokkurs staðar mun vera um fullnaðarúrvinnslu að ræða. Hitt er aftur á móti algengast, að engin sögun er fáanleg í héraði, og því drabbast niður reki í hrönnum á strandlengju Íslands. Til athugunar kæmi að fá einstaklinga eða félagasamtök bænda til að taka að sér sögun og úrvinnslu í héraði. Má hér benda á að einfaldur sögunarbúnaður er ekkert meira fyrirtæki en jarðvinnsluvélar og má því allt eins keyra um með sagarblað á milli bæja eins og herfi, plóg eða tætara."

Þá telur hann að á félagslegum grundvelli þurfi að koma upp sögunarstöðvum til vinnslu rekaviðar. Um slíkar stöðvar segir hann m. a.:

„Með „hreyfanleg sögunarstöð" er átt við að sögunarbúnaður er festur á beisli dráttarvélar og fluttur þannig á milli bæja. Slíkur sögunarstóll kostar nú um 17 þús. kr. Sá útbúnaður hentar þó eingöngu fyrir minni háttar úrvinnslu, svo sem sögun girðingarstaura, en myndi koma að miklum notum fyrir fjölda rekabænda. Fastar sögunarstöðvar — sögunarmyllur — myndu hins vegar annast fjölþætta úrvinnslu rekaviðar. Það má hugsa sér að vélaútgerð til sögunar rekaviðar sé rekin á félagslegum grundvelli, eins og vélaútgerð ræktunarsambanda, og gæti hvað best komið beint inn á þeirra svið nú, þegar ræktun og framræsla er það langt komin, að greinilega mun draga úr þeim framkvæmdum á næstunni. Eins má ætla að trésmíðaverkstæði úti um land gætu tekið að sér þessa þjónustu að einhverju leyti. Þar munu vera til staðar flestar þær vélar sem þarf til sögunar rekaviðar. Mikil verðmætasköpun liggur í úrvinnslu rekaviðar og mun veita allmikla atvinnu."

Árni hefur ritað ýmsum aðilum, svo sem Orkuráði, Orkustefnunefnd og Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem hann vekur athygli á þýðingu þess að nýta betur rekahlunnindi. Þar bendir hann m. a. á þýðingu þess að nota rekavið til upphitunar og greinir frá þeirri reynslu sem fengist hefur af notkun trjálurkakatlanna, sem áður er getið, svo og möguleikana á úrvinnslu rekatimburs til iðnaðar.

Torfi Þ. Guðmundsson, forstjóri Vélsmiðjunnar Odda hf. á Akureyri, hefur að undanförnu unnið að gerð (hönnun) á stórviðarsög til úrvinnslu rekaviðar. Torfi er gjörkunnugur þessum málum og hefur hann fylgst með þróun hjá sögunarstöðvum erlendis. Hann og Á. G. P. hafa athugað þessi mál sameiginlega og telja þeir mikilvægt að hið opinbera leggi af mörkum fjármuni til að kosta rannsóknir og þróunarvinnu á þessu sviði.

Nd. 119. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Alexander Stefánsson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

42. gr. laganna f-liður hljóði þannig:
Fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna.
Fyrrum f-liður verður g-liður og aðrir stafliðir færast aftur samkv. því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta vorþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Málið er nú endurflutt og fylgir því sama greinargerð, en lítið eitt lengri.

Með frv. þessu er lagt til að tekin séu inn í gildandi grunnskólalög ákvæði varðandi fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna. Í 42. gr. laganna er kveðið svo á, að menntamálaráðuneyti skuli setja grunnskólum aðalnámsskrá þar sem nánar er kveðið á um kennslu í þeim greinum sem taldar eru upp í 42. gr. í ellefu stafliðum. Með samþykkt þessa frumvarps yrðu stafliðirnir tólf.

Það er í rauninni undarlegt, að ákvæði um þessa fræðslu skuli hvergi að finna í sjálfum grunnskólalögunum, en skólanum engu að síður gert að inna hana af hendi samkvæmt ákvæðum í öðrum lögum. Er þar átt við gildandi áfengislög frá 1969, en þar eru skýlaus ákvæði um fræðslu í skólum landsins um áhrif áfengisneyslu. Einnig er til allítarleg reglugerð um bindindisfræðslu, er gefin var út árið 1956, skv. 31. gr. eldri áfengislaga frá 1954. Þessi gömlu ákvæði í lögum og reglugerð standa vissulega fyrir sínu, en það er skemmst frá að segja, að þeim hefur verið mjög slælega eða alls ekki framfylgt.

Flutningsmenn þessa frv. telja að samþykkt þess þurfi ekki af sjálfu sér að leiða til afnáms þessara ákvæða, sem fyrir eru í áfengislögum og reglugerð, þó svo að þau séu að sumu leyti úrelt orðin og þurfi breytinga við, það sé hins vegar eðlilegt og sjálfsagt að þessi fræðsluþáttur sé tekinn inn í núgildandi grunnskólalög og námsskrá, sem skólar landsins starfa eftir. Sérstaklega skal á það bent, að önnur ávana- og fíkniefni en áfengi eru ekki nefnd á nafn í fyrrnefndum lögum og reglugerð, enda eru þau samin á þeim tíma þegar kannabis og önnur þaðan af sterkari fíkniefni voru svo til óþekkt fyrirbæri hér á landi. Nú er hins vegar svo komið, að nauðsynlegt er að brugðist sé við með öflugu fyrirbyggjandi starfi gegn því, að þessi vágestur nái hér frekari fótfestu. Ekki verður séð að þessi efni hafi komið í stað áfengis, heldur til viðbótar. Mun ekki ofmælt að hver einasta fjölskylda í landinu sé nú í meiri eða minni mæli tengd eða ofurseld erfiðleikum og hörmungum vegna neyslu áfengis og annarra fíkniefna.

Fyrirbyggjandi starf getur farið fram eftir ýmsum leiðum. Upplýsingar og fræðsla eru ein leiðin. Sú leið er bæði vandrötuð og viðkvæm, getur gert illt verra ef ekki er rétt á haldið. Vafalaust verður fræðslan að vera hlutlæg og raunsæ og örva nemendur til sjálfstæðrar skoðanamyndunar og ábyrgrar afstöðu til neyslu þessara efna. Mikilvægt er einnig að starfandi kennarar og kennaraefni gangi til verks með upplýstu og jákvæðu hugarfari.

Lög og reglugerðir leysa hér ugglaust engan vanda, nema fyrir hendi sé áhugi og skilningur meðal þeirra aðila sem framkvæmdin mæðir á. Óhætt er að fullyrða að sá áhugi og góður vilji er til staðar hjá íslenskum skólamönnum og öðrum þeim sem vinna að varnaðarstarfi á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Ýmis ný viðhorf og hugmyndir, sem binda má vonir við, eru þar til umfjöllunar og úrvinnslu.

Í því sambandi skal bent á að snemma á þessu ári fóru tveir menn frá menntamálaráðuneytinu í náms- og kynnisferð til Bretlands í því skyni að kynna sér fræðslu um ávana- og fíkniefni innan skóla sem utan. Þessir menn voru þeir Sigurður Pálsson námsstjóri í kristnum fræðum, sem hefur jafnframt umsjón með bindindisfræðslu, og Ingvar Sigurgeirsson námsstjóri í samfélagsfræðum. Þessi ferð var farin í boði UNESCO sem hefur að undanförnu staðið fyrir umfangsmiklum aðgerðum á sviði ávana- og fíkniefnamála og gefið út ítarlega skýrslu þar sem birtar eru niðurstöður rannsókna.

Ákvæði það, sem þetta frumvarp gerir tillögu um að bætt verði inn í grunnskólalögin, mundi því falla í frjóan jarðveg og skapa um leið eðlilegan grundvöll að þessum vandmeðfarna fræðsluþætti innan skólanna.

Nd. 120. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980 og lög nr. 84/1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Í stað „1976—1982“ í 1. málsgr. 24. gr. laganna komi: 1976—1984, og í stað „1983“ komi: 1985.

Í stað „1980—1982“ í 2. málsgr. 24. gr. komi: 1980—1984.

2. gr.

4. málsgr. 27. gr. laganna (ákvæða til bráðabirgða) orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. málsgr., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu nefnt fimm ára tímabil borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

Með lögum nr. 3/1977 voru sett ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda árin 1976 og 1977 til samræmis við samkomulag Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í febrúar 1976 og breytingu á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Þessi ákvæði um verðtryggingu lífeyris úr Lífeyrissjóði bænda hafa síðan verið framlengd með nokkrum breytingum, síðast með lögum nr. 25/1980, en samkvæmt þeim lögum skyldu verðtryggingarákvæðin gilda til ársloka 1982. Í síðastnefndu lögunum er jafnframt kveðið á um, hvernig útgjöld til verðbótagreiðslna árin 1980—1982 skuli borin, og eru ákvæðin um það efni í samræmi við ákvæði laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra, sbr. 25. gr. þeirra laga.

Í samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 30. júní 1982 er gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun verðbótagreiðslna og kostnaðarskiptingar árin 1983—1984 að því er varðar greiðslur samkvæmt I. kafla laga nr. 97/1979, þ. e. eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Hefur nú verið lagt fram frumvarp til laga um breyting á þeim lögum, þar sem auk framlengingar á ákvæðum 21. og 24. gr. um verðtryggingu og kostnaðarskiptingu í samræmi við nefnt samkomulag er gert ráð fyrir hliðstæðri framlengingu á ákvæðum 22. og 25. gr. laganna. Lagafrumvarp þetta er við það miðað, að framlenging þessara lagaákvæða nái fram að ganga og eigi sér þá stað hliðstæð framlenging á núgildandi verðtryggingarákvæðum laga um Lífeyrissjóð bænda.

Nd. 121. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra og 12 sjómílna landhelgi umhverfis það, og skal sú landhelgi afmörkuð á sama hátt og gert er í 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Þá skal og teljast til tollsvæðis ríkisins loftrými það sem er yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

2. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Grundartangi
2. Borgarnes
3. Rif
4. Ólafsvík
5. Grundarfjörður
6. Stykkishólmur
7. Patreksfjörður
8. Þingeyri
9. Flateyri
10. Suðureyri
11. Bolungarvík
12. Hólmavík
13. Hvammstangi
14. Blönduós
15. Skagaströnd
16. Sauðárkrókur
17. Ólafsfjörður
18. Dalvík
19. Raufarhöfn
20. Þórshöfn
21. Vopnafjörður
22. Reyðarfjörður
23. Fáskrúðsfjörður
24. Djúpivogur
25. Höfn í Hornafirði
26. Þorlákshöfn

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæslunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um, að á skrána séu færðar allar þær vörur sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaforða farsins.
8. Skrá yfir gáma sem farið flytur, fjölda þeirra, auðkenni og innihald hvers um sig.
9. Skrá yfir allar aðrar vörur sem farið kann að flytja.
10. Öll önnur tollskjöl sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
11. Önnur skjöl og skilríki sem ákveðið kann að verða eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

4. gr.

25. gr. orðist svo:

Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að ekkert hverfi undan lás og að allt, sem undir lás skal vera, sé þar.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars geri skrá í þríriti yfir vörur skv. 1. mgr. Frumritið afhendist tollgæslunni við komu fars. Tvö eintök skulu fylgja fari meðan það er hér við land, og sendist tollgæslunni annað eintakið við brottför til útlanda en hitt skal vera í farinu við næstu komu þess til landsins.

Setja má í reglugerð ákvæði um, hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands, ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess, að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

5. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. orðist svo:

Tollgæslan gefur fari tollvegabréf til útlanda, telji hún ástæðu til, enda hafi stjórnandi fars fullnægt öllum skyldum sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti og ber að senda tollgæslustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er. Hið sama gildir ef sérstök innsiglisskrá er gerð.

6. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi.“
b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum.“

7. gr.

Í stað tölunnar „500“ í 68. gr. laganna komi: 10 000.

8. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

9. gr.

2. mgr. 76. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 30 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 60 000 kr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 41/1979 var landhelgi Íslands færð út í 12 sjómílur, en í 2. gr. er kveðið svo á að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni. Í 6. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit er tolllandhelgin hins vegar aðeins 4 sjómílur. Í athugasemdum við frumvarp að fyrrnefndum lögum segir að breytingar þessar muni fela í sér nauðsyn á breytingum á nokkrum lögum til samræmingar, þ. á m. á tollalögum. Er lagt til með grein þessari að íslensk tollalögsaga fylgi jafnan landhelgi Íslands svo sem hún er afmörkuð í lögum þar um og taki breytingum eins og hún. Þá er lagt til í 2. mgr. 2. gr. að tekið verði fram að loftrýmið yfir fyrrgreindu landsvæði tilheyri tollsvæði ríkisins. Er þetta í samræmi við 2. gr. laga nr. 41/1979 og gildandi þjóðarétt.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 7. gr. laganna verði breytt þannig að tollhöfnum verði fjölgað um sex og við núverandi tollhafnir bætist hafnir á eftirtöldum stöðum: Grundartanga, Rifi, Grundarfirði, Skagaströnd, Dalvík og Þórshöfn. Enda þótt hafnir þessar séu ekki tollhafnir fer þar fram nokkur tollafgreiðsla og sums staðar veruleg. Tollafgreiðsla á höfnum þessum hefur þó verið háð sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra hverju sinni í samráði við tollgæslustjóra skv. 5. mgr. 7. gr. laganna. Um ytri aðbúnað og hafnaraðstöðu eru hafnir þessar þó á engan hátt síðri en sumar þeirra hafna sem samkvæmt gildandi lögum eru viðurkenndar sem tollhafnir. Því verður að teljast eðlilegt að hafnir þær sem hér um ræðir verði látnar sitja við sama borð og tollhafnirnar að þessu leyti.

Um 3. gr.

Er gildandi lög um tollheimtu og tolleftirlit voru sett 1969 voru vöruflutningar með gámum ekki komnir til sögunnar. Þessi flutningsmáti hefur hins vegar rutt sér mjög til rúms á síðustu árum. Í ljósi reynslunnar þykir hins vegar bera nauðsyn til að auðveldað verði eftirlit með gámaflutningum, þannig að unnt sé t. d. að staðreyna fjölda, auðkenni svo og innihald þeirra hvers um sig.

Um 4. og 5. gr.

Á 24. fundi tollstjóra Norðurlanda sem haldinn var í Reykjavík í byrjun september 1981 var ákveðið að skipa samnorræna nefnd er skyldi skoða reglur sem gilda í löndunum um tollafgreiðslu skipa og tolleftirlit með þeim. Skyldi nefndin gera tillögur um samræmingu á þessum reglum þar sem það gæti horft til einföldunar og vinnusparnaðar án þess þó að það kæmi niður á árangri tolleftirlitsins.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi og er þegar ljóst að hvaða leyti hagsmunir Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða fara saman og hvaða atriðum í íslenskri tollalöggjöf þarf að breyta til þess að Ísland geti gerst aðili að samnorrænum vinnubrögðum í þessu efni. Er hér einkum um að ræða þau atriði í tollafgreiðslu sem lúta að innsiglun hátollavarnings, sbr. 25. gr. laganna, og útgáfu tollvegabréfa, sbr. 32. gr. Eins og framkvæmdin er nú eru þessir þættir tengdir að því leyti, að tollvegabréf verður ekki gefið út nema innsiglað hafi verið við komu fars til landsins, en innsiglun varnings og útgáfa tollvegabréfs eru tímafrekar aðgerðir.

Með breytingum á 25. og 32. gr. laganna er ætlað að skapa skilyrði fyrir hinni breyttu framkvæmd tollafgreiðslu sem stefnt er sameiginlega að á Norðurlöndum, án þess þó að girt sé fyrir að núverandi framkvæmd verði haldið áfram að öllu eða takmörkuðu leyti svo lengi sem nauðsynlegt er talið.

Innsiglun á tollskyldum varningi áhafnar svo og forða og birgðum fars, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota, er eins og fyrr segir tímafrek. Það er þó ljóst að þessi varningur verður að vera óaðgengilegur áhöfn þegar far er komið inn á íslenskt tollsvæði. Því er lagt til í 4. gr. að sú skylda verði lögð á stjórnanda fars að hann setji umræddan forða og birgðir undir lás, eins og það er orðað í greininni. Er þá átt við að hann sjái til þess að varningur þessi verði læstur inni í hans vörslu og geymdur á tryggilegan hátt.

Í 4. gr. felst sú breyting að í stað þess að innsiglað sé í fari við hverja komu þess til landsins verði innsiglun aðeins framkvæmd þegar tollgæslan telur ástæðu til af öryggisástæðum.

Í 3. mgr. 4. gr. er lagt til að stjórnandi fars geri skrá í þríriti yfir þann varning sem hann setur undir lás skv. 1. mgr. Verður þessari skrá ætlað að gegna sama hlutverki og innsiglisskráin og skipsforðalistinn gera við núverandi framkvæmd.

Það ákvæði 3. mgr. 4. gr., að eitt afrit af skrá skipstjóra skv. 1. mgr. skuli fylgja fari við komu þess til landsins úr næstu ferð, hefur í för með sér að norræn tollyfirvöld geta krafist eintaksins við komu til hafnar á Norðurlöndum. Þar með er tollvegabréfið í núverandi mynd orðið óþarft, þar sem sömu upplýsingar eiga að koma fram á skrá skipstjóra yfir það sem hann setur undir lás og koma fram á tollvegabréfum í núverandi mynd. Því er lagt til í 5. gr. að sú breyting verði gerð á 32. gr. laganna að afnumin verði sú skylda sem virðist hvíla á tollgæslunni til að gefa út tollvegabréf að uppfylltum vissum skilyrðum.

Um 6. gr.

Samkvæmt 2. tl. 57. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er krafist fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Ákvæði þetta hefur valdið þeim verulegum óþægindum og kostnaði sem þurft hafa að endursenda vörur auk þess sem það hefur óhjákvæmilega aukið vinnu við tollafgreiðslu á vörum hjá tollyfirvöldum. Önnur lagaákvæði tryggja að „viðtakandi“ fær þessa vöru aldrei í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Verður því að telja óþarft að krefjast tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðra vöru sem er í vörslu farmflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta tryggingarákvæði verði fellt niður.

Í 3. tl. 57. gr. er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi ákvæðisins eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildarverðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., er fráleitt að þurfa að senda alla vélina utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.

Um 7. gr.

Lagt er til samkvæmt þessari grein að hámark dagsekta skv. 68. gr. laganna verði hækkað úr 500 kr. í 10 000. kr.

Um 8. gr.

Samkvæmt almennum hegningarlögum er hámark sekta 1 milljón króna. Sektarhámark þetta gildir ekki aðeins um sektarákvarðanir samkvæmt hegningarlögum heldur og um sektarákvarðanir samkvæmt ýmsum sérlögum þar sem sektarhámark er ekki ákveðið. Núverandi hámark sekta samkvæmt lögunum er ekki lengur í samræmi við almennar sektarheimildir og er því nauðsynlegt að gera breytingar þar á. Með frumvarpi þessu er lagt til að horfið verði frá því að ákveða almennt sektarhámark í lögunum sjálfum, en í þess stað verði hámark þeirra látið ráðast af hámarki þeirra fésekta sem heimilt verður að beita hverju sinni skv. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum.

Um 9. gr.

Lagt er til að sektarfjárhæð og eignarupptökufjárhæð í 2. mgr. 76. gr. laganna verði hækkaðar. Fjárhæðum þessum var síðast breytt með lögum 31/1979 og var þá sektarfjárhæðin hækkuð í 350 000 gkr. og eignarupptökuheimildin í 500 000 gkr. Er hér lögð til veruleg hækkun, annars vegar vegna verðlagsþróunar, en hins vegar hækkun umfram það til þess að fjölga þeim málum sem afgreiðslu geta hlotið með sáttargerð þegar á frumstigi hjá embætti tollgæslustjóra. Við núverandi mörk er aðeins hægt að taka til meðferðar hin allra smæstu mál, en öll önnur þurfa að ganga til ríkissaksóknara og þaðan til sakadómsmeðferðar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 122. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Á undan 4. mgr. 21. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Í reglugerð eða öðrum fyrirmælum má ákveða að farmflytjandi, miðlari eða annar umboðsmaður skrái innfluttar vörur áður en þær eru afhentar úr vörslu farmflytjanda.

2. gr.

50. gr. laganna orðist svo:

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar far tekur höfn, þar sem vara verður afhent, og skal greiða í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri. Þó skal heimilt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að heimila innflytjanda greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er hluti vörusendingar í farmskrárnúmeri, enda hafi verið gefið út undirfarmskírteini eða undirflugfarmbréf vegna flutnings vörunnar eða aðstæður verða að öðru leyti taldar þess valdandi að ástæða sé til þess að veita innflytjanda heimild til tollafgreiðslu á hluta vörusendingar.

Um eindaga aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum 52. og 53. gr.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vöru sem látin hefur verið í tollvörugeymslu fer þó samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., nema innflytjandi hafi fengið heimild til greiðslufrests skv. 53. gr.

3. gr.

Við 51. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Hafi innflytjanda verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 53. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld, sem hann er skuldfærður fyrir í öðru tollumdæmi, hjá þeim tollstjóra þar sem hann hefur verið skráður skv. 53. gr.

4. gr.

1. mgr. 52. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., og skal frestur þessi ekki vera lengri en sex mánuðir. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar settrar samkvæmt þessari málsgrein er ekki fullnægt, svo sem stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

5. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum. Heimild þessa má takmarka við innflytjendur sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmenn þeirra og miðlara, svo og innflytjendur sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar. Ráðherra getur í reglugerð ákveðið hvað telja skuli aðföng í þessu tilliti. Heimild til greiðslufrests má jafnframt binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næst liðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

Heimild til greiðslufrests er bundin því skilyrði að sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem ráðherra telur fullnægjandi. Falla má síðar frá þessu skilyrði hafi ekki komið til vanskila af hálfu innflytjanda sem haft hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í minnst 6 mánuði og hann uppfyllt að öðru leyti önnur þau skilyrði sem sett kunna að verða í reglugerð.

Greiðslufrestur af aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far tekur höfn, sbr. 50. gr., eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugeymslu. Aðflutningsgjöld sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara í sama mánuði skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir komudag flutningsfars til landsins eða úttektardag úr tollvörugeymslu. Ákveða má aðra eindaga í reglugerð. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga samkvæmt þessari málsgrein skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir og innheimtir í ríkissjóð. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands með síðari breytingum og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem sviptingu greiðslufrests, tímabundið eða að fullu, eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Hafi frestur verið veittur til greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim sömu vexti og gilda hverju sinni um innlán á sparisjóðsbókum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 með síðari breytingum.

Innflytjandi sem fær greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal tollafgreiða allan innflutning sinn á þeim kjörum. Þó skal heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði, ef sérstakar ástæður þykja til. Innflutningur með greiðslufresti skal að öðru leyti gilda um tollafgreiðslu á innfluttum vörum sama innflytjanda í öllum tollumdæmum landsins.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein.

Innflytjendur skulu skráðir hjá tollyfirvaldi þar sem lögheimili þeirra er, eða þeir telja lögheimili sitt vera samkvæmt samþykktum, eða stjórn þeirra er, ef um lögaðila er að ræða. Í reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um tilkynningu til skráningar, skráningarskírteini og viðurlög ef tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

6. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Aðflutt vara skal vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir henni fyrr en afhendingarheimild viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Veðrétturinn helst þrátt fyrir afhendingu. Séu skil ekki gerð í síðasta lagi á eindaga, sbr. 1. mgr. 52. gr., hefur tollstjóri, þ. e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli svo og tollstjórinn í Reykjavík,

eða umboðsmaður hans, heimild til að halda uppboð og selja vöruna án undanfarins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Telji tollstjóri að hærra verð megi fá fyrir vöru með öðrum hætti en sölu á uppboði skal honum heimilt að leita tilboða í vöruna og selja hæstbjóðanda ef viðunandi tilboð fæst.

Náist ekki til þeirrar vöru sem af átti að greiða má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á nauðungaruppboði.

Tollstjóri getur neitað þeim sem á ógreidd aðflutningsgjöld eða annan kostnað samkvæmt framangreindu um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

Aðflutningsgjöldin greiðast af uppboðsandvirði eða söluandvirði, sbr. síðasta málsl. 1. mgr., með forgangsrétti næst á eftir uppboðs- eða sölukostnaði vörunnar. Sé uppboðsandvirði eða söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangs er samkvæmt framangreindu innan árs frá uppboðsdegi eða söludegi fellur upphæðin til ríkissjóðs.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skulu heimildarákvæði 3. og 5. gr. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1984.

Ákvæði 4. gr. um eindaga aðflutningsgjalda skal koma til framkvæmda í áföngum þannig að tollafgreiðslufrestur styttist frá og með 1. janúar 1984 í tveimur áföngum úr tólf mánuðum í sex mánuði og skal marki þessu náð hinn 1. janúar 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Hinn 3. apríl 1981 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og semja frumvarp til laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir Gunnlaugur Sigmundsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Árni Árnason framkvæmdastjóri, Björn Hermannsson tollstjóri í Reykjavík, Júlíus Sæberg Ólafsson forstjóri og Þorsteinn Ólafsson fulltrúi forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ritari nefndarinnar var skipaður Sigurgeir A. Jónsson fulltrúi í fjármálaráðuneytinu. Frumvarp það sem hér er lagt fyrir Alþingi um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum er í meginatriðum byggt á frumvarpi því sem nefndin hefur samið. Var það lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er nú lagt fram aftur í óbreyttri mynd að öðru leyti en því að fjárhæðir í greinargerð hafa verið hækkaðar til samræmis við verðlagsþróun, og gildistöku í bráðabirgðaákvæðinu hefur verið seinkað um eitt ár. Þá hafa verið felldar brott úr frumvarpinu nokkrar greinar sem lúta að breytingum á sektar- og eignaupptökufjárhæðum laganna, auk breytinga á 57. gr. laganna um endursendingar á vörum til útlanda. Hafa greinar þessar verið fluttar í annað frumvarp til breytinga á lögum um tollheimtu og tolleftirlit sem fjallar um fjölgun tollhafna o. fl., en breytingar þessar eru það brýnar að ekki þykir fært að láta framgang þeirra ráðast af framgangi frumvarps þessa.

Áður en vikið verður að meginefni frumvarps þessa um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þykir rétt að víkja nokkrum orðum að tildrögum þess að ákveðið var að leggja fram frumvarp um þetta efni þrátt fyrir að í nefndum lögum sé að finna heimildarákvæði um lán á aðflutningsgjöldum.

Með samþykkt laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit var tekið upp það nýmæli að heimila fjármálaráðherra að veita tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum gegn bankatryggingu eða annarri jafngildri tryggingu. Heimild þessi var bundin því skilyrði að vara yrði tollafgreidd og flutt úr vörugeymslu innan mánaðar frá komudegi flutningsfars til landsins. Jafnframt var gert ráð fyrir að innflytjandi gæfi við tollafgreiðslu út skuldaryfirlýsingu fyrir upphæð aðflutningsgjalda og greiddi þá upphæð síðan í peningum innan tiltekins frests. Tilgangurinn með þessu heimildarákvæði var að mæta hugsanlegum erfiðleikum sem skapast gætu hjá ýmsum innflytjendum við þá ákvörðun að herða á tollafgreiðslu vara með styttingu tollafgreiðslufrests, en brögð þóttu að því á þeim tíma að vörur væru látnar liggja óhæfilega lengi í vörugeymslum farmflytjenda. Hafi þetta valdið ýmsum erfiðleikum, eins og töfum við afgreiðslu á og eftirlit með innfluttum vörum, auk þess sem vörur urðu fyrir ýmsu hnjaski í vörugeymslum við sífelldar tilfærslur. Að baki þessu ákvæði bjó því ekki sú hugsun að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eða yfirleitt að fjármagna innflutningsverslunina, heldur að greiða fyrir og flýta tollafgreiðslu á ýmsum vöruflokkum sem algengt væri að flytja inn í stórum förmum og erfiðleikum væri bundið að geyma í vörugeymslum farmflytjenda. Var enda tekið fram í lögunum að takmarka mætti greiðslufrestinn við ákveðnar tegundir vöru. Þegar til átti að taka og beita heimildarákvæðinu kom hins vegar í ljós að af hálfu bankanna var talið ýmsum annmörkum háð að þeir tækju að sér að ábyrgjast kröfur ríkissjóðs á hendur innflytjendum samkvæmt skuldarviðurkenningum sem út yrðu gefnar við tollafgreiðslu hverju sinni eins og ráð hafði verið gert fyrir við setningu laganna. Meðal annars af þeim sökum komst heimildarákvæðið aldrei til framkvæmda með þeim hætti sem ætlast hafði verið til í öndverðu. Fjármálaráðuneytið hefur þó í einstaka tilvikum veitt greiðslufrest á aðflutningsgjöldum með hliðsjón af ákvæðinu eins og nánar er greint frá í athugasemdum við 5. gr.

Á árinu 1977 var málefni þessu hreyft að nýju af þáverandi fjármálaráðherra, Matthíasi Á. Mathiesen, er hann skipaði nefnd hinn 29. apríl það ár til þess að endurskoða gildandi lög og reglur um tollheimtu og tolleftirlit. Meðal verkefna nefndarinnar var að skila tillögum um gjalddaga, greiðslufrest og fullnustu aðflutningsgjalda. Skilaði nefndin áliti sínu og skýrslu í ágúst 1978. Var þar einkum fjallað um að taka upp greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og lagt til að það yrði gert á grundvelli sérstakrar löggjafar. Mál þetta lá síðan í láginni til ársins 1979 er frumvarp um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit var lagt fram af nokkrum þingmönnum, þar sem lagt var til að gerðar yrðu breytingar á 53. gr. laganna og greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum tekinn upp. Í greinargerð með frumvarpi þessu, sbr. þingskjal nr. 462 (102. löggjafarþing), er gerð grein fyrir meginefni nefndarálitsins frá 1978, sem óþarft er því að gera nánari grein fyrir hér.

Í umfjöllun um áhrif greiðslufrests á aðflutningsgjöldum á tekjur ríkissjóðs hefur verið reynt að meta hversu mikil hliðrun verði á innheimtu aðflutningsgjalda. Niðurstöður þeirra athugana benda til þess að tekjuhliðrun eigi sér mjög fljótt stað og komi jafnvel fram af fullum þunga á fyrstu sex mánuðunum. Um þetta efni að öðru leyti vísast til tillagna til fjármálaráðherra um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum frá því í september 1981, sem þegar hefur verið dreift til alþingismanna. Ljóst er að erfitt er fyrir ríkissjóð að taka á sig slíka tekjuhliðrun á sama fjárhagsári nema ráð sé fyrir því gert í fjárlögum. Í frumvarpi þessu er við það miðað að heimild til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum komi til framkvæmda í áföngum á 12 mánuðum.

Verði lagafrumvarp það er hér liggur fyrir samþykkt á þessu þingi er talið að tæknilegar forsendur séu fyrir því að hefja framkvæmd laganna 1. janúar 1984. Er gert ráð fyrir því að þá

verði innflytjendum, sem á árinu 1982 fluttu inn vörur fyrir 35 m. kr. eða meira, veitt heimild til innflutnings með greiðslufresti. Á árinu 1984 verði þessi mörk síðan lækkuð í áföngum þannig að síðasti hópurinn, innflytjendur með a. m. k. 1,5 m. kr. innflutning á verðlagi 1982, fái slíka heimild frá og með 1. janúar 1985. Rétt þykir að geta þess hér að nú hefur reglum um gildistíma tollafgreiðslugengis verið breytt þannig að nú er ekki lengur unnt að festa gengið til lengri tíma en eins mánaðar, en sú ráðstöfun getur haft einhver áhrif á fjárhæð innheimtra aðflutningsgjalda þegar til lengri tíma er litið og haft einhver áhrif til aukningar ríkissjóðstekna. Verði sú raunin má ætla að aðlögun verði auðveldari að því er varðar getu ríkissjóðs til að mæta seinkun á innheimtum tekjum, auk þess sem minni hætta er á örðugleikum í framkvæmd samfara nýrri tilhögun á tollheimtu og tollgæslu. Á það skal þó lögð áhersla að mikið starf er enn óunnið í sambandi við tæknilega lausn málsins hjá tollheimtumönnum ríkissjóðs þó að lagatæknileg atriði varðandi upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum yrðu leyst með samþykkt þessa frumvarps. Verður ekki séð að framkvæmdin verði tryggð nema til komi tölvuvæðing tollheimtuembættanna.

Athygli skal vakin á því að gert er ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp til breytingar á ákvæðum í lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, þ. e. þau ákvæði er kveða á um að eigi megi tollafgreiða vöru nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um það að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti, en skylda tollyfirvalda til að kanna að bankastimplun hafi átt sér stað er byggð á ákvæðum þessum. Verði það frumvarp samþykkt sem lög frá Alþingi mun þessi kvöð falla niður, enda mundi hún í óbreyttri mynd koma í veg fyrir það hagræði sem að er stefnt með greiðslufrestinum. Ákvæði um bankastimplun skjala mun komin til með það í huga að örva vilja erlendra seljenda til að senda vörur til Íslands án þess að þær væru fyrst greiddar. Að öðru leyti er vísað til nefnds frumvarps um breytingu þessa. Eftirlit tollyfirvalda með því að krafa væri greidd eða hún tryggð áður en tollyfirvöld heimiluðu afhendingu vöru mun því hafa átt að skapa Íslandi viðskiptatraust og greiða að öðru leyti fyrir vöruflutningum til landsins. Slík gæsla ríkisvaldsins á hagsmunum erlendra seljenda á sér engar forsendur nú en veldur hins vegar innflytjendum og tollyfirvöldum verulegu óhagræði. Er því óhjákvæmilegt að fella ákvæði þessi niður ef ná á markmiðum þeim sem að er stefnt með upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum. Benda má á að í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands hefur fyrir löngu verið horfið frá slíku eftirliti af hálfu tollyfirvalda og mun Finnland, sem auk Íslands hafði í reglum um tolleftirlit slík ákvæði, hafa fellt þau úr gildi fyrir nokkrum árum.

Eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við 5. gr. er lagt til að öll nánari framkvæmd greiðslufrests á aðflutningsgjöldum verði ákveðin í reglugerð. Drög að reglugerð um þetta efni hefur verið samin og vísast þar um til fyrrnefndra tillagna til fjármálaráðherra frá september 1981 svo og athugasemda við 5. gr.

Frumvarp þetta miðar fyrst og fremst að því að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit vegna upptöku á nefndum greiðslufresti eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Jafnframt hefur þó verið talið æskilegt að koma samhliða við öðrum breytingum á lögunum, eins og upptöku heimildar í 50. gr. laganna um skiptingu farmskrárnúmera, að uppfylltum nánari skilyrðum, til þess að innflytjandi geti greitt aðflutningsgjöld af hluta vörusendingar sem er margar vörueiningar. Um breytingar þessar er fjallað sérstaklega í athugasemdum við einstakar greinar og þykir því eigi ástæða til að fjölyrða um þær hér.

Verði frumvarp þetta samþykkt og nauðsynlegar heimildir fást til þess að koma á lánsviðskiptum vegna aðflutningsgjalda verður jafnframt að gera ýmsar breytingar á lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. Er gert ráð fyrir að tillögum að breytingum þessum verði gerð viðeigandi skil í frumvarpi að tollskrárlögum sem nú er unnið að í fjármálaráðuneytinu og fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er meginregla tollalaga sú að vörur verða eigi afhentar fyrr en lögð hefur verið fram aðflutningsskýrsla ásamt vörureikningi yfir vöruna hjá viðkomandi tollstjóra. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er hins vegar gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á tollafgreiðslu vara, m. a. hvað afhendingu þeirra snertir svo og vinnslu þeirra tollskjala sem nauðsynlegt verður að leggja fram hjá tollyfirvöldum til þess að endanleg tollafgreiðsla varanna geti farið fram. Í tengslum við upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er þannig fyrirhugað að veita innflytjendum, sem slíkan greiðslufrest fá, heimild til þess að taka vörur, sem tollfrjálsar eru án tillits til uppruna, beint frá farmflytjendum án þess að hafa áður lagt fram þau aðflutningsskjöl sem nú er gerð krafa um að afhent séu tollstjóra áður en hann veitir heimild til afhendingar vöru. Til þess að þetta megi verða er ljóst að gera verður kröfu um lágmarksskráningu þessara vara. Þykir eðlilegast að skráning þessi verði framkvæmd af farmflytjanda, miðlara eða öðrum umboðsmanni. Þar sem skýra lagaheimild um slíka skráningu er ekki að finna í núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er lagt til að ákvæði þar að lútandi verði tekið upp í 21. gr. laganna.

Um 2. gr.

Á undanförnum árum hefur stöðugt borið meira á því að erlendir flutningamiðlarar, sem annast sendingu vara milli landa, safni saman vörum sem senda á til ýmissa aðila í sama landi og setji á eitt farmbréf. Farmflytjendur færa síðan vörurnar á farmskrá undir einu og sama farmskrárnúmeri. Þessi háttur í flutningum, sem almennt gengur undir nafninu „consolidation", virðist færast í vöxt vegna vöruflutninga hingað til lands, og skapar það viss vandkvæði vegna gildandi lagaákvæða um tollafgreiðslu vara. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld séu greidd í einu lagi af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri. Strangt til tekið má því ekki heimila tollafgreiðslu á vörum sem safnað hefur verið saman á eitt farmbréf og settar í eitt farmskrárnúmer á annan hátt en þann, að aðflutningsgjöldin séu greidd í einu lagi án tillits til fjölda móttakenda. Í framkvæmd hefur verið talið óhjákvæmilegt að heimila í þessum svo og öðrum afmörkuðum tilvikum sérstaka uppskiptingu viðkomandi farmskrárnúmera, þannig að einstakir innflytjendur gætu leyst til sín vöru úr slíkum sameinuðum sendingum eða hluta vörusendingar án tillits til annarra innflytjenda eða vörusendingar í heild. Til þess að færa gildandi lagaákvæði til samræmis við breyttar aðferðir við sendingu vara milli landa og fá að öðru leyti ótvíræða lagastoð fyrir skiptingu farmskrárnúmera og notkun svonefndra undirfarmskírteina er lagt til að sérstakt heimildarákvæði þar að lútandi verði tekið upp í 1. mgr. 50. gr. núgildandi laga.

Með 2. mgr. er lagt til að ákvæði verði tekið upp um eindaga aðflutningsgjalda sem gert er ráð fyrir að ákveðinn verði með þeim hætti sem lýst er í 52. og 53. gr. laganna, sbr. athugasemdir við þær greinar hér á eftir.

Að lokum er settur fyrirvari um gjalddaga og eindaga aðflutningsgjalda af vörum sem settar hafa verið í tollvörugeymslur og veittur hefur verið greiðslufrestur á.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi 51. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu aðflutningsgjöld annaðhvort greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr flutningsfari eða tollstjóra í því umdæmi sem vara er framsend til ótollafgreidd skv. 5. gr. laganna. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að innflytjandi sem veittur verður greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum greiði skuld sína hjá þeim tollstjóra þar sem hann verður í framtíðinni talinn skráður, sbr. athugasemdir við 5. gr. þessa frumvarps. Þykir rétt að tekin verði upp ný

málsgrein í 51. gr. laganna sem kveði á um frávik frá þeirri meginreglu sem nú gildir ófrávíkjanlega um greiðslustað aðflutningsgjalda og skyldu innflytjanda til greiðslu þeirra á skráningarstað.

Um 4. gr.

Frestur til tollafgreiðslu á vörum er almennt eitt ár frá komudegi flutningsfars til landsins. Um tollvörugeymslur gilda hins vegar sérreglur og verður tollafgreiðslu á vörum sem í þær eru settar almennt að vera lokið innan þriggja ára. Ljóst er að markmiðum þeim sem að er stefnt með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að veita innflytjendum greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, þ. e. að stytta almennt geymslutíma vara hjá farmflytjendum, verður ekki fyllilega náð með greiðslufresti einum saman og verður því að gera ráð fyrir að frestur til tollafgreiðslu verði almennt styttur. Langmestur hluti innfluttra vara er tollafgreiddur á fyrstu mánuðum eftir innflutning eða þeim komið á sama tíma í tollvörugeymslu. Benda athuganir til að innan sex mánaða frá komu flutningsfars til landsins hafi yfir 90% af innflutningi annaðhvort verið tollafgreiddur og tekinn úr vörslu farmflytjenda eða komið fyrir í tollvörugeymslu. Lítil ástæða virðist til þess að lengri tími sé almennt veittur til geymslu ótollafgreiddra vara hjá farmflytjendum en raun ber vitni og er því lagt til samkvæmt 3. gr. frumvarpsins að frestur til tollafgreiðslu vara eða flutnings þeirra í tollvörugeymslu verði almennt sex mánuðir en ráðherra geti þó í undantekningartilvikum heimilað lengri frest þegar brýnar ástæður þykja til.

Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að heimilt sé að beita dráttarvöxtum sem viðurlögum, ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á gjalddaga eins og hann kann að vera ákveðinn samkvæmt 1. mgr. 52. gr. Með styttingu frests til tollafgreiðslu á vörum og jafnframt styttingu gildistíma tollafgreiðslugengis sem áhrif hefur á útreikning aðflutningsgjalda eins og lýst er hér að framan er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvæði um innheimtu dráttarvaxta verði tekið upp í 53. gr. laganna vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Um 5. gr.

Í 53. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er að finna heimild til handa fjármálaráðherra til þess að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Samkvæmt heimild þessari verður greiðslufrestur aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu sem talin verður fullnægjandi að mati fjármálaráðherra. Jafnframt er það skilyrði sett að varan sé tollafgreidd og flutt úr vörugeymslu innan frests sem ákveðinn verður í reglugerð og eigi má vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess sem flutti vöruna til landsins.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan hefur heimildin fram til þessa ekki verið notuð til að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en hins vegar höfð hliðsjón af henni í undantekningartilvikum þegar veittur hefur verið greiðslufrestur vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum. Heimildir þessar hafa verið mjög takmarkaðar og yfirleitt ekki veittar nema í þeim tilvikum þegar sérstakar ástæður hafa verið taldar geta réttlætt greiðslufrest, t. d. þegar um innkaup á vörum hefur verið að ræða frá löndum sem ekki hafa getað haldið útflutningshöfnum sínum opnum nema hluta úr ári og innflytjendur því orðið að kaupa vörubirgðir sem tekið hefur allt að hálfu ári að selja á innanlandsmarkaði. Sköpuðust þessar aðstæður hér áður fyrr einkum vegna kaupa landsmanna á timbri frá löndum við Eystrasalt. Þá hefur í framkvæmd gilt sú regla um tollafgreiðslu á vörum til skipasmíða og -viðgerða, að skipasmiðjum, viðgerðaraðilum og útgerðarmönnum hefur verið heimilað að greiða aðflutningsgjöld af vörum til þessara nota gegn útgáfu skuldarviðurkenningar sem síðar hefur verið skuldajafnað vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem heimiluð er samkvæmt sérstöku ákvæði í tollskrárlögum og reglum sem fjár-

málaráðuneytið hefur sett þar að lútandi. Í þriðja lagi má nefna að fjármálaráðherra hefur gert samkomulag við flest bifreiðainnflutningsfyrirtæki um allt að tuttugu daga greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum nýjum bifreiðum og hafa aðflutningsgjöld verið lánuð af bifreiðum frá því 1974. Einnig má minna á í þessu sambandi að sérstakt greiðslufyrirkomulag hefur gilt um innheimtu gjalds af gas- og brennsluolíum svo og bensíngjalds.

Þrátt fyrir að í lögum hafi um nokkurn tíma verið til staðar ákvæði er heimilaði greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og hliðsjón verið höfð af ákvæði þessu, þegar aðflutningsgjöld hafa verið lánuð vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum, hefur aldrei eins og áður sagði verið mörkuð stefna um notkun heimildarinnar almennt um innflutning á gjaldskyldum vörum. Ráðagerðir í þá átt hafa vart komist lengra en á umræðustig því að löngum hafa ýmsar blikur verið á lofti í efnahagsmálum og óvissa um stöðu ríkissjóðs. Vísast þar um til almennra athugasemda hér á undan. Þá hefur einnig þótt skorta nánari efnisleg ákvæði í lagaheimild sem skipt getur jafnmiklu máli um afkomu ríkissjóðs í upphafi slíkra lánsviðskipta eins og fram kemur í athugun Þjóðhagsstofnunar, sem birt er í nefndum tillögum til fjármálaráðherra. Meðal annars vegna þessa hefur þótt sérstök ástæða til þess að útbúa frumvarp til laga um breyting m. a. á ákvæðum 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit þar sem leitast væri við að setja efnisleg ákvæði um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum jafnframt því sem vilji Alþingis væri kannaður til slíkrar ráðstöfunar. Skal hér á eftir gerð nánari grein fyrir einstökum ákvæðum 5. gr. þessa frumvarps.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að fjármálaráðherra geti svo sem verið hefur veitt tollstjórum heimild til að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á vörum. Er gert ráð fyrir að það verði gert í formi reglugerðar þar sem kveðið verði nánar á um ýmis efnisleg skilyrði sem innflytjandi verði að uppfylla til þess að njóta slíkra kjara. Hafa drög að reglugerð um þetta efni verið samin eins og áður hefur verið að vikið. Gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að fyrst og fremst verði innflytjendum sem stunda innflutning í atvinnuskyni veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum. Þótt þetta verði meginreglan er ljóst með tilliti til núverandi fyrirkomulags á innflutningi landsmanna að veita verður ýmsum öðrum aðilum slíka heimild. Fjölmörg framleiðslufyrirtæki annast sjálf innflutning á ýmsum aðföngum til starfsemi sinnar og verður ekki komist hjá því að veita fyrirtækjum þessum sömu fyrirgreiðslu og þeim sem eingöngu stunda innflutningsverslun. Sama gildir um ýmsa viðgerðaraðila. Þá eru ótaldir flutningamiðlarar, en ætla má að umsvif þeirra eigi eftir að aukast á komandi árum ef höfð er í huga þróun þessara mála í nágrannalöndunum.

Í kjölfar aukinna milliríkjaviðskipta og tvíhliða eða marghliða milliríkjasamninga hafa óhjákvæmilega þróast flóknar reglur um innflutning á vörum. Þetta hefur aftur leitt til aukinna krafna bæði á hendur tollstarfsmönnum og eins innflytjendum um kunnáttu á þessu sviði til þess að ekki verði óþarfa tafir á tollafgreiðslu innfluttra vara. Bera flóknar reglur fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE ljósast merki um þessa þróun. Til þess að stuðla að sem bestri framkvæmd tollamála er óhjákvæmilegt að reynt verði á næstu árum að fjölga enn í þeim hópi innflytjenda sem sýnt hafa að þeir hafi til að bera þá lágmarkskekkingu sem er forsenda þess að um hnökralausa tollmeðferð vöru geti orðið að ræða. Markmiði þessu má ná með ýmsum hætti, t. d. aukinni fræðslu- og útgáfustarfsemi, bæði af hálfu hins opinbera og eins samtaka verslunarinnar, en til eru einnig aðrar leiðir. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að nánara eftirlit verði í framtíðinni haft með einstökum innflytjendum. Fyrirhuguð notkun tölva í sambandi við tollafgreiðslu á vörum, sem fyrirhuguð er á árinu 1983, mun auðvelda þetta eftirlit þegar fram í sækir. Slíkt eftirlit byggist óhjákvæmilega á skráningu allra innflytjenda og er því gert ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að tekin verði nú þegar upp sérstök skráning þeirra hjá tollstjórum eins og vikið verður að hér síðar. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi til atvinnurekstrar og skráðir hafa verið hjá tollstjórum geta vænst þess að fá heimild til að tollafgreiða vörur með greiðslufresti á

aðflutningsgjöldum. Við veitingu heimildarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að skoðað verði hvort óeðlilega oft hafi þurft að koma til afskipta tollyfirvalda af innflutningsskjölum viðkomandi innflytjanda. Virðist eðlilegast að láta greiðslufrest á aðflutningsgjöldum tengjast samskiptum innflytjanda að öðru leyti við tollyfirvöld eins og frágangi hans á aðflutningsskýrslum, tollflokkun vara o. s. frv.

Auk þeirra skilyrða sem nú hafa verið nefnd er gert ráð fyrir að innflutningur viðkomandi hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki. Í skýrslu þeirri sem fjármálaráðherra var skilað á árinu 1978 um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum var talið hæfilegt að miða við 10 m. gkr. sem lágmarksfjárhæð. Gert er ráð fyrir, að minnsta kosti í upphafi, að miðað verði við lágmarksinnflutningsverðmæti. Þar sem upptaka greiðslufrests mun hafa veruleg áhrif á tekjustreymi til ríkissjóðs þegar í upphafi, en óvissa í þeim efnum er óneitanlega nokkur, er gert ráð fyrir að lánsviðskipti þessi verði tekin upp í áföngum. Er við það miðað að heimildin verði í upphafi bundin við lágmarksinnflutningsverðmæti viðkomandi innflytjanda er nemi minnst 35 m. kr. á ári.

Í 2. mgr. 53. gr. er lagt til að greiðslufrestur verði bundinn því skilyrði að sett verði fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem ráðherra metur fullnægjandi. Er gert ráð fyrir að öllum verði í upphafi gert að setja tryggingu. Er fyrirhugað að trygging verði sett í formi sjálfskuldarábyrgðar banka, sparisjóðs eða tryggingar- eða ábyrgðarfélags og taki bæði til aðflutningsgjalda og dráttarvaxta, komi til vanskila af hálfu innflytjanda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að tryggingarfjárhæðin verði fjórðungur af þeirri fjárhæð sem fyrirtæki áætlar sem aðflutningsgjöld á því ári sem sótt er um heimild til greiðslufrests, enda sé tekið mið af greiddum aðflutningsgjöldum á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að falla megi frá þessu skilyrði hjá þeim aðilum sem haft hafa greiðslufrestsheimild í minnst sex mánuði og staðið í skilum á réttum gjalddögum, enda hafi aðflutningsskjölum ekki verið verulega áfátt, innflytjandi ekki sætt viðurlögum skv. 20. gr. tollskrárlaga eða orðið uppvís að refsiverðu broti á tollalöggjöfinni á sama tíma.

Um lengd greiðslufrestsins er fjallað í 3. mgr. 53. gr. Er lagt til að hann verði að meðaltali 60 dagar. Að því er varðar vörur sem geymdar eru hjá farmflytjendum er gert ráð fyrir að fresturinn miðist við þann tíma þegar far það tekur höfn sem flytur vöru til landsins. Upphaf greiðslufrests á vörum sem látnar hafa verið í tollvörugeymslu skal hins vegar miða við úttektardag úr tollvörugeymslu. Nánari ákvæði eru síðan sett um eindaga lánaðra aðflutningsgjalda og er gert ráð fyrir að gjöld lánuð vegna tollafgreiðslu vara í sama mánuði verði greidd í einu lagi hjá þeim tollstjóra þar sem innflytjandi er eða verður skráður. Þannig er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara sem koma til landsins í sama mánuði, skuli greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar talið frá komudegi flutningsfars eða úttektardegi úr tollvörugeymslu. Um uppsöfnun lánaðra aðflutningsgjalda á nefndu tímabili vísast til almennra athugasemda hér að framan svo og nefndrar greinargerðar Þjóðhagsstofnunar.

Komi til vanefnda af hálfu innflytjanda, sem veittur hefur verið greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, er gert ráð fyrir að gripið verði til innheimtu dráttarvaxta áður en gengið verður að þeim tryggingum sem gerð verður krafa um í upphafi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef til vanefnda kemur, svo sem sviptingu greiðslufrests tímabundið eða að fullu eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi. Jafnframt er lagt til að tekið verði í lögin heimildarákvæði um greiðslu vaxta af lánuðum aðflutningsgjöldum er verði hinir sömu og gilda hverju sinni um innlán á sparisjóðsbókum.

Ein af forsendum þeim sem búa að baki upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er stytting geymslutíma á ótollafgreiddum vörum í vörslu farmflytjenda sem aftur ætti að hafa í

för með sér aukinn veltuhraða, minni vörubirgðir og lægri vaxtakostnað af þeim sökum. Þessu markmiði verður ekki náð nema greiðslufrestur verði háður nokkrum skilyrðum. Til þess að ná fram nefndu hagræði og einnig til þess að auðvelda alla framkvæmd er nauðsynlegt að binda heimild til greiðslufrests því skilyrði að allur innflutningur sama innflytjanda verði tollafgreiddur á þessum greiðslukjörum. Ljóst er að viss vandamál geta komið upp í byrjun hjá innflytjendum þegar þeir verða að leysa til sín allar innfluttar vörur að meðaltali innan 60 daga frá komu til landsins eða koma þeim ella í tollvörugeymslu. Úr þessum vanda má draga ef innflytjendur reyna í framtíðinni að haga innflutningi sínum þannig að sem mestu hagræði verði náð með greiðslufrestinum með tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta, ef að lögum verður, komi til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá gildistöku ætti innflytjendum að gefast nægilegt svigrúm til að meta stöðu sína að nýju og gera viðeigandi breytingar á innkaupaháttum sínum, telji þeir slíkt nauðsynlegt. Þar sem viss vandamál eru tengd innflutningi, m. a. á bifreiðum, er gert ráð fyrir að heimilt verði að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði, enda verði sérstakar ástæður taldar þess valdandi, t. d. aðgerðir í efnahagsmálum. Þá er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir sérstökum undanþágum í þeim tilvikum þegar upp koma hindranir í innflutningi eins og verkföll o. þ. h.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir meginefni þeirra ákvæða sem gert er ráð fyrir að tekin verði í lög og greiðslufrestur miðist við. Um einstök framkvæmdaratriði varðandi greiðslufrestinn, skráningu innflytjenda og innfluttra vara vísast að öðru leyti til nefndra draga að reglugerð.

Um 6. gr.

Í 54. gr. núgildandi laga er m. a. svo kveðið á um að eigandi vöru hafi ekki rétt til að ráða yfir henni fyrr en búið sé að greiða aðflutningsgjöld, sektir og annan kostnað sem á vöru hvílir. Upptaka greiðslufrests á aðflutningsgjöldum leiðir óhjákvæmilega til þess að breyta verður ákvæði þessu og er því lagt til að réttur þessi verði við það miðaður að fyrir liggi heimild viðkomandi tollstjóra til afhendingar á vörunni. Gert er ráð fyrir að þetta taki einnig til vara sem bera engin gjöld og fyrirhugað er að veita greiðslufrestshöfum heimild til þess að fá afhenta úr vörslu farmflytjanda eftir að lágmarksskráning þeirra hefur farið fram, sbr. greinargerð við 1. gr. og III. kafla í drögum að reglugerð.

Séu skil ekki gerð á aðflutningsgjöldum innan ákveðinna tímamarka, sem nú er eitt ár talið frá komudegi flutningsfars vörunnar til landsins, hefur tollstjóri lögum samkvæmt vald til að grípa til þess þvingunarúrræðis að selja viðkomandi vöru á uppboði til lúkningar greiðslu gjalda. Frá þessari meginreglu hefur í framkvæmd gilt sú regla að borgarfógetaembættið í Reykjavík hefur séð um uppboð vegna ótollafgreiddra vara sem eru í tollumdæmi tollstjórans í Reykjavík. Framkvæmd þessa er talið leiða af almennu orðalagi í 3. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. Með tilliti til fyrirkomulags þess sem almennt gildir um heimild tollstjóra í öðrum tollumdæmum til þess að tollafgreiða vörur endanlega inn í landið og halda uppboð á vörum, fáist gjöld ekki greidd með öðrum hætti, er eðlilegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi á hendi sömu þvingunarúrræði sem síðasta stig í innheimtu tolla sem honum er reyndar falin skv. 6. gr. nefndra laga. Undirbúningsvinna vegna slíkra uppboða nú fer nær öll fram við embætti tollstjórans í Reykjavík og má því segja að eðlilegt sé að honum verði falið uppboðshaldið sjálft til þess að tollstjóri geti gengið sjálfur frá endanlegri tollafgreiðslu varanna.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir að greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum komi ekki til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá gildistöku laganna, verði frumvarp þetta samþykkt. Þykir það nauðsynlegt til þess að leysa megi ýmis vandamál tæknilegs eðlis auk þess sem á sama tíma þarf að vinna ýmis undirbúningsstörf vegna upptöku tölvuvinnslu tollskjala, sem er óhjákvæmileg samfara því breytta fyrirkomulagi sem hér um ræðir. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiðslufresturinn verði tekinn upp í áföngum og verði að fullu kominn til framkvæmda tólf mánuðum síðar. Þetta fyrirkomulag þykir nauðsynlegt vegna óvissu þeirrar sem áhrif af upptöku greiðslufrests munu hafa á tekjustreymi í ríkissjóð vegna tekjuhliðrunarinnar og veitir jafnframt visst svigrúm til að mæta ófyrirsjáanlegum vandamálum sem upp kunna að koma í framkvæmd og gera nauðsynlegar lagfæringar að því er þá hlið varðar. Fjallar 1. mgr. ákvæðisins um þetta efni.

Í almennum athugasemdum var gerð sérstaklega grein fyrir nauðsyn þess að breyta lögum nr. 63/1979 um gjaldeyris- og viðskiptamál vegna bankastimplunar tollskjala og er því vísað til þeirra um breytingu þessa.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir að aðlögunartími verði veittur vegna fyrirhugaðrar styttingar á fresti þeim sem nú gildir til tollafgreiðslu á innfluttum vörum. Lagt er til að hann verði styttur úr tólf mánuðum í sex mánuði í áföngum á einu ári talið frá 1. janúar 1984 verði greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum tekinn upp.

Ed. 123. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum mönnunarnefndar, skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga milli kaupskipaeigenda og stéttarfélags yfirmanna á kaupskipum hafi fyrirsvarsmenn þessara samtaka orðið sammála um, sem eitt samningsákvæðanna, að gerð verði breyting á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 69 30. apríl 1973, varðandi mönnun þessara skipa, m. a. með tilliti til tilsvarandi ákvæðis laga nr. 72 13. maí 1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum.

Nauðsyn beri til að gera þessa lagabreytingu án tafar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum mönnunarnefndar, skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. ágúst 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókunar 1978.

(Lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum sem gerður var í Lundúnum 2. nóvember 1973 og bókun 1978 við alþjóðasamninginn sem gerð var í Lundúnum 17. febrúar 1978. Alþjóðasamningurinn og bókunin eru prentuð sem fylgiskjöl með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Alþjóðasamningurinn um varnir gegn mengun frá skipum 1973 var undirritaður af fulltrúum 73 landa á ráðstefnu, sem haldin var á vegum alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London 8. október til 2. nóvember 1973. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal 1 við þessa þingsályktunartillögu.

Bókun 1978 við alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum 1973 var undirrituð af fulltrúum 64 landa á ráðstefnu sem haldin var á vegum alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London dagana 6. til 17. febrúar 1978. Bókunin er prentuð sem fylgiskjal 2 við þessa þingsályktunartillögu.

Bókunin var fyrst og fremst til að flýta fyrir gildistöku samningsins, þar eð fyrirsjáanlegur var mikill dráttur á gildistöku samningsins að öllu óbreyttu.

Alþjóðasamningurinn og bókunin ná til allra skipa í mjög víðtækri merkingu, þar með taldir fljótandi eða fastir vinnupallar (borturnar). Samningurinn nær til allrar mengunar sem verður sem bein afleiðing af rekstri skipa viljandi eða óviljandi.

Þessi alþjóðasamningur kemur í stað alþjóðasamþykktarinnar frá 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu ásamt síðari breytingum, er Ísland hefur staðfest og öðlast hafa lagagildi hér. Allt efni þeirrar samþykktar hefur verið tekið upp í þennan samning með nokkrum viðbótum og breytingum auk þess sem samningurinn fjallar um fleiri þætti mengunar frá skipum en olíumengun.

Alþjóðasamningurinn er þannig uppbyggður, að fyrst er heildarbálkur um almenn lagaleg atriði samningsins og skuldbindingar samningsaðila. Eftir þennan heildarbálk koma 5 sjálfstæðir viðaukar (tæknihlutar), þar sem fjallað er nánar um framkvæmd einstakra þátta samningsins. Þessi skipting samningsins í heildarbálk og viðauka þýðir í raun samkvæmt ákvæðum samningins, að auðveldara verður að gera breytingar á framkvæmdaþáttum samningsins t. d. í ljósi tækniþróunar og reynslu. Í eldri samningum hefur jafnan þurft að halda nýjar ráðstefnur til þess að koma slíkum breytingum að, sem hefur á hinn bóginn tafið mjög þróun mála. Hér eru viðaukarnir ekki birtir en hægt er að sjá þá í utanríkisráðuneytinu.

Viðaukar samningsins fjalla um eftirtalda málaflokka:
Viðauki I: Olíumengun.
Viðauki II: Mengun frá hættulegum fljótandi efnum í farmgeymum skipa.
Viðauki III: Mengun frá hættulegum efnum í umbúðum eða lausum geymum.
Viðauki IV: Skolpmengun.
Viðauki V: Sorpmengun.

Auk þess fylgja samningnum tvær bókanir, bókun I þar sem kveðið er á um skýrslugerð vegna mengunaróhappa frá skipum skv. ákvæðum samningsins og bókun II, þar sem fjallað er um skipun gerðardóms til að útkljá deilumál milli samningsaðila sbr. 10. gr. samningsins.

Í samningnum er gert ráð fyrir því að til þess að staðfesta hann þurfi ríkisstjórn samningsaðila að staðfesta og lögleiða a. m. k. tvo fyrstu viðaukana, en hafi frjálsar hendur um lögleiðingu hinna viðaukanna. Með bókun 1978 við samninginn eru samningsaðilar hins vegar undanþegnir þeirri skyldu að staðfesta og lögleiða viðauka II um leið og þeir staðfesta samninginn í a. m. k. þrjú ár eftir að samningurinn tekur gildi. M. ö. o. þá opnar bókunin 1978 samningsaðilum leið til þess að staðfesta samninginn frá 1973 án þess að binda sig frekar að ákvæðum viðauka II.

Í framhaldi af þessari breytingu á samningnum hafa allmörg ríki staðfest samninginn eða eru í þann veginn að staðfesta hann þ. á m. öll hin Norðurlöndin. Samningurinn gengur í gildi tólf mánuðum eftir að 15 ríki með minnst 50% af kaupskipaflota heimsins hafa staðfest hann. Er talið að samningurinn og ákvæði viðauka I muni ganga í gildi seinni hluta árs 1983.

Sú leið verður farin hér á landi að koma skuldbindingum sem í samningnum felast í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Lagaheimild skortir til þess að geta sett reglugerð um alla þá þætti sem samningurinn fjallar um en lagt verður fram á vegum samgönguráðuneytisins frumvarp til laga um heimild til að setja slíkar reglur.

Efnisákvæði viðauka I.

Þar eð staðfesting Íslands á samningnum frá 1973 og bókuninni frá 1978 hefði í för með sér lögleiðingu ákvæða í viðauka I við samninginn, er rétt að geta þess hér, að við núverandi samsetningu í skipaflota landsins, ætti staðfesting samningsins og viðauka I (sama gildir jafnframt um viðauka II), út af fyrir sig, ekki að hafa í för með sér teljandi útgjaldaauka fyrir skipaeigendur í landinu. Þær hertu kröfur sem fram koma í viðauka I frá gildandi alþjóðasamþykkt um varnir gegn olíuóhreinkun sjávar snerta okkar skipaflota að mjög litlu leyti. Þannig eru gerðar mun meiri kröfur en áður til olíuskipa stærri en 20 000 brl. (stærsta íslenska olíuskipið er 1432 brl.), og mjög hertar kröfur til losunar á sérstökum inniluktum hafsvæðum t. d. í Eystrasalti og Miðjarðarhafi. Gagnvart almennum flutningaskipum og minni skipum eru hins vegar ekki gerðar meiri kröfur að neinu marki frá gildandi alþjóðasamþykkt utan þess, ef skip sigla um hin sérstöku hafsvæði sem fyrr eru nefnd. Þannig má segja að öll íslensk skip, önnur en olíuskip, er fullnægja nú þegar gildandi reglum um búnað skipa til varnar gegn olíumengun sjávar, St.tíð. B. nr. 399/1978, muni uppfylla ákvæði viðauka I við samninginn, hvað varðar búnað skipa.

Hvað varðar framkvæmdir og kostnað þar af vegna gildistöku samningsins hér á landi fyrir íslensk stjórnvöld, er rétt að nefna þörf móttökuaðstöðu fyrir olíuúrgang frá skipum í höfnum, en slík ákvæði eru einnig í gildandi alþjóðasamþykkt um varnir gegn olíuóhreinkun sjávar og þurfa því hvort eð er að leysast með einum eða öðrum hætti í framtíðinni. Er stöðugt unnið að þeim málum í samvinnu Siglingamálastofnunar, íslensku olíufélaganna og hafnaryfirvalda og verður svo gert áfram. Þá verður að gera ráð fyrir því að gildistaka samningsins hafi í för með sér einhverja aukningu opinberra afskipta vegna mengunar frá

skipum, þ. m. t. eftirlit með búnaði skipa og byggingu þeirra og eftirlit með færslu olíudagbóka. Þessi starfsemi snertir fyrst og fremst Siglingamálastofnun ríkisins sem hefur hingað til séð um þessi mál. Erfitt er að meta nákvæmlega kostnaðarauka fyrir stofnunina af þessu starfi, en þar ætti þó ekki að vera um teljandi aukningu að ræða af ástæðum, sem fyrr eru nefndar, sérstaklega ef, eins og allt bendir til, olíufélög og hafnaryfirvöld sjá að mestu um sköpun aðstöðu til móttöku olíuúrgangs í höfnum.

Fylgiskjal 1.

ALÞJÓÐASAMNINGUR
um varnir gegn mengun frá skipum 1973

SAMNINGSAÐILAR,

GERA SÉR LJÓST að þörf er á að vernda allt umhverfi mannsins og sérstaklega hafið,

VIÐURKENNA að losun olíu og annarra skaðlegra efna frá skipum af ásetningi, skeytingarleysi eða slysni er alvarlegur mengunarvaldur,

VIÐURKENNA EINNIG mikilvægi alþjóðasamþykktarinnar um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu, 1954, sem fyrsta fjölþjóðasamningsins sem gerður var í þeim megintilgangi að vernda umhverfið og meta þann mikla þátt sem sú samþykkt hefur átt í að vernda hafið og strendur sjávar gegn mengun,

HAFA HUG Á að uppræta með öllu mengun hafsins af ásettu ráði af völdum olíu og annarra skaðlegra efna og draga sem mest úr losun slíkra efna af slysni,

TELJA að þessu marki verði best náð með því að setja reglur sem ekki séu takmarkaðar við olíumengun og hafi almennt gildi,

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN um eftirfarandi:

1. gr.
Almennar skuldbindingar samningsins.

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að framfylgja ákvæðum þessa samnings og þeirra viðauka hans sem þeir eru bundnir af til þess að koma í veg fyrir mengun hafsins vegna losunar skaðlegra efna

INTERNATIONAL CONVENTION
for the Prevention of Pollution from Ships, 1973

THE PARTIES TO THE CONVENTION,

BEING CONSCIOUS of the need to preserve the human environment in general and the marine environment in particular,

RECOGNIZING that deliberate, negligent or accidental release of oil and other harmful substances from ships constitutes a serious source of pollution,

RECOGNIZING ALSO the importance of the International Convention for the Prevention of Pollution of the Sea by Oil, 1954, as being the first multilateral instrument to be concluded with the prime objective of protecting the environment, and appreciating the significant contribution which that Convention has made in preserving the seas and coastal environment from pollution,

DESIRING to achieve the complete elimination of intentional pollution of the marine environment by oil and other harmful substances and the minimization of accidental discharge of such substances,

CONSIDERING that this object may best be achieved by establishing rules not limited to oil pollution having a universal purport,

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1
General Obligations under the Convention

(1) The Parties to the Convention undertake to give effect to the provisions of the present Convention and those Annexes thereto by which they are bound, in order to prevent the pollution of the

eða afrennslis sem inniheldur slík efni í bága við þennan samning

2. Tilvísun í þennan samning er jafnframt tilvísun í bókanir og viðauka hans nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í þessum samningi nema annað sé sérstaklega tekið fram:

1. merkir „reglur" reglur þær sem eru í viðaukum þessa samnings.

2. merkir „skaðlegt efni" sérhvert efni sem líklegt er til að stofna heilsu manna í hættu, skaða lifandi auðlindir og lífríki hafsins, spilla gæðum eða trufla aðra lögmæta nýtingu hafsins, sé því sleppt í hafið, og nær þetta til allra efna sem háð eru eftirliti samkvæmt samningi þessum.

3. (a) merkir „losun" skaðlegra efna eða afrennslis sem inniheldur slík efni sérhverja losun frá skipi, hvernig svo sem hún vill til, þar með talinn hvers konar leki, losun, dæling, útrennsli eða tæming.

(b) felur „losun" ekki í sér:

i. losun úrgangsefna eins og hún er skilgreind í alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það sem gerður var í Lundúnum 13. nóvember 1972; eða

ii. losun skaðlegra efna sem stafar beinlínis af rannsókn, nýtingu og skyldri vinnslu á hafi úti á jarðefnaauðlindum hafsbotnsins; eða

iii. losun skaðlegra efna vegna lögmætra vísindalegra rannsókna á því hvernig draga megi úr eða ráða við mengun.

4. merkir „skip" far af hvaða gerð sem er sem fer um hafið þar með talin skíðaskip, svifskip, kafbátar, fljótandi för og fastir eða fljótandi pallar.

5. merkir „stjórnvöld" ríkisstjórn þess ríkis sem heimilar rekstur skipsins. Að því er varðar skip sem hafa rétt til að sigla undir fána einhvers ríkis eru stjórnvöld ríkisstjórn þess ríkis. Að því er varðar fasta eða fljótandi palla sem notaðir eru til rannsókna og nýtingar hafsbotnsins og jarðvegs hans sem liggur að ströndum og þar sem strandríkið hefur á hendi fullveldisrétt til þess að rannsaka og nýta auðlindir þeirra eru stjórnvöld ríkisstjórn þess strandríkis.

marine environment by the discharge of harmful substances or effluents containing such substances in contravention of the Convention.

(2) Unless expressly provided otherwise, a reference to the present Convention constitutes at the same time a reference to its Protocols and to the Annexes.

ARTICLE 2
Definitions

For the purposes of the present Convention, unless expressly provided otherwise:

(1) "Regulations" means the Regulations contained in the Annexes to the present Convention.

(2) "Harmful substance" means any substance which, if introduced into the sea, is liable to create hazards to human health, to harm living resources and marine life, to damage amenities or to interfere with other legitimate uses of the sea, and includes any substance subject to control by the present Convention.

(3) (a) "Discharge", in relation to harmful substances or effluents containing such substances, means any release howsoever caused from a ship and includes any escape, disposal, spilling, leaking, pumping, emitting or emptying;

(b) "Discharge" does not include:

(i) dumping within the meaning of the Convention on the Prevention of Marine Pollution by Dumping of Wastes and Other Matter, done at London on 13 November 1972; or

(ii) release of harmful substances directly arising from the exploration, exploitation and associated off-shore processing of sea-bed mineral resources; or

(iii) release of harmful substances for purposes of legitimate scientific research into pollution abatement or control.

(4) "Ship" means a vessel of any type whatsoever operating in the marine environment and includes hydrofoil boats, air-cushion vehicles, submersibles, floating craft and fixed or floating platforms.

(5) "Administration" means the Government of the State under whose authority the ship is operating. With respect to a ship entitled to fly a flag of any State, the Administration is the Government of that State. With respect to fixed or floating platforms engaged in exploration and exploitation of the sea-bed and subsoil thereof adjacent to the coast over which the coastal State exercises sovereign rights for the purposes of exploration and exploitation of their natural resources, the Administration is the Government of the coastal State concerned.

6. merkir „atburður" viðburð sem felur í sér raunverulega eða líklega losun skaðlegs efnis í hafið eða útrennslis sem inniheldur slík efni.

7. merkir „stofnunin" alþjóðasiglingamálastofnunina.

(6) "Incident" means an event involving the actual or probable discharge into the sea of a harmful substance, or effluents containing such a substance.

(7) "Organization" means the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization.

3. gr.
Gildissvið.

1. Þessi samningur skal gilda fyrir:

(a) skip sem hafa rétt til að sigla undir fána samningsaðila; og

(b) skip sem ekki hafa rétt til að sigla undir fána samningsaðila en eru starfrækt samkvæmt heimild samningsaðila.

2. Ekkert í þessari grein skal túlka á þann veg að það rýri eða auki fullveldisrétt samningsaðila að þjóðarétti yfir hafsbotninum og jarðvegi hans sem liggur að ströndum þeirra til þess að rannsaka og nýta auðlindir þeirra.

3. Þessi samningur gildir ekki fyrir herskip, þjónustuskip flota eða önnur skip í eigu eða gerð út af ríki og notuð á þeim tíma sem um ræðir eingöngu í opinberri þjónustu ekki viðskiptalegs eðlis. Sérhver samningsaðili skal þó tryggja, með því að gera viðeigandi ráðstafanir sem ekki skaða útgerð eða reksturshæfni slíkra skipa sem hann á eða gerir út, að slík skip hagi sér í samræmi við þennan samning eftir því sem sanngjarnt og framkvæmanlegt er.

ARTICLE 3
Application

(1) The present Convention shall apply to:

(a) ships entitled to fly the flag of a Party to the Convention; and

(b) ships not entitled to fly the flag of a Party but which operate under the authority of a Party.

(2) Nothing in the present Article shall be construed as derogating from or extending the sovereign rights of the Parties under international law over the sea-bed and subsoil thereof adjacent to their coasts for the purposes of exploration and exploitation of their natural resources.

(3) The present Convention shall not apply to any warship, naval auxiliary or other ship owned or operated by a State and used, for the time being, only on government non-commercial service. However, each Party shall ensure by the adoption of appropriate measures not impairing the operations or operational capabilities of such ships owned or operated by it, that such ships act in a manner consistent, so far as is reasonable and practicable, with the present Convention.

4. gr.
Brot á samningunum.

1. Brot á ákvæðum þessa samnings skulu bönnuð og setja skal viðurlög við slíkum brotum samkvæmt lögum stjórnvalda viðkomandi skips, hvar svo sem brotið á sér stað. Sé stjórnvöldum tilkynnt um slíkt brot og þau telji fullvíst að nægar sannanir liggi fyrir til þess að málsókn vegna hins meinta brots geti farið fram skulu þau láta slíka málsókn fara fram eins fljótt og auðið er samkvæmt lögum sínum.

2. Brot á ákvæðum þessa samnings innan lögsögu sérhvers samningsaðila skulu bönnuð og setja skal viðurlög við slíkum brotum samkvæmt lögum viðkomandi samningsaðila. Hvenær sem slík brot eru framin skal viðkomandi samningsaðili annað hvort:

(a) láta málsókn fara fram samkvæmt lögum sínum eða

ARTICLE 4
Violation

(1) Any violation of the requirements of the present Convention shall be prohibited and sanctions shall be established therefor under the law of the Administration of the ship concerned wherever the violation occurs. If the Administration is informed of such a violation and is satisfied that sufficient evidence is available to enable proceedings to be brought in respect of the alleged violation, it shall cause such proceedings to be taken as soon as possible, in accordance with its law.

(2) Any violation of the requirements of the present Convention within the jurisdiction of any Party to the Convention shall be prohibited and sanctions shall be established therefor under the law of that Party. Whenever such a violation occurs, that Party shall either:

(a) cause proceedings to be taken in accordance with its law; or

(b) láta stjórnvöldum viðkomandi skips í té upplýsingar og sannanir sem hann kann að hafa undir höndum um að brot hafi verið framið.

3. Þegar stjórnvöldum skips eru látnar í té upplýsingar eða sannanir um eitthvert brot skipsins á þessum samningi skulu þau tilkynna sem fyrst þeim samningsaðila sem lét í té upplýsingarnar eða sannanirnar og stofnuninni hvað hafi verið gert í málinu.

4. Viðurlög þau sem ákveðin eru í lögum samningsaðila eins og grein þessi gerir ráð fyrir skulu vera nægilega ströng til þess að aftra brotum á þessum samningi og skulu vera jafnströng án tillits til þess hvar brotið er framið.

5. gr.

Skírteini og sérstakar reglur um skoðun skipa.

1. Skírteini sem gefið er út samkvæmt heimild samningsaðila í samræmi við ákvæði reglnanna skal viðurkennt af öðrum samningsaðilum og talið í sérhverjum tilgangi sem samningur þessi nær til jafngilt skírteini sem þeir hafa sjálfir gefið út, sbr. þá 2. tl. þessarar greinar.

2. Þegar skip sem ber að hafa skírteini samkvæmt ákvæðum reglnanna er í höfn eða athvarfi á hafi úti innan lögsögu samningsaðila, skal það háð skoðun embættismanna sem sá aðili hefur löggilt. Slík skoðun skal takmarkast við að sannreyna að fullgilt skírteini sé um borð nema fyrir liggi skýrar ástæður til að ætla að ástand skipsins eða búnaður þess samsvari ekki í meginatriðum því sem getið er í skírteininu. Í slíku tilviki eða ef skipið hefur ekki fullgilt skírteini skal samningsaðilinn sem annast skoðunina gera þær ráðstafanir sem tryggja að skipið leggi ekki úr höfn þar til það getur siglt án þess að bera með sér óeðlilega hættu um að skaða hafið. Þessi samningsaðili getur hins vegar leyft slíku skipi að halda úr höfn eða frá athvarfi á hafi úti í því skyni að sigla til þeirrar næstu viðeigandi viðgerðarstöðvar sem tiltæk er.

3. Ef samningsaðili neitar erlendu skipi að koma í höfn eða athvarf á hafi úti innan lögsögu sinnar eða gerir einhverjar ráðstafanir gegn slíku skipi vegna þess að það uppfyllir ekki ákvæði þessa samnings, þá skal sá samningsaðili strax tilkynna það ræðismanni eða sendierindreka þess samningsaðila hvers fána skipið hefur rétt til að sigla undir, eða, ef það er ekki unnt, þá stjórnvöldum viðkomandi skips. Áður en skipi er neitað aðkomu

(b) furnish to the Administration of the ship such information and evidence as may be in its possession that a violation has occurred.

(3) Where information or evidence with respect to any violation of the present Convention by a ship is furnished to the Administration of that ship, the Administration shall promptly inform the Party which has furnished the information or evidence, and the Organization, of the action taken.

(4) The penalties specified under the law of a Party pursuant to the present Article shall be adequate in severity to discourage violations of the present Convention and shall be equally severe irrespective of where the violations occur.

ARTICLE 5

Certificates and Special Rules on Inspection of Ships

(1) Subject to the provisions of paragraph (2) of the present Article a certificate issued under the authority of a Party to the Convention in accordance with the provisions of the Regulations shall be accepted by the other Parties and regarded for all purposes covered by the present Convention as having the same validity as a certificate issued by them.

(2) A ship required to hold a certificate in accordance with the provisions of the Regulations is subject, while in the ports or off-shore terminals under the jurisdiction of a Party, to inspection by officers duly authorized by that Party. Any such inspection shall be limited to verifying that there is on board a valid certificate, unless there are clear grounds for believing that the condition of the ship or its equipment does not correspond substantially with the particulars of that certificate. In that case, or if the ship does not carry a valid certificate, the Party carrying out the inspection shall take such steps as will ensure that the ship shall not sail until it can proceed to sea without presenting an unreasonable threat of harm to the marine environment. That Party may, however, grant such a ship permission to leave the port or off-shore terminal for the purpose of proceeding to the nearest appropriate repair yard available.

(3) If a Party denies a foreign ship entry to the ports or off-shore terminals under its jurisdiction or takes any action against such a ship for the reason that the ship does not comply with the provisions of the present Convention, the Party shall immediately inform the consul or diplomatic representative of the Party whose flag the ship is entitled to fly, or if this is not possible, the Administration of the ship concerned. Before deny-

eða slíkar ráðstafanir gerðar getur samningsaðili óskað samráðs við stjórnvöld viðkomandi skips. Einnig skal tilkynna stjórnvöldum ef skip er ekki með fullgilt skírteini samkvæmt ákvæðum reglnanna.

4. Hvað varðar skip þeirra sem ekki eru aðilar að þessum samningi, skulu samningsaðilar beita ákvæðum þessa samnings eins og nauðsynlegt kann að verða til þess að tryggja að slík skip fái ekki hagstæðari meðhöndlun.

6. gr.

Uppljóstrun brota og framkvæmd ákvæða samningsins.

1. Samningsaðilar skulu hafa með sér samvinnu um að koma upp um brot og sjá um að ákvæðum þessa samnings sé framfylgt og skulu þeir nota öll viðeigandi og framkvæmanleg ráð til þess að koma upp um brot og umhverfiseftirlit, viðunandi skipan skýrslugerðar og söfnun sönnunargagna.

Þjóðhagsstofnun semur reglulega og birtir verðvísitölur um fiskverð. Þá vinnur stofnunin á hverju ári úr úrtaki úr skattframtölum kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna, þannig að greina megi þróun tekna sjómanna í samanburði við aðrar starfsgreinar. Þessar upplýsingar fylla þá mynd af hlut sjómanna, er fram kemur í útgerðarreikningum.

Upptalningin hér að framan á gagnasöfnun vegna Verðlagsráðs gæti verið miklu ítarlegri en ætti þó að duga til að sýna efnissviðið. Eins og fram kemur vinnur Þjóðhagsstofnun mikið af þessum verkum. Þetta tengist vitaskuld oddamannsstörfum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, en raunar er það eitt meginverkefni stofnunarinnar að fylgjast með framleiðslu og afkomu atvinnuveganna. Þessar sjávarútvegsskýrslur hafa að sjálfsögðu einnig gildi við ákvarðanir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og gengisákvarðanir og eru til upplýsinga fyrir aðila vinnumarkaðarins. Niðurstöður þessara athugana eru birtar með ýmsum hætti, t. d. birtist ítarlegt yfirlit í riti Þjóðhagsstofnunar „Sjávarútvegur 1973—1977" í apríl 1977, í skýrslu um athugun á afkomu fiskvinnslu í október 1977 og í Viðauka 2 við skýrslu Verðbólgunefndar í febrúar 1978.

Yfirlit yfir verðákvarðanir Verðlagsráðs 1962—1977.

Á undanförnum árum hafa spunnizt nokkrar umræður um starfsemi Verðlagsráðsins og yfirnefndar þess. Meðal atriða, sem gagnrýnd hafa verið, er að verðákvörðuninni sé í vaxandi mæli skotið til yfirnefndar og að hlutverk ráðsins sjálfs hafi farið minnkandi.

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða eftirfarandi yfirlit yfir verðákvarðanir ráðsins frá upphafi og fram til hausts 1977, þ. e. fyrstu sextán starfsárin. Hugtakið verðákvörðun þarfnast nokkurra skýringa. Sú hefð er á komin og helgast af útgerðarháttum, að ákvörðun um verð þorsks, ýsu, ufsa, karfa og annarra botnfiska er yfirleitt tekin í einu lagi, upphaflega einu sinni en nú oftast þrisvar á ári, og venjulega nefnd ákvörðun almenns fiskverðs. Að öðru leyti er yfirleitt fjallað um verð hverrar tegundar sérstaklega og jafnvel eftir því til hvaða vinnslu hún fer, og er svo t. d. um verð á síld og loðnu. Þannig eru einstakar ákvarðanir eða mál hjá Verðlagsráði ákaflega misþung á metunum.

Ákvörðun almenns fiskverðs er vitaskuld langmikilvægust og ræður verði á um það bil 80% af heildaraflaverðmætinu um þessar mundir. Af þessum sökum er ástæða til að gera þessari afar mikilvægu ákvörðun sérstök skil, og er það gert í töflu 1, sem hér fylgir, en öðrum ákvörðunum í einu lagi í töflu 2. Í töflunum er tímanum 1. janúar 1962 til 30. september 1977 skipt í fjögur tímabil og á hverju þeirra eru fjögur starfsár Verðlagsráðs, en það er talið frá 1. október til 30. september. Tölur fyrir fyrsta tímabilið lýsa þá niðurstöðu mála á því tímabili, sem hin upphaflega löggjöf gilti fyrst og fremst, en hin síðari lýsa úrslitum eftir að viðmiðun ráðsins við verðákvarðanir var gerð almennari og skipan oddamanns yfirnefndar breytt í það horf, sem haldizt hefur síðan.

Þegar litið er yfir 33 teknar ákvarðanir um almennt fiskverð þessi sextán ár, kemur í ljós, að samkomulag í ráðinu sjálfu eða yfirnefnd hefur alls ekki tekizt sjaldnar á síðari árum en í upphafi starfseminnar. Þvert á móti virðist oftar hafa tekizt að ná samkomulagi á síðasta fjögurra ára tímabilinu, sem hér er sýnt, en hinum fyrri. Þróunin gæti hins vegar bent til þess, að verðlagsráðshópurinn sé í stærra lagi til þess að samkomulag náist. Þegar í yfirnefnd er komið og ekki tekst samkomulag, falla atkvæði í reynd oftar seljendamegin. Hins vegar sýnir yfirlitið skýrt, að atkvæði geta gengið á ýmsa vegu. Úrslitin eru engan veginn sjálfgefin, og ekki verður merkt veruleg breyting á starfsháttum ráðsins að þessu leyti gegnum tíðina. Annað verður uppi á teningnum, þegar litið er á aðrar verðákvarðanir (tafla 2). Þar stingur tvennt í augu. Í fyrsta lagi er samkomulag um verð miklu fátíðara eftir lagabreytinguna 1964 en fyrir hana og í öðru lagi gengu fimm af sex yfirnefndarúrskurðum fyrir 1966 með kaupendum gegn seljendum. Eftir lagabreytinguna 1964 hefur hins vegar að því er virðist ekki orðið teljandi breyting á því, hvernig atkvæði falla við úrslit mála. Samkomulag næst í ráðinu um nálægt 40% af öllum málum en um 50—55%, ef samkomulag í yfirnefnd er talið með. Verði ágreiningur, falla atkvæði í yfirnefnd um það bil tvisvar með seljendum á móti hverju einu skipti með kaupendum. Ekki verður merkt áberandi breyting á þessari skiptingu eftir 1965. Eftir þessu að dæma og með tilliti til þess, að yfirleitt hefur tekist að komast að niðurstöðu um verð án verulegrar tafar og án þess að rekstrartruflanir hafi orðið, virðist Verðlagsráðið hafa reynzt fremur farsæll samningsvettvangur.

Tafla 1. Ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins 1962—1977. Almennt fiskverð.

	1962—1965 Fjöldi ákvarðana	1966—1969 Fjöldi ákvarðana	1970—1973 Fjöldi ákvarðana	1974—1977 Fjöldi ákvarðana	1962—1977 Fjöldi ákvarðana
Samkomulag í ráðinu	1	—	4	2	7
Yfirnefndarákvarðanir	6	4	6	10	26
Aðild að ákvörðun:					
Samkomulag	—	—	2	6	8
Oddamaður, seljendur og einn kaupandi	—	—	—	—	—
Oddamaður, kaupendur og 1 seljandi	1	1	—	—	2

	1962—1965 Fjöldi ákvarðana	1966—1969 Fjöldi ákvarðana	1970—1973 Fjöldi ákvarðana	1974—1977 Fjöldi ákvarðana	1962—1977 Fjöldi ákvarðana
Oddamaður og seljendur án mótatkvæða kaupenda	—	—	1	—	1
Oddamaður og kaupendur án mótatkvæða seljenda	—	—	—	—	—
Oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda	3	2	1	3	9
Oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda	1	—	2	—	3
Oddamaður, 1 kaupandi og 1 seljandi	—	—	—	1	1
Oddamannsúrskurður	1	1	—	—	2
Alls	7	4	10	12	33

Tafla 2. Ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins 1962—1977 um annað verð en almennt fiskverð.

Samkomulag í ráðinu	1962—1965 Fjöldi ákvarðana 33	1966—1969 Fjöldi ákvarðana 39	1970—1973 Fjöldi ákvarðana 30	1974—1977 Fjöldi ákvarðana 47	1962—1977 Fjöldi ákvarðana 149
Yfirnefndarákvarðanir	6	56	42	68	172
Aðild að ákvörðun:					
Samkomulag	—	14	11	14	39
Oddamaður, seljendur og 1 kaupandi	—	—	1	2	3
Oddamaður, kaupendur og 1 seljandi	—	—	—	—	—
Oddamaður og seljendur án mótatkvæða kaupenda	—	2	—	3	5
Oddamaður og kaupendur án mótatkvæða seljenda	—	—	2	—	2
Oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda	—	26	18	31	75
Oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda	5	13	9	17	44
2 samþ. og 3 sátu hjá	1	—	—	1	2
Oddamannsúrskurður	—	1	1	—	2
Alls	39	95	72	115	321

Lokaorð.

Þegar á heildina er litið má telja, að starfsemi Verðlagsráðsins hafi gefið allgóða raun. Þannig má benda á, að mikilvægasta ákvörðunin, almennt fiskverð frá áramótum hvert ár, hefur yfirleitt legið fyrir um eða fyrir miðjan janúarmánuð í þau sautján skipti, sem Verðlagsráð hefur komið þar nærri, og aðeins tvisvar eða þrisvar dregizt fram í febrúar. Eins er naumast hægt að álíta, að á þessum árum hafi orðið alvarlegar tafir á útgerðinni vegna dráttar eða deilna um fiskverðsákvörðun, þótt hún hafi oft sætt gagnrýni. Eðli málsins samkvæmt og allra aðstæðna vegna hljóta fiskverðsákvarðanir hér á landi jafnan að vera umdeildar. Við ríkjandi markaðsaðstæður hér getur fiskverð ekki ráðizt sjálfkrafa og óumdeilt á uppboði eða með öðrum hætti af mergð markaðarins, heldur togast aðilar á um verð í einhvers konar samningaþófi, ekki sízt vegna þess hve mikilvæg og augljós tekjuskiptingaráhrif fiskverðs hefur fyrir fjölmenna starfsstétt. Af þessu leiðir að samanburður

annarra stétta við tekjur sjómanna hlýtur jafnan að skipta máli. Á hinn bóginn er einnig við því að búast, að sjómenn setji einatt kröfur um fiskverðshækkun með vísun til breytinga á tekjum annarra stétta. Hér er um óhjákvæmilega víxlverkun að ræða meðan hlutaskiptin ráða tekjum sjómanna að stærstum hluta.

Breytingar á afkomu þjóðarbúsins, bæði vegna atburða innanlands og breytinga ytri skilyrða, koma yfirleitt fyrst fram í sjávarútveginum og af mestum þunga vegna lykilstöðu hans í gjaldeyrisöfluninni. Af þessum sökum verður fiskverðsákvörðunin erfiðari en ella og tengist oft almennum efnahagsráðstöfunum t. d. gengisbreytingum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er ekki auðvelt að koma auga á aðra leið við fiskverðsákvarðanir, sem leyst gæti Verðlagsráðið af hólmi, þannig að til ótvíræðra framfara horfði, þótt vafalaust megi bæta starfshætti ráðsins.

Meðan menn draga fisk úr sjó og skipta í hluti verður deilt um fiskverðið; hvort það sé rétt, hvort það sé sanngjarnt.

Fylgiskjal II.

Friðrik Pálsson framkvæmdastjóri SÍF:

Starfshættir Verðlagsráðs sjávarútvegsins.
(Tímaritið **Ægir,** 1978.)

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem lagt var fram á Alþingi árið 1961 og samþykkt á því þingi segir svo m. a.:

„Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að koma verðákvörðunum á ferskum sjávarafla í fastari skorður en verið hefur um mörg ár, svo að komizt verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar.“ Og á öðrum stað segir: „Um aðrar fiskafurðir (aðrar en fersksíld) hefur gilt sú regla, allt frá því í desember 1956, er útflutningssjóður var stofnaður að lágmarksverð á þorski og öðrum fisktegundum en síld var ákveðið með lögum, fyrst með lögum nr. 33/1958, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að setja það skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta, að fiskvinnslustöðvar greiddu útgerðinni ákveðið lágmarksverð fyrir fisk og fiskafurðir.“

Við setningu laganna var þannig við það miðað, að frjálsir samningar kæmust á milli fisksöluaðila og fiskkaupenda, og ríkisstjórn leyst undan beinum afskiptum af fiskverðsákvörðunum og hefur það án efa verið léttir fyrir hana.

Nefnd sú, sem undirbjó og samdi frumvarp til þeirra laga, sem nú er unnið eftir, var í aðalatriðum á einu máli um skipan ráðsins.

Allir voru í það minnsta sannfærðir um nauðsyn þess, að allir þeir aðilar, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta, ættu fulltrúa í ráðinu. Í fiskideild komist þeir ekki af með færri en 14, þ. e. 7 fulltrúa frá hvorri hlið. Í meðförum Alþingis breyttist fjöldinn í 12, þ. e. 6 fulltrúa seljenda og jafnmarga fulltrúa kaupenda. Þessi breyting Alþingis var vissulega umdeilanleg, en ekki verður fjallað nánar um hana hér.

Höfundar frumvarpsins voru sér vel meðvitandi um það, að bezt væri að komast af með eins fáa fulltrúa og hægt væri, til að gera ráðið liprara í starfi, en töldu sig ekki komast af með færri en 14 til að ná þessu takmarki, að allra hagsmunir væru sæmilega verndaðir og um leið haldið nokkru jafnvægi milli félagasamtaka.

Allmörg ár eftir stofnun Verðlagsráðs vann það störf sín að fullu í samræmi við lög þau, sem það starfar eftir. Þá var fiskverð rætt á fjölmörgum fundum í sjálfu Verðlagsráðinu áður

en því var vísað til yfirnefndar, ef ekki náðist samkomulag í ráðinu. Í lögunum var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að ekki næðist alltaf samkomulag í aðalráðinu og var því gert ráð fyrir yfirnefnd, sem í ættu sæti 2 fulltrúar frá hvorri hlið svo og einn aðili til viðbótar, sem nú er að breyttum lögum forstjóri Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Þess háttar stóridómur er eðlilegur og sjálfsagður, þegar ekki næst samkomulag á annan hátt eftir ítarlegar tilraunir.

En nú er öldin önnur. Það telst orðið til undantekninga, ef miklu púðri er eytt í umræður í 12 manna ráðinu. Til málamynda er hitzt og skipzt á nokkrum orðum og svo er málinu vísað til yfirnefndar og nægir til þess ein rödd samkvæmt venju sem skapazt hefur og ég ætla ekki að fjalla um hér, hvort sé í samræmi við anda laganna eða ekki.

Í fiskideildinni við ákvörðun almenns fiskverðs, en það skiptir að sjálfsögðu mestu, þá heyrir það nú orðið nánast til undantekninga, ef samkomulag næst án tilstillis yfirnefndar. Hins vegar kemur það oft fyrir við verðlagningu einstakra tegunda.

Verðlagsráðið, eins og lögin gera ráð fyrir því, er að mínu mati góð stofnun, en með einni undantekningu þó. Ég álít, að með í störfum 12 manna ráðsins alveg frá upphafi þurfi að vera oddamaður. Oddamaður, ekki með úrskurðarvald, heldur á hann að vera fundarstjóri og sáttasemjari. Nú er formaður Verðlagsráðs jafnframt fundarstjóri, en hann er ávallt fulltrúi annars hvors aðilans og þess vegna ekki í sem beztri aðstöðu til sáttasemjarastarfa. Ég er ekki í vafa um, að með slíku fyrirkomulagi mætti ná meiri afköstum og betri árangri í störfum Verðlagsráðs. Hver þessi oddamaður ætti að vera læt ég ósagt, en teldi eðlilegt, að sá hinn sami yrði oddamaður yfirnefndar, ef og þegar hennar þyrfti með og fengi hann þá úrskurðarvald eins og hann hefur nú.

Með þessum hætti yrði hann í góðri aðstöðu til að kveða upp úrskurð sinn í yfirnefnd, eftir að hafa hlýtt á allra boðskap í ráðinu sjálfu og hafa reynt að miðla þar málum.

Nú kann einhver að segja, að þetta fyrirkomulag sé bæði þyngra í vöfum og dýrara, þar sem færri menn séu í yfirnefnd en verðlagsráðinu sjálfu. Það er alveg rétt, en hvað er þá verið að dragnast með ráðið sjálft, þessa 12 menn, ef sýnt þykir, að yfirnefndin sé einfær um þetta. Það er þá aðeins til málamynda.

Það er ljóst, að eins og starfsemi Verðlagsráðs hefur verið upp á síðkastið, þá eru þeir einir verulega starfhæfir í Verðlagsráði, sem taka oftast þátt í störfum yfirnefndar. Það er af eðlilegum orsökum. Þeir lifa og hrærast í þessu, misseri eftir misseri. Í þá er dengt miklu gagnaflóði frá Þjóðhagsstofnun, sem vissulega ætti einnig erindi til allra annarra verðlagsráðsmanna, en á því vill verða misbrestur. Hinir fulltrúarnir mæta þarna á fundi einstöku sinnum, en áhuginn hlýtur að dofna fljótlega, þegar þeim verður ljóst, að vera þeirra þarna skiptir harla litlu máli.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að þarna sitji einhverjir vondir menn, með það eina markmið að þæfa málin á fundum ráðsins þar til þeir geta sent hina óstarfhæfu fulltrúa heim og byrjað að vinna í yfirnefndinni. Ég held ekki, að svo sé, en ýmsar utanaðkomandi orsakir hafa valdið því, að reyndin er orðin sú.

Það er ekki hægt að tala um verðlagningu sjávarafla eða yfirleitt nokkuð, sem snertir efnahagsmál á Íslandi, án þess að reka sig harkalega á þá upplausn og þau vandræði, sem verðbólgan skapar. Afleiðingar hennar koma einna skýrast fram í fiskvinnslunni og öðrum atvinnugreinum, sem eiga því sem næst allt sitt undir sölu afurða á markaði erlendis. Þar er í flestum tilfellum mun stöðugra verðlag en hérlendis og óhægt um vik að flytja verðbólguna úr landi í formi verðhækkana nema að litlu leyti. Öðrum atvinnugreinum, sem að mestu leyti skipta við innlenda aðila, tekst að mestu leyti að velta verðhækkunum út í verðlagið innanlands á einn eða annan veg.

Þegar varan er flutt úr landi, er hún greidd með erlendum gjaldeyri, sem síðan er yfirfærður í íslenskar krónur í gjaldeyrisbönkunum samkvæmt gengisskráningu hverju sinni. Þær krónur eru síðan uppistaðan í tekjuhlið rekstrarreiknings fiskvinnslufyrirtækjanna.

Gjaldahliðin samanstendur svo af nokkrum liðum, sem flestir eiga það sameiginlegt að fylgja hringiðu verðbólgunnar og víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Gjaldamegin eru að sjálfsögðu langstærstir tveir liðir, hráefni og vinnulaun. Þessir stærstu gjaldaliðir fiskvinnslunnar hafa að því leyti sérstöðu, að gert er ráð fyrir því, að fulltrúar fiskvinnslunnar eigi að geta haft áhrif á stærð þeirra, þ. e. a. s. laun í kjarasamningum og fiskverð í Verðlagsráði.

Í grein í Morgunblaðinu 21. febrúar 1976 gerði ég að umtalsefni þann mun, sem er á kjarasamningum milli launþega og vinnuveitenda og svo fiskverðsákvörðun.

Það er hvergi gert ráð fyrir því við gerð kjarasamninga að kallaður sé til oddamaður með úrskurðarvald, eins og gert er í Verðlagsráði, en ef til vill væri rétt að taka það upp, þótt ólíklegt sé að aðilar vinnumarkaðarins myndu fallast á þá skipan mála.

Ég er sannfærður um, að það eru fleiri en ég, sem ekki eru ánægðir með aukin umsvif yfirnefndarinnar, en telja að ákvarðanir um fiskverð skuli taka í Verðlagsráðinu, ef nokkur kostur er.

Er þess þá nokkur kostur? Ég geri ráð fyrir því, að í flestum tilfellum hafi fiskverðsákvörðunum verið vísað til yfirnefndar, þegar fulltrúum í Verðlagsráði hefur virzt, að ekki væri mögulegt að komast neitt áleiðis, nema oddamaður væri kallaður til.

Oddamaðurinn hefur reynzt í þeirri aðstöðu að geta komið saman fiskverði, þótt ekki sé mögulegt að sjá að það sé hægt. En hvernig það má vera skal ég reyna að skýra nánar.

Gerum ráð fyrir því, að í lok einhvers fiskverðstímabils hafi komið í ljós, að hvorki hafi verið um ágóða né tap að ræða hjá fiskvinnslunni. Það þýðir, að tekizt hefur að fylgja tízkustefnu Þjóðhagsstofnunar, að meðalrekstur skuli vera á núlli, eins og allir kannast við.

Í lok tímabilsins hafa orðið töluverðar verðhækkanir innanlands, bæði af innlendum og erlendum orsökum og þar sem kaup er bundið vísitölu hækkar kaupið í upphafi næsta tímabils um t. d. 10%. Nýtt fiskverð skal ákveðið og kemur Verðlagsráð saman til að huga að nýju að þeim málum. Seljendafulltrúarnir gera að sjálfsögðu kröfu um sömu hækkun fiskverðs a. m. k. eins og almenn launahækkun hefur orðið í landinu. Þar sem hagsmunir sjómanna og útvegsmanna fara að þessu leyti saman, þótt þeir deili einstöku sinnum um kaup og kjör, snúa þeir bökum saman í þessu máli. Gangur málanna í Verðlagsráði hefur verið sá undanfarin allmörg ár, að staða sem þessi hefur blasað við fulltrúum Verðlagsráðs, enda þótt undantekningar hafi sannað þá reglu, sem aðrar. Seljendur heimta hækkun, sem kaupendur geta ekki greitt, þar sem varan hækkar ekki jafnhratt á erlendum mörkuðum og verðlag hér innanlands og til viðbótar er skráning krónunnar sjaldnast í réttu hlutfalli við gildi hennar, ef þá nokkurn tímann.

Þessari fiskverðsákvörðun er vísað til yfirnefndar tafarlaust. Hér þarf oddamaður greinilega að koma til skjalanna. Það liggur nefnilega í augum uppi, að taprekstur er nú þegar í fiskvinnslunni vegna launahækkananna og þar að auki hlýtur hann að margfaldast, ef fiskverðið hækkar nú líka í svipuðu hlutfalli.

Oddamaður er hér ekki kallaður til í þeim tilgangi að hlusta á rök fulltrúanna, vega og meta rekstur veiða og vinnslu og kveða síðan upp einhvern Salómonsdóm. Honum, sem forstjóra Þjóðhagsstofnunar, er fullkunnugt um stöðuna fyrir. Hann er væntanlega einnig búinn að gera ríkisstjórninni aðvart um útlitið áður. Hann er ekki tilkallaður sem sáttasemjari og úrskurðaraðili nema að nafninu til. Hlutverk hans er að vega og meta, hver sanngirni felst í kröfum seljenda í samanburði við aðra landsmenn. Á þessu stigi koma kaupendur honum ekki við. Þeirra vanda verður að leysa síðar.

Að loknum athugunum sínum á því, hversu mikla hækkun sjómenn þurfa að fá til að halda í við aðra landsmenn í launum og ef til vill með hliðsjón af afkomu útgerðarinnar, ákveður hann fiskverð með fulltingi annars hvors aðilans eftir því, hvor þeirra er fáanlegur til að greiða atkvæði nær hans marki. Í þetta sinn skulum við segja, að 10% hækkun á fiskverði hafi orðið ofan á og gildir einu, hvort seljendur samþykktu þá hækkun eða kaupendur af ótta við enn meiri hækkun, ef oddamaður samþykkti verðið með seljendum.

Nú kemur fram mjög alvarleg rekstrarstaða hjá fiskvinnslunni og það er í þessum tilfellum, sem almenningur heyrir það, sem hann gerir oft gys að, barlóm fiskvinnslunnar. *Hér vantar mikið á að endar nái saman.* Þegar vinnslugreinarnar hafa verið reknar lengi samkvæmt kenningunni um meðalrekstur á núlli, bera þær ekkert tap stundinni lengur. Það er oddamanni ljóst. Hann hefur því auðvitað, áður en hann kvað upp sinn dóm, verið búinn að tryggja þau viðbrögð stjórnvalda, sem hann telur nægileg til að drösla fiskvinnslunni fyrir næsta horn.

Eins og alkunnugt er, er vandinn venjulega leystur með gengisfellingu fyrr eða síðar. Skylt er þó að geta þess, enda þótt ekki gefist tækifæri hér að skýra til hlítar tilurð og þróun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, að hann er látinn spila nokkra rullu í þessu sjónarspili. Fyrstu árin, sem hann starfaði, virðist hann hafa gegnt hlutverki sínu þokkalega sem verðjöfnunarsjóður, en síðan breytist hann í gengisjöfnunarsjóð. Verðjöfnunarsjóði, eins og Verðlagsráði, er gert að taka tillit bæði til söluverðs á erlendum mörkuðum og verðlags innanlands enda þótt báðar stofnanirnar hafi í seinni tíð litið meira og minna framhjá hinu fyrrnefnda.

Við aðstæður sem þær, er lýst var hér að framan, er líklegt að gengið verði ekki fellt strax, heldur er Verðjöfnunarsjóður látinn hlaupa undir bagga, jafnvel þó að um hækkað markaðsverð kunni að vera að ræða í tímabilinu. Ef til vill er ekkert til í þeim sjóði, en þá er það kallað, að ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr sjóðnum. Þá yfirlýsingu þekkir almenningur *nú orðið og veit, að þá er skammt að bíða gengisfellingar eða annarra hliðstæðra aðgerða.*

Þegar hér er komið, vona ég að allir skilji hvers vegna það er ekki á valdi Verðlagsráðsins sjálfs að ná samkomulagi um nýtt fiskverð án tilkomu oddamannsins frá ríkisstjórninni við aðstæður sem þessar. Það er einfaldlega ekki um neitt að semja fyrr en gengið hefur verið fellt, eða það liggur fyrir að minnsta kosti, að það verði fellt.

Á meðan á þessu stendur er gengið of hátt skráð og óeðlilega mikill innflutningur á hagstæðu gengi flæðir inn í landið.

Óeðlilega lágt verð á erlendum gjaldeyri leiðir til hlutfallslega lágs verðs innfluttra vara og það er hinum almenna neytanda vel kunnugt um, enda slakar hann aldrei á kaupæði sínu af ótta við, að gengið verði leiðrétt. Gildir þar einu, hvort um er að ræða fjárfestingavörur eða neyzluvörur. Í verðbólgu, eins og við höfum búið við, er reyndar orðið mjög erfitt að greina á milli fjárfestingavara og neyzluvara, því svo má heita, að öll kaup séu fjárfesting.

Þetta er stórkostleg sjálfsblekking og það vita allir, sem vilja vita það, en hvers vegna er ekki reynt að draga úr verðbólgunni?

Svarið við þeirri spurningu er flókið, en vafalaust er ein veigamesta ástæðan sú, að stærstur hluti þjóðarinnar er ennþá þeirrar skoðunar, að óðaverðbólga sé uppspretta auðs og forsenda sæmilegrar fjárhagsafkomu. Það er þess vegna hnefahögg í andlit hins almenna *skuldara í landinu, sem allflestir eru, ef minnzt er á að reyna í alvöru að draga úr verðbólgunni.* Hinn almenni borgari álítur það ennþá guðs blessun, að komast yfir ærlegt lán, helst svo stórt, að útilokað sé að sjá, hvernig hægt verður að greiða það aftur, því það tekst alltaf að lokum með verðlausum peningum.

Verðbólgan og fylgifiskar hennar afskræma svo allt efnahagskerfi landins, að vart stendur steinn yfir steini. Afleiðingarnar verða svo til dæmis þær, að Verðjöfnunarsjóður verður sjóður, sem ekki verðjafnar, og Verðlagsráð verður ráð, sem ekki verðleggur.

Á því er enginn vafi, að stofnun Verðlagsráðs sjávarútvegsins á sínum tíma og svo stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins voru spor í rétta átt, en því miður er svo komið, að hvorug þessara stofnana stendur lengur undir nafni. Það gerist æ algengara í störfum beggja þessara stofnana, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar og aðrir embættismenn í krafti ríkisstjórnar ákveði bæði fiskverð í yfirnefnd Verðlagsráðs og viðmiðunarverð í Verðjöfnunarsjóði. Þær ákvarðanir eru sjálfsagt ekkert verri fyrir það, en við erum komin langt frá upphaflegum

tilgangi með stofnun Verðlagsráðs, sem var að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda án beinna afskipta ríkisstjórnar.

Ég tók sæti í Verðlagsráði, þrátt fyrir það, að mér var ljóst áður, að ég væri ekki sáttur við starfshætti ráðsins, enda fannst mér sjálfsagt að kynnast því af eigin raun, við hvaða vandamál er þarna að glíma, úr því mér gafst tækifæri til. Með vísan til þess, sem ég hef sagt hér að framan, verð ég að viðurkenna það, að þær efasemdir, sem ég hafði um ráðið og starfshætti þess, áður en ég kynntist því beint sjálfur, reynast mér hafa við rök að styðjast, því miður. Það er ráðþrota ráð.

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég sagði hér að framan, að stofnunin Verðlagsráð sjávarútvegsins er nauðsynleg og sjálfsögð, þar sem enn er líklega langt í land, að við Íslendingar getum tekið upp fiskmarkaði, a. m. k. ekki um allt land, og þess vegna verðum við að vinna að því, að Verðlagsráðið nái aftur því valdi og trausti, sem það hafði. Það er ekki á færi verðlagsráðsmanna einna að gera það, en vissulega geta þeir haft áhrif í þá átt, ef þeir vilja taka höndum saman.

Hitt er svo jafnvíst, að á meðan verðbólgan ræður hér ríkjum, er ekki von að vel fari.

Það er erfitt að sannfæra fólk um skaðsemi verðbólgu, meðan fjöldinn trúir því, að „glötuð sé greidd skuld".

Fylgiskjal III.

Nýtt land

Fimmtudagur 24. september

FORYSTUGREIN:

Frjálst fiskverð — burt með ríkisvaldið.

„Fiskverð þarf að hækka um 13% eigi að reka flotann á núlli", og „verði fiskverð samþykkt óbreytt þýðir það stöðvun flotans", segir Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna í viðtali við Morgunblaðið á laugardag.

Þessi ummæli eru umhugsunarvirði. Hver segir, að þessar upplýsingar séu réttar? Og hver segir, að Kristján Ragnarsson sé ekki að fjárkúga ríkisvaldið, hóta með stöðvun og atvinnuleysi, ef útgerðarmenn fá ekki það, sem þeir biðja um? Og hvað þýðir, að flotinn muni rekinn á núlli, ef 13% fiskverðshækkun fáist? Hvað er „flotinn"? Eru virkilega öll útvegsfyrirtæki eins rekin? Er hvergi góður rekstur, og hvergi vondur rekstur? Er ekki einhver sem græðir — og einhver sem tapar? Um hverja er verið að hugsa? Útvegsmennina? Sjómennina? Fólkið í vinnslunni? Eða allan almenning í landinu?

Kjarni málsins er sá, að sjávarútvegur á Íslandi er að verða vandamál í sama skilningi og landbúnaður á Íslandi er vandamál. Auðvitað eru þetta um margt merkar atvinnugreinar, og sjávarútvegur auk þess undirstaða gjaldeyrisöflunar. En sjávarútvegskerfið er samt helsjúkt, eins og ummæli Kristjáns Ragnarssonar undirstrika rækilega.

Kristján Ragnarsson er auðvitað ekki einkaframtaksmaður í neinum skilningi orðsins. Hann er ríkiskapítalisti. Fyrirtækin, sem að baki honum standa, og í hverra nafni hann talar, eru fyrirtæki, sem eru vön því að hóta ríkisvaldinu. Þau segja: „Ef VIÐ fáum ekki það sem VIÐ biðjum um, þá stöðvast flotinn. Og ef flotinn stöðvast, þá fær landverkafólk enga vinnu, þjóðarbúið engan gjaldeyri." Þessi fjárkúgun á auðvitað ekkert skylt við einkaframtak. Þetta er í raun ríkisrekstur. Og fiskvinnslan hegðar sér auðvitað nákvæmlega eins.

Þetta kerfi er svona vegna þess, að þegar samið er um fiskverð, þá setjast kaupendur (fiskvinnsla) og seljendur (útgerðarmenn og sjómenn) niður við borð. En þeir eru ekki að semja í venjulegum skilningi orðsins. Á milli þeirra situr svokallaður oddamaður, sem í tímanna rás hefur orðið sendisveinn ríkisvaldsins, sitjandi ríkisstjórnar. Hans hlutverk hefur, með tíð og tíma, ekki orðið það, að reyna að ná samkomulagi milli tveggja stríðandi fylkinga, heldur að hlusta á hótanir þeirra, hvers um sig, gagnvart ríkisvaldinu, bera þau boð til ríkisstjórnar, og taka síðan við skipunum þaðan um það, með hverjum hætti ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að höggva á hnútinn, hversu mikið hún ætli að millifæra úr sjóðum til hvers um sig, hvað hún ætli að fella gengið mikið.

Þessi leikur gengur því út á hótanir og fjárkúganir á hendur ríkisvaldinu, skattborgurum, en á ekkert skylt við lögmál einkarekstrar.

Og í skjóli þessa þróast svo ótrúlegt ástand. Fiskiskipaflotinn er alltof stór. Ríkisvaldið lætur hins vegar undan hótunum, og sníður fiskverð, og síðan gengi í þann stakk, að kerfið gangi. Mörg fiskvinnslufyrirtæki eru auðvitað með hreinan hallærisrekstur. Það breytir engu. Fjármagn er millifært til þeirra svo þau fari ekki á hausinn. Og þau segja: „Þá missir fólk vinnuna." Þeir tala við þingmennina. Ríkisvaldið lætur undan.

En menn skulu ekki halda, að alls staðar sé það þessi hallærislegi hallarekstur. Auðvitað eru fjölmörg fyrirtæki nógu vel rekin til þess að raka saman ómældum gróða í skjóli þessa ríkisstyrkta sjávarútvegs. Og þar er að finna milljarða hagsmuni.

Sagan skiptir máli: Það er Ólafur Thors, skömmu fyrir stríð, sem beitir sér fyrir því ógæfuspori, og hvarf þar með frá stefnu Jóns Þorlákssonar, að hætta að skrá gengið „rétt" og fara að skrá það eftir „þörfum sjávarútvegsins". Í kjölfar þessa fór svo Sjálfstæðisflokkurinn að gerast æ djarfari ríkisafskiptaflokkur. Komið var upp margháttuðu sjóða-, styrkja- og millifærslukerfi, margskráðum gjaldeyri o. s. frv. Þetta varð uppspretta óendanlegrar spillingar. Viðreisnarstjórnin 1959—1960 hjó á þennan hnút, stokkaði upp sjóðakerfið, endurskráði gengið og afnam hið flókna uppbótarkerfi.

Hún bjó síðan til nýtt verðákvörðunarkerfi í sjávarútvegi, í tveimur áföngum raunar, 1960 og 1964. Kerfið var í fyrstu einfalt. Seljendur og kaupendur skyldu semja, og sáttasemjari skipaður af Hæstarétti. Svona var það 1960—1964. En þá þótti ríkisvaldinu sem það réði ekki nógu, og oddamaður verður tilnefndur af ríkisvaldi. Efalítið var það rétt og skynsamleg stefna, miðað við aðstæður eins og þær voru 1964, og miðað við það hagkerfi sem Viðreisnarstjórnin þá byggði upp. En síðan hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina. Smám saman hætti oddamaður að vera sáttasemjari, og varð fyrst fulltrúi, og loks sendisveinn ríkisvaldsins. Og eftir að verðbólga fór úr öllum böndum, upp úr 1970, þá varð þetta að hreinu fjárkúgunarkerfi, þar sem samningsaðilar hella úr skálum reiði sinnar yfir ríkisvaldið, hóta því og sparka í það, uns ríkisvaldið lætur undan.

Það má taka sögulegan samanburð, til myndskreytingar, ef ekki til annars: Mússólíni, í byrjun ferils síns, skóp samningakerfi um kaup og kjör, þar sem ríkið (flokkurinn) hafði oddamann. Svo vel sem þetta kerfi (raunar komið frá syndikalistum) leit út á pappírunum, þá fór samt svo, að innan ekki langs tíma var það oddamaðurinn sem ákvað kaup og kjör. Er samanburðurinn út í hött? Er það alveg víst?

Nýtt land er þeirrar skoðunar að liður í nauðsynlegum róttækum efnahagsráðstöfunum sé að afnema oddamann, fulltrúa ríkisvalds, þegar samið er um fiskverð. Hann er hvort sem er ekki annað, nú orðið, en móttakari hótana. Seljendur og kaupendur eiga að semja sjálfir, og á eigin ábyrgð. Þeir geta hótað hvor öðrum, að þetta frystihúsið sé að fara á hausinn, að þessi togarinn muni stöðvast. Allt samfélagið veit, að mörg frystihús eru allt of illa rekin, og að fiskiskipastóllinn er allt of stór, — sem síðan dregur lífskjörin stórlega niður í landinu.

Verði oddamaðurinn afnuminn, þá munu einhverjir segja, að hætta sé á því, að ekki semjist og flotinn og vinnslan stöðvist um sinn. Og hvað með það? Hvað halda menn að

samningar um kaup og kjör séu? Auðvitað fylgir sú hætta ævinlega verkfallsrétti, bæði atvinnurekenda og launafólks, að semjist ekki, þá stöðvast framleiðslan. Atvinnurekendur í sjávarútveginum verða að læra, að ríkisvaldið er ekki endalaus hít, ekki gólfþurrka, sem endalaust er hægt að traðka á. Þetta fólk verður að semja upp á eigin ábyrgð, upp á þau verðmæti, sem fyrir hendi eru, án þess að ríkisvaldið millifæri milljarða og aftur milljarða til þeirra. Og náist ekki samningar, þá verður verkfall. Og geti einhver fyrirtæki ekki borið það verð, sem um semst, þá eiga þau að fara á hausinn — og þá getur komið að ríkissvaldinu að grípa inn og taka yfir.

Ríkisvaldið — skattborgarar — eiga ekki að bera endalausan kostnað, eiga ekki að láta undan endalausum hótunum aðila í sjávarútvegi. Það á að vera liðin tíð.

Eða rýni menn í svör Kristjáns Ragnarssonar: „Fiskverð þarf að hækka um 13% eigi að reka flotann á núlli .... Það er alveg ljóst að fiskvinnslan er ekki fær um að taka á sig svona mikla fiskverðshækkun. ... Þetta er þjóðfélagslegt vandamál en ekki vandamál okkar".

Nýtt land segir: Burt með fingur ríkisvaldsins, þegar samið er um fiskverð. Látum þá sjálfa bera ábyrgð á því, sem þeir semja um. Í kjölfar þess myndi fylgja ný ábyrgðartilfinning, og uppstokkun þessa kerfis, sem því miður er orðið fársjúkt.

Vilmundur Gylfason.

Nd. 126. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 83 28. desember 1981 um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1982" en í staðinn komi orðin „31. desember 1983."

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Lögin gilda til 31. desember 1982. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Forsendur hafa ekki breyst fyrir gjaldtöku þessari og þykir eigi fært að fella gjaldið niður nú um n. k. áramót, en slíkt mundi trúlega stofna atvinnuöryggi fjölda manna í byggingariðnaði í hættu.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun tollskrárlaga, en þar mun m. a. verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendrar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtöku þessari. Því er lagt til í frumvarpi þessu að gjaldtakan verði framlengd til áramóta 1983—1984.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um eflingu rannsókna á laxastofninum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að nú þegar verði rannsóknir á laxastofninum stóreflda, vegna aukinnar sjávarveiði Færeyinga á laxi.

Greinargerð.

Alkunna er að sjávarveiði Færeyinga á laxi hefur stóraukist nú síðustu árin. Færeyingar hófu laxveiðar í sjó 1968. Árleg veiði þeirra fyrsta áratuginn var að meðaltali 21 tonn. 1978 komst hún upp í 51 tonn og óx ört úr því. 1979 var hún 194 tonn, 1980 718 tonn, 1981 1027 tonn. Veiðikvótinn á síðustu vertíð var 750 tonn og umsaminn kvóti á nýbyrjaðri vertíð er 625 tonn.

Hinar auknu laxveiðar Færeyinga hafa átt sér stað samtímis því að laxveiðar hér á landi hafa minnkað hvað tölu laxa snertir, þ. e. á árunum 1980, 1981 og 1982. Menn hafa viljað tengja þetta tvennt saman og hafa því kennt Færeyingum um veiðirýrnunina á laxi hér á landi þessi ár. Gögn eru ekki fyrir hendi sem sanna að svo sé. Ábending um, að íslenskur lax leiti á Færeyjamið, er fyrir hendi þar sem skilað hefur verið merkjum af þremur íslenskum löxum sem veiðst hafa í og við Færeyjar. Á hinn bóginn er ekki vitað að hve miklu leyti laxinn leitar austur í haf frá Íslandi og er veiddur á Færeyjamiðum. Vitað er að laxinn okkar leitar einnig vestur fyrir Grænland og veiðist þar, en sjö íslenskum laxamerkjum hefur verið skilað frá Grænlandi. Auk þess hefur lax merktur við Vestur-Grænland veiðst í Laxá í Dölum.

Orsakir rýrnandi laxveiði hér á landi á árunum 1980, 1981 og 1982 hvað töluna snertir eru vafalaust margar. Þar ber einnig að nefna að vetrar-, vor- og sumarkuldarnir 1979 og lágur sjávarhiti fyrir Norður- og Austurlandi það ár eiga líklega sinn þátt í rýrnuninni.

Afleiðingar kuldanna 1979, sem voru einir þeir mestu frá upphafi veðurathugana hér á landi, komu fram í tregari göngu laxaseiða til sjávar sumarið 1979 en ella. Þá hafa skilyrði í sjónum vegna óvenjulegs kulda verið mjög óhagstæð fyrir seiðin. Vísbending um lélega afkomu sjógönguseiða kemur fram í því, að lítið er af eins árs laxi úr sjó (smálaxi) í veiðunum 1980 og lítið af tveggja ára laxi úr sjó í veiðunum 1981.

Orsakir veiðirýrnunar geta verið margar, eins og áður sagði, bæði heima fyrir, í hafinu og vegna veiða á fjarlægum hafsvæðum, og svo geta þær verið sambland af öllu þessu eins og helst er útlit fyrir hvað snertir veiðirýrnunina hér á landi þessi árin.

Þekking á ferðum laxins um úthafið var mjög af skornum skammti þar til laxveiðarnar við Vestur-Grænland hófust fyrir alvöru fyrir um tveim áratugum og síðar veiðar í Noregshafi og við Færeyjar. Rannsóknir á laxi við Vestur-Grænland hafa m. a. leitt í ljós að um helmingur laxins, sem þar veiðist, er upprunninn í Ameríku, en hann er að langmestu leyti frá Kanada, og hinn helmingurinn í laxalöndum Evrópu. Um uppruna laxins, sem veiðist við Færeyjar, er minna vitað með vissu. Merkingar á sjógönguseiðum í upprunalöndum laxins og merkingar á laxi veiddum og merktum á Færeyjamiðum hafa hingað til gefið til kynna að langmestur hluti laxins, sem þar veiðist, sé upprunninn í Noregi, Skotlandi og Írlandi.

Við Íslendingar bönnum laxveiði í sjó í lögum með fáeinum undantekningum og er því sjávarveiði á laxi okkur andstæð. Áhugi beinist að því, að bönnuð verði sjávarveiði á laxi. **Mikilvægt er að afla vitneskju um að hve miklu leyti hann veiðist við Færeyjar og Vestur-Grænland,** en tíu merkjum af íslenskum löxum veiddum á nefndum svæðum hefur verið skilað eins og áður segir. Merkingar á sjógönguseiðum af laxi hafa farið fram hér landi samfellt í rúma þrjá áratugi, lengst af í smáum stíl. Laxaseiðamerkingar voru stórauknar á þessu ári. Um 140 þús. sjógönguseiðum var sleppt í ár og frá hafbeitarstöðvum víðs vegar um landið, þar af um helmingur á Norður- og Norðausturlandi, en ætla má að laxaseiði af þessum landshlutum gangi fremur austur í Atlantshaf. **Auk framkvæmda við merkingarnar þarf að leita að merktum löxum og taka þátt í alþjóðlegri samvinnu um gagnasöfnun og rannsóknir laxagangna.**

Þar sem löndin við norðanvert Atlantshaf austan Grænlands leggja lax til Færeyjaveiðanna virðist eðlilegt að þau kanni sameiginlega hve hvert land leggur stóran hlut til veiðanna. Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur beitt sér fyrir samvinnu um rannsóknir á laxi, sem veiðist á Norður-Atlantshafi, á hliðstæðan hátt og gert var áður vegna laxveiðanna við Vestur-Grænland. Gert er ráð fyrir að þátttökulöndin í rannsóknunum standi hvert um sig undir kostnaði við framlag sitt til rannsóknanna. Í desembermánuði 1981 komu saman í Þórshöfn í Færeyjum fiskifræðingar frá upprunalöndum laxins til þess að semja áætlun um rannsóknirnar sem ná bæði til gagnasöfnunar og úrvinnslu gagna. Enn fremur var verkefnum skipt milli þátttökulandanna. Ísland tekur þátt í rannsóknunum. Framlag okkar er fólgið í laxaseiðamerkingum, endurheimt merkja og gagnasöfnun um borð í færeyskum laxveiðibáti. Veiðimálastofnunin sendi rannsóknarmann til Færeyja í febrúar 1982 sem dvaldist um borð í laxabáti í þrjár vikur til gagna- og upplýsingasöfnunar.

Gert hefur verið ráð fyrir að senda skoðunarmann um borð í færeyskan laxabát snemma á árinu 1983, á sama hátt og gert var á þessu ári, og að kosta leit að laxamerkjum í Færeyjum á laxavertíðinni í vetur að hluta á móti öðrum þátttökulöndum í rannsóknunum.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að allar rannsóknir þurfi að efla. Niðurstöður laxarannsókna munu verða haldbestu rökin þegar samið er um að draga úr eða stöðva laxveiðar utan upprunalanda laxins. Því þarf að stórauka fjárframlög til þeirra rannsókna.

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Helgason, Jóhann Einvarðsson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Ingólfur Guðnason, Alexander Stefánsson, Sigurgeir Bóasson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarsvæðis.

Greinargerð.

Póst- og símamálastofnun gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi. Góð símaþjónusta er einn af undirstöðuþáttum nútímasamfélags. Framþróun í póst- og símamálum hefur orðið ör á seinni árum, þótt fæstum þyki nóg að gert. Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977 er ákvæði um að stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á. Svo sem kunnugt er vantar mikið á að áðurnefnt ákvæði laganna sé framkvæmt til fullnustu, og ráða þar mestu tæknilegar hindranir, en einnig fjárhagslegar. Segja má að tillaga sú, sem hér er lögð fram, fari bil beggja með tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra forsendna annars vegar og bættrar þjónustu við símnotendur hins vegar.

Meðfylgjandi kort yfir sjálfvirkar símstöðvar sýnir að landinu er skipt í 20 greinistöðvarsvæði og svæðisstöðina í Vestmannaeyjum og í mörgum tilfellum fara svæði greinistöðvanna saman við athafna- og viðskiptasvæði. Sú upptalning, sem hér fer á eftir, sýnir aðeins hugmynd að gjaldskrársvæðum á grundvelli þessarar þingsályktunartillögu.

1. **Reykjavík** — Kópavogur — Hafnarfjörður — Varmá.
2. **Akranes** — Lambhagi — Hvalfjörður.
3. **Borgarnes** — Hvanneyri — Kljáfoss — Hreðavatn.
4. **Stykkishólmur** — Búðardalur — Grundarfjörður — Ólafsvík — Hellissandur — Saurbær — Reykhólar.
5. **Patreksfjörður** — Bíldudalur — Tálknafjörður — Krossholt.
6. **Ísafjörður** — Bolungarvík — Flateyri — Súðavík — Suðureyri — Þingeyri.
7. **Brú** — Hólmavík — Hvammstangi — Laugarbakki — Reykir.
8. **Blönduós** — Bólstaðarhlíð — Skagaströnd.
9. **Sauðárkrókur** — Hofsós — Varmahlíð.
10. **Siglufjörður** — Grímsey — Fljót.
11. **Dalvík** — Árskógur — Hrísey — Ólafsfjörður.
12. **Akureyri** — Grenivík — Hjalteyri — Hrafnagil.
13. **Húsavík** — Breiðamýri — Kópasker — Raufarhöfn — Rein — Reykjahlíð — Staðarhóll — Þórshöfn.
14. **Egilsstaðir** — Borgarfjörður — Eiðar — Seyðisfjörður — Vopnafjörður.
15. **Reyðarfjörður** — Breiðdalsvík — Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður — Neskaupstaður — Stöðvarfjörður.
16. **Höfn** — Djúpivogur.
17. **Vík** — Kirkjubæjarklaustur.
18. **Hvolsvöllur** — Búrfell — Hella — Laugaland — Steinar — Þykkvibær.
19. **Selfoss** — Aratunga — Árnes — Ásgarður — Brautarholt — Eyrarbakki — Stokkseyri — Flúðir — Hamar — Hveragerði — Laugarvatn — Minniborg — Þorlákshöfn.
20. **Keflavík** — Gerðar — Grindavík — Hafnir — Innri-Njarðvík — Sandgerði — Vogar.

Fylgiskjal.


SJÁLFVIRKAR SÍMSTÖÐVAR
31 DESEMBER 1981
ABALSTÖÐ
SVÆÐISSTÖÐ
SKIPTISTÖÐ
ENDASTÖÐ
96
97
95
94
93
92
91
99
98
AKRANES
BORGARNES
BRÚ
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
ÓLAFSVÍK
GRUNDARFJÖRÐUR
HELLISSANDUR
SNÆFELLSNES
BLÖNDUÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
SIGLUFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR
AKUREYRI
HÚSAVÍK
RAUFARHÖFN
ÞÓRSHÖFN
EGILSSTAÐIR
REYÐARFJÖRÐUR
HÖFN
SELFOSS
HVOLSVÖLLUR
VESTMANNAEYJAR
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
VÍK
SAFJÖRÐUR
BOLUNGARVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
PATREKSFJÖRÐUR
TÁLKNAFJÖRÐUR
BÍLDUDALUR
PINGEYRI
HVAMMSTANGI
VARMAHLÍÐ
SAURBÆR
HVANNEYRI
HVALFJÖRÐUR
LAUGARVATN
FLÚÐIR
REYKJAHLÍÐ
STÖÐVARFJÖRÐUR
BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
KÓPASKER
RAUFARHÖFN
REYKJANES
HVERAGERÐI
HELLA
HVOLSVÖLLUR
RANGÁRVELLIR
VESTMANNAEYJAR
KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
VÍK
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20

Sþ. 129. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]

um skipulag fólks- og vöruflutninga.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Páll Pétursson, Sigurgeir Bóasson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um skipulag fólks- og vöruflutninga innanlands í þeim tilgangi að auka hagkvæmni í rekstri og bæta þjónustu. Áætlun þessi nái til landsins alls, en fjalli um flutningakerfi hvers landshluta sérstaklega.

Greinargerð.

Öryggi og hagkvæmni í flutningum hefur ómetanlega þýðingu í efnahagslegum og félagslegum skilningi. Gerðar eru auknar kröfur um þjónustu en jafnframt hagkvæmni í rekstri, en hvort tveggja kallar á skipulag. Mikið fjármagn er bundið í samgöngumannvirkjum og samgöngutækjum. Aukin nýting þessara fjármuna hefur því mikið þjóðhagslegt gildi. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um skipulagsbreytingar sem stuðlað gætu að aukinni hagkvæmni flutningakerfisins og bættri þjónustu. Bent hefur verið á uppbyggingu umferðarmiðstöðva fyrir farþega og vörur og endurskipulagningu sérleyfisleiða og vöruflutninga með tilliti til þeirra. Jafnframt hefur oft verið rætt um möguleika þess að sameina hina ýmsu flutninga innan héraðanna. Einnig hefur iðulega verið vikið að nauðsyn þess að samræma flutninga á landi, sjó og í lofti þannig að yfirburðir hverrar greinar nýtist sem best þar sem við á.

Flutningsmenn telja eðlilegt að ríkið hafi frumkvæði að þeirri skipulagsvinnu sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Nú þegar hefur nokkuð verið að gert, því nýlega var til dæmis lokið við skýrslu nefndar um skipulag samgangna á Norðurlandi og s. l. sumar var lögð fram áfangaskýrsla nefndar um samgöngur á Vestfjörðum.

Samkvæmt þeirri tillögu, sem hér er flutt, skal taka mið af þörfum einstakra byggðarlaga með tilliti til hagsmuna heildarinnar þannig að samræming verði tryggð.

Ed. 130. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess. Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. nóv. 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir.	Egill Jónsson.
Jón Helgason.	Stefán Guðmundsson.	Stefán Jónsson.

Ed. 131. Frumvarp til laga [127. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

Í lok 45. gr. laganna komi til viðbótar:
Nafnnúmer skal fylgja nafni kjósanda utan á umslagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að auðvelda úrvinnslu utankjörfundaratkvæða sem dreifa þarf í mismunandi kjördeildir eftir því hvar kjósandi er á kjörskrá.

Í síðustu málsgrein 71. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959 (sjá lög nr. 37/1979), stendur:

„Yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skal strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaratkvæði, er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar og það, sem ekki finnst þar, skal borið saman við þjóðskrá og atkvæðunum komið á réttan ákvörðunarstað."

Til þess að auðvelda þetta er nauðsynlegt að nafnnúmer kjósanda sé einnig utan á umslagi því sem geymir atkvæðaseðil hans. Því er þetta frv. flutt.

Sþ. 132. Fyrirspurn [128. mál]

til iðnaðarráðherra um rekstrarafkomu nokkurra fyrirtækja.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hver var rekstrarafkoma eftirtalinna fyrirtækja árið 1981, sem eru að hluta til eða öllu leyti í eigu ríkissjóðs, og hver er áætluð rekstrarafkoma þeirra árið 1982?

1. Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.
2. Kísiliðjunnar við Mývatn.
3. Áburðarverksmiðju ríkisins.
4. Álafoss hf.
5. Sementsverksmiðju ríkisins.
6. Siglósíldar.

Ef taprekstur hefur orðið eða er fyrirsjáanlegur hjá þessum fyrirtækjum, hvernig er hann fjármagnaður?

Hafa einhver þessara fyrirtækja tekið erlend lán undanfarin ár vegna rekstrartaps (1980—82) og hver er greiðslubyrði þessara lána á árinu 1982?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 133. Fyrirspurn [129. mál]

til fjármálaráðherra varðandi endurskoðun tollskrárlaga.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

1. Hvenær hófst endurskoðun tollskrárlaganna?
2. Hvenær má búast við að endurskoðun ljúki?
3. Hverjir vinna að endurskoðuninni?

Nd. 134. Frumvarp til laga [130. mál]

um málefni fatlaðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

I. KAFLI
Markmið og stjórn.

1. gr.

Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna, og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best. Ennfremur að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvörðunartöku um málefni sín, s. s. með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða, er þau varða.

2. gr.

Orðið fatlaður í þessum lögum merkir þá sem eru andlega eða líkamlega hamlaðir.

3. gr.

Málefni fatlaðra heyra undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisþjónusta, þ. m. t. læknisfræðileg endurhæfing, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðslu- og uppeldismál undir menntamálaráðuneytið, félagsleg hæfing og endurhæfing, atvinnumál og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Félagsmálaráðuneytið skal annast málefni fatlaðra samkvæmt lögum þessum.

Sérstök nefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og kallast hún stjórnarnefnd. Stjórnarnefndin gætir þess að ráðstafanir varðandi alla þjónustu opinberra aðila verði samræmdar. Stjórnarnefndin skal skipuð 7 mönnum til 4 ára í senn.

Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, en samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmda laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til félagsmálaráðherra.

Þegar fjallað er um vinnumál fatlaðra skal stjórnarnefndin kalla til fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins,eftir því sem ástæða er til.

4. gr.

Landinu skal skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra snertir:

1. Reykjavíkurborg.
2. Reykjanessvæði, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu og kaupstaðina Grindavík, Keflavík, Njarðvík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog og Seltjarnarnes.
3. Vesturland, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Akraneskaupstað.

4. Vestfirðir, sem taka yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Bolungarvík og Ísafjörð.
5. Norðurland vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð.
6. Norðurland eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og kaupstaðina Ólafsfjörð, Dalvík, Akureyri og Húsavík.
7. Austurland, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu og kaupstaðina Seyðisfjörð, Neskaupstað og Eskifjörð.
8. Suðurland, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Vestmannaeyjar og Selfoss.

5. gr.

Á hverju svæði skal starfa 7 manna svæðisstjórn, er hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með þessi mál fara á svæðinu, svo sem fræðslustjóra, héraðslækna, sveitarfélaga og samtaka fatlaðra. Í hverri svæðisstjórn skulu vera fræðslustjóri, héraðslæknir og fimm menn skipaðir af ráðherra. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga, og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða stjórn viðkomandi samtaka. Samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð, sbr. 3 mgr. 3. gr.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa, annan úr sínum hópi en hinn fulltrúa í félagsmálaráði Reykjavíkur.

Stjórnin kýs sér formann. Skipunartími stjórnar er 4 ár. Þeir sem skipa svæðisstjórn skulu búsettir á svæðinu. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og í stjórnarnefnd skv. 3. gr.

II. KAFLI

Þjónusta og stofnanir.

6. gr.

Á hverju svæði skal stefnt að því að eftirfarandi þjónusta verði veitt:

1. Frumgreining. Eftirlit með nýfæddum börnum og frumathugun þegar grunur vaknar um fötlun af einhverju tagi.
2. Þroskaþjálfun og leikfangaþjónusta.
3. Sérkennsla.
4. Hjálpartækja- og flutningsþjónusta.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Sálfræðiþjónusta.
7. Hæfing og endurhæfing.
8. Verkþjálfun og starfsprófun.
9. Iðjuþjálfun.
10. Atvinnuleit.
11. Félagsráðgjöf.

Stefnt skal að því að útvega aðstöðu til tímabundinnar og varanlegrar vistunar á fósturheimilum.

Veita skal fötluðum þjónustu á almennum stofnunum eftir því sem unnt er.

Uppbygging og starfsemi þeirra skal þannig úr garði gerð að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að fenginni umsögn stjórnarnefndar að fella niður eða bæta við þjónustuþáttum. Þá getur ráðherra í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa svæðisbundið eða fyrir landið allt að fengnum tillögum svæðisstjórna og stjórnarnefndar.

7. gr.

Stofnanir fyrir fatlaða eru:

1. Dagvistarstofnanir fyrir börn og deildir tengdar þeim stofnunum.
2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
3. Skammtímafósturheimili.
4. Leikfangasöfn.
5. Meðferðarheimili.
6. Sumardvalarheimili.
7. Sambýli.
8. Dagvistarstofnanir fatlaðra.
9. Hjúkrunarheimili.
10. Verndaðir vinnustaðir.
11. Atvinnuleit.
12. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
13. Vistheimili.
14. Skóladagheimili.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að bæta við stofnunum eða fella niður að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

Hlutaðeigandi ráðherra eða ráðuneyti veitir leyfi fyrir nýrri starfsemi og þjónustu svo og fyrir meiriháttar breytingum á starfsemi og þjónustu að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

8. gr.

Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 7. gr., 5., 7., 9. og 13. tl. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum, þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra.

Sé umsókn um vistun synjað, er hægt að vísa málinu til stjórnarnefndar, sem leitar lausnar.

Að fengnum tillögum stjórnarnefndar getur ráðherra ákveðið að fleiri stofnanir skv. 7. gr. falli undir ákvæði 1. mgr.

9. gr.

Fötluðum, sem af óviðráðanlegum ástæðum að mati svæðisstjórna njóta ekki kennslu eða þjálfunar utan heimilis, skal séð fyrir ókeypis kennslu og þjálfun við sitt hæfi.

Svæðisstjórnir skulu gera tillögur um að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, hvernig þessi þjónusta verði veitt.

10. gr.

Fatlað barn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelur í heimahúsi eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið.

Viðkomandi svæðisstjórn skal sjá um að þessi aðstoð verði veitt.

Kjósi framfærendur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þá til þess hæfa og aðstoðina nauðsynlega, skal greiða fyrir 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar og samkvæmt 8. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Heimilt er að hækka þessar greiðslur beri brýna nauðsyn til að mati svæðisstjórnar.

Greiðsla á aðstoð skv. þessari grein annast lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

11. gr.

Leyfi til handa sveitarfélögum og félögum fatlaðra til að setja á fót og reka stofnanir fyrir fatlaða samkv. 7. gr. veita hlutaðeigandi ráðuneyti að fenginni umsögn viðkomandi svæðisstjórnar.

Svæðisstjórn annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða. Skylt er að veita fulltrúum svæðisstjórnar aðgang að stofnunum til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi þeirra og afkomu. Svæðisstjórnum ber að leiðbeina stofnunum um það sem betur má fara.

Þegar svæðisstjórn annast sjálf rekstur stofnana skal félagsmálaráðuneytið annast eftirlit með rekstri þeirra.

Samkvæmt tillögu stjórnarnefndar getur ráðherra, er málið heyrir undir, svipt stofnanir þessar leyfi til að starfa, ef þær fara ekki eftir kröfu svæðisstjórna og/eða félagsmálaráðuneytisins um það, sem talið er ábótavant í rekstrinum, innan hæfilegs tíma.

12. gr.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um þjónustu þessa og stofnanir svæðisbundið eða fyrir allt landið, sbr. 6. og 7. gr., að fengnum tillögum svæðisstjórnar (svæðisstjórna) og stjórnarnefndar.

Svæðisstjórn gerir tillögur að framkvæmdaáætlun um uppbyggingu þessara stofnana.

III. KAFLI

Tilkynningarskylda.

13. gr.

Komi í ljós við mæðraskoðun að líkur séu á að barn verði fatlað, ber viðkomandi eftirlitsaðila að tilkynna það foreldrum og í samráði við þá hlutast til um frekari rannsókn og fyrirbyggjandi aðgerðir eftir því sem kostur er.

14. gr.

Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samráði við foreldra að tilkynna það svæðisstjórn. Jafnframt skal í heilsugæslustöð fara fram frumgreining. Skal foreldrum gerð grein fyrir hugsanlegri fötlun. Tilkynna skal niðurstöður frumgreiningar til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ef þurfa þykir.

15. gr.

Við reglulegar heilsufarsskoðanir barna skal sérstaklega gefa gaum að andlegu og líkamlegu atgervi þeirra. Sama skylda hvílir á sálfræðiþjónustu í skólum. Komi í ljós einkenni um fötlun skal tilkynna það svæðisstjórnum og fer um slíkt samkvæmt 14. gr.

IV. KAFLI

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

16. gr.

Ríkið starfrækir eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og heyrir hún undir félagsmálaráðuneytið. Hlutverk og starfssvið hennar er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum 0—20 ára sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.

3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga, sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.
4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstæðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.
5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.
6. Þjálfun starfsstétta, sem annast þjónustu við fatlaða samkvæmt 6. og 7. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir og þá skóla sem annast menntun starfsmanna á viðkomandi sviðum.
7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
8. Veita svæðisstjórnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum samkvæmt 5., 7., 9. og 13. tl. 7. gr. Sama gildir og um 10. gr.
9. Beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fötlunar og veita faglega ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisstjórnir.
10. Vera félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við útgáfu upplýsingabæklinga á þessu sviði, sbr. 25. gr.
11. Hjálpartækjabanki fyrir börn.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann vera ábyrgur fyrir faglegri starfsemi stofnunarinnar og samskiptum við aðrar stofnanir.

Framkvæmdastjóri skal sjá um fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar og umsjón með daglegum rekstri. Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra er jafnframt stjórnarnefnd Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

V. KAFLI
Hæfing og endurhæfing.

17. gr.

Tilgangur hæfingar og endurhæfingar er sá að draga úr áhrifum fötlunar og koma í veg fyrir hana eins og frekast er unnt.

Stjórnarnefnd og svæðisstjórnir skulu í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti sjá svo um að fatlaðir eigi kost á þjálfun við hæfi, svo þeir geti sem best séð sér farborða, m. a. með eigin vinnu.

Ennfremur skulu þessir aðilar sjá svo um að unnt sé að gera nauðsynlegar athuganir á þeim, sem þarfnast þjónustu á þessu sviði, og áætlanir um hvernig henni skuli hagað.

18. gr.

Stofnanir sem annast hæfingu og endurhæfingu njóta aðstoðar með þeim hætti, sem nánar greinir í lögum þessum. Stjórnarnefnd vinnur að því að verkaskipting þeirra sé sem hagkvæmust og starfshættir samræmdir í framkvæmd.

Í samvinnu við þessar stofnanir skal stjórnarnefnd beita sér fyrir gerð kannana og áætlana. Tilgangur kannana er að jafnan séu til reiðu glöggar upplýsingar um stöðu þessara mála og að ráðstafanir á þessum sviðum svari jafnan sem best kröfum tímans. Markmið áætlanagerðar er að séð verði fyrir þörfum fatlaðra um hæfingu, endurhæfingu og vinnu og skal slík áætlun endurskoðuð eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

19. gr.

Heimilt er að tillögu svæðisstjórna að veita aðstoð þeim sem lög þessi ná til sem hér segir:

1. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti að þeir geti ekki framfært sig og fjölskyldu sína á meðan endurhæfing fer fram.
2. Styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.
3. Styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð skv. 1. og 2. tl. Félagsmálaráðuneytið veitir styrk eða lán skv. 3. tl.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, svo sem skilyrði, sem uppfylla þarf til að njóta styrkja skv. þessari grein og styrkupphæð.

20. gr.

Svæðisstjórn skal jafnan leggja áherslu á að sem best tengsl séu á milli hæfingar og endurhæfingar annars vegar og atvinnuleitar hins vegar.

VI. KAFLI

Húsnæðis- og atvinnumál.

21. gr.

Svæðisstjórnir skulu fjalla um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra, bæði hvað varðar stofnanir og einstaklinga, og gera ákveðnar tillögur í þeim efnum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

22. gr.

Svæðisstjórnir skulu stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða, hver á sínu svæði, sem hefur það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi.

Atvinnuleitin skal starfa í nánum tengslum við félagsmálaráðuneytið, vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu.

Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með því, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt, ekki hvað síst við byggingu nýrra vinnustaða. Jafnframt kanna þær með viðræðum við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga, hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða á sem flestum vinnustöðum, og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi.

Leggja skal áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola vinnuálag sem fullt starf hefur í för með sér.

Þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja samkv. lögum nr. 52/1956 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar samkvæmt 1. mgr.

23. gr.

Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við félög fatlaðra, aðila vinnumarkaðarins og Tryggingastofnun ríkisins, að gerð sé könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum, og í framhaldi af því að gera tillögur um úrbætur. Slíka könnun skal endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

24. gr.

Þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi, ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisstjórnar bersýnilega gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur hún krafið veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

VII. KAFLI

Kynning á málefnum fatlaðra.

25. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal beita sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Fötluðum séu reglulega, með útgáfu bæklinga o. fl., kynnt réttindi sín.

Kynning á málefnum fatlaðra skal felld inn í kennslu í samfélagsfræðum í grunnskólum. Nemendum grunnskóla skal gefinn kostur á kennslu í táknmáli heyrnleysingja skv. nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Að ákvörðun menntamálaráðuneytisins skal tileinka einn dag á ári kynningu á málefnum fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins.

VIII. KAFLI

Rekstur og kostnaður.

26. gr.

Ríkið kemur á fót stofnunum skv. 2.—13. tl. 7. gr.

Sveitarfélög útvega rými fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn skv. 1. tl. 7. gr. og koma á fót sérdeildum og fer um þann stofnkostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.

Ríkissjóður greiðir að fullu stofnkostnað samkvæmt 7. gr., 5., 6., 7., 8., 12. og 13. tl.

Ríkissjóður greiðir 85% og sveitarfélög 15% stofnkostnaðar samkvæmt 2., 3., 4., 9., 10., 11. og 14. tl. 7. gr.

Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr.

Kostnaður samkvæmt 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.

27. gr.

Ef félög koma á fót stofnunum samkvæmt 7. gr., 3.—10. tl. og 12.—14. tl., er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Stjórnarnefnd er heimilt að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Jafnframt er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingunum.

28. gr.

Kostnaður vegna reksturs samkvæmt 1. tl. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað, sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

Af kostnaði vegna reksturs stofnana, sem ekki greiðist af eigin fé, skv. 7. gr. 3., 4., 11. og 14. tl., greiðir ríkissjóður 85%, en sveitarsjóður 15%.

Um kostnað vegna rekstrar skv. 2. og 12. tl. 7. gr. fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva, enda séu slíkar stofnanir byggðar og reknar skv. þeim lögum.

Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana skv. 7. gr.

Þegar um er að ræða sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum, skal greiða hann af rekstursfé viðkomandi stofnana.

29. gr.

Ef sjálfstæð starfsemi, sem notið hefur styrks til stofnkostnaðar samkvæmt þessum lögum, er lögð niður, er styrkurinn endurkræfur á nafnverði ásamt vísitölubreytingum á hverjum tíma.

30. gr.

Kostnaður vegna starfa Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði.

Setja skal reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í samræmi við lög um almannatryggingar.

31. gr.

Kostnaður vegna starfa stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

32. gr.

Kostnaður vegna starfa fulltrúa í svæðisstjórn greiðist úr ríkissjóði.

33. gr.

Greiddur skal eðlilegur dvalarkostnaður fatlaðra í sjálfseignarstofnunum samkvæmt 7. gr.

Daggjöld stofnana sem ekki eru ákveðin með föstum fjárveitingum skulu ákveðin fyrir allar stofnanir sem ekki eru í eigu hins opinbera af stjórnarnefnd í samráði við daggjaldanefnd samkv. almannatryggingalögunum og fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun.

IX. KAFLI

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

34. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra, og skal hann vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Sjóðurinn yfirtekur Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja, sbr. lög nr. 47/1979, og skuldbindingar hans.

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í (1. mgr.) 26. og 27. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Um framkvæmdir gilda ákvæði laga nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir að undanskildum framkvæmdum skv. 1. mgr. 27. gr.

Heimilt er jafnframt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu svo og annarra verkefna, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða, þ. á m. fyrirgreiðslu vegna framleiðslustarfsemi fatlaðra í heimahúsum, sbr. 2. lið 19. gr.

Heimilt er að veita lán og styrk úr Framkvæmdasjóði, sbr. 27. gr.

35. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 33 milljóna króna miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.
2. Tekjur Erfðafjársjóðs.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

36. gr.

Stjórnarnefnd, sbr. 3 mgr. 3. gr., annast stjórn sjóðsins.

Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 34. gr. að fengnum tillögum svæðisstjórna og umsagnar viðkomandi ráðuneytis.

Svæðisstjórnir senda tillögur sínar viðkomandi ráðuneyti, sem síðan sendir þær stjórnarnefnd ásamt umsögn um þær.

Stjórnarnefnd skal leita staðfestingar viðkomandi ráðherra á tillögum sínum um úthlutun úr sjóðnum.

Umsóknir um framlög úr sjóðnum skulu berast stjórnarnefnd eigi síðar en í september ár hvert.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þarfnast á hverju svæði og í hverju byggðarlagi.

37. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast daglegan rekstur sjóðsins.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Svæðisstjórnir safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra, skv. lögum þessum, hver á sínu svæði.

Svæðisstjórnir senda þessar upplýsingar til viðkomandi ráðuneytis ásamt framkvæmdaáætlun til 3ja ára í senn. Afrit af áætluninni skal sent stjórnarnefnd.

Heilbrigðis-, mennta- og félagsmálaráðuneytin senda á grundvelli þessara tillagna áætlanir sínar og umsögn um tillögur svæðisstjórna til stjórnarnefndar.

Stjórnarnefnd, í samráði við félagsmálaráðuneytið, samhæfir áætlanirnar og vinnur endanlega framkvæmdaáætlun um þörf þjónustunnar í samræmi við rökstudda þörf og fjárveitingar hverju sinni.

Framkvæmdaáætlun skal einnig lögð fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjárveitinganefnd Alþingis.

39. gr.

Svæðisstjórnir skulu fylgjast með framkvæmd laganna hver á sínu svæði og gera tillögur um úrbætur, ef í ljós kemur að misbrestur er á því að sú þjónusta sé veitt er lög þessi kveða á um.

Upplýsingar þar um skulu sendar stjórnarnefnd ásamt rökstuddum áætlunum um úrbætur. Stjórnarnefnd skal fylgjast með að unnið sé að úrlausn þeirra ábendinga er fram koma.

40. gr.

Svæðisstjórnir gera árlega tillögur um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps og skal senda þær til viðkomandi ráðuneytis fyrir 1. apríl ár hvert.

41. gr.

Svæðisstjórnir og stofnanir skv. 7. gr. skulu senda viðkomandi ráðuneyti reikning yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok febrúar ár hvert.

Sundurliðað kostnaðaryfirlit yfir framkvæmdir, sem úthlutað hefur verið til, skal í árslok senda stjórnarnefnd.

42. gr.

Sérhverjum er starfar samkvæmt lögum þessum ber að gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu.

43. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um hlutverk stjórnarnefndar skv. 3. gr., um störf svæðisstjórna, sbr. 5. gr., um ákvæði 10. gr., um framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 34., 35. og 36. gr.

XI. KAFLI

Gildistaka.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta ásamt síðari breytingum, lög nr. 27/1970 um endurhæfingu og 2. og 3. gr. laga nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær stofnanir fatlaðra, er starfa við gildistöku laganna, skulu á næsta ári eftir gildistöku laganna senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 11. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi. Starfsleyfi skal síðan veitt innan árs frá því að umsókn er lögð fram.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um málefni fatlaðra var lagt fram eins og kunnugt er á síðasta Alþingi.

Frumvarpinu var þá vísað til félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis í desember 1981 og hafði hún frumvarpið til meðferðar þangað til í apríl 1982 að nefndin skilaði af sér breytingartillögum ásamt nefndaráliti.

Frumvarpið er nú lagt fram að nýju og hafa allar breytingartillögur félagsmálanefndar verið teknar til greina og felldar inn í frumvarpið.

Verður nánar vikið síðar að einstökum greinum frumvarpsins.

Þá er þess að geta að samráðsnefnd um málefni fatlaðra, sem skipuð var af félagsmálaráðherra í september 1982, hefur fjallað um frumvarpið með breytingartillögum félagsmálanefndar og gert nokkrar tillögur til breytinga. Eru þær lagðar fram, sem sérstakt fylgiskjal með frumvarpinu.

Með fyrstu gerð frumvarpsins til laga um málefni fatlaðra fylgdi ítarleg greinargerð og athugasemdir þar sem fjallað er um hverjir unnu við samningu frumvarpsins svo og yfirlit um helstu lög er snerta málefni fatlaðra. Þar var einnig að finna umfjöllun um nýmæli frumvarpsins og einstakar greinar þess.

Verður sama skipan höfð hér á en að sjálfsögðu í samræmi við þær breytingar er orðið hafa á frumvarpinu.

Á 31. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1976 var samþykkt að lýsa því yfir að árið 1981 skyldi vera alþjóðlegt ár fatlaðra. Með þessari samþykkt ákvað þingið að það ár skyldi helgað þeim markmiðum að bæta hag fatlaðra á hinum ýmsu sviðum, sem nánar greindi í ályktun þingsins undir kjörorðinu „full þátttaka og jafnrétti“.

Í ályktun allsherjarþingsins var lagt til að sú grundvallarregla ætti að gilda að fyrirbyggjandi aðgerðir, úrbætur á kjörum fatlaðra og félagsleg og starfsleg endurhæfing ættu að verða mikilvægir þættir í félagslegri áætlunargerð í hverju landi og að hinar sérstöku þarfir fatlaðra bæri að virða á öllum stigum efnahagslegrar og félagslegrar áætlunargerðar. Af þeim sökum var talið að alþjóðaár fatlaðra gæti gegnt mikilsverðu hlutverki sem hvati á ríkisstjórnir til að gefa nægilegan gaum að bættum kjörum þessa þjóðfélagshóps og virkjuðu hann í félagslegri og efnahagslegri þróun landa sinna. Ennfremur var lagt til að athyglinni yrði beint að hinum sérstöku vandamálum sem ýmsir einstaklingar eiga við að stríða til að tryggja þeim öllum viðeigandi meðferð án þess þó að það leiddi til einangrunar viðkomandi.

Ályktun Sameinuðu þjóðanna fól einnig í sér tillögur um aðgerðir í einstökum ríkjum þar sem ríkisstjórnir aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna voru hvattar til að hefja, í tilefni af ári fatlaðra, ákveðnar aðgerðir sem stuðlað gætu að því að ná þeim markmiðum sem sett voru, þ. e. að fatlaðir nytu fullkomins jafnréttis og þátttökumöguleika á við aðra þegna þjóðfélagsins. Meðal þeirra aðgerða sem lagðar voru til var að endurskoðuð yrði gildandi löggjöf er snertir málefni fatlaðra og gerðar tillögur um ný ákvæði varðandi þá, sérstaklega þau sem fjalla um vernd grundvallarréttinda fatlaðra, t. d. menntun, endurhæfingu, atvinnu og framkvæmd á markmiðum alþjóðaársins.

Í samræmi við þessa samþykkt Sameinuðu þjóðanna skipaði þáverandi félagsmálaráðherra Magnús H. Magnússon þriggja manna nefnd til að annast kynningu málefna fatlaðra í tilefni af alþjóðaárinu og hafa forgöngu um undirbúning og skipulagningu framkvæmda hér á landi í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Nefnd þessi var skipuð 30. október 1979. Nefndin hlaut nafnið Alfanefnd sem skammstöfun fyrir Alþjóðaár fatlaðra og var hún skipuð Árna Gunnarssyni alþingismanni, Ólöfu Ríkarðsdóttur, fulltrúa, sem tilnefnd var af endurhæfingarráði, og Sigríði Ingimarsdóttur, húsfrú, sem tilnefnd var af Öryrkjabandalagi Íslands.

Undirbúningsnefnd þessi var síðan endurskipulögð í september 1980 og skipuð sérstök framkvæmdanefnd. Alfanefndin hefur síðan verið skipuð eftirtöldum einstaklingum: Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, formaður, Ásgeir B. Ellertsson, yfirlæknir, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Magnús Magnússon, sérkennslufulltrúi, tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, Alexander Stefánsson, alþingismaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, til vara Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur, ritstjóri Sveitarstjórnarmála, Ólöf Ríkarðsdóttir, fulltrúi, tilnefnd af endurhæfingarráði, Sigríður Ingimarsdóttir, húsfrú, tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands, Friðrik Sigurðsson, þroskaþjálfi, tilnefndur af Landssamtökunum þroskahjálp, og Theodór A. Jónsson, forstöðumaður, tilnefndur af Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra. Ritari nefndarinnar var skipaður Þórður Ingvi Guðmundsson, stjórnmálafræðingur, fulltrúi í félagsmálaráðuneytinu.

Núverandi félagsmálaráðherra óskaði eftir því að eitt af helstu forgangsverkefnum nefndarinnar yrði endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum, sem snertu málefni fatlaðra, í samræmi við samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Með bréfi dags. 2. maí 1980 fól félagsmálaráðherra Svavar Gestsson þeim Friðgeiri Björnssyni borgardómara og Gunnari Eydal lögfræðingi, skrifstofustjóra Borgarstjórnar Reykjavíkur að gera tillögu um samræmingu gildandi laga og reglugerða er varða fatlað fólk beint og óbeint og athuga sérstaklega hvort koma mætti gildandi lagaákvæðum fyrir í einum lagabálki um málefni fatlaðra. Jafnframt fól ráðherra ritara Alfanefndarinnar Þórði Ingva Guðmundssyni, stjórnmálafræðingi, að vinna að þessu verkefni með lögfræðingunum.

Eitt af þeim fyrstu vandamálum sem þessi nefnd rak sig á var að mjög margar mismunandi skilgreiningar voru til yfir hverjir teldust vera fatlaðir og hverjir ekki auk þess að mörg hugtök voru notuð yfir sama fyrirbærið, t. d. fatlaður, hreyfihamlaður, hreyfiskertur, lamaður, þroskaheftur, öryrki og svo má lengi telja.

Um það leyti sem Alfanefndin var að koma skipulagi á fyrirhuguð verkefni sín tók til starfa ný deild í félagsmálaráðuneytinu skv. lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Ráðinn hafði verið deildarstjóri að þessari deild Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi, en deild þessi hlaut nafnið deild um málefni þroskaheftra og öryrkja. Í samráði við Alfanefndina, deild ráðuneytisins, sérfræðinga á sviði málefna fatlaðra var ákveðið að stefna að því að nota eitt heildarhugtak yfir þá sem eiga við líkamlega og/eða andlega skerðingu að stríða, þ. e. hugtakið fatlaður, enda hafði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) nýlega gefið út upplýsingar þar sem fötlun var skilgreind á nýjan leik og jafnframt mælt með því að hugtakið fatlaður yrði látið ná yfir hina mismunandi hópa andlega og líkamlega skertra einstaklinga. Þetta er einnig í samræmi við ákvarðanir sem teknar hafa verið í ýmsum nágrannalöndum okkar auk þess að alþjóðaár fatlaðra er tileinkað öllum hópum fatlaðra án tillits til hver fötlunin er skv. ákvörðun Sameinuðu þjóðanna.

Við samningu frumvarpsins hefur verið unnið í nánu samráði við Alfanefndina. Þá hefur verið haft samráð við heildarsamtök fatlaðra í landinu, Sjálfsbjörgu landssamband fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands svo og endurhæfingarráð. Þetta samráð hefur verið með þeim hætti að stjórnir þessara samtaka hafa fengið óformlega eða formlega til umfjöllunar frumvarpsdrög á hinum ýmsu stigum svo og hafa einstakir stjórnarmenn í þessum samtökum og stofnunum setið fundi með endurskoðunarnefndinni. Þá hafa verið haldnir fundir með fulltrúum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, Sálfræðingafélagi Íslands að ósk viðkomandi og haft samband við framkvæmdastjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Í desember s. l. þegar frumvarpsdrögin höfðu tekið á sig nokkuð heillega mynd voru þau send formlega eftirtöldum aðilum til umsagnar: Endurhæfingarráði, Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum þroskahjálp, Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra, Stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, Alfanefndinni og framkvæmdastjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Í febrúar s. l. óskuðu Stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra og Landssamtökin þroskahjálp eftir því við félagsmálaráðherra að fulltrúar þessara aðila tækju beinan þátt í lokavinnslu frumvarpsdraganna um málefni fatlaðra. Ráðherra varð við þessari beiðni og var jafnframt ákveðið að bjóða fulltrúa endurhæfingarráðs að taka þátt í þessari vinnu. Eftirtaldir einstaklingar unnu með endurskoðunarnefndinni: Frá Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra Sigursveinn D. Kristinsson, skólastjóri. Frá Landssamtökunum þroskahjálp Jón Sævar Alfonsson, skrifstofustjóri. Frá endurhæfingarráði Haukur Þórðarson, yfirlæknir, formaður ráðsins. Frá Öryrkjabandalagi Íslands Lárus Helgason, yfirlæknir, og síðar Halldór Rafnar, lögfræðingur, formaður Blindrafélagsins, Jóna Sveinsdóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, og Birgir Þormar, lögfræðingur, og frá Stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra Jóhanna Sigurðardóttir, alþingismaður, og Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðumeytinu. Má því segja að við gerð frumvarpsins hafi verið haft fullt samráð og náið við samtök þess fólks sem hvað ríkastra hagsmuna á að gæta varðandi þau mál, sem fjallað er um í frumvarpinu.

Helstu lög er snerta málefni fatlaðra.

Eins og fram kemur hér að framan var endurskoðunarnefndinni falið að endurskoða gildandi lög og reglugerðir og að athuga hvort koma mætti þessum lögum fyrir í einum lagabálki og þar með einfalda og samræma þau lagaákvæði og lög sem snerta beint og óbeint málefni fatlaðra. Í gildi í dag er á annan tug laga og reglugerða sem snerta málefni fatlaðra sérstaklega. Þau helstu eru:

1. Lög um heimilishjálp í viðlögum nr. 10/1952 ásamt reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.

Í þessum lögum er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnum og sýslunefndum sé heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum, auk þess að starfrækja má heimilishjálp handa öldruðu fólki eftir því sem er ákveðið nánar í reglugerðinni. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

2. Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952.

Í þessum lögum er gert ráð fyrir því að fé því sem rennur í erfðafjársjóð sé varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja ekki fram úr $^2/_3$ af stofnkostnaði stofnunarinnar. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

3. Lög um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Í þessum lögum er kveðið á um að í hverjum kaupstað og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri skuli starfrækt vinnumiðlun. Samkvæmt 3. gr. þessara laga er gert ráð fyrir því að hlutverk vinnumiðlunar sé m. a. að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

4. Lög um heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs nema þau hafi lokið námi þar fyrr, eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Í lögunum eru ákvæði þess efnis að læknum sé skylt að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um að barn innan sjö ára aldurs hafi svo litla heyrn að lítil líkindi séu til þess að það læri málið eða það missi málið vegna heyrnarleysis.

5. Lög um endurhæfingu nr. 27/1970.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að þjálfun og endurhæfingu fólks með varanlega skerta starfshæfni, svo það geti sem best séð sér farborða með eigin vinnu. Aðstoða skal þær stofnanir, sem annast endurhæfingu, og koma á fót þeim rannsóknar-, endurhæfingar- og vinnustöðvum sem nauðsynlegar eru með þeim hætti sem nánar er greint frá í lögunum.

Samkvæmt þessum lögum skipar félagsmálaráðherra sjö menn í endurhæfingarráð og eiga eftirtaldir aðilar einn fulltrúa hver: Öryrkjabandalag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, Læknafélag Íslands og menntamálaráðuneytið. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal sá vera formaður ráðsins. Allur kostnaður við starfrækslu endurhæfingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

Endurhæfingarráð hefur það hlutverk m. a. að semja áætlun um þörf endur-

hæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni, að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðum fyrir öryrkja, að vinna að því að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust, að útvega þeim er þarfnast endurhæfingar og þjálfunar rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni. Þá stundar ráðið upplýsingastarfsemi og hvetur þá sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar sem við á svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi. Þá á ráðið að vera stjórnvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni, athuga og gera tillögur um hvernig almenn endurhæfing og svo endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lögin taka sérstaklega til, verði sem best samræmd í framkvæmd.

Lögin um endurhæfingu fjalla m. a. um endurhæfingarstöðvar. Til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skal veita úr erfðafjársjóði, eftir því sem fé er fyrir hendi, svo sem hér segir:

A. Styrk sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

B. Lán sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

Samkvæmt endurhæfingarlögum er heimilt að veita fé úr erfðafjársjóði til að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja, sbr. einnig lög nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts.

Þeir sem njóta eiga endurhæfingar skv. lögunum eru þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annað hvort a) geta ekki séð sér farborða vegna varanlega skertrar starfshæfni, eða b) er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir að þeir missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi starfsgetu af völdum orkutaps. Hver sá sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni skal, ef þess gerist þörf, ganga undir hæfnis- og starfsprófi, þar sem rannsökuð er andleg og líkamleg hæfni hans. Skv. lögunum skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar, menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað, er máli skiptir fyrir þjálfun starfs.

Í 16. gr. laganna um endurhæfingu er ákveði þess efnis að þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkvæmt lögunum, skuli fá aðstoð til þess að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlunina í landinu láta gera könnun á atvinnulífinu með tilliti til hentugra starfa fyrir fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða, og vinna að því, að fatlaðir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir sem notið hafa endurhæfingar skulu að öðru jöfnu eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

6. Lög um almannatryggingar nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum.

Í almannatryggingalögunum eru fjölmörg atriði sem snerta réttindi og aðstoð við fatlað fólk. Þau eru helst:

a) Örorkumat.

Allar greiðslur vegna örorku eru ákveðnar eftir örorkumati sem tryggingayfirlæknir annast. Ef örorka dæmist 75% eða meira á umsækjandi rétt á örorkulífeyri. Sé örorka metin 50—74% er heimilt að greiða örorkustyrk og er hann ákveðinn hundraðshluti af örorkulífeyri metinn í hverju einstöku tilfelli eftir efnahag og félagslegum aðstæðum umsækjenda. Örorkustyrk má veita þeim sem stundar fullt starf en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Þó er sett ákveðið tekjumark eða viðmiðunartekjur. Dæmist örorka undir 50% eru ekki greiddar örorkubætur, ef um almennt mat er að ræða vegna sjúkdómsins. Aftur á móti ef orsök fötlunarinnar er að rekja til vinnuslyss, íþróttaslyss eða slyss á ökumanni bifreiðar fær viðkomandi bætur hjá slysatryggingadeild Tryggingastofnunarinnar. Þegar bótaskylt slys veldur varanlegri örorku er örorka að jafnaði ekki metin fyrr en ár er liðið frá því slysið átti sér stað. Þetta getur því verið breytilegt og fer eftir eðli slyssins og afleiðingum þess. Þegar örorkumat vegna bótaskylds slyss er unnið eru greiddir dagpeningar í mörgum tilfellum.

b) Örorkulífeyrir.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem í fyrsta lagi eiga lögheimili á Íslandi og eru á aldrinum 16—67 ára og í öðru lagi eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn við þau störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu.

c) Tekjutrygging.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr ákveðinni upphæð á ári skal hann fá óskerta tekjutryggingu. Hafi bótaþeginn hins vegar meiri tekjur skerðist tekjutryggingin um 55% þeirra tekna sem umfram eru.

d) Heimilisuppbót.

Einhleypir örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar og eru einir um heimilisrekstur fá greidda heimilisuppbót og skerðist hún í sama hlutfalli og tekjutryggingin.

e) Bifreiðastyrkur.

Hægt er að greiða uppbót vegna reksturs bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar. Umsókn skal berast lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Lýsing á fötlun umsækjanda berist tryggingayfirlækni ef slíkar læknisfræðilegar upplýsingar liggja ekki fyrir í Tryggingastofnuninni.

f) Makabætur.

Greiða má maka örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. ef hann getur ekki stundað atvinnu vegna sjúkleika maka í heimahúsi.

g) Barnalífeyrir.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára ef annað foreldrið er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

h) Sjúkrahúsvist.

Hafi örorkulífeyrisþegi dvalist í sjúkrastofnun eða annarri stofnun lengur en fjóra mánuði alls á undanförnum 24 mánuðum fellur lífeyrir hans niður 5. mánuðinn. Þó er alltaf greiddur útskriftarmánuðurinn. Heimilt er þó Tryggingastofnun að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á.

i) Barnaörorka.

Sérstakan styrk er heimilt að greiða vegna bæklaðs eða vanþroska barns frá 1—16 ára aldurs sem hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Um örorkumöt vegna bæklunar eða vanþroska barns á aldrinum 1—16 ára gilda aðrar reglur en við örorkumöt lífeyristrygginga. Þegar um örorkumat vegna barns er að ræða er einkum lagt til grundvallar matinu sú aukna umönnun og sá aukni kostnaður sem sjúkdómur barnsins (fötlun barnsins) veldur. Örorkustig eru þrjú, það er styrkur 1, en bætur þess nema 25% af lífeyri, styrkur 2 nemur 50% lífeyris og styrkur 3 nemur 75% lífeyris.

i) Ýmiss konar afsláttur fyrir fatlaða sem eru örorkulífeyrisþegar (hafa 75% örorkumat eða meira).

1. 50% afsláttur á lyfjum, sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.
2. Endurgreiðsla á tannviðgerðum:
   a) 50% endurgreitt. Sjúkrasamlag greiði örorkulífeyrisþega án tekjutrygginga helming af kostnaði vegna tannviðgerða.
   b) 75% endurgreitt. Sjúkrasamlag greiði örorkulífeyrisþega sem nýtur einhverra tekjutrygginga 75% af kostnaði vegna tannviðgerða.
   c) 100% endurgreitt.
      1) Langlegusjúkir. Sjúkrasamlag greiðir örorkulífeyrisþega sem telst langsjúkur kostnað vegna tannviðgerða að fullu.
      2) Vangefnir. Sjúkrasamlag greiðir örorkulífeyrisþega sem telst vangefinn og nýtur fullrar tekjutryggingar kostnað vegna tannviðgerða að fullu.

j) Örorkubætur.

Ef hinn slasaði reynist að lokinni meðhöndlun bera varanleg mein skal örorka hans metin hjá tryggingayfirlækni. Reynist hún minni en 15% er slysatryggingadeild ekki bótaskyld. Ef örorka mælist á bilinu 15—49% er heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur. Ef örorka er metin 50% fær hinn slasaði greidd 50% af fullum örorkulífeyri sem hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við hann bætist uns örorkan nemur 75% en þá greiðist fullur lífeyrir. Sé örorka metin 75% eða þar yfir er greiddur fullur örorkulífeyrir. Nýtur bótaþegi þá allra þeirra réttinda sem örorkulífeyri fylgja.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum hins slasaða ef örorka hans er metin meira en 50%. Sé örorkan metin 75% skal greiða fullan barnalífeyri en sé örorkutapið minna lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

7. Lög um grunnskóla nr. 63/1974. Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977.

Samkvæmt 2. gr. laga um grunnskóla er hlutverk grunnskólans í samvinnu við heimili að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Grunnskóli skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

Eins og hér kemur fram er í orði kveðnu allvel búið að menntun og málum fatlaðra á grunnskólastigi. Áhersla er lögð á það að allir eigi kost á og fái innan grunnskólans þá kennslu sem unnt er að veita þar. Nú er það hins vegar vitað mál að erfitt er í þjóðfélagi sem þessu að búa svo um hnútana að allir geti undantekningarlaust fengið menntun sína í grunnskóla og á það ekki síst við um fatlaða enda gera lögin ráð fyrir því, sbr. 50. gr. laganna:

„Börn sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þau fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla nema til komi sérkennsla í sérstofnunum samkv. 52. gr. Kennsla fer fram eftir því sem henta þykir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og framfærsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum kennslustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp."

Ætlast er til að hinir almennu skólar reyni eftir fremsta megni að haga störfum sínum í

samræmi við ofangreint að svo miklu leyti sem slíkt er unnt. Varðandi þessa aðstoð bæði í skólunum sjálfum og eins utan þeirra og um tilhögun slíkrar aðstoðar er kveðið nánar í 67. gr. grunnskólalaga. Þar kemur m. a. fram að hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sé að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi. Ennfremur að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennsluuppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru samkvæmt þessu. Ennfremur að taka til meðferðar nemendur sem sýna merki geðrænna erfiðleika og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra.

Þar sem ekki er starfrækt ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta hvílir ákvörðun um sérkennslu innan grunnskólans á herðum skólastjóra og kennara. Sé um alvarleg tilfelli að ræða ber samkvæmt lögum ætíð að kalla eftir sérfræðingum þegar taka þarf ákvarðanir. Valdið í sjálfu sér liggur hjá foreldrum og öll hjálp og aðstoð á þessu sviði á lögum samkvæmt að vera boðin fram af framangreindum aðilum.

8. Lög um tollskrá nr. 120/1976 ásamt síðari breytingum.

Í þessum lögum eru ákvæði sem heimila fjármálaráðherra að fella niður gjöld af ákveðnum fjölda bifreiða árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Fjármálaráðherra skipar 5 manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af bifreiðunum. Skulu 4 nefndarmenn vera læknar og skipaðir skv. tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Ennfremur skv. þessum lögum er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess skv. læknisvottorði og henta ekki öðru fólki.

9. Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Fyrir utan hin almennu ákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu sem snerta fatlaða sem og ófatlaða þá eru í 19. gr. laganna ákvæði sem snerta beint fatlað fólk. Í 19. gr. 1. tl. laganna segir að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita þjónustu eftir því sem við á, þar með sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.

10. Byggingarlög nr. 54/1978 ásamt byggingarreglugerð nr. 292/1979.

Í 4. gr. byggingarlaga er ákvæði þess efnis að í byggingarreglugerð skuli setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar. Í byggingarreglugerðinni voru síðan sett fjölmörg ákvæði til þess að uppfylla þetta lagaákvæði. Þar er t. d. ákvæði þess efnis að hverju húsi sem ætlað er til verslunar eða annars atvinnurekstrs skal að jafnaði séð fyrir a. m. k. einu bifreiðastæði á hverja 25 gólffletarmetra í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða og aldrei færri en eitt stæði. Ef um samkomuhús er að ræða, s. s. kvikmyndahús, leikhús, félagsheimili og önnur slík hús, skal a. m. k. séð fyrir einu bifreiðastæði fyrir hver sex sæti í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en eitt. Þá skal við opinberar byggingar, þjónustumiðstöðvar og fjölbýlishús með fjórum íbúðum eða fleirum jafnan gert ráð fyrir a. m. k. einu sérstaklega merktu rúmgóðu bifreiðastæði sem næst inngangi fyrir hreyfihamlaða.

Í fjölbýlishúsum þar sem aðstæður leyfa skal a. m. k. ein íbúð á jarðhæð vera hönnuð þannig að hún henti þörfum fatlaðra. Þá er í reglugerðinni ákvæði sem varðar dyraumbúnað, aðgengi að húsum, salernisaðstöðu, stærð lyfta og fjölmargt fleira sem sérstaklega er sett til þess að koma til móts við þarfir fatlaðra.

11. Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 og reglugerð fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja nr. 263/1980

Með setningu laganna um aðstoð við þroskahefta á árinu 1979, en lögin tóku gildi 1. janúar 1980, náðist mikill áfangi í áralangri baráttu foreldrafélaga þroskaheftra og annarra aðstandenda þessa hóps fatlaðra einstaklinga til að tryggja þeim jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna. Reynsla síðustu ára og áratuga hafði sýnt að þessi hópur fatlaðra hafði orðið meira útundan við skipulag þjónustu hins opinbera við fatlað fólk en aðrir hópar fatlaðra, enda gátu líkamlega fatlaðir mun betur barist fyrir réttindamálum sínum en þeir sem áttu við andlega fötlun að stríða, auk þess að landlægir fordómar voru í garð þeirra sem við andlega fötlun bjuggu.

Í lögunum er kveðið á um að þroskaheftum skuli tryggt jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna sem er í sjálfu sér ekki nýmæli þar sem líta verður svo á að mannréttindi, þar með talið jafnrétti, séu einn af hornsteinum löggjafarstarfsins. Hvað snertir þroskahefta sérstaklega er hins vegar um nýmæli að ræða. Þá er í lögunum skilgreint hugtakið þroskaheftur. Það táknar hvern þann sem þannig er ástatt um að hann geti ekki án sérstakrar aðstoðar náð eðlilegum líkamlegum eða andlegum þroska. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um yfirstjórn málefna þroskaheftra og um skýra verkaskiptingu milli þeirra þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins, sem með þessi málefni fara, og samvinnu þeirra innan sérstakrar stjórnarnefndar. Landinu er skipt niður í átta starfssvæði að því er málefni þroskaheftra varðar. Þar er gert ráð fyrir sérstökum svæðisstjórnum sem er ætlað það hlutverk að fara með þessi málefni í héraði og er þannig ætlunin að færa frumkvæði þessara mála sem mest yfir í héruðin og jafnframt að þar fari fram sem fjölþættust þjónusta.

Í öðrum kafla laganna er fjallað um tilkynningarskyldu og er lögfest viss tilkynningarskylda þannig að þeim aðilum sem annast mæðraskoðanir, heilsufarsskoðanir og því um líkt sé gert skylt að fylgjast vel með andlegu og líkamlegu atgervi þeirra sem þeir skoða og tilkynna foreldrum og svæðisstjórnum ef um er að ræða grun um þroskaheftingu. Sett er á fót sérstök aðalgreiningarstöð, Greiningarstöð ríkisins, og er henni fyrst og fremst ætlað að annast rannsóknir á og greiningu á þroskaheftum ásamt öðrum störfum. Greiningarstöð ríkisins hefur nú verið úthlutað lóð í Reykjavík og er unnið við að teikna stöðina. Í 4. kafla laganna er fjallað um þær stofnanir sem skulu annast þjónustu við þroskahefta. Hins vegar eru skýr ákvæði um það að búið skuli þannig að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu og er það í samræmi við ríkjandi stefnu að þroskaheftum og öðrum fötluðum einstaklingum verði sem mest komið út á almennar stofnanir og þar með í sem mest tengsl við aðra þjóðfélagsþegna en ekki „lokaðir inni“ í sérstökum stofnunum. Þær stofnanir sem sérstaklega eru settar á fót fyrir þroskahefta eru skv. lögunum þessar: Deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum, göngudeildir, skammtímafósturheimili, leikfangasöfn, skóladagheimili, sambýli, afþreyingarheimili, hjúkrunarheimili, verndaðir vinnustaðir ásamt vinnumiðlun, heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimili.

Í lögunum eru sérstök ákvæði sem tryggja eiga það að þeir aðilar sem ekki njóta kennslu eða þjálfunar utan heimilis fái slíka kennslu ókeypis og þjálfun sem metin yrði við þeirra hæfi. Hér er um að ræða ákvæði til þess að tryggja það að þroskaheftir sem einhverra hluta vegna njóta ekki þeirrar almennu þjónustu sem fyrir hendi er skv. lögum verði ekki útundan. Þá eru ákvæði um að framfærendur þroskahefts einstaklings sem eingöngu dvelur í heimahúsum og þarfnast umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, að höfðu samráði við Greiningarstöð ríkisins, eigi rétt á aðstoð. Viðkomandi sveitarfélög sjá um að þessi aðstoð verði veitt en kostnaður við aðstoðina er greiddur úr ríkissjóði. Ennfremur er framfærendum heimilt kjósi þeir það sjálfir og þeir séu til þess hæfir að annast hina þroskaheftu einstaklinga og er þá heimilt að veita þeim aðstoð með peningagreiðslum sem nemur hálfu daggjaldi á meðalstofnun. Milli 50 og 60 einstaklingar njóta nú aðstoðar skv. þessum ákvæðum laganna (15. gr.).

Ríkið skal sjá um skv. lögunum að koma á fót stofnunum fyrir þroskahefta, öðrum en deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum, svo og heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimilum. Sveitarfélögin sjá um að koma upp deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum. Ríkið tryggir þroskaheftum ókeypis vist á stofnunum fyrir þroskahefta og greiðir alla þjónustu á þessum stofnunum.

Af kostnaði vegna reksturs allra stofnana fyrir þroskahefta annarra en heimila sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimila greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Kostnaður vegna starfa Greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði svo og kostnaður vegna starfa stjórnarnefnda. Kostnaður vegna starfa héraðslækna og fræðslustjóra í svæðisstjórnum greiðist af viðkomandi stjórnvöldum en kostnaður vegna starfa fulltrúa sveitarstjórna greiðist af viðkomandi sveitarfélögum í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri. Kostnaður vegna starfa fulltrúa foreldrasamtakanna greiðist hins vegar úr ríkissjóði.

Með lögunum um aðstoð við þroskahefta er stofnaður sérstakur sjóður, Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir við stofnanir fyrir þroskahefta aðrar en deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum, heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimila. Þá hefur sjóðurinn það hlutverk að fjármagna aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum sem um getur í lögunum nr. 27/1970 um endurhæfingu.

Tekjur sjóðsins eru þær að ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til 10 millj. kr. og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Í fjárlögum fyrir árið 1982 var framlag ríkissjóðs til sjóðsins 28 140 000 kr. Hins vegar var veitt til framkvæmdar á lögunum við aðstoð við þroskahefta á árinu 1982 7 174 000 kr. Auk framlags ríkissjóðs eru tekjur sjóðsins frjáls framlög og aðrar tekjur sem til kunna að falla, auk vaxtatekna.

Stjórnarnefnd annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála og leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra. Heimilt er að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu sem ríki eða sveitarfélögum ber sannanlega ekki að greiða.

Þó svo að skammur tími sé liðinn frá því að lögin tóku gildi 1. janúar 1980 er framkvæmd þeirra komin á góðan rekspöl. Svæðisstjórnir hafa allar verið skipaðar og hafa þær tekið til starfa og eru sumar þegar búnar að ráða sér sérstaka framkvæmdastjóra og jafnvel sérfræðinga á sviði málefna fatlaðra. Gerðar hafa verið kannanir á nokkrum svæðum til þess að kanna þörfina fyrir stofnanir af því tagi sem lögin gera ráð fyrir að settar verði á fót auk þess að kanna almennt ástand mála er snýr að þroskaheftum og öryrkjum á hverju svæði fyrir sig. Margar stofnanir hafa risið og tekið til starfa í samræmi við lögin og fleiri eru í undirbúningi. Það er því hægt að fullyrða að lögin hafa gjörbreytt því ástandi sem var áður en lögin voru sett hvað varðar almenna þjónustu opinberra aðila við þennan þjóðfélagshóp sem löngum hefur verið talinn svo til útundan miðað við aðra hópa þjóðfélagsins sem njóta þjónustu og aðstoðar opinberra aðila.

Í samræmi við lögin um aðstoð við þroskahefta hafa nú þegar verið settar þrjár reglugerðir sem kveða á um framkvæmd einstakra atriða laganna. Reglugerð nr. 263/1980 fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja var sett í maí 1980. Í reglugerðinni er kveðið á um stofnun og skipan svæðisstjórna, nánar um hlutverk þeirra og starfshætti. Þá hefur verið sett sérstök reglugerð fyrir svæðisstjórnir þeim til leiðbeiningar um ákvörðun um greiðslur framfærslustyrks til þroskaheftra einstaklinga sem dvelja eingöngu í heimahúsum skv. 15. gr. laganna. Einnig hefur verið gefin úr reglugerð fyrir sambýli.

Reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu.

Í reglugerð þessari er gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins skuli eftir óskum öryrkja en í samráði við endurhæfingarráð og öryrkjasamtök ráða örorkulífeyrisþega til vinnu hjá einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum öðrum en vernduðum vinnustöðum. Að undangengnum ráðningarsamningi skal að jafnaði fara að minnsta kosti 4 vikna reynslutími nema atvinnurekandi sé reiðubúinn að gera 3 ára samning á reynslutíma. Upphaf reynslutíma sé staðfest bréflega af öryrkja og atvinnurekanda á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Á reynslutímanum falla örorkubætur til öryrkjans ekki niður enda þótt Tryggingastofnunin taki þátt í launagreiðslu þann tíma. Fylgi sérstakur kostnaður reynslutímanum, t. d. vegna námskeiðs, þá má greiða uppbót á lífeyri öryrkjans með hliðsjón af venjulegum reglum um uppbætur. Að loknum reynslutíma og að jafnaði innan þriggja mánaða skal gengið frá vinnusamningi sem undirritaður skal af vinnuveitanda og af deildarstjóra lífeyrisdeildar fyrir hönd Tryggingastofnunar ríkisins. Vinnusamningur skal gerður til þriggja ára og í honum tekið fram að Tryggingastofnun endurgreiðir vinnuveitanda 75% af fastakaupi öryrkjans fyrsta árið, 50% annað árið en 25% hið þriðja. Verði um vaktaálag, bónusgreiðslur eða yfirvinnu að ræða tekur Tryggingastofnun ekki þátt í henni, nema í sérstökum undantekningartilfellum, sem metin eru af deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingastofnunarinnar.

13. Lög nr. 47/1981 um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

Þessi lög sem samþykkt voru á síðasta Alþingi fela það í sér að kostnaður við að gera breytingar á byggingum heilbrigðisstofnana, grunnskólum, dagvistarstofnunum, félagsheimilum og íþróttahúsnæði með það fyrir augum að gera þær aðgengilegar fötluðu fólki greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða. Tilgangur laga þessara er að koma til móts við sívaxandi kröfur samtaka fatlaðra um það að gert verði átak til þess að breyta opinberum byggingum í þágu fatlaðra með það fyrir augum að auðvelda aðgengi þeirra og umgang um byggingarnar.

Eins og sjá má af þessari upptalningu hér á þeim lögum og relgugerðum, sem í gildi eru og snerta beint eða óbeint málefni fatlaðra, þá eru það einungis tvenn lög, sem fela í sér víðtæka skipulagningu á opinberri þjónustu við fatlaða, þ. e. lögin um endurhæfingu frá 1970 og lögin um aðstoð við þroskahefta frá 1979. Önnur lög og aðrar reglugerðir, sem hér hafa verið nefndar, snerta málefni fatlaðra einungis að litlu leyti og þá í flestum tilfellum sem hluti af annarri löggjöf er tekur til allra þjóðfélagsþegna.

Nýmæli frumvarpsins.

Megineinkenni frumvarps um málefni fatlaðra eru að í fyrsta lagi er steypt saman þremur gildandi lögum, þ. e. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952 að undanskilinni 1. gr. þeirra laga, lögum um endurhæfingu nr. 27/1970 og lögum um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979, en í samráði við fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðra var þessi leið valin. Í öðru lagi einkennist framvarpið af því að nú er í fyrsta sinn komið á heildarskipulagningu félagslegrar þjónustu hins opinbera við fatlað fólk án tillits til þess hver fötlunin er. Þar með er lagt til að fatlað fólk verði sett undir einn hatt þar sem markmiðið er að stuðla að jafnrétti og fullkominni þátttöku fatlaðra í daglegu lífi.

Þegar löggjöf sem snertir málefni fatlaðra var skoðuð kom strax í ljós að lögin um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 voru einu lögin sem kalla mátti heildstæð, þ. e. a. s. þau ná til margra sviða þar sem talin var þörf á aðstoð og hvernig sú aðstoð skyldi veitt. Þar að auki er í lögunum gert ráð fyrir ákveðnu skipulagi á framkvæmdum ríkisins í þessum efnum svo og tryggja þau aðstandendum þroskaheftra áhrif á ákvörðunartöku um framgang mála. Þótt ekki

sé komin löng reynsla á framkvæmd laganna þykir þó sýnt að þau horfi í mikla framfaraátt og með þeim hafi mjög jákvætt spor verið stigið. Þegar í upphafi starfsins við gerð þessa frumvarps þótti einboðið að athuga hvort ekki væri hægt að styðjast við þessa löggjöf. Niðurstaðan var sú að það var gert og í grófum dráttum má segja að lögin um aðstoð við þroskahefta hafi verið gerð viðfeðmari og þau látin taka til allra fatlaðra. Helstu nýmæli frumvarpsins eru því eftirfarandi:

1. Þó að sú stjórnsýsluregla hafi lengi verið við lýði hér á landi að þeim sem lagasetningin á að þjóna, eða öllu heldur hagsmunasamtökum þeirra, séu tryggð nokkur áhrif á framkvæmd laga og setningu reglugerða í samræmi við lögin, enda væru lögin oftast óframkvæmanleg án þess, þá er mjög sjaldgæft ef þá dæmi þekkjast um það, að slík regla hafi verið formlega lögfest í viðkomandi lögum. Í 1. gr. frumvarpsins er skýrt tekið fram að eitt af markmiðum laganna sé að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvörðunartöku um málefni sín, s. s. með því að leita umsagna heildarsamtaka fatlaðra eða þeirra félaga eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni, við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varða. Hér er lagt til að lýðræðisleg vinnubrögð verði viðhöfð við töku ákvarðana, sem miða að framkvæmd þessa frumvarps. Ef til vill væri hægt að flytja þau rök gegn lögfestingu ákvæða af þessu tagi að með því væri löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið að ákveðnu leyti að afsala sér rétti og völdum við framkvæmd laganna. Það hlýtur hins vegar að vera bæði í þágu framkvæmdavalds og löggjafarvalds að framkvæmd laga sé með sem bestum og fullkomnustum hætti. Þeir, sem eru njótendur laganna, hafa oftast langbestar upplýsingar um hver vandamálin eru, sem þýðir aftur á móti að það hlýtur að vera mikill fengur að því að tengja þá beint við framkvæmd laga sem mestra hagsmuna hafa að gæta að séu framkvæmd á sem bestan hátt. Þátttaka hagsmunasamtaka í framkvæmd laga hlýtur því að vera mun æskilegri leið til að framkvæma viðkomandi lög en að það séu einungis embættismennirnir, sem annist hana alfarið.

2. 3. til 5 gr. frumvarpsins fjalla um uppbyggingu stjórnunarkerfisins í sambandi við framkvæmd laganna. Í þessu frumvarpi er fylgt því stjórnsýslukerfi, sem sett var á fót í samræmi við lögin um aðstoð við þroskahefta. Eðlilegt er að stofnaðar verði sérstakar deildir innan félagsmálaráðuneytisins, sem fari með framkvæmd þessara laga, en nú þegar er starfandi deild um málefni þroskaheftra innan félagsmálaráðuneytisins. Nauðsynlegt er að hún útvíkki starfssvið sitt og annist málefni allra fatlaðra í framtíðinni, enda er það í verkahring ráðuneytisins.

Sérstök stjórnarnefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra í umboði ráðuneytisins og er hún skipuð sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðuneytin þrjú, sem fara með málefni fatlaðra, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann, en samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn, skv. nánari reglum sem ákveðnar verða með reglugerð í samráði við samtökin.

Þá er landinu skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra snertir og fylgir sú skipting kjördæmaskipuninni í landinu. Á hverju svæði er sett á fót 7 manna svæðisstjórn, sem hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila, sem með þessi mál fara á svæðinu. Í hverri svæðisstjórn sitja fræðslustjóri umdæmisins, héraðslæknir og 5 menn sem skipaðir eru af ráðherra. Tveir þeirra eru skipaðir skv. tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga, en samtök fatlaðra tilnefna 3 menn á sama hátt og í stjórnarnefnd.

Rétt er að það komi fram að við samningu þessa frumvarps náðist ekki samkomulag milli hagsmunasamtaka fatlaðra sem koma til með að hafa aðild að stjórnarnefnd og svæðisstjórn, þ. e. Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna þroskahjálpar.

Öryrkjabandalag Íslands gerði í upphafi þá kröfu að það fengi þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir ef þær yrðu skipaðar 7 mönnum. Landssamtökin þroskahjálp hafa

aftur á móti lagt á það megináherslu að um væri að ræða jafna tölu milli samtakanna. Á tímabili hafði náðst bráðabirgðasamkomulag eftir nokkurra mánaða viðræður um að Öryrkjabandalagið fengi tvo fulltrúa og Landssamtökin þroskahjálp einn. Landssamtökin þroskahjálp gerðu þó þann fyrirvara að fyrirhugað landsþing samtakanna myndi taka endanlega ákvörðun um afstöðu samtakanna. Landsþing þetta var haldið í október 1981 og var þar sú ákvörðun tekin að krefjast jafnrar fulltrúatölu á við Öryrkjabandalagið.

Af þessum sökum er það haft opið í frumvarpinu hvernig þessum þremur fulltrúum hagsmunasamtakanna verður skipt milli þeirra og lagt til að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um það eftir að samtökin hafi sjálf komið sér saman um það. Hins vegar er ekki óeðlilegt að Alþingi fjalli sérstaklega um þetta mál.

Uppbygging stjórnunarkerfisins skv. þessu frumvarpi er byggð á þeirri grundvallarreglu, að reynt verði að byggja sem mest á frumkvæði þeirra sem næstir eru vettvangi og ættu því að þekkja vandamálin best. Svæðisstjórnirnar eru þá sá aðili, sem er næst þeim sem lögin ná til, auk þess að í svæðisstjórnum sitja fulltrúar þeirra. Sá aðili sem síðan tengir saman viðfangsefni og verkefni svæðisstjórnanna og tekur ákvarðanir sem svæðisstjórnirnar gætu ekki tekið er stjórnarnefndin. Stjórnarnefndin stendur einnig mjög nálægt þeim sem lögin ná til, því að fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra sitja þar ásamt embættismönnunum. Félagsmálaráðuneytið og stjórnardeild þess um málefni fatlaðra eru síðan framkvæmdaraðili stjórnarnefndarinnar og úrskurðaraðili í umboði ráðherra um ágreiningsefni. Stjórnarnefndin hefur einnig það hlutverk að fylgjast með því að lögin séu framkvæmd á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt. Endanlegur úrskurðaraðili síðan um þau málefni sem þurfa úrskurðar við, sem ekki er hægt að veita á lægri stjórnunarstigunum, er svo félagsmálaráðherra sjálfur.

3. Í 8. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem fjalla um þjónustu og vistun á stofnunum. Í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta segir að umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skuli sendar viðkomandi svæðisstjórn án tillits til þess hvers eðlis stofnunin er. Svæðisstjórnin mælir síðan með vistun að höfðu samráði við forstöðumann enda sé áður leitað umsagnar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og hún hafi mælt með vistuninni. Sé hins vegar um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríki og sveitarfélögum skal jafnframt hafa samráð við stjórnir þeirra stofnana.

Eftir þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna um aðstoð við þroskahefta er það orðin skoðun þeirra, sem þekkja til þessara mála, að þetta ákvæði væri of strangt því það svipti að vissu leyti stjórnendur og eigendur sjálfstæðra stofnana rétti til ákvarðana um vistun á viðkomandi stofnunum. Þá ber einnig að geta þess að verði þetta frumvarp að lögum mun það ná yfir sjálfseignarstofnanir, sem ekki heyrðu undir lögin um aðstoð við þroskahefta, s. s. stofnanir sem reknar eru á vegum Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar svo eitthvað sé nefnt. Eðlilegt er því að tryggja stjórnum og stjórnendum þessara stofnana áframhaldandi ákvörðunarrétt um vistunarmál stofnananna. Í þessari grein er því lagt til að umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 5., 7., 9. og 13. tl. 7. gr., þ. e. meðferðarheimili, sambýli, hjúkrunarheimili og vistheimili, verði sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórnin mælir með vistun á þessum stofnunum að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og hún mæli með vistun. Sé um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríkinu þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra.

4. Í 10. gr. frumvarpsins er ákvæði, sem felur í sér að fötluð börn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelja í heimahúsum og njóta takmarkaðrar þjónustu, en þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu, eiga rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið. Geti framfærendur sjálfir annast þessa aðstoð og telji svæðisstjórn hana nauðsynlega og þá til þess hæfa skal greiða fyrir hana 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar skv. 8. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta, þ. e. 15. gr., er gert ráð fyrir að þessi

aðstoð nemi sem svarar hálfu daggjaldi á meðalstofnun. Hálft daggjald á meðalstofnun nemur nú á milli 8 og 9 þús. kr. á mánuði. Þar sem aðstæður geta verið það breytilegar og þörfin fyrir aðstoð af þessu tagi mismunandi þá hefur það verið skoðun þeirra sem annast hafa framkvæmd gildandi laga að e. t. v. væri markið sett nokkuð hátt með því að miða við hálft daggjald. Sem stendur njóta um 50 börn þessarar aðstoðar skv. 15. gr. laganna um aðstoð við þroskahefta.

Af þessum sökum var talið nauðsynlegt að gera þetta ákvæði sveigjanlegra þannig að meta mætti greiðsluþörfina á mismunandi hátt eftir þörfum hins fatlaða einstaklings.

5. 5. kafli frumvarpsins fjallar um hæfingar- og endurhæfingarmál. Í þessum kafla eru tekin inn þau ákvæði endurhæfingarlaganna sem fjalla beint um endurhæfingu og er hlutverk þessa kafla frumvarpsins að tryggja það að ákvæði þeirra laga falli ekki niður við það að lögin falli úr gildi, ef þetta frumvarp verður að lögum.

Eitt mikilvægasta nýmælið í þessu frumvarpi er að lögin um endurhæfingu nr. 27/1970 eru felld inn í þetta frumvarp, þ. e. þau ákvæði þeirra laga, sem snerta beint skipulag og meðferð endurhæfingar. Þetta felur í sér að endurhæfingarráð leggst niður en yfirstjórn endurhæfingarmála verður stjórnarnefndin og framkvæmdaraðilinn sú deild félagsmálaráðuneytisins, sem mun fara með málefni fatlaðra. Með þessu móti er stjórn endurhæfingarmála tekin beint inn í ráðuneytið jafnframt því að hún er sett inn í það stjórnsýslumynstur sem byggt er upp með þessu frumvarpi, þ. e. endurhæfingarmál eru skipulögð svæðisbundið. Þó svo að lögin um endurhæfingu hafi verið mjög mikilvægt og stórt framfaraspor á sínum tíma þá er eins og að þau lög hafi aldrei fullkomlega náð tilgangi sínum. Einkum má telja að tvennu sé þar um að kenna. Í fyrsta lagi hafa fjárveitingar verið takmarkaðar mjög til endurhæfingarráðs og því ekki verið gerlegt að skipuleggja þá þjónustu sem æskilegt hefði verið að skipuleggja á vegum þess ráðs. Með því að taka stjórnun endurhæfingarmálanna inn í stjórnardeild ráðuneytisins ætti hins vegar að vera minni hætta á því að skipulag endurhæfingarmála verði útundan vegna skorts á fjármagni. Í öðru lagi gera lögin um endurhæfingu ekki ráð fyrir neinni svæðisbundinni þjónustu á sviði endurhæfingarmála. Þetta hefur gert það að verkum að þjónustan hefur fyrst og fremst verið á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og ekki hefur verið bolmagn til vegna fjárskorts og vegna þess að stjórnsýslulegt skipulag hefur ekki boðið upp á það að dreifa þjónustunni til allra byggðarlaga landsins.

6. 22.—24. gr. frumvarpsins fjalla fyrst og fremst um atvinnumál fatlaðra. Það er samdóma álit hagsmunasamtaka fatlaðra að stærsta vandamál sem snýr að fötluðu fólki sé atvinnumálin. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði inn í þetta frumvarp sem beinlínis miðuðu að því að reyna að leysa úr brýnasta vanda fatlaðra í sambandi við atvinnumál. Lagt er til að svæðisstjórnirnar komi á fót atvinnuleit fyrir fatlaða. E. t. v. mætti telja þetta ákvæði óþarft þar sem til eru lög um atvinnumiðlun sem skal vera á vegum sveitarfélaga. Reynslan hefur hins vegar sýnt að í öllum sveitarfélögum nema í þeim allra stærstu, s. s. Reykjavík og Akureyri, eru vinnumiðlanir svo til máttlausar stofnanir enda ekki verið þörf fyrir starfsemi af því tagi síðasta áratug vegna góðs ástands í atvinnumálum landsmanna. Fatlað fólk hefur hins vegar setið á hakanum með atvinnuútvegun. Reykjavíkurborg hefur reynt að leysa úr brýnasta vandanum með því að setja á fót sérstaka deild við Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, öryrkjadeild, sem fyrst og fremst vinnur við að útvega öryrkjum atvinnu við sitt hæfi, og hefur hún náð góðum árangri á þeim stutta tíma sem hún hefur starfað.

7. Þá er loks í þessum kafla ákvæði, sem tekið er beint upp úr endurhæfingarlögunum, þess efnis, að þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt til atvinnu hjá ríki og sveitarfélögum ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Reynslan hefur sýnt að þetta lagaákvæði hefur verið svo til máttlaust síðan lögin um endurhæfingu tóku gildi. Hins vegar var ekki talið ráðlegt að fella þetta niður við gerð þessa

frumvarps, en þess í stað reyna að stefna að því að framfylgja því og yrði það væntanlega hlutverk svæðisstjórnanna og atvinnuleitarinnar. Við þetta lagaákvæði endurhæfingarlaganna var síðan bætt ákvæði í þessu frumvarpi, þess efnis, að sé hinum fatlaða synjað um starfið geti svæðisstjórn krafið veitingarvaldshafann um skriflega greinargerð um þá ákvörðun.

8. Í 27. gr. er nýtt ákvæði þess efnis að heimilt er að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til þess að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miði að aukinni og hagkvæmri starfsemi þeirra.

Jafnframt sé heimilt að veita lán úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingunum. Með þessum hætti eiga atvinnurekendur rétt á því að sækja um lán í Framkvæmdasjóði til þess að breyta vinnustöðum sínum með það fyrir augum að auðvelda fötluðu fólki atvinnumöguleika.

9. Í 35. gr. frumvarpsins er fjallað um tekjur Framkvæmdasjóðs. Þar er nýmæli frá gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta, sem felur það í sér að til viðbótar við ríkisframlagið, frjáls frmalög og vaxtartekjur renni til sjóðsins óskertar tekjur erfðafjársjóðs, Skv. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952 skal verja því fé er rennur í erfðafjársjóð til lána og styrkveitinga til að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni. Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um framkvæmdasjóð aldraðra nr. 49/1981. Samkvæmt þessum lögum skulu framkvæmdasjóði aldraðra tryggðar tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á á árinu 1981. Hlutverk framkvæmdasjóðsins er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Þar sem hér er kominn til sögunnar sérstakur framkvæmdasjóður til byggingar dvalarheimila og húsnæðis fyrir aldraða, var talið eðlilegt að leggja til að ráðstöfunarfé erfðafjársjóðs renni til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Markmið og stjórn.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um markmið laganna en það er í grundvallaratriðum að tryggja fötluðum sömu réttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum. Þau réttindi, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, eru þau, sem ekki eru tryggð með öðrum lögum, sem fjalla um almenn mál og snerta hina félagslegu aðstoð þjóðfélagsins. Sem dæmi um slík almenn lög sem tryggja alla landsmenn má nefna lög um grunnskóla nr. 63/1974 og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Í þessari grein er jafnframt lagt til að þau lýðræðislegu vinnubrögð verði höfð við framkvæmd laganna og þeirra reglugerða, sem settar verða í samræmi við þetta frumvarp, ef að lögum verður, að samtök fatlaðra fái umsagnarrétt við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varða. Með þessum hætti er markmið þessarar greinar að tryggja áhrif heildarsamtaka fatlaðra og félaga þeirra á ákvörðunartöku um málefni sín.

Um 2. gr.

Í stað þess að fara út í skilgreiningar á orðinu fötlun verður í eftirfarandi gerð grein fyrir við hvaða hópa er átt.

Sú viðmiðun, sem sett er fram í greininni, er ástand einstaklingsins, líkamlegt eða andlegt, sem víkur frá því, sem er talið eðlilegt. Það er með öðrum orðum frávikið, sem felur í sér fötlunina og raskar þannig félagslegri stöðu hans. Ekki er óeðlilegt að gera skil á milli barna og unglinga annars vegar og hins vegar fullorðinna. Bernsku- og uppvaxtarár eru undirbúningur fyrir lífið í samfélagi fullorðinna með ábyrgð og skyldur, sem því fylgja.

Samkvæmt þessum lögum ná ákvæði þeirra til **allra** barna og unglinga, sem þroskast ekki eðlilega andlega eða líkamlega. Orsakir geta verið af margvíslegum toga, bæði meðfæddar og áunnar og skipta ekki máli í þessu sambandi.

Þeir hópar barna og unglinga, sem augljóslega þarfnast sérstakrar aðstoðar á uppvaxtarárum, eru eftirfarandi:

Andlega fötluð, vegna greindarskerðingar eða geðveiki.

Líkamlega fötluð, vegna blindu eða verulegrar sjónskerðingar, heyrnarskerðingar, hreyfihömlunar.

Fjölfötluð, vegna hömlunar á fleiri en einu sviði, svo sem heilasköddun og skert hreyfifærni.

Börn og unglingar, sem haldin eru tímabundnum sjúkdómum eða gangast undir læknismeðferð og læknast, falla ekki undir þessi lög. Sama gildir um þá einstaklinga, sem eru með sjúkdóma af þeirri tegund að hægt er að halda þeim „niðri" með lyfjameðferð. Ef sjúkdómurinn hefur ekki áhrif á eðlilegan þroska né raskar félagslegri stöðu mundu ákvæði þessara laga ekki ná til þeirra samkvæmt þeim skilningi sem hér er lagður í orðið fötlun. Ef hins vegar afleiðing sjúkdóms eða slysa yrði varanleg skerðing á þroska, sem útheimti sérstaka aðstoð og þjónustu, ættu þau rétt á þjónustu samkvæmt þessum lögum.

Hvað viðvíkur fullorðnum fötluðum, sem þessi lög taka til, gildir hliðstæð skilgreining eins og áður hefur verið lýst varðandi börn og unglinga. Fullorðnir, sem vegna andlegrar eða líkamlegrar skerðingar þurfa á sérstakri aðstoð og stuðningi að halda til að lifa við svipaðar aðstæður og venjulegt er talið í þjóðfélaginu, eiga rétt á þjónustu, sem lögin fela í sér.

Um er að ræða sömu hópa og áður eru nefndir:

Andlega fatlaðir: Greindarskertir, geðveikir.

Líkamlega fatlaðir: Hreyfihamlaðir, sjónskertir, heyrnarskertir.

Fjölfatlaðir: Vegna hömlunar á fleiri en einu sviði.

Ef um langvarandi sjúkdóma er að ræða, sem unnt er að halda í skefjum með lyfjameðferð, þannig að sjúkdómurinn veldur hvorki líkamlegri né andlegri skerðingu né félagslegri röskun, er ekki um fötlun að ræða samkvæmt þessum lögum.

Ef tímabundinn eða langvarandi sjúkdómur hefur í för með sér skerðingu líkamlega eða andlega, sem veldur því, að viðkomandi einstaklingur þarfnast sérstakrar aðstoðar, þá væri um fötlun að ræða samkvæmt þessum lögum.

Sé um varanlega skerðingu að ræða, sem orsakast af sjúkdómum eða slysum á fullorðinsaldri og leiðir til skerðingar, sem kemur í veg fyrir eðlilega vinnu eða starfsgetu, og/eða hindrun fyrir einstaklinginn að lifa við venjulegar aðstæður, mundu viðkomandi teljast fatlaðir samkvæmt þessum lögum.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu málaflokka milli þeirra þriggja ráðuneyta sem með þessi mál fara í dag og eðlilegt þykir að fari með þau áfram. Eitthvert stærsta vandamálið varðandi málefni fatlaðra í dag er ugglaust skortur á yfirstjórn og samstjórn. Það eitt að koma þessu í lag er stór áfangi í velferðarmálum fatlaðra. Til þessa dags hefur ekkert eitt ráðuneyti farið með samræmda yfirstjórn þessara mála. Að svo miklu leyti sem þessu hefur verið stjórnað skv. lögum hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið farið með almannatryggingamál og vistunarmál fatlaðra nema þeirra sem þroskaheftir eru skv. lögunum um aðstoð við þroskahefta. Menntamálaráðuneytið hefur farið með menntunarmál þeirra og félagsmálaráðuneytið með félagsmál, endurhæfingu og Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Varðandi aðra málaflokka hefur trauðla verið um stjórnun að ræða. Hefur hún verið handahófskennd og skv. venju fremur farið fram á einstökum stofnunum en í ráðuneytum.

Hér er lagt til að félagsmálaráðuneytið fari með stjórn allra annarra málefna en þeirra er snerta hjúkrunar- og sjúkradeildir og fræðslu. Nú á tímum er litið á þessi mál frá félagslegum

sjónarhóli ekki síður en heilbrigðislegum eða fræðslulegum. Samstjórn þessara mála er því einna helst félagslegs eðlis og því eðlilegt að félagsmálaráðuneytið annist slíkt.

Eðlilegt er að sérstök deild sinni þessum málum innan félagsmálaráðuneytisins. Ekki þarf lagaákvæði til stofnunar slíkrar deildar því þegar er fyrir hendi deild sem annast málefni þroskaheftra og er eðlilegast að hún taki við yfirstjórn málefna annarra fatlaðra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir stjórnarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar ráðuneytanna þriggja, stærstu hagsmunasamtaka fatlaðra, þ. e. Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna þroskahjálpar, auk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Verkefni þessarar stjórnarnefndar yrði fyrst og fremst að gæta þess að samræma allar ráðstafanir og alla þjónustu þannig að skörun málefna ráðuneytanna, sveitarfélaganna og hagsmunasamtakanna yrði úr sögunni, en slíks eru mörg dæmi í dag. Að öðru leyti varðandi þessa grein vísast til 2. tl. í kaflanum um helstu nýmæli frumvarpsins.

Um 4. gr.

Skv. þessari grein er ætlunin að skipta landinu niður í 8 starfssvæði. Svæði þessi eru þau sömu og fræðslusvæðin og læknishéruðin skv. gildandi lögum, sbr. einnig lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Er eðlilegt að hér sé valin sama skipan enda líklegt að fleiri lög verði sniðin eftir þessu í framtíðinni.

Um 5. gr.

Á sama hátt og felst í þeirri stjórnunarlegu uppbyggingu sem lögin um aðstoð við þroskahefta kveða á um gerir þetta frumvarp ráð fyrir því að á hverju svæði skuli starfa sérstök svæðisstjórn skipuð 7 mönnum. Hlutverk svæðisstjórnarinnar er að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með stjórn þessara mála fara á svæðinu. Skv. því er ætlast til að frumkvæðið sé fyrst og fremst í héraðinu sjálfu. Í svæðisstjórninni eiga sæti fræðslustjórar og héraðslæknar auk 5 annarra einstaklinga sem skipaðir eru af ráðherra, 2 þeirra eru skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða framkvæmdastjórn viðkomandi samtaka. Þetta ákvæði er sett inn í frumvarpið til þess að tryggja það að ætíð verði annar sveitarfélagsfulltrúinn úr hópi forustumanna samtaka sveitarfélaga í landinu og er það til þess að tryggja betri tengsl svæðisstjórnanna við Samband ísl. sveitarfélaga. Þá er lagt til að hagsmunasamtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefni 3 fulltrúa sem skipt verði milli þeirra eftir reglum sem settar verða af ráðherra að höfðu samráði við samtökin.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera úr borgarstjórninni sjálfri til þess að tryggja bein tengsl við hana, en hinn skal vera fulltrúi í félagsmálaráði Reykjavíkur þar sem ljóst verður að svæðisstjórn Reykjavíkur mun þurfa mjög að hafa samskipti við ráðið við framkvæmd laganna í höfuðborginni. Þá er það lagt til að þeir sem skipi svæðisstjórnina skuli búsettir á svæðinu, en tilgangur með þessu ákvæði er sá að tryggja það að þeir sem skipi svæðisstjórnina séu hnútum kunnugir á því svæði sem svæðisstjórnin starfar á.

II. KAFLI

Þjónusta og stofnanir.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um meginþætti þeirrar þjónustu, sem nauðsynlegt er að veita á hverju svæði eigi lög sem þessi að þjóna tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir því að þessi þjónusta verði veitt á almennum stofnunum þjóðfélagsins, s. s. í skólum og heilsugæslustöðvum, auk þess á stofnunum sem taldar eru upp í 7. gr.

Svæðisstjórnir gera tillögu um það hvernig þessari þjónustu verði best fyrir komið á hverju svæði og geta fleiri en eitt svæði t. d. sameinast um sérmenntað starfsfólk. Í þeim tilvikum, sem ekki eru nægjanleg verkefni fyrir sérmenntað starfsfólk eða þar sem ekki fæst

slíkt fólk, getur sami aðili tekið t. d. að sér tvo eða fleiri þjónustuþætti, enda fengi hann sérstaka þjálfun til viðbótarstarfa, sbr. nánari ákvæði um hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Einnig er mögulegt að þeir sem annast ákveðna þætti skv. þessu á einu svæði gegni þjónustu á öðru eða öðrum svæðum, ef slíkt bitnar ekki á aðalstarfi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa annað hvort miðað við tiltekið svæði eða tiltekin sameinuð svæði fyrir landið í heild. Getur svo farið að tvö svæði sameinist um þjónustu og þarf þá til að koma reglugerð, þar sem m. a. yrði kveðið á um þjónustu og tekin afstaða til skiptingar kostnaðar o. fl. Þá veitir ráðherra leyfi fyrir nýrri þjónustustarfsemi svo og heimilar breytingar á þjónustustarfsemi að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um stofnanir sem nauðsynlegar eru til þess að gera fötluðum mögulegt að öðlast jafnrétti og fullkomna þátttöku á við aðra þjóðfélagsþegna. Án slíkra stofnana verður marki laga sem þessara ekki náð, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessar stofnanir eru því eitt af grundvallaratriðum frumvarpsins og í órofa tengslum við farsæla lausn þessara mála í náinni framtíð. Skal reynt hér á eftir að gera í stuttu máli grein fyrir eðli þessara stofnana:

1. Dagvistarstofnanir og deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum.

Með dagvistarstofnunum er átt við hefðbundnar dagvistarstofnanir sveitarfélaga fyrir börn. Með deildum tengdum dagvistarstofnunum er um að ræða deildir sem einna helst svipar til deildarinnar við Múlaborg í Reykjavík, þ. e. a. s. deild þar sem veitt er þjálfun og jafnframt boðið upp á sameiginlega leikaðstöðu með öðrum börnum er á heimilinu dveljast.

2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.

Æskilegt væri að slíkar göngudeildir yrðu starfræktar við að minnsta kosti eina heilsugæslustöð á hverju starfssvæði og þá að sjálfsögðu á stærri stöðvunum, þ. e. a. s. H2 stöðvum þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Þar yrðu veitt viðtöl og ráðleggingar gefnar vegna ýmiss konar vandkvæða hins fatlaða heima fyrir o. s. frv.

3. Skammtímafósturheimili.

Hér er um að ræða starfsemi líka þeirri sem er við upptökuheimili Reykjavíkurborgar við Dalbraut, þ. e. heimili þar sem koma má fötluðum fyrir um stundarsakir, t. d. vegna tímabundinna aðstæðna á heimili vegna veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna.

4. Leikfangasöfn.

Hér er um að ræða ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra og forráðamenn fatlaðra barna. Þjónusta af þessu tagi hefur aukist verulega eftir að lögin um aðstoð við þroskahefta komu til framkvæmda. Þannig hefur verið komið á fót leikfangaþjónustu í Borgarnesi, Blönduósi, Keflavík og víðar. Auk þess hefur slík þjónusta verið í Kjarvalshúsi frá árinu 1976.

5. Meðferðarheimili.

Hér er einkum átt við heimili fyrir börn og unglinga með geðrænar truflanir.

Heimili af þessu tagi eru m. a. ætluð fyrir einhverf börn og unglinga, sem þarfnast dvalar um lengri tíma.

Æskilegur fjöldi einstaklinga á slíkum heimilum væri 6—8 og að sjálfsögðu ættu slík heimili að vera í venjulegum íbúðahverfum og byggjast upp á heimilislegan og hlýlegan hátt með tilliti til langtímadvalar. Gera þarf ráð fyrir að hluti af meðferðinni fari fram á öðrum stofnunum eftir því sem við verður komið. Ennfremur er æskilegast að börnin sæki skóla utan heimilisins og væri eðlilegast að koma á fót sérdeildum við almenna skóla, sem sæju um kennslu þessara barna sem og annarra.

6. Sumardvalarheimili.

Hér er átt við heimili, þar sem fötluðum yrði sköpuð aðstaða til að dvelja um lengri eða skemmri tíma yfir sumarmánuðina. Starfsemi slíkra heimila þjónar þeim tilgangi að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dvelja utan heimilis síns sér til ánægju, heilsubótar og hressingar.

Gera þarf ráð fyrir góðri aðstöðu til heilsuræktar og annarra viðfangsefna, sem miðist við þarfir þeirra er þar dvelja.

Leggja ber einnig áherslu á að fatlaðir geti einnig dvalið á almennum sumar- og orlofsheimilum eftir því, sem unnt er.

7. Sambýli.

Hér er átt við heimili fyrir fatlaða, sem ekki eru þess megnugir að búa á eigin vegum, en þarfnast stuðnings og aðstoðar í samræmi við fötlunina. Æskilegur fjöldi á slíkum heimilum væri að jafnaði 6—8 einstaklingar. Slík heimili eiga að vera í almennum íbúðahverfum. Á sl. 3 árum hefur verið komið á fót sambýlum í Reykjavík, Akureyri og Selfossi. Reynslan af þessum sambýlum hefur gefist mjög vel, og er hér um mikilvægt atriði að ræða í átt að jafnrétti.

8. Dagvistarstofnanir fatlaðra.

Dagvistarstofnanir fatlaðra eru til þess ætlaðar að veita aðstöðu til föndurs og ýmiss konar smávinnu fyrir þá fatlaða fullorðna, sem ekki geta stundað vinnu á vernduðum vinnustöðum. Á slíkum heimilum er æskilegt að hægt sé að veita einstaklings- og hópþjálfun. Vistun á slíku heimili yrði daglöng eða hluta úr degi. Nú þegar eru reknar m. a. tvær dagvistarstofnanir fyrir fatlaða í Reykjavík, önnur í húsi Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra við Hátún, en hin að Lækjarási við Stjörnugróf.

9. Hjúkrunarheimili.

Hér er átt við heimili fyrir fatlaða sem þannig er ástatt um að þeir geta lítið eða ekkert séð um sig sjálfir og ekki þykir ástæða til eða allsendis er ófært að hafa þá á almennum sjúkradeildum eða hjúkrunarheimili.

10. Verndaðir vinnustaðir.

Hér er átt við vinnustaði þar sem fatlaðir gætu átt kost á starfsþjálfun, í því skyni að geta síðar stundað vinnu á almennum vinnumarkaði. Ennfremur eru verndaðir vinnustaðir fyrir þá, sem ekki geta stundað né fá vinnu á almennum vinnumarkaði.

Nokkrir verndaðir vinnustaðir hafa þegar tekið til starfa eða verið starfræktir um nokkurt skeið, s. s. að Reykjalundi í Mosfellssveit, hjá Öryrkjabandalaginu við Hátún og hjá Blindrafélaginu við Hamrahlíð í Reykjavík, Sjálfsbjörg Akureyri. Ennfremur tóku tveir verndaðir vinnustaðir til starfa á árinu 1981 annar á Akureyri og hinn í Reykjavík.

11. Atvinnuleit.

Varðandi þennan lið er vísað til kaflans um helstu nýmæli frumvarpsins.

12. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.

Hæfingar- og endurhæfingarstöð er sú stofnun þar sem fram fer þjálfun fatlaðra með það fyrir augum að gera þá jafnhæfa og ófatlaða til starfsmöguleika og fullrar þátttöku í þjóðlífinu. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar geta verið með tvennu móti. Í fyrsta lagi er um að ræða stöðvar þar sem fram fer þjálfun andlega heftra einstaklinga með það fyrir augum að gera þá hæfari til fullrar þátttöku. Þá eru til stöðvar þar sem fyrst og fremst fer fram endurhæfing skertra vöðva og líffæra einstaklinga, sem t. d. hafa lamast vegna slyss eða sökum sjúkdóma. Í heilbrigðislögunum nr. 57/1978 er gert ráð fyrir því að á heilsugæslustöðvum verði starfrækt endurhæfing. Með því móti hefur endurhæfingarstöðvunum verið dreift mjög víða um landið

og gerir það að verkum að menn geta sótt endurhæfinguna nánast í sinni heimabyggð, sem er gjörbreyting frá því ástandi sem hefur ríkt á undanförnum árum. Af þekktum endurhæfingarstofnunum má nefna Grensásdeild Borgarspítalans, endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við Háaleitisbraut, Reykjalund í Mosfellssveit og æfingastöð Sjálfsbjargar við Hátún í Reykjavík.

14. Skóladagheimili.

Hér er átt við dagvistaraðstöðu fyrir börn á skólaskyldualdri, þ. e. a. s. slík heimili tækju við af leikskólum og dagheimilum eða deildum tengdum þeim.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um umsóknir um þjónustu og vistun á þeim stofnunum sem upp eru taldar í 7. gr. Lagt er til að umsóknir um þjónustu og vistun á meðferðarheimilum, sambýlum, hjúkrunarheimilum og vistheimilum verði sendar viðkomandi svæðisstjórn, sem síðan mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunar og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og að hún mæli með vistuninni. Sé um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríki og sveitarfélögum þarf að koma til samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra, en hér er um að ræða rýmri ákvæði en eru í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta þar sem segir að einungis sé nauðsynlegt að hafa samráð við stjórnir stofnananna áður en svæðisstjórnin heimilar vistunina.

Ekki er ætlast til að svæðisstjórnir leggi faglegt mat á einstaklinga, enda verða svæðisstjórnir að hafa á sínum vegum sérfræðinga sem annast slíkt, sé það talið nauðsynlegt, eða þær leita til Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar um hið faglega mat á þjónustuþörf viðkomandi einstaklinga.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hreint og beint til öryggis, gert með það fyrir augum að ekki komi til þess að fatlaður einstaklingur njóti engrar kennslu eða þjálfunar, ef óviðráðanlegar ástæður koma í veg fyrir að hann njóti þessa í samræmi við gildandi lög. Til þessarar þjónustu þyrfti ekki að koma nema í hreinum undantekningatilfellum, t. d. séu mikil vandkvæði á því að flytja viðkomandi. Gert er ráð fyrir því að þjónusta þessi yrði fyrst og fremst af því tagi að svæðisstjórn útvegi sérstakan kennara eða einstakling, sem getur tekið að sér þjálfun hins fatlaða, og að kennslan og þjálfunin færi fram á heimili hins fatlaða.

Um 10. gr.

Þessi grein er hliðstæð 15. gr. laga um aðstoð við þroskahefta. Gert er ráð fyrir að miðað sé einungis við börn fram til 18 ára aldurs, auk þess að í stað þess að miða við hálft daggjald á meðalstofnun sé greitt 20—175 klst. á mánuði skv. 8. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þegar þessi ákvæði voru fyrst sett í lög með lögunum um aðstoð við þroskahefta var hér um mikilvægt nýmæli að ræða og má segja að með lögfestingu þess hafi verið brotið í blað í velferðarmálum þroskaheftra þar sem forráðamönnum yrði gert auðveldara að annast sjálfir þroskahefta einstaklinga, séu þeir taldir til þess hæfir. Ekki þarf heldur að fjölyrða um þann sparnað, sem slíkt hefði í för með sér í stofnkostnaði og vistunarkostnaði takist að marka stefnu í þessum málum. Hins vegar ber að fara mjög varlega í slíkt sem þetta, en erlendis hefur þetta verið reynt með misjöfnum árangri, en þar hafa skilyrði ekki verið eins ströng. Örorkustyrkur til forráðamanna fatlaðra barna og unglinga undir 18 ára aldri, svo og allra forráðamanna öryrkja, sem ákveðinn er af tryggingaráði skv. heimild í almannatryggingalögum nr. 67/1971, þ. e. barnaörorkan, mundi falla niður, ef fatlaðir einstaklingar fá greiðslu skv. þessum ákvæðum. Að öðru leyti vísast til kaflans um nýmæli frumvarpsins varðandi þessa grein.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rekstrarleyfi stofnana fyrir fatlaða þannig að hlutaðeigandi ráðuneyti veiti slík leyfi að fengnum tillögum stjórnarnefnda og viðkomandi svæðisstjórnar. Þannig mundi heilbrigðismálaráðuneytið veita rekstursleyfi til göngudeilda og hjúkrunarheimila og menntamálaráðuneytið deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum og félagsmálaráðuneytið til reksturs sambýla, leikfangasafna, dagvistarstofnana fatlaðra og afþreyingarheimila, verndaðra vinnustaða, endurhæfingarstöðva og annarra stofnana sem ekki eru til í dag. Þá er í greininni ákvæði þess efnis að svæðisstjórnir skuli hafa eftirlit með stofnunum og að trúnaðarmönnum þeirra verði veittur aðgangur að þeim til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi og afkomu. Þá er í greininni ákvæði þess efnis að ráðherra er falið það vald að svipta stofnanir leyfi til starfa ef þær bæta ekki úr eftir kröfu svæðisstjórna hafi svæðisstjórn talið nauðsynlegt að gera athugasemdir við ýmislegt í fari rekstursins.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

III. KAFLI

Tilkynningarskylda.

Um 13. gr.

Hér er lögð skylda á herðar þeim er annast skoðun á þunguðum konum að tilkynna báðum foreldrum ef líkur þykja á að barn verði fatlað og hlutast til um frekari rannsókn og fyrirbyggjandi aðgerðir í samráði við þá. Skv. gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta hvílir sú skylda á þeim er annast mæðraskoðanir að tilkynna væntanlegum foreldrum ef líkur þykja á að barn verði þroskaheft og hlutast til um frekari rannsókn. Nú er ekki skylt að tilkynna foreldrum um annars konar fötlun þótt vissulega telji margir viðkomandi heilbrigðisstarfsmenn það skyldu sína.

Ör þróun hefur orðið á fósturrannsóknum á undanförnum árum og möguleikar á fyrirbyggjandi aðgerðum (til þess að draga úr eða koma í veg fyrir fötlun) hafa aukist. Rétt þykir því að lögbinda tilkynningar- og rannsóknarskyldu þessa.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og í 13. gr., en þau eiga við um þegar fötlunareinkennin koma fyrst í ljós eftir fæðingu. Rétt þykir að viðkomandi svæðisstjórn sé tilkynnt um hugsanlega fötlun þannig að hún hafi betri möguleika á að rækja hlutverk sitt samkvæmt lagafrumvarpinu. Hins vegar ber að gera það í samráði við foreldra og séu þeir andvígir tilkynningu til svæðisstjórnar skal virða þann vilja þeirra. Nauðsynlegt er að foreldrar séu fræddir sem best um eðli fötlunarinnar og allar ráðstafanir til þess að lækna eða draga úr henni.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar ættu að vera tiltölulega auðveld í framkvæmd. Heilsufarsskoðanir barna munu óvíða eins nákvæmar og hér á landi. Nauðsynlegt er að þessar skoðanir nái til sem flestra þátta andlegrar og líkamlegrar heilbrigði. Hér hvílir sú skylda á þeim sem þessar skoðanir framkvæma að tilkynna svæðisstjórnum um fötlun vakni grunur um hana og gilda um þær tilkynningar sömu reglur og í 14. gr. Eðlilegt er að sálfræðiþjónusta í skólum hafi sömu skyldur, en unnið er að uppbyggingu hennar í samræmi við grunnskólalög frá 1974 og er hún víða komin vel á veg. Segja má að með þessu móti sé verið að nýta betur ef svo má að orði komast þær heilsufarsskoðanir sem hvort sem er fara fram.

IV. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Um 16. gr.

Eins og yfirskriftin ber með sér er lagt til að orðið greiningarstöð breytist í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Ástæðan er sú, að á undanförnum vikum og mánuðum hafa átt sér stað allmiklar umræður fjölmargra aðila um hlutverk og starfssvið þessarar stofnunar.

Þar hefur komið í ljós að orðið Greiningarstöð ríkisins hefur valdið milsskilningi og verið túlkað á annan veg en gildandi lög um aðstoð við þroskahefta gera ráð fyrir svo og í þessu frumvarpi til laga um fatlaða.

Einn meginþátturinn í starfsemi stofnunarinnar er víðtæk ráðgjafarþjónusta við einstaklinga og stofnanir, og þess vegna verður að teljast eðlilegt að gefa það til kynna í heiti stofnunarinnar. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ný stofnun, sem ekki á sér hliðstæðu hér á landi.

Í 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta er gert ráð fyrir þessari stofnun en hún hefur ekki tekið til starfa enn sem komið er. Undirbúningur er þó hafinn að byggingu stofnunarinnar við Dalbraut í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði algerlega sjálfstæð stofnun og engri annarri stofnun háð sem slík. Eins og fram kemur í kaflanum um Greiningar- og ráðgjafarstöðina er um starfsemi að ræða, sem að hluta til er fyrir hendi og hefur farið fram á ýmsum stöðum án samræmingar og gerir það að verkum að enginn einn aðili er ábyrgur fyrir ráðgjöf, samfelldri aðstoð og þjónustu við fötluð börn og unglinga, foreldra þeirra og forráðamenn. Þetta veldur því, að margir fara á mis við nauðsynlega aðstoð.

Aldrei verður of mikil áhersla lögð á mikilvægi aðstoðar og þjálfunar við fötluð börn og aðstandendur þeirra. Slíkt getur ráðið úrslitum um framtíð þessara barna og komið að miklu leyti í veg fyrir að þörf verði á sólarhringsvistun, sem er margfalt dýrara fyrir þjóðfélagið og óheppilegra úrræði fyrir einstaklinginn.

Á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ekki gert ráð fyrir innlögnum af neinu tagi, hins vegar er gert ráð fyrir göngudeildarþjónustu og meðferðardeildum fyrir þá einstaklinga, sem þess þurfa með, sbr. tl. 1—3 í 16. gr.

1.—3.

Rannsókn og greining þroskahefts/fatlaðs einstaklings getur spannað yfir skemmri eða lengri tíma. Ekki er í stuttu máli unnt að gefa fullnægjandi lýsingu á hvernig slíkt fer fram. Hér er um einstaklingsbundnar athuganir/greiningu að ræða, sem fer eftir aldri, fötlun, þroskahömlun, líkamlegri, andlegri eða hvort tveggja.

Margir sérfræðingar þurfa oftast að koma við sögu varðandi hvern einstakling, svo sem læknar, sálfræðingar, sjúkraþjálfar, talkennarar, félagsráðgjafar o. fl.

Augljóst er að rannsókn og greining er ferli, sem getur spannað yfir lengri eða skemmri tíma og felur í sér ýmiss konar prófanir og mat á ástandi einstaklingsins og aðferðum til að örva og þjálfa þroskann til að bæta úr meðfæddum og/eða áunnum ágöllum.

Einn og sami einstaklingur getur þurft á meðferð og þjálfun að halda frá unga aldri til fullorðinsára. Ekki er þó þar með sagt að slíkt fari fram á Greiningar- og ráðgjafarstöð. En þar yrði athugað hvaða þjálfunaraðferðir henta, sem aðrir meðferðaraðilar, e. t. v. foreldrar, fóstrur, þroskaþjálfar, sálfræðingar o. fl., gætu notað, en þjálfunaráætlanir og aðferðir eru eins margar og einstaklingarnir, sem þarfnast þeirra, og jafnframt taka þær breytingum eftir því þroskastigi, sem einstaklingurinn er á hverju sinni.

Í þessu felst, að um reglubundið eftirlit og endurmat á framförum og þroska hins fatlaða er í verkahring stofnunarinnar að annast og sjá um.

4.

Að lokinni fullnægjandi athugun og greiningu eða annarri þjónustu, sem stofnunin getur og telur nauðsynlegt að láta í té, er tekin ákvörðun um tilvísun til annarra stofnana og meðferðaraðila þar sem viðeigandi og áframhaldandi þjálfun og þjónusta er veitt.

Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að leita ávallt viðeigandi úrræða.

Þetta útheimtir að starfsfólk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar verður að þekkja til hlítar aðrar stofnanir, sem annast þjónustu við fatlaða og þroskahefta. Náin samvinna þarf að vera milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og annarra stofnana, enda er gert ráð fyrir að þær geti fengið faglegar leiðbeiningar þegar þess er óskað.

5.

Í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er gert ráð fyrir þjónustu leikfangasafns (Legotek) og hafa ekki verið gerðar áætlanir um önnur leikfangasöfn af þessari tegund á öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu. Auk útlána og ráðleggingarþjónustu við foreldra fatlaðra barna er gert ráð fyrir að veittar verði leiðbeiningar til allra svæða landsins viðvíkjandi uppbyggingu og þjónustu leikfangasafna, en undirbúningur er hafinn við að koma þeim á fót í samræmi við lög um aðstoð við þroskahefta.

Telja verður í alla staði hagkvæmt að fella þessa starfsemi að annarri þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar bæði frá faglegu og rekstrarlegu sjónarmiði.

Þess má geta til fróðleiks, að víða erlendis eru leikfangasöfn sérstakar stofnanir, sem eiga sér langa starfsreynslu og þekkingu að baki. Þjónusta af þessu tagi er ákaflega mikilvæg fyrir foreldra ungra fatlaðra barna og hefur þróast ört síðustu áratugi með tilkomu nýrrar tækni og þjálfunartækja.

Hér á landi hefur einn þáttur af starfsemi Kjarvalshúss verið leikfangaþjónusta og samkvæmt ársskýrslu fyrir árið 1981 var fjöldi heimsókna alls 504.

6.

Mikilvægt hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar er að veita starfsstéttum þekkingu og þjálfun annaðhvort sem viðurkenndan hluta af námi eða hagnýta reynslu að námi loknu. Þetta gæti átt við sjúkraþjálfa, fóstrur, þroskaþjálfa, sálfræðinga, lækna, félagsráðgjafa o. fl.

Mikil þörf er á að skapa möguleika og tækifæri fyrir fólk sem vill sérhæfa sig í störfum á þessu sviði.

Benda má á að þekking hefur aukist gífurlega á síðustu árum varðandi þjálfunaraðferðir og uppeldi fatlaðra barna. Ný tækni er að ryðja sér til rúms, sem krefst sérþekkingar og kunnáttu og fæst ekki nema við starfsreynslu undir leiðsögn hæfra manna. Kröfur foreldra um fullnægjandi meðferð og aðstoð mun fara vaxandi á næstu árum, í kjölfar aukinnar þekkingar á þessum sviðum.

7.

Það leiðir af sjálfu sér að skráning og varðveisla upplýsinga hlýtur að eiga best heima á stofnun sem þessari. Setja þarf nákvæmar reglur um það, hvernig farið verður með upplýsingar bæði innan stofnunarinnar og í sambandi við aðra aðila.

8.

Mjög mikilvægur þáttur í starfi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar eru leiðbeiningar fyrir svæðisstjórnir varðandi vistun og faglegt mat á því, hvar hinn fatlaði/þroskahefti eigi best heima, þ. e. hvað henti hverjum og einum best, hvaða úrræði séu fyrir hendi, sem hægt sé að nýta.

Eins og þessum málum er nú háttað er engin ein stofnun til sem svæðisstjórnir geta leitað til varðandi vistunarmál skjólstæðinga sinna, sem þarfnast úrlausnar. Þetta veldur því,

að einstaklingsmál flækjast um í kerfinu frá einni stofnun til annarrar án þess að viðunandi lausn fáist. Þetta ástand er óviðunandi og verður að breytast.

9.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að svæðisstjórnir geri áætlanir um uppbyggingu á svæðunum. Forsendur fyrir slíkri áætlanagerð eru að sjálfsögðu kannanir og athuganir á aðstæðum og högum þroskaheftra og fatlaðra.

Á s. l. tveimur árum hefur félagsmálaráðuneytið beitt sér fyrir slíkum könnunum og fengið til liðs við sig félagsfræðinga frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Í framtíðinni væri eðlilegt að tengja slíkar rannsóknir starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar á þann hátt, að þaðan kæmu faglegar leiðbeiningar. Enn fremur þarf að efla rannsóknir á ýmsum sviðum þroskahömlunar og fötlunar og hlýtur slíkt að verða einn þáttur í starfi stofnunarinnar þegar fram líða stundir.

10.

Í VII. kafla þessa frumvarps til laga um málefni fatlaðra er kveðið á um að félagsmálaráðuneytið skuli beita sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða, sem mikið hefur skort á að væri sinnt. Eðlilegt er að tengja þetta verkefni við starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar í því skyni að nýta þá sérfræðiþekkingu, sem stofnunin býr yfir. Þó skal tekið fram til að forðast misskilning, að ráðuneytið mun hafa forgöngu og bera ábyrgð á slíku kynningarstarfi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Hér að framan hefur í stuttu máli verið gerð grein fyrir þeim atriðum, sem kaflinn um Greiningar- og ráðgjafarstöðina fjallar um.

Við þetta má bæta eins og raunar hefur verið drepið á, að hliðstæð starfsemi eins og hér er lagt til að komist á fót er ekki fyrir hendi nema að hluta til, og ber þá fyrst að nefna athugunar- og greiningardeildina í Kjarvalshúsi, sem hefur starfað síðan 1975 og einkum annast þjónustu við börn á forskólaaldri og foreldra þeirra.

Starfsaðstaða þar er mjög ófullnægjandi og brýnt orðið að skapa þessari starfsemi viðunandi skilyrði.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Kjarvalshúss flytjist í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og þróist með eðlilegum hætti til að sinna því hlutverki, sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ætlað í framtíðinni samkvæmt lögum.

Það er ekki ástæða til að ætla að um skörun yrði að ræða milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og annarra þjónustustofnana fyrir fatlaða, þar sem hlutverk stöðvarinnar verður að öðrum þræði að vera umsagnaraðili fyrir svæðisstjórnir og vera tilvísunaraðili til annarra stofnana, ásamt leiðbeiningum þeim til handa og faglegri ráðgjöf.

Það skal skýrt tekið fram, að fyrirkomulag starfseminnar hlýtur að fela í sér að sérfræðingar Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar fari til hinna ýmsu svæða landsbyggðarinnar og veiti þar ráðgjöf þegar slíkt er talið nauðsynlegt.

Óhætt er að fullyrða að fenginni reynslu, að eitt allra brýnasta verkefni varðandi málefni fatlaðra og þroskaheftra er að Greiningar- og ráðgjafarstöðinni verði komið á fót hið allra fyrsta.

V. KAFLI

Hæfing og endurhæfing.

Í þessum kafla er fjallað um hæfingu og endurhæfingu. Nú eru í gildi sérstök lög um endurhæfingu, nr. 27 27. apríl 1970. Álitamál þótti hvort þau lög ættu að gilda áfram eða fella bæri meginefni þeirra inn í frumvarp þetta. Síðari kosturinn var valinn af þeim ástæðum að rétt

þótti að þessi málaflokkur félli undir þá heildarstjórn á málefnum fatlaðra, sem ráðgerð er í frumvarpinu, með sama hætti og önnur málefni þeirra sem það nær til. Því er ekki að neita að með þessu móti verða færri atriði varðandi hæfingu og endurhæfingu sérstaklega bundin í lög, en á móti kemur að ýmis heildarákvæði lagafrumvarpsins ná til hæfingar- og endurhæfingarmála svo og er gert ráð fyrir að ýmsu sem að þessum málaflokki lýtur verði skipað með reglugerð.

Þess ber að geta að notuð eru bæði orðin hæfing og endurhæfing og er þá gert ráð fyrir að orðið hæfing sé notað þegar um er að ræða þann sem er fatlaður frá fæðingu, en orðið endurhæfing um þann sem fatlast síðar á ævinni.

Um 17. gr.

Í upphafi þessarar greinar er skýrt hver sé tilgangur hæfingar og endurhæfingar og síðan hvert sé hlutverk stjórnarnefndar og svæðisstjórna á þessu sviði. Tekið er fram að fatlaðir skuli eiga kost á þjálfun við sitt hæfi svo að þeir geti sem best séð sér farborða, m. a. með eigin vinnu. Þetta ber þó ekki að skilja svo að hæfing og endurhæfing eigi að miðast við að gera þann sem hennar nýtur að útgengilegra vinnuafli. Það verður að vera hverjum í sjálfsvald sett hvort hann þjálfar sig sérstaklega til vinnu. Því er þó ekki að neita að rík og einlæg ósk flestra fatlaðra er að geta tekið þátt í dagsins önn með sama hætti og ófatlaðir.

Þá er í greininni tekið fram að stjórnarnefnd og svæðisstjórnir skuli sjá svo um að unnt sé að gera nauðsynlegar athuganir á þeim, sem þarfnast hæfingar og endurhæfingar, og áætlanir um hvernig henni skuli hagað.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein er stjórnarnefnd falið það hlutverk að vinna að því að verkaskipting þeirra stofnana, sem annast hæfingu og endurhæfingu, sé sem hagkvæmust og starfshættir þeirra samræmdir í framkvæmd og ráða hagkvæmnissjónarmið þar að sjálfsögðu ferðinni. Í síðari málsgrein er nánari útfærsla á því sem í niðurlagi 17. gr. segir og skýrir það mál sig sjálft.

Um 19. gr.

Skv. þessari grein er gert ráð fyrir því að þeir sem eru endurhæfðir eigi möguleika á að fá fjárhagsaðstoð til að framfæra sig og fjölskyldu sína á meðan endurhæfing stendur, en gera má ráð fyrir að í mörgum tilvikum muni þeim, sem þarfnast endurhæfingar, reynast erfitt að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða. Nauðsynlegt kann að vera endurhæfingarinnar vegna að menn geti verið lausir við fjárhagsáhyggjur af þessu tagi á meðan hún varir til þess að hún nái tilgangi sínum. Þá er gert ráð fyrir að menn eigi kost á styrk eða láni til verkfærakaupa eða annarri fyrirgreiðslu, leggi þeir stund á einhvers konar heimavinnu í atvinnuskyni eða sjálfstæða starfsemi og er miðað við að auðvelda mönnum að skapa sér atvinnutækifæri.

Í annarri málsgrein er kveðið á um fyrirkomulagsatriði varðandi aðstoð þessa.

Um 20. gr.

Í þessari grein er nauðsynlegt að árétta það að svæðisstjórnir gæti þess að sem best tengsl séu á milli hæfingar og endurhæfingar annars vegar og atvinnuleitar hins vegar, þannig að lögð verði sem mest áhersla á að einstaklingur, sem notið hefur hæfingar eða endurhæfingar, fái vinnu við sitt hæfi, þannig að endurhæfingin nýtist honum. Það eru til of mörg dæmi þess að á endurhæfingarstöðvum dveljist einstaklingar, sem notið hafa endurhæfingar og þurfa ekki að dveljast þar lengur, en verða að vera þar vegna þess að ekki hefur tekist að koma þeim í vinnu og/eða finna húsnæði fyrir þá. Þessi tengsl milli hæfingar og atvinnu eru mjög mikilvæg til að tryggja það að samskipan (integreringin) rofni ekki.

VI. KAFLI

Húsnæðis- og atvinnumál.

Í þessum kafla er fjallað um húsnæðis- og atvinnumál fatlaðra. Nýmæli er að sérstök ákvæði séu um húsnæðismál fatlaðra, en um atvinnumál er að finna ákvæði í eldri lögum, s. s. lögum um endurhæfingu nr. 27/1970 og lögum um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Atvinnumál eru sérstaklega mikilvægur málaflokkur, hvað varðar fatlaða, og með ákvæðum þessa kafla má ætla að staða fatlaðra á vinnumarkaðinum verði sterkari. Á hitt ber þó að líta, að lagaákvæði ein saman duga ekki til þess, að á verði breytingar, heldur þarf til að koma jákvæðari afstaða atvinnurekenda og almennings yfirleitt.

Um 21. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að svæðisstjórnin hafi forgöngu um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra. Hér er um nýmæli að ræða. Ekki þótti rétt að setja ítarlegri ákvæði varðandi þennan málaflokk, en valin var sú leið að fela málið í hendur svæðisstjórna með það í huga, að ítarlegri ákvæði verði sett að fenginni reynslu af starfi svæðisstjórna á þessu sviði. Minnt skal á að fatlaðir eiga nú kost á sérstökum lánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna sérþarfa sinna.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að svæðisstjórnir komi á fót atvinnuleit fyrir fatlaða. Skv. 3. gr. laga um vinnumiðlun nr. 52/1956 er gert ráð fyrir að hlutverk vinnumiðlunar sé m. a. að veita öryrkjum aðstoð við að fá vinnu við þeirra hæfi. Nú er það svo, að vinnumiðlun er ekki starfandi í öllum kaupstöðum og kauptúnum og til undantekninga heyrir, ef vinnumiðlun er með sérstaka skipulagða starfsemi fyrir öryrkja. Slíkt er þó til, s. s. hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar. Rétt þótti að nota orðið atvinnuleit til aðgreiningar frá lögum um vinnumiðlun jafnframt því sem hugtakið atvinnuleit lýsir betur þeirri starfsemi sem um ræðir.

Í 2. mgr. er um að ræða frekari ákvæði um starf atvinnuleitarinnar. Sérstaklega er gert ráð fyrir því, að atvinnuleitin standi í tengslum við Tryggingastofnun ríkisins með tilliti til reglugerðar nr. 319/1979 um öryrkjavinnu, en telja verður mikilvægt fyrir atvinnumál fatlaðra, að vinnusamningum á grundvelli reglugerðarinnar fjölgi frá því sem verið hefur.

Skv. 3. mgr. skulu svæðisstjórnir hafa eftirlit með því að hagsmunir fatlaðra verði tryggðir við byggingu nýrra vinnustaða. Hér má jafnframt vísa til ákvæða í byggingarreglugerð nr. 292/1979. Þá er gert ráð fyrir, að atvinnuleitin kanni, hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða, og geri tillögur um, hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Hér er um að ræða nýmæli í lögum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir, að sé starfandi sérstök deild fyrir öryrkja samkvæmt lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun, skuli svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar skv. 1. mgr. Hér er fyrst og fremst átt við Reykjavík, en óeðlilegt þykir að tveir aðilar á vegum hins opinbera vinni að þessum málaflokki á sama svæði.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að þeir sem njóti endurhæfingar eigi öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélögum, ef hæfni þeirra er jöfn eða meiri til starfsins en annarra umsækjenda. Ákvæði þetta er í svipaða veru og ákvæði 16. gr. laga 27/1970 um endurhæfingu, sbr. 2. mgr., en þar skulu þeir, sem endurhæfingar hafa notið, að öðru jöfnu eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum. Í reynd hefur þetta ákvæði breytt litlu um atvinnumál fatlaðra, en gert er ráð fyrir, að sé hinum fatlaða synjað um starf geti svæðisstjórn krafið veitingarvaldshafa um

skriflega greinargerð um þá ákvörðun. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa veitingarvaldshafa aukið aðhald varðandi ráðningar fatlaðra til starfa.

Um 25. gr.

Þessi grein fjallar um kynningu á málefnum fatlaðra. Lagt er til að í námsskrá grunnskóla verði sett námsefni sem felur í sér umfjöllun um málefni fatlaðra og stöðu þeirra í samfélaginu. Að vissu leyti er óeðlilegt að setja þessi ákvæði, sem fela í sér beinlínis breytingu á einhverju ákvæði annarra laga. Eðlilegri leið væri að breyta viðkomandi lögum. Hins vegar stendur yfir athugun á breytingu á grunnskólalöggjöfinni og gæti því þetta ákvæði þjónað þeim tilgangi að ýta á eftir að ákvæði af þessu tagi yrðu sett í grunnskólalögin við þá breytingu. Hins vegar er þetta atriði sem Alþingi þyrfti að skera úr um sérstaklega, en fleira er í þessu frumvarpi sem ef til vill ætti heima í einhverjum gildandi lögum. Þetta atriði er hins vegar í anda þeirrar stefnu að sameina sem flest mikilsverðustu ákvæði gildandi laga um málefni fatlaðra.

Þá gerir þessi grein ráð fyrir að stjórnardeild félagsmálaráðuneytisins, sem með málefni fatlaðra fer, beiti sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra til að efla skilning almennings og eyða fordómum. Kynningu þessa ætti að gera í samvinnu við upplýsinga- og fræðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins, sem ekki er óeðlilegt þar sem sú deild hefur með höndum m. a. kynningu á rétti fatlaðra.

Loks er í greininni ákvæði þar sem menntamálaráðherra er gert að ákveða að tileinka einn dag á ári meðan skólar starfa kynningu á málefnum fatlaðra í skólum landsins. Þetta ákvæði er sett að fenginni eindreginni beiðni hagsmunasamtaka fatlaðra.

VIII. KAFLI

Rekstur og kostnaður.

Samkvæmt meginstefnu frumvarpsins heyrir framkvæmd þess fyrst og fremst undir ríkið. Ástæða þess er m. a. sú að hin fámennari sveitarfélög hafa takmarkað bolmagn til að koma á fót þeim stofnunum, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Jafnframt er gert ráð fyrir, að félög geti komið á fót hinum ýmsu stofnunum, eins og verið hefur. Að meginstefnu til er gert ráð fyrir, að fé verði veitt úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að fjármagna hinar ýmsu framkvæmdir. Er ýmist um það að ræða að Framkvæmdasjóður greiðir stofnkostnað að fullu eða að sveitarfélag greiðir 15% stofnkostnaðar. Sama meginregla gildir varðandi rekstrarkostnað. Grundvallarregla þessa kafla er sú, að ákvæði hans breyti ekki kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um að ríkið komi á fót eftirtöldum stofnunum: Göngudeildum, sem jafnframt skulu veita eftirvernd, skammtímafósturheimilum, leikfangasöfnum, meðferðarheimilum, sumardvalarheimilum, sambýlum, dagvistarstofnunum fyrir fatlaða og afþreyingarheimilum, hjúkrunarheimilum, vernduðum vinnustöðum, atvinnuleit, hæfingar- og endurhæfingarstöðvum og vistheimilum.

Skv. 2. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarfélög útvegi rými fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn. Hér er um eðlilegar tillögur að ræða þar sem rekstur og uppbygging dagvistarstofnana er á hendi sveitarfélaga.

Skv. 3. mgr. skal ríkissjóður greiða að fullu stofnkostnað varðandi meðferðarheimili, sambýli, dagvistarstofnanir fatlaðra og afþreyingarheimili, hæfingar- og endurhæfingarstöðvar og vistheimili.

Um stofnkostnað við almennar dagvistarstofnanir þar sem dvelja fötluð börn fer eftir gildandi reglum á hverjum tíma, sbr. l. nr. 112/1976 og reglugerð nr. 149/1977. Hins vegar greiði sveitarfélög stofnkostnað við almennar dagvistarstofnanir, þó þar dvelji fötluð börn.

Sérstök kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga er óraunhæf og illframkvæmanleg í slíkum tilfellum.

Ríkið greiðir 85% og sveitarfélög 15% af stofnkostnaði eftirtalinna stofnana: Göngudeildir, skammtímafósturheimili, leikfangasöfn, verndaðir vinnustaðir og atvinnuleit.

Skv. 5. mgr. skal tryggja fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr. Framkvæmd þessa ákvæðis mun mótast í tímans rás, en vakin skal athygli á, að skilgreining á hugtakinu „fatlaður" er sveigjanleg samkvæmt frumvarpinu.

Skv. 6. mgr. greiðist úr ríkissjóði kostnaður vegna kennslu og þjálfunar þeirra, sem af óviðráðanlegum ástæðum og að mati svæðisstjórnar njóta ekki kennslu og þjálfunar utan heimilis, sbr. 9. gr. Sama gildir hvað varðar kostnað á grundvelli 10. gr., þ. e. aðstoð sem ætluð er fötluðum börnum til 18 ára aldurs, sem dvelja í heimahúsum og þarfnast sérstakrar gæslu eða umönnunar að mati svæðisstjórnar. Jafnframt greiðist úr ríkissjóði aðstoð samkvæmt 3. mgr. 10. gr. til þeirra, sem sjálfir geta útvegað sér framangreinda aðstoð, ef svæðisstjórn telur hana nauðsynlega. Er það í samræmi við núgildandi ákvæði í lögum um aðstoð við þroskahefta.

Um 27. gr.

Skv. 1. mgr. er félagasamtökum veittur réttur á styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að koma á fót stofnunum skv. 7. gr. 3.—10. tl. og 12.—13. tl. Með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengist hefur af rekstri félagasamtaka á stofnunum fyrir fatlaða, þykir eðlilegt að sá möguleiki sé fyrir hendi og að jafnframt verði veitt fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Í 2. mgr. er það nýmæli, að heimilt er að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Þá er heimilt að veita lán úr framangreindum sjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað í því skyni að bæta stöðu fatlaðra á vinnumarkaði. Skilyrði er þó, að viðkomandi svæðisstjórn og atvinnuleit mæli með breytingunum. Hér er um að ræða þýðingarmikil nýmæli varðandi stöðu fatlaðra á vinnumarkaði. Jafnframt er vakin athygli á 36. gr. laga nr. 64/1981 um atvinnuleysistryggingar þar sem heimilt er að veita lán til þeirra framkvæmda, sem greinin nær til.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna reksturs sérdeilda dagvistarstofnana fyrir fötluð börn greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976 um dagvistarstofnanir. Þegar um er að ræða almennar dagvistarstofnanir fyrir börn er gert ráð fyrir, að ríkið greiði þann umframkostnað, sem af því leiðir fyrir viðkomandi dagvistarstofnun að fötluð börn eru á stofnuninni. Hér er t. d. um aukinn kostnað vegna starfsmannahalds að ræða.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 85%, en sveitarsjóður 15% af rekstrarkostnaði eftirtalinna stofnana, þ. e. sá kostnaður, sem ekki greiðist af eigin fé stofnunarinnar: Skammtímafósturheimili, leikfangasöfn, atvinnuleit og vistheimili.

Ríkissjóður greiðir reksturskostnað annarra stofnana skv. 7. gr., en um kostnað vegna göngudeilda og hæfingar- og endurhæfingarstöðva fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva.

Í 4. mgr. er að finna sérstakt ákvæði um flutningsþjónustu fyrir fatlaða. Þar er gert ráð fyrir að slík þjónusta verði greidd af rekstrarfé viðkomandi stofnunar. Um rekstrarform flutningsþjónustu fyrir fatlaða er ekki að finna sérstök ákvæði. Þar getur bæði verið um það að ræða að viðkomandi stofnanir eigi og reki bifreiðar til flutnings fatlaðra eða að sveitarfélög, félagasamtök eða einstaklingar reki slíka flutningsþjónustu, og standi þá jafnframt að stofnkostnaði, en rekstrarkostnaður innheimtist af viðkomandi stofnunum. Ekki er í frumvarpinu fjallað um flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki dvelja á eða tengjast stofnunum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna starfa Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði á sama hátt og gert er skv. lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, 20. gr. Um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins skal setja sérstakar reglur af ráðherra.

Um 31.—32. gr.

Eðlilegt þykir að kostnaður vegna stjórnarnefndar og svæðisstjórna greiðist úr ríkissjóði, enda heyra þessar nefndir undir ráðherra. Þá horfir það til einföldunar þar sem skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna einstakra fulltrúa er flókin og þung í vöfum.

Um 33. gr.

Gert er ráð fyrir að greiddur skuli eðlilegur dvalarkostnaður fatlaðra á sjálfseignarstofnunum skv. 7. gr.

IX. KAFLI

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um að stofna skuli sjóð sem nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra. Samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta er starfandi sjóður, sem hefur það hlutverk að fjármagna þær framkvæmdir sem um getur í þeim lögum.

Gert er ráð fyrir að sjóður þessi fjármagni þær framkvæmdir, sem um getur í 26. og 27. gr. lagafrumvarpsins.

Um 35. gr.

Hér eru taldar upp þær tekjur, sem gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóðurinn fái. Stærsti tekjuliðurinn verður tvímælalaust framlag ríkissjóðs og er ekki vafi á því að framkvæmdir samkvæmt lögunum, ef frumvarpið verður að lögum, muni að verulegu leyti vera undir því komnar hversu mikið fjármagn ríkið veitir sjóðnum. Gert er ráð fyrir að framlag það, sem fyrst verður ákveðið að renni í sjóðinn, sé vísitölubundið miðað við byggingarvísitölu.

Um 36. gr.

Þessi gr. fjallar um stjórnun sjóðsins og fyrirkomulag varðandi umsókn um fjármagn úr honum og afgreiðslu og töku ákvarðana varðandi umsóknir. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 38. gr.

Þessi grein fjallar um leið upplýsingastreymis milli stjórnsýsluaðilanna, sem annast framkvæmd laganna. Svæðisstjórnirnar, sem grunneining stjórnunarkerfisins, safna upplýsingum um þörf vistunar, atvinnu, endurhæfingar, sérkennslu, sjúkravistunar og annarrar aðstoðar fyrir fatlaða í samræmi við þetta frumvarp, hver á sínu sviði. Þessar upplýsingar sendir svæðisstjórnin síðan til ráðuneytanna þriggja, félagsmála-, menntamála- og heilbrigðismálaráðuneytisins ásamt tillögum sínum um framkvæmdaáætlun til þriggja ára í senn. Að því búnu hefja ráðuneytin vinnslu á þessum upplýsingum og athugun á þessum áætlunum og senda niðurstöður sínar til stjórnarnefndar, sem síðan vinnur starfsáætlanir í samræmi við

sannanlega þörf og fjárveitingu hverju sinni. Þessar upplýsingar eða starfsáætlanir verða síðan sendar svæðisstjórnum og þar með er hringurinn lokaður. Þessi vinnubrögð eiga að koma í veg fyrir tvíverknað þann að ráðuneytin afli sér sömu upplýsinga og svæðisstjórnirnar og hjá sömu aðilum. Þessi aðferð við miðlun upplýsinga og töku ákvarðana um framkvæmdir tryggir það, að svæðisstjórnirnar, sem grunneining stjórnunarkerfisins við framkvæmd laganna, hafa möguleika á að hafa áhrif á forgangsröðun verkefna með tillögum sínum um framkvæmdaáætlun. Ráðuneytin aftur á móti gegna því hlutverki að vera nokkurs konar eftirlitsaðili og jafnframt mun í ráðuneytunum fara fram endanleg vinnsla framkvæmdaáætlananna í samræmi við fjárveitingar og sannanlega þörf að dómi ráðuneytanna hverju sinni. Stjórnarnefndin leggur síðan endanlega blessun sína yfir framkvæmdaáætlunina og aðrar ákvarðanir, sem þarf að taka í samræmi við þetta upplýsingastreymi, og hlýtur hún að taka að stærstum hluta mið af þeim tillögum, sem koma frá ráðuneytunum, því að þær tillögur hljóta að vera þær raunsönnustu, vegna þess að allar framkvæmdir miðast við fjárhagsgetu á hverjum tíma, og það eru ráðuneytin, sem taka endanlegar ákvarðanir um fjárveitingabeiðnir, áður en slíkar tillögur eru sendar fjárlaga- og hagsýslustofnun, ríkisstjórn og Alþingi.

Um 39. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk svæðisstjórnanna sem eftirlitsaðila með framkvæmd laganna hverrar á sínu svæði, svo og hlutverk stjórnarnefndar í tengslum við það.

Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þessi grein fjallar um þagnarskyldu þeirra, sem annast tilkynningar, meðferð og rannsóknir á fötluðum einstaklingum skv. þessu frumvarpi. Eins og eðlilegt er verður hér að ríkja fullkominn trúnaður. Það er í sjálfu sér ekki þörf á að kveða á um slíka skyldu sérstaklega í lögum sem þessum þar sem allir opinberir starfsmenn bera lögum skv. sérstaka þagnarskyldu. Aldrei verður þó þagnarskyldan brýnd nógu oft fyrir þeim sem hana bera. Vegna þess hversu viðkvæm þessi mál eru sérstaklega á þessum stigum er æskilegt að kveða sérstaklega á um þagnarskylduna hér.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem þetta frumvarp felur í sér viss þáttaskil í samskiptum ríkisvalds við stofnanir fyrir fatlaða þá er ekki óeðlilegt að við gildistöku laganna verði gerð sú krafa til þeirra stofnana sem eru starfandi, að þær endurnýi starfsleyfi sitt í samræmi við 11. gr. frumvarpsins ásamt því að umsókninni fylgi nákvæm lýsing á starfseminni. Þetta er mikilvægt fyrir stjórnarnefnd og ráðuneytin, því að það kann að vera að það þurfi að samhæfa rekstur ýmissa stofnana og jafnvel taka til endurskoðunar þá starfsemi, sem fyrir er, í samræmi við hin nýju lög.

Fylgiskjal.

Breytingartillögur við frumvarp til laga um málefni fatlaðra.

Frá samráðsnefnd um málefni fatlaðra.

Samráðsnefnd um málefni fatlaðra, sem skipuð var í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands frá 30. júní 1982, hefur fjallað ítarlega um frumvarp til laga um málefni fatlaðra eins og það er lagt fram nú.

Nefndin samþykkti eftirfarandi breytingartillögur:

Við 1. gr. Í 2. málslið verði breyting þannig að í stað „með því að leita umsagnar" komi „með aðild".

Við 6. gr. Úr 1. mgr. falli út „stefnt að því að" og „verði". Nýr liður komi sem verði 12. liður „Aðstaða til tímabundinnar og varanlegrar vistunar á einkaheimilum". Jafnframt falli 2. mgr. niður.

Við 10. gr. Ný mgr. sem verði 4. mgr. „Fara skal með slíkar greiðslur sem laun þannig að viðkomandi framfærandi greiði opinber gjöld af þeim. Ennfremur skal greiða í lífeyrissjóð vegna slíkra launatekna."

Við 14. gr. Í niðurlagi falli út „ef þurfa þykir".

Við 16. gr. Úr 1. lið falli „0—20 ára". 11. liður verði „Hjálpartækjaþjónusta". Næstsíðasta mgr. verði: „Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra ásamt tveim fulltrúum starfsfólks, sem það kýs úr sínum hópi, er stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins".

Við 21. gr. Við bætist í síðustu mgr. „Skipulagsstjóra ríkisins og annarra aðila, sem við á hverju sinni".

Við 22. gr. 3. mgr. orðist svo:
„Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi, jafnframt skulu þær í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum".

Við 24. gr. Úr 2. mgr. falli út „bersýnilega". Í 2. mgr. verði breyting þannig að í stað „getur hún krafið" komi „skal hún krefja".

Við 28. gr. Síðasta mgr. verði:
„Ráðherra er heimilt að jafna greiðslum niður á sveitarfélögin og innheimta þeirra hlut í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri".

Við 34. gr. 2. mgr. ljúki á eftir orðunum „26. og 27. gr."

Við 35. gr. Í 1. tl. komi „60 milljón kr. miðað við 1. janúar 1983". 2. tl. orðist svo: „Óskertar tekjur Erfðafjársjóðs".

Við 41 gr. Í stað „febrúar" í 1 mgr. komi „mars".

Við 44. gr. Í stað „1983" komi „1984".

Greinargerð og athugasemdir með breytingartillögunum.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hagsmunir þeir, sem ætlunin mun að koma til móts við með fjárhagsaðstoð til framfærenda fatlaðs barns, eru tvíþættir:

1) Vinna vegna umönnunar barns.
2) Aukin útgjöld vegna sérþarfa barns.

Enda þótt hér eigi að bæta tvenns konar hagsmuni, má þó ljóst vera, að megintilgangurinn með fjárhagsaðstoðinni er, að sú aðstoð komi í stað vinnutekna. Þetta kemur fram í því, að fjárhagsaðstoðin skal greidd skv. 8. taxta Dagsbrúnar allt að 175 stundum á mánuði, sem er rúmlega full dagvinna. Útlagður kostnaður vegna sérþarfa getur ekki talist nema lítill hluti þeirrar greiðslu, sem hér getur verið um að ræða, sbr. hér mun á fullum dagvinnulaunum annars vegar og fjárhæð barnaörorkustyrks hins vegar.

Með hliðsjón af því, að fjárhagsaðstoð skv. 10. gr. 3. mgr. frumvarpsins telst ígildi vinnutekna, þykir rétt að sú staðreynd hafi áhrif að lögum í eftirfarandi tveimur greinum:

A. Fjárhagsaðstoðin teljist til skattskyldra tekna hjá þeim framfæranda, sem ekki hefur fulla vinnu utan heimilis.
B. Litið verði á fjárhagsaðstoðina á sama hátt og vinnutekjur varðandi rétt til þátttöku í lífeyrissjóði, og rétt til greiðslu fæðingarorlofs almannatrygginga.

Um lið A.

Í tillögunni felst að fjárhagsaðstoðin teljist tekjur hjá þeim framfæranda, sem ekki vinnur fulla vinnu utan heimilis, í stað þess að jafna fjárhagsaðstoðinni niður á báða framfærendur, eins og gert er nú skv. 15. gr. laga nr. 47/1979 um þroskahefta.

Sanngirnismál þykir, að fjárhagsaðstoðinni sé þannig ekki bætt við fullar vinnutekjur annars framfærandans, heldur teljist tekjur hins, sem leggur fram dagvinnutíma sinn í umönnun barnsins.

Um lið B.

Eins og kunnugt er, eru ýmis réttindi skv. félagsmálalögum bundin við það, að sá, sem um þau sækir, hafi vinnutekjur. Nefna má hér lífeyrissjóðsréttindi, rétt til fæðingarorlofs, sjúkradagpeninga og atvinnuleysisbóta.

Ljóst má vera, að framfærandi barns, sem ekki getur unnið launuð störf utan heimilis vegna umönnunarþarfa barnsins, nýtur ekki ofangreindra réttinda, nema það verði sérstaklega tryggt í lögum.

Hér er gerð tillaga um það, að nauðsynlegar lagabreytingar eigi sér stað, til þess að greiðsla fjárhagsaðstoðar skv. 10. gr. 3. mgr. frv. veiti sams konar rétt og vinnutekjur varðandi lífeyrissjóðsréttindi og rétt til greiðslu fæðingarorlofs.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þeir sem fatlast af völdum sjúkdóma eða slysa á fullorðinsaldri þurfa að eiga þess kost að leita til ákveðins aðila varðandi rannsókn og ráðgjöf. Rétt þykir að benda á að erfitt getur verið að greina orsakir fötlunar vegna ýmissa sjúkdóma á meðan þeir eru á byrjunarstigi. Ekki er gert ráð fyrir að rannsókn og ráðgjöf fari að öllu leyti fram á Greiningar- og ráðgjafarstöð, heldur verði hún samræmingaraðili, sem sé ábyrgur fyrir því að viðkomandi einstaklingur fái þá aðstoð sem þarf.

Um. 21. gr., 22. gr., 24. gr., 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Í 34. gr. frumvarpsins kemur m. a. fram að hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra sé að fjármagna framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Þar sem hér er um að ræða fjármögnun á ákveðnum þætti grunnskólalaga, er hér gerð tillaga um að í 2. mgr. falli út setningin „og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu“, sem þýðir að Framkvæmdasjóður skuli ekki standa undir fjármögnun sérkennslu í landinu. Telja verður eðlilegra að fjármögnun þessa þáttar færist yfir á fjárlög menntamálaráðuneytisins.

Um 35. gr., 41., gr. og 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Samráðsnefnd um málefni fatlaðra, nóv. 1982.

Margrét Margeirsdóttir, formaður,
fulltrúi félagsmálaráðuneytisins
Halldór Rafnar, fulltrúi
Öryrkjabandalags Íslands
Jón Sævar Alfonsson, fulltrúi
Landssamtakanna þroskahjálpar

Theódór A. Jónsson, fulltrúi
Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra
Tryggvi Þór Aðalsteinsson, fulltrúi
Alþýðusambands Íslands
Arnór Pétursson, fulltrúi
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Sþ. 135. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um eflingu heimilisfræði í grunnskólum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Steinþór Gestsson, Jósef H. Þorgeirsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að við endurskoðun aðalnámsskrár grunnskóla verði ákveðinn lágmarksstundafjöldi í heimilisfræðum í öllum bekkjum grunnskólans.

Greinargerð.

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að menntamálaráðuneytið setji grunnskólum námsskrá, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt. Menntamálaráðuneytið ákveður námsefni, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár.

Með breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum viðhorfum hefur nám í heimilisfræði orðið æ víðtækara. Heimilisfræðin spannar í raun margar námsgreinar, svo sem matreiðslu- og framreiðslufræði, matvælaefnafræði, hreinlætisfræði, heimilishagfræði, vörufræði, áhaldafræði, vinnufræði, híbýlafræði, ungbarnameðferð o. fl. Þessar námsgreinar fléttast saman í námsstarfi nemenda, þótt hlutfall einstakra þátta fari eftir aldri þeirra.

Öll þessi námssvið snerta daglega tilveru einstaklingsins og mörg þeirra eru stórir þættir í lífi hans og starfi. Að geta búið til hollan og næringarríkan mat, kunna að hirða heimili sitt og annast rekstur þess á hagkvæman hátt — ætti að vera metnaðarmál hvers og eins. Það er mikilvægt bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og þjóðarbúskapinn.

Meginmarkmið heimilisfræðináms eru samkvæmt námsskrá:

1. efla skilning nemenda á hlutverki heimilisins,
2. auka þekkingu þeirra og leikni á heimilisstörfum,
3. auka skilning og áhuga nemenda á hollustu og heilbrigði,
4. vekja skilning og áhuga á góðri nýtingu og umhirðu verðmæta, hagsýni í heimilisrekstri og hagsmunamálum neytenda,
5. glæða áhuga nemenda á gildi góðrar vinnutækni,
6. veita nemendum innsýn í vistfræðileg lögmál og glæða áhuga þeirra á umhverfisvernd,
7. glæða sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð nemenda.

Þegar rætt er um nám í heimilisfræði þarf að hafa hugfast:

1. Að búsýsla og heimilisstörf eru viðfangsefni sem varða jafnt konur sem karla.
2. Að allir þurfa að njóta fræðslu um mikilvægustu úrlausnarefnin í sambandi við heimilisrekstur, má þar til nefna:
   a) Hyggilegt fæðuval, rétta meðferð matvæla og matreiðslu í samræmi við næringarfræðilega þekkingu og viðurkennda hollustuhætti.
   b) Hagkvæma öflun, nýtingu og viðhald þeirra verðmæta sem tengd eru búsýslu, jafnt hvort sem um er að ræða persónulega muni eða sameign neytenda.

Á síðustu árum hefur aukist skilningur bæði meðal ráðamanna menntamála og almennings á að stækka beri hlut verkmennta á öllum skólastigum. Vaxandi áhugi er á því, að nám í heimilisfræði verði tekið upp í öllum grunnskólum, einnig í neðri bekkjum þeirra. Töluvert vantar þó á að heimilisfræði njóti jafnréttis við aðrar skyldunámsgreinar grunnskólans.

Með grunnskólalögunum 1974 varð heimilisfræðin fyrst skyldunámsgrein. Heildarstundafjöldi í greininni er lítill miðað við aðrar skyldunámsgreinar. Þegar best lætur fá nemendur 7. og 8. bekkjar aðeins 2 kennslustundir á viku hvort skólaár. Valmöguleikar eru í 9. bekk. Heimilisfræðikennslan er háð því, að húsnæðisaðstaða, kennslukraftar og síðast en ekki síst áhugi forráðamanna fræðslumála sé fyrir hendi. Víða er kennaraskortur, einkum í dreifbýli, og er nauðsynlegt að efla valnámsgreinina heimilisfræði í Kennaraháskóla Íslands. Enn fremur verður að leggja áherslu á að þar sem völ er á heimilisfræðikennara gangi hann að öllu jöfnu fyrir kennslu í greininni.

Enn er það svo að heimilisfræði er aðeins kennd í um 80 af um 220 grunnskólum landsins. Þetta segir að vísu ekki alla söguna því að hér er yfirleitt um fjölmennustu skólana að ræða. Hins vegar ber að geta þess, að í sumum þessara skóla er kennt mjög fáar stundir í greininni og kennslan því stundum varla nema nafnið. Þangað til árið 1970 fengu stúlkur víðast í þéttbýli, m. a. í Reykjavík, 4 stundir á viku í heimilisfræði, bæði í 7. og 8. bekk grunnskólans. Þá fóru drengirnir að koma inn í þessa kennslu til jafns við stúlkur. Um leið var kennsla stúlknanna skert um helming í stað þess að láta alla nemendur grunnskólans fá sama stundafjölda og verið hafði.

Í þeirri viðmiðunarstundaskrá, sem nú gildir, er heimilisfræði sett í „pakka“ með öðrum námsgreinum og því engin skýr ákvæði um lágmark vinnustunda. Áhugi forráðamanna hvers skóla ræður þar m. a. úrslitum. Sjá fylgiskjal I.

Allir grunnskólar í Reykjavík, sem hafa til þess aðstöðu, eru búnir að koma á kennslu í heimilisfræði fyrir 1.—6. bekk. Hér er aðeins um fáar stundir að ræða eða 2 × 2 kennslustundir á skólaári. Hingað til hefur ríkið ekki veitt það mikið fé til þessarar kennslu að hægt sé að láta hana ná til allra 1.—6.-bekkinga hér í Reykjavík. Utan Reykjavíkur er heimilisfræðikennsla yngri barna í aðeins um 20 grunnskólum.

Flestir grunnskólanna á höfuðborgarsvæðinu hafa nú eigið kennsluhúsnæði fyrir heimilisfræði. Tilfinnanlega vantar þó annað kennslueldhús í vesturborgina. Sum kennslueldhúsin eru enn þrísetin og jafnvel kennt fram yfir kl. 10.00. Þetta er neikvætt fyrir greinina. Í

dreifbýli vantar víða kennsluaðstöðu fyrir heimilisfræði, sums staðar eru til bráðabirgða notuð eldhús mötuneyta og félagsheimila.

Það þarf stórt átak til að endurbæta og/eða byggja frá grunni kennsluaðstöðu fyrir heimilisfræðina. Til þess að flýta fyrir að hægt sé að koma þessari kennslu á í neðri bekkjum grunnskólans hafa verið smíðaðar sérstakar innréttingar sem hægt er að nota í venjulegri kennslustofu.

Verið er að semja og reyna nýtt námsefni fyrir heimilisfræði í grunnskólum. Þetta námsefni er fyrir alla bekki grunnskólans, en námsefni 1.—6. bekkjar er nýmæli.

Þessi kennsla nýtur mikilla vinsælda hjá öllum hlutaðeigandi. Það er mikil þörf fyrir kennslu í næringar- og hollustuháttum, ekki hvað síst í nútímaþjóðfélagi þar sem ungmenni þurfa oft á tíðum að sjá sjálf um fæðuval sitt mikinn hluta dagsins.

Í neyslukönnun meðal skólabarna, sem Manneldisráð Íslands gerði á árunum 1977 og 1978 í fjórum grunnskólum í Reykjavík, kom í ljós að mataræði barna var í mörgu ábótavant. Röskun á venjum heimilanna hefur leitt til þess, að börn og unglingar neyta sælgætis og gosdrykkja sem svokallaðar sjoppur bjóða. Þau fá þannig allt að einum fjórða hluta orkuþarfarinnar fullnægt án þess að mikilvæg næringarefni fylgi. Sjá fylgiskjal II.

Það er einróma álit sérfræðinga í næringar- og hollustuháttum, að nauðsynlegt sé að gera átak til úrbóta og fyrirbyggja heilsutjón sem hlotist getur af gölluðu mataræði. Næringar- og hollustuhættir eru meðal stærstu þátta í heimilisfræðinámi. Grunnskólinn er því kjörinn vettvangur til þess að veita þá fræðslu, sem að haldi kemur á þessu sviði, þar sem hann nær til allra ungmenna.

Það er augljóst að í nútímaþjóðfélagi verða allir að hafa undirstöðuþekkingu í næringar- og neytendafræðum, í algengri matreiðslu og heimilisstörfum og ekki síst í að skipuleggja vinnu sína. Að þeim markmiðum stefnir nám í heimilisfræði, jafnframt því sem grunnur er lagður að verkmenntun fyrir ýmis störf.

Hins vegar er staðan í þessum málum sú, að stór hluti grunnskólanna hefur ekki neina kennslu í heimilisfræði og margir skólar eru með skerta kennslu miðað við þær fáu vikustundir sem gert er ráð fyrir samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Við svo búið má ekki standa öllu lengur. Þess vegna þurfa að koma til skýr ákvæði um námstíma í greininni svo að allir nemendur grunnskólans búi sem fyrst við jafnræði í heimilisfræðinámi. Sjá fylgiskjal III.

Kvenfélagasamband Íslands, Bandalag kvenna í Reykjavík svo og kvenfélög um land allt berjast sífellt fyrir aukinni kennslu í heimilisfræði. Sjá fylgiskjal IV.

Lágmarksstundafjöldi í heimilisfræði í grunnskólum þarf að vera sem hér segir:

1.—5. bekkur 1 stund á viku hvert skólaár.
6.—7. bekkur 2 stundir á viku hvort skólaár.
8.—9. bekkur 1½ stund á viku hvort skólaár.

Fylgiskjal I.

Skipting kennslustunda á milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla.

Nemendur skiptast á námsgreinar og námsár eins og hér greinir:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár
Móðurmál, Stærðfræði, Samfélagsgreinar, Kristinfræði, Heimilisfræði	16	16	18
Mynd- og handmennt, Tónmennt	4	4	6
Íþróttir	2	2	2
	22	22	26

	4. námsár	5. námsár	6. námsár
Móðurmál, Stærðfræði (5), Samfélagsgreinar, Kristinfræði, Raungreinar, Danska, enska, Heimilisfræði	21	23	25
Mynd- og handmennt, Tónmennt	6	6	6
Íþróttir	2	3	3
	29	32	34

	7. námsár	8. námsár	9. námsár
Móðurmál	6	5	5
Stærðfræði	5	5	5
Danska	3	4	4
Enska	4	4	4
Samfélagsgreinar, Kristinfræði, Raungreinar, Heimilisfræði, Mynd- og handmennt, Tónmennt	14	14	
Íþróttir	3	3	3
Valgreinar			10—14
	35	35	31—35

Fylgiskjal II.

Úr heilbrigðisskýrslum um mataræði skólabarna í Reykjavík:

Niðurstöður neyslukönnunar meðal 10—14 ára skólabarna af báðum kynjum í Reykjavík árin 1977 og 1978 eru eftirfarandi:

1) Heildarneysla fisks og brauðmetis hefur minnkað um 30% frá því á árinu 1938, kjötneysla hefur heldur aukist.
2) Sykurneysla hefur aukist gífurlega, aðallega vegna þess að neysla sælgætis, sætabrauðs og gosdrykkja hefur aukist og samsvarar um 1/4 af heildarneyslunni, en árið 1938 var neysla þessara tegunda um 5% af heildarneyslu.
3) Grænmetis-, ávaxta- og mjólkurneysla hefur aukist mikið.
4) Fæðan er rýr af járni, D-vítamíni og B-vítamíni (folinsýru).
5) Allt að fjórðungur daglegrar neyslu kemur frá söluskálum.

Orsök þessarar þróunar.

Skipun máltíða á heimilum hefur riðlast, m. a. vegna breyttra félagslegra aðstæðna, vaxandi útivinnu húsmæðra og minnkandi utanaðkomandi aðstoðar. Mun meira er keypt af tilreiddum matvælum en áður til heimilis. Unglingar hafa mun meiri fjárráð en áður. Mikið er leitað á fund söluskála í fæðuleit, en þar eru nær eingöngu seldar tilbúnar vörur. Þar býðst fólki nær eingöngu sælgæti og vítamínsnautt litað sykurvatn. Fólk er beinlínis blekkt með því, að hafðir eru á boðstólum svokallaðir svaladrykkir undir alls kyns ávaxtaheitum, sem í raun innihalda eingöngu sykur, rotvarnarefni og vatn, en eru vítamínsnauðir og eiga lítið skylt við ávaxtadrykki í allflestum tilfellum.

Mataræði okkar hefur verið nokkuð umdeilt og telja margir að neysla harðra fitutegunda sé meiri en góðu hófi gegnir. Án þess að taka frekari afstöðu til þeirra deilna er sjálfsagt að mæla með því, að magurt kjöt og fitusnauðari mjólk verði á markaði, því að offita er algengur kvilli meðal fólks. Umræður og aðgerðir í manneldismálum mega þó ekki draga athyglina frá **höfuðvandamálinu sem er að æska þessa lands elst upp á járn- og vítamínrýru fæði og temur sér gallaðar neysluvenjur.**

Manneldisstefna Íslendinga hefur verið nokkuð umdeild. Þó ber að hafa í huga að sú kynslóð, sem ólst upp á fyrri hluta þessarar aldar, virðist hafa nokkra sérstöðu. Nú liggja fyrir óyggjandi tölur um að karlar á aldrinum 30 ára til 61 árs í Reykjavík eru allt að 2 cm hærri en félagar þeirra á öðrum Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Enn fremur er meðalævi hérlendis nú lengri en almennt gerist í vestrænum löndum. Framangreindar staðreyndir ber að hafa í huga áður en teknar eru upp erlendar venjur í manneldismálum. Síðast en ekki síst ber að gjalda varhug við þeim neysluvenjum sem æskan temur sér í dag.

Nauðsynlegt er að halda áfram næringarefnarannsóknum eins og þeim sem birtar eru í viðauka þessarar skýrslu.

Loks skal lögð áhersla á að með aukinni fræðslu í grunnskólum um heilnæmar neysluvenjur má vænta betri samvinnu við nemendur um breytingar til batnaðar.

Fylgiskjal III.

Til fróðleiks er hér birt könnun á stöðu námsgreinarinnar sem gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins. Stuðst er við kannanir og skólaskýrslur árin 1979—1980—1981.

Könnunin nær til 211 grunnskóla	1.—6. bekkur	7.—8. bekkur
Kennt samkvæmt viðmiðunarstundaskrá	21 skóli	25 skólar
Skert kennsla	15 skólar	51 skóli
Engin kennsla	146 skólar	46 skólar

Viðmiðun á stundafjölda er í 1.—6. bekk 2 × 2 stundir á skólaári, 2 stundir í 7. bekk eða 4 st. í ½ vetur og 2 stundir í 8. bekk eða 4 st. í ½ vetur.

Reykjavík, 23 skólar.

1.—6. bekkur. 20 skólar. 5 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 6 skólar með skerta kennslu. 9 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 16 skólar. 11 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 5 skólar með skerta kennslu.

Reykjanesumdæmi, 28 skólar.

1.—6. bekkur. 21 skóli. 2 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 1 skóli með skerta kennslu. 18 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 15 skólar. 3 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 6 skólar með skerta kennslu. 6 skólar engin kennsla.

Vesturlandsumdæmi, 15 skólar.

1.—6. bekkur. 14 skólar. 3 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 1 skóli með skerta kennslu. 10 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 11 skólar. 2 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 3 skólar með skerta kennslu. 6 skólar engin kennsla.

Vestfjarðaumdæmi, 29 skólar.

1.—6. bekkur. 27 skólar. 1 skóli kennir skv. viðmiðunarstundaskrá. 3 skólar með skerta kennslu. 23 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 15 skólar. Enginn skóli kennir skv. viðmiðunarstundaskrá. 4 skólar með skerta kennslu. 11 skólar engin kennsla.

Norðurlandsumdæmi vestra, 20 skólar.

1.—6. bekkur. 28 skólar. 3 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 1 skóli með skerta kennslu. 14 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 12 skólar. 3 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 6 skólar með skerta kennslu. 3 skólar engin kennsla.

Norðurlandsumdæmi eystra, 35 skólar.

1.—6. bekkur. 30 skólar. 2 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 2 skólar eru með skerta kennslu. 26 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 19 skólar. 4 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 8 skólar með skerta kennslu. 7 skólar engin kennsla.

Austurlandsumdæmi, 29 skólar.

1.—6. bekkur. 25 skólar. 2 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 23 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 17 skólar. Enginn skóli kennir skv. viðmiðunarstundaskrá. 15 skólar með skerta kennslu. 2 skólar engin kennsla.

Suðurlandsumdæmi, 32 skólar.

1.—6. bekkur. 27 skólar. 3 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 1 skóli er með skerta kennslu. 23 skólar engin kennsla.

7.—8. bekkur. 17 skólar. 2 skólar kenna skv. viðmiðunarstundaskrá. 4 skólar eru með skerta kennslu. 11 skólar engin kennsla.

Það skal tekið fram, að síðan könnunin var gerð og nokkurt fjármagn fékkst til að framkvæma kennsluna hafa margir skólar tekið upp yngri barna kennslu í heimilisfræði og fleiri hyggja á kennslu í vetur eða á næstunni.

Heimilisfræði í yngri bekkjum grunnskólans er nýjung í skólastarfi sem mælist vel fyrir. Fjallað er um næringu og hollustuhætti, fæðuval og samstarf fjölskyldunnar.

Fylgiskjal IV.

Ályktanir frá landsþingum Kvenfélagasambands Íslands.

22. landsþing Kvenfélagasambands Íslands hvetur ungt fólk til að hagnýta sér sem best alla fræðslu um heimilisstörf og hússtjórn, svo að það geti beitt verkhyggni og hagsýni er það stofnar eigin heimili.

Landsþingið skorar á menntamálaráðuneytið að sjá um, að lögum um heimilisfræðslu í grunnskóla verði framfylgt og ætlað enn meira rúm í námsskrá en nú er. Þingið leggur áherslu á nauðsyn þess að koma upp eða bæta aðstöðu slíkrar kennslu í grunnskólum.

23. landsþing K. Í. styður tilmæli frá Sambandi vestfirskra kvenna um að Kvenfélagasamband Íslands beiti sér fyrir því, að fylgt verði lögum um kennslu í heimilisfræðum í grunnskólum. Framkvæmd á þeim ákvæðum grunnskólalaga er mjög ábótavant í dreifbýlinu, og bendum við á að meðan þetta ástand ríkir væri hægt að nýta betur húsmæðraskólana um landið og annað kennsluhúsnæði, sem fyrir hendi er á hverjum stað.

Úr ársskýrslu Bandalags kvenna í Reykjavík febr. 1978—febr. 1979.

Aðalfundurinn skorar á yfirvöld fræðslumála að auka veg heimilisfræðslu á grunnskólastigi og njóti hún jafnréttis á við aðrar námsgreinar. Þær greinar, sem einkum skal leggja áherslu á, eru: Undirbúningur að stofnun heimilis, hlutverk og ábyrgð foreldra, matreiðsla, vöruþekking, næringarfræði o. fl.

Ed. 136. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm.: Eiður Guðnason, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Ökuskírteini útgefin af til þess bærum yfirvöldum á Álandseyjum, í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð skulu hér á landi jafngild íslenskum ökuskírteinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur nú verið ákveðið að norræn ökuskírteini skuli þar fullgild og það eins þótt skírteinishafi sé fluttur til viðkomandi lands. Þessi ákvörðun stjórnvalda tekur þó ekki til íslenskra ökuskírteina í Danmörku og Svíþjóð.

Fram hefur komið á vettvangi Norðurlandaráðs að tregða Svía til að taka gild ökuskírteini frá Íslandi byggist á því, að íslensk yfirvöld viðurkenna ekki sænsk ökuskírteini.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af öll tvímæli og staðfesta í lögum að ökuskírteini útgefin á hinum Norðurlöndunum skuli hér á landi jafngild íslenskum.

Ed. 137. Frumvarp til laga [133. mál]

um lækkun gjalda af fasteignum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Hvarvetna þar sem í lögum segir, að gjöld eða skattar til ríkis og sveitarfélaga skuli reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamati fasteigna, þar með talið mat fasteigna til eignar vegna álagningar eignarskatts, skal lækka gjaldstofn til álagningarinnar um 20% fyrir þau gjöld og skatta sem reiknast á ársgrundvelli, en frá og með gildistöku laganna til 1. des. 1983 að öðrum kosti. Jafnframt er óheimilt að hækka viðkomandi álagningarprósentu á árinu 1983 frá því sem gilti á árinu 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að draga úr húsnæðiskostnaði á tímum minnkandi kaupmáttar og koma í veg fyrir að greiðslubyrði af íbúðareign eða húsaleigu aukist vegna stórhækkaðs fasteignamats sem er í engu samræmi við þróun launa.

Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hefur nú verið hækkað um allt að 78% milli ára á sama tíma og laun hækka um 48%. Þetta veldur augljóslega mikilli aukningu húsnæðiskostnaðar

bæði hjá þeim, sem búa í eigin húsnæði, og eins þeim, sem leigja íbúðir, því leiga er oft bundin vísitölu húsnæðiskostnaðar. Sú aukning greiðslubyrðar, sem hér um ræðir, er mjög tilfinnanleg á tímum versnandi kaupmáttar.

Samkvæmt auglýsingu fjármálaráðuneytisins nr. 634, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 26. nóvember 1982, var tilkynnt hækkun mats fasteigna á höfuðborgarsvæðinu um 78 af hundraði og annars staðar um 65 af hundraði.

Svo sem kunnugt er er fasteignamat á hverjum tíma gjaldstofn fyrir ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Má þar nefna fasteignagjöld til sveitarfélaga, eignarskatt, erfðafjárskatt og stimpilgjöld til ríkissjóðs.

Þá hefur upphæð fasteignagjalda áhrif á vísitölu húsnæðiskostnaðar. Vitað er að fjöldi húsaleigusamninga er háður breytingum á vísitölu húsnæðiskostnaðar. Mikil hækkun fasteignagjalda eykur því greiðslubyrði leigutaka. Meginhækkun vísitölunnar á sér stað 1. apríl ár hvert, og eiga fasteignagjöld þar stóran hlut að máli. Undanfarin ár hefur vísitala húsnæðiskostnaðar hækkað langleiðina um fjórutíu af hundraði á þeim degi.

Kaup launþega hefur hvergi nærri fylgt þessari hækkun. Því verður að teljast eðlilegt að spyrna nokkuð fótum við hækkuninni og létta greiðslubyrðina af húsnæði, hvort heldur er í eigin eign eða tekið á leigu. Húsnæðismál eru í brennidepli þessa dagana og er eðlilegt að ríki og sveitarfélög komi til móts við almenning að þessu leyti. Sú breyting, sem hér er gerð tillaga um, mun þýða rúmlega 40% hækkun gjaldstofns í stað 78% hækkunar.

Vitaskuld er íhugunarefni sú mismunun sem kemur fram í gjaldbyrði milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Hér er hins vegar gert ráð fyrir svo einfaldri breytingu sem unnt er, og gildir breytingin aðeins í eitt ár. Tímann ætti hins vegar að nota til að athuga þessa gjaldtöku í heild sinni og hyggja að endurskoðun hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Gert er ráð fyrir að öll gjöld og skattar, sem reiknast sem hlutfall af fasteignamati, lækki um 20%. Farin er sú leið að tímabinda þetta ákvæði einungis við næsta ár og verði gjaldstofninn færður niður sem þessu nemur. Er þá tekið fram að þetta skuli einnig gilda um mat fasteignar til eignar vegna eignarskatts.

Varðandi þau gjöld og þá skatta, svo sem eignarskatt og fasteignagjöld til sveitarfélaga, sem á eru lögð árlega, tekur þessi sérstaka lækkun til gjaldársins 1983. Um önnur gjöld, svo sem stimpilgjöld og erfðafjárskatt, er miðað við gildistökudag laganna og tímabilið fram að nýju fasteignamati, þ. e. a. s. 1. des. 1983.

Við 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um fullgildingu samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

(Lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa sem gerður var í Genf 13. nóvember 1979. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari leitar ríkisstjórnin heimildar Alþingis til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 13. nóvember 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með þessari tillögu.

Fyrir allmörgum árum varð ljóst að loftmengun sem átti upptök sín í verksmiðju í einu landi gæti haft alvarleg áhrif á lífríki í landi í þúsund kílómetra fjarlægð. Erfitt er þó að beita venjulegum þjóðréttarreglum um skaðabótaábyrgð ríkja í slíkum tilfellum þar sem ekki er unnt að tilgreina nákvæmlega hversu mikinn þátt einstakar verksmiðjur eiga í menguninni.

Mengun af þessu tagi hefur lítið gert vart við sig hér á landi en er alvarlegt vandamál víða annars staðar á Norðurlöndum. Norðurlöndin hafa því beitt sér fyrir umfjöllun þessa máls á alþjóðavettvangi.

Loftmengunar er sérstaklega getið í umhverfiskafla lokasamþykktar ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu og í framhaldi af starfi ráðstefnunnar voru hafnar víðtækar rannsóknir á áhrifum loftmengunar í Evrópu.

Viðræður hófust árið 1977 innan Efnahagsnefndar Evrópu (ECE) um gerð samnings um þessi mál. Þar gegndu Norðurlönd lykilhlutverki. Árangur af því starfi var samningur sá sem hér um ræðir. Hann var lagður fram til undirritunar 13. nóvember 1979 og var hann undirritaður þann dag fyrir Íslands hönd með fyrirvara um fullgildingu.

Ekki tókst að ná samkomulagi um ákveðnar ráðstafanir til að draga úr loftmengun. Hins vegar kemur fram í 2. gr. eins konar viljayfirlýsing samningsaðila. Þar segir að þeir séu staðráðnir í að verja manninn og umhverfi hans gegn loftmengun. Þeir muni leitast við að takmarka og, að svo miklu leyti sem unnt er, draga smám saman úr og koma í veg fyrir loftmengun.

Samningurinn gerir ráð fyrir víðtæku samstarfi og upplýsingamiðlun, viðræðum, rannsóknum og eftirliti og er þess vænst að þetta samstarf leiði til viðunandi lausnar þessa vandamáls. Í 5. gr. segir t. d. að viðræður skuli fara fram milli annars vegar samningsaðila sem verða fyrir loftmengun sem berst langar leiðir að eða sem hætta er á að verði fyrir slíkri mengun og hins vegar samningsaðila sem eiga lögsögu þar sem loftmengun á eða gæti átt upptök sín.

Til þess að framfylgja samningnum mynda samningsaðilar með sér framkvæmdastofnun á vegum Efnahagsnefndar Evrópu, sbr. 10. gr. samningsins.

Samningurinn öðlast gildi þegar 24 aðilar hafa fullgilt hann. Nú þegar hafa 23 aðilar fullgilt, þ. á m. Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa

Aðilar að samningi þessum,

sem ákveðnir eru að stuðla að samskiptum og samvinnu á sviði umhverfisverndar,

sem eru sér meðvitandi um mikilvægi starfa efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu til þess að styrkja slík samskipti og slíka samvinnu, sérstaklega á sviði loftmengunar, þ. m. t. tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir,

viðurkenna framlag efnahagsnefndar Evrópu til fjölhliða framkvæmdar á viðeigandi ákvæðum lokasamþykktar ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu,

hafa í huga tilvitnanir í kaflanum um umhverfismál í lokasamþykkt ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu sem hvetur til samvinnu í því skyni að hafa stjórn á loftmengun og áhrifum hennar, þ. m. t. tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir, og um mótun víðtækrar áætlunar með alþjóðasamvinnu til þess að hafa eftirlit með og meta tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir, í fyrstu brennisteinstvíildis og e. t. v. síðar annarra mengunarvalda,

hafa í huga viðeigandi ákvæði yfirlýsingar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins og sérstaklega 21. grundvallarregluna sem setur fram þá sameiginlegu sannfæringu að ríki hafi í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglur þjóðaréttar fullveldisrétt til þess að hagnýta sér sín eigin auðæfi samkvæmt sinni eigin stefnu í umhverfismálum og beri ábyrgð á að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir stjórn þeirra valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða á svæðum utan lögsögu ríkja,

viðurkenna að um skaðleg áhrif getur orðið að ræða, hvort sem litið er til skamms eða langs tíma, vegna loftmengunar, þ. m. t. vegna loftmengunar sem berst milli landa,

hafa áhyggjur af því að fyrirsjáanleg aukning útgufunar loftmengunarvalda á svæðinu geti aukið þessi skaðlegu áhrif,

viðurkenna þörfina á að rannsaka afleiðingar þess að loftmengunarvaldar berist langar leiðir og þörfina á að leita úrlausna á vandamálum sem koma í ljós,

CONVENTION

on Long-Range Transboundary Air Pollution

The Parties to the present Convention,

Determined to promote relations and co-operation in the field of environmental protection,

Aware of the significance of the activities of the United Nations Economic Commission for Europe in strengthening such relations and co-operation, particularly in the field of air pollution including long-range transport of air pollutants,

Recognizing the contribution of the Economic Commission for Europe to the multilateral implementation of the pertinent provisions of the Final Act of the Conference on Security and Co-operation in Europe,

Cognizant of the references in the chapter on environment of the Final Act of the Conference on Security and Co-operation in Europe calling for co-operation to control air pollution and its effects, including long-range transport of air pollutants, and to the development through international co-operation of an extensive programme for the monitoring and evaluation of long-range transport of air pollutants, starting with sulphur dioxide and with possible extension to other pollutants,

Considering the pertinent provisions of the Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment, and in particular principle 21, which expresses the common conviction that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,

Recognizing the existence of possible adverse effects, in the short and long term, of air pollution including transboundary air pollution,

Concerned that a rise in the level of emissions of air pollutants within the region as forecast may increase such adverse effects,

Recognizing the need to study the implications of the long-range transport of air pollutants and the need to seek solutions for the problems identified,

staðfesta vilja sinn til þess að efla virka alþjóðasamvinnu í því skyni að móta tilhlýðilega stefnu einstakra ríkja og með upplýsingaskiptum, viðræðum, rannsóknum og eftirliti að samræma aðgerðir einstakra ríkja í því skyni að berjast gegn loftmengun, þ. m. t. loftmengun sem berst langar leiðir milli landa,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

Affirming their willingness to reinforce active international co-operation to develop appropriate national policies and by means of exchange of information, consultation, research and monitoring, to co-ordinate national action for combating air pollution including long-range transboundary air pollution,

Have agreed as follows:

SKILGREININGAR

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

a. „loftmengun“ að efnum eða orku er veitt út í andrúmsloftið af manna völdum, beint eða óbeint, sem hefur þær skaðlegu afleiðingar að þær ógni heilsu manna, skaða lifandi auðæfi og vistkerfi og efnisleg verðmæti og rýri eða valdi truflun á umhverfisaðstöðu og annarri réttmætri notkun á umhverfinu, og „loftmengunarvalda“ skal túlka í samræmi við þessa skilgreiningu.

b. „loftmengun sem berst langar leiðir milli landa“ loftmengun sem á efnisleg upptök að öllu eða sumu leyti á svæði sem er undir lögsögu eins ríkis og hefur skaðleg áhrif á svæði sem er undir lögsögu annars ríkis í þeirri fjarlægð að það er almennt ekki unnt að ákvarða hvaða hlut einstök upptök eða hópar af upptökum eiga í útgufuninni.

DEFINITIONS

ARTICLE 1

For the purposes of the present Convention:

(a) *"air pollution"* means the introduction by man, directly or indirectly, of substances or energy into the air resulting in deleterious effects of such a nature as to endanger human health, harm living resources and ecosystems and material property and impair or interfere with amenities and other legitimate uses of the environment, and *"air pollutants"* shall be construed accordingly;

(b) *"long-range transboundary air pollution"* means air pollution whose physical origin is situated wholly or in part within the area under the national jurisdiction of one State and which has adverse effects in the area under the jurisdiction of another State at such a distance that it is not generally possible to distinguish the contribution of individual emission sources or groups of sources.

GRUNDVALLARREGLUR

2. gr.

Samningsaðilar sem gera sér vel ljósar staðreyndir og vandamál sem um ræðir eru staðráðnir í að verja manninn og umhverfi hans gegn loftmengun og munu leitast við að takmarka og, að svo miklu leyti sem unnt er, draga smám saman úr og koma í veg fyrir loftmengun, þ. m. t. loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

3. gr.

Samningsaðilar skulu innan ramma samnings þessa móta án óhæfilegrar tafar með upplýsingaskiptum, viðræðum, rannsóknum og eftirliti stefnu og aðferðir sem þjóna skulu þeim tilgangi að berjast gegn losun loftmengunarvalda og skal tillit tekið til aðgerða sem gerðar hafa verið í einstökum ríkjum og á alþjóðavettvangi.

4. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum um og endurskoða stefnu sína, vísindastörf og tæknilegar ráðstafanir sem miða að því að berjast,

FUNDAMENTAL PRINCIPLES

ARTICLE 2

The Contracting Parties, taking due account of the facts and problems involved, are determined to protect man and his environment against air pollution and shall endeavour to limit and, as far as possible, gradually reduce and prevent air pollution including long-range transboundary air pollution.

ARTICLE 3

The Contracting Parties, within the framework of the present Convention, shall by means of exchanges of information, consultation, research and monitoring, develop without undue delay policies and strategies which shall serve as a means of combating the discharge of air pollutants, taking into account efforts already made at national and international levels.

ARTICLE 4

The Contracting Parties shall exchange information on and review their policies, scientific activities and technical measures aimed at combat-

að svo miklu leyti sem unnt er, gegn losun loftmengunarvalda, sem geta haft skaðleg áhrif, og stuðla þar með að því að draga úr loftmengun, þ. m. t. loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

5. gr.

Viðræður skulu samkvæmt beiðni fljótlega fara fram milli annars vegar samningsaðila sem hafa raunverulega orðið fyrir áhrifum loftmengunar sem berst langar leiðir milli landa eða sem veruleg hætta er á að verði fyrir slíkri mengun og, hins vegar, samningsaðila sem eiga lögsögu þar sem verulegur hluti loftmengunar sem berst langar leiðir milli landa á eða gæti átt upptök sín í sambandi við starfsemi sem þar fer fram eða þar er fyrirhuguð.

STJÓRN Á GÆÐUM LOFTS

6. gr.

Með tilliti til 2.—5. gr., yfirstandandi rannsókna, skipta á upplýsingum og eftirlits og árangurs af því, kostnaðar og árangurs af staðbundnum úrbótum og öðrum úrbótum og í þeim tilgangi að berjast gegn loftmengun, sérstaklega þeirri sem á upptök í nýjum eða endurbyggðum mannvirkjum, tekst sérhver samningsaðili á hendur að móta bestu hugsanlegu stefnu og aðferðir, þ. m. t. stjórnkerfi fyrir gæði lofts og, sem hluta af því síðastnefnda, stjórnunarráðstafanir sem séu samrýmanlegar jafnvægi í framþróun, sérstaklega með því að nota bestu fáanlegu tækni sem er fjárhagslega hagkvæm og tækni sem gefur frá sér lítil eða engin úrgangsefni.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

7. gr.

Samningsaðilar skulu, eftir því sem hæfir þörfum þeirra, hafa frumkvæði að og efna til samvinnu um rannsóknir og/eða þróun á:

a. Tækni þegar fyrir hendi og fyrirhuguð til að draga úr útgufun brennisteinssambanda og annarra helstu loftmengunarvalda þar sem tekið sé tillit til þess hversu tæknilega og fjárhagslega hagkvæm sú tækni er og áhrifa hennar á umhverfið.

b. Tækjabúnaði og öðrum aðferðum til þess að hafa eftirlit með og mæla útgufunarstig og hvernig loftmengunarvaldar þéttast í andrúmsloftinu.

c. Endurbættum líkönum til þess að auka skilning á tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir milli landa.

d. Áhrifum brennisteinssambanda og annarra helstu loftmengunarvalda á heilsu manna og umhverfið, þ. m. t. landbúnað, skógrækt, efnisleg

ing, as far as possible, the discharge of air pollutants which may have adverse effects, thereby contributing to the reduction of air pollution including long-range transboundary air pollution.

ARTICLE 5

Consultations shall be held, upon request, at an early stage between, on the one hand, Contracting Parties which are actually affected by or exposed to a significant risk of long-range transboundary air pollution and, on the other hand, Contracting Parties within which and subject to whose jurisdiction a significant contribution to long-range transboundary air pollution originates, or could originate, in connexion with activities carried on or contemplated therein.

AIR QUALITY MANAGEMENT

ARTICLE 6

Taking into account articles 2 to 5, the ongoing research, exchange of information and monitoring and the results thereof, the cost and effectiveness of local and other remedies and, in order to combat air pollution, in particular that originating from new or rebuilt installations, each Contracting Party undertakes to develop the best policies and strategies including air quality management systems and, as part of them, control measures compatible with balanced development, in particular by using the best available technology which is economically feasible and low- and non-waste technology.

RESEARCH AND DEVELOPMENT

ARTICLE 7

The Contracting Parties, as appropriate to their needs, shall initiate and co-operate in the conduct of research into and/or development of:

(a) existing and proposed technologies for reducing emissions of sulphur compounds and other major air pollutants, including technical and economic feasibility, and environmental consequences;

(b) instrumentation and other techniques for monitoring and measuring emission rates and ambient concentrations of air pollutants;

(c) improved models for a better understanding of the transmission of long-range transboundary air pollutants;

(d) the effects of sulphur compounds and other major air pollutants on human health and the environment, including agriculture, forestry, materi-

verðmæti, vatnasvæði og önnur náttúruleg vistkerfi og skyggni, í því skyni að byggja upp vísindalegan grundvöll fyrir skammta/áhrifa tengsl sem ætlaður er til verndar umhverfinu.

e. Fjárhagslegu, félagslegu og umhverfislegu mati á öðrum ráðstöfunum til þess að ná umhverfismarkmiðum, þ. m. t. að draga úr loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

f. Fræðslu- og kennsluáætlunum um umhverfisþátt mengunar af völdum brennisteinssambanda og annarra helstu loftmengunarvalda.

als, aquatic and other natural ecosystems and visibility, with a view to establishing a scientific basis for dose/effect relationships designed to protect the environment;

(e) the economic, social and environmental assessment of alternative measures for attaining environmental objectives including the reduction of long-range transboundary air pollution;

(f) education and training programmes related to the environmental aspects of pollution by sulphur compounds and other major air pollutants.

SKIPTI Á UPPLÝSINGUM

8. gr.

Samningsaðilar skulu innan framkvæmdastofnunarinnar sem um getur í 10. gr. og tvíhliða skiptast í sameiginlega þágu á aðgengilegum upplýsingum um:

a. Gögn um útgufun, á þeim tímum sem samkomulag verður um, tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, sem kemur frá hnitaeiningum af tiltekinni stærð; eða um streymi tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, yfir landamæri ríkja, innan fjarlægðar og á þeim tímum sem samkomulag verður um.

b. Meiri háttar breytingar á stefnu einstakra ríkja og á iðnþróun almennt og hugsanleg áhrif þeirra sem væru líkleg til þess að valda verulegum breytingum á loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

c. Stjórntækni til þess að draga úr loftmengun sem skiptir máli fyrir loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

d. Áætlaðan kostnað við að hafa stjórn á útgufun á brennisteinssamböndum og öðrum helstu mengunarvöldum í einstökum ríkjum.

e. Veðurfræðileg og eðlis- og efnafræðileg gögn varðandi þær breytingar sem verða meðan á tilfærslu stendur.

f. Eðlis- og efnafræðileg og líffræðileg gögn varðandi áhrif af loftmengun sem berst langar leiðir milli landa og um það að hve miklu leyti tjón[1] megi rekja til loftmengunar sem berst langar leiðir milli landa samkvæmt gögnum þessum.

g. Stefnu og aðferðir í einstökum ríkjum, svæðahlutum og svæðum til þess að hafa stjórn á brennisteinssamböndum og öðrum helstu loftmengunarvöldum.

EXCHANGE OF INFORMATION

ARTICLE 8

The Contracting Parties, within the framework of the Executive Body referred to in article 10 and bilaterally, shall, in their common interests, exchange available information on:

(a) data on emissions at periods of time to be agreed upon, of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, coming from grid-units of agreed size; or on the fluxes of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, across national borders, at distances and at periods of time to be agreed upon;

(b) major changes in national policies and in general industrial development, and their potential impact, which would be likely to cause significant changes in long-range transboundary air pollution;

(c) control technologies for reducing air pollution relevant to long-range transboundary air pollution;

(d) the projected cost of the emission control of sulphur compounds and other major air pollutants on a national scale;

(e) meteorological and physico-chemical data relating to the processes during transmission;

(f) physico-chemical and biological data relating to the effects of long-range transboundary air pollution and the extent of the damage[1] which these data indicate can be attributed to long-range transboundary air pollution;

(g) national, subregional and regional policies and strategies for the control of sulphur compounds and other major air pollutants.

[1] Í samningi þessum er ekki regla um ábyrgð ríkja á tjóni.

[1] The present Convention does not contain a rule on State liability as to damage.

FRAMKVÆMD OG FRAMÞRÓUN SAMSTARFSÁÆTLUNAR UM EFTIRLIT MEÐ OG MAT Á TILFÆRSLU LOFTMENGUNARVALDA LANGAR LEIÐIR Í EVRÓPU

9. gr.

Samningsaðilar leggja áherslu á nauðsyn þess að framfylgja gildandi „Samstarfsáætlun um eftirlit með og mat á tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir í Evrópu“ (hér á eftir nefnd EMEP) og, varðandi framþróun þessarar áætlunar, eru ásáttir um að leggja áherslu á:

a. Að æskilegt sé að samningsaðilar taki þátt í og framfylgi að öllu leyti EMEP sem í fyrstu byggist á eftirliti með brennisteinstvíildi og skyldum efnum.

b. Nauðsyn þess að nota sambærilegar eða samræmdar aðferðir til eftirlits hvenær sem unnt er.

c. Að æskilegt sé að byggja áætlanir um eftirlit á áætlunum í einstökum ríkjum sem og alþjóðaáætlunum. Stofnun eftirlitsstöðva og söfnun gagna skal fara fram undir lögsögu þess ríkis þar sem eftirlitsstöðvarnar eru.

d. Að æskilegt sé að koma á ramma fyrir samstarf um áætlun um umhverfiseftirlit sem byggt sé á og hafi hliðsjón af áætlunum þeim sem þegar eru fyrir hendi og framtíðaráætlunum í einstökum ríkjum, svæðahlutum og svæðum og öðrum alþjóðaáætlunum.

e. Nauðsyn þess að skiptast á gögnum um útgufun, á þeim tímum sem samkomulag verður um, tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, sem kemur frá hnitaeiningum af tiltekinni stærð; eða um streymi tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, yfir landamæri ríkja, innan þeirrar fjarlægðar og á þeim tímum sem samkomulag verður um. Aðferðin, þ. m. t. líkanið, sem notuð er til þess að ákvarða streymið svo og aðferðin, þ. m. t. líkanið, sem notað er til þess að ákvarða tilfærslu mengunarvalda sem byggð er á útgufun frá hverri hnitaeiningu, skulu vera aðgengileg og endurskoðuð reglulega svo að endurbæta megi aðferðirnar og líkönin.

f. Vilja sinn til þess að halda áfram að skiptast á og endurnýja reglulega gögn einstakra ríkja um heildarútgufun tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis.

g. Nauðsyn þess að láta í té veðurfræðileg og eðlis- og efnafræðileg gögn varðandi þær breytingar sem verða meðan á tilfærslu stendur.

IMPLEMENTATION AND FURTHER DEVELOPMENT OF THE CO-OPERATIVE PROGRAMME FOR THE MONITORING AND EVALUATION OF THE LONG-RANGE TRANSMISSION OF AIR POLLUTANTS IN EUROPE

ARTICLE 9

The Contracting Parties stress the need for the implementation of the existing "Co-operative programme for the monitoring and evaluation of the long-range transmission of air pollutants in Europe" (hereinafter referred to as EMEP) and, with regard to the further development of this programme, agree to emphasize:

(a) the desirability of Contracting Parties joining in and fully implementing EMEP which, as a first step, is based on the monitoring of sulphur dioxide and related substances;

(b) the need to use comparable or standardized procedures for monitoring whenever possible;

(c) the desirability of basing the monitoring programme on the framework of both national and international programmes. The establishment of monitoring stations and the collection of data shall be carried out under the national jurisdiction of the country in which the monitoring stations are located;

(d) the desirability of establishing a framework for a co-operative environmental monitoring programme, based on and taking into account present and future national, subregional, regional and other international programmes;

(e) the need to exchange data on emissions at periods of time to be agreed upon, of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, coming from grid-units of agreed size; or on the fluxes of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, across national borders, at distances and at periods of time to be agreed upon. The method, including the model, used to determine the fluxes, as well as the method, including the model, used to determine the transmission of air pollutants based on the emissions per grid-unit, shall be made available and periodically reviewed, in order to improve the methods and the models;

(f) their willingness to continue the exchange and periodic updating of national data on total emissions of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide;

(g) the need to provide meteorological and physico-chemical data relating to processes during transmission;

h. Nauðsyn þess að hafa eftirlit með efnasamböndum í öðrum miðlum svo sem vatni, jarðvegi og gróðri svo og að hafa svipaðar eftirlitsáætlanir til þess að skrásetja áhrif á heilsu og umhverfi.

i. Að æskilegt sé að auka fjölda EMEP stöðva í einstökum ríkjum svo að þær geti starfað að stjórn og umsjón.

(h) the need to monitor chemical components in other media such as water, soil and vegatation, as well as a similar monitoring programme to record effects on health and environment;

(i) the desirability of extending the national EMEP networks to make them operational for control and surveillance purposes.

FRAMKVÆMDASTOFNUN

10. gr.

1. Fulltrúar samningsaðila skulu á vettvangi helstu ráðgjafa ríkisstjórna aðila efnahagsnefndar Evrópu um umhverfisvandamál mynda framkvæmdastofnun vegna samnings þessa og skulu þeir halda fund sem slíkir árlega hið minnsta.

2. Framkvæmdastofnunin skal:

a. Fylgjast með framkvæmd samnings þessa.

b. Stofna, eftir því sem við á, vinnuhópa til þess að athuga mál sem varða framkvæmd og framþróun samnings þessa og undirbúa í þessu skyni viðeigandi greinargerðir og önnur skjöl og leggja tillögur fyrir framkvæmdastofnunina.

c. Inna af höndum önnur störf eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

3. Framkvæmdastofnunin skal notfæra sér stjórnarstofnun EMEP þannig að hún geti tekið virkan þátt í að framfylgja samningi þessum, sérstaklega varðandi gagnasöfnun og vísindalegt samstarf.

4. Framkvæmdastofnunin skal enn fremur við framkvæmd starfa sinna þegar hún telur það við eiga notfæra sér upplýsingar frá öðrum alþjóðastofnunum á þessu sviði.

EXECUTIVE BODY

ARTICLE 10

1. The representatives of the Contracting Parties shall, within the framework of the Senior Advisers to ECE Governments on Environmental Problems, constitute the Executive Body of the present Convention, and shall meet at least annually in that capacity.

2. The Executive Body shall:

(a) review the implementation of the present Convention;

(b) establish, as appropriate, working groups to consider matters related to the implementation and development of the present Convention and to this end to prepare appropriate studies and other documentation and to submit recommendations to be considered by the Executive Body;

(c) fulfil such other functions as may be appropriate under the provisions of the present Convention.

3. The Executive Body shall utilize the Steering Body for the EMEP to play an integral part in the operation of the present Convention, in particular with regard to data collection and scientific co-operation.

4. The Executive Body, in discharging its functions, shall, when it deems appropriate, also make use of information from other relevant international organizations.

SKRIFSTOFAN

11. gr.

Framkvæmdastjóri efnahagsnefndar Evrópu skal annast fyrir hönd framkvæmdastofnunarinnar eftirtalin störf:

a. Kalla saman og undirbúa fundi framkvæmdastofnunarinnar.

b. Senda samningsaðilum skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast í samræmi við ákvæði samnings þessa.

c. Inna af höndum þau störf sem framkvæmdastofnunin felur honum.

SECRETARIAT

ARTICLE 11

The Executive Secretary of the Economic Commission for Europe shall carry out, for the Executive Body, the following secretariat functions:

(a) to convene and prepare the meetings of the Executive Body;

(b) to transmit to the Contracting Parties reports and other information received in accordance with the provisions of the present Convention;

(c) to discharge the functions assigned by the Executive Body.

BREYTINGAR Á SAMNINGNUM

12. gr.

1. Sérhver samningsaðili má gera breytingartillögur við samning þennan.

2. Texti breytingartillagna skal lagður fram skriflega við framkvæmdastjóra efnahagsnefndar Evrópu sem skal senda hann öllum samningsaðilum. Framkvæmdastofnunin ræðir breytingartillögur á næsta ársfundi sínum að því tilskildu að framkvæmdastjóri efnahagsnefndar Evrópu hafi sent samningsaðilunum tillögurnar með minnst níutíu daga fyrirvara.

3. Breyting á samningi þessum skal samþykkt af fulltrúum samningsaðila án atkvæðagreiðslu og öðlast gildi gagnvart samningsaðilum þeim sem hafa samþykkt hana á nítugasta degi eftir þann dag sem tveir þriðju samningsaðilanna hafa afhent samþykktarskjöl til varðveislu. Eftir þann tíma öðlast breytingin gildi gagnvart sérhverjum öðrum samningsaðila á nítugasta degi eftir þann dag sem sá samningsaðili afhendir samþykktarskjal vegna breytingarinnar til varðveislu.

AMENDMENTS TO THE CONVENTION

ARTICLE 12

1. Any Contracting Party may propose amendments to the present Convention.

2. The text of proposed amendments shall be submitted in writing to the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall communicate them to all Contracting Parties. The Executive Body shall discuss proposed amendments at its next annual meeting provided that such proposals have been circulated by the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe to the Contracting Parties at least ninety days in advance.

3. An amendment to the present Convention shall be adopted by consensus of the representatives of the Contracting Parties, and shall enter into force for the Contracting Parties which have accepted it on the ninetieth day after the date on which two-thirds of the Contracting Parties have deposited their instruments of acceptance with the depositary. Thereafter, the amendment shall enter into force for any other Contracting Party on the ninetieth day after the date on which that Contracting Party deposits its instrument of acceptance of the amendment.

LAUSN DEILUMÁLA

13. gr.

Nú rís deila milli tveggja eða fleiri samningsaðila samnings þessa varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa og skulu þeir þá leita lausnar á deilunni með samningum eða með einhverri annarri aðferð til lausnar deilum sem aðilar að deilunni sætta sig við.

SETTLEMENT OF DISPUTES

ARTICLE 13

If a dispute arises between two or more Contracting Parties to the present Convention as to the interpretation or application of the Convention, they shall seek a solution by negotiation or by any other method of dispute settlement acceptable to the parties to the dispute.

UNDIRSKRIFT

14. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirskriftar á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf frá 13. til 16. nóvember 1979 í tilefni af fundi æðstu manna efnahagsnefndar Evrópu um umhverfisvernd fyrir aðildarríki efnahagsnefndar Evrópu svo og þau ríki sem hafa ráðgefandi stöðu gagnvart efnahagsnefnd Evrópu samkvæmt 8. gr. ályktunar fjárhags- og félagsmálaráðsins nr. 36 (IV) frá 28. mars 1947 og fyrir svæðastofnanir um efnahagssamvinnu sem fullvalda ríki sem eru aðilar efnahagsnefndar Evrópu eiga aðild að og heimild hafa til þess að semja, stofna til og framfylgja alþjóðasamningum í þeim málum sem samningur þessi nær til.

SIGNATURE

ARTICLE 14

1. The present Convention shall be open for signature at the United Nations Office at Geneva from 13 to 16 November 1979 on the occasion of the High-level Meeting within the framework of the Economic Commission for Europe on the Protection of the Environment, by the member States of the Economic Commission for Europe as well as States having consultative status with the Economic Commission for Europe, pursuant to paragraph 8 of Economic and Social Council resolution 36 (IV) of 28 March 1947, and by regional economic integration organizations, constituted by sovereign States members of the Economic Commission for Europe, which have competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by the present Convention.

2. Þessar svæðastofnanir um efnahagssamvinnu skulu í þeim málum sem falla undir starfssvið þeirra sjálfar framfylgja réttindum og gegna skyldum aðildarríkja samkvæmt samningi þessum. Í þeim tilvikum skal aðildarríkjum stofnana þessara eigi heimilt að framfylgja þessum réttindum hverju fyrir sig.

2. In matters within their competence, such regional economic integration organizations shall, on their own behalf, exercise the rights and fulfil the responsibilities which the present Convention attributes to their member States. In such cases, the member States of these organizations shall not be entitled to exercise such rights individually.

FULLGILDING, STAÐFESTING, SAMÞYKKI OG AÐILD

15. gr.

1. Samning þennan skal fullgilda, staðfesta eða samþykkja.

2. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar frá 17. nóvember 1979 fyrir öll þau ríki og allar þær stofnanir sem um getur í 1. tl. 14. gr.

3. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- og aðildarskjölum skal komið til varðveislu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem mun annast störf vörsluaðila.

RATIFICATION, ACCEPTANCE, APPROVAL AND ACCESSION

ARTICLE 15

1. The present Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval.

2. The present Convention shall be open for accession as from 17 November 1979 by the States and organizations referred to in article 14, paragraph 1.

3. The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who will perform the functions of the depositary.

GILDISTAKA

16. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem tuttugasta og fjórða fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið til varðveislu.

2. Nú fullgildir, staðfestir eða samþykkir samningsaðili samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta og fjórða fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjalsins til varðveislu og skal þá samningur þessi öðlast gildi gagnvart því ríki á nítugasta degi eftir þann dag sem það samningsríki afhenti sitt fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal til varðveislu.

ENTRY INTO FORCE

ARTICLE 16

1. The present Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the twenty-fourth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For each Contracting Party which ratifies, accepts or approves the present Convention or accedes thereto after the deposit of the twenty-fourth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such Contracting Party of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

UPPSÖGN

17. gr.

Samningsaðili má segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila hvenær sem er að liðnum fimm árum eftir þann dag sem samningur þessi öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðila. Uppsögnin öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem hún berst vörsluaðila.

WITHDRAWAL

ARTICLE 17

At any time after five years from the date on which the present Convention has come into force with respect to a Contracting Party, that Contracting Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the depositary. Any such withdrawal shall take effect on the ninetieth day after the date of its receipt by the depositary.

GILDIR TEXTAR

18. gr.

Frumrit samnings þessa skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu og eru textarnir á ensku, frönsku og rússnesku jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf 13. nóvember 1979.

AUTHENTIC TEXTS

ARTICLE 18

The original of the present Convention, of which the English, French and Russian texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed the present Convention.

DONE at Geneva, this thirteenth day of November, one thousand nine hundred and seventy-nine.

Nd. 139. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum nr. 95 frá 11. des. 1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Árm. Héðinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon.

1. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Í fjárlögum hvers árs skal ráð fyrir því gert, að ríkissjóður ábyrgist að tilteknu marki greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings á sauðfjárafurðum annars vegar og nautgripaafurðum hins vegar. Verðábyrgð samkvæmt framansögðu skal miðuð við hvora búgrein um sig og greiðsla gerð upp sérstaklega fyrir hvora þeirra. Á hverju verðlagsári getur slík verðábyrgð mest orðið sem nemur 10% af framleiðsluverðmæti nautgripaafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar og mest 12% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á þeim afurðum.

2. gr.

Aftan við IX. kafla laganna komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Á næstu fjórum árum eftir gildistöku laga þessara skal ríkissjóður greiða Framleiðsluráði landbúnaðarins framleiðslu- og framfarastyrk, sem nema skal mismun á fjárhæð verðábyrgðar ríkissjóðs skv. 2. mgr. 12. gr. og eftirgreindu hlutfalli af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsára:

Á fyrsta ári eftir gildistöku laganna	11%
Á öðru ári ári eftir gildistöku laganna	10%
Á þriðja ári eftir gildistöku laganna	9%
Á fjórða ári eftir gildistöku laganna	8%

Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafar framleiðslu- og framfarastyrk til eftirtalinna verkefna:

a) til greiðslu útflutningsbóta umfram verðábyrgð skv. 2. mgr. og má verja allt að þriðjungi styrksins til þeirra þarfa,
b) til þess að styrkja í samráði við Byggðasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins nýjar og arðvænlegar búgreinar svo sem ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt á vegum bænda, enda dragi þær framkvæmdir úr framleiðslu hefðbundinna búgreina að því marki, sem Framleiðsluráði landbúnaðarins þykir nauðsynlegt,
c) til eflingar á smáiðnaði í sveitum að höfðu samráði við Byggðasjóð og lánasjóði iðnaðarins,
d) til þess að greiða fyrir því í samvinnu við Jarðasjóð að bændur, sem þess óska, geti hætt búskap.

Ríkisendurskoðun skal annast eftirlit með ráðstöfun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á framleiðslu- og framfarastyrk.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er þáttur í tillögugerð Alþýðuflokksins um **gerbreytta efnahagsstefnu.** Markmið frumvarpsins er þríþætt:

1. Að afnema í áföngum hið kostnaðarsama kerfi útflutningsbóta vegna offramleiðslu landbúnaðarafurða sem nú er í gildi.
2. Að lögfesta nýtt viðmiðunarkerfi verðábyrgðar vegna landbúnaðarframleiðslu, sem miðist við þarfir innanlandsmarkaðarins. Ríkisvaldið ábyrgist bændum fullt verð fyrir afurðir þótt framleiðslan kunni að fara eitthvað fram úr þörfum innanlandsmarkaðar, svo ávallt séu nægar búvörur á boðstólum, en þó þannig að umframframleiðslan fari ekki fram úr eðlilegum og skynsamlegum mörkum.
3. Á meðan verið er í áföngum að feta sig út úr núverandi útflutningsbótakerfi sé bændum tryggð veruleg fjárhagsaðstoð til þess að hverfa frá arðlitlum búskaparháttum hefðbundins búskapar og að arðgæfum nýjum búgreinum eða til annarra starfa.

Frumvarp efnislega samhljóða því, sem hér er flutt, var áður flutt á 99. löggjafarþingi árið 1977 af tveimur þingmönnum Alþýðuflokksins og endurflutt árið eftir. Frumvarpið fékk ekki afgreiðslu. Umhugsunarvert er að hefði frv. verið samþykkt ásamt breytingartillögum Alþýðuflokksins við fjárlög, sem m. a. gerðu ráð fyrir stórauknum fjárframlögum til eflingar nýrra og arðsamra búgreina, væri nú búið að leysa hinn fjárfreka útflutningsbótavanda og jafnframt búið að byggja upp nýjar búgreinar og nýtt atvinnulíf í sveitum landsins. Staða íslenskrar bændastéttar væri sem sé öll önnur og betri en raun ber nú vitni. Er þetta ekki eina dæmið um að með því að sinna ekki ábendingum og tillögum Alþýðuflokksins um mörkun nýrrar stefnu í landbúnaðarmálum hafa andstæðingar flokksins tekið ábyrgð á afstöðu sem ekki aðeins hefur orðið íslenskum neytendum og skattborgurum dýrkeypt, heldur hefur einnig orðið bændastéttinni og sveitunum fjötur um fót.

Á árinu 1982 hefur Alþýðubandalagið horfið að sumu leyti frá fyrri afstöðu sinni og yfirlýsingum í landbúnaðarmálum og segist nú m. a. aðhyllast sjónarmið sem Alþýðuflokkurinn hefur haldið á lofti. M. a. hefur Alþýðubandalagið látið frá sér fara samþykkt um nauðsyn stefnubreytingar í útflutningsbótamálunum, sem felur í sér sömu stefnumörkun og fólst í frumvarpi Alþýðuflokksþingmanna frá árinu 1977, sem fyrr er getið, og ítekuð var í breytingartillögum Kjartans Jóhannssonar við stjórnarfrumvarp um ríkissjóðsábyrgð til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna erlendrar lántöku til greiðslu viðbótarútflutningsbóta

veturinn 1980—1981. Hefur sú breytta afstaða Alþýðubandalagsins m. a. leitt til þess, að í yfirlýsingu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum, sem birt er sem fylgiskjal með frv. ríkisstjórnarinnar til staðfestingar á bráðabirgðalögunum frá ágúst í haust, er að því vikið, að ríkisstjórnin muni láta enduskoða útflutningsbótakerfið. Sú endurskoðun hefur ekki farið fram og upplýst hefur verið í starfi einnar af nefndum þingsins að lítið hafi verið að málinu unnið. Er því enn brýnna að fá fram afstöðu til frumvarps þess, sem hér er flutt.

Núverandi skipan verðábyrgðar.

Núverandi skipan verðábyrgðar vegna útflutnings landbúnaðarafurða (útflutningsbóta) var upp tekin með bráðabirgðalögum frá 15. desember 1959, en bráðabirgðalög þessi voru í formi viðauka við lög nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. Bráðabirgðalögin voru staðfest á Alþingi með nokkurri formbreytingu, en efnislega óbreytt þá um veturinn.

Tildrög þessarar lagasetningar voru þau, að fulltrúar neytenda og framleiðenda höfðu ekki komið sér saman um nýjan verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða þá um haustið, m. a. vegna þess að í þágildandi lögum voru ákvæði um að heimilt væri að hækka útsöluverð á landbúnaðarafurðum innanlands til þess að bæta upp halla á útfluttum vörum. Höfðu fulltrúar bænda krafist þess, að þessi heimild yrði notuð við verðákvörðunina haustið 1959, en það hafði þá aðeins örsjaldan verið gert, þar eð það sætti af eðlilegum ástæðum mikilli andstöðu, að halli vegna útfluttra landbúnaðarvara sökum meiri framleiðslu en samsvaraði innanlandsneyslu væri borinn af neytendum í formi hækkaðs útsöluverðs á búvörum innanlands. Þessari kröfu bænda svo og öðrum kröfum þeirra um hækkanir mótmæltu fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd og hurfu úr nefndinni svo ekki reyndist unnt að verðleggja landbúnaðarvörur eins og lög stóðu til. Var þá ákveðið með bráðabirgðalögum, að verð þeirra skyldi standa óbreytt.

Fyrir tilhlutan þáverandi ríkisstjórnar tóku fulltrúar bænda og neytenda, þ. e. a. s. verkalýðshreyfingarinnar, í kjölfarið upp viðræður sín á milli um endurskoðun á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins með það að markmiði að koma sér niður á skipan verðlagsmála, sem báðir aðilar gætu við unað. Slíkt samkomulag tókst. Samdar voru breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem ríkisstjórnin setti síðan með umræddum bráðabirgðalögum frá 15. desember 1959. Eitt atriðið í þeiri lagasetningu, sem samkomulag náðist um milli neytenda og bænda, var ný skipan á verðábyrgð vegna halla á útfluttum landbúnaðarafurðum, og hefur sú skipan staðið óbreytt síðan. Hana er að finna í 12. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., nú nr. 95/1981. Í 1. mgr. 12. gr. segir, að óheimilt sé að bæta upp söluverð landbúnaðarafurða á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands — sem sé lagt bann við því fyrirkomulagi, sem í lögum var fram til ársins 1959 og olli ósamkomulaginu haustið 1959 sem áður var getið. Í 2. og 3. mgr. 12. gr. eru svo ákvæðin um það, sem koma á í staðinn — verðábyrgð ríkissjóðs — og hljóða þær svo:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar.“

Þegar hér er komið ber að hafa í huga, að fram til ársins 1959, þegar þessi ákvæði um verðbætur voru í lög leidd, hafði landbúnaðarframleiðslan ávallt tekið mið af markaðsþörf innanlands. Fram til þess tíma hafði útflutningurinn, þegar hann var allra mestur, aðeins numið 5.45% af heildarverðmæti framleiðslunnar. Er því ekki undarlegt þótt engum hafi þá

til hugar komið, að það gæti gerst, að framleiðsla landbúnaðarafurða tæki slíkt stökk umfram innanlandsþarfir, að hámark verðábyrgðar yrði notað eða neitt nálægt því. Þegar um það mál var rætt á Alþingi í febrúarmánuði árið 1960 þótti þingmönnum algerlega fráleitt, að til slíks gæti komið, og því þarflaust að samþykkja breytingartillögu, sem fram kom frá einum af þingmönnum Alþýðuflokksins þess efnis, að verðábyrgðin yrði með öðrum hætti — sem sé þeim, að hún næði til mismunarins á því verði, sem fengist á erlendum markaði fyrir allt að 10% framleiðslunnar, sem út yrði flutt, og því verði, sem fengist innanlands fyrir sama magn. Sem dæmi um þessi viðhorf lét þáverandi landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, svo um mælt í ræðu í efri deild Alþingis 11. mars 1960:

„Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekkert í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við fjölgun fólksins í landinu, og þess vegna er það rétt ... að það eru litlar líkur til þess, að útflutningsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði. ...“

Þannig voru spádómarnir þá, við setningu laganna um útflutningsuppbætur. Þó liðu ekki nema rösk tvö ár — eða fram til verðlagsársins 1963/64 — þar til greiðsla verðábyrgðar úr ríkissjóði vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum var komin í leyfilegt hámark, 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu. Og þessu hámarki hefur verðábyrgðin náð í sjö önnur skipti, eða í alls 8 ár af 14 frá árinu 1963/64 til yfirstandandi árs, eins og sjá má í töflu I. Og í raungildi hafa útflutningsbæturnar einnig vaxið ár frá ári — orðið allt að 69% hærri en þær voru árið 1963/64 á sambærilegu verðlagi eins og sjá má á töflu II (verðlagsárið 1973/74). Slík áhrif hefur sú leið, sem valin var í sambandi við verðtryggingu ríkissjóðs á útflutning landbúnaðarvöru, haft á framleiðslustefnuna í landbúnaði.

Ýmislegt annað kemur auk þess til. Ýmsir — jafnvel þeir, sem áttu hlut að því samkomulagi bænda og neytenda sem gert var haustið 1959, og þeir, sem beittu sér fyrir lagasetningu í framhaldi af því — stóðu í þeirri trú, að með því væri aðeins verið að tryggja, að útflutningsuppbætur úr ríkissjóði gætu á ári hverju ávallt numið sem svaraði 10% af verðmæti hverrar útfluttrar afurðar fyrir sig — t. d. 10% af verðmæti osta, 10% af verðmæti kindakjötsframleiðslunnar o. s. frv. En eins og bókstafur laganna hljóðar er ekki um slíkt að ræða. Framkvæmdin er sú, að fyrst er áætlað heildarframleiðsluverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslu og hlunninda, það lagt saman og síðan reiknuð 10% af þeirri upphæð, sem skv. laganna bókstaf er sú fjárhæð, sem verðábyrgð ríkissjóðs á að nema. Eins og sjá má af töflu I eru þannig ekki aðeins inn í heildarframleiðsluverðmætistölunni allar afurðir af nautgripum og sauðfé, heldur jafnframt framleiðsluverðmæti annarra afurða, en inni í þessum „öðrum afurðum“ eru t. d. afurðir af hrossum, afurðir af geitum, svínum, loðdýrum og alifuglum, garð- og gróðurhúsaafurðir og tekjur af hlunnindum, svo sem af laxveiðum og sölu veiðileyfa, silungsveiðum, hrognkelsaveiðum, selveiðum, æðardúni, eggjatöku, fuglaveiðum og vegna rekatöku. Framleiðsluverðmæti allra þessara greina er reiknað út, lagt saman og síðan reiknuð 10% af heildartölunni. Sú tala, sem þá kemur út, er sem sé sú fjárhæð, sem verður það árið að koma úr ríkissjóði vegna verðábyrgðar á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem fyrst og fremst eru kindakjöt og mjólkurvörur. Þannig verða tekjur, sem hljótast af starfsemi eins og alifuglarækt, tómata- og gúrkuframleiðslu, lax- og silungsveiðum, hrognkelsaveiðum, töku æðardúns, eggjatínslu og hirðingu rekaviðar, til þess að hækka greiðslur bóta úr ríkissjóði vegna útflutnings á lambakjöti, með þeim afleiðingum að verðtryggð offramleiðsla á þessari einu afurð getur numið 30—40% af heildarframleiðslunni. Auðvitað felur þetta ekki í sér eðlilega framleiðslustefnu með þarfir innanlandsmarkaðar og fjárhagsgetu þjóðarinnar

fyrir augum. Vandinn er hins vegar sá, að við slíkt kerfi búum við Íslendingar. Sú staðreynd verður ekki umflúin, og hún hefur haft þau áhrif, að ekki verður til baka snúið nema með varúð og gætni, svo stórkostlegt tjón hljótist ekki af fyrir landbúnaðinn og þjóðarbúið í heild.

Um önnur atriði varðandi þróun mála við núgildandi kerfi útflutningsbóta vísast til taflna, sem frv. þessu fylgja.

Stefna frumvarpsins.

Eins og áður er sagt byggist frv. þetta á því meginviðhorfi, að beygt verði út af hinni röngu og til réttrar áttar, en þó með aðgát og varfærni, sem nauðsynlegt er eins og málum er nú komið. Ef fyrr hefði verið gripið á vandanum og ráðamenn hefðu ekki daufheyrst við varnaðarorðum Alþýðuflokksmanna hefði sjálfsagt verið hægt að grípa til fljótvirkari og útgjaldaminni ráða en felast í þessu frv. En staðreyndin er sú, að í hreinar ógöngur er komið þar sem fara verður með varfærni, og í augu við þær staðreyndir verða menn að horfast.

Frumvarpið, eins og það er úr garði gert, gerir ráð fyrir því, að þær breytingar verði gerðar á 12. gr. laganna um framleiðsluráð — þeirri grein, sem fjallar um verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða (útflutningsbætur) — að miða ekki verðábyrgðina við samanlagt heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslunnar að hlunnindum meðtöldum, heldur aðeins við framleiðsluverðmæti þeirra aðalbúgreina tveggja — nautgriparæktar og sauðfjárræktar — sem útflutningurinn er einskorðaður við. Þannig er lagt til, að verðábyrgð ríkissjóðs nái til útflutnings á afurðum hvorrar þessarar búgreinar um sig þannig að hún megi mest verða sem svarar 10% af heildarverðmæti nautgripaafurða gagnvart útflutningi á afurðum þeirrar búgreinar og 12% af heildarverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar. Þannig yrðu útflutningsbæturnar gerðar upp fyrir hvora búgrein um sig og ekki leyfður flutningur verðábyrgðar milli búgreina, t. d. ef verðábyrgð yrði ekki að fullu notuð gagnvart útflutningi afurða annarrar búgreinarinnar, en útflutningur á afurðum hinnar yrði meiri en næmi verðábyrgð hennar. Þá er eigi heldur hægt skv. frv. að flytja verðábyrgðargreiðslur milli ára frekar en nú á sér stað, þannig að verðábyrgð, sem ekki nýtist eitt árið, fellur þá niður.

Í 2. gr. frv. er ákvæði til bráðabirgða sem í senn tryggir, að fráhvarf frá núverandi skipan verðábyrgðar og til þeirrar nýju skipunar, sem 1. gr. gerir ráð fyrir, eigi sér stað í áföngum á 4 árum og einnig að háum fjárhæðum verði á tímabilinu varið til þess að efla nýjar búgreinar, nýja atvinnustarfsemi í sveitum og til þess að auðvelda bændum að snúa sér að öðrum störfum en við hefðbundinn búskap. Er lagt til að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi með höndum yfirumsjón þeirra fjármuna í samráði við fjárfestingarlánasjóði og aðra hlutaðeigandi aðila, en ríkisenduskoðun hafi eftirlit með ráðstöfun fjárins.

Tafla I.

Áætlað heildarverðmæti landbúnaðarvara verðlagsárin 1963/64—1980/81.

	Afurðir af nautgripum millj. kr.	Þar af mjólk millj. kr.	Afurðir af sauðfé millj. kr.	Aðrar afurðir millj. kr.	Alls verðmæti millj. kr.	Útflutningsbætur (verðábyrgð) Útfl.-bætur úr ríkissjóði millj. kr.	Þar af vegna nautgr.-afurða	Þar af vegna sauðf.-afurða	Annað og ótilgr., t. d. hrossakjöt	Hlutfall af heildar-verðmæti
Verðlagsár 63/64 .	816	773	570	214	1 600	160	90	70		10%
Verðlagsár 64/65 .	965	918	635	257	1 857	179	110	69		9.6%
Verðlagsár 65/66 .	1 062	997	794	321	2 177	218	120	98		10%
Verðlagsár 66/67 .	1 101	1 011	893	298	2 292	229	100	129		10%
Verðlagsár 67/68 .	1 233	1 130	999	326	2 358	256	78	278		10%
Verðlagsár 68/69 .	1 417	1 259	1 193	396	3 006	301	70	231		10%
Verðlagsár 69/70 .	1 606	1 431	1 270	445	3 321	332	82	260		10%
Verðlagsár 70/71 .	2 055	1 842	1 475	544	4 074	404	230	174		9.9%
Verðlagsár 71/72 .	2 420	2 212	1 614	792	4 826	379	269	110		7.9%
Verðlagsár 72/73 .	3 071	2 799	2 193	1 009	6 273	438	237	201		7%
Verðlagsár 73/74 .	4 547	4 102	3 415	1 313	9 275	927	480	447		10%
Verðlagsár 74/75 .	6 120	5 440	4 797	2 350	13 267	1 140	490	650		8.6%
Verðlagsár 75/76 .	8 022	7 155	6 956	3 020	17 998	1 658	225	1 423		9.2%
Verðlagsár 76/77 .	10 490	9 498	8 703	3 817	23 010	2 301	330	1 895		10%
Verðlagsár 77/78 .	16 940	15 436	13 552	5 479	35 971	3 597	1 679	3 294	23	10%
Verðlagsár 78/79 .	24 787	22 290	21 576	9 855	56 218	5 622	2 328	4 386	—	10%
Verðlagsár 79/80 .	37 555	33 031	32 560	14 017	84 132	8 413	3 989		38	10%
Verðlagsár 80/81 .	541	470	465	267	1 273	127.3	53.3	73.5	0.5	10%
Verðlagsár 81/82					1 900	190.0			Áætlaðar tölur 1981/82	

Athugasemdir og skýringar.

1) Auk 10% verðábyrgðar, sem er lögbundin, hefur verið greitt úr ríkissjóði til að bæta halla á útflutningi búvöru sem hér segir í **millj. kr.**

Verðlagsár	1976/77	551
—	1977/78	1 300
—	1978/79	3 000
—	1979/80	1 700 (áætlað)
—	1980/81	20 (áætlað)
—	1981/82	?

2) Verðlagsár er frá 1. september ár hvert til jafnlengdar næsta árs. Upphæðir eru í gömlum kr. til og með verðlagsárinu 1979/80, nýjum kr. frá og með 1980/1981.

3) Skipting bótagreiðslna á nautgripaafurðir annars vegar og sauðfjárafurðir hins vegar er ekki nákvæm í þessari töflu. Ýmsar tilfærslur á greiðslum milli ára og milli afurða valda því.

Tafla II.

Útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir (verðábyrgð) greiddar úr ríkissjóði 1963/64—1980/81 vegnar með vísitölu framfærslukostnaðar sömu ár.

	Útfl.-bætur úr ríkissj. millj. kr.	Framf.vísit 1. febr. ár hvert 1.2'64=100	Útfl.-bætur '64 umreikn. skv. vísitölu	Mism. í m.kr. á raunv. greiðslum og bótum '64 umreikn. til sambæril. verðl.	Mism. skv. dálk 4 í % af dálk 3 (þ. e. a. s. frávik á greiðslu bóta frá bótum '63/64 á sambærilegu verðlagi)
Verðlagsár 1963/64	160	100	160	0	0
Verðlagsár 1964/65	179	110	176	+ 3	+ 1.7%
Verðlagsár 1965/66	218	120	192	+ 26	+13.5%
Verðlagsár 1966/67	229	127	203	+ 26	+12.8%
Verðlagsár 1967/68	256	143	229	+ 27	+11.8%
Verðlagsár 1968/69	301	171	274	+ 27	+ 9.9%
Verðlagsár 1969/70	332	193	309	+ 23	+ 7.4%
Verðlagsár 1970/71	404	216	346	+ 58	+16.8%
Verðlagsár 1971/72	379	222	355	+ 24	+ 6.8%
Verðlagsár 1972/73	438	258	413	+ 25	+ 6.1%
Verðlagsár 1973/74	927	343	549	+ 378	+68.9%
Verðlagsár 1974/75	1 140	527	843	+ 297	+35.2%
Verðlagsár 1975/76	1 658	717	1 147	+ 511	+44.6%
Verðlagsár 1976/77	2 301	965	1 544	+ 757	+49.0%
Verðlagsár 1977/78	3 597	1 322	2 115	+1 482	+70.1%
Verðlagsár 1978/79	5 622	1 826	2 922	+2 700	+92.4%
Verðlagsár 1979/80	8 413	2 947	4 715	+3 698	+78.4%
Verðlagsár 1980/81	127.3	4 657	74.5	+ 52.8	+70.9%
Verðlagsár 1981/82 Áætlað	190.0	.	.	+ .	.

Athugasemdir og skýringar:
Tafla þessi sýnir í dálki 1 útflutninguppbætur sem greiddar hafa verið vegna landbúnaðarafurða úr ríkissjóði á árunum 1963/64 til 1980/81. Í dálki 2 er framfærsluvísitalan sýnd eins og hún var 1. febrúar ár hvert á þessu tímabili (1964=100) og er tekið mið af framfærsluvísitölunni á miðju verðlagsári hverju sinni, sem nær frá 1. september ár hvert til jafnlengdar næsta árs. Í dálki 3 eru útflutningsbætur eins og þær voru verðlagsárið 1963/64 umreiknaðar á verðlagi hvers árs samkv. framfærsluvísitölunni eins og hún er sýnd í næsta dálki á undan. Dálkur 4 sýnir svo mismuninn á raunverulegum greiðslum útflutningsbóta ár hvert og greiðslum verðlagsársins 1963/64, ef þær hefðu verið notaðar sem viðmiðun og verðtryggðar með vísitölu framfærslukostnaðar (mismunurinn, sem ávallt er pósitífur, sýnir því hversu miklu hærri fjárhæð hefur raunverulega verið greidd í útflutningsbætur úr ríkissjóði á verðlagi hvers árs en nemur bótagreiðslum 1963/64 á sambærilegu verðlagi). Síðasti dálkurinn sýnir svo þetta frávik í % af „verðtryggðum" útflutningsbótum 1963/64 hverju sinni.

Tafla III.

Samanburður á greiddum útflutningsbótum úr ríkissjóði og bótagreiðslum eins og þær hefðu verið ef ákvæði frumvarpsins um verðábyrgð hefðu verið í gildi.

	Útflutningsbætur (verðábyrgð)				Skv. ákvæðum frv. ef gilt hefðu			
	Útfl.-bætur úr ríkissj. millj. kr.	Þar af vegna: Nautgr.-afurða	Sauðf.-afurða	Annað og ósundurl., t. d. hrossakj.	Vegna 10% áb. á nautgr.-afurðir	Vegna 12% áb. á sauðf.-afurðir	Annað og ósundurl.	Útfl.-b. úr ríkissj. alls
Verðlagsár 1963/64	160°	90	70		82°	68°		150
Verðlagsár 1964/65	179	110	69		97°	69		166
Verðlagsár 1965/66	218°	120	98		106°	95°		201
Verðlagsár 1966/67	229°	100	129		100	107°		207
Verðlagsár 1967/68	256°	78	178		78	120°		198
Verðlagsár 1968/69	301°	70	231		70	143°		213
Verðlagsár 1969/70	332°	82	250		82	152°		234
Verðlagsár 1970/71	404	230	174		205°	174		379
Verðlagsár 1971/72	379	269	110		242°	110		352
Verðlagsár 1972/73	438	237	201		237	201		438
Verðlagsár 1973/74	927°	480	447		455°	410°		865
Verðlagsár 1974/75	1140	490	650		490	576°		1066
Verðlagsár 1975/76	1658	225	1423		225	834°		1059
Verðlagsár 1976/77	2301°	330	1971		330	1044°		1374
Verðlagsár 1977/78	3597°	1679	1895	23	1679	1626°	23	3328
Verðlagsár 1978/79	5622°	2328	3294	—	2328	2589°	—	4917
Verðlagsár 1979/80	8413°	3989	4386	38	3756°	3907	38	7701
Verðlagsár 1980/81	127.3°	53.3	73.5	0.5	53.3	55.8°	0.5	109.6
Verðlagsár 1981/82	190.0	.	.	.	.	.	.	Áætlað

Athugasemdir og skýringar:

1. ° merkir að hámarksverðábyrgð er náð bæði skv. því kerfi, sem gilt hefur um greiðslu útflutningsbóta, og því, sem frv. gerir ráð fyrir, ef í gildi hefði verið.
2. Að sjálfsögðu er ekki reynt að áætla í þessari töflu hvaða áhrif breytt skipan á kerfi útflutningsbóta, eins og frv. gerir ráð fyrir, kynni að hafa haft á framleiðslumagn hvorrar búgreinar um sig — t. d. í þá átt að auka framleiðslu á nautgripaafurðum vegna ónýttrar verðábyrgðar á útflutning slíkra afurða, en til samdráttar í framleiðslu sauðfjárafurða vegna umframframleiðslu sem ekki yrði verðbætt til útflutnings. Ógerningur er að spá um áhrif breytts kerfis á greiðslu verðábyrgðar (útflutningsbóta) á framleiðslumagn búgreina, en um einhver áhrif yrði að öllum líkindum að ræða.

Nd. 140. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til fundar við sig Kristján Guðjónsson deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. falli niður.

Pálmi Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Sigurlaug Bjarnadóttir.
Pétur Sigurðsson.	Guðm. G. Þórarinsson.	Magnús H. Magnússon.

Nd. 141. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn greiðist með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

2. gr.

Á eftir orðinu „skólar“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi: heimavistir, þar með taldir stúdentagarðar og hjónagarðar.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 43. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Heimilt er í lok hvers árs að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól skuldar.

4. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða IV komi nýtt bráðabirgðaákvæði, nr. V, er hljóðar svo:

Á árinu 1983 skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. l. nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga miða fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi við 92,7% fasteignamats þessara eigna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Ákvæði 4. mgr. 4. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga kveður á um að gjalddagi fasteignaskatts sé 15. janúar. Þó er sveitarstjórn heimilt að ákveða að skatturinn greiðist að hálfu þá og að hálfu síðar á árinu. Í framkvæmd hefur þetta þó verið þannig að gjalddagar fasteignaskatta hjá flestum sveitarfélögum hafa þrátt fyrir nefnt lagaákvæði verið ákveðnir fleiri en tveir. Í Reykjavík hafa þeir t. d. verið þrír og í sumum sveitarfélögum jafnvel fleiri. Í ljósi þessarar staðreyndar er lagt til með frumvarpi þessu að heimild til ákvarðana sem þessara verði staðfest með lögum. Breytingin mun m. a. leiða til þess að hægt verður að samræma gjalddaga fasteignaskatts og annarra opinberra gjalda þyki slíkt henta. Má í þessu sambandi nefna að gjalddagi útsvars og þinggjalda er 1. dagur hvers mánaðar nema mánaðanna janúar og júlí. Samræming af þessu tagi hlýtur í flestum tilvikum að leiða til tímasparnaðar, því í kjölfar hennar er hægt að samrýma reglur er lúta að innheimtu opinberra gjalda. Einkum á þetta við í þeim sveitarfélögum þar sem innheimta sveitarsjóðsgjalda og þinggjalda er sameiginleg, þ. e. í Reykjavík og Seltjarnarnesi. Auk þess má ætla að samræming af þessu tagi mundi spara gjaldendum sporin vegna greiðslu opinberra gjalda.

Um 2. gr.

Þótt orðið skóli sé í mæltu máli oft látið ná til heimavista, sem lengi hafa tíðkast við skólastofnanir hér á landi, ekki síður en til kennsluhúsnæðisins sjálfs, þykir rétt að kveða sérstaklega á um að heimavistir, stúdentagarðar og hjónagarðar verði undanþegnir fasteignaskatti jafnhliða öðrum þeim stofnunum sem upp eru taldar í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Lagaákvæði þetta er bersýnilega sett til þess að létta undir með stofnunum, sem reknar eru í almannaþágu.

Í framkvæmd hafa heimavistir og stúdentagarðar notið góðs af undantekningarákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna, en hjónagarðarnir ekki. Ekki verður séð frambærileg ástæða til að gera þannig greinarmun á hjónagörðum annars vegar og heimavistum og stúdentagörðum hins vegar. Allar þessar stofnanir, hvort sem þær eru til húsa í skólahúsunum sjálfum eða í sérstökum húsum, eru settar á fót í þágu þeirra nemenda sem skólana sækja. Það skiptir ekki máli að hjónagarðarnir eru í eigu Félagsstofnunar stúdenta, sem starfar með sérstökum hætti og eftir sérstökum lögum, þar sem þeir eru reknir með sama hætti og aðrar heimavistir við íslenska skóla.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 45. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga er ákvæði um dráttarvexti af gjöldum skv. þeim lögum, þ. e. um skyldu til að greiða dráttarvexti af gjöldum, sem ekki eru greidd innan mánaðar frá gjalddaga, og um upphæð dráttarvaxta, að hún skuli á hverjum tíma vera sú sama og hjá lánastofnunum.

Í tekjustofnalögum eða öðrum lögum voru hins vegar engin ákvæði um vaxtavexti, þ. e. hvernig reikna skyldi slíka vexti. Árum saman hefur sú verklagsregla verið hjá sveitarfélögum, að ógreiddum dráttarvöxtum hefur í árslok verið bætt við höfuðstól skuldar. Þessi regla hefur verið auðveld í framkvæmd og auðskiljanleg öllum, sem hlut eiga að máli.

Tilgangur þessa frumvarps er að lögfesta framangreinda reglu og skapa þar með ótvíræða lagaheimild fyrir þeirri framkvæmd, sem tíðkast hefur árum saman og talin sjálfsögð, þótt beina lagaheimild hafi skort.

Með auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1981, II., 6) a) var lögfest sú regla um vaxtavexti hjá innlánsstofnunum, að þeir reiknist ekki nema vanskil hafi staðið lengur en 12 mánuði samfleytt og ekki oftar en á 12 mánaða fresti. Þessi regla kann að vera eðlileg hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, en væri illframkvæmanleg hjá sveitarfélögum, ekki síst þeim litlu, sem ekki hafa á að skipa föstu starfsliði og/eða tölvubúnaði til slíks útreiknings.

Um 4. gr.

Samkvæmt auglýsingu um nýtt fasteignamat er tekur gildi frá og með 1. desember 1982 hækkar matsverð fasteigna almennt um 65%. Matsverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkar hins vegar um 78%. Þessi hækkun fasteignamats er langt umfram almennar tekjubreytingar milli ára og því einsýnt að óbreyttar álagningarheimildir varðandi fasteignaskatt myndu leiða til óhæfilegrar gjaldtöku sem væri erfið greiðslugetu almennings á höfuðborgarsvæðinu. Frumvarpi þessu er ætlað að koma í veg fyrir þetta.

Lækkun stofns til útreiknings fasteignagjalda er bundin við þau sveitarfélög og þær tegundir fasteigna sem hækka að fasteignamati umfram hina almennu hækkun. Með því að miða við 92,7% af fasteignamati sem hækkað hefur verið með stuðlinum 1,78% næst sambærilegur álagningargrunnur og vera myndi ef fasteignamat hefði hækkað um 65% að því er þessar eignir varðar. Þar sem talað er um fasteignamat íbúðarhúsnæðis í lögum þessum, er einungis átt við mat á mannvirkjum en ekki lóðum.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 142. Fyrirspurn [137. mál]

til iðnaðarráðherra um Sjóefnavinnsluna hf., Reykjanesi.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvenær má vænta þess, að Sjóefnavinnslan hf. á Reykjanesi verði farin að framleiða þau 8000 tonn af salti, sem heimilað var, miðað við ársframleiðslu?
2. Hvað safnaðist mikið hlutafé til fyrirtækisins í framhaldi af auglýsingaherferð um s.l. áramót:
   a) frá sveitarfélögum,
   b) frá einstaklingum?
3. Hvað kostaði umrædd auglýsingaherferð?
4. Hvernig hefur sá búnaður, sem nota átti við framleiðsluna, reynst?
5. Hvað hafa framkvæmdirnar kostað til þessa:
   a) á þessu ári,
   b) frá upphafi?
6. Hvað er fyrirhugað að verja miklu fé til framkvæmda á þessu ári?
7. Hvað er áætlað að 8000 tonna verksmiðja muni kosta fullbúin?
8. Hverjar eru markaðshorfur fyrir framleiðslu verksmiðjunnar, þ. e. fyrir:
   a) grófsalt,
   b) fínsalt,
   c) kalí,
   d) kalsíumklórid,
   e) ýmis sölt (í neytendapakkningum)?
9. Hvar eru fyrirhugaðir markaðir?
10. Byggjast arðsemisútreikningar fyrir verksmiðjuna á traustum upplýsingum um markaðsverð afurða?

Nd. 143. Frumvarp til laga [138. mál]

um viðbótarlán til íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda.

Flm.: Magnús. H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Við 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Lán þessi skulu veitt til 20 ára og nema 300 000 kr. miðað við verðlag í desember 1982 og breytast með byggingarvísitölu ársfjórðungslega. Lánin beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu, 2% ársvexti og verði jafngreiðslulán (annuitet).

Lánin skulu veitt gegn fasteignaveði og skal hver sá einstaklingur, sem fengið hefur lánsvilyrði hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, eiga rétt á fullu láni, enda komi til fullnægjandi tryggingar. Heimilt er að veita lægra lán, ef lánþegi óskar þess séstaklega í umsókn sinni.

Um framkvæmd þessa fer samkvæmt reglum, er bankastjórn Seðlabankans setur að höfðu samráði við stjórnir innlánsstofnana.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1983.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er svo til alveg samhljóða frumvarpi sem þingmenn Alþýðuflokksins í efri deild lögðu fram á síðasta löggjafarþingi, en fékkst þá ekki afgreitt.

Megintilgangur þess er að gefa íbúðabyggjendum og íbúðakaupendum kost á langtímaláni í stað þeirra skammtímalána sem tíðkast hafa á undanförnum árum. Með því er fólki gert kleift að fjármagna íbúðabyggingar og íbúðakaup með eðlilegri hætti en hingað til. Frumvarpið gerir ráð fyrir að viðbótarlán þessi, að upphæð 300 000 kr., komi að verulegu leyti í stað ýmiss konar skammtímalána sem eru lánþegum afar óhagstæð vegna þungrar greiðslubyrðar.

Það eru sjálfsögð mannréttindi, að fólk geti búið í góðu húsnæði og þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því að standa undir eðlilegum greiðslum af húsnæði sínu. Því fer fjarri, að svo sé við núverandi aðstæður. Úr því verður að bæta. Sú aðstaða, sem allur almenningur býr við í þessum efnum, er fyrir neðan allar hellur. Fólki er ætlað að mæta húsnæðisþörf sinni með skammtímalánum og vinnuþrældómi langt úr hófi fram.

Þegar Alþýðuflokkurinn fór með stjórn húsnæðismála, árin 1978—1980, var mörkuð stórhuga og framsækin stefna í málefnum húsnæðislánakerfisins. Stefnt var að uppbyggingu öflugra íbúðalánasjóða sem gætu á næstu árum fjármagnað, til langs tíma og með viðráðanlegum kjörum, íbúðarhúsnæði einstaklinga og leyst um þriðjung íbúðaþarfa landsmanna á félagslegum grundvelli. M. a. var stefnt að því, að almenn nýbyggingarlán Byggingarsjóðs ríkisins hækkuðu í fyrir fram ákveðnum áföngum, á eigi lengri tíma en 10 árum, í 80% byggingarkostnaðar og samsvarandi hækkun annarra lána.

Með rækilegri úttekt á húsnæðislánakerfinu og ítarlegri áætlanagerð var sýnt fram á að þessi markmið voru raunhæf og viðráðanleg væri rétt að málum staðið.

Frumvarpi því, sem Alþýðuflokkurinn lagði fram um þetta efni árið 1979, var stórspillt af stuðningsmönnum núverandi ríkisstjórnar, og undir stjórn Alþýðubandalagsins hefur íbúðalánasjóðum hnignað svo síðustu árin að jaðrar við óstjórn og skemmdarverk.

Nýbyggingarlánum hefur fækkað langt niður fyrir það sem svarar til eðlilegrar íbúðaþarfar, og raungildi lána hefur minnkað. Framkvæmdir við félagslegar íbúðabyggingar hafa dregist saman og fari svo sem fram horfir verða þær á næstu árum minni en oftast áður síðustu áratugina.

Háskalegast er þó að fjárhagsgrundvelli íbúðalánakerfisins hefur verið raskað svo að með sama áframhaldi stefnir í greiðsluþrot innan fárra ára. Sjóðirnir hafa í stórauknum mæli verið fjármagnaðir með lánsfé í stað framlaga og eigin tekna, lánsfé sem sjóðirnir endurlána íbúðabyggjendum til lengri tíma og með lægri vöxtum en þeir þurfa sjálfir að greiða. Lengst af þessu ári hefur sjóðunum verið fleytt áfram með yfirdrætti og bráðabirgðalánum.

Því heyrist oft haldið fram, að samdráttur í íbúðabyggingum eigi rætur að rekja til verðtryggingar á lánum Húsnæðisstofnunar, fólk hafi ekki lengur ráð á að taka þessi lán. Þessi staðhæfing er röng. Lán Húsnæðisstofnunar hafa verið vísitölubundin í því sem næst áratug án þess að samdráttur yrði af þeim sökum. Núverandi lánskjör eru þrátt fyrir allt hin hagstæðustu sem gilt hafa um lán Húsnæðisstofnunar a. m. k. síðan árið 1974.

Samdráttur íbúðabygginga stafar þvert á móti af því fyrst og fremst, að verðgildi lána Húsnæðisstofnunar hefur rýnað og sífellt verður torveldara að afla lánsfjár með viðráðanlegum kjörum annars staðar frá. Í því sambandi verður þó að vara alvarlega við þeirri þróun, að kaupgjaldsvísitala sé skert verulega umfram lánskjaravísitölu með stórfelldum niðurgreiðslum og öðrum vísitölublekkingum samfara beinum verðbótaskerðingum. Með slíku ráðslagi er greiðslubyrði lána í raun stóraukin og greiðslugetu lántakenda stefnt í tvísýnu. Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri þingmenn Alþýðuflokksins í neðri deild hafa lagt fram frumvarp til að tryggja stöðu lántakenda að þessu leyti.

Leggja verður þunga áherslu á að alger stefnubreyting verði í málefnum Húsnæðisstofnunar og byggingarsjóðanna. Hefja verður nýja sókn að þeim meginmarkmiðum sem Alþýðuflokkurinn setti fram í frumvarpi sínu árið 1979. Skila verður lánasjóðunum aftur þeim mörkuðum tekjustofnum, sem frá þeim hafa verið teknir, og endurskoða í heild fjáröflunarkerfi þeirra.

Beita verður markvisst endurkaupa- og endurbótalánum Húsnæðisstofnunar til að auka að nýju byggð í eldri íbúðahverfum og nýta þannig betur en nú er víða gert þá miklu fjármuni sem þegar hefur verið varið til íbúðabygginga, aðstöðusköpunar og uppbyggingar á hvers konar félagslegri þjónustu þar.

Efna verður þau fyrirheit sem stjórnvöld hafa þráfaldlega gefið verkalýðshreyfingunni um aðgerðir í húsnæðismálum, en oftast hlaupið frá. Á meðan lán Byggingarsjóðs ríkisins eru jafnlág og raun ber vitni verður að veita frumbyggjendum fyrirgreiðslu umfram aðra.

Meðfylgjandi tafla sýnir meðferð núverandi ríkisstjórnar á hinu opinbera húsnæðislánakerfi. Taflan sýnir í fyrsta lagi hvað sjóðirnir hafa fengið af mörkuðum tekjustofnum (skv. núgildandi lögum um launaskatt, fyrri lögum um tekju- og eignarskatt o. fl.). Í öðru lagi sýnir taflan hver framlögin hefðu verið ef frumvarp Alþýðuflokksins frá 1979 — og forsendur þess — hefði verið samþykkt óbreytt. Í þriðja lagi sýnir taflan hvernig núverandi ríkisstjórn hefur skert framlögin til lánakerfisins, aðallega með beitingu lánsfjárlaga hverju sinni.

Allar eru tölurnar miðaðar við árið 1982 og sömu verðlagsforsendur og eru í fjárlögum þess árs.

	Markaðir tekjustofnar skv. lögum	Framlög skv. frv. Alþýðufl.	Framkvæmd núverandi ríkisstjórnar
Byggingarsjóður ríkisins			
Hluti launaskatts	222.6	222.6	53.8
Aðrir markaðir tekjustofnar	28.9	28.9	—
Viðbótarframlag ríkissjóðs	—	63.8	—
	251.5	315.3	53.8
Byggingarsjóður verkamanna			
Framlag ríkissjóðs	94.8[1])	94.8[2])	104.6
Framlag sveitarsjóða	94.8	94.8	47.4
Samtals	441.1	504.9	205.8

1) Reiknað með byggingu 400 íbúða í verkamannabústaðakerfinu.
2) Þessu til viðbótar átti Byggingarsjóður ríkisins að lána helming byggingarkostnaðar verkamannabústaða.
Allar upphæðir eru í milljónum króna.

Af töflunni sést **að heildarskerðing núverandi ríkisstjórnar á lögboðnum mörkuðum tekjustofnum byggingarsjóðanna er hvorki meira né minna en 53.4%.** Afleiðingarnar blasa hvarvetna við.

Skv. frumvarpi Alþýðuflokksins, sem byggðist á stefnumótun ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, áttu almenn nýbyggingarlán á þessu ári (1982) að nema að lágmarki 40% brúttó byggingarkostnaðar, en eru nálægt 15% (í báðum tilvikum miðað við staðalíbúðir eins og Húsnæðisstofnun reiknar þær út).

Unnt er að halda nokkuð í horfinu um skamman tíma með síauknum lántökum til sjóðanna. Sá stóri hængur er þó á því, að tekin lán til sjóðanna eru til skemmri tíma og með hærri vöxtum en útlán þeirra. Það styttist því óðfluga í það, að öll framlög hins opinbera, eins og þau eru í dag, fari í það eitt að greiða vaxtamismun tekinna og veittra lána. Með þessu er ríkisstjórnin vitandi vits að eyðileggja hið opinbera veðlánskerfi, ekki aðeins fyrir þá sem nú eða á næstu árum þurfa á lánum að halda, heldur einnig fyrir húsbyggjendur og húskaupendur næstu áratuga því skuldbindingar sjóðanna ná áratugi fram í tímann.

Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum veldur því, að það verður erfiðara og tekur lengri tíma en í upphafi var ætlað að gera íbúðalánasjóðina svo öfluga að þeir geti veitt húsbyggjendum og íbúðakaupendum viðunandi úrlausn.

M. a. þess vegna er þetta frumvarp flutt. Því er ætlað að freista þess að bjarga því sem bjargað verður fyrir þá sem um þessar mundir eru að byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir viðbótarláni úr bankakerfinu að upphæð 300 þúsund krónur og 20 ára lánstíma. Með þessu yrði lánafyrirgreiðsla bankanna vegna húsbygginga færð í eðlilegra horf en nú er og fólki gert kleift að eignast þak yfir höfuðið án þess að sligast undir greiðsluoki skammtímalána. Sú lánsupphæð, sem íbúðabyggjendur og íbúðakaupendur ættu þannig rétt á, yrði síðan hækkuð í samræmi við byggingarvísitölu á hverjum tíma.

Þar sem hér er gert ráð fyrir viðbótarlánum úr bankakerfinu er rétt að minna á að bankakerfið hefur skyldum að gegna við alla landsmenn. Þróunin hefur hins vegar orðið sú, að stærstur hluti útlána fer til atvinnurekstrar. Leiða má að því rök, að atvinnurekendur og ríkisvald hafi betri aðstöðu til þess en almennt launafólk að þrýsta á hagsmuni sína í bankakerfinu. Þess vegna er ástæða til þess fyrir hina lýðkjörnu fulltrúa, sem skipa Alþingi, að tryggja sérstaklega hagmuni almennings í samskiptum við bankakerfið og setja reglur um lágmarksskyldur bankakerfisins við almennt launafólk.

Réttur launafólks til lánafyrirgreiðslu í bankakerfinu helgast enn frekar af því, að u. þ. b. 3/4 hlutar innlána eru frá einstaklingum, en einungis 1/4 frá fyrirtækjum. Í útlánum snúast þessi hlutföll við. Þar hafa fyrirtækin 3/4 hluta, en einstaklingar 1/4 hluta. Er því

fyllilega eðlilegt að einstaklingar, sem eiga mestan hluta þess fjár sem bankakerfið fær til ráðstöfunar, hafi rétt til ákveðinnar lágmarksfyrirgreiðslu af hálfu bankanna.

Hitt verður jafnframt að hafa í huga, að verði ekki komið á eðlilegri lánafyrirgreiðslu til íbúðabygginga mun húsnæðisskortur fara hraðvaxandi á komandi misserum og árum.

Þetta frumvarp hefur þannig þríþættan tilgang:

1) **að veita eðlilega lánafyrirgreiðslu til húsnæðisútvegunar,**
2) **að tryggja eðlilegan rétt almennings, sem sannanlega leggur fram stærsta hluta sparifjárins í bönkunum, gagnvart bankakerfinu,**
3) **að koma í veg fyrir yfirvofandi húsnæðisskort, ef svo fer fram sem horfir.**

Ed. 144. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 7. des. 1982.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Jón Helgason.	Stefán Jónsson.	Egill Jónsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 145. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um öryggiskröfur til hjólbarða og innflutningsgjöld af hjólbörðum.

Flm.: Eiður Guðnason, Magnús H. Magnússon, Jón Árm. Héðinsson, Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning hjólbarða með hliðsjón af því, sem tíðkast í grannlöndum okkar, og gera jafnframt ráðstafanir til að lækka verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum.

Greinargerð.

Um langt skeið hafa verið í gildi í velflestum grannlöndum okkar ítarlegar reglur um þær kröfur sem gerðar eru til hjólbarða til notkunar á bifreiðar. Hér á landi munu engar reglur í gildi um gæðakröfur á þessu sviði, aðrar en þær, að í reglugerðarbreytingu frá 4. maí 1973 segir að hjólbarðar skuli gallalausir, slitflötur þeirra mynstraður og skuli raufar í mynstrinu vera a. m. k. 1 mm á dýpt.

Hjólbarðar eru mikilvæg öryggistæki. Miklar framfarir hafa orðið í gerð þeirra á undanförnum árum. Þess vegna m. a. hafa verið settar nákvæmar reglur um gæða- og öryggiskröfur, sem hjólbarðar verða að uppfylla, t. d. í Bandaríkjunum, á Norðurlöndum og í velflestum, ef ekki öllum löndum Vestur-Evrópu. Hjólbarðar, sem ekki standast þessar gæðakröfur, fást ekki seldir í viðkomandi löndum. Kröfurnar, sem gerðar eru til hjólbarða, eru ekki hinar sömu austan hafs og vestan, og stafar það m. a. af því, að í Bandaríkjunum eru

á öllum þjóðvegum strangar hraðatakmarkanir í gildi, en víða í Vestur-Evrópu eru ekki hraðatakmarkanir á þjóðvegum og þar eru því gerðar meiri kröfur um styrk hjólbarða.

Sú staðreynd, að hér á landi eru engar reglur í gildi um þessi efni, hefur leitt til þess, að hingað til lands hafa verið fluttir gallaðir hjólbarðar í verulegum mæli á undanförnum árum, einkum til notkunar undir fólksbíla. Þessir hjólbarðar, sem bæði geta verið útlitsgallaðir og eins með leyndum göllum sem fyrst koma í ljós þegar byrjað er að aka á þeim, eru yfirleitt þannig að þar hafa merki framleiðanda og aðrar upplýsingar, sem greyptar eru í barðann, verið raspaðar burt, með öðrum orðum, viðkomandi framleiðandi vill ekki kannast við þessa afurð sína og er hún því seld nafn- og númerslaus. Rétt er að fram komi að á venjulegan hjólbarða eru nú iðulega skráðar tíu mismunandi upplýsingar, í formi bókstafa og talna, sem greyptar eru í hlið hjólbarðans. Ekki þarf að fara um það mörgum orðum, að auðvitað geta gallaðir hjólbarðar af þessu tagi reynst hættulegir. Samkv. upplýsingum, sem aflað hefur verið, mun ekki fjarri lagi að giska á, miðað við innflutning síðustu þriggja ára, að e. t. v. séu allt að 15—20% af fólksbílum hér á landi á hjólbörðum af þessu tagi, þar sem nafn framleiðanda og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, hafa verið máðar af. Rétt er einnig að það komi fram í þessu sambandi, að verulegt magn af notuðum hjólbörðum er flutt til Íslands erlendis frá. Hluti af þeim er „sólaður“ hér, þ. e. a. s. fær nýjan slitflöt, en hluti þessara gömlu hjólbarða er seldur beint til neytanda, án þess að nokkuð sé fyrir þá gert. Til eru á markaði erlendis hjólbarðar sem merki hafa verið máð af, en eru merktir á þann veg, að einungis megi nota þá á landbúnaðartæki, þ. e. a. s. tæki sem mest eru notuð utan vega. Eins eru á markaði hjólbarðar af þessu tagi sem merktir eru þannig, að þeir eru eingöngu ætlaðir til notkunar á vagna sem uxar eða hestar draga. Upp komst fyrir einu til tveimur árum að slíkir hjólbarðar, þ. e. a. s. sem einungis voru ætlaðir á hesta- eða uxakerrur, höfðu verið settir á markað í Finnlandi sem góð og gild vara undir bifreiðar.

Ein af meginástæðum þess, hversu mikið hefur verið flutt hér inn af gölluðum hjólbörðum og notuðum hjólbörðum, er sú, hversu dýrir hjólbarðar eru orðnir. Lætur nærri að ríkið taki til sín um helming af útsöluverði hvers hjólbarða.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er fyrst og fremst að vekja athygli á því ófremdarástandi sem hér nú ríkir, þ. e. að heimilt skuli að flytja til landsins lélega og gallaða hjólbarða og selja neytendum sem góða og gilda vöru. Í öðru lagi er tilgangurinn með tillöguflutningnum að fá stjórnvöld til þess að láta af óhóflegri skattheimtu af hjólbörðum, gera þá þannig ódýrari og stuðla að auknu öryggi í umferðinni. Væri ekki illa til fundið að það yrði framlag íslenska ríkisins á norrænu umferðaröryggisári, árinu 1983, að lækka verulega aðflutningsgjöld á hjólbörðum og setja reglur sem tryggja að íslenskir neytendur séu ekki hlunnfarnir þegar þeir kaupa hjólbarða.

Sþ. 146. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um rannsókn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn.

Flm.: Steinþór Gestsson, Guðmundur Karlsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, með hverjum hætti hagkvæmast muni að bæta hafnaraðstöðuna í Þorlákshöfn. Sú könnun beinist einkum að:

1. stækkun hafnarinnar til þess að vera stórskipahöfn sem þyldi efnisflutninga að og frá landi í tengslum við stóriðju,

2. dýpkun hafnarinnar og byggingu varnargarða eða annarri vörn er komi í veg fyrir sandrek inn í höfnina.

Rannsókn þessari skal hraða svo sem kostur er.

Greinargerð.

Flest orkuver landsmanna eru innan Suðurlands, þ. e. þrjár stórvirkjanir sem framleiða meginhluta þeirrar raforku sem til ráðstöfunar er um þessar mundir. Eigi að síður er ekkert fyrirtæki, sem kallast getur orkufrekt, sett niður á Suðurlandi. Uppbygging í atvinnulífi þar tengist ekki raforku svo teljandi sé þótt stórvirkjanir séu þar innanhéraðs og línulagnir til stórnotenda væru þar skemmri og áfallaminni en þegar fara verður um fjalllendi til fjarlægari byggða.

Það má því ætla, að það væri í senn hagstætt fyrir framleiðanda raforkunnar og héraðsbúa, skoðað frá sjónarhorni atvinnuuppbyggingar, að fyrirtæki í orkufrekum iðnaði væri reist á Suðurlandi. Það hefur ekki verið gert enn og telja menn hafnleysi suðurstrandarinnar valda þar mestu um.

Rétt er það, að stórskipahöfn er ekki til við strandlengjuna endilanga, en það þykir flutningsmönnum þessarar tillögu ekki fullreynt, hvort ekki megi ráða á því bót, fyrr en gerð er á því sérstök rannsókn, hverjir möguleikar séu fyrir hendi í Þorlákshöfn til byggingar stórskipahafnar.

Rétt þykir að kanna það, hvort sandvarnarmannvirki geti ekki fallið að byggingu slíkrar hafnar.

Á undanförnum árum hefur höfnin í Þorlákshöfn verið að smágrynnka af sandburði, innsiglingin austan við Suðurgarð hættulega mikið, „og er svo komið að innsiglingin er stórhættuleg öllum skipum“, eins og segir í bréfi til hafnarnefndar Þorlákshafnar frá 12. apríl s. l. og 24 skipstjórar, sem róa frá Þorlákshöfn, undirrita.

Skipstjórinn á Herjólfi tekur í sama streng í bréfi frá 20. apríl 1982. Hinn 27. apríl 1982 skrifar hafnarstjóri landshafnarinnar skýrslu um hin nýju vandamál hafnarinnar, sem fólgin eru í sandburði inn í höfnina svo og erfiðleikum vegna þrengsla. Þar segir svo m. a.:

„Til þess að gefa mönnum hugmynd um afköst hafnarinnar undanfarið má geta þess, að síðan netaveiðar hófust eftir veiðibannið nú um páskana er komið á land yfir 9000 smálestir af fiski. Daglega hafa landað hér 60—70 bátar, þar af ófáir stórir svokallaðir loðnubátar.

Eins og sjá má af framangreindu, ásamt öðrum fyrirfarandi upplýsingum, er þörfin á framkvæmdum hér við höfnina aðkallandi.“

Með vísun til þeirra gagna, sem hér hefur verið getið, og þeirra viðtala, sem við höfum átt við marga menn, kunnuga staðháttum og ástandi hafnarinnar, er þessi tillaga flutt. Hún er flutt í þeirri von að samþykkt hennar leiði til raunhæfra aðgerða, — aðgerða sem leystu hið fyrsta úr bráðasta vanda hafnarinnar og væru um leið byggðar á og samræmdar hagstæðustu frambúðaruppbyggingu hafnarmannvirkja sem gert er ráð fyrir að finnist við rannsóknir þær og kannanir sem efnt er til með samþykkt þessarar ályktunar.

Einn er þó sá þáttur sem ekki þarf rannsókna við til að bæta úr bráðri þörf, en þar er átt við þau þrengsli sem orðin eru í höfninni og torvelda afgreiðslu fiskibáta og stefna í tvísýnu öryggi þeirra innan hafnarinnar. Til þess að ráða bót á því ástandi þarf að skipuleggja betur en orðið er nýtingu einstakra hluta hafnarinnar, lengja viðlegukanta við núverandi hafnarmannvirki og treysta grjótvörn við Svartasker sem sigið hefur nokkuð að undanförnu. Til þeirra hluta þarf að sjálfsögðu fjármagn, en um framkvæmdafé fjallar þessi tillaga ekki, heldur um rannsóknir og áætlanir um stórskipahöfn á grundvelli þeirra.

Nánar verður fjallað um málið í framsögu.

Sþ. 147. Fyrirspurnir. [141. mál]

I. Til samgönguráðherra um hafnargerðir samkvæmt þingsályktun frá 3. maí 1982 um aðgerðir til þess að tryggja eðlilega byggðaþróun í Árneshreppi í Strandasýslu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin látið framkvæma við undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu?
2. Hefur verið gerð kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og hefur verið gerð tillaga til fjáröflunar til að standa undir þeim?
3. Er nú stefnt að því, að vinna við framkvæmdir þessar geti hafist vorið 1983?

II. Til forsætisráðherra um hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Ólafi G. Einarssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Geir Gunnarssyni, Salome Þorkelsdóttur og Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvað líður viðræðum milli ríkisstjórnarinnar og Hafnarfjarðarkaupstaðar um hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL, sem forsætisráðherra lét í ljós vilja um að teknar yrðu upp að nýju í svari við fyrirspurn hinn 4. maí s. l.?
2. Hefur það verið útkljáð í ríkisstjórninni, hvort borið verði fram lagafrumvarp um þetta efni í samræmi við ákvæði samnings milli iðnaðarráðuneytis og bæjarstjórnar frá því í maímánuði 1976?

Nd. 148. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. des.)

1. gr.

3. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Nú er örorkan metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum 35. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, og gildir það bæði vegna barna, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra, sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75%, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 149. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 0832 Skipaskoðunargjald.	
Fyrir „600“ kemur	1 200
2. Við 4. gr. 02 232 Rannsóknaráð ríkisins.	
a. Við 0105 Skipulags- og þróunarmál.	
Fyrir „200“ kemur	300
b. Við 0106 Upplýsingamál.	
Fyrir „797“ kemur	1 012
c. Við 0108 Nýting náttúruauðæfa.	
Fyrir „80“ kemur	280
3. Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun.	
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „13 213“ kemur	14 713
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „60“ kemur	1 060
4. Við 4. gr. 02 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík 4 Viðhald.	
Fyrir „85“ kemur	185
5. Við 4. gr. 02 571 Sjómannaskólahúsið 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „1 500“ kemur	2 000
6. Við 4. gr. 02 797 Skólar fyrir þroskaheft börn.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „26 072“ kemur	27 144
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „4 238“ kemur	4 488
7. Við 4. gr. 02 881 Náms- og fræðimenn 0109 Styrkur til útgáfustarfa.	
Fyrir „330“ kemur	420
8. Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „4 431“ kemur	4 567
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „906“ kemur	921
c. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „354“ kemur	554
d. Við 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „2 400“ kemur	2 520
e. Við 94 Til einstaklinga og samtaka.	
Fyrir „400“ kemur	1 200
9. Við 4. gr. 02 908 Kvikmyndasafn Íslands 0 Sértekjur.	
Liðurinn fellur niður.	
10. Við 4. gr. 982 Listir.	
a. Við 0101 Leikfélag Reykjavíkur.	
Fyrir „1 212“ kemur	2 000
b. Við 0102 Leikfélag Akureyrar.	
Fyrir „1 212“ kemur	1 500
c. Við 0103 Leiklistarstarfsemi.	

Þús. kr.

Fyrir „1 650“ kemur 1 800
d. Við 0111 Liðurinn orðast svo:
Ferðaleikhús:
a) rekstrarstyrkur 60
b) stofnkostnaður 50
e. Nýr liður:
0842 Íslenskir menningardagar í Berlín 80
11. Við 4. gr. 02 988 Æskulýðsmál.
a. Við 0103 Æskulýðssamband Íslands.
Fyrir „80“ kemur 90
b. Við 0104 Ungmennafélag Íslands.
Fyrir „1 396“ kemur 1 500
c. Við 0105 Bandalag ísl. skáta.
Fyrir „226“ kemur 255
d. Við 0106 Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns.
Fyrir „53“ kemur 60
e. Við 0115 Íslenskir ungtemplarar.
Fyrir „80“ kemur 90
f. Við 0117 Landssamband KFUM og KFUK.
Fyrir „53“ kemur 60
g. Við 0118 KFUK, starfsemi í Vatnaskógi.
Fyrir „33“ kemur 38
h. Við 0119 KFUK, starfsemi í Vindáshlíð.
Fyrir „29“ kemur 33
12. Við 4. gr. 02 989 Ýmis íþróttamál 0123 Forseti Fide.
Fyrir „800“ kemur 160
13. Við 4. gr. 02 999 Ýmislegt.
a. Við 0101 Matthíasarsafnið, Akureyri.
Fyrir „4“ kemur 6
b. Við 0103 Náttúrugripasafn Akureyrar.
Fyrir „27“ kemur 38
c. Við 0104 Náttúrugripasafn Neskaupstaðar.
Fyrir „12“ kemur 17
d. Við 0105 Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.
Fyrir „15“ kemur 21
e. Við 0106 Reykholtsstaður.
Fyrir „100“ kemur 140
f. Við 0107 Sædýrasafnið í Hafnarfirði.
Fyrir „90“ kemur 126
g. Við 0108 Geysir í Haukadal.
Fyrir „10“ kemur 20
h. Við 0109 Náttúrugripasafnið í Borgarnesi.
Fyrir „15“ kemur 21
i. Við 0110 Zontaklúbbur Akureyrar, vegna Nonnahúss.
Fyrir „4“ kemur 6
j. Við 0112 Hús Guðmundar Böðvarssonar.
Fyrir „21“ kemur 29
k. Við 0115 Dýrasöfn.
Fyrir „4“ kemur 6
l. Við 0116 Safnahús á Blönduósi.
Fyrir „13“ kemur 18
m. Við 0117 Safnahús á Sauðárkróki.
Fyrir „13“ kemur 18
n. Við 0118 Safnahús á Húsavík.

Þús. kr.

Fyrir „13“ kemur 18
o. Við 0119 Héraðsskjalasafnið á Egilsstöðum.
Fyrir „13“ kemur 18
p. Við 0121 Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar.
Fyrir „5“ kemur 7
q. Við 0123 Safnahús í Borgarnesi.
Fyrir „30“ kemur 42
r. Við 0125 Endurbygging Búðakirkju.
Liðurinn fellur niður.
s. Við 0207 Landssamband hjálparsveita skáta.
Fyrir „200“ kemur 400
t. Við 0208 Dýraverndunarfélag Íslands.
Fyrir „7“ kemur 10
u. Við 0209 Fuglaverndunarfélag Íslands.
Fyrir „7“ kemur 10
v. Við 0213 Kvenfélagasamband Íslands.
Fyrir „150“ kemur 210
x. Við 0214 Kvenréttindasamband Íslands.
Fyrir „8“ kemur 11
y. Við 0218 Hagsmunasamtök einstæðra foreldra.
Fyrir „10“ kemur 14
z. Við 0222 Landakotsskóli.
Fyrir „130“ kemur 400
þ. Við 0223 Hlíðardalsskóli.
Fyrir „300“ kemur 500
æ. Við 0225 Nemendaskipti.
Fyrir „13“ kemur 20
ö. Við 0317 Byggðasafn að Reykjum í Hrútafirði.
Fyrir „16“ kemur 22
aa. Við 0318 Náttúrugripasafn á Selfossi.
Fyrir „13“ kemur 18
14. Við 2. gr. 03 399 Ýmis utanríkismál.
a. Við 0103 Lögberg-Heimskringla.
Fyrir „50“ kemur 106
b. Við 0106 Háskóli Sameinuðu þjóðanna.
Fyrir „1 850“ kemur 2 650
15. Við 4. gr. 04 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „4 414“ kemur 5 914
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „721“ kemur 921
16. Við 4. gr. 04 231 Skógrækt ríkisins.
Nýir liðir:
0111 Útivistarsvæði 150
0112 Vegna tilrauna við rótarskóga 100
17. Við 4. gr. 04 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.
a. Við 0103 Norræna búfræðifélagið.
Fyrir „2“ kemur 3
b. Við 0104 Landssamband ísl. hestamannafélaga.
Liðurinn fellur niður.
c. Við 0105 Landssamband ísl. hestamannafélaga, til leiðbeininga um hestamennsku.
Fyrir „3“ kemur 10

Þús. kr.

d. Við 0120 Landvernd.
Fyrir „200“ kemur 300
e. Við 0121 Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu.
Fyrir „50“ kemur 80
f. Nýr liður:
0124 Til rannsókna á lifnaðarháttum æðarfugls 250

18. Við 4. gr. 05 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs 0109 Veiðieftirlit.
Fyrir „3 657“ kemur 3 917

19. Við 4. gr. 05 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 4 Viðhald.
Fyrir „326“ kemur 656

20. Við 4. gr. 06 208 Rannsóknalögregla ríkisins.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „15 775“ kemur 17 275
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 953“ kemur 3 453

21. Við 06 251 Landhelgisgæslan.
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „31 824“ kemur 42 351
b. Við 91 Til fyrirtækja í B-hluta.
Fyrir „9 697“ kemur 8 962

22. Við 4. gr. 06 301 0122 Hallgrímskirkja í Reykjavík.
Fyrir „750“ kemur 1 000

23. Við 4. gr. 07 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „13 738“ kemur 16 323
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „6 438“ kemur 7 216
c. Við 94 Til einstaklinga og samtaka.
Fyrir „1 000“ kemur 2 339
d. Við 0 Sértekjur.
Fyrir „5 249“ kemur 6 275

24. Við 4. gr. 07 978 Heimili fyrir þroskahefta.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „31 616“ kemur 32 656
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „14 343“ kemur 15 843
c. Við 0 Sértekjur.
Fyrir „1 690“ kemur 1 030

25. Við 4. gr. 07 981 Vinnumál. Nýr liður:
0134 Sjómannasamtök, lögskráning 200

26. Við 4. gr. 07 999 Ýmis framlög.
a. Við 0103 Félag heyrnarlausra.
Fyrir „160“ kemur 240
b. Við 0104 Heyrnarhjálp, félag.
Fyrir „44“ kemur 66
c. Við 0105 Geðverndarfélag Íslands.
Fyrir „55“ kemur 83
d. Við 0107 Mæðrastyrksnefndir.
Fyrir „14“ kemur 21
e. Við 0108 Rauði kross Íslands.
Fyrir „20“ kemur 30
f. Við 0110 SÍBS.

Þús. kr.

Fyrir „44“ kemur 66

g. Við 0111 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.
Fyrir „230“ kemur 345

h. Við 0113 Slysavarnafélag Íslands.
Fyrir „1 360“ kemur 2 040

i. Við 0114 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.
Fyrir „308“ kemur 462

j. Við 0123 Sjómannastofur.
Fyrir „148“ kemur 240

k. Við 0125 Öryrkjabandalag Íslands.
Fyrir „84“ kemur 150

l. Við 0126 Ferlinefnd fatlaðra.
Fyrir „25“ kemur 38

m. Við 0127 Blindrafélagið.
Fyrir „150“ kemur 250

n. Við 0129 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra.
Fyrir „10“ kemur 15

o. Við 0135 Þroskahjálp, landssamtök.
Fyrir „50“ kemur 75

p. Við 0138 Náttúrulækningafélag Íslands.
Fyrir „70“ kemur 105

q. Við 0139 Blindravinafélagið.
Fyrir „17“ kemur 26

r. Við 0146 Samtök aldraðra.
Fyrir „140“ kemur 210

s. Við 0148 Gigtarfélag Íslands.
Fyrir „50“ kemur 150

t. Við 0149 Íþróttasamband fatlaðra.
Fyrir „70“ kemur 105

27. Við 4. gr. 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.
Fyrir „3 483 000“ kemur 3 480 975

28. Við 4. gr. 08 301 Landlæknir 2
Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 387“ kemur 1 502

29. Við 4. gr. 08 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

a. Við 20 Laun.
Fyrir „3 474“ kemur 3 764

b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 268“ kemur 1 368

c. Við 94 Til einstaklinga og samtaka.
Fyrir „2 500“ kemur 3 200

30. Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn 4 Viðhald.
Fyrir „17 507“ kemur 19 507

31. Við 4. gr. 08 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

a. Við 0309 Landakotsspítali, röntgentæki.
Liðurinn fellur niður.

b. Við 0311 DAS, Hrafnista, Hafnarfirði.

1. Í stað orðsins „fimm“ kemur: sex.

2. Fyrir „2 584“ kemur 2 912

32. Við 4. gr. 08 386 Landakotsspítali:

a. Fyrirsögn orðast svo:
St. Jósefsspítali, Landakoti.

Þús. kr.

b. Nýr liður:
6 Gjaldfærður stofnkostnaður 2 000

33. Við 4. gr. 08 387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „85 129“ kemur 92 479
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „39 400“ kemur 41 900
c. Við 4 Viðhald.
Fyrir „4 000“ kemur 6 500

34. Við 4. gr. 08 399 Ýmis heilbrigðismál.
a. Við 0108 Hjartavernd.
Fyrir „1 300“ kemur 1 950
b. Við 0109 Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir „1 700“ kemur 4 575
c. Við 0131 Félag astmasjúklinga.
Fyrir „4“ kemur 6
d. Við 0132 Exem- og psoriasissjúklingar.
Fyrir „6“ kemur 9
e. Við 0156 Ýmis framlög.
Fyrir „130“ kemur 180

35. Við 4. gr. 08 471 Gæsluvistarsjóður.
a. Við 0103 Bláa bandið.
Fyrir „24“ kemur 36
b. Við 0104 Vernd, félagssamtök.
Fyrir „21“ kemur 36
c. Við 0105 Samtök áhugamanna um áfengisbölið.
Fyrir „140“ kemur 210

36. Við 4. gr. 08 481 Bindindisstarfsemi.
Aftan við liðinn bætist:
Viðfangsefni:
0102 Áfengisvarnir 1 181
0105 Stórstúka Íslands 225

37. Við 4. gr. 10 341 Siglingamálastofnun 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 877“ kemur 2 477

38. Við 4. gr. 10 342 Sjóslysanefnd.
Nýr liður:
94 Til einstaklinga og samtaka 110

39. Við 4. gr. 10 471 Flugmálastjórn.
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „17 568“ kemur 19 568
b. Við 4 Viðhald.
Fyrir „2 700“ kemur 5 700

40. Við 4. gr. 10 485 Ýmis framlög.
a. Við 0102 Flugbjörgunarsveitir.
Fyrir „200“ kemur 300
b. Nýr liður:
0105 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 300

	Þús. kr.
41. Við 4. gr. 11 201 Iðntæknistofnun.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „12 167“ kemur	12 437
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „5 575“ kemur	5 710
c. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „520“ kemur	755
42. Við 4. gr. 11 299 0127 Iðnráðgjafar.	
Fyrir „1 290“ kemur	1 710

Sþ. 150. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um könnun á kostnaði við að leggja jarðstreng til sjónvarpssendinga o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela Landssíma Íslands að kanna kostnað og hagkvæmni þess að leggja fjölrása jarðstreng til sjónvarpssendinga og annarra fjarskipta um þéttbýli og síðar milli landshluta.

Skal Landssíminn kanna sérstaklega þá áætlun um jarðstrengjavæðingu sem unnið er að í Englandi, hvernig þeir hyggjast fjármagna þær framkvæmdir og um kvaðir á slíkri starfsemi.

Allur kostnaður við könnun þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Eftirfarandi grg. fylgdi henni þá:

„Mikil umræða hefur átt sér stað hér á landi síðustu misserin um svokallaða kapaltengingu milli íbúða, húsa og íbúðarhverfa til að flytja um sjónvarpsefni. Mikill hluti þessarar umræðu hefur farið í deilur um, hvort einkaréttur Ríkisútvarpsins gilti á þessu sviði, og um ófrjálsa töku efnis til sýningar í þessum kerfum. Inn í þessa umræðu hafa síðan blandast vangaveltur um hina öru tækniþróun sem nú á sér stað í allri fjölmiðlun.

„Kapalsjónvarp“, eins og það hefur stundum verið kallað, hefur verið í notkun um langt árabil hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Almenn þekking og frumkvæði einstaklinga hefur orðið til þess, að slík notkun hefur breiðst út hér á landi, fyrst um Suðurnes, síðan höfuðborgarsvæðið og nú um þéttbýlissvæði víðs vegar um land. Er svo komið að íbúasamtök og stjórnendur einstakra bæjarfélaga hyggja á stórframkvæmdir á þessu sviði „jarðstrengjavæðingar“ innan sveitarfélags og jafnvel beina móttöku frá sjónvarpshnöttum.

Í Bandaríkjunum er þetta kerfi gamalþekkt og er álitið að þar verði 60% heimila tengd slíku kerfi árið 1990.

Í Englandi er nú unnið að viðamikilli og stórhuga áætlun um að leggja jarðstrengi um stórborgir landsins til að tengja það hinni nýju veröld rafeindatækninnar.

Í Englandi er talið að fylgt verði tillögu um lögn glertrefjastrengs sem meginflutningsæðar, en slíkur strengur hefur næstum ótæmandi möguleika, en síðan er skipt í þessu kerfi yfir á sérstaka sjónvarpsstrengi með allt að 50 rásum. Þegar þessi áætlun kemst til framkvæmda er áætlað að þetta færi landinu eins mikla möguleika, þegar næsta öld gengur í garð, og lagning járnbrautakerfis gerði á hinni síðustu.

Þetta mun skapa óendanlegan fjölda viðskiptamöguleika fyrir þá, sem hafa áræði og útsjónarsemi til að nýta strengi sem flutt geta efni í báðar áttir, og um leið fjölda atvinnutækifæra. Fyrsta stigið yrði fólgið í því að auka sjónvarpsþjónustu við heimilin. Annað stigið, sem er öllu mikilvægara, er að gjörbylta því, á hvern hátt fólk selur, kaupir, stundar bankaviðskipti, lærir og vinnur á fleiri sviðum. Það, sem þykir ánægjulegast við þetta þar í landi, er að talið er að eins og í byrjun járnbrautaaldar þurfi ríkisstjórnin ekki að auka útgjöld sín vegna strengjabyltingarinnar um eitt penný. Reiknar ríkisstjórnin með að einkaframtakið sé reiðubúið til að leggja fram þá fjármuni sem til þurfi.

Englendingar telja sig geta hlaupið yfir hina bandarísku reynslu vegna þess, hve seinir þeir eru að taka upp strengjakerfið, en það bandaríska er nú talið úrelt. Þar er fjöldi rása takmarkaður oftast við 12 og aðeins í nýjustu kerfunum eru strengir sem hafa rásir í báðar áttir. Englendingar stefna nú að því að byggja upp háþróað strengjakerfi og hverfa frá úreltu kerfi sem nú er notað þar í landi. Hjá þeim, sem nú kanna þessi mál í Englandi, er sú skoðun uppi, að forðast eigi hina bandarísku venju að veita staðbundin einkaleyfi, sem síðan er stjórnað af opinberri nefnd. Happasælla er talið að samkeppni verði milli hinna ýmsu eigenda rása um hylli notenda í hverri borg. Þar er réttilega talið að á nýrri upplýsingaöld byggist sóknin fram á við á samkeppni og fjölbreytileik, en ekki á einkaleyfum og miðstýringu.

Nokkur reynsla er komin á svokölluð „kapalkerfi“ hér á landi. Sú reynsla hefur þegar kennt okkur nokkuð af því, sem ber að varast, og hvaða lágmarksafskipti opinberir aðilar eigi að hafa af slíkri starfsemi. Sýnist augljóst að leyfi þarf til að leggja slíkan streng í jörðu í landi sveitarfélags auk reglna um dýpt, merkingu og annan frágang. Sjálfsagt virðist að fyrirbyggja almennar útsendingar á klámi og öðru sem særir almennt siðgæði, persónumeiðandi útsendingum, auk þess sem höfundaréttur verði tryggður.

Landssíminn er kallaður hér til vegna þeirrar tæknikunnáttu, sem þar er til staðar, strax við fyrstu könnun þessa máls. Auk þess er eðlilegt að ætla að slíkur aðili vilji tryggja sér rás(ir) í slíku kerfi vegna framtíðarviðskipta (gíró, skeyti). Auk einkaaðila koma að sjálfsögðu fleiri opinberir aðilar til greina, t. d. þeir sem fara með kennslumál. Enn fremur má benda á banka og ríkissjónvarpið sem verður að standa í samkeppni við einkaaðila í fjölmiðlun framtíðarinnar.“

Ed. 151. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 51 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðbótum af veittum lánum.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði sem verði eigi lægra en tvöfalt hærra að verðgildi en framlag á fjárlögum ársins 1982.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977, og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnar hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði samkvæmt VII. kafla þessara laga.

2. gr.

9. töluliður 11. gr. laganna orðist svo:

Lán til byggingarsamvinnufélaga og annarra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Lán samkvæmt 1. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum og fyrirtækjum til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Lánsfjárhæð til hverrar íbúðar fer eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúða, sbr. 35. gr.

Ef umsækjandi um lán ætlar að byggja leiguíbúð eina eða fleiri eða leigja sína fyrri íbúð þegar byggingu er lokið, skal hann undirrita skuldbindingu um að hann muni leigja hana til íbúðar þegar nýja íbúðin er fullgerð.

Ef lántakandi stendur ekki við skuldbindingu sína samkvæmt framansögðu, sameinar íbúðina annarri íbúð eða tekur til annarra nota en íbúðar, fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara.

Samkvæmt þessari grein skal einnig veita lán til þeirra, sem byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða til einkaeignar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til umsækjenda, sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð, er talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

4. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Lán samkvæmt 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum sem byggja íbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar ákveða hámarkshlutfall lána samkvæmt þessari grein fyrir næsta ár. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fokheld.

Heimilt er að selja lífeyrisþegum hlutdeild í íbúð sem byggð er samkvæmt þessari grein með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta. Nánari reglur um slíka hlutareign leigutaka skulu settar í reglugerð.

Að fengnu leyfi Seðlabanka Íslands er sveitarfélögum, eða öðrum sem byggja samkvæmt þessari grein, heimilt að selja verðtryggð skuldabréf til einstaklinga, sem með kaupum á skuldabréfum vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili. Skuldabréfin skulu tryggð með öðrum veðrétti í viðkomandi íbúð næst á eftir veði Byggingarsjóðs ríkisins og vera verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Heimilt er að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra flytur úr íbúðinni eða vistheimilinu, svo og við andlát hans.

Ekki er heimilt að ráðstafa meira en helming íbúða eða vistrýma í hverjum byggingaráfanga gegn sölu á skuldabréfum, nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að setja það skilyrði fyrir lánum að íbúðir fyrir aldraða séu í næsta nágrenni við heilsugæslustöð.

5. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Lán til viðbyggingar eða endurbóta á eldra húsnæði má nema allt að 40% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu. Ef um viðbyggingu er að ræða og jafnframt eldra húsið endurbyggt og hvor verkþáttur um sig uppfyllir reglur húsnæðismálastjórnar um lánshæfni má lánið nema samtals allt að 80% af fullu láni til nýbyggingar.

6. gr.

Í 2. mgr. 24. gr. laganna falli brott orðin „og með bakábyrgð sveitarstjórnar".

7. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja húsnæði sem talið er heilsuspillandi, sé það álitið hagkvæmt, að mati byggingarfróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefna.

Í 4. mgr. 25. gr. laganna falli brott orðin „og með bakábyrgð sveitarstjórnar".

8. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð láns skv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% kostnaðar vegna framkvæmda skv. 26. gr.

Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Ef lántaki er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið, að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu, er heimilt að fresta afborgunum um óákveðinn tíma. Gildir þá ekki

ákvæði 1. ml. um hámarkslánstíma. Lánið fellur þó í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um lánskjör.

9. gr.

Við 32. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Nú notfærir byggingarsamvinnufélag, sem uppfyllir ákvæði VIII. kafla laga þessara, eða viðurkenndur framkvæmdaaðili í byggingariðnaði sér ekki heimild til framkvæmdaláns hjá Byggingarsjóði ríkisins og skal þá heimilt að greiða út lán til ofangreindra aðila með þeim hætti að fyrri hluti lánsins komi til útborgunar einum mánuði eftir fokheldisstig og seinni hluti sex mánuðum síðar.

10. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands. Þó skulu vextir af lánum samkvæmt 5. tl. 11. gr. vera bundnir við 0.5% og lán samkv. 6. tl. 11. gr. vera vaxtalaus. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og innheimtuþóknun lánastofnana af lánum sjóðsins.

4. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagar lána samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera eigi færri en fjórir á ári. Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að fjölga gjalddögum, ef það er talið æskilegt. Gjalddaga lána samkvæmt 8. og 9. tl. 11. gr. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

11. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó húsnæðismálastjórn að fengnu samþykki félagsmálaráðherra að ákveða hærra lánshlutfall og lengja lánstíma til þeirra sem enga íbúð eiga fyrir og hafa ekki átt íbúð eða aðra sambærilega eign á síðustu tveimur árum. Þá skal viðmiðun lána til nýbygginga á lögbýlum vera einum staðli hærri en gildir miðað við fjölskyldustærð lántakanda.

12. gr.

Við 36. gr. laganna bætist nýr stafliður svohljóðandi:

c) Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

13. gr.

e-liður 37. greinar laganna falli brott.

14. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Verði umsóknir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða eða leiguíbúða fleiri en sjóðurinn getur veitt á því ári skal húsnæðismálastjórn gera áætlun til þriggja ára í senn um það hvernig þörfum hvers sveitarfélags fyrir slíkar íbúðir verði fullnægt.

15. gr.

Við 42. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar:

Ef nauðsynlegt er vegna aðstöðu á byggingarstað eða af öðrum ástæðum að byggja bílskúr eða bílskýli með íbúðum í verkamannabústöðum þá skal kostnaður við þær framkvæmdir dreginn frá byggingarkostnaði íbúðanna áður en lán til þeirra er ákveðið.

Við endursölu á íbúð í verkamannabústöðum skal bílskúr eða bílskýli sem tilheyrir íbúðinni metið sérstaklega, og er eigi skylt að staðgreiða seljanda þann hlut eignarinnar.

16. gr.

2. mgr. 48. gr. laganna orðist svo:

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal stjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar til sölu. Í auglýsingunni skal koma fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

17. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp í áætlað kostnaðarverð innan mánaðar frá því að úthlutun fer fram. Stjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga á framlagi kaupenda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að hluti kaupenda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð í verkamannabústað ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum samkvæmt ákvörðun stjórnar verkamannabústaða, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann var búinn að greiða auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

18. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður verkamanna skal að jafnaði taka 1. veðrétt í íbúð fyrir þeim lánum sem hann veitir. Nú á kaupandi að íbúð í verkamannabústað rétt á láni í lífeyrissjóði og er þá heimilt að lífeyrissjóðurinn taki 1. veðrétt fyrir sínu láni en Byggingarsjóður verkamanna 2. veðrétt, enda lækki lán Byggingarsjóðs verkamanna sem því nemur.

19. gr.

Úr 4. ml. 1. mgr. 52. gr. laganna falli niður orðin:

„sem nemur 10% af byggingarkostnaði".

Niður falli síðasti málsliður 1. mgr. svohljóðandi:

„Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð".

2. mgr. 52. gr. laganna orðist svo:

Ársvextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna skulu ákveðnir af ríkisstjórninni til eins árs í senn að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands. Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðast síðan á 42 árum með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands.

Úr 3. mgr. 52. gr. falli niður orðin:

„þ. e. 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. ár hvert".

20. gr.

Í stað orðanna í 53. gr. laganna „sem tilgreint er í 48. gr. fyrstu 30 árin" komi: sem tilgreint er í 54. gr. fyrstu 15 árin.

21. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Eigandi íbúðar í verkamannabústað, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það stjórn verkamannabústaða eða sveitarstjórn, sem kaupir íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerða samkvæmt þeim.

Stjórn verkamannabústaða skal í umboði sveitarstjórnar annast innkaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum, ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Við innkaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt mati matsnefndar félagslegra íbúða.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin er afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt mati matsnefndar, svo og lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá þeim tíma þegar íbúðin var afhent til söludags. Frá því verði skal draga fyrningu skv. 4. mgr. þessarar greinar. Við framanreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en sem nemur 80% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 80% af söluverði íbúðarinnar.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá matsnefnd félagslegra íbúða afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar m. a. byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Eftirstöðvar áhvílandi lána hjá Byggingarsjóði verkamanna skulu þá afskrifaðar í sama hlutfalli.

22. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna orðist svo:

Nú samþykkir sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúnahreppi að leysa hluta af íbúðaþörf þeirri, sem fram kemur við könnun samkvæmt 40. gr. þessara laga, með byggingu leiguíbúða samkvæmt b-lið 36. gr., og sendir þá sveitarstjórn Húsnæðisstofnun ríkisins tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórnin formlega umsókn um lán til framkvæmdanna úr Byggingarsjóði verkamanna. Á sama hátt skulu þeir aðilar er hyggjast standa að byggingu leiguíbúða samkvæmt c-lið 36. gr., að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórn, senda inn formlega umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna. Í umsókn umsóknaraðila skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar.

23. gr.

57. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal fela tæknideild Húsnæðisstofnunarinnar að yfirfara tillögu byggingaraðila á sama hátt og fyrir er mælt í 44. gr., að því er verkamannabústaði varðar.

24. gr.

1. mgr. 58. gr. laganna orðist svo:

Telji húsnæðismálastjórn, að fenginni umsögn tæknideildar, fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir ákvæði b- eða c-liðar 36. gr. þessara laga, heimilar hún byggingaraðila að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

25. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:

Þegar framkvæmdaheimild hefur verið veitt gerir Húsnæðisstofnun framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi byggingaraðila leiguíbúða. Skal þar kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar hluta hans í fjármögnun framkvæmdanna samkvæmt 1. mgr. 60. gr. þessara laga. Miða skal við, að lánsfé komi til greiðslu í samræmi við framkvæmdahraða og skal byggingaraðili senda skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni sem Húsnæðisstofnun nefnir til.

26. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga skv. b-lið 36. gr. mega nema 80% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúða þeirra, sem gilda til viðmiðunar fyrir fyrirhugaðar íbúðir, sbr. ákvæði 35. gr. laga þessara. Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. c-lið 36. gr. mega nema allt að 65% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Annan kostnað við framkvæmdirnar skal hlutaðeigandi byggingaraðili bera. Nú verður raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur áætluðu verði staðalíbúðar, og skal þá hlutaðeigandi byggingaraðili standa undir þeim umframkostnaði.

Heimilt er aðilum er byggja leiguíbúðir skv. c-lið 36. gr. að selja leigutaka hlutareign í íbúð með þeim kvöðum að eignahluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni, en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, en án vaxta. Nánari reglur um hlutareign leigutaka skulu settar í reglugerð.

Lán til leiguíbúða skulu að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í þeim íbúðum sem byggðar eru.

Lánin skulu veitt til 31 árs og vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðist síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á 30 árum.

Gjalddagar lánanna skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

27. gr.

62. gr. laganna orðist svo:

Leiguíbúðum, sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga samkvæmt b-lið 36. gr., skal stjórn verkamannabústaða ráðstafa í umboði sveitarstjórnar. Við úthlutun íbúðanna skulu þeir hafa forleigurétt sem búa við lakastar aðstæður, svo sem láglaunafólk, einstæð foreldri og aðrir þeir, sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, þ. á m. ungt fólk fyrstu búskaparárin.

Leiguíbúðum, sem byggðar eru samkvæmt c-lið 36. gr., skal lántakandi ráðstafa.

Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og um ákvörðun húsaleigu skulu sett í reglugerð.

28. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Nú er talið hagkvæmt að kaupa eldra húsnæði til nota sem leiguíbúð og er þá Bygging-

arsjóði verkamanna heimilt að veita lán til slíkra kaupa samkvæmt 60. gr., enda fullnægi húsnæðið þeim almennu kröfum, sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði, og kaupverð sé eigi hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar. Lánveiting sjóðsins má þá nema sama hlutfalli af kaupverði að frádregnum áhvílandi lánum og lánað er til nýbygginga.

29. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum, meðan á þeim hvíla lán frá Byggingarsjóði verkamanna.

30. gr.

Við 66. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Verðlagning íbúða í verkamannabústöðum skal fara fram samkvæmt ákvæðum þessarar greinar til ársloka 1983 en frá þeim tíma greiðast ekki frekari verðbætur á eftirstöðvar af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Frá 1. jan. 1984 reiknast fullar verðbætur samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á eign seljanda í íbúðinni eins og hún var við árslok 1983.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá matsnefnd félagslegra íbúða afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar m. a. byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Eftirstöðvar áhvílandi lána hjá Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skulu þá afskrifaðar í sama hlutfalli.

31. gr.

Í stað 1. mgr. 72. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. mgr. 71. gr., hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa eða stofnað heimili og hefur barn á framfæri, skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt. Enn fremur skulu þeir sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði samkvæmt vottorði skólastjóra eiga þess kost að fá endurgreitt helming þess fjármagns er þeir höfðu lagt í sjóðinn. Ekki er þó heimilt að endurgreiða skyldusparnað á sama ári og hann er dreginn af launum skyldusparenda.

Vextir af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins reiknast frá þeim tíma sem fjármagnið er lagt í sjóðinn og skulu vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma fyrir lán úr sjóðnum að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkvæmt 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

32. gr.

73. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnir skyldusparnaði eru:

a. Þeir sem búa við varanlega örorku samkvæmt vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
b. Gift fólk eða sambýlisfólk, sem heldur heimili og hefur barn á sínu framfæri.
c. Einstæðir foreldrar sem halda heimili fyrir börn sín.
d. Þeir sem byggt hafa eða keypt íbúð til eigin þarfa. Sá, sem á rétt til undanþágu frá sparnaðarskyldu, skal sanna það með formlegu vottorði frá skattstjóra. Ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi en á þá rétt til endurgreiðslu svo sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistarleyfi eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan er þeir hverfa af landi brott.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita þeim viðbótarlán við önnur lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem taka út sparifé sitt til þess að kaupa eða byggja íbúð. Húsnæðismálastjórn skal setja nánari reglur um þær lánveitingar.

33. gr.

75. gr. laganna orðist svo:

Póstgíróstofan skal annast innheimtu á skyldusparnaði samkvæmt lögum þessum með sama hætti og orlofsfé af tímakaupi launafólks. Skylt er laungreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skila því til Póstgíróstofunnar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði frá skattstjóra um undanþáguheimild sína.

34. gr.

76. gr. laganna orðist svo:

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni sem skylt er að greiða hann samkvæmt lögum þessum, eða vanrækir að skila til Póstgíróstofunnar fjármagni sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna, er hann ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtur annarra skatta, þ. á m. varðandi fjárnám og álagningu dráttarvaxta.

35. gr.

Á eftir VII. kafla laganna komi nýr kafli, er verði VIII. kafli, 77.—83. gr., með fyrirsögninni: Um byggingarsamvinnufélög, og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að VIII. kafli verður IX. kafli og 77.—79. gr. verða 84.—86. gr.

36. gr.

77. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum skv. lögum nr. 46 1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum, sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra, sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“, og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

37. gr.

78. gr. laganna orðist svo:

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46 frá 1937 um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarkstala stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum, er miði m. a. að því, að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna á fullnægjandi hátt félagsmönnum að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal síðan rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ hlutar atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna enda séu fundirnir lögmætir samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meirihluti í öðru eða einu þeirra félaga, sem í hlut á, og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

38. gr.

79. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri, meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 32. gr. laga þessara er heimilar að greiða lán til byggingarsamvinnufélaga með þeim hætti að fyrri hluti lánsins greiðist einum mánuði eftir fokheldisstig og seinni hluti sex mánuðum síðar. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélögum er veitt lán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokaáfanga skuli skilað.
c. Með varasjóðstillagi, er nemi allt að 2% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð.
d. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð, er nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann, og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða bönkunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki, sem hann á aðild að, og ganga þá, ásamt vöxtunum, upp í byggingarkostnaði.

   Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

39. gr.

80. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu bygging-

arkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna, og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu téð skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir, sem fyrr uppfylltu skilyrðið, gangi fyrir hinum, sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum, koma þeir, sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð, en ekki enn eignast tilskilinn 1/5 hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir, sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum, sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis, sem fyrr gengu í félagið. Þeir félagsmenn, sem ekki eru íbúðareigendur, skulu þó hafa forgangsrétt fyrir þeim, sem eiga hús eða íbúð fyrir á félagssvæðinu, sem að áliti stjórnar félagsins fullnægir íbúðaþörf þeirra.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum, eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun, yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

40. gr.

81. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum, sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar, uns íbúðirnar hafa verið afhentar, og heimilt er henni að taka að sér málarekstur á síðara stigi, ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða, að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði, allt að þeirri fjárhæð, sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

Byggingarsamvinnufélag verður ekki krafið skaðabóta af einstökum félagsmönnum eða byggingarflokki, nema tjón verði rakið til mistaka eða vanrækslu stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins.

41. gr.

82. gr. laganna orðist svo:

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

42. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Enn fremur skal hún með

lánum skv. 32. gr. laga þessara stuðla að því að unnt sé að ljúka framkvæmdum á sem skemmstum tíma.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

43. gr.

Töluliður 1 til 6 í ákvæði til bráðabirgða falli brott en í stað þeirra komi eftirfarandi:

1. Ríkisstjórn er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að fresta hluta afborgana af fullverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins ef greiðslubyrði lánanna eykst frá því sem hún var í október 1982 vegna hækkunar á lánskjaravísitölu umfram hækkun vísitölu kauptaxta verkamanna, samkvæmt útreikningum kjararannsóknanefndar. Þeim afborgunum sem frestað er samkvæmt framansögðu skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengjast eftir þörfum svo að greiðslubyrði lánsins aukist ekki af þeim sökum.
2. Ríkisstjórninni er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974 til 1979 ef uppfærðar eftirstöðvar láns nema hærri fjárhæð en 250 þúsundum króna miðað við október 1982. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðun er tekin um vaxtalækkun.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36 frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og lög nr. 59 frá 1973, um breytingu á lögum nr. 30 frá 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 51/1980 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 51/1980 komu til framkvæmda kom fljótlega í ljós, að æskilegt var að breyta nokkrum atriðum í þeim lögum til að auðvelda framkvæmd þeirra. Húsnæðismálastjórn fjallaði nokkuð um hugsanlegar breytingar á lögunum seint á árinu 1981 og setti nefnd stjórnarmanna í að undirbúa málið. Sendi stjórnin uppkast að frumvarpi til félagsmálaráðherra sem síðan flutti málið á síðasta alþingi vorið 1982. Frumvarpið var lagt fram í efri deild og fékk þar góðar undirtektir, en hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok.

Félagsmálaráðherra skipaði svo á síðastliðnu sumri starfshóp til að fjalla um fjárhagsvanda hinna opinberu byggingarsjóða, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, og til þess að kanna og gera tillögur um ýmsa þætti húsnæðismála. Í starfshópnum störfuðu eftirtaldir menn: Alexander Stefánsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Ormur Halldórsson, Ólafur Jónsson og Þorvaldur Mawby. Svavar Gestsson, félagsmálaráðherra, fylgdist með störfum hópsins og sat flesta fundi hans. Þeir Ingi Valur Jóhannsson og Jón Rúnar Sveinsson störfuðu með hópnum sem sérfræðilegir ráðunautar. Starfshópurinn varð sammála um ákveðnar tillögur sem hann beindi til ríkisstjórnarinnar. Þær tillögur voru kynntar á blaðamannafundi fyrir nokkru og í framhaldi af þeirri tillögugerð varð frumvarp það til, sem hér liggur fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir ýmsum lagfæringum sem eru í samræmi við þær tillögur sem starfshópurinn gerði og kynntar voru opinberlega fyrir nokkru og birtar hafa verið í blöðum.

Engu að síður þykir rétt að birta hér í heild tillögur þær um húsnæðismál sem starfshópurinn lagði fyrir ríkisstjórnina og ríkisstjórnin hefur nú gert að sínum. Gerist það með þeim hætti að ríkisstjórnin flytur breytingartillögur við húsnæðismálalögin í formi þess frumvarps sem hér liggur fyrir og með þeim hætti að ríkisstjórnin hefur þegar tekið ákvarðanir í samræmi við tillögur starfshópsins. Má þar nefna ákvörðun um verulega hækkun á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1983. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að hefja viðræður við bankana um greiðari samskipti húsbyggjenda og þeirra sem kaupa íbúðir við bankakerfið en verið hefur og eru þær viðræður þegar hafnar og verður væntanlega hægt að kynna nýtt fyrirkomulag í þeim efnum samhliða því að alþingi tekur afstöðu til frumvarpsins sem hér liggur fyrir.

Í frumvarpinu er komið inn á fjölmarga þætti í húsnæðismálum sem ekki verður farið út í að rekja hér í smáatriðum, en hér fer á eftir greinargerð um frumvarpið í því formi, að fyrst eru birtar tillögur um húsnæðismál, sem starfshópur um húsnæðismál lagði fram fyrir ríkisstjórnina, í öðru lagi eru birtar skýringar við einstakar tillögur um húsnæðismál, í þriðja lagi eru svo birtar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og aðrar nauðsynlegar skýringar.

Tillögur um húsnæðismál.

1. Lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð hækki verulega á næstu árum og eigi minna en um 25% að raungildi þegar á árinu 1983 frá og með næstu starfsáætlun Húsnæðisstofnunar. Fyrir 1984 skal tekin ákvörðun um frekari hækkun.
2. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins verði tvöfaldað að raungildi frá árinu 1982.

   Byggingarsjóður verkamanna haldi óskertum tekjum sínum samkvæmt lögum, þ. e. eigi lægri tekjum en sem nemur 1% launaskatti, eins og hann er að raungildi 1982.
3. Öllum lífeyrissjóðum á landinu verði skylt að kaupa skuldabréf fyrir eigi lægri fjárhæð en sem nemur 45% af ráðstöfunartekjum sínum af Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, ríkissjóði, Framkvæmdasjóði eða öðrum fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og samkvæmt þeirri skiptingu sem ákveðin er í fjárlögum. Seðlabankinn geri tillögur um fyrirkomulag, sem tryggi betur en nú er aðild lífeyrissjóða að húsnæðislánakerfinu.
4. Reglum lífeyrissjóðanna um lánveitingar til sjóðfélaga verði breytt á þann veg að lán verði aðeins veitt til húsnæðismála. Gengið verði frá þessum málum með samningum við lífeyrissjóðina.
5. Fellt verði niður ákvæði í lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins sem kveða á um bindingu útlánsvaxta Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands.
6. Ríkisstjórnin beitir sér fyrir samkomulagi við viðskiptabanka og sparisjóði um samræmda þátttöku í fjármögnun húsnæðismála. Í þessu skyni verði stofnaðir nýir húsnæðisreikningar í viðskiptabönkum og sparisjóðum þar sem innlán í 2—4 ár veiti rétt til 15 ára viðbótarláns við lán frá Byggingarsjóði ríkisins. Upphæð láns ákvarðast af reglum sem taka mið af innlánstíma. Það fjármagn sem bankarnir lána til lengri tíma í þessu skyni verði heimilt að draga frá bindiskyldu viðkomandi banka hjá Seðlabanka Íslands.

   Jafnframt verði kannað hvort unnt sé að beita skattfríðindum til að hvetja til sparnaðar í bönkum í þágu húsnæðismála.

7. Viðskiptabankarnir taki að sér að veita framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði framkvæmdalán á byggingartímanum sem Byggingarsjóður ríkisins endurgreiðir þegar íbúðirnar eru lánshæfar samkvæmt reglum sjóðsins.

   Jafnframt því sem framkvæmdalán frá Byggingarsjóði ríkisins falli niður verði tekinn upp sá háttur að sjóðurinn greiði nýbyggingarlán til byggingarsamvinnufélaga og viðurkenndra framkvæmdaaðila í tvennu lagi, fyrri hlutann einum mánuði eftir fokheldisstig, seinni hlutann 6 mánuðum síðar.
8. Til hagræðingar og einföldunar fyrir lántakendur húsnæðistengdra lána leiti Húsnæðisstofnun samstarfs við banka, sparisjóði og lífeyrissjóði um nýtt fyrirkomulag lánveitinga og afborgana húsnæðislána. Fyrirkomulag þetta byggi á því, að lántakandi eigi aðgang að upplýsingum og gögnum frá öllum ofangreindum aðilum í sínum eigin viðskiptabanka, þar sem útborgun og innheimta húsnæðistengdra lána fari sömuleiðis fram.
9. Innheimta skyldusparnaðar ungs fólks til húsnæðismála verði bætt og reglur um endurgreiðslu hertar, auk þess sem að efld verði kynning á ávöxtunarkjörum og skattfríðindum skyldusparnaðar. Heimilt verði að veita viðbótarlán til þeirra sem taka út skyldusparnað sinn til að byggja eða kaupa íbúð. Viðbótarlán miðist við innlánstíma og upphæð skyldusparnaðar. Húsnæðismálastjórn setji nánari reglur um þessar lánveitingar.
10. Verðtrygging afborgana og vaxta húsnæðislána verði ætíð bundin við þá af vísitölunum tveimur, kauplagsvísitölu (samkvæmt útreikn. kjararannsóknanefndar) og lánskjaravísitölu, sem er **lægri.** Hins vegar verði eftirstöðvar lánsins reiknaðar upp eftir lánskjaravísitölu. Ef t. a. m. lán sem veitt var til 26 ára er ekki að fullu greitt (vegna bindingar eftirstöðva við lánskjaravísitölu) verði veitt nýtt lán sem framlengir það gamla eftir þörfum. Með þessu móti er tryggt að afborganir af húsnæðislánum hækki ekki úr hófi fram á tímum lífskjarasamdráttar.
11. Hafnar verði skipulegar byggingar leiguíbúða og verður lögð áhersla á eftirtalda liði:

   Í fyrsta lagi verði veitt lán til byggingar sérhannaðra leiguíbúða fyrir **aldraða** með hlutafjárþátttöku leigjenda.

   Í öðru lagi verði gert sérstakt átak í leiguíbúðarmálum námsmanna og skal stefnt að því að byggðar verði eigi færri en 150 námsmannaíbúðir á næstu 3 árum. Leitað verði eftir þátttöku eftirtalinna aðila auk Húsnæðisstofnunar í fjármögnun þessa átaks: Byggðasjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga.
12. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins sem flutt var á síðasta alþingi verði flutt á yfirstandandi löggjafarþingi að lokinni endurskoðun sem taki mið af þeim tillögum sem komið hafa fram hér að framan.

   Þá verði núgildandi lög um byggingarsamvinnufélög (V. kafli laga nr. 30/1970, sbr. l. nr. 59/1973) endurskoðuð og felld inn í frumvarpið sem sérstakur kafli.
13. Þjónustu- og upplýsingastarfsemi á vegum Húsnæðisstofnunar verði efld með aukinni ráðgjafarstarfsemi við lántakendur og einnig verði hafin skipuleg vinnsla upplýsinga um húsnæðismál í landinu, svo og gerð forspáa og áætlana um íbúða- og byggingaþörf.
14. Kannaðar verði leiðir til þess að lækka byggingarkostnað, meðal annars með lækkun aðflutningsgjalda á byggingarefni, lækkun launaskatts og aðstöðugjalds.

Skýringar við einstakar tillögur.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar tillögur starfshópsins:

1. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting lána Byggingarsjóðs ríkisins árið 1982 (samkvæmt endanlegri áætlun, dagsettri 2. júní 1982).

Endanleg áætlun 1982, m.kr.

Nýbyggingar	167
Eldri íbúðir	115
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga	26
Framkvæmdalán	20
Íbúðir aldraðra/dagvistarstofnanir	17
Viðbyggingar/endurbætur	14
Annað	15
Samtals	374

Ef gert er ráð fyrir að nýbyggingarlán til þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn verði 400 og lán til þeirra sem kaupa sína fyrstu íbúð verði 1200, verður kostnaðarauki af fyrstu tillögunni um 70 m.kr. Þá er einnig gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins til framkvæmdalána hækki um 6 m.kr., en lán til framkvæmdaaðila miðast við nýbyggingarlán, og myndi því 25% hækkunar lána til þeirra sem ekki eiga íbúð einnig gæta þar.

2. Í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi er framlag ríkissjóðs áætlað **71.5 m.kr.,** og tvöföldun þess jafngilti því **143 m.kr.** Framlagið var á yfirstandandi ári áætlað **53.8 m.kr.** og yrði tvöföldun þeirrar upphæðar að raungildi og miðað við 42% verðlagshækkun milli ára **152.8 m.kr.**

   Launaskattur var lagður á launagreiðendur með sérstöku samkomulagi við gerð kjarasamninga og um leið markaður tekjustofn til lausnar á húsnæðismálum lágtekjufólks í verkalýðshreyfingunni. Það samkomulag var ótvírætt grundvöllurinn að setningu laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins og forsenda fyrir þeirri fjármögnum sjóðanna sem þar er gert ráð fyrir.

   Ríkisstjórnin hefur ákveðið að auka framlag úr ríkissjóði um 85 m.kr. Þessi upphæð nær þeirri tvöföldun sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

3. Sala á skuldabréfum til lífeyrissjóðanna hefur á liðnum árum verið einn helsti tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Þessi viðskipti verða að teljast mjög æskileg ráðstöfun á því fjármagni sem lífeyrissjóðirnir þurfa að geyma til síðari tíma.

   Nú þegar fjármagnsskortur er verulegur á lánamarkaði þá hafa nokkrir fjársterkir sjóðir látið undan ásókn sjóðfélaga sinna, eða annarra aðila, og ráðstafað fjármagni sínu til annarra hluta en kaupa á skuldabréfum byggingarsjóðanna. Flestir lífeyrissjóðir hafa þó, þrátt fyrir breyttar aðstæður, haldið áfram kaupum á skuldabréfum með viðunandi hætti.

   Allir eiga rétt á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins til húsnæðismála og skapast því mikið misrétti á milli sjóðfélaga í einstökum lífeyrissjóðum, ef ekki er komið föstu skipulagi á skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Nokkrir lífeyrissjóðir leggja mikla áherslu á það að kaupa skuldabréf af lánasjóðum í sinni atvinnugrein og er því hér lagt til að það verði heimilað innan ramma lánsfjárlaga.

4. Lánsréttur félaga lífeyrissjóðs myndast nú við greiðslu iðgjalda í tiltekinn árafjölda.

   Margir verða til þess að notfæra sér þennan rétt þó að þeir séu ekki á sama tíma að fjárfesta í eignum sem fylgja verðlaginu með sama hætti og verðtryggt lán. Til þess að geta aðstoðað félaga sína verulega við kaup á íbúðum þurfa lífeyrissjóðirnir að breyta reglum um lánsrétt og binda hann við kaup eða viðgerð á íbúð fyrir fjölskyldu lántakandans.

5. Vextir á nær öllum útlánum Byggingarsjóðs ríkisins eru nú, skv. lögum nr. 51/1980, bundnir við 2% og vextir af meginhluta útlána Byggingarsjóðs verkamanna við 0.5%.

Öll þau skuldabréf sem sjóðirnir selja eru hins vegar með 3.5% vöxtum og til 15—16 ára, sem er styttri lánstími en á obbanum af útlánum sjóðanna. Augljóst er, að áframhaldandi mismunur á vöxtum þess fjár sem sjóðirnir fá að láni og þess fjár sem þeir lána út mun þegar á allra næstu árum grafa undan fjárhagsgetu sjóðanna. Þetta sést glöggt ef skoðuð er skuldabréfasala Byggingarsjóðs ríkisins til lífeyrissjóðanna á yfirstandandi ári, en hún er áætluð **187 m.kr.** Miðað við 50% meðalverðbólgu á ári og að öll upphæðin sé lánuð út á þessu ári, þá myndi sjóðurinn á næstu 5 árum fá inn greiðslur frá lántakendum sem næmu **231 m.kr.**, en yrði hins vegar að standa í skilum við lífeyrissjóðina með **349.6 m.kr.** Sú upphæð sem sjóðurinn þarf að greiða er rúmlega **50% hærri** en sú sem hann fær inn. Það er því alger forsenda fyrir framtíðarstöðu hinna opinberu byggingarsjóða, að þeir þurfi ekki að bera slíkan vaxtamun til frambúðar.

6. Viðskiptabankar og sparisjóðir verja nú verulegum hluta af útlánum sínum til einstaklinga til fyrirgreiðslu við þá sem eru að byggja eða kaupa íbúð. Að mestu leyti er þó sú fyrirgreiðsla í formi skammtímalána sem flestum er ókleift að standa undir eftir að öll lán eru verðtryggð eða með mjög þungum vöxtum.

   Hugmyndin að baki sérstaks húsnæðisreiknings í þágu húsnæðismála er að auka samvirkni fjármagns- og húsnæðiskostnaðar. Aukinn sparnaður auðveldar hækkun lána og lengingu lánstíma.

   Tillagan um undanþágu frá bindiskyldu Seðlabankans byggist á því að um aukinn sparnað verði að ræða hjá þeim sem eru að búa sig undir að byggja eða kaupa íbúð.

7. Viðskiptabankarnir veita nú byggingarsamvinnufélögum og öðrum framkvæmdaaðilum lán í vaxandi mæli til starfsemi sinnar.

   Að því er stefnt að bankarnir taki að fullu við veitingu framkvæmdalána á byggingartímanum en byggingarsjóður endurgreiði þau síðan með lánum til kaupenda íbúðanna með venjulegum hætti.

   Þessu fyrirkomulagi fylgir hagræði fyrir báða aðila; Byggingarsjóður ríkisins losnar undan víxlaviðskiptum sem fylgja framkvæmdalánum en á móti kemur að framkvæmdaaðilar fá lán sín frá Byggingarsjóði ríkisins greidd út á skemmri tíma en áður.

8. Með aukinni samvinnu aðila húsnæðislánakerfisins er stefnt að bættri þjónustu við lántakendur varðandi almennar upplýsingar um húsnæðislán, útborgun lána og afborganir. Þannig verði fyrir hendi hjá Húsnæðisstofnun og viðskiptabönkum eða sparisjóðum almenn þjónusta sem veiti upplýsingar um réttindi og möguleika til lána hjá húsnæðislánakerfinu ásamt ráðgjöf við útreikning á greiðslubyrði lána og gerð greiðsluáætlana. Gjalddögum lána verði jafnframt fjölgað svo að greiðslubyrði dreifist jafnar yfir árið.

9. Innheimta skyldusparnaðar er í mjög úreltu formi og vantar mikið á að hann komi allur til skila eins og lögin gera ráð fyrir. Eftir að skyldusparnaðurinn er nú ávaxtaður betur en aðrar innistæður í bönkum þá verður að telja réttinn til endurgreiðslu óþarflega rúman. Algengt er að skólafólk fái skyldusparnað sinn endurgreiddan á sama árinu og til hans er stofnað. Þó er skyldusparnaðurinn dreginn frá skattskyldum tekjum á næsta ári.

   Viðbótarlán til þeirra, sem geyma skyldusparnað sinn inni hjá Byggingarsjóði ríkisins þar til þeir kaupa íbúð, ætti að örva til sparnaðar.

10. Þessari tillögu er ætlað að tryggja að greiðslubyrði húsnæðislána þyngist ekki á tímum neikvæðrar þróunar í tekjum launafólks. Efnahagsþróun hérlendis hefur verið fremur sveiflukennd undanfarna áratugi. Samkvæmt riti Seðlabankans, Hagtölum mánaðarins, hefur t. a. m. hækkun vísitölu kauptaxta launþega síðan 1979 samtals sex sinnum verið minni en hækkun reiknaðrar lánskjaravísitölu. Þetta hefur gerst allan þann tíma sem liðinn er síðan farið var að miða verðtryggingu við lánskjaravísitölu. Það er þó einróma álit þeirra sem gerst þekkja, að er til lengdar lætur muni lánskjaravísitala hækka ívið

minna en launatekjur. Hin neikvæða þróun undanfarin ár hefur hins vegar valdið verulegum áhyggjum, ekki síst innan hreyfingar launamanna.

Í framkvæmd leiðir þessi tillaga í reynd til þess að slakað er á verðtryggingu húsnæðislána á tímum lífskjararýrnunar, en hinir opinberu byggingarsjóðir eru ekki látnir gjalda þessa, heldur fá lánin greidd með fullri lánskjaravísitölu, en þó á ívið lengri tíma ef lífskjaraþróun hefur einhvern tíma á lánstímanum verið neikvæð.

11. Það er samdóma álit starfshópsins að þörf sé sérstakra, skjótra aðgerða til þess að bæta úr húsnæðismálum námsmanna, sem um leið myndi hafa jákvæð áhrif á leigumarkaðinn í heild. Í þessu skyni er í tillögum hópsins tiltekinn ákveðinn lágmarksfjöldi íbúða og framkvæmdahraði, svo og líklegir þátttakendur í fjármögnun átaksins, auk Byggingarsjóðs ríkisins.

Upp á síðkastið hefur orðið vart sívaxandi þarfar aldraðra fyrir smærri og/eða sérhannaðar íbúðir. Til lausnar á þessum vanda hafa komið fram hugmyndir í starfshópnum um **hluthafaíbúðir** fyrir aldraða. Slíkt fyrirkomulag er algengt á Norðurlöndum (andelslejligheder, insatslägenheter). Í sem stystu máli felur þetta fyrirkomulag það í sér, að íbúðarhafinn á hlut í þeirri íbúð sem hann býr í, sem að mestu er þó í eign sameignarfélags eða fyrirtækis sem greiðir svipaðar upphæðir og um væri að ræða venjulegar leigugreiðslur. Hlutareign íbúðarhafans tryggir honum hins vegar ótakmarkaðan seturétt og rúman ráðstöfunarrétt yfir íbúðinni.

Stofna mætti hlutafélög um húsnæði fyrir aldraða og væri í byrjun auglýst eftir þátttakendum, sem legðu t. d. fram 20% af verðmæti væntanlegrar íbúðar. Ávöxtun þess fjár og endurgreiðsla ef óskað væri eftir því, væri tryggð. Sveitarfélag legði fram 20% og opinberir lánasjóðir lánuðu síðan þau 60% sem á vantaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Mikilvægasta breyting 1. greinar frumvarpsins er sú, að sett er ákveðið lágmark á framlag ríkissjóðs á fjárlögum til Byggingarsjóðs ríkisins. Var sú leið valin, að ákveða framlagið tvöfalt hærra en á árinu 1982, fremur en að miða við tekjur af launaskattsstigi, þar sem nú eru uppi kröfur um að fella niður launaskatt af einstökum atvinnugreinum. Aðrir markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs hafa þegar verið felldir niður og því ekki ástæða til að telja þá upp í lagagrein.

Um 2. gr.

Hér er byggingarsamvinnufélögum bætt inn í töluliðinn enda eru þau langstærstu framkvæmdaaðilar í íbúðarbyggingum.

Um 3. gr.

Tilgangur þeirra breytinga sem gerðar eru með 3. gr. er sá að greiða fyrir byggingu leiguíbúða. Er því heimilað að veita lán til einstaklinga og fyrirtækja sem byggja vilja slíkar íbúðir, en ákvæði sett um að lánin falli í gjalddaga ef íbúð er tekin til annarra nota.

Um 4. gr.

Með greininni eru opnaðir möguleikar fyrir sveitarfélög og stofnanir að fá aukið fjármagn til bygginga fyrir aldraða. Þetta er í fyrsta lagi gert með því að heimila hlutareign þeirra sem fá íbúðirnar til afnota og í öðru lagi með því að heimila sölu á skuldabréfum til þeirra sem þarfnast vistunar á stofnun og hafa nokkur fjárráð.

Þegar rætt er um hlutareign er átt við eignarform sem lítið er þekkt hér á landi en vel þekkt á hinum Norðurlöndunum. Þegar sveitarfélög eða sjálfseignarstofnanir byggja íbúðir þar sem veitt er margvísleg þjónusta geta þau selt einstaklingum, er þess æskja, tiltekinn eignarhluta í íbúð sem þeir fá til afnota gegn hóflegu gjaldi. Eignarhluta sinn fær kaupandi endurgreiddan ef hann flytur úr íbúðinni, eða hann greiðist út við andlát íbúðarhafa samkvæmt sérstökum samningi.

Sama gildir um skuldabréf sem aldrað fólk kaupir í dvalarheimilum þar sem það fær vistrými og félagslegt öryggi. Margt aldrað fólk á nokkurt fjármagn eða jafnvel íbúð sem það vill selja og kaupa sér öryggi og þjónustu með þessum hætti. Rétt þykir að reyna þessa leið hér á landi til þess að flýta fyrir uppbyggingu íbúða og vistheimila fyrir aldraða.

Jafnframt er talið æskilegt að setja takmörk fyrir ráðstöfun vistrýmis eða íbúða með skuldabréfasölu, í því augnamiði að gæta hagsmuna þess fólks sem þarfnast vistunar en ekki ræður yfir neinu fjármagni. Gert er ráð fyrir því að samkvæmt þessari grein verði aðeins veitt lán til sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja sem byggja íbúðir eða vistheimili fyrir aldraða, eða barnaheimili, en ekki íbúða til einkaeignar.

Um 5. gr.

Hér eru settar fyllri reglur en áður um lán til endurbóta á eldra húsnæði og viðbyggingar, einkum þegar þetta tvennt fer saman.

Um 6. gr.

Með greininni er felld niður krafan um bakábyrgð sveitarstjórnar, sem er eðlilegt þar sem 1. veðréttur í viðkomandi íbúð á að duga.

Um 7. gr.

Þessi grein felur í sér tvenns konar breytingar. Annars vegar er bætt inn heimild til að lána einstaklingum og fyrirtækjum fé til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði. Hins vegar er felld niður bakábyrgð sveitarstjórnar eins og í 6. gr.

Um 8. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að heimilt verði að fresta afborgunum af lánum lántaka sem orðinn er 70 ár að aldri eða er fatlaður, ef fjárhag hans er þannig varið að sýnt þykir að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu.

Um 9. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir því að viðskiptabankarnir taki við því verkefni af Byggingarsjóði ríkisins að veita byggingarsamvinnufélögum og öðrum framkvæmdaaðilum rekstrarlán á byggingartímanum. Er því húsnæðismálastjórn heimilað að endurgreiða þau lán innan tiltekins tíma frá því að húsin eru fokheld.

Um 10. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði ekki bundin í lögum, heldur verði þeir ákveðnir af ríkisstjórn að fengnum tillögum Seðlabankans. Þó þótti ekki rétt að afnema bindingu laganna á vöxtum á lánum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og lánum til einstaklinga með sérþarfir. Í öðru lagi er lagt til að gjalddagar lána verði ekki bundnir við tiltekna daga ársins og er það fellt niður úr greininni.

Um 11. gr.

Með greininni er heimilað að hækka lán til þeirra sem enga íbúð eiga og hafa ekki átt íbúð á síðustu 2 árum. Ennfremur er í greininni heimild til að veita hærri lán til nýrra íbúða sem byggðar eru á lögbýlum.

Um 12. gr.

Með þessari grein er lagt til að Byggingarsjóður verkamanna láni ekki aðeins til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir heldur einnig til félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir fyrir félagsmenn sína eða aðra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Er þá sérstaklega höfð í huga sú mikla þörf sem námsfólk hefur fyrir leiguhúsnæði. Lítið hefur verið byggt af leiguíbúðum hér á landi um margra ára skeið enda fer þeim stöðugt fækkandi. Á öllum þéttbýlisstöðum er þó ætíð brýn þörf fyrir nokkurt magn leiguíbúða og er því hér opnuð leið til þess að lána til slíkra framkvæmda.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að fella niður e-lið 37. gr. laganna en hann var byggður á misskilningi þar sem Byggingarsjóður verkamanna er ekki seljandi íbúða í verkamannabústöðum.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þar sem lánshlutfall til íbúða í verkamannabústöðum er allhátt þykir ekki fært að láta lánið ná til kostnaðarauka við bílskúr undir húsum eða í tengslum við íbúðirnar. Sama gildir við endursölu á íbúðum í verkamannabústöðum, en þó er nauðsynlegt að tryggja að bílskúr sem byggður hefur verið fylgi íbúðinni við sölu. Skal hann þá metinn sérstaklega og getur seljandi ekki vænst þess að fá eign sína í bílskúrnum staðgreidda eins og í íbúðinni.

Um 16. gr.

Með þessari grein er að því stefnt að stjórn verkamannabústaða úthluti íbúðum þegar á byrjunarstigi framkvæmda til þess að kaupendum íbúðanna gefist lengri tími til þess að greiða framlag sitt til byggingarinnar.

Um 17. gr.

Tilgangur þeirra breytinga sem felast í þessari grein er sá sami og fram kemur í 16. gr. Auk þess eru nánari ákvæði um framkvæmdaratriði.

Um 18. gr.

Hér er slakað á ákvæðum um rétt til veðsetningar íbúða í verkamannabústöðum. Heimilað er að hleypa lífeyrissjóðsláni fram fyrir lán Byggingarsjóðs verkamanna, að því tilskildu að síðarnefnda lánið lækki sem nemur upphæð lífeyrissjóðslánsins.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru 4 efnisatriði. Í fyrsta lagi er fellt niður að binda framlag kaupanda íbúðar við 10% af kostnaðarverði. Það getur oft verið meira þó heimilt sé að lána allt að 90% af byggingarverði íbúða.

Í öðru lagi er fellt niður að skylt sé að taka 1. veðrétt fyrir lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ef kaupandi að íbúð í verkamannabústað á rétt á lífeyrissjóðsláni má gefa eftir 1. veðrétt, en þó má veðsetning íbúðar aldrei fara yfir 90% af kostnaðarverði.

Í þriðja lagi er fellt niður að binda vaxtaprósentu sjóðsins í lögum, en í staðinn er sett sambærilegt ákvæði og um Byggingarsjóð ríkisins.

Í fjórða lagi er fellt niður að binda greiðsludaga lána við tiltekna daga til samræmingar við starfsreglur bankanna.

Um 20. gr.

Hér er kaupskylda sveitarfélaga á íbúðum sem byggðar eru samkvæmt nýju lögunum nr. 51/1980 stytt úr 30 árum í 15 ár, en sveitarfélögin hafa lagt mikla áherslu á þessa breytingu.

Um 21. gr.

Með þeim breytingum sem hér er lagt til að gera á 54. gr. laganna eru ákvæði greinarinnar um verðlagningu íbúðanna gerð fyllri en áður var. Með breytingunum er verið að tryggja að þeir sem selja íbúðir í verkamannabústöðum fái verðbætur á það fjármagn sem þeir lögðu í íbúðina, en engan söluhagnað. Hliðsjón er höfð af fyrri reglum um endursölu íbúða en tekið tillit til þeirra breytinga sem leiðir af fullri verðtryggingu lána.

Síðasta málsgrein greinarinnar er nýmæli sem tekur tillit til þeirra aðstæðna sem skapast þar sem íbúðaverð fylgir ekki öðrum verðlagshækkunum. Þær aðstæður koma jafnan upp þegar erfiðleikar eru í atvinnulífi í einstökum byggðarlögum og fólki fækkar af þeim sökum. Við þær aðstæður er heimilað að taka aukaafskrift af íbúðunum og jafnframt skal þá afskrifa lán Byggingarsjóðs verkamanna.

Um 22. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að laga lögin að því hlutverki Byggingarsjóðs verkamanna að veita lán til félagasamtaka og stofnana sem byggja leiguíbúðir skv. c-lið 36. gr. jafnframt því að halda áfram að veita lán til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir. Þegar rætt er um félagasamtök og stofnanir sem framkvæmdaaðila við byggingu leiguíbúða eru hafðar í huga sjálfseignarstofnanir svo sem Félagsstofnun stúdenta og aðrar sambærilegar stofnanir, samtök leigjenda, verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðilar sem myndað gætu samtök til þess að byggja leiguíbúðir til afnota fyrir félagsmenn eða til útleigu á almennum markaði. Þurfa þá slíkir aðilar að leggja fram fjármagn sem nemur 35% af byggingarkostnaði.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um framkvæmdaatriði við lánveitingar til byggingaraðila leiguíbúða og vísast til skýringa við 22. gr.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að lánveitingar til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir megi nema allt að 80% af byggingarkostnaði íbúðanna eins og verið hefur. Lán til annarra byggingaraðila sem byggja leiguíbúðir fyrir almennan markað eða einstaka þjóðfélagshópa, svo sem námsmenn, verði breytileg eftir aðstæðum en að hámarki 65% af byggingarkostnaði. Þá er tekið upp það nýmæli að heimila byggingaraðilum að selja leigutaka hlutareign í þeirri íbúð sem hann fær til afnota með tilteknum kvöðum um afnotarétt og endurgreiðslu.

Þá er með þessari grein orðið við óskum sveitarstjórnarmanna um að lengja lánstíma þeirra lána sem veitt eru til leiguíbúða sveitarfélaga úr 15 árum, eins og áður var sagt, í 31 ár, en vextir verða ákveðnir af stjórnvöldum með sama hætti og af öðrum lánum byggingarsjóðanna.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Þessi grein opnar þann möguleika að aðrir aðilar en eingöngu sveitarfélög, svo sem er í gildandi lögum, geti keypt eldri íbúðir til rekstrar sem leiguíbúðir. Umsóknir um lán til slíkra íbúðakaupa liggja nú fyrir hjá húsnæðismálastjórn frá samtökum námsmanna, en ekki er heimilt að veita slík lán að lögunum óbreyttum.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Með því að greiða þeim sem selja íbúðir í verkamannabústöðum sérstakar verðbætur á hluta af eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna er allvel gert við þá sem selja slíkar íbúðir. Var sú uppbót á söluverðið rökstudd með samanburði við þá sem selja íbúðir á almennum markaði og hafa hagnast á óverðtryggðum lánum. Við endursölur á íbúðum í verkamannabústöðum sem byggðir eru eftir gildistöku nýrra laga 1. júlí 1980 gilda aðrar reglur um verðlagningu íbúða við endursölur þeirra. Vegna verðtryggingar á lánum samkvæmt þeim lögum eru þær reglur seljendum miklu óhagstæðari en þær sem gilda um eldri íbúðir.

Vegna þess mikla misræmis sem þarna skapast innan verkamannabústaðakerfisins virðist eðlilegt að setja þau takmörk sem hér er lagt til svo að mismunur á verðlagi íbúða aukist ekki frá árslokum 1983.

Um efnisatriði síðari viðbótarmálsgreinar 66. gr. laganna vísast til skýringa með 21. gr. en nauðsynlegt er að setja sambærileg ákvæði hér inn þar sem aðrar reglur gilda um verðlagningu þeirra íbúða í verkamannabústöðum sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

Það skal tekið fram að málsgreinar þessar eiga að bætast við 66. gr. laganna eins og hún er eftir setningu bráðabirgðalaga frá 27. júlí 1982.

Um 31. gr.

Með þessari grein er þrengdur nokkuð réttur ungmenna til þess að fá endurgreitt það fjármagn sem haldið hefur verið eftir af launum í samræmi við ákvæði um skyldusparnað ungs fólks í 71. gr. laga nr. 51/1980. Sú breyting hefur á orðið síðan lögin voru sett að mikill meirihluti ungs fólks stundar nú framhaldsnám af einhverju tagi og námslán hafa hækkað verulega. Þá er girt fyrir þá misnotkun laganna að endurgreiða fjármagnið á sama ári og það er dregið af launum og undanþegið tekjuskatti.

Ávöxtun þessa fjár er nú sú besta sem völ er á hjá lánastofnunum, og því meiri rök nú fyrir því að binda það í auknum mæli.

Um 32. gr.

Með þessari grein eru undanþáguheimildir laganna gerðar skýrari og þannig leitast við að fyrirbyggja misnotkun þeirra. Þá er einnig tekið upp heimildarákvæði til húsnæðismálastjórnar að lána viðbótarlán til skyldusparenda þegar þeir taka út sparifé sitt til þess að kaupa eða byggja íbúð.

Um 33. gr.

Með þessari grein er gerð sú breyting á innheimtu skyldusparnaðar að horfið er frá sparimerkjakerfinu og Póstgíróstofunni falin innheimtan með sama hætti og orlofsfé af tímakaupi launafólks.

Er þessi kerfisbreyting af kunnugum talin mjög til bóta.

Um 34. gr.

Launagreiðendum er gert skylt að halda eftir af launum starfsmanna sinna samkvæmt ákvæðum þessara laga og gerðir ábyrgir fyrir skilum á því fjármagni, en nokkur misbrestur hefur verið á því að lögunum um skyldusparnað hafi verið framfylgt.

Um 35. gr.

Með þessari grein er tekin ákvörðun um að lög um byggingarsamvinnufélög skuli vera hluti af húsnæðislöggjöfinni. Þegar lög nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins voru sett vannst ekki tími til þess að endurskoða þennan kafla laganna en í umræðum kom fram að að því yrði unnið. Með því að taka kaflann um byggingarsamvinnufélög inn í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins er löggjafinn að viðurkenna að þau eru einn þáttur í félagslegri lausn húsnæðismála og því rétt að veita þeim fyrirgreiðslu í samræmi við það.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um tilgang byggingarsamvinnufélaga og þau verkefni sem þau geta tekist á hendur til þess að ná þeim tilgangi félaganna að byggja á hagkvæman hátt fyrir sína félagsmenn. Litlar efnisbreytingar eru í greininni frá fyrri lögum.

Um 37. gr.

Reglur þessarar greinar um stofnun byggingarsamvinnufélaga og skrásetningu þeirra eru óbreyttar frá fyrri lögum. Við greinina bætast 2 málsgreinar um sameiningu byggingarsamvinnufélaga, en um þau atriði voru engin ákvæði áður. Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli forsvarsmanna nokkurra helstu byggingarsamvinnufélaga í Reykjavík um hugsanlega sameiningu félaganna í eitt félag. Við athugun hefur komið í ljós að nokkur vafi kann að leika á því hvernig sameining félaganna skuli framkvæmd. Með þessum málsgreinum er verið að greiða fyrir sameiningu félaganna án þess þó að dregið sé úr möguleikum almennra félagsmanna til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku.

Um 38. gr.

Helstu breytingar í þessari grein frá fyrri lögum eru eftirfarandi:

1. Í stað framkvæmdaláns frá húsnæðismálastjórn er gert ráð fyrir því að félögin fái rekstrarfé frá viðskiptabönkum, en það fjármagn verði endurgreitt með lánum til kaupenda íbúðanna frá húsnæðismálastjórn sem greiðist með tilteknum hætti, svo sem fram kemur í greininni.
2. Varasjóðstillag sem greitt er af hverri íbúð í varasjóð félagsins hækki úr 1% af byggingarkostnaði íbúðarinnar í 2%.
3. Felld er niður skylda félaganna til að ávaxta fjármagn stofnsjóðs félaganna í Byggingarsjóði ríkisins en félögum heimilað að ávaxta fjármagn sitt í sínum viðskiptabanka.
4. Ákvæði fyrri laga um sölu skuldabréfa til veðdeildar Landsbanka Íslands eru felld niður, enda óraunhæft við núverandi aðstæður. Fellur þá jafnframt niður réttur félagsmanna til viðbótarláns vegna greiðslu í stofnsjóð.

Um 39. gr.

Engar efnisbreytingar eru gerðar á fyrri lögum með þessari grein og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 40. gr.

Grein þessi er óbreytt frá fyrri lögum.

Um 41. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að tryggja að enginn geti selt réttindi sín til þess að byggja hjá byggingarsamvinnufélagi.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

1. Fram hafa komið að undanförnu verulegar áhyggjur hjá þeim sem taka fullverðtryggð lán til húsnæðismála um að greiðslubyrði lánanna þyngist verulega ef lánskjaravísitalan hækkar meira en sem nemur verðbótum á laun. Á tímum lífskjarasamdráttar er jafnan nokkur-hætta á því að slík staða komi upp og er því lagt til að því sé mætt með því að fresta afborgunum af lánum og lengja lánstímann.
2. Með bráðabirgðaákvæðum laga nr. 51/1980 voru heimilaðar breytingar á eldri lánum til samræmis við þau lánskjör sem ákveðin voru á lánum til húsnæðismála með þeim lögum. Á framkvæmd þessara breytinga eru verulegir annmarkar, svo sem vegna öflunar veðleyfa o. fl. Er því lagt til að auðvelda leiðréttingar á þeim lánskjörum sem um er rætt með því að heimila vaxtalækkun á þeim lánum sem reynast vera með óhagstæðari kjörum en eru á þeim lánum sem nú eru veitt.

Um 44. gr.

Greinin þafnast ekki skýringa.

Nd. 152. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til laga um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Þegar frv. þetta var lagt fram á síðasta vori var flestum þegar ljóst að erfitt yrði að ná því fram á þeim stutta tíma, sem væri til þingloka, og óvinnandi með öllu ef leita ætti umsagna hjá þeim fjölmörgu hagsmunaaðilum sem mál þettar varðar. Nefndin varð því sammála um að betra væri að nota tímann milli þinga til að gefa aðilum tækifæri til að skoða frv. vandlega og koma ábendingum og aðfinnslum til nefndarinnar í þingbyrjun, svo freista mætti þess að fá málið samþykkt áður en ár aldraðra væri á enda.

Því miður vantaði mikið á skil umsagna, svo málið var sent á nýjan leik til fjölmargra aðila. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, félagsmálastjóra Akureyrarbæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Öldrunarfræðifélagi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Halldóri Halldórssyni lækni við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Öldrunarráði Íslands. Það hafði sent aðildarsamtökum sínum málið ásamt þeim brtt. sem stjórn Öldrunarráðs var sammála um að óska eftir við Alþingi að teknar yrðu til greina.

Fjórir aðilar, auk eins sem að framan greinir, svöruðu og fylgdu umsagnir þeirra með umsögn Öldrunarráðs. Þeir eru: Félagsmálastofnun Selfoss, Sálfræðingafélag Íslands, Alþýðusamband Íslands og Akureyrarbær.

Þrátt fyrir ýmsar ábendingar og aðfinnslur fögnuðu flestir umsagnaraðilar frumvarpi þessu og telja að samþykkt þess (með nokkrum breytingum) marki tímamót í málefnum aldraðra.

Við athugun á fyrrgreindum umsögnum kemur í ljós að athugasemdir og gagnrýni beinast aðallega að eftirtöldum atriðum:

1. Réttmæti þess að setja sérlög um málefni aldraðra. Lagaákvæði um þessi málefni eigi heima í heildarlögum um félagslega þjónustu.
2. Nauðsyn þess að setja á fót sérstaka deild innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til að sinna öldrunarmálum.
3. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, fjölda nefndarmanna, tilnefningu og verkefni.
4. Ekki sé nægilega tryggt í frumvarpinu að samstarf stjórna heilsugæslustöðva og félagsmálaráða verði virkt, sbr. 5. og 16. gr.
5. Svæðisskipulag öldrunarmála taki á engan hátt mið af sérstöðu Reykjavíkurborgar.
6. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.
7. Ekki sé nægilega tryggt í frumvarpinu framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra.
8. Stjórnun dvalarstofnana fyrir aldraða.

Flestar eru athugasemdir umsagnaraðila smávægilegar, en komið er á móti flestum þeirra og er fullt samkomulag um þær í nefndinni.

Nefndin flytur breytingartillögur sínar, fimmtán að tölu, á sérstöku þingskjali. Þær hafa verið kynntar og skýrðar á sameiginlegum fundi með heilbrigðis- og trygginganefnd Ed.

Pálmi Jónsson og Guðmundur G. Þórarinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 1982.

Guðrún Helgadóttir, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Magnús H. Magnússon.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	

Nd. 153. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til laga um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Yfirstjórn öldrunarmála annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra.
2. 3. gr. hljóði svo:
   Setja skal á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 3 menn tilnefndir þannig: einn frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og einn skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Deildarstjóri öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skal vera ritari nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
3. Við 4. gr.
   Á eftir 4. tölulið komi nýr töluliður sem verði 5. töluliður og hljóði svo:
   Annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

4. Við 5. gr. 1. málsgr. hljóði svo:
   Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð, þar sem þau starfa, annast eftirtalin verkefni á sviði öldrunarmála o. s. frv.
5. 11. gr. hljóði svo:
   Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra skv. 3. gr., sbr. og 5. tl. 4. gr., sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.
6. Við 12. gr. Við 3. tölulið bætist:
   enda verði veitt jafnhátt framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra á fjárlögum hvers árs á móti.
7. Við 15. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Heimaþjónusta er tvíþætt: Annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. læknisvitjanir, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum. Hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar.
8. 16. gr. orðist svo:
   Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráði, þar sem þau starfa, að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra. Skal heimaþjónusta einnig veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð samþykkja.
9. Heiti IV. kafla orðist svo:
   Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða.
10. Við 17. gr. 1. málsliður 1. málsgr. orðist svo:
    Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru o. s. frv.
11. Við 18. gr. 1. málsgr. orðist svo:
    Stjórn dvalarstofnunar skv. 17. gr., 2.-4. tl., ákveður vistun fólks á stofnuninni að fengnu áliti forstöðumanns og mati þjónustuhóps aldraðra.
12. 22. gr. hljóði svo:
    Stjórn dvalarstofnunar fyrir aldraða skipa fimm menn. Sé stofnun skv. 17. gr. í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, um stjórn stofnunar. Eigendur dvalarstofnunar skipa stjórn hennar til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarstofnunar getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði og/eða heilbrigðismálaráði stjórn hennar. Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir um vistmannaráð.
13. Við 26. gr. Á eftir 2. mgr. komi eftirfarandi viðbót:
    Um dvöl á spítaladeildum, sem ætlaðar eru til skammtímavistunar, gilda ákvæði laga um almannatryggingar.
14. Við 27. gr. Milli 1. og 2. málsliðar 1. málsgr. komi nýr málsliður, sem hljóði svo:
    Til rekstrarkostnaðar, sem sjúkrasamlög greiða, teljast þó ekki laun lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta, sem ríkið greiðir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu.
15. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. töluliður orðist svo:
    Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. til að vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.

Ed. 154. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

VI. kafli laganna hljóði svo, en núverandi VI. kafli falli brott:

VI. KAFLI

Um sýningar kvikmynda.

1. gr.

Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, sem ætla má að haft geti skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt.

Ráðherra tilnefnir að fengnum tillögum barnaverndarráðs sérstaklega þar til hæfa menn til 5 ára í senn til þess að annast skoðun kvikmynda, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum, og úrskurða um sýningarhæfni kvikmynda, sem seldar eru eða leigðar á myndböndum eða myndplötum.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs, áður en sýningar á henni hefjast fyrir almenning í kvikmyndahúsum eða hún er tekin til sölu eða útleigu á myndböndum eða myndplötum.

Eigendur kvikmyndahúsa skulu kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þeir hyggjast taka þær til sýningar.

Seljendum eða leigjendum kvikmynda á myndböndum eða myndplötum er óheimilt að leigja börnum innan 16 ára aldurs myndefni, sem haft getur skaðleg áhrif á börn skv. framanskráðu. Jafnframt er óheimilt að selja eða leigja slíkt myndefni til fullorðinna, nema þeir undirriti yfirlýsingu um að þeir ábyrgist að myndefnið verði ekki til sýningar fyrir börn.

Sé myndefni þannig flokkað erlendis, að það teljist þar varhugavert til sýningar börnum eða svo má ætla af öðrum ástæðum, er seljendum eða leigjendum myndbanda og myndplatna skylt að fá fyrir fram úrskurð skoðunarmanna kvikmynda um sýningarhæfni myndefnisins gagnvart börnum. Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar.

Ekki aflar það barni innan ákveðins aldurs heimildar til aðgangs að kvikmyndahúsi, þar sem sýnd er mynd sem bönnuð er börnum á þess aldri, að það sé í fylgd með fullorðnum eða þeim, sem heimild hafa til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Nú hefur kvikmynd, önnur opinber sýning eða skemmtun verið bönnuð börnum innan tiltekins aldurs, skv. 3. málsgr. þessarar greinar eða 1. málsgr. 43. gr., og bera þá dyraverðir og eftirlitsmenn samkomustaðar ásamt hlutaðeigandi forstöðumanni ábyrgð á framkvæmd bannsins. Þegar slík sýning hefur verið bönnuð börnum eru dyraverðir og eftirlitsmenn viðkomandi skemmtistaðar skyldir að láta þau börn, sem eftir útliti og vexti gætu verið yngri en tilskilið er, sanna aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, þá er þau æskja aðgangs að sýningunni. Nafnskírteini er því aðeins fullnægjandi sönnunargagn um aldur í þessu sambandi, að á því sé mynd skírteinishafa með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík og skal tryggja skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfsins. Heimilt er þó ráðherra að ákveða, að skoðun fari fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er fyrir slíka skoðun að mati hans. Úrskurður skoðunarmanns skal fylgja hverri mynd og gildir hann hvarvetna á landinu.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal hinn þriðja kveðja til, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og ræður þá meiri hluti, hvort banna á mynd eða ekki.

Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

Barnaverndarnefndir á viðkomandi stöðum skulu hafa eftirlit með að aðeins séu þar sýndar börnum kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft, eða slíkt efni selt eða leigt á myndböndum eða mynddiskum.

Um starfshætti kvikmyndaeftirlitsins og starfsemi þess skulu sett nánari ákvæði í reglugerð er ráðherra setur. Sé brotið gegn ákvæðum þessarar greinar eða ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það allt að 100 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa átt sér stað hér á landi að undanförnu í kjölfar þess sem oft hefur verið nefnt myndbandabylting og vissulega er bylting í myndmiðlun, sem þegar hefur haft víðtækar þjóðfélagslegar afleiðingar og án alls efa á eftir að hafa í för með sér enn stórfelldari breytingar á ýmsum sviðum.

Í þessu frumvarpi til breytinga á lögum um vernd barna og ungmenna er aðeins tekið á einum þætti þess vanda, sem myndbandabyltingin hefur skapað. Að mati flutningsmanna er hér um brýnt mál að ræða, og þótt knýjandi þörf sé að fjalla um og marka stefnu varðandi ýmsa aðra þætti þessa máls, þá ber að leggja sérstaka áherslu á að þetta sérstaka mál varðar vernd barna og ungmenna og má ekki lengur dragast að hér sé spyrnt við fótum og þess freistað að stemma stigu fyrir því, sem tvímælalaust verður að telja óheillaþróun.

Þegar myndbandatæki fóru að verða algeng almenningseign hér á landi risu víðs vegar fyrirtæki er leigja almenningi kvikmyndir til skoðunar í heimahúsum. Ekki er ljóst hversu mörg þessi fyrirtæki eru, en þau skipta mörgum tugum og starfa í einhverri mynd á velflestum ef ekki öllum þéttbýlisstöðum hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum um vernd barna og ungmenna eru allar kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi, háðar skoðun kvikmyndaeftirlits. Engar reglur eru hins vegar til um skoðun eða kvikmyndaeftirlit varðandi þær kvikmyndir sem myndbandaleigur hafa á boðstólum. Ljóst er að talsverður hluti af efnisframboði á myndböndum er ýmist ofbeldis- eða klámmyndir, sem í grannlöndum okkar eru bannaðar börnum. Hér á landi virðast börn og unglingar hins vegar geta átt óhindraðan aðgang að ofbeldis- og klámmyndum frá myndbandaleigum. Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er sem hér segir:

1. Að marka þá stefnu í lögum, að ekki megi sýna börnum innan 16 ára kvikmyndir er ætla má að haft geti skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf þeirra.
2. Að slá því föstu, að kvikmyndir á myndböndum og myndplötum skuli háðar kvikmyndaeftirliti eins og aðrar kvikmyndir ætlaðar almenningi.
3. Að kveða skýrt á um að óheimilt sé að leigja eða sýna börnum innan 16 ára myndefni, sem þeim er talið skaðlegt.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögn.

Ed. 155. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 24. des. 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og tryggínganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins ásamt breytingartillögu er birt er á sérstöku þingskjali.

Karl Steinar Guðnason og Gunnar Thoroddsen voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Helgi Seljan. Lárus Jónsson.

Jón Helgason. Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 156. Breytingartillaga [112. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 24. des. 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og tryggínganefnd.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svohljóðandi:

2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin upp af Atvinnuleysistryggingasjóði uns ríkissjóður hefur yfirtekið að fullu þessa skyldu af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Sþ. 157. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02 302 Menntaskólinn á Akureyri 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „100“ kemur	200
2. Við 4. gr. 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „5 000“ kemur	5 300
3. Við 4. gr. 02 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „7 560“ kemur	8 360
4. Við 4. gr. 02 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „350“ kemur	1 050

5. Við 4. gr. 02 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Þús. kr.
Fyrir „300“ kemur 800

6. Við 4. gr. 02 501 Tækniskóli Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „500“ kemur 600

7. Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar, almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Iðnskólar (02 516 6).	Þús. kr.	
1. Reykjavík	2 000	
2. Hafnarfjörður	780	
3. Ísafjörður	100	
		2 880

8. Við 4. gr. 02 610 Héraðsskólar, almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
a. Fyrir „3 950“ kemur 5 850
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02 610).	Þús. kr.	
1. Reykholt	2 500	
2. Núpur	500	
3. Reykjanes	200	
4. Reykir	500	
5. Laugar	500	
6. Eiðar	1 200	
7. Skógar	250	
8. Laugarvatn	200	
		5 850

9. Við 4. gr. 02 700 Grunnskólar, Reykjavík 20 Laun.
Fyrir „132 967“ kemur 133 047

10. Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
a. Fyrir „81 420“ kemur 96 785
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02 792).		
Reykjavík:	Kr.	Kr.
1. **Hlíðaskóli, 4. áf. og íþrh.**	1 425 000	
2. Hólabrekkuskóli, 2. áf.	95 000	
3. Hólabrekkuskóli, 3. áf.	1 406 000	
4. Hvassaleitisskóli, 3. áf. og íþrh.	1 796 000	
5. Seljaskóli, 1. áf.	2 897 000	
6. Seljaskóli, 2. áf.	3 522 000	
7. Vesturbæjarskóli, 1. áf.	285 000	
8. Ölduselsskóli, 2. áf.	3 795 000	
9. Skóli Ísaks Jónssonar	285 000	
10. Ýmsir skólar	285 000	
11. Kvennaskóli	190 000	
12. Seljaskóli, 3. áf.	95 000	
13. Kópavogur, Digranesskóli	475 000	
14. **Kópavogur, íþróttahús**	1 900 000	

		Kr.	Kr.
15.	Kópavogur, Snælandsskóli, 2. áf.	2 950 000	
16.	Hafnarfjörður, sundlaug	190 000	
17.	Hafnarfjörður, Víðistaðaskóli, 4. áf., íþrh. og tengibygging	1 425 000	
18.	Hafnarfjörður, Öldutúnsskóli, 4. áfangi	1 456 000	
19.	Seltjarnarnes, sundlaug	656 000	
20.	Garðabær, gagnfrsk., 1. og 2. áfangi	855 000	
21.	Garðabær, sundlaugarhús	458 000	
22.	Keflavík, gagnfræðaskóli, 3. áf., T-bygging	256 000	
23.	Keflavík, íþróttahús, 1. áfangi	95 000	
24.	Keflavík, barnaskóli, endurbygging	95 000	
25.	Keflavík, sundlaug	143 000	
26.	Grindavík, íþróttahús, 1. áfangi	831 000	
27.	Njarðvík, íþróttahús, 1., 2. og 3. áfangi	95 000	
28.	Njarðvík, skóli	71 000	
29.	Bessastaðahreppur, skóli	176 000	
30.	Bessastaðahreppur, laus kennslustofa	237 000	
31.	Mosfellshreppur, íþróttahús, 1. áfangi	274 000	
32.	Mosfellshreppur, viðb. Varmárskóla	1 330 000	
33.	Sandgerði, íþróttahús, skóli og stækkun	190 000	
34.	Sandgerði, sundlaug	285 000	
35.	Gerðahreppur, sundlaug og búningsklefar	339 000	
36.	Gerðahreppur, stækkun skóla	505 000	
37.	Vatnsleysustrandarhreppur, skóli, 1. áfangi	165 000	
38.	Vatnsleysustrandarhreppur, sundlaug	341 000	
39.	Kjalarnes, lausar stofur og lóð	9 500	
40.	Kjósarhreppur, skóli, endurbætur	9 500	
41.	Akranes, barnaskóli, lóð, kyndist. og lausar st.	9 500	
42.	Akranes, grunnskóli	3 325 000	
43.	Akranes, íþróttahús og viðbygging	190 000	
44.	Akranes, Brekkubæjarsk., viðb.	190 000	
45.	Leirár- og Melasveit, Heiðarsk., breyt. og endurbygging	9 500	
46.	Andakílshreppur, barnaskóli	588 000	
47.	Reykholtsdalshreppur, mötuneyti	238 000	
48.	Reykholtsdalshreppur, sundlaug	113 000	
49.	Varmalandsskóli, íþróttahús	9 500	
50.	Varmalandsskóli, viðb. skóla, 1. áfangi	855 000	
51.	Borgarnes, íþróttahús og sundlaug	95 000	
52.	Borgarnes, grunnsk., stækkun og breytingar	1 545 000	
53.	Laugagerðisskóli, íþróttahús og stækkun skóla	855 000	
54.	Lýsuhóll, sundlaug	9 500	
55.	Hellissandur, skóli, 1. og 2. áf., stækkun	484 000	
56.	Ólafsvík, stækkun skóla	694 000	
57.	Ólafsvík, endurbætur íbúðar	40 000	
58.	Grundarfjörður, íþróttahús	303 000	
59.	Grundarfjörður, skóli, 2. áf. og sundlaug	475 000	
60.	Stykkishólmur, skóli, nýbygging	1 600 000	
61.	Búðardalur, skóli, 2. áfangi	1 235 000	
62.	Laugar í Dalasýslu, 4. áf., íbúð og lóðir	9 500	
63.	Laugar í Dalasýslu, íþróttahús	760 000	

		Kr.	Kr.
64.	Fræðsluskrifstofa Borgarness	95 000	
65.	Ísafjörður, gagnfræðask., lausar stofur	9 500	
66.	Ísafjörður, íþróttahús	190 000	
67.	Bolungarvík, íþróttahús	691 000	
68.	Bolungarvík, skólastjórabúst., endurbætur	29 000	
69.	**Bolungarvík, skólabókasafn, innr. skóla**	114 000	
70.	Bolungarvík, stækkun skóla og viðb.	50 000	
71.	Geiradalshreppur, heimavist/viðbygging við félagsheimili	124 000	
72.	Reykhólar, 2. áfangi skóla	9 500	
73.	Gufudalshreppur, laus stofa og heimavist	5 000	
74.	Flateyjarhreppur, endurb. íbúðar	5 000	
75.	Barðastrandarhreppur, skóli og jarðborun	85 000	
76.	Patrekshreppur, viðbygging skóla	855 000	
77.	Patrekshreppur, endurb. skólastjórabústaðar	9 500	
78.	Tálknafjörður, íþróttahús og félagsheimili	567 000	
79.	Tálknafjörður, skóli, endurb. á þaki	9 500	
80.	Ketildalahreppur, laus kennslust.	95 000	
81.	Þingeyri, skóli	185 000	
82.	Flateyri, búningskl., sundl. og íþrh.	570 000	
83.	Flateyri, skóli, endurbætur	9 500	
84.	Suðureyri, skóli, nýbygging	532 000	
85.	Suðureyri, íbúð	390 000	
86.	Súðavík, skóli, nýbygging	126 000	
87.	Árneshreppur, Finnbogastaðir, skólastjóraíbúð, stækkun	95 000	
88.	Kaldrananeshreppur, endurbætur skóla Drangsnesi	9 500	
89.	Hólmavík, skóli, 2. áfangi	537 000	
90.	**Fells- og Óspakseyrarhreppur, skóli Broddanesi**	5 000	
91.	Bæjarhreppur, skóli Borðeyri	9 500	
92.	Fræðsluskrifstofan Ísafirði	475 000	
93.	**Sauðárkrókur, íþróttahús, 1. áfangi**	1 340 000	
94.	Staðarhreppur, skóli og íbúð	255 000	
95.	Laugarbakkaskóli, lóð, 1., 2. og 3. áf. og íbúð	170 000	
96.	Hvammstangi, sundlaug og búningskl.	358 000	
97.	Hvammstangi, skóli, nýbygging	1 110 000	
98.	Þverárhreppur, skóli	5 000	
99.	Þverárhreppur, íbúð	8 000	
100.	Þorkelshólshreppur, barnaskóli Víðihlíð	35 000	
101.	Húnavellir, skóli, 2. áf., íþrhús og mötuneyti	170 000	
102.	Húnavellir, íbúð	52 000	
103.	Blönduós, lóð, skóli og búningskl.	170 000	
104.	Blönduós, íþróttahús	1 000 000	
105.	Skagaströnd, skóli	325 000	
106.	Varmahlíðarskóli, skóli, 1., 2. áf. og lóð	128 000	
107.	Varmahlíðarskóli, íbúðir (Sjh+Shl+Hvhl)	43 000	
108.	Varmahlíðarskóli, 3. áf., íbúð og búningskl.	85 000	
109.	Lýtingsstaðahreppur, sundlaug	335 000	
110.	Lýtingsstaðahreppur, íbúð	170 000	
111.	Hólahreppur, skóli og íbúð	400 000	

	Kr.	Kr.
112. Hólahreppur, skólastjóraíbúð	9 500	
113. Hofsós, endurbygg., nýbygg. og íbúðir	170 000	
114. Hofsós, 4. áf. íþróttahúss og félagsaðst.	5 000	
115. Haganeshreppur, íbúð Sólgörðum, Fljótum	9 500	
116. Haganeshreppur, skóli, nýbygging	420 000	
117. Akureyri, Glerárskóli, 1. og 2. áf.	99 000	
118. Akureyri, Glerárskóli, 3. áfangi	1 575 000	
119. Akureyri, Glerárskóli, 4. áfangi	1 045 000	
120. Akureyri, Lundarskóli, 2. áfangi	505 000	
121. Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	76 000	
122. Akureyri, íþróttahús	**1 000 000**	
123. Akureyri, Síðuskóli, 1. áf.	100 000	
124. Húsavík, gagnfræðask., 1. og 2. áf.	5 000	
125. Húsavík, íþróttahús, 1. áf.	1 417 000	
126. Ólafsfjörður, gagnfræðaskóli, 1. og 2. áf.	95 000	
127. Ólafsfjörður, barnask., endurb. og lóð	95 000	
128. Dalvík, heimavist	205 000	
129. Dalvík, skóli	807 000	
130. Grímsey, íbúð	370 000	
131. Svarfaðardalshreppur, skóli, heimav., mötuneyti	19 000	
132. Svarfaðardalshreppur, sundskáli	5 000	
133. Svarfaðardalshreppur, kennaraíbúð	95 000	
134. Hrísey, íþróttahús og skóli	615 000	
135. Árskógsströnd, endurbætur á eldhúsi	95 000	
136. Þelamörk, viðb., kennslust., lítil íbúð, skólastjóraíbúð og endurb.	190 000	
137. Hrafnagilshreppur, uppgjör 1. og 2. áf. íbúðar og jarðborun	9 500	
138. Hrafnagilshreppur, 3. áf. sundl. og íþróttahús	408 000	
139. Hrafnagilshreppur, skólastjórabústaður	806 000	
140. Svalbarðsstrandarhreppur, íbúð og lóð skóla	66 000	
141. Grenivík, 1. áf. skóla og íþróttarými	732 000	
142. Bárðdælahreppur, mötuneyti skóla	170 000	
143. Skútustaðahreppur, sundlaug	400 000	
144. Reykdælahreppur, íbúð	195 000	
145. Hafralækur, uppgj. skóla og hitav.	19 000	
146. Hafralækur, íbúðir	323 000	
147. Lundarskóli, Öxarfirði, skóli, 1. áfangi	237 000	
148. Lundarskóli, Öxarfirði, anddyri heimav.	48 000	
149. Kópasker, skóli, nýbygging	752 000	
150. Raufarhöfn, 1. áf. íþrh. og sundl.	475 000	
151. Svalbarðshreppur, skóli og íbúð	270 000	
152. Þórshöfn, skóli, 1. áf., viðb. og heimav.	20 000	
153. Fræðsluskrifstofan Akureyri	190 000	
154. Seyðisfjörður, sundl., íþrh., endurb.	28 000	
155. Seyðisfjörður, nýbygging skóla	1 312 000	
156. Neskaupstaður, barnaskóli, endurb.	48 000	
157. Eskifjörður, skóli, nýbygging	821 000	
158. Skeggjastaðahreppur, skóli, nýbygging	657 000	
159. Vopnafjarðarhreppur, skóli, Torfastöðum	48 000	
160. Vopnafjarðarhreppur, íþróttahús	770 000	

		Kr.	Kr.
161.	Hlíðarhreppur, skóli, nýbygging	9 500	
162.	Jökuldalshreppur, stækkun skóla og íþrh.	257 000	
163.	Egilsstaðahreppur, uppgjör skóla og anddyri	190 000	
164.	Egilsstaðahreppur, íþróttahús, 1. áf.	950 000	
165.	Egilsstaðahreppur, Sel í Fellahreppi	700 000	
166.	Egilsstaðahreppur, stækkun skóla og íbúð	9 500	
167.	Eiðahreppur, stækkun skóla og íbúð	380 000	
168.	Mjóifjörður, skóli og endurbætur	9 500	
169.	Reyðarfjörður, íþróttahús	124 000	
170.	Búðahreppur, skóli	38 000	
171.	Stöðvarfjörður, skóli og sundlaug	546 000	
172.	Breiðdalshreppur, skóli	800 000	
173.	Djúpivogur, skóli, íþrh., félagsh., heimav. og sundlaug	713 000	
174.	Geithellnahreppur, skóli, nýbygging	209 000	
175.	Nesjahreppur, uppgj. skóla, 1. og 2. áf., lóðir	118 000	
176.	Nesjahreppur, sundlaug	190 000	
177.	Höfn í Hornafirði, uppgj. 1. áf., lóð, 2. áf., íþrh. og skóli	380 000	
178.	Mýrahreppur, íbúð	42 000	
179.	Borgarhafnarhreppur, Hrollaugsstaðaskóli, viðbygg. og endurb.	464 000	
180.	Hofshreppur, nýbygging skóla í Öræfum	888 000	
181.	Fræðsluskrifstofa Austurlands	218 000	
182.	Vestmannaeyjar, barnask., 3. áf.	9 500	
183.	Vestmannaeyjar, Hamarsskóli	2 922 500	
184.	Vestmannaeyjar, íþróttahús og sundlaug	9 500	
185.	Selfoss, gagnfræðask. og íþrh.	190 000	
186.	Selfoss, verknámshús	95 000	
187.	**Selfoss, barnask., viðg. og endurb.**	476 000	
188.	Kirkjubæjarhreppur, uppgj. skóla og sundl.	9 500	
189.	Kirkjubæjarhreppur, stækkun skóla	561 000	
190.	Vík í Mýrdal, skóli og endurb. íbúð	230 000	
191.	A-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðst. í félagsh.	190 000	
192.	V-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðst. o. fl. í félagsheimili	189 000	
193.	**A-Landeyjahreppur, íbúð**	50 000	
194.	**V-Landeyjahreppur, stækkun skóla og íbúð**	188 000	
195.	Fljótshlíðarhreppur, stækkun skóla	189 000	
196.	Hvolhreppur, skóli	338 000	
197.	Hvolhreppur, bókasafn	32 000	
198.	Hvolhreppur, sundlaug	285 000	
199.	Rangárvallahreppur, sundl., íþróttaaðst. og lóðir	543 000	
200.	Laugaland í Holtum, stækkun skóla, 1. áf.	950 000	
201.	Stokkseyri, innrétting handavinnust.	71 000	
202.	Stokkseyri, sundl. og íþróttaaðstaða	637 000	
203.	Eyrarbakki, stækkun skóla	380 000	
204.	Hraungerðishreppur, kennaraíb., lausar st., jarðborun	9 500	
205.	Hraungerðishreppur, skóli, 2. áf.	159 000	

	Kr.	Kr.
206. Villingaholtshreppur, endurb. skóla	82 000	
207. Skeiðahreppur, uppgj. sundl. og handav.	5 000	
208. Gnúpverjahreppur, skóli, nýbygging	918 000	
209. Hrunamannahreppur, íb., bílsk. og endurb. sk.	9 500	
210. Biskupstungnahreppur, íbúð	38 000	
211. Laugardalshreppur, lóð, íbúðir	9 500	
212. Ljósafossskóli, endurbætur	48 000	
213. Hveragerði, íþróttah., 1. og 2. áf.	285 000	
214. Hveragerði, gamli skólinn, endurb.	71 000	
215. Hveragerði, skóli, viðbygging	285 000	
216. Þorlákshöfn, stækkun skóla, 1. áf.	745 000	
217. Þorlákshöfn, sundl. og búningskl.	143 000	
218. Orkusparandi aðgerðir	1 000 000	
219. Stofnbúnaður eldri skóla	1 000 000	
220. Hagræðingaraðgerðir	520 000	
		96 515 500

Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:

1. Reykjavík, Grafarvogsskóli, 1. áf.	5 000
2. Kópavogur, sundlaug	5 000
3. Garðabær, Hofstaðaskóli	5 000
4. Bessastaðahreppur, íþróttahús	5 000
5. Keflavík, íþróttahús, 2. áfangi	5 000
6. Mosfellshreppur, gagnfræðaskóli Brúará, stækkun	5 000
7. Kjalarnes, viðbót við skólahúsnæði	5 000
8. Akranes, sundlaug	5 000
9. Ólafsvík, íþróttasalur	5 000
10. Stykkishólmur, sundlaug	5 000
11. Stykkishólmur, íþróttahús	5 000
12. Búðardalur, íþróttahús	5 000
13. Reykhólar, íbúð	5 000
14. Bíldudalur, íþróttahús	5 000
15. Þingeyri, sundlaug	5 000
16. Kaldrananeshreppur, búningskl. við Gvendarlaug	5 000
17. Bæjarhreppur, íbúð	5 000
18. Sauðárkrókur, barnaskóli, endurb.	5 000
19. Siglufjörður, íþróttahús	5 000
20. Siglufjörður, skóli, breytingar	5 000
21. Laugarbakkaskóli, íþróttahús	5 000
22. Blönduós, stækkun skóla	5 000
23. Skagaströnd, skólastjóraíbúð	5 000
24. Skagaströnd, sundlaug	5 000
25. Hólahreppur, sundlaug	5 000
26. Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	5 000
27. Akureyri, sundlaug	5 000
28. Akureyri, Oddeyrarskóli	5 000
29. Húsavík, barnaskóli	5 000
30. Ólafsfjörður, endurbætur sundlaugar	5 000
31. Ólafsfjörður, íþróttahús	5 000

		Kr.	Kr.
32.	Þelamörk, íþróttahús	5 000	
33.	Öngulsstaðahreppur, endurbætur	5 000	
34.	Svalbarðsströnd, íbúðarhús og skóli	5 000	
35.	Skútustaðahreppur, skóli, nýbygging	5 000	
36.	Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5 000	
37.	Neskaupstaður, íþróttahús, stækkun	5 000	
38.	Neskaupstaður, sundlaug	5 000	
39.	Eskifjörður, endurb. á skólastjóraíbúð	5 000	
40.	Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð og heimavist	5 000	
41.	Hallormsstaður, íþróttahús, sundlaug og íbúð í skóla	5 000	
42.	Reyðarfjörður, stækkun skóla	5 000	
43.	Búðahreppur, endurb. á skólastjóraíbúð	5 000	
44.	Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5 000	
45.	Vestmannaeyjar, breyting grunnskóla	5 000	
46.	Vík í Mýrdal, íbúð	5 000	
47.	Vík í Mýrdal, sundlaug	5 000	
48.	Rangárvallahreppur, stækkun grunnskóla	5 000	
49.	Djúpárhreppur, sundlaug og íþróttahús í Þykkvabæ	5 000	
50.	Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5 000	
51.	Gaulverjabæjarhreppur, íþróttaaðstaða í félagsheimili	5 000	
52.	Skeiðahreppur, breytingar á skóla	5 000	
53.	**Hrunamannahr., Flúðir, íþróttahús**	5 000	
54.	Biskupstungnahreppur, skóli, stækkun	5 000	
			270 000
			96 785 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
11.	Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili.		
	a. Fyrir „22 000“ kemur		27 000
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Dagvistarheimili (02 803).		
	a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa:		
	1. Sauðárkrókur	500	
	2. Ólafsfjörður	350	
	3. Dalvík	168	
	4. Akureyri v/Síðusel	900	
	5. Akureyri v/Lundarsel	334	
	6. Húsavík	140	
	7. Gerðahreppur	27	
	8. Hafnarfjörður skd.	86	
	9. Hafnarfjörður v/Norðurb.	700	
	10. Kópavogur v/Hábraut	600	
	11. Kópavogur v/Efstahjalla	1 300	
	12. Seltjarnarnes	500	
	13. Hveragerði	600	
	14. Eyrarbakki	200	
	15. Bíldudalur	550	
	16. Hnífsdalur	86	

	Þús. kr.	Þús. kr.
17. Blönduós, I. áfangi	194	
18. Keflavík v/Hólmgarð	500	
19. Selfoss	80	
20. Garðabær	98	
Reykjavíkurborg:		
21. Færanleg leikstofa v/Suðurh.	200	
22. Ægissíða, d., l. o. fl.	1 657	
		9 770
b. Dagvistarheimili sem eru í byggingu:		
1. Akranes, II. áf.	500	
2. Hellissandur	600	
3. Patreksfjörður	700	
4. Suðureyri	300	
5. Bolungarvík	400	
6. Ísafjörður	400	
7. Súðavík	600	
8. Akureyri, Filadelfíusöfnuður	400	
9. Raufarhöfn, gamalt hús	150	
10. Þórshöfn	400	
11. Reyðarfjörður	600	
12. Breiðdalsvík (gamalt hús)	150	
13. Þorlákshöfn	600	
14. Sandgerði	500	
15. Njarðvík	450	
16. Sumargjöf, Reykjavík	1 700	
Reykjavíkurborg:		
17. Bústaðavegur (Tungusel)	1 300	
18. Bólstaðarhlíð	1 300	
		11 050
c. Dagvistarheimili tekin í fjárlög 1982 eða fyrr, framkvæmdir ekki hafnar:		
1. Hafnarfjörður, Suðurbær	300	
2. Vatnsleysuströnd	50	
3. Hólmavík	100	
4. Hvammstangi	150	
5. Akureyri v/Þórunnarstræti	500	
6. Stokkseyri	150	
Reykjavíkurborg:		
7. Hraunberg	2 000	
		3 250

	Þús. kr.	Þús. kr.
d. Ný dagvistarheimili:		
1. Kópavogur/Hlégerði D-L	150	
2. Garðabær D-L	600	
3. Hafnarfjörður, óstaðs. L	40	
4. Mosfellssveit L	190	
5. Keflavík v/Tjarnarlund L	40	
6. Borgarnes D	40	
7. Reykholt/Borgarf., innbú	20	
8. Stykkishólmur, breyting D-L	200	
9. Búðardalur, Laxárdalshr. L	40	
10. Þingeyri	200	
11. Blönduós, II. áf. D	200	
12. Skagaströnd, II. áf. D	40	
13. Varmahlíð, Seyluhr., innb. D	20	
14. Dalvík, II. áf.	200	
15. Borgarfjörður eystri L	100	
16. Egilsstaðir, II. áf. L	200	
17. Fáskrúðsfjörður, lóð o. fl.	40	
18. Stöðvarfjörður (Bakkag.) L	100	
19. Leikskóli Nesjahr., innb.	20	
20. Hella, Rangárvallahr.	40	
Reykjavíkurborg:		
21. Skóladagh. í Breiðagerðissk.	50	
22. Skóladagh. í Laugarnessk.	50	
23. Hönnunarkostnaður	350	
		2 930
		27 000

12. Við 4. gr. 02 881 0108 Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi.
Fyrir „30“ kemur 45

13. Við 4. gr. 02 881 0111 Starfsemi stúdenta.
Fyrir „18“ kemur 27

14. Við 4. gr. 02. Nýr liður:

909 Blindrabókasafn Íslands:		
20 Laun	1411	
2 Önnur rekstrargjöld	300	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
Gjöld samtals		2 011

15. Við 4. gr. 02 986 Íþróttasjóður 0103 Rekstrarstyrkir o. fl.
Fyrir „945“ kemur 1 145

16. **Við 4. gr. 02 986 0104 Bygging íþróttamannvirkja.**
a. Fyrir „12 630“ kemur 15 600
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Kr.	Kr.
Bygging íþróttamannvirkja (02 986 0104).		
a. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1973:		
1. Reykjavík, II. áf., Sundl. Vesturbæjar	85 582	
2. Glímufél. Ármann, Rvík, íþróttahús	1 000	
3. Knattspyrnufélag Rvíkur, Rvík, íþróttahús .	1 000	
4. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	1 000	
5. Ólafsfjörður, malarvöllur	1 000	
6. Vestmannaeyjar, grasvöllur	1 000	
7. **Umf. Þróttur, Vatnsleysustr., malarvöllur** ..	1 000	
8. **Ums. Borgarfj., Varmalandi, íþróttasvæði** ..	1 000	
9. Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	1 000	
10. Stykkishólmur, Snæf., malarvöllur	57 247	
11. Patreksfj., V-Barð., malarvöllur	1 000	
12. Þingeyri, V-Ís., malarvöllur	1 000	
13. Höfðahr. (Skagaströnd), íþróttavöllur	1 000	
14. Egilsstaðahr., S-Múl., malarv. og hlaupabr.	145 000	
15. Hvammshr., V-Skaft., íþróttavöllur	20 000	
16. Selfoss, íþróttasvæði	50 171	
		369 000
b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1974:		
1. Knattspyrnufél. Haukar, Hafnarf., íþróttahús	1 000	
2. Golfkl. Keilir, Hafnarf., völlur og hús	40 546	
3. Tennis- og badmintonfél. Rv., íþróttahús ...	1 000	
4. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, skíðaskáli ...	5 185	
5. Knattspyrnufél. Fram, Rvík, grasvöllur	107 397	
6. Reykjavík, vélfryst skautasvell	1 000	
7. Golfkl. Leynir, Akran., völlur og skáli	1 000	
8. Sauðárkrókur, íþróttavöllur	1 000	
9. Golfkl. Siglufj., golfvöllur og hús	1 000	
10. Skíðafél. Siglufj., stökkbraut	8 264	
11. Íþróttabandal. Siglufj., íþróttamiðst., Hóli .	186 596	
12. Ólafsfjörður, golfvöllur	42 537	
13. Akureyri, skíðastökkbr. Miðhúsaklöpp	1 000	
14. Knattspyrnufél. Akureyrar, malarvöllur	1 000	
15. Umf. Íslendingur, Andakílshr., sundlaug ...	1 000	
16. Hvammstangahreppur, malarvöllur	59 937	
17. Umf. Geisli, Aðaldalshr., S-Þing., íþróttav. .	70 000	
18. Reykjahreppur, S-Þing., grasvöllur	1 000	
19. Skútustaðahr., S-Þing., malarvöllur	1 000	
20. Bjarmi, Fnjóskad., S-Þing., grasv. og hús ..	1 000	
21. Umf. Borgarfj., N-Múl., malarvöllur	29 098	
22. Eskifjörður, malarvöllur	1 000	
23. Umf. Máni, Nesjahr., A-Skaft, malarvöllur .	1 000	
24. Hafnarhr., A-Skaft., malarvöllur	1 000	
		564 560

	Kr.	Kr.
c. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1975:		
1. Golfkl. Suðurnesja, Keflavík, völlur	200 000	
2. Seltjarnarnes, íþróttavöllur	40 000	
3. Fimleikafél. Hafnarfj., II. áf., grasvöllur	1 000	
4. Íþróttafél. Rvíkur, skíðalyfta, Hamragili	64 957	
5. Knattspyrnufél. Víkingur, íþrv. í Fossvogi	200 000	
6. Íþróttafél. Rvíkur (Breiðholt), II. áf., grasvöllur, malarvöllur og hlaupabraut	140 000	
7. Knattspyrnufél. Þróttur, Rvík, vallarhús og grasvöllur	1 000	
8. Ólafsvíkurhr., Snæf., malarvöllur	1 000	
9. Stykkishólmur, Snæf., II. áf., sundlaug	84 848	
10. Golfkl. Borgarness, Mýras., golfvöllur	75 160	
11. Íþróttafél. Grettir, Flateyri, V-Ís., skíðal.	1 000	
12. Siglufjörður, malarvöllur og vallarhús	1 677	
13. Skíðaf. Siglufj. Skíðaborg, skíðalyfta III	201 293	
14. Skíðafél. Fljótamanna, Holts- og Haganeshr., Skag., skíðamannvirki	1 000	
15. Raufarhafnarhr., N-Þing., íþróttavöllur	2 000	
16. Héraðssamb. S.-Þing., Laugum, héraðsvöllur	1 000	
17. Golfkl. Húsavíkur, golfvöllur	105 027	
18. Skútustaðahr., S-Þing., vallarhús og sundlaug	250 000	
19. Þórshöfn, N-Þing., íþróttavöllur	1 000	
20. Golfkl. Hafnarhr., A-Skaft., golfvöllur	102 071	
21. Búðakauptún, S-Múl., íþróttavöllur	1 000	
22. Umf. Skeiðamanna, Arn., búningsklefar	1 000	
23. Selfoss, stækkun vallarhúss	1 000	
		1 477 033
d. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1976:		
1. Grindavík, grasvöllur	1 000	
2. Fimleikaf. Hf., áhorfendasv. og sérvellir	65 500	
3. Kópav., II. áf., áhorfendasv. ásamt búningsklefum, böðum og girðingu	200 000	
4. Umf. Breiðablik, Kópav., skíðalyfta	200 000	
5. Reykjavík, Sundl. Rvíkur, laugarhús	900 000	
6. Rvík, Laugardalsv., III áf., gervielni á hlaupabr., gras á eystri völl og búningsklefar	2 028	
7. Rvík, Árbæjarvöllur (grasv.). II. áf.	1 000	
8. Rvík, Bláfjöll, II. áf., lýsing í brekkur, skíðal., snjótroðari og þjónustuskáli	1 200 000	
9. K.R., Rvík, lýsing í brekkur og lyftuskáli	121 379	
10. Glímufél. Ármann, Rvík, I., skíðalyfta	320 000	
11. Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, skíðalyfta, lyftuhús og lýsing í brekkur	18 521	
12. Golfkl. Rvíkur, lokafrkv. við golfv. og skála	149 743	
13. Knattspyrnufél. Valur, Rvík, II. áf., grasv.	139 174	
14. K.R., Rvík, stækkun gras- og malarvalla	82 095	

		Kr.	Kr.
15.	Akranes, Bjarnalaug	74 761	
16.	Staðarsv., Snæf., íþróttavöllur	25 564	
17.	Súðavík, N.-Ísafj., malarvöllur	1 000	
18.	Suðureyri, V-Ís., skíðalyfta	1 000	
19.	Íþróttabandalag Ísafj., Ísaf., skíðamannvirki	121 000	
20.	Ísaf., endurb. á sundlaug og íþróttahúsi	39 494	
21.	Bolungarvík, skíðalyfta	24 978	
22.	Bolungarvík, sundlaug og íþróttahús	1 000	
23.	Seyluhr., Skagaf., íþróttavöllur	1 000	
24.	Hofsós, Skagaf., íþróttavöllur	12 229	
25.	Íþróttabandal. Siglufjarðar, troðari	50 162	
26.	Reykjahreppur, S-Þing., sundlaug	1 000	
27.	Ólafsfjörður, skíðastökkbraut II	1 000	
28.	Akureyri, lýsing í skíðabrekkur	1 000	
29.	Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	240 000	
30.	Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	46 232	
31.	Golfklúbbur Akureyrar, skáli	94 109	
32.	Knattspyrnufélag Ak., girðing og vallarhús	72 498	
33.	Íþróttafél. Þór, Akureyri, grasvöllur	197 929	
34.	Dalvík, stækkun búningsh. við íþróttahús	1 000	
35.	Skíðafél. Dalvíkur, skíðalyfta	1 000	
36.	Seyðisfjörður, baðstofa	8 100	
37.	Seyðisfj., endurb. á sundhöll og tækjum	128 850	
38.	Reyðarfj., S-Múl., íþróttavöllur	1 000	
39.	Búlandshr., S-Múl., sundlaug	70 480	
40.	Golfkl. Selfoss, Selfossi, golfvöllur	2 700	
			4 619 526

e. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1977:

1.	Umf. Breiðablik, Kópav., skíðaskáli	74 000	
2.	Íþróttafél. Gerpla, Kóp., fimleikatæki	39 824	
3.	Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, lýsing í br.	1 000	
4.	Héraðssamb. V-Ísfirðinga, héraðsíþróttavöllur að Núpi	30 000	
5.	Sauðárkrókur, hlutd. í laugarhúsi	35 350	
6.	Akureyri, skíðal. í Hlíðarfj., Hjallabr.	1 000	
7.	Umf. Vísir, Hlíðarhr., N.-Múl., íþróttav.	7 184	
8.	Umf. Hróar, Tunguhr., N-Múl., íþróttav.	5 997	
			194 355

f. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1978:

1.	**Siglingakl. Vogur, Garðabæ, bátanaust**	1 000
2.	Siglingafél. Ýmir, Kópav., bátan. og bátar	5 518
3.	Gerðahr. Gullbrs., íþrh. og sundlaug	1 000
4.	Knattspyrnufél. Fram, Rvík, skíðalyfta	160 000
5.	Knattspyrnufél. Rvíkur, Rvík, skíðalyfta	100 000
6.	Íþróttafél. Rvíkur, Rvík, skíðalyfta	55 424
7.	Íþróttafél. fatlaðra, Rvík, íþróttahús	36 470
8.	Knattspyrnufél. Valur, Rvík, skíðaskáli	50 000

	Kr.	Kr.
9. Umf. Haukar, Melasv., Borgarf., íþróttavöllur	1 000	
10. Akranes, íþróttahús	200 000	
11. Tálknafjarðarhr., V-Barð., íþróttavöllur	1 000	
12. Íþrf. Djúpverji, Snæfjhr., N-Ís., íþróttav.	1 951	
13. Umf. Önundur, Mosvallahr., V-Ís., íþróttavöllur	1 000	
14. Lýtingsstaðahr., Skagaf., sundlaug	21 834	
15. Skautafél. Ak., skautasv., girðing og skáli	23 504	
16. Akureyri, stökkbraut	79 360	
17. Knattspyrnufél. Akureyrar, Ak., grasvöllur	150 000	
18. Íþróttafél. Leiftur, Ólafsf., skíðalyfta	107 286	
19. Umf. Bjarmi, Hálshr., S-Þing., vallarhús	1 000	
20. Neskaupst., hreinsi- og hitunartæki og girðing við sundlaug	20 132	
21. Búðahr., S-Múl., endurbætur á sundlaug	14 532	
22. Neskaupst., Eskifj. og Reyðarfjörður, skíðamiðstöð í Oddsskarði	2 554	
23. Umf. Sindri, Hafnarhr., A-Skaft., skíðalyfta	1 000	
24. Golfkl. Vestmannaeyja, golfvöllur	70 000	
25. Umf. Gnúpv., Gnúpverjahr., Árn., íþróttavöllur	50 748	
		1 156 313
g. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1979:		
1. Knattspfél. Haukar, Hafnarf., Hvaleyrarholtsvöllur	48 826	
2. Garðabær, laugarhús	5 000	
3. Keflavík, setlaugar	75 286	
4. Akranes, II. áf., grasvöllur	14 460	
5. Staðarsv., Snæf., sundlaug og setlaug	13 605	
6. Patrekshreppur, V-Barð., sundlaug	90 000	
7. Ísafjörður, vallarhús	250 000	
8. Kaldrananeshr., Strandas., laugarhús	29 090	
9. Golfkl. Sauðárkróks, Sauðárkr., golfvöllur	65 286	
10. Siglufjörður, setlaugar	75 196	
11. Akureyri, troðari (2)	88 334	
12. Grímsey, Eyjafjarðars., sundlaug	7 615	
13. Seyðisfjörður, troðari	22 824	
14. Breiðdalshr., S-Múl., sundlaug	1 000	
15. Neskaupstaður, íþróttahúsgólf	33 431	
16. Ölfushr. (Þorlákshöfn), Árn., sundlaug	1 000	
		820 953
h. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1980:		
1. Keflavík, grasvöllur (æfingasvæði)	80 000	
2. Garðabær, íþróttavöllur	1 000	
3. Siglingakl. Vogur, Garðabæ, bátar	12 500	
4. Hafnarfjörður, álma við íþróttahús	180 000	
5. Íþróttabandal. Rvíkur, íþróttabúðir	180 000	

		Kr.	Kr.
6.	Knattspyrnufél. Valur, Rvík, vallarframkvæmdir	1 000	
7.	Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, skíðal. (4) v/Hengil	200 000	
8.	Reykjavík, færanleg áhorfendasvæði	1 000	
9.	Íþróttafél. Rvíkur, Rvík, skíðalyfta (IV)	280 000	
10.	Rvík, setl. og breyt. á Sundhöll Rvíkur	180 000	
11.	Umf. Vísir, Hvalfjstrhr., Borg., íþróttav.	1 000	
12.	Borgarnes, Mýras., vallarhús	8 000	
13.	Umf. Álftanes- og Hraunhr., Mýr., íþróttav.	1 000	
14.	Golfkl. Ísafj., Ísaf., golfvöllur og skáli	2 307	
15.	Bolungarvík, grasv. og vallarhús	1 000	
16.	Suðurfj.-, Tálknafj.- og Patrekshreppur, V-Barð., skíðalyfta á Hálfdáni	1 000	
17.	Umf. Grettir, Y-Torfustaðahr., V-Hún., sundlaug	17 700	
18.	Siglufj., lokaframkv. við sundlaug	12 986	
19.	Blönduós, A-Hún., búnings- og baðklefar	77 747	
20.	Skíðaf. Dalv., troðari og lýsing í brekkur	35 000	
21.	Akureyri, skokkbraut	70 000	
22.	Húsavík, II. áfangi, grasvöllur	35 000	
23.	Húsavík, skíðalyfta (4)	8 000	
24.	Vopnafjarðarhr., N-Múl., íþróttavöllur	33 120	
25.	Vopnafjarðarhr., N-Múl., skíðalyfta	47 445	
26.	ÚÍA, Austurl., héraðsvöllur að Eiðum	100 000	
27.	Seyðisfjörður, íþróttavöllur	100 000	
28.	Fljótshlíðarhr., Rang., íþróttavöllur	1 000	
29.	Selfoss, stækkun búnings- og baðkl. v/sundh.	140 000	
			1 807 805
i.	Íþróttamannvirki að hluta til skólamannvirki samþykkt í fjárlögum 1980:		
1.	Miðneshr., Gullbrs., íþróttah., I. áf.	130 000	
2.	Keflavík, íþróttahús	220 000	
3.	Garðabær, íþróttahús	230 000	
4.	Kópavogur, íþróttahús	240 000	
5.	Seltjarnarnes, sundlaug	1 000	
6.	Mosfellshr., Kjósars., íþróttahús, I. áf.	1 000	
7.	Borgarnes, Mýras., íþróttahús og sundlaug	19 216	
8.	Eyrarsveit, Snæf., íþróttahús og sundlaug	60 000	
9.	Hvamstangahr., V-Hún., sundlaug, I. áf.	10 000	
10.	Akureyri, íþróttahús	330 000	
11.	Hrafnagilssk., Eyjaf., sundlaug og laugarhús	1 000	
12.	Húsavík, íþróttahús, I. áf.	200 000	
13.	Raufarhafnarhr., N-Þing., yfirb. sundlaug	1 000	
14.	Egilsstaðahr., S-Múl., íþróttahús, I. áf.	50 000	
15.	Hafnarhr., A-Skaft., íþróttahús	89 452	
16.	Neskaupstaður, stækkun íþróttah., II. áf.	1 000	
17.	Vestmannaeyjar, íþróttah. og yfirb. sundl.	100 000	
			1 683 668

	Kr.	Kr.
j. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1981:		
1. Miðneshreppur, sundl. í Sandgerði	27 416	
2. Gerðahr., Gull., grasvöllur og vallarh.	25 000	
3. Keflavík, stökk- og hlaupabrautir	140 000	
4. Njarðvíkurbær, setlaugar	80 000	
5. Siglingafél. Ýmir, Kópav., björgunarbátur	9 000	
6. Reykjavík, stór íþróttatæki og tækjabún.	31 000	
7. Skíðad. Glímufél. Ármanns, skíðaskáli	1 000	
8. Tennis- og badmintonfél. Rvíkur, tennisv.	1 000	
9. Knattspyrnufél. Rvíkur, skíðalyfta	200 000	
10. Neshr. utan Ennis, Helliss., stækkun íþróttav.	1 000	
11. Akranes, vallarhús	70 000	
12. Suðureyrarhr., V-Ís., íþróttavöllur	16 837	
13. Umf. Tindastóll, Sauðárkr., skíðaskáli	1 000	
14. Skíðaráð Akureyrar, skíðageymslur, Hlíðarf.	21 176	
15. Umf. Reynir, Árskógsstr., malarvöllur	40 000	
16. Egilsstaðahr., S-Múl, skíðalyfta	94 183	
17. Eskifjörður, baðstofa í íþróttahúsi	11 852	
18. Kirkjubæjarkl., V-Skaft., íþróttavöllur	1 714	
19. Umf. Biskupstungna, Árn., íþróttavöllur	40 000	
20. Hveragerðishr., lokaframkv. við sundlaug	10 000	
21. Vestmannaeyjar, stór íþróttatæki	2 000	
		824 178
k. Íþróttamannvirki að hluta til skólamannvirki samþykkt í fjárlögum 1981:		
1. Keflavík, sundlaug	1 000	
2. Njarðvík, íþróttah.+sundl.	90 000	
3. Vatnsleysustrhr., sundl.	1 000	
4. Grindavík, íþróttahús	80 000	
5. Tálknafj., íþróttahús	70 000	
6. Flateyrarhr., V-Ís., íþrh.+sundl.	60 000	
7. Sauðárkrókur, íþróttahús+sundl.	80 000	
8. Þelamerkursk.,Eyjaf., íþróttahús+sundlaug	8 000	
9. Reyðarfjarðarhr., íþróttahús+sundlaug	80 000	
		470 000
l. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1982:		
1. Reykjavíkurborg, stór íþróttatæki	50 000	
2. Knattspyrnufél. Valur, Rvík, íþróttahús	150 000	
3. Skotfél. Rvíkur, skotsvæði	6 800	
4. K.R., Reykjavík, íþróttahús f.lyftingamenn	25 000	
5. Reykjavíkurborg, troðari og skemma	140 000	
6. Knattspyrnufél. Rvíkur, Rvík, flóðlýsing	8 000	
7. Knattspyrnufél. Fram, Rvík, skíðaskáli	1 000	
8. Hafnarfjörður, viðbætur við sundhöll	70 000	
9. Íþróttafél. Haukar, Hf., íþróttasv. við húsið	3 000	
10. Golfkl. Keilir, Hf., stækkun golfvallar	15 000	

	Kr.	Kr.
11. Njarðvíkurbær, búningskl. við völl	1 000	
12. Njarðvíkurbær, stór íþróttatæki	15 000	
13. Kópavogur, stór íþróttatæki	1 000	
14. Borgarnes, grasvöllur og vallarhús	5 000	
15. Búðardalur, Dalasýslu, íþróttasvæði	5 000	
16. Miðdalahr., Dalasýslu, íþróttavöllur	1 000	
17. Akranes, sundlaug (opin)	10 000	
18. Ólafsvík, Snæf., golfvöllur	10 000	
19. Bolungarvík, vallarhús	30 000	
20. Blönduós, íþróttavöllur	100 000	
21. Siglufjörður, grasvöllur	1 000	
22. Umf. Leiftur, Ólafsfirði, troðari	74 000	
23. Akureyri, áhaldageymsla við íþróttavöll	120 000	
24. Fjögur umf. í Eyjafirði, íþróttavöllur	1 000	
25. Húsavík, troðari	130 000	
26. Neskaupstaður, íþróttasvæði	5 000	
27. Reyðarfjörður, stór íþróttatæki	1 000	
28. **Hafnarhr., A-Skaft, trefjaplötur í sundl.**	1 000	
29. Laugardalshr., Árn., skíðalyfta	49 809	
30. Dyrhólahr., V-Skaft., íþróttavöllur	8 000	
31. **Hveragerði, íþróttah., framh. eldra mannv.**	220 000	
		1 257 609

m. Ný íþróttamannvirki:

1. Golfklúbbur Grindavíkur, golfvöllur	5 000
2. Njarðvíkurbær, útisundlaug	5 000
3. Umf. Afturelding, Mosfellssveit, íþróttasvæði	5 000
4. Glímufél. Ármann, framkv. v. íþróttasvæði	5 000
5. Reykjavíkurborg, skíðalyfta í Bláfjöllum	5 000
6. Knattspyrnufél. Víkingur, lyftuskáli	5 000
7. Knattspyrnufél. Rvíkur, áhöld	5 000
8. Reykjavíkurborg, gervigras, undirbúningur framkvæmda	5 000
9. Íþróttafél. Reykjavíkur, snjótroðari	5 000
10. Andakílshreppur, sundlaug	5 000
11. Ólafsvíkurhreppur, skíðalyfta og troðari	5 000
12. Umf. Stjarnan, Saurbæjarhr., Dalas., íþróttavöllur	5 000
13. Akranes, grasæfingasvæði	5 000
14. Suðurfjarðahreppur, Bíldudal, skíðalyfta	5 000
15. Bolungarvík, skíðatogbraut	5 000
16. Bolungarvík, snjótroðari	5 000
17. Haganes- og Holtshreppur, Umf. Fljótamanna, íþróttav.	5 000
18. Siglufjörður, stór tæki	5 000
19. Presthólahreppur, íþróttavöllur	5 000
20. Þórshöfn, skíðalyfta	5 000
21. Akureyri, lyftur	5 000
22. Umf. Geisli, Aðaldalshr., skíðalyfta	5 000

	Kr.	Kr.
23. Neskaupstaður, íþróttaleikvangur	5 000	
24. Golfkl. Eskifjarðar, golfv. og skáli (endurn.)	5 000	
25. Egilsstaðahreppur, hitapottur við sundlaug	5 000	
26. Búðahreppur, skíðalyfta	5 000	
27. Breiðdalshreppur, skíðaaðstaða	5 000	
28. Hofshreppur, íþróttavöllur	5 000	
29. Hvolsvöllur, íþróttavöllur	5 000	
30. Vík í Mýrdal, heitir pottar	5 000	
31. Golfkl. Hvolsvelli, golfvöllur og hús	5 000	
		155 000
n. Sérfræðileg tæknileg aðstoð — eftirlit og leiðbeiningar		200 000
		15 600 000

17. Við 4. gr. 02 999 0315 Hljóðbókasafn.
Liðurinn fellur niður.

	Þús. kr.
18. Við 4. gr. 04 246 Veiðimálaskrifstofan 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 362“ kemur	1 462
19. Við 4. gr. 04 247 0102 Héraðsdýralæknar.	
Fyrir „6 569“ kemur	6 740
20. Við 4. gr. 04 502 Bændaskólinn á Hólum 6 Gjaldfærður stofnkostnaður	
Fyrir „3 060“ kemur	3 310
21. Við 4. gr. 06 235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík 20 Laun.	
Fyrir „12 532“ kemur	12 613
22. Við 4. gr. 06 253 Almannavarnir ríkisins.	
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „606“ kemur	653
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „153“ kemur	203
23. Við 4. gr. 06 301 0106 Álag vegna afhendingar kirkna.	
Fyrir „50“ kemur	150
24. Við 4. gr. 06 301 0136 Hjálparstofnun kirkjunnar.	
Fyrir „20“ kemur	80
25. Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
a. Fyrir „78 605“ kemur	100 220

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 0301).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

	Þús. kr.
1. Reykjavík:	
a) Sundlaug við Grensásdeild	5 500
b) Heilsugæslustöðvar	3 500
2. Akranes H2 og sjúkrahús	5 500
3. Ólafsvík H2	4 500
4. Stykkishólmur	2 000
5. Búðardalur H2, tæki og olíumöl	200
6. Patreksfjörður, sjúkrahús, H2, tæki	1 000
7. Bolungarvík H, tæki	300
8. Ísafjörður H2, framkv. og tæki	9 500
9. Hólmavík H1	3 300
10. Hvammstangi H2	4 500

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Blönduós, sjúkrahús og H2	3 300	
12. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2, tæki	8 500	
13. Ólafsfjörður H1	1 800	
14. Akureyri, sjúkrahús	14 200	
15. Dalvík, skuldagreiðsla	200	
16. Húsavík H2 og sjúkrahús	1 600	
17. Þórshöfn H1	700	
18. Raufarhöfn, tæki	200	
19. Bakkafjörður H	150	
20. Vopnafjörður H1	100	
21. Seyðisfjörður, sjúkrahús, H. o.fl.	2 500	
22. Neskaupstaður, sjúkrahús, H2	1 300	
23. Fáskrúðsfjörður H1	600	
24. Egilsstaðir	1 000	
25. Djúpivogur H1	700	
26. Höfn í Hornafirði H2 og H í Öræfum	300	
27. Kirkjubæjarklaustur H1	100	
28. Vík í Mýrdal H1	100	
29. Hvolsvöllur H1	2 100	
30. Selfoss, sjúkrahús, H2	3 300	
31. Þorlákshöfn H, hönnun	200	
32. Hveragerði H2	650	
33. Sandgerði	300	
34. Keflavík, sjúkrahús, tæki og hönnun	800	
35. Keflavík H2	6 000	
36. Hafnarfjörður	3 500	
37. Garðabær	800	
38. Kópavogur H2	1 200	
39. Seltjarnarnes H2	1 000	
b. Heilsugæslustöðvar í leiguhúsnæði:		97 000
1. Akureyri	100	
2. Hafnarfjörður	100	
3. Mosfellsumdæmi	170	
4. Þorlákshöfn	100	
c. Læknisbústaðir:		470
1. Reykhólar	800	
2. Bolungarvík	600	
3. Egilsstaðir	170	
4. Þórshöfn	180	
5. Siglufjörður	1 000	
		2 750
		100 220

26. Við 4. gr. 08 381 0305 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi.
Fyrir „1 500“ kemur 3 000
27. Við 4. gr. 08 381. Nýr liður:
0312 Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi 1 000
28. Við 4. gr. 08 399 0127 Sjúkraflug.
Fyrir „595“ kemur 670
29. Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
a. Fyrir „61 062“ kemur 98 600
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103)		
1. Akranes	5 700	
2. Borgarnes	1 200	
3. Arnarstapi	300	
4. Ólafsvík	2 200	
5. Grundarfjörður	4 100	
6. Stykkishólmur	1 800	
7. Tálknafjörður	3 300	
8. Þingeyri	600	
9. Flateyri	3 900	
10. Suðureyri	1 800	
11. Bolungarvík	5 100	
12. Ísafjörður	2 800	
13. Hólmavík	1 100	
14. Hvammstangi	400	
15. Blönduós	1 100	
16. Skagaströnd	1 800	
17. Sauðárkrókur	1 400	
18. Hofsós	5 500	
19. Siglufjörður	1 000	
20. Ólafsfjörður	2 100	
21. Dalvík	100	
22. Hrísey	2 500	
23. Hjalteyri	100	
24. Akureyri	1 500	
25. Svalbarðseyri	300	
26. Grenivík	700	
27. Grímsey	1 500	
28. Húsavík	4 600	
29. Kópasker	500	
30. Raufarhöfn	800	
31. Þórshöfn	1 500	
32. Bakkafjörður	2 000	
33. Vopnafjörður	200	
34. Borgarfjörður eystri	400	
35. Seyðisfjörður	1 000	
36. Neskaupstaður	1 300	
37. Eskifjörður	200	
38. Reyðarfjörður	100	
39. Fáskrúðsfjörður	600	
40. Stöðvarfjörður	6 100	
41. Breiðdalsvík	1 000	
42. Djúpivogur	200	
43. Hornafjörður	1 300	
44. Dyrhólaey	300	
45. Vestmannaeyjar	4 900	
46. Stokkseyri	700	
47. Grindavík	2 200	
48. Sandgerði	4 500	
49. Garður	800	

	Þús. kr.	Þús. kr.
50. Vogar	700	
51. Hafnarfjörður	6 800	
52. Reykjavík	2 000	
		98 600

30. Við 4. gr. 10 333 0104 Ferjubryggjur.
Fyrir „1 625“ kemur 2 000

31. Við 4. gr. 10 333 0107 Hafnarbótasjóður.
Fyrir „6 410“ kemur 10 353

32. Við 4. gr. 10 333 0108 Sjóvarnargarðar.
a. Fyrir „1 044“ kemur 4 080
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10 333 0108).

1. Akranes	180	
2. Ólafsvík	180	
3. Búðardalur	180	
4. Flateyri	180	
5. Bolungarvík	180	
6. Blönduós	200	
7. Sauðárkrókur	300	
8. Siglufjörður	300	
9. Hrísey	300	
10. Árskógssandur	100	
11. Húsavík	180	
12. Vestmannaeyjar	180	
13. Miðneshreppur	180	
14. Garðskagi	180	
15. Garður	180	
16. Vatnsleysustrandarhreppur	180	
17. Hvaleyri	180	
18. Bessastaðahreppur	180	
19. Seltjarnarnes	180	
20. Reykjanesskagi	180	
21. Stokkseyri — Eyrarbakki	180	
		4 080

33. Við 4. gr. 10 333 0112 Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar.
Liðurinn fellur niður.

34. Við 4. gr. 10 471 Flugmálastjórn 0106 Framkvæmdir á flugvöllum.
a. Fyrir „41 375“ kemur 46 250
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framkvæmdir á flugvöllum (10 471 0106).

1. Reykjavík/Reykjanes	5 430
2. Rif	320
3. Stykkishólmur	1 920
4. Grundarfjörður	150
5. Búðardalur	200
6. Stóri-Kroppur	400
7. Sjúkraflugvellir á Vesturlandi	350
8. Ísafjörður	1 120
9. Suðureyri	420
10. Flateyri	20

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Þingeyri	1 770	
12. Bíldudalur	610	
13. Patreksfjörður	1 770	
14. Gjögur	1 210	
15. Hólmavík	20	
16. Bolungarvík	150	
17. Ingjaldssandur	270	
18. Sjúkraflugvellir á Vestfjörðum	350	
19. Blönduós	120	
20. Sauðárkrókur	1 020	
21. Siglufjörður	1 220	
22. Króksstaðamelar	250	
23. Akureyri	6 510	
24. Ólafsfjörður	780	
25. Húsavík	1 720	
26. Kópasker	700	
27. Raufarhöfn	200	
28. Þórshöfn	510	
29. Grímsey	230	
30. Sjúkraflugvellir á Norðurlandi	250	
31. Egilsstaðir	1 150	
32. Djúpivogur	400	
33. Bakkafjörður	700	
34. Vopnafjörður	1 300	
35. Norðfjörður	720	
36. Breiðdalsvík	600	
37. Fáskrúðsfjörður	600	
38. Hornafjörður	2 600	
39. Vestmannaeyjar	700	
40. Kirkjubæjarklaustur	1 000	
41. Selfoss	370	
42. Sjúkraflugvellir	420	
43. Leiðarflugþjónusta	2 000	
44. Neyðarbúnaður	2 300	
45. Ýmis verkefni	1 150	
46. Óráðstafað	250	
		46 250

35. Við 4. gr. 10 485 0103 Slysavarnafélag Íslands, vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa.
Fyrir „1 225“ kemur 1 293

36. við 4. gr. 12 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 94 Til einstaklinga og samtaka.
Fyrir „190“ kemur 210

Sþ. 158. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Áður en þinghald hófst í haust ræddi fjárveitinganefnd við fulltrúa um 80 sveitarfélaga, en alls hefur nefndin átt um 200 viðtöl við aðila sem komið hafa á fundi nefndarinnar. Auk þess hafa nefndinni borist mörg hundruð skrifleg erindi. Nefndin hefur fjallað um fjárlagafrumvarpið á 43 fundum eftir að þing kom saman, auk þess sem undirnefndir hafa starfað að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur fyrir 2. umr. afgreitt alla framkvæmdaflokka nema fyrirhleðslur svo og flest efnisatriði útgjaldahliðar frumvarpsins. Til 3. umræðu bíður auk tekjuhliðar frumvarpsins afgreiðsla B-hluta fyrirtækja, heimildagreinar, vegamál, málefni Háskóli Íslands, Lánasjóðs ísl. námsmanna, byggingamál Landspítala og nokkur einstök atriði.

Eins og fram kemur í greinargerð fjárlagafrumvarpsins mótast það af þeim samdrætti í þjóðartekjum sem orðið hefur á þessu ári og gera má ráð fyrir á hinu næsta. Nefndin hefur því í litlum mæli getað mætt þeim mörgu og margvíslegu óskum, sem að henni hefur verið beint um hækkun einstakra útgjaldaliða, og því takmarkað tillöguflutning sinn að mestu við þá liði, sem eru óbreyttir að krónutölu frá núgildandi fjárlögum, svo og við tillögur þar sem nánast er um leiðréttingar að ræða.

Framkvæmdaliðir hækkuðu í frumvarpinu almennt um 30% í krónutölu frá núgildandi fjárlögum, og gerir nefndin tillögur um nokkra hækkun frá því í átt við verðlagsbreytingar. Þjóðhagsspár eru á þann veg að almennt er naumast að vænta hærri tekna af einstökum tekjuliðum en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Augljóst er af þeirri staðreynd, að ráðrúm til öllu frekari hækkunar útgjalda er ekki fyrir hendi, en það er stefna meiri hluta fjárveitinganefndar að afgreiða fjárlög hallalaus.

Breytingartillögur nefndarinnar við frumvarpið eru þessar:

Við tekjuhlið frv. er flutt ein tillaga við 2. umræðu. Lagt er til að skipaskoðunargjald hækki um 600 þús. kr. til samræmis við endurmat á útgjöldum Siglingamálastofnunar ríkisins.

02 Menntamálaráðuneyti.

232 Rannsóknaráð ríkisins: Útgjöld hækka í heild um 515 þús. kr., þar af 100 þús. kr. vegna skipulags- og þróunarmála, 215 þús. kr. vegna upplýsingamála og 200 þús. kr. vegna liðarins Nýting náttúruauðæfa.

302 Menntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækki um 100 þús. kr.

306 Menntaskólinn á Ísafirði: Stofnkostnaður hækki um 300 þús. kr.

351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Stofnkostnaður hækki um 800 þús. kr.

352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli: Stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr.

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. og verði 800 þús. kr.

359 Verkmenntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. og verði 9 100 þús. kr.

422 Námsgagnastofnun: Önnur rekstrargjöld hækki um 1 500 þús. kr. og verði 14 713 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 1 000 þús. kr. vegna myndbandavæðingar og verði 1 060 þús. kr.

501 Tækniskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 100 þús. kr. vegna bókasafns.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Viðhald hækki um 100 þús. kr. og verði 185 þús. kr.

571 Sjómannaskólahúsið: Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. vegna áframhaldandi lagfæringa á húsinu.

610 Héraðsskólar, almennt: Stofnkostnaður hækki um 1 900 þús. kr. Sundurliðun er í breytingartillögum nefndarinnar.

700 Grunnskólar, Reykjavík: Laun hækki um 80 þús. kr. vegna skólaathvarfs í Breiðholti.
792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Stofnkostnaður hækki um 15 615 þús. kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.
797 Skólar fyrir þroskaheft börn: Framlag til þjálfunarskóla hækki um 965 þús. kr. og framlag til dagvistunar forskólabarna hækki um 357 þús. kr.
803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Framlag til dagvistarheimila hækki um 5 000 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar.
881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækki um 15 þús. kr. og verði 45 þús. kr. Styrkur til útgáfustarfa hækki um 90 þús. kr. og verði 420 þús. kr. sem fjárveitinganefnd skiptir upp til viðtakenda. Liðurinn Starfsemi stúdenta hækki um 9 þús. kr. og verði 27 þús. kr.
902 Þjóðminjasafn Íslands: Laun hækki um 136 þús. kr. sem nægi fyrir launum húsvarðar Þjóðminjasafns og Listasafns. Önnur rekstrargjöld hækki um 15 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr. til lagfæringar á skrifstofu. Liðurinn Til sveitarfélaga hækki um 120 þús. kr. og verði 2 520 þús. kr. Fjárveitinganefnd skiptir lið þessum í samráði við þjóðminjavörð. Liðurinn Sjóminjasafn Íslands hækki um 800 þús kr. og verði 1 200 þús. kr.
908 Kvikmyndasafn Íslands: Sértekjur falli niður.
909 Nýr liður: Blindrabókasafn Íslands. Laun verði 1 411 þús. kr., sem eru laun 6 starfsmanna. Önnur rekstrargjöld verði 300 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verði 300 þús. kr.
982 Listir, framlög: Liðurinn hækki alls um 1 371 þús. kr. sem skiptist eins og hér segir: **Leikfélag Reykjavíkur hækki um 788 þús. kr. Leikfélag Akureyrar hækki um 288** þús. kr. Liðurinn Leiklistarstarfsemi hækki um 150 þús. kr. Liðurinn Ferðaleikhúsið orðist svo: Ferðaleikhús: a) rekstrarstyrkur 60 þús. kr., b) stofnkostnaður 50 þús. kr. Liðurinn hækki því um 65 þús. kr. Tekinn verði upp nýr liður: Íslenskir menningardagar í Berlín 80 þús. kr.
986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 200 þús. kr. og bygging íþróttamannvirkja hækki um 2 970 þús. kr. og verði 15 600 þús. kr., sem skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.
988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 176 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðssamband Íslands, 10 þús. kr. Ungmennafélag Íslands 104 þús. kr. Bandalag ísl. skáta 29 þús. kr. Bandalag ísl. skáta, vegna Úlfljótsvatns 7 þús. kr. Íslenskir ungtemplarar 10 þús. kr. Landssamband KFUM og KFUK 7 þús. kr. KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 5 þús. kr. KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 4 þús. kr.
989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn Forseti FIDE lækki um 640 þús. kr. og verði 160 þús. kr. vegna uppgjörs.
999 Ýmislegt: Liðurinn hækki alls um 583 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er að geta þess, að fellt **er niður framlag til Hljóðbókasafns en áætlað fyrir því á nýjum lið: 02-909** Blindrabókasafn Íslands.

03 Utanríkisráðuneyti.

399 Ýmis utanríkismál: Liðurinn Lögberg-Heimskringla hækki um 56 þús. kr. og Háskóli Sameinuðu þjóðanna hækki um 800 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Nýr liður: Tilraunabú óskipt 1 500 þús. kr. Liðurinn Stóra-Ármót hækki um 200 þús. kr. og verði 300 þús. kr. vegna fjósbyggingar.
231 Skógrækt ríkisins: Nýir liðir: Útivistarsvæði 150 þús. kr. Vegna tilrauna við rótarskóga 100 þús. kr.
246 Veiðimálaskrifstofan: Önnur rekstrargjöld hækki um 100 þús. kr. vegna rannsókna á laxveiðum Færeyinga í sjó.

247 Yfirdýralæknir: Framlag til héraðsdýralækna hækki um 171 þús. kr., þar af 146 þús. kr. vegna launa eins dýralæknis frá 1/7 1983.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 386 þús. kr. sem skiptist á eftirfarandi hátt: Norræna búfræðifélagið hækki um 1 þús. kr. Landssamband ísl. hestamannafélaga falli niður. Landssamband ísl. hestamannafélaga, til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 7 þús. kr. Landvernd hækki um 100 þús. kr. Búnaðarfélag Austur-Skaftafellssýslu hækki um 30 þús. kr. Nýr liður: Til rannsókna á lifnaðarháttum æðarfugls 250 þús. kr.

502 Bændaskólinn Hólum: Stofnkostnaðarframlag hækki um 250 þús. kr. til frágangs á sundlaug.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Liðurinn Veiðieftirlit hækki um 260 þús. kr. vegna launa eins veiðieftirlitsmanns.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna: Viðhald hækki um 330 þús. kr. vegna samningsbundins viðhalds á tölvum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

208 Rannsóknalögregla ríkisins: Laun hækki um 1 500 þús. kr., aðallega vegna yfirvinnu. Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr.

235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík: Laun hækki um 81 þús. kr. vegna 0,4 stöðu fulltrúa.

251 Landhelgisgæslan: Framlag hækki alls um 9 792 þús. kr. sem skiptist á eftirfarandi hátt: Ægir 1 831 þús. kr. Óðinn 1 317 þús. kr. Þór 1 157 þús. kr. Týr 1 957 þús. kr. Fluggæsla 4 265 þús. kr. Landhelgissjóður lækki um 735 þús. kr.

253 Almannavarnir ríkisins: Önnur rekstrargjöld hækki um 50 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 47 þús. kr.

301 Þjóðkirkjan: Framlag hækki alls um 410 þús. kr. og skiptist á eftirfarandi hátt: Álag vegna afhendingar kirkna hækki um 100 þús. kr. Hallgrímskirkja í Reykjavík hækki um 250 þús. kr. Hjálparstofnun kirkjunnar hækki um 60 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti.

977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta: Framlag hækki alls um 3 676 þús. kr. er skiptist sem hér segir: Sæðisstjórnir hækki um 360 þús. kr. Sambýli hækki um 1 409 þús. kr., þar af 1 048 þús. kr. vegna nýrra sambýla að Drekavogi og Háteigsvegi í Reykjavík, og er þar reiknað með launakostnaði 10.5 starfsmanna og öðrum kostnaði frá 1. apríl 1983. Verndaðir vinnustaðir hækki um 195 þús. kr. Leiktækjasöfn hækki um 262 þús. kr., þar af verði 148 þús. kr. vegna nýs leiktækjasafns á Siglufirði. Gert er ráð fyrir að þar starfi einn starfsmaður. Kostnaður skv. 15. gr. hækki um 1 339 þús. kr. Heimili fyrir einhverf börn hækki um 111 þús. kr.

978 Heimili fyrir þroskahefta: Skálatún hækki um 1 000 þús. kr. og Sólborg hækki um 2 200 þús. kr.

984 Vinnumál: Nýr liður: Sjómannasamtök, lögskráning 200 þús. kr.

999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 1 668 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

271 Tryggingastofnun ríkisins: Liðurinn lækki um 2 025 þús. kr. Sama fjárhæð færist á Krabbameinsfélag Íslands.

301 Landlæknir: Yfirstjórn hækki um 115 þús. kr. vegna skráningar og úrvinnslu upplýsinga.

324 Heyrnar- og talmeinastöð: Laun hækki um 290 þús. kr. vegna stöðu læknis í hálfu starfi og stöðu talmeinafræðings sem ráðinn yrði frá 1/7 1983. Önnur rekstrargjöld hækki um 100 þús. kr. og yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækki um 700 þús. kr. til kaupa á heyrnartækjum.

371 Landspítalinn: Framlag til viðhalds hækki um 2 000 þús. kr.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 21 615 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur hækki um 1 500 þús. kr. Liðurinn Landakotsspítali, röntgentæki falli niður. DAS, Hrafnista, Hafnarfirði, byggingarstyrkur, þriðja greiðsla af fimm: a) í stað orðsins „fimm" komi „sex", b) hækki um 328 þús. kr. Nýr liður: Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi, 1 000 þús. kr.

386 Landakotsspítali: Fyrirsögn orðist svo: St. Jósefsspítali, Landakoti. Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 2 000 þús. kr.

387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Laun hækki um 7 350 þús. kr. vegna nýrra starfsmanna við nýja sjúkradeild. Önnur rekstrargjöld hækki um 2 500 þús. kr. Viðhald hækki um 2 500 þús. kr.

399 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn Hjartavernd hækki um 650 þús. kr. Krabbameinsfélag Íslands hækki um 2 875 þús. kr., þar af koma 2 025 þús. kr. frá Tryggingastofnun ríkisins. Sjúkraflug hækki um 75 þús. kr. Félag astmasjúklinga hækki um 2 þús. kr. Exem- og psoriasissjúklingar hækki um 3 þús. kr. Ýmis framlög hækki um 50 þús. kr.

471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Bláa bandið hækki um 12 þús. kr. Vernd, félagssamtök hækki um 15 þús. kr. Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið hækki um 70 þús. kr.

481 Bindindisstarfsemi: Nýr liður: Til einstaklinga og samtaka 225 þús. kr. Aftan við liðinn bætist viðfangsefni: 0102 Áfengisvarnir 1181 þús. kr. 0105 Stórstúka Íslands 225 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti.

333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 37 538 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Ferjubryggjur hækki um 375 þús. kr. og verði alls 2 000 þús. kr. Sú upphæð skiptist að jöfnu milli Hvalláturs og Skáleyja. Hafnarbótasjóður, framlag hækki um 3 943 þús. kr. Sjóvarnargarðar hækki um 3 036 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í breytingartillögum nefndarinnar. Liðurinn Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar falli niður.

341 Siglingamálastofnun ríkisins: Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. Á móti komi jafnmikil hækkun á skipaskoðunargjaldi sem fram kemur í 3. gr. fjárlaga.

342 Sjóslysanefnd: Nýr liður: Til einstaklinga og samtaka 110 þús. kr.

471 Flugmálastjórn: Framlag til Flugvalladeildar hækki um 5 000 þús. kr. Framkvæmdir í flugvöllum hækki um 4 875 þús. kr. og verði 46 250 þús. kr. sem skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.

485 Ýmis framlög: Liðurinn Flugbjörgunarsveitir hækki um 100 þús. kr. Slysavarnafélag Íslands, vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa hækki um 68 þús. kr. Nýr liður: Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 300 þús. kr. Er þessi fjárveiting sérstaklega ætluð til kaupa á myndefni um öryggismál sjómanna og dreifingar á því.

11 Iðnaðarráðuneyti.

201 Iðntæknistofnun Íslands: Liðurinn Iðntækniþjónusta hækki um 640 þús. kr., þar af verði 270 þús. kr. vegna launa eins ráðgjafa í yfirborðsmeðhöndlun. Á móti hækki sértekjur um 200 þús. kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Liðurinn Iðnráðgjafar hækki um 420 þús. kr. vegna yfirvinnu iðnráðgjafa.

12 Viðskiptaráðuneyti.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 20 þús. kr. vegna Neytendasamtakanna.

Alþingi, 12. des. 1982.

Geir Gunnarsson, form., frsm.
Guðmundur Bjarnason, fundaskr.
Þórarinn Sigurjónsson.
Alexander Stefánsson.
Friðjón Þórðarson.

Sþ. 159. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd flytur að venju sameiginlegar tillögur til breytinga á frumvarpi til fjárlaga á þskj. 149 og 157 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Minni hlutinn er á hinn bóginn algerlega andvígur stefnu frumvarpsins og þeirri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi sem frumvarpið endurspeglar.

Við fjárlagaafgreiðslu undanfarin ár hafa sjálfstæðismenn í minni hluta fjárveitinganefndar gert grein fyrir efnahagsþróuninni í nefndaráliti. Að þessu sinni er horfið frá þessum vinnubrögðum og aðeins fjallað um ríkisfjármálin. Ástæðan er m. a. sú, að ítarleg úttekt verður gerð á efnahagsmálum í nefndaráliti minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar og þess vegna hægt að vísa til þeirrar umfjöllunar.

Gagnrýni sjálfstæðismanna á fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp hefur m. a. beinst að því, að frumvarpið sé byggt á röngum verðlagsforsendum. Þess vegna hafa undirritaðir látið reikna út nýtt „frumvarp“ sem miðað er við verðlagsforsendur þjóðhagsáætlunar ríkisstjórnarinnar og yfirlýst markmið um umfang ríkisstarfseminnar. Það „frumvarp“ er í fylgiskjali I. Niðurstöðutölur þess „frumvarps“ sanna hve óraunhæft fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar er. Í fskj. III. er birtur listi yfir vanáætlanir fjárlagafrumvarpsins, ef það er reiknað fram á grundvelli ríkisreiknings 1981 og verðlagsforsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1983. Í fskj. II. er svo birtur listi yfir aukafjárveitingar 1. jan.—29. okt. í ár, en sá listi er til marks um það, hvernig framkvæmdavaldið seilist æ lengra inn á svið fjárveitingavaldsins.

I. Nokkur aðalatriði ríkisfjármála síðustu ára.

Stefna fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1983.

Megineinkenni þessa frumvarps eru hin sömu og verið hafa í ríkisfjármálum í tíð núverandi ríkisstjórnar og raunar einnig í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Ómenguð vinstri stefna hefur setið í fyrirrúmi á þessu mikilvæga sviði þjóðarbúskaparins eins og víðar. Raunar er það svo, að ekki hefur síður hallað á ógæfuhliðina nú síðustu árin, enda Alþýðubandalagið og framsóknarmenn með forræði 10 ráðuneyta af 13 og Alþýðubandalagið með ríkisfjármálin í sínum höndum.

Í þessu sambandi má enn minna á orð formanns þingflokks Alþýðubandalagsins í Þjóðviljanum: **„Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ber mjög svip þeirrar afstöðu sem Alþýðubandalagið hefur haft síðan 1978. Sú afstaða varð undir í ríkisstjórninni 1978—79 (vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar). Nú hefur hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþýðubandalags og árangurinn er að koma í ljós.“**

Vinnubrögð við gerð fjárlaga og stjórn ríkisfjármála hafa verið losaraleg, ruglingsleg og ómarkviss, eins og vill verða undir stjórn vinstri flokka.

Verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpa hafa verið vísvitandi rangar. Útgjöld fjárlagafrumvarpsins hafa verið áætluð á grundvelli gildandi fjárlaga, en ekki tekið mið af raunverulegu umfangi og útgjöldum. Síðan hefur verið gripið til þess ráðs að veita aukafjárveitingar þegar komið hefur í ljós að viðkomandi fjárlagaliður reynist markleysa — ýmist hreinlega vanáætlaður eða verðbólga hefur reynst meiri en gert er ráð fyrir við gerð fjárlaga.

Það gefur auga leið, að í 50—60% verðbólgu, sem ávallt hefur reynst miklu meiri en svonefndar reiknitölur fjárlagafrumvarpa hafa gert ráð fyrir, bitnar þetta ráðslag þungt á raungildi framkvæmdaliða, enda hafa þeir liðir lækkað ár eftir ár að raungildi eins og fylgt hafi verið þaulhugsaðri niðurtalningsformúlu.

Þegar þannig er staðið að fjárlagagerð er ríkisvaldið í raun og vera að svipta sjálft sig því mikilvæga stjórntæki sem raunsæ fjárlög eru hverju sinni. Sama gildir um lánsfjárlög. Þau fjalla þó að verulegu leyti um framkvæmdir. Í þeim er oftast gert ráð fyrir fastri krónutölu. Þess vegna eru rangar verðlagsforsendur þeim mun verri við gerð lánsfjárlaga en almennra fjárlaga. Og í samræmi við það er gildi þeirra sem stjórntækis rýrt þeim mun meir sem fáránlegar er haldið á verðlagsforsendum þeirra.

Þessi vinnubrögð einkenna ekki síst frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1983. Það er hreinlega gripið til þess ráðs að áætla vísvitandi of lágar upphæðir til rekstrar og viðhalds þess ríkisbákns sem ríkisstjórnin hefur þanið kerfisbundið út og gert er ráð fyrir að viðhalda eða auka samkvæmt forsendum í þjóðhagsáætlun og greinargerð fjárlagafrumvarps. **Þetta virðist gert til þess að dylja að raunverulega vantar rúman milljarð nýkróna á að endar nái saman í frumvarpinu, ef framangreind markmið ríkisstjórnarinnar um umfang ríkisbúskaparins eiga að nást.**

Ástæðan fyrir þessari vöntun er einfaldlega sú, að í tekjuáætlun er ekki gert ráð fyrir því, að sú gífurlega eftirspurnarþensla haldist sem valdið hefur vaxandi innflutningi hátollavöru, aukinni veltu og viðskiptahalla, sem mætt hefur verið með gífurlegri eyðsluskuldasöfnun erlendis.

Því miður er þó ekki horfið algerlega frá þessari óheillabraut. Á næsta ári er samkvæmt þjóðhagsspá ríkisstjórnarinnar stefnt að því, að þjóðarútgjöld verði meiri en tekjur, viðskiptahalli verði verulegur og eyðsluskuldasöfnun haldi áfram. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður „hagnist“ enn á næsta ári á þessu háttalagi, þótt í minna mæli sé en verið hefur.

Gengisstefna ríkisstjórnarinnar hefur leitt til útsölu á gjaldeyri misserum saman, stóraukins viðskiptahalla og eyðsluskulda, sem stefnt hafa fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í fullkomna tvísýnu. Þessi ranga gengisstefna hefur vegna mikils innflutnings umfram útflutning valdið tekjuauka hjá ríkissjóði sem nemur miklum fjárhæðum undanfarin ár. Efnahagssjúkdómur þjóðarinnar verður þannig að tekjuuppsprettu ríkissjóðs.

Um þetta segir svo í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 15. mars:

„Á síðasta ári var þróun ríkisfjármála með þeim hætti, að töluverður greiðsluafgangur var á ríkissjóði, hann bætti stöðu sína við Seðlabankann. Meginástæða þessarar útkomu var **mikil tekjuaukning, einkum af aðflutningsgjöldum og söluskatti vegna mikils innflutnings.**“

Sama þróun hefur átt sér stað fyrstu mánuði yfirstandandi árs. Í þjóðhagsáætlun, sem var lögð fyrir Alþingi í haust af forsætisráðherra, segir svo um framvindu ríkisfjármála:

„Tímabilið janúar—ágúst í ár voru innlendar tekjur um 50% meiri en á sama tíma í fyrra og var það umfram hækkun verðlags á þessu tímabili, **vegna mikillar veltu og innflutnings fyrstu mánuði ársins.**“ Þar segir einnig:

„Tímabilið janúar—ágúst í ár var innheimtur söluskattur 63% meiri en í fyrra og tolltekjur 73% meiri. Á sama tíma var útgjaldaaukning 58%.“

Að mati sérfróðra manna má áætla að tekjuauki ríkissjóðs vegna umframeftirspurnar eftir innflutningi og óvenjumikillar veltu 1981 og það sem af er þessu ári hafi a. m. k. verið um 800 millj. króna.

Á árunum 1981 og 1982 er talið að viðskiptahalli við útlönd verði hvorki meira né minna en um það bil 5 000 millj. króna á verðlagi ársins í ár. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu í ár. Greiðslubyrði erlendra lána er að verða svo þung að Seðlabankinn áætlar að hún muni nema 25% af útflutningstekjum á næsta ári, m. a. vegna óreiðu- og eyðslulána sem taka þarf til þess að fleyta atvinnuvegunum og jafna viðskiptahalla.

Þannig hafa upplausn og óstjórn í efnahagsmálum, þótt mótsagnakennt sé, valdið því, að ríkissjóður hefur verið í formlegu jafnvægi 1981 og sýnist ætla að verða það nokkurn veginn á þessu ári. Ef ríkissjóður hefði á hinn bóginn ekki fengið þessar tekjur, sem stafa af eyðslu, óstjórn og gífurlegri skuldasöfnun, væru bullandi greiðsluhalli á ríkissjóði. Skuldir hans hafa aukist um 700—800 milljónir króna þrátt fyrir stórfelldar skattahækkanir ár eftir ár.

Skal nú vikið að megineinkennum á stefnu fjárlagafrumvarps fyrir árið 1983, en þau eru flest hin sömu og einkennt hafa stefnuna í ríkisfjármálum í tíð núverandi ríkisstjórnar og raunar einnig ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Nánar verður fjallað um þessi einkenni í köflum nefndarálitsins hér á eftir, en í stuttu máli eru þau þessi:

1. **Í frumvarpinu eru vísvitandi rangar verðlagsforsendur.** Samkvæmt þjóðhagsáætlun er markmið ríkisstjórnarinnar að verðbólgan verði 40—50% frá upphafi til loka árs 1983. Verðbólgan verður á árinu 1982 um 62% frá upphafi til loka árs. Þetta þýðir að meðalhækkun milli áranna 1982 og 1983 verður ekki undir 50%. Reiknitala frumvarpsins er á hinn bóginn 42%. Hún er því ekki í neinu samræmi við bjartsýna verðbólguspá ríkisstjórnarinnar á árinu 1983, sem engin skýring hefur fengist á hvernig eigi að ná fram. Hér er um vísvitandi rangar verðlagsforsendur við fjárlagagerðina að ræða eins og undanfarin ár.

2. **Óbreytt skattastefna leiðir enn til skattahækkunar.** Þannig á að þrengja að heimilunum bæði með skattahækkun og annarri kjaraskerðingu sem felst í bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður sýni gott fordæmi og rifi seglin. Almenningur á einungis að herða sultarólina.

Skattar í heild til ríkis og sveitarfélaga eru nú áætlaðir 38% af þjóðarframleiðslu. Þetta hlutfall var 31,6% árið 1977. Hækkunin er 6,4% á valdatíma vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og núverandi ríkisstjórnar. Þetta svarar til 2660 milljóna króna eða fjárhæðar sem nemur 57 800 krónum á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Miðað er við verðlag fjárlagafrumvarps 1983.

Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hafa skattar til ríkisins eins hækkað um 3.1% af þjóðarframleiðslu. Þetta jafngildir 1290 milljónum króna eða 28 000 króna á hverja fimm manna fjölskyldu á verðlagi fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1983. Á sama tíma hækkuðu skattar til sveitarfélaga um 0.3—0.4% af þjóðarframleiðslu, þ. e. a. s. 166 millj. króna. Samtals er skattahækkunin á þessum þremur árum í tíð núverandi ríkisstjórnar því 31 600 krónur á hverja fimm manna fjölskyldu.

3. **Eyðsluútgjöld ríkissjóðs aukast eitt árið enn** langt umfram gefnar verðlagsforsendur og eru þau þó vanáætluð víða miðað við það umfang sem ríkisreksturinn er kominn í, svo sem áður segir. Ríkisumsvifin eru aukin ár frá ári. Þannig eru rekstrarútgjöld hækkuð um 65% eða langt fram úr þeirri reiknitölu sem frumvarpið er miðað við, 42%.

4. **Niðurgreiðslur og millifærslur eru langt umfram það sem eðlilegt getur talist.** Sú ákvörðun að auka niðurgreiðslur um 6 prósentustig í framfærsluvísitölu fyrri hluta ársins var nánast eina úrræði ríkisstjórnarinnar gegn verðbólgu á þeim tíma. Það kostar 800 milljónir króna að greiða eingöngu þessi 6 prósentustig niður á næsta ári á verðlagi fjárlagafrumvarpsins. Áður var greitt niður sem svaraði rúmlega 5 prósentustigum í verðbótum á laun. Það er því ljóst, að ríkisstjórnin hefur gefist upp á þessu bjargráði sínu, og verði krónutöluhækkun ekki á niðurgreiðslum á næsta ári, en verðbólga svipuð og gert er ráð fyrir í spám, verða niðurgreiðslur ekki meiri en þær voru þegar þessar ákvarðanir voru teknar. Þessi saga hefur endurtekið sig með stuttu millibili frá því í desember 1978. Niðurgreiðslur hafa verið stórauknar af og til, en jafnharðan gefist upp á að afla fjár til þess að standa undir slíkum „efnahagsúrræðum".

5. **Árlegum niðurskurði á raungildi** fjárveitinga vegna verklegra **framkvæmda er haldið áfram** og nú enn frekar en áður. Sama gildir um framlög til sjóða og atvinnuvega. Sem dæmi má nefna að raungildi framlaga til hafna, grunnskólabygginga og íþróttamannvirkja, en það

eru mannvirki sem minni sveitarfélögin á landinu eru flest að glíma við, hefur verið skorið niður í 65 ef miðað er við 100 árið 1978. Fjárveitingar til verklegra framkvæmda hækka samkvæmt frumvarpinu um 31% frá gildandi fjárlögum, en rekstur, eins og áður segir, um 65%.

6. **Lántökur eru auknar og enn eru ný lán tekin til greiðslu óreiðuskulda.** Augljóst er á greinargerð frumvarpsins að ríkisstjórnin hefur gefist upp á að sýna áformaðar lántökur til A- og B-kerfisins. Í því efni er vísað til væntanlegrar lánsfjáráætlunar. Á þessu sviði eru því miður ekki öll kurl komin til grafar í frumvarpinu. Í þessu sambandi er athyglisvert að samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum hafa erlendar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana hækkað úr 3345 milljónum króna árið 1977 í 4839 milljónir 1981, reiknað á föstu gengi. Þetta er aukning erlendra skulda um 45% á föstu gengi.

Þessi sex meginatriði um stefnu eða stefnuleysi í ríkisfjármálum undanfarin ár eru gamalkunn. Þessi saga hefur endurtekið sig ár eftir ár. Nú horfir á hinn bóginn þannig við, að þegar draga þarf saman seglin og ríkissjóður fær minni tekjur af umframeyðslu og þjóðarútgjöldum, sem fara fram úr þjóðartekjum, þá verður sú mynd skýrari, hvernig ríkisfjármálin eru í raun byggð á sandi. Greinilega kemur þá í ljós eitt megineinkenni á stefnu og störfum ríkisstjórna sem fylgja vinstri stefnu. Þær bregða fyrir sig hverjum blekkingarhjúpnum eftir annan. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 er óbrotgjarn minnisvarði um þessi vinnubrögð.

II. Alrangar verðlagsforsendur.

Í fyrsta fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, frumvarpinu fyrir árið 1980, segir svo orðrétt:

„Í stjórnarsáttmálanum eru boðaðar eftirtaldar aðgerðir í verðlagsmálum í því skyni að draga úr verðbólgu:

1. Verðlagshækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóvember 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Um verðhækkanir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstjórnin sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafi ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvísitölu.
2. Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglu, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði á árinu 1980 og 1981.
3. Fyrir maí/júní 1980 skulu afgreiddar sérstaklega hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem framangreind mörk setja."

Þetta var hin fræga niðurtalningaformúla ríkisstjórnarinnar sem var svo nákvæmlega fram sett í fyrsta frumvarpi hennar til fjárlaga. Í framhaldi af þessari niðurtalningarformúlu segir svo orðrétt í athugasemdum fyrsta fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1980:

„Í samræmi við þetta er frumvarpið miðað við það að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979—1980 verði 45—46%."

Hér er það alveg skýrt að stefna ríkisstjórnarinnar í verðlagsmálum er lögð til grundvallar verðlagsforsendum sem fjárlagafrumvarpið hvíldi á.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er komist ofurlítið óljósar að orði. Þar segir í fjórða lið þegar verið er að ræða meginforsendur frumvarpsins:

„Verðlagshækkanir frá miðju árinu 1980 til miðs árs 1981 verði um 42% sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur um skeið."

Í þriðja fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, fyrir árið 1982, hefur ríkisstjórnin fyrir

alvöru „undanhald samkvæmt áætlun“ í þessum efnum. Þar er með öllu horfið frá því að stefna að ákveðnu verðbólgumarkmiði sem fjárlög síðan hvíli á. Þar segir orðrétt:

„Reiknitala fjárlagafrumvarpsins varðandi hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli áranna 1981 og 1982.“

Í fjórða frumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1983 er ekki lengur talað um „hugsanlega hækkun verðlags og launa“. Þar segir orðrétt:

„Reiknitala fjárlagafrumvarpsins er miðuð við 42% hækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Rétt er að minna á að reiknitala fjárlaganna hefur aldrei verið verðbólguspá fyrir komandi ár.“ (sic!)

Eins og sjá má á þessu er það ekki rétt sem segir í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins um verðlagsforsendur. Það gerist nefnilega samtímis að ríkisstjórnin gefst upp við að hamla gegn verðbólgunni og að miða við ákveðið verðbólgumarkmið sem fjárlög séu byggð á.

Þegar verðbólga er svo mikil sem raun ber vitni verða bæði fjárlög og lánsfjárlög, sem byggjast á óraunhæfum verðlagsforsendum, hrein markleysa. Upp hafa verið teknar aðferðir sem byggjast á fjárlögum til þess að fylgjast með útgjöldum einstakra ráðuneyta og stofnana. Gerðar eru greiðsluáætlanir á grundvelli fjárlaga. Síðan er fylgst í tölvubókhaldi með framkvæmd þessara áætlana. Laun eru jafnan verðbætt, en önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður ekki. Ef laun hækka meira en verðlagsforsendur fjárlaga, ganga þau út yfir aðra rekstrarliði og gjaldfærðan stofnkostnað. Augljóst er að því betri sem verðlagsforsendurnar eru þeim mun betra stjórnunartæki eru fjárlög og sú greiðsluáætlun sem á þeim byggist. Það er því alveg út í hött að tala um að reiknitala eða verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps skipti ekki verulegi máli.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 er byggt á þeirri forsendu, að verðlag hækki um 42% að meðaltali milli áranna 1982 og 1983. Þessi verðlagsforsenda er allt of lág og ekki í samræmi við neinar spár um þróun verðlags milli áranna 1982 og 1983 né heldur í samræmi við yfirlýst verðbólgumarkmið ríkisstjórnarinnar. Í þjóðhagsáætlun þeirri, sem forsætisráðherra lagði fram á Alþingi 25. október, segir svo á bls. 29:

„Venjubundinn framreikningur á ferli framfærsluvísitölu eftir þessar aðgerðir bendir til að heldur geti dregið úr ársfjórðungshækkun framfærsluvísitölunnar á fyrri hluta næsta árs, en hækkun hennar yrði þó enn svipuð og í lok þessa árs eða um 60%. Er það miðað við, að á næsta ári verði fylgt óbreyttu verðbótakerfi samkvæmt gildandi lögum, og ekki reiknað með sérstökum efnahagsaðgerðum er hafi áhrif á verðlagsþróunina. Þá er gert ráð fyrir virku aðhaldi í peninga- og lánamálum og ríkisfjármálum. Komi ekki fram ný verðbólgutilefni ætti að hægja á verðbólguhraðanum þegar kemur fram á árið, og á síðari hluta ársins gæti árshækkun framfærsluvísitölunnar verið komin niður undir 50%. **Meðalhækkun vísitölunnar samkvæmt þessum framreikningi yrði um 58%.** Með breyttu verðbótakerfi og enn auknu aðhaldi í peningamálum og ríkisfjármálum mætti ná frekari árangri á næsta ári. Í kaflanum Viðnám gegn verðbólgu í fyrsta hluta skýrslunnar kemur fram að stefnt verður að því, að verðbólgan verði ekki meiri en 40—45% frá upphafi til loka næsta árs.“

Nú liggur fyrir að framreiknuð framfærsluvísitala frá upphafi til loka þessa árs sýnir um það bil 62% hækkun og byggingarvísitala 64—65% hækkun. Ef taka ætti mark á markmiði ríkisstjórnarinnar um 40—45% verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs, þá getur meðalhækkun verðlags milli ára 1982 og 1983 ekki verið undir 50%. Önnur niðurstaða er reikningslega útilokuð. Verðlagsforsenda fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar er því hreinlega úr lausu lofti gripin.

Í Þjóðhagsáætlun er spáð 58% meðalhækkun framfærsluvísitölunnar milli áranna 1982 og 1983. Í nýjum framreikningi Þjóðhagsstofnunar, sem fram kemur í bréfi til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar, dagsettu 26. nóvember s. l., kemur fram að Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir meiri verðbólgu en í Þjóðhagsáætlun. Hún gerir ráð fyrir 60—63% meðalhækkun verðlags milli áranna 1982 og 1983. Þær spár, sem gefnar hafa verið út af einkaaðil-

um, gera yfirleitt ráð fyrir meðalhækkun um eða yfir 70%. Spá Vinnuveitendasambands Íslands gerir t. d. ráð fyrir 69,1% meðalhækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1982 og 1983, og spá Sambands ísl. samvinnufélaga gerir ráð fyrir rúmlega 70% hækkun. Flest opinber fyrirtæki gera sömuleiðis ráð fyrir 60—70% verðbólgu á næsta ári og á Spástefnu Stjórnunarfélagsins, sem haldin var nýlega, talaði forstjóri Þjóðhagsstofnunarinnar um 60—80% verðbólgu.

Það liggur því ljóst fyrir, að enginn aðili í þjóðfélaginu treystir sér til að taka mark á verðbólgumarkmiði ríkisstjórnarinnar. Í því fjárlagafrumvarpi, sem þessi sama ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir 40—50% verðbólgu, eins og ríkisstjórnin hefur að markmiði, heldur aðeins 20% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka. Svo óraunhæfar og beinlínis hlægilegar eru verðlagsforsendur þessa frumvarps.

III. Stórfelldur halli á ríkisbúskapnum.

Ríkisstjórnin hefur gumað af hallalausum ríkisrekstri og minnkandi skuldum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Í raun er þessu öfugt farið. Sá þáttur ríkisfjármálanna, sem nefndur er A-hluti, hefur verið í formlegu jafnvægi á árunum 1980—1981 vegna mikilla umframtekna ríkissjóðs af innflutningi og veltu í þjóðfélaginu, vegna þess að þjóðarútgjöld hafa farið langt fram úr tekjum, þjóðin hefur eytt um efni fram. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur ýtt undir þessa óheillaþróun eins og áður er rökstutt. Því má slá föstu, að raunverulegur halli ríkissjóðs þessi tvö ár og á yfirstandandi ári nemur a. m. k. 1000 milljónum króna, þar af 800 milljónum króna í fyrra og í ár.

Þessu til viðbótar hefur ríkisbúskapurinn í heild verið rekinn með auknum lántökum. Erlendar skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana hafa hækkað mjög ár frá ári, reiknað á föstu gengi, og enn þá meira ef ríkisfyrirtæki eru tekin inn í dæmið. Þannig voru löng erlend lán til hins opinbera 35% hærri í Bandaríkjadollurum í árslok 1981 en í árslok 1978 og 18% hærri en í árslok 1979.

Fjárfesting hefur á hinn bóginn dregist saman að magni til og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á þessu tímabili. Á þessu ári er áætlað að fjárfesting nemi um 25.1% af þjóðarframleiðslu, og þetta hlutfall hefur ekki verið jafnlágt frá árinu 1969. Þetta gefur til kynna að eyðsla í ríkiskerfinu hefur aukist. Eftir hefur staðið síminnkandi hluti fjármagns til fjárfestingar sem þó hefur verið haldið uppi með lántökum, þ. á m. erlendum lántökum.

Skuldastaða ríkissjóðs við einn lánardrottna sinna, þ. e. a. s. Seðlabankann, sem fjármálaráðherra hælir sér af að hafa bætt, segir því enga sögu. Raunar gefur það alranga mynd af raunveruleika ríkisbúskaparins að halda slíkri blekkingu að fólki.

Þegar þetta „kreppufrumvarp“ til fjárlaga fyrir árið 1983, svo notuð séu orð fjármálaráðherra, er skoðað kemur þessi beiski veruleiki enn þá betur í ljós.

Tekjur frumvarpsins eru áætlaðar á þeim forsendum, að þjóðin eyði og fjárfesti minna (þjóðarútgjöld minnki) umfram þjóðartekjur og viðskiptahalli verði minni en í ár. Þetta dregur úr tekjum ríkissjóðs af umframeyðslu. Þess vegna er úr minni ríkistekjum að spila samkvæmt fjárlagafrumvarpinu en verið hefur undanfarin óstjórnarár.

Þá er gripið til örþrifaráða: margir mikilvægir útgjaldaliðir eru stórlega vanáætlaðir miðað við umfang ríkisbúskaparins eins og hann er orðinn undir stjórn núverandi valdhafa. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar og athugasemdir í fjárlagafrumvarpinu skortir til að mynda 10.2% á að raungildi samneyslu sé það sama og skv. ríkisreikningi fyrir árið 1981.

Í Þjóðhagsáætlun er spáð óbreyttri samneyslu á næsta ári, en hún jókst um 2% í ár frá 1981. Séu tölur úr ríkisreikningi 1981, sem sýna samneyslu á því ári, framreiknaðar og leiðréttar vegna flutnings tveggja sjúkrahúsa og fjögurra heilbrigðisstofnana af daggjaldakerfi yfir í A-hluta kemur niðurstaðan í ljós í eftirfarandi töflu:

Samanburður á fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar (A-hluta) og ríkisreikningi fyrir árið 1981 (A-hluta) færðum upp í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins:

	Ríkisreikningur 1981 — uppfærður (1.52 × 1.42)	Fjárlagafrumvarp ríkisstj. fyrir 1983	Mismunur %
Laun og ýmis starfsmannaútgjöld	3 595 465	3 472 090	−3.4
Ýmis rekstrargjöld	1 136 989	797 111	−29.9
Viðhald	449 976	341 234	−24.2
Vaxtagjöld	341 405	365 000	6,9
Gjaldfærður stofnkostnaður	951 108	808 858	−15.0
Ósundurliðað	17 872		
Tilfærslur:			
Til fyrirtækja og sjóða í B-hluta	5 284 243	4 919 863	−6.9
Til sveitarfélaga	345 848	298 637	−13.7
Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 444 932	1 394 425	−3.5
Til einstaklinga, heimila og samtaka	267 291	525 105	96.5
Gjöld samtals:	13 835 130	12 964 303	−6.3
Sértekjur stofnana	−595 853	−231 336	−61.2
Gjöld rekstrarreiknings alls	13 239 277	12 690 987	−4.1
Samneysla:	5 541 707	4 975 435	−10.2

Á samneyslunni munar hvorki meira né minna en 566 milljónum króna, eða 10.2%. Laun eiga samkvæmt þessu að lækka að raungildi um 3.4% á sama tíma sem ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað, önnur rekstrargjöld um tæp 30% að raungildi og viðhald um 24.2%.

Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 15% að raungildi í frumvarpinu miðað við ríkisreikning 1981. Þessi lækkun þýðir vitaskuld verulegan niðurskurð á framkvæmdum og fjárfestingu. Niðurgreiðslur eru óbreyttar frá 1981, en lækka um 30% að raungildi miðað við árið í ár. Þetta samrýmist illa fyrri yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um lækkun verðbólgu með þessu uppáhaldsbjargráði, en það var eina lausnin sem á dagskrá var frá áramótum og fram yfir sveitarstjórnarkosningar í vor.

Í Þjóðhagsáætlun er yfirleitt birt stefna ríkisstjórnar í efnahagsmálum í megindráttum. Þar kemur fram svart á hvítu að samneysla í ár hefur aukist um 2% og stefnt er að óbreyttri samneyslu 1983. Í fjárlagafrumvarpi sömu ríkisstjórnar segir: Samneysla skal samt dragast saman um rúm 10%. — Þetta eru dæmigerð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Synd væri að segja að snefil af rökréttu samhengi sé að finna í efnahagsstefnu hennar. Hér er augljóslega á ferðinni enn eitt sjónarspilið, en ríkisstjórnin virðist hafa miklar mætur á slíkum leikjum. Eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun verður áfram haldið á þeirri braut að viðhalda og þenja út eyðsluútgjöld ríkisbáknsins. Ríkisstjórninni er vel ljóst að fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 er marklaust plagg, sem ekki tekur mið af þeirri stefnu.

Að formi til ætlar ríkisstjórnin að láta líta svo út að síðustu fjárlög hennar séu í jafnvægi, því að þetta eru fjárlögin sem viðtakandi ríkisstjórn þarf að framkvæma og bera ábyrgð á. Gripið er til framangreindra blekkingaraðferða og „niðurskurðar" sem sýnist „ekta" á pappírnum. Öðru máli gegnir um framkvæmdir og framlög til atvinnuvegasjóða. Í þeim efnum er skorið niður í fullu samræmi við fyrri stefnu og gerðir ríkisstjórnarinnar.

IV. Skattar og ríkisfjármál síðustu ára og samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

1.0 Aukning skattheimtu.

Undanfarin ár hefur skattbyrði aukist ár eftir ár, ýmist vegna álagningar nýrra skatta eða hækkunar á söluskatti, vörugjaldi, tekju- og eignarskatti o. s. frv.

Skatttekjur hins opinbera hafa þróast þannig í hlutfalli af þjóðarframleiðslu (heimild Þjóðhagsstofnun):

	Skattar til ríkis %	Skattar til sveitarfélaga %	Skatttekjur hins opinbera %
1970	22.4	6.8	29.2
1971	24.1	6.9	31.0
1972	25.8	6.7	32.5
1973	26.2	6.0	32.2
1974	26.3	6.0	32.3
1975	26.8	7.0	33.8
1976	26.2	7.2	33.4
1977	25.0	6.6	31.6
1978	26.3	6.4	32.7
1979	27.6	7.0	34.6
1981	28.8	7.3	36.1
1982	30.7	7.4	38.1 (áætlun)
1983 (frv.)	30.7	7.4	38.1 (áætlun)

Athyglisvert er að á rúmum áratug hefur skattheimta til hins opinbera aukist úr 29.2% af þjóðarframleiðslu í 38.1% eða aukist um nærri 10%. Þessi skattahækkun nemur um 4 milljörðum nýkr. á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.

Á milli áranna 1977 (þá réðu sjálfstæðismenn stefnunni í skattamálum) og 1983 hefur skattheimta hins opinbera aukist um 6.5% af þjóðarframleiðslunni. Þetta jafngildir 2 700 milljónum króna eða 57 800 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.

Skattahækkunin til ríkisins á þessu tímabili nemur 5.7% af þjóðarframleiðslu eða 2 370 millj. króna, sem jafngildir 51 500 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu (verðlag fjárlagafrumvarpsins).

Í tíð núverandi ríkisstjórnar nemur skattahækkunin til ríkisins 3.1% af þjóðarframleiðslu, sem jafngildir 1 290 millj. króna eða 28 000 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu (verðlag fjárlagafrumvarpsins).

Að auki hafa skattar hækkað til sveitarfélaga frá 1980 um 0.4%, sem fyrst og fremst stafar af 10% hækkun útsvars. Þessi skattahækkun nemur 3 600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

1.1 Skattreikningur Alþýðubandalags, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins árið 1978.

Vinstri stjórnin hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka tekju- og eignarskatta haustið 1978. Þessar hækkanir hafa haldist síðan og aukist. Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: Gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskattinn um 2%, úr 20 í 22%, haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Hún hóf þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir, sem hefur aukist síðan án þess að sem nokkru nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núverandi ríkisstjórn hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjald er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald“ sem í raun er 1.5% söluskattur. Þá hefur hún lagt á tollafgreiðslugjald og skatt á innlánsstofnanir.

Hér fer á eftir samandreginn skattreikningur Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins og raunar Alþýðuflokksins, sem ber auðvitað ábyrgð að hluta á skattastefnu vinstri stjórnarinnar:

Nýir og hækkaðir skattar frá haustinu 1978:
(Verðlag fjárlaga 1983.)

	Millj. kr.
1. Hækkun eignarskatts og tekjuskatts að frádreginni lækkun sjúkratryggingagjalds	650
2. Hækkun söluskatts (2%)	516
3. Hækkun vörugjalds	470
4. Gjald á ferðalög	45
5. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	49
6. Vörugjald á raforku (6% hækkun)	38
7. Skattahækkun á bensín	349
8. „Orkujöfnunargjald" (1.5% söluskattur)	288
9. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	28
10. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð	150
11. Tollafgreiðslugjald	62
12. Skattur á innlánsstofnanir	50
Frá dregst:	
Niðurfelling söluskatts á matvörur, lækkun tolla og launaskatts	480
Samtals	2 245

1.2 Aukning skattbyrði.

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunr, Úr þjóðarbúskapnum, nr. 13, frá mars s. l., segir svo:

„Álagning beinna skatta ríkisins á einstaklinga á árinu 1982 er skv. fjárlögum talin hækka um 52% frá árinu 1981, og álagðir skattar til sveitarfélaga munu líklega hækka heldur meira. Á þeim forsendum um þróun tekna á árinu 1982, sem áður var getið, hefði þetta í för með sér aukna skattbyrði og ráðstöfunartekjur hækkuðu því minna en tekjur fyrir skatt."

Þetta er í algeru ósamræmi við það sem fjármálaráðherra og forráðamenn ríkisstjórnarinnar héldu fram við umræður um fjárlög í fyrra og skattamál á síðasta þingi.

Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1983 kemur fram að innheimtur tekjuskattur verður líklega liðlega 70 milljónum króna hærri en fjárlög gera ráð fyrir.

Skattbyrði beinna skatta hefur farið jafnt og þétt hækkandi frá árinu 1977. Eignarskattar voru til að mynda 1977 einungis 0.29% af tekjum greiðsluárs, en verða í ár um 0.51%. Þetta er nærri tvöföldun á skattbyrði eignarskatta. Tekjuskattar voru árið 1977 einungis 3.9% af tekjum greiðsluárs, en verða í ár liðlega 6%. Þetta er rúmlega 50% aukning á skattbyrði tekjuskatta.

	1977	1978	1979	1980	1981	Áætlun 1982
1. Skattar til sveitarfélaga[1])	155.4	233.4	380.8	618.2	959.0	1 525
2. Skattar til ríkisins[2])	95.1	221.3	350.3	524.5	795.5	1 376
3. Álagðir skattar alls	250.5	454.7	731.1	1 142.7	1 754.5	2 902
4. Heildartekjur einstaklinga (573.4)	2 285.2	3 620.0	5 417.0	8 433.0	13 338.0	20 150
5. Álagðir skattar sveitarfélaga í hlutfalli við:						
a) Tekjur fyrra árs	10.1%	10.2%	10.5%	11.4%	11.4%	11.4%
b) Tekjur greiðsluárs	6.8%	6.4%	7.0%	7.3%	7.2%	7.4%
6. Álagðir skattar ríkisins í hlutfalli við:						
a) Tekjur fyrra árs	6.2%	9.7%	9.7%	9.7%	9.4%	10.3%
b) Tekjur greiðsluárs	4.2%	6.1%	6.5%	6.2%	6.0%	6.7%
7. Álagðir skattar alls í hlutfalli við:						
a) Tekjur fyrra árs	16.3%	19.9	20.2%	21.1%	20.8%	21.8%
b) Tekjur greiðsluárs	11.0%	12.5%	13.5%	13.6%	13.2%	14.1%

1) Útsvar og fasteignaskattar.
2) Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Í framangreindri töflu kemur í ljós að skattbyrði hefur aukist frá árinu 1977 úr 11% af tekjum greiðsluárs í 14.1% á yfirstandandi ári.

Þetta jafngildir 840 millj. króna aukningu á skattbyrði á þessu tímabili, miðað við áætlun um heildartekjur einstaklinga á árinu 1982.

2.0. Auknar lántökur ríkissjóðs, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Skattahækkanir undanfarinna ára hafa ekki nægt til að auka ríkisumsvifin, heldur hafa ríkissjóður og ríkisfyrirtæki aukið lántökur ár eftir ár. Fé til framkvæmda og framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða hafa verið skorin niður að raungildi, en lán tekin í staðinn.

Í nefndaráliti um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1982 er gerð grein fyrir auknum lántökum skv. fjárlögum frá 1978. Hér verður sýnd aukning erlendra skulda ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja frá 1978—81.

Hækkun erlendra lána ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og fjárfestingarsjóða miðað við fast gengi hefur orðið sem hér segir:

	1978 m.kr.	1981 m.kr.	Hækkun m.kr.	%
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3 345	4 839	1 494	44.7%
Ríkisfyrirtæki	1 802	3 757	1 955	108.5%
Fjárfestingarsjóðir	616	1 059	443	71.0%
Framkvæmdasjóður	493	808	315	63.9%

Þetta gerist á sama tíma sem fjárfesting í landinu hefur dregist saman.

Fjármunamyndun var á þessu tímabili sem hlutfall af þjóðarframleiðslu:

1977	28.5%
1978	26.1%
1979	25.3%
1980	27.2%
1981	27.3%
1982	27.1%
1983	26.0% (skv. þjóðhagsáætlun)

Enn hefur sigið á ógæfuhliðina að þessu leyti 1982 og horfur ekki góðar á árinu 1983, þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir því, hvert stefnir á þessu sviði, þar sem ríkisstjórnin hefur gefist upp við að koma saman fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár.

Óreiðuskuldir hrannast upp. Ríkisfyrirtæki taka erlend lán til þess að fjármagna taprekstur, t. d. Sementsverksmiðja ríkisins, Kísiljárnsverksmiðjan o. fl. Byggðasjóði, sem fær skert ríkisframlag ár eftir ár, er bent á að taka erlend lán til þess að halda á floti tugum fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu. Landsvirkjun hefur tekið hundruð milljóna króna að láni til að fjármagna tap. Slík dæmi mætti rekja lengi.

Það kemur því úr hörðustu átt þegar fjármálaráðherra hælir sér af því, að skuldir ríkissjóðs í Seðlabankanum hafi minnkað síðustu árin. Ríkiskerfið í heild safnar sífellt meiri skuldum. Það er kjarni málsins.

3.0. Þensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs.

Rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafa aukist það mikið að skattahækkanir, sem áður eru taldar, nægja hvergi nærri til þess að standa undir þessari útgjaldaþenslu. Sífellt minna hefur orðið afgangs af peningum skattborgaranna til framkvæmda og uppbyggingar. Þessi þróun sést ef borin er saman hækkun rekstrarútgjalda og framlög til stofnkostnaðar og atvinnuvega skv. greinargerðum fjárlagafrumvarpa undanfarinna ára. Þessi samanburður er þannig:

	Hækkun frá fjárlögum		
	1981 %	1982 %	1983 %
Rekstrarútgjöld	55.7%	44.5%	64.8%
Stofnkostn. og framlög til stofnlánasjóða	53.0%	20.4%	38.9%
(þar af „verklegar framkvæmdir")			(31.1%)
„Reiknitölur" fjárlaga	42%	33%	42%

Eins og sjá má skera tvö síðustu árin sig úr að því er varðar niðurskurð á framlögum til stofnkostnaðar og framlög til verklegra framkvæmda og atvinnuvegasjóða. Á hinn bóginn hafa rekstrarútgjöldin hækkað umfram „reiknitölur" öll þessi ár. Hækkunin nemur umfram verðlagsforsendur fjárlaga:

1981 13.7%
1982 11.5%
1983 22.8%

Lántökur hafa verið auknar til að vega á móti niðurskurði framlaga til stofnkostnaðar og sjóða. Samt hefur raungildi fjárveitinga og lána til mikilvægra framkvæmda minnkað.

4.0. Samdráttur raungildis fjárveitinga til framkvæmda og sjóða.

Samkvæmt frv. er haldið áfram þeirri stefnu að skera niður raungildi fjárveitinga til framkvæmda og framlög til fjárfestingarlánasjóða og sjóða með félagsleg markmið. Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að dregið sé úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða sem lána fé sitt verðtryggt með eðlilegum vöxtum. Á hitt ber að líta, að þessi „sparnaður" er ekki nýttur til skattalækkunar, heldur til aukinnar eyðslu. Sé talið eðlilegt að lækka framlög til sjóða með félagsleg markmið, t. d. Erfðafjársjóðs, á að sjálfsögðu að gera það með breytingu á lögum. Sé það ekki gert er t. d. erfðafjárskattur innheimtur á fölskum forsendum.

4.1. Samdráttur fjárveitinga til framkvæmda.

Undanfarin ár hefur raungildi fjárveitinga til ýmissa framkvæmda verið skert ár eftir ár. Þetta gerist á sama tíma sem skattar hækka um milljarða reiknað á föstu verðlagi.

Flest sveitarfélög — stór og smá — glíma við að byggja skóla, hafnir og íþróttamannvirki. Hér er sýnt hvernig raungildi fjárveitinga til þessara framkvæmda hefur verið skorið niður á valdatíma Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins (miðað við byggingarvísitölu 1858 1983, sem er 58% hækkun frá 1982):

a) Fjárveitingar til hafnarframkvæmda:

Ár	Fjárv. á verðl. hvers árs þús. kr.	Verðlag 1978 þús. kr.	Vísitala 1978 = 100
1978	11 700	11 700	100
1979	15 284	10 432	94
1980	21 957	9 647	82
1981	31 915	9 113	78
1982	46 000	8 488	73
1983 Frv.	61 062	7 132	61

b) Fjárveitingar til grunnskólabygginga:

Ár	Fjárv. á verðl. hvers árs þús. kr.	Verðlag 1978 þús. kr.	Vísitala 1978 = 100
1978	13 760	13 760	100
1979	19 795	13 512	98
1980	27 780	12 206	89
1981	42 470	12 127	88
1982	61 680	11 382	83
1983 Frv.	81 420	9 509	69

c) Fjárveitingar til íþróttamannvirkja:

1978	2 476	2 476	100
1979	3 226	2 202	89
1980	4 976	2 186	88
1981	7 000	1 999	81
1982	10 200	1 887	76
1983 Frv.	13 576	1 587	64

d) Vegaframkvæmdir:

Nýlega mælti samgönguráðherra fyrir tillögu að nýrri langtímaáætlun í vegagerð. Með henni átti að auka vegaframkvæmdir.

Skv. fjárlagafrumvarpinu verður verulegur samdráttur í nýframkvæmdum vega frá árinu 1982. Skv. útreikningi fjárlaga- og hagsýslustofnunar minnka nýframkvæmdir vega og brúa úr því að vera 100 1982 í 92 eða 83 á árinu 1983. Fyrri útkoman fæst með því að reikna með verðlagsforsendum frumvarpsins (20—22% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka 1983) og hin síðari með venjulegum framreikningi Þjóðhagsstofnunar.

Þannig er stefnufestan á þessu mikilvæga sviði þjóðarbúskaparins.

4.2. Samdráttur fjárveitinga til sjóða:

Skerðing á framlögum til eftirgreindra sjóða er þannig í frumvarpinu miðað við lög skv. upplýsingum fjárlaga- og hagsýslustofnunar:

	Framl. skv. lögum m.kr.	Fjárv. í frv. m.kr.	Skerðing m.kr.
Erfðafjársjóður	21.6	16.1	5.4
Lánasjóður sveitarfélaga	9.9	5.5	4.4
Fiskveiðasjóður	70.9	26.6	44.3
Aflatryggingasjóður	31.4	15.5	15.9
Stofnlánadeild landbúnaðarins	40.4	20.8	19.6
Bjargráðasjóður	5.2	4.5	0.7
Hafnarbótasjóður	7.3	6.4	0.9
		Samtals	91.2

Auk þess hafa framlög til ýmissa annarra sjóða verið skorin niður, t. d. Byggðasjóðs, Orkusjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og Iðnlánasjóðs.

Framlög þessara sjóða eru skert miðað við lög og raungildi svo sem hér segir:

a) Byggðasjóður:

Skv. lögum um Byggðasjóð skal framlag ríkissjóðs ekki vera minna en svo að ráðstöfunarfé hans nemi 2% af útgjaldafjárhæð fjárlagafrumvarps. Þetta hefur verið framkvæmt þannig, að beinar fjárveitingar eru nú skv. frumvarpinu einungis rúmur þriðjungur þess sem þær voru að raungildi 1978. Fjárveiting til sjóðsins er 69.8 millj. kr., en ætti að vera 178 millj. miðað við sama raungildi og 1978.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til Byggðasjóðs hafa verið sem hér segir, miðað við byggingarvísitölu 1858 1983 (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1978	1978 = 100
1978	20 790	20 790	100
1979	24 580	16 778	80
1980	26 350	11 577	56
1981	37 500	10 708	51
1982	52 500	9 688	47
1983	69 825	8 155	39

b) Orkusjóður:

Sama gildir um fjárveitingar til Orkusjóðs. Frá því að nýja „orkujöfnunargjaldið" var lagt á árið 1980, sem nemur nú 288 millj. kr., hafa fjárveitingar til Orkusjóðs verið skertar verulega að raungildi. Framlagið hækkar að vísu mikið skv. frv. frá því í fyrra, en raungildi þess er miklum mun minna en 1980.

Fjárveitingar til Orkusjóðs eru (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1980	1980 = 100
1980	51 890	51 890	100
1981	83 970	54 596	105
1982	45 100	18 949	37
1983 Frv.	113 409	30 153	58

c) Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna:

Fjárveitingar til húsnæðismála í heild hafa verið skornar gífurlega niður á undangengnum árum. Skv. fyrri lögum áttu 2%-stig af launaskatti að renna í Byggingarsjóð ríkisins og auk þess svonefnt byggingarsjóðsgjald sem var 1% álag á tekju- og eignarskatt og aðflutningsgjöld.

Árið 1979 voru þessir tekjustofnar fyrst skertir, að hluta til með samningum milli launþega og ríkisvaldsins.

Skerðing launaskatts var 620 millj. gkr. 1979, 3 660 millj. 1980. Árið 1981 var launaskattur felldur niður sem tekjustofn Byggingarsjóðs — en 1%-stig af skattinum gert að tekjustofni Byggingarsjóðs verkamanna. Þannig var helmingurinn af þeim launaskatti, sem áður var tekjustofn húsnæðiskerfisins, tekinn í ríkissjóð auk alls byggingarsjóðsgjaldsins. Eftir stendur þó í lögunum um launaskatt að 2% hans, af 3.5% alls, skuli renna til húsnæðismála!

Beinar fjárveitingar til beggja sjóðanna hafa skerst sem hér segir (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1978	1978 = 100
1978	50 890	50 890	100
1979	64 507	44 037	87
1980	75 330	33 097	65
1981	118 000	33 697	66
1982	168 514	31 096	61
1983	219 564	25 644	50.4
1983	(304 564)[1]	(35 571)	70

1) Reiknað er hér með sérstöku framlagi, 85 millj. króna, skv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögunum.

Niðurskurðurinn er slíkur að helmingi raungildis þeirra fjárveitinga, sem gengu í sjóðina báða 1978, á að verja til húsnæðismála skv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Þótt sérstök fjárveiting — sem mikið er af gumað — 85 millj. kr., sé reiknuð með verður raungildi fjárframlaga úr ríkissjóði þriðjungi minna á næsta ári en 1978.

Sé á hinn bóginn athugað, hvernig raungildi fjárveitinga skiptist milli sjóðanna, hefur það hækkað til Byggingarsjóðs verkamanna, en er nú ekki nema brot af framlaginu 1978 til Byggingarsjóðs ríkisins. Þar kemur fram sú stefna ríkisstjórnarinnar annars vegar, að standa skuli að félagslegum byggingum á kostnað almennra húsbyggjenda, og hins vegar að draga í heild úr íbúðarhúsabyggingum.

d) Iðnlánasjóður:

Um Iðnlánasjóð gilda ekki lagaákvæði um ríkisframlög. Í fyrra var fjárveiting til Iðnlánasjóðs skorin niður um 88% frá fjárlögum 1981.

Fjárveiting til eftirtalinna stofnlánasjóða atvinnuveganna er sem hér segir í frv.:

Stofnlánadeild landbúnaðarins	20.8 millj. kr.
Fiskveiðasjóður	26.6 millj. kr.
Iðnlánasjóður	0.6 millj. kr.

V. Alþingi svipt fjárveitingavaldinu.

Ein alvarlegasta afleiðingin af óraunsærri fjárlagagerð, sem á undanförnum árum er byggð á röngum grunni, kemur fram í því, að einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild veita hundruð aukafjárveitinga án nokkurs samráðs við Alþingi eða fjárveitingavaldið.

Á fskj. II er listi yfir slíkar aukafjárveitingar til októberloka í ár. Hér er ýmist um að ræða fjárveitingar vegna rangra verðlagsforsendna eða beinna ákvarðana sem ríkisstjórnin tekur án heimildar Alþingis. Samtals nemur þessi fjárhæð 541 808 þús. króna eða þrefaldri þeirri upphæð sem fjárveitinganefnd og Alþingi fjalla um til breytinga á fjárlagafrv. við 2. umræðu.

Dæmi um upphæðir aukafjárveitinga skulu nefnd:

1. Menntamálaráðuneytið	80 278 þús. kr.
2. Landbúnaðarráðuneytið	13 628 þús. kr.
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	21 203 þús. kr.
4. Heilbrigðis- og tryggingamrn.	61 372 þús. kr.
5. Samgönguráðuneytið	26 905 þús. kr.
6. Iðnaðarráðuneytið	16 894 þús. kr.
7. Viðskiptaráðuneytið	272 817 þús. kr.

(Sjá nánar lista í fskj. II.)

Hér er gengið svo langt að segja má að verið sé að svipta Alþingi fjárveitingavaldinu. Erlendis, t. d. í Danmörku, fjallar fjárveitinganefnd um allar slíkar aukafjárveitingar. Þessum vinnubrögðum verður að breyta.

VI. Lokaorð.

Þetta fjárlagafrumvarp ber þess öll merki, að ríkisstjórnin sé að fara frá og ætli sér ekki að bera ábyrgð á framkvæmd laganna. Þess vegna er með ýmsum hætti reynt að fela þá erfiðleika sem blasa við. Jafnframt er reynt að hylja þær tilfærslur á útgjöldum frá fjárfestingu til eyðslu sem eru óumflýjanleg afleiðing rangra verðlagsforsendna.

Frumvarp til lánsfjárlaga og fjárfestingaráætlun hafa enn ekki verið lögð fram á Alþingi, þrátt fyrir skýlaus lagaákvæði þar að lútandi. Þess vegna er ekki hægt að gera sér nægilega góða grein fyrir heildarumfangi ríkisfjármála á næsta ári.

Ágreiningur er innan ríkisstjórnarinnar um fjölmörg mikilvæg mál, sem snerta efnahagsþróunina á næstu misserum og geta haft veruleg áhrif á forsendur frumvarpsins.

Í þessu nefndaráliti höfum við undirritaðir lagt fram upplýsingar og rakið lið fyrir lið gagnrýni á vinnubrögð og stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og þannig sýnt fram á hve haldlítið og raunar marklaust frv. er.

Alþingi, 13. des. 1982.

Lárus Jónsson, frsm. Friðrik Sophusson. Egill Jónsson.

Fylgiskjal I.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1983 byggt á fyrirhuguðu umfangi ríkisbúskaparins, samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1981, Þjóðhagsáætlun og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1983.

Það frumvarp, sem birtist í þessu fylgiskjali, má ekki skoða sem tillögur sjálfstæðismanna. Þvert á móti er því ætlað að sýna raunhæfar tölur sem byggðar eru á stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún kemur fram í þjóðhagsáætlun annars vegar og ríkisreikningi 1981 hins vegar. Tilbúnum og vísvitandi röngum „reiknitölum" fjárlagafrumvarpsins er ýtt til hliðar, en þess í stað er miðað við verðlagsforsendur ríkisstjórnarinnar og umfang ríkisbúskaparins eins og stefnt er að í þjóðhagsáætlun.

I. Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi er sýnt í Töflu 1 og lánsfjárþörf ríkissjóðs vegna B-hluta er sýnd í Töflu 4. Niðurstaðan á greiðslujöfnuðinum sýnir óleystan vanda hjá ríkissjóði að upphæð 1 138 325 þús. kr. Þessi vandi verður fyrst og fremst til vegna þess, að áætlað er að útgjöld ríkissjóðs verði 1 003 415 þús. kr. hærri en tekjurnar. Þessi halli á rekstrarjöfnuði er mjög varlega reiknaður. Bæði eru útgjöld ríkissjóðs lágt metin og eins eru tekjurnar skv. tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar hækkaðar um 351 268 þús. kr. Halli á bilinu 1.2—1.5 milljarðar króna væri líklegri miðað við umfang ríkisbúskaparins. Í þessu fjárlagafrumvarpi hefur því verið reynt að halda útgjöldunum niðri eins og frekast er kostur. Reiknað er með strangasta aðhaldi í ríkisútgjöldunum, án þess þó að setja fram tölur, sem allir vita að fá ekki staðist. Lánajöfnuðurinn í þessu fjárlagafrumvarpi er óhagstæður um 119 910 þús. kr. Talan er byggð á fyrirliggjandi áformum um lánsfjáröflun ríkissjóðs á næsta ári, lánsfjárþörf B-hluta fyrirtækja, sjóða og stofnana, sem ákveðin eru í fjárlögum, og horfum um nauðsynlegar afborganir af lánum ríkissjóðs á næsta ári.

TAFLA 1.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

Rekstrarreikningur:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur skv. tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar:		
Beinir skattar	2 422 500	
Óbeinir skattar	11 073 478	
Aðrar tekjur	204 235	13 700 213

	Þús. kr.	Þús. kr.
Frávik frá tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar	351 268	14 051 481
Gjöld:		
Samneysla	6 896 513	
Stofnkostnaður, fjárfesting	851 360	
Tilfærslur	7 364 056	
÷ Sértekjur stofnana	467 033	15 054 896
Rekstrarjöfnuður — gjöld umfram tekjur —		1 003 415
Lánahreyfingar:		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	200 000	
Innheimt endurlánað spariskírteinisfé	423 930	
Önnur innlend fjáröflun	260 180	
Erlend lán	692 364	
Ákveðin fjáröflun	1 576 474	
Innlausn spariskírteina	÷ 23 370	
Ákveðin fjáröflun til A- og B-hluta	1 553 104	
Ráðstafað til ákveðinnar lántöku í B-hluta	1 058 519	
Óleystur vandi í B-hluta	8 587	
Til ráðstöfunar fyrir A-hluta	485 998	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	1 000	
		486 998
Lánahreyfingar út:		
Hlutafjárframlög	105 000	
Vegna Flugleiða hf.	34 383	
Afborganir Seðlab.	100 000	
Aðrir	366 070	605 453
Lánajöfnuður útgreiðslur umfram innborganir		119 910
Viðskiptareikningur, útstreymi umfram innstreymi		15 000
Greiðslujöfnuður, óleystur vandi		1 138 325

TAFLA 2.

2. gr. Gjaldahluti rekstrarreiknings.

Gjöld:		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**103 775**
01	**Forsætisráðuneytið**		**97 692**
101	Yfirstjórn	17 211	
102–902	Annað	80 481	
02	**Menntamálaráðuneytið**		**2 127 157**
101	Yfirstjórn	21 451	
102–885	Fræðslumál	1 936 078	
901–999	Söfn, listir, menningarmál	169 628	
03	**Utanríkisráðuneytið**		**155 645**
101–102	Yfirstjórn	28 232	
201	Löggæsla Keflavíkurflugvelli	27 211	
301–313	Sendiráð	53 356	
399–401	Alþjóðastofnanir	46 846	
04	**Landbúnaðarráðuneytið**		**642 106**
101–172	Yfirstjórn	10 798	
201–299	Búnaðarmál	604 489	
501–503	Skólar	26 813	

			Þús. kr.	Þús. kr.
05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			**187 217**
	101	Yfirstjórn	7 210	
	201–299	Útvegsmál	171 016	
	901	Annað	8 991	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			**688 049**
	101–102	Yfirstjórn	12 012	
	201–284	Dómgæsla o. fl.	617 637	
	301–373	Þjóðkirkjan	58 400	
07	**Félagsmálaráðuneytið**			**438 682**
	101	Yfirstjórn	5 950	
	271–272	Húsnæðismál	236 346	
	301–999	Önnur félagsmál	196 486	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			**5 425 566**
	101	Yfirstjórn	8 459	
	271–399	Tryggingamál	4 034 511	
	301–399	Heilbrigðismál	1 373 854	
	171–502	Annað	8 742	
09	**Fjármálaráðuneytið**			**1 725 293**
	101–104	Yfirstjórn	35 625	
	201–282	Toll- og skattheimta	128 695	
	381–384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	253 570	
	402–999	Annað	1 307 403	
10	**Samgönguráðuneytið**			**1 341 613**
	101	Yfirstjórn	5 075	
	211	Vegamál	970 849	
	321–672	Önnur samgöngumál	365 689	
11	**Iðnaðarráðuneytið**			**433 222**
	101	Yfirstjórn	6 981	
	201–299	Iðnaðarmál	103 887	
	301–399	Orkumál	332 354	
12	**Viðskiptaráðuneytið**			**1 250 405**
	101	Yfirstjórn	6 984	
	201	Niðurgreiðslur	1 200 000	
	202–999	Annað	43 421	
13	**Hagstofa Íslands**			**8 988**
14	**Ríkisendurskoðun**			**11 297**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**418 195**
	101–182	Yfirstjórn	12 177	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs	406 018	
		Gjöld samtals:		**15 054 896**

TAFLA 3.

3. gr. Tekjuhluti rekstrarreiknings.

Tekjur:

Skattar			Þús. kr.	Þús. kr.
		BEINIR SKATTAR		
		Eignarskattar		**354 100**
0	0100	Eignarskattar einstaklinga	155 000	
0	0110	Eignarskattar félaga	128 000	
0	0117	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	49 500	
0	0140	Erfðafjárskattur	21 600	
		Tekjuskattar		**2 068 400**

			Þús. kr.	Þús. kr.
0 0120	Tekjuskattar einstaklinga	2 350 000		
	Barnabætur og persónuafsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds	675 000		
			1 675 000	
0 0124	Sjúkratryggingagjald		80 000	
0 0130	Tekjuskattar félaga		280 000	
0 0175	Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra		28 400	
	ÓBEINIR SKATTAR			
	Gjöld af innflutningi			**2 311 278**
0 0201	Tollafgreiðslugjald		69 300	
0 0210	Aðflutningsgjöld	1 683 500		
	Þar af til Jöfnunarsj. sveitarfél.	84 100		
			1 599 400	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald		3 300	
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni		430 700	
0 0270	Gúmmígjald		1 500	
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum		121 000	
0 0220	Gjald af gas- og brennsluolíu		5 300	
0 0230	Jöfnunargjald		72 000	
0 0250	Sérstakt tímab. innflutningsgjald á sælgæti og kex		1 000	
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna		7 778	
	Skattar af framleiðslu			**1 001 900**
0 0611	Vörugjald		58 000	
0 0600	Álgjald		18 900	
0 0641	Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu		100 000	
0 0642	Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum		825 000	
	Skattar af seldri vöru og þjónustu			**6 983 552**
	Gjöld byggð á söluskattsgrunni:			
0 0300	Söluskattur	5 340 000		
	Til Jöfnunarsj. sveitarfél.	365 000		
			4 975 000	
	Skemmtanaskattar:			
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs		2 150	
0 0622	Skemmtanaskattur		17 200	
	Skattar af launagreiðslum:			
0 0400	Launaskattur		643 000	
0 0400	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		320 000	
0 0420	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og búvélum		14 600	
0 0430	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		38 170	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:			
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR		923 522	
0 0540	Gjald af einkasöluvörum		440	
0 0681	Flugvallagjald		43 000	
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		6 000	
0 0692	Sérleyfisgjald		450	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		20	
	Aðrir óbeinir skattar			**985 135**
	Aukatekjur og stimpilgjald:			
0 0800	Stimpilgjald		275 000	
0 0810	Aukatekjur		42 600	
0 0820	Þinglýsingar		5 500	
	Ýmsir skattar af bifreiðum:			
0 0720	Bifreiðaskattur		161 500	
0 0750	Skráning bifreiða		26 200	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða		11 200	
	Ýmsir skattar af skipum:			

		Þús. kr.	Þús. kr.
0 0831	Lestagjald	21	
0 0833	Vitagjald	1 500	
0 0832	Skipaskoðunargjald	600	
	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0 0841	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	82 000	
0 0842	Leyfisgjald	26 500	
0 0843	Gjald á ferðalög til útlanda	88 000	
	Aðrir óbeinir skattar:		
0 0884	Verðjöfnunargjald	133 521	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgðar	14 500	
0 0891	Skipulagsgjald	8 000	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald	11 450	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti HÍ	4 421	
0 0871	Prófgjald bifreiðastjóra	1 130	
0 0872	Prófgjald iðnnema	1 060	
0 0895	Sérleyfisgjald	430	
0 0891	Hvalveiðigjald	2	
	Ótilgreindar skatttekjur		**177 500**
	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta.		
	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum		**26 921**
0 1010	Afgjöld ríkisjarða	240	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	2 202	
0 1020	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	24 479	
	Ýmsar tekjur		**232 695**
	Vextir og arður af hlutabréfum:		
0 2010	Vextir	200 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum	400	
	Ýmsar tekjur:		
0 6991	Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	95	
0 2030	Sameignir ríkisins	2 500	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans	700	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	27 000	
0 1990	Ýmsar óvissar tekjur	2 000	
	Tekjur samtals		**14 051 481**

TAFLA 4.

Lánsfjárþörf B-hluta samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi.

	Ákveðið	Óleystur vandi
Byggðasjóður	100 000	
Lánasjóður ísl. námsmanna	90 000	
Áburðarverksmiðja ríkisins	48 262	
Póstur og sími	60 641	
Sementsverksmiðjan	31 155	
Siglósíld	4 000	
Iðnaðarrannsóknir	3 000	
Krafla	244 101	
Landssmiðjan	13 352	
Fljótsdalsvirkjun	29 355	
Rafmagnsveitur ríkisins	138 630	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Orkusjóður:		
Byggðalína	249 786	
Hitaveitulán	7 500	
Jarðhitaleit	7 500	
Sveitarafvæðing	7 000	8 587
Virkjunarrannsóknir	24 237	
Samtals	**1 058 519**	**8 587**

Reiknað er með tæplega 40 milljónum króna minni lántökum vegna A-hluta en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, þar sem þegar áformaðar lántökur ríkissjóðs duga ekki fyrir meiru.

II. Útgjöld ríkissjóðs og samanburður við ríkisreikning fyrir árið 1981.

Gjaldahlið rekstrarreiknings þessa fjárlagafrumvarps er sýnd í Töflu 2. Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 15 054 896 þús. kr., sem er hækkun að raungildi um 2.3% frá niðurstöðutölum rekstrarreiknings ríkissjóðs á árinu 1981. Næstum öll þessi hækkun heildarútgjaldanna stafar af því, að niðurgreiðslur eru í þessu frumvarpi settar um 1 200 000 þús. kr., en það er sama umfang niðurgreiðslna og á árinu 1982. Væri miðað við óbreytt sama raungildi niðurgreiðslna og á árinu 1981, þá væri aðeins gert ráð fyrir 0.6% aukningu heildarútgjalda í þessu fjárlagafrumvarpi.

Samanburður á heildarútgjöldum samkvæmt tegundum útgjalda milli þessa fjárlagafrumvarps og ríkisreiknings fyrir árið 1981 er sýndur í Töflu 5. Tekið hefur verið tillit til flutnings stofnana af daggjaldakerfinu yfir í A-hluta fjárlaga.

Laun og ýmis starfsmannaútgjöld hækka um 3.3% að raungildi frá 1981 og ýmis rekstrargjöld hækka um 7.1%. Viðhald hækkar um 1.2% og vaxtagjöld um 3.8% frá árinu 1981, sem er í fullu samræmi við þróun ríkisbúskaparins á undanförnum árum. Í þessu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að stofnkostnaður lækki um 19.4% að raungildi frá ríkisreikningi fyrir árið 1981 og önnur fjárfestingarframlög lækki í svipuðum mæli.

Þannig lækka framlög til B-hluta fyrirtækja og sjóða um 5.5% að raungildi, þrátt fyrir að framlag til Tryggingastofnunarinnar, sem þarna vegur langþyngst, lækki aðeins um 0.6% að raungildi. Framlög til sveitarfélaga lækka um 18.5%.

Framlög til fyrirtækja og atvinnuvega hækka um 14%, en þar munar mest um niðurgreiðslur. Að niðurgreiðslunum frátöldum lækka framlög til fyrirtækja og atvinnuvega um 17.7%. Framlög til einstaklinga og samtaka hækka um 90.2%, en þá hækkun má rekja til sérstakra framlaga vegna óákveðinna efnahagsráðstafana.

Sértekjur stofnana eru lækkaðar um 29.5% í þessu fjárlagafrumvarpi miðað við árið 1981. Rekja má þá lækkun til Vegagerðar ríkisins. Heildargjöldin hækka sem áður sagði um 2.3% að raungildi frá niðurstöðutölum ríkisreiknigs fyrir árið 1981.

III. Tekjur ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi eru áætlaðar 14 051 481 þús. kr. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar mundu tekjurnar verða 13 700 213 þús., en vikið er frá þeirri upphæð um 351 268 þús. Tekjur samkvæmt rekstrarreikningi eru sýndar í Töflu 3. Tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar samkvæmt verðlagsforsendum frumvarpsins eru í Töflu 8, en frávikin frá henni eru sýnd í Töflu 7.

Þjóðhagsstofnun hefur við gerð tekjuáætlunarinnar haldið tekjum af beinum sköttum óbreyttum frá því, sem var í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, og sömuleiðis tekjum af mörgum gjöldum, sem ákveðin eru með gjaldskrá einu sinni á ári. Tekjur af öðrum sköttum

hefur Þjóðhagsstofnun endurmetið með hliðsjón af 58% verðlagsforsendu til samræmis við þjóðhagsáætlun í stað 42% reiknitölu fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar.

Þau frávik, sem hér eru gerð frá tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar, eru þrenns konar: Í fyrsta lagi eru frávik sem stafa af því, hversu seint tekjuáætlunin kom fram. Þau frávik eiga við B-hluta fyrirtæki og sjóði, en við uppsetningu þess fjárlagafrumvarps, sem hér birtist í fskj. I, varð að taka ákvörðun um nokkra liði áður en tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar barst. Þessi frávik eru mjög óverulegar upphæðir eða samtals 9 968 þús. kr.

TAFLA 5.

Samanburður á þessu fjárlagafrumvarpi fyrir 1983 (A-hluta) og ríkisreikningi fyrir 1981 (A-hluta) færðum upp í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins (58%).

Leiðrétt m. t. t. tilfærslu stofnana yfir í A-hluta.

	Ríkisreikn. 1981 m. v. verðlagsfors. 58% Þús. kr.	Þetta fjárl.frv. fyrir 1983 Þús. kr.	Mismunur %
Laun og ýmis starfsmannaútgjöld	3 994 961	4 127 493	3.3
Ýmis rekstrargjöld	1 263 321	1 352 974	7.1
Viðhald	499 973	505 832	1.2
Vaxtagjöld	379 339	406 126	7.1
Gjaldfærður stofnkostnaður	1 056 787	851 360	÷ 19.4
Ósundurliðað	19 858		
Tilfærslur:			
Til fyrirtækja og sjóða í B-hluta	5 871 387	5 546 269	÷ 5.5
Til sveitarfélaga	384 276	313 287	÷ 18.5
Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 605 480	1 830 518	14.0
Til einstaklinga og samtaka	296 990	564 715	90.2
Gjöld samtals	15 372 637	15 521 949	1.0
Sértekjur stofnana	662 059	467 033	÷ 29.5
Gjöld á rekstrarreikn. alls	14 710 308	15 054 896	2.3
Samneysla	6 157 452	6 392 425	3.8

Í öðru lagi eru frávik sem stafa af því að sumir skattar og tekjuliðir gefa tiltölulega lítið af sér samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar borið saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1981. Í nokkrum slíkum tilvikum var talið rétt að hækka tekjumatið. Heildarupphæðin, sem hér um ræðir, er 163 200 þús. kr.

Í þriðja lagi eru svo ótilgreind frávik að upphæð 177 500 þús., sem þótti rétt að gera vegna þess að ýmsir skattar virðast gefa tiltölulega lítið af sér miðað við ríkisreikninginn árið 1981, án þess þó að rétt sé að tilgreina frávikið sérstaklega í hverju tilviki. Í sumum tilfellum fylgjast hér að tekjur af sköttum og lögbundin útgjöld, en frávik frá áætluðum tekjum af slíkum sköttum yrðu jafnframt að koma fram í gjaldahlið þessa fjárlagafrumvarps. Ekki var talið rétt að elta ólar við slíkar breytingar þar sem tekjuáætlunin kom svo seint fram. Í staðinn var tekin sú ákvörðun að hækka tekjuáætlunina um 177 500 þús. kr. ótilgreint. Það skal tekið skýrt fram, að í þessum frávikum felst engin gagnrýni á vinnubrögð Þjóðhagsstofnunar. Stofnunin hefur öðlast mikla reynslu í gerð tekjuáætlana fyrir ríkissjóð, og er ástæða til þess að þakka hversu vel stofnunin leysti úr erindum sem tengdust gerð þessa fjárlagafrumvarps. Meginástæða þessara frávika eru annars vegar vegna samræmingar og hins vegar liggur nú fyrir að vandi ríkissjóðs á næsta ári mun verða svo gífurlegur að allt ber að gera til þess að ekki verði meira úr honum gert en ástæða er til. Í trausti þess, að Þjóðhagsstofnun hafi þá hófsemi að leiðarljósi sem sæmir slíkri stofnun, þá er vikið frá tekjuáætlun stofnunarinnar með fyrrgreindum hætti.

Borið saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1981 lækka tekjur ríkissjóðs samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi um 2.3% að raungildi miðað við innheimtar tekjur. Beinir skattar hækka um 12.3% að raungildi, en óbeinir skattar lækka um 7.8% að raungildi samkvæmt tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar. Tafla 6 sýnir samanburð á tekjunum samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi við tekjurnar samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1981.

TAFLA 6.

Samanburður á tekjum ríkissjóðs skv. þessu fjárlagafrumvarpi og tekjum skv. ríkisreikningi fyrir árið 1981.

	Ríkisreikn. f. 1981 (verðl. 1983)	Nýtt fjárl.-frv. 1983 þús. kr.	Mismunur %
Persónuskattar	−7	0	
Eignarskattar	364 387	354 100	(− 2.8)
Tekjuskattar	1 793 258	2 068 400	(15.3)
Gjöld af innflutningi	2 826 247	2 310 500	(−18.2)
Skattar af framleiðslu	1 075 328	1 001 900	(− 6.8)
Skattar af seldum vörum og þjónustu	7 177 651	6 929 380	(− 3.5)
Aðrir óbeinir skattar	925 963	831 698	(−10.2)
Arðgreiðslur úr B-hluta	40 730	26 540	(−34.8)
Ýmsar tekjur	183 838	177 695	(− 3.3)
Frávik	0	351 268	
Samtals:	14 387 306	14 051 481	− 2.3

Eignarskattar eru nú áætlaðir verða 2.8% eða 10 287 kr. lægri á árinu 1983 en þeir voru á árinu 1981, miðað við verðlagsforsendur frumvarpsins. Tekjuskattar eru áætlaðir verða 275 142 þús. kr. eða 15.3% hærri á árinu 1983 en þeir voru á árinu 1981 miðað við verðlagsforsendur frumvarpsins. Mesta lækkunin er á sköttum af innflutningi, samtals 515 747 þús. kr. eða 18.2%, þegar þetta frumvarp er borið saman við ríkisreikninginn frá 1981 framreiknaðan á verðlag frumvarpsins.

Sams konar samanburður sýnir lækkun skatttekna af framleiðslu um 73 338 þús. kr. eða 6.8% lækkun tekna af sköttum á vöru og þjónustu um 248 271 þús. kr. eða um 3.5%. Aðrir óbeinir skattar lækka um 94 265 þús. eða 10.2%. Aðrar tekjur en skattar eru jafnframt álitnar lækka: Arðgreiðslur úr B-hluta um 34.9% og ýmsar tekjur um 3.3%.

Miðað við tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar lækka tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 um 687 093 þús. kr. í samanburði við tekjurnar samkvæmt ríkisreikningi 1981 á verðlagi frumvarpsins. Lækkunin nemur um 5%.

Við gerð þessa frumvarps var vikið frá tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar um 351 268 þús. kr., sem leiðir til þess að samdrátturinn í tekjum ríkissjóðs er talinn vera 2.3% miðað við árið 1981. Þessi lækkun, sem spáð er á tekjum ríkissjóðs, er aðalorsök þess vanda sem við verður að etja í ríkisbúskapnum á næsta ári. Tekjulækkunin er bein afleiðing þess öldudals sem efnahagsstarfsemin í landinu er komin í. Það er athyglisvert, að tekjur af beinum sköttum verða 12.3% hærri að raungildi á næsta ári en á árinu 1981, en tekjur af óbeinu sköttunum dragast saman um 7.8% á sama tíma. Þessi samdráttur óbeinna skatta verður aðallega vegna þess 5.0% samdráttar í innflutningi og 7.1% samdráttar í þjóðarútgjöldum sem spáð er á næsta ári samkvæmt þjóðhagsáætlun.

TAFLA 7.

Frávik frá tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar.

	Þús. kr.
Tekjur samkvæmt tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar, m. v. 58% *verðlagsforsendur*	13 700 213
Frávik vegna B-hluta stofnana:	
Rekstrarhagnaður ÁTVR	8 522
Sérleyfisgjald	50
Einkaleyfisgjald frá Happdrætti HÍ	284
Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	402
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	21
Sala varnarliðseigna	778
Verðjöfnunargjald af raforku	521
Önnur tilgreind frávik:	
Miðagjald til Menningarsjóðs	600
Skemmtanaskattur	5 000
Lífeyristryggingagjöld atvinnurekenda	40 000
Stimpilgjald	25 000
Aukatekjur	9 000
Þinglýsingar	700
Skráningargjald bifreiða	8 000
Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	10 000
Gjald á ferðalög til útlanda	5 000
Rafmagnseftirlitsgjald	4 000
Skipulagsgjald	1 500
Vextir	55 000
Ótilgreind frávik	177 500
Tekjur samtals:	14 051 481

TAFLA 8.

Tekjur samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar, m. v. 58% verðlagsforsendur.

Beinir skattar.

Skattar.			Þús. kr.	Þús. kr.
		Eignarskattar		**354 100**
0	0100	Eignarskattur einstaklinga	155 000	
0	0110	Eignarskattur félaga	128 000	
0	0117	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	49 500	
0	0140	Erfðafjárskattur	21 600	
		Tekjuskattar		**2 068 400**
0	0120	Tekjuskattur einstaklinga 2 350 000		
		Barnabætur og persónuafslátt-ur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds 675 000		
			1 675 000	
0	0124	Sjúkratryggingagjald	80 000	
0	0130	Tekjuskattur félaga	285 000	
0	0175	Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra	28 400	
		ÓBEINIR SKATTAR		
		Gjöld af innflutningi		**2 310 500**
0	0201	Tollafgreiðslugjald	69 300	
		Aðflutningsgjöld:		
0	0210	Aðflutningsgjöld 1 683 500		
		þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfél. 84 100		
			1 599 400	

			Þús. kr.	Þús. kr.
0	0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	3 300	
0	0260	Innflutningsgjald af bensíni	430 700	
0	0270	Gúmmígjald	1 500	
0	0280	Innflutningsgjald af bifreiðum	121 000	
0	0220	Gjald af gas- og brennsluolíu	5 300	
0	0230	Jöfnunargjald	72 000	
0	0250	Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex	1 000	
0	0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	7 000	
		Skattar af framleiðslu		**1 001 900**
0	0611	Vörugjald	58 000	
0	0600	Álgjald	18 900	
0	0641	Sérstakt vörugjald af innl. framleiðslu	100 000	
0	0642	Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum	825 000	
		Skattar af seldri vöru og þjónustu		**6 929 380**
		Gjöld byggð á söluskattsgrunni:		
0	0300	Söluskattur 5 340 000		
		Til Jöfnunarsjóðs sveitarfél. 365 000		
			4 975 000	
		Skemmtanaskattur		
0	0621	Miðagjald til Menningarsjóðs	1 550	
0	0622	Skemmtanaskattur	12 200	
		Skattur af launagreiðslum:		
0	0400	Launaskattur	643 000	
0	0410	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	250 000	
0	0420	Slysatryggingaiðgj. atvinnurekenda, áhættugjald af trillubátum og búvélum	14 600	
0	0430	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	38 170	
		Rekstrarhagnaður ÁTVR:		
0	0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR	915 000	
0	0540	Gjald af einkasöluvörum	440	
0	0681	Flugvallagjald	43 000	
0	0892	Hluti útflutningssjóðs af sjávarafurðum	6 000	
0	0672	Sérleyfisgjald	400	
0	0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20	
		Aðrir óbeinir skattar		**831 698**
		Aukatekjur og stimpilgjald:		
0	0800	Stimpilgjald	250 000	
0	0810	Aukatekjur	33 600	
0	0820	Þinglýsingar	4 800	
		Ýmsir skattar af bifreiðum:		
0	0720	Bifreiðaskattur	161 500	
0	0750	Skráningargjald bifreiða	18 200	
0	0740	Skoðunargjald bifreiða	11 200	
		Ýmsir skattar af skipum:		
0	0831	Lestagjald	21	
0	0830	Vitagjald	1 500	
0	0832	Skipaskoðunargjald	600	
		Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0	0841	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	72 000	
0	0842	Leyfisgjald	26 500	
0	0843	Gjald á ferðalög til útlanda	83 000	
		Aðrir óbeinir skattar:		
0	0884	Verðjöfnunargjald	133 000	
0	0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	14 500	
0	0891	Skipulagsgjald	6 500	
0	0881	Rafmagnseftirlitsgjald	7 450	

			Þús. kr.	Þús. kr.
0	0860	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti HÍ	4 705	
0	0871	Prófgjald bifreiðastjóra	1 130	
0	0872	Prófgjald iðnnema	1 060	
0	0891	Sérleyfisgjald	430	
0	0892	Hvalveiðigjald	2	
		Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta		**26 540**
		Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
0	10 10	Afgjöld ríkisjarða	240	
0	10 30	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	1 800	
1	10 20	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	24 500	
		Ýmsar tekjur		**177 695**
		Vextir og arður af hlutabréfum:		
0	20 10	Vextir	145 000	
0	20 20	Arður af hlutabréfum	400	
		Ýmsar tekjur:		
0	69 91	Greiðslur Tryggingastofnunarinnar fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	95	
0	20 30	Sameignir ríkisins	2 500	
0	1902	Samúðarskeyti Landssímans	700	
0	1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	24 000	
0	1990	Ýmsar óvissar tekjur	2 000	
		Tekjur samtals samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar		**13 700 213**

(Þessi áætlun var gerð af ÞHS 2. des. 1982.)

IV. Samanburður á þessu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sýnir 6.2% lægri heildarútgjöld að raungildi en þetta fjárlagafrumvarp. Í Töflu 9 er þessi samanburður skv. tegundum útgjalda. Laun eru 5.9% lægri að raungildi í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar en í þessu frumvarpi. Önnur rekstrargjöld eru 31.7% lægri, viðhald er 24.4% lægra, en vextir eru óbreyttir. Í heild er samneyslan 12.5% lægri að raungildi í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar en í þessu frumvarpi. Samkvæmt samanburði, sem gerður er á verðlagi þessa frumvarps (58%), eru laun vanáætluð í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um rúmlega 258 milljónir króna, önnur rekstrargjöld eru vanáætluð um rúmlega 466 milljónir króna og viðhald er vanáætlað um rúmlega 126 milljónir króna.

TAFLA 9.

Samanburður á þessu fjárlagafrumvarpi og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1983.

	Fjárlagafrumvarp fyrir 1983 skv. þessu fylgiskjali	Óleiðrétt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar (Reiknitala 42%)	Mismunur %	Leiðrétt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar m. v. 58% verðlagsforsendur	Mismunur %
Laun	4 410 666	3 731 476	– 15.4	4 151 924	– 5.9
Önnur rekstrargjöld	1 471 855	903 954	– 38.6	1 005 808	– 31.7
Viðhald	517 866	352 049	– 32.0	391 716	– 24.4
Vextir	406 126	365 000	– 10.1	406 127	– 0.0
Gjaldfærður stofnkostnaður	851 360	808 858	– 5.0	899 997	5,7
Yfirfærslur:					
Til fyrirtækja í B-hluta	5 155 536	4 563 809	– 11.5	5 078 041	– 1,5
Til sveitarfélaga	313 287	298 637	– 4.7	332 286	6.1
Til fyrirtækja og atvinnuvega	1 830 518	1 394 425	– 23.8	1 551 543	– 15.2
Til einstakl. og samtaka	564 715	525 105	– 7.0	584 272	3.5
Sértekjur	– 467 033	– 252 326	– 46.0	– 280 757	– 39.9
Samtals:	15 054 896	12 690 987	– 15.7	14 120 957	– 6.2
Samneysla	6 806 513	5 352 479	– 21,4	5 955 575	– 12.5

V. Helstu forsendur við gerð þessa fjárlagafrumvarps.

Helstu forsendur við gerð þessa fjárlagafrumvarps voru eftirfarandi:

1. Gert var ráð fyrir 58% verðlagshækkun milli áranna 1982 og 1983 í samræmi við þjóðhagsáætlun og 52% verðlagshækkun milli áranna 1981 og 1982.
2. Við mat á launaliðum voru launaliðirnir í ríkisreikningi fyrir árið 1981 hækkaðir um 86.8% og bornir saman við launatölur fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar. Þar sem öll laun í fjárlagafrumvarpinu eru færð á desemberverðlagi er fjárhæð sem nemur 25% af öllum launum ætluð til þess að standa undir launahækkunum á næsta ári. Jafnframt var tekið visst tillit til athugasemda í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.
3. Við mat á rekstrarliðum voru bornir saman tveir stofnar: annars vegar stofn, sem fenginn var með því að hækka viðkomandi lið í ríkisreikningi fyrir árið 1981 um 52%, og hins vegar stofn, sem fenginn var með því að taka 42% verðlagshækkun út úr fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Með vissu tilliti til athugasemda í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar var síðan valinn stofn sem hækkaður var upp um 58% í samræmi við verðlagsforsendur þessa fjárlagafrumvarps.
4. Við mat á gjaldfærðum stofnkostnaði var í megindráttum farið eftir fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og annaðhvort notuð sama krónutala eða upphæð var hækkuð til samræmis við 58% verðlagsforsendurnar.
5. Við mat á rekstrartilfærslum var ýmist tekið mið af ríkisreikningi fyrir árið 1981 eða fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar var t. d. notað til þess að reikna út framlögin til Tryggingastofnunar ríkisins. Af þessum sökum lækkar það framlag um 0.6% að raungildi í þessu fjárlagafrumvarpi borið saman við árið 1981, eftir að tillit hefur verið tekið til tilflutnings stofnana af daggjaldakerfinu yfir í A-hluta.
6. Við mat á fjármagnstilfærslum var yfirleitt miðað við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.
7. Sértekjur stofnana voru yfirleitt metnar á grundvelli ríkisreiknings fyrir árið 1981, enda þýðir sú viðmiðun í langflestum tilvikum verulega hækkun sértekna frá því sem ákveðið er í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

TAFLA 10.

Lokauppgjör (A-hluti).

Stofnun	Lykill	Laun	Önnur rekstrar-gjöld	Viðhald	Vextir	Gjaldf. stofn-kostnaður	Yfirfærslur				Sértekjur	Samtals
							B-hluti	Sveitarf.	Til atvinnu-vega	Einstakl. og samtök		
Æðsta stj.	00	62 732	37 819	1 460		20				1 910	166	193 775
Forsætisrn.	01	20 084	8 033	2 145		2 596	69 825			6 304	11 295	97 692
Menntmrn.	02	1 139 673	259 985	18 606		222 020	422 726	38 688		101 819	76 360	2 127 157
Utanrrn.	03	67 074	41 530	3 303		1 430				46 846	4 538	155 645
Landbrn	04	86 800	54 022	13 410		31 891	11 073	2 103	482 120	1 767	41 086	642 100
Sjútvrn.	05	81 910	46 376	11 134		7 671	16 280		33 959	368	10 481	187 217
Dóms- og kirkjumrn.	06	442 366	201 844	36 610		25 532	13 684			2 500	34 487	688 049
Félagsmrn.	07	62 221	36 116	3 255		45 018	267 423	12 091	11 987	15 913	15 342	43 682
Heilbr.- og trmrn.	08	834 446	419 221	66 172		49 127	4 015 329	91 039	1 668	53 082	104 518	5 425 566
Fjármrn.	09	1 270 060	162 790	1 711		16 854	22 253		1 335	297 693	97 403	1 725 293
Samgrn.	10	231 769	122 557	357 825		439 524	51 503	167 931	20 796	1 953	52 245	1 341 613
Iðnaðarrn.	11	78 263	69 027	2 036		3 954	265 440	1 435	78 654	1 858	67 444	433 222
Viðskrn.	12	12 179	5 222	76		308			1 200 000	32 702	82	1 250 405
Hagstofan	13	7 291	3 043	57		63					1 466	8 988
Ríkisendursk.	14	9 343	1 857	44		65					12	11 297
Fjárl.- og hags.	15	4 455	2 413	22	406 126	5 287					108	418 195
Samtals		4 410 666	1 471 855	517 866	406 126	851 360	5 155 536	313 287	1 830 518	564 715	467 033	15 054 896

Fylgiskjal II.

Aukafjárveitingar alls afgreiddar 29. október 1982.

		Þús. kr.
00-101-0000	Embætti forseta Íslands	430,0
Forsætisráðuneytið		**1 954,5**
01-101-0000	Aðalskrifstofa	19,5
01-101-0109	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	35,0
01-101-0111	Skrifst. ráðherranefndar Norðurlandaráðs[1])	900,0
01-902-0000	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum[2])	1 000,0
Menntamálaráðuneytið		**80 278,0**
02-101-0000	Aðalskrifstofa	700,0
02-201-0000	Háskóli Íslands[3])	7 000,0
02-205-0000	Stofnun Árna Magnússonar	400,0
02-231-0000	Náttúrufræðistofnun Íslands	47,4
02-318-0000	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	936,0
02-319-0000	Framhaldsskólar, almennt[4])	8 789,0
02-321-0000	Kennaraháskóli Íslands[5])	1 122,0
02-352-0000	Flensborg, fjölbrautaskóli	100,0
02-422-0000	Námsgagnastofnun[6])	800,0
02-422-0000	Námsgagnastofnun[6])	700,0
02-517-0000	Hótel- og veitingaskólinn	200,0
02-517-0000	Hótel- og veitingaskólinn	50,0
02-523-0000	Fósturskóli Íslands	150,0
02-523-0000	Fósturskóli Íslands	50,0
02-523-0000	Fósturskóli Íslands	80,8
02-561-0000	Myndlista- og handíðaskólinn	500,0
02-562-0000	Leiklistarskóli Íslands	180,0
02-563-0000	Tónlistarfræðsla[7])	2 000,0
02-610-0000	Héraðsskólar, óskiptur stofnkostnaður	1 400,0
02-714-0000	Þjálfunarskóli, Kópavogshæli	22,0
02-791-0000	Grunnskólar, almennt[8])	15 426
02-791-0000	Grunnskólar, almennt	130,0
02-791-0116	Sundskylda í skólum[9])	1 000,0
02-791-0116	Sundskylda í skólum[9])	800,0
02-795-0000	Öskjuhlíðarskóli	624,0
02-797-0104	Stofnanir afbrigðilegra barna	181,0
02-797-0104	Stofnanir afbrigðilegra barna	16,0
02-797-0104	Stofnanir afbrigðilegra barna	150,0
02-803-0000	Dagvistarheimili, námsgagnagerð	75,0
02-872-0000	Lánasjóður íslenskra námsmanna[10])	10 000,0
02-872-0000	Lánasjóður íslenskra námsmanna[10])	20 000,0
02-881-0103	Náms- og fræðimenn, framlög	95,0
02-881-0117	Atvinnumiðlun námsmanna	60,0
02-901-0000	Landsbókasafn	17,0
02-901-0000	Landsbókasafn	139,0
02-901-0000	Landsbókasafn	20,0
02-901-0000	Landsbókasafn	26,0
02-902-0000	Þjóðminjasafn Íslands	659,0
02-907-0000	Listasafn Íslands	40,0
02-931-0000	Náttúruverndarráð	300,0
02-931-0000	Náttúruverndarráð	20,0
02-973-0000	Þjóðleikhúsið	140,0
02-973-0000	Þjóðleikhúsið	800,0
02-979-0000	Rithöfundasjóður Íslands	72,0

		Þús. kr.
02–981–0000	Starfslaun listamanna	66,9
02–982–0000	Listir, framlög	31,8
02–982–0101	Leikfélag Reykjavíkur	100,0
02–982–0101	Leikfélag Reykjavíkur	200,0
02–982–0110	Leikfélag Akureyrar	100,0
02–982–0110	Alþýðuleikhúsið	600,0
02–982–0113	Breiðholtsleikhús	300,0
02–982–0310	Önnur tónlistarstarfsemi	50,0
02–982–0413	Önnur tónlistarstarfsemi	20,0
02–982–0413	Listasafn alþýðu	300,0
02–983–0502	Kvikmyndasjóður[11])	1 032,0
02–982–0836	Listir og menningarmál	100,0
02–982–0845	Thorvaldsenssýning	46,0
02–984–0000	Norræn samvinna	90,0
02–984–0103	Norræna félagið	10,0
02–984–0104	Samnorræn fjárhagsáætlun	300,0
02–984–0104	Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun	200,0
02–988–0103	Æskulýðssamband Íslands	8,0
02–988–0104	Ungmennafélag Íslands	70,0
02–989–0102	Íþróttasamband Íslands	300,0
02–989–0121	Skáksamband Íslands	46,0
02–989–0121	Skáksamband Íslands	100,0
02–999–0221	Bridgesamband Íslands	80,0
02–999–0308	Ýmis framlög	100,0
Utanríkisráðuneytið		**4 521,0**
03–111–0000	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	50,0
03–399–0000	Ýmis utanríkismál[12])	300,0
03–399–0000	Ýmis utanríkismál[12])	500,0
03–399–0101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands[13])	2 743,0
03–399–0102	Flóttamannaráð Íslands[14])	778,0
03–399–0107	Aðstoð við pólsku þjóðina	150,0
Landbúnaðarráðuneytið		**13 628,7**
04–101–0000	Aðalskrifstofa	180,0
04–101–0000	Aðalskrifstofa	300,0
04–172–0000	Jarðasjóður[15])	434,0
04–231–0000	Skógrækt ríkisins	300,0
04–235–0000	Landgræðsla ríkisins	1 100,0
04–243–0000	Sauðfjárveikivarnir[16])	918,0
04–243–0000	Sauðfjárveikivarnir[16])	244,8
04–246–0000	Veiðimálaskrifstofan	62,0
04–246–0107	Fisksjúkdómanefnd	10,0
04–247–0102	Héraðsdýralæknar	63,0
04–272–0000	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	100,0
04–288–0000	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	2 106,0
04–288–0000	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	205,5
04–288–0000	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	1 324,0
04–288–0103	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	1 000,0
04–288–0103	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	583,0
04–299–0119	Lántökukostn. vegna l. nr. 9/1980[18])	1 199,2
04–299–0123	Ákvörðun búmarks	588,2
04–299–0124	Byggðasafn Suðurlands	70,0
04–299–0125	Fjallskil í eyðihreppum	31,0
04–501–0000	Bændaskólinn á Hvanneyri	100,0
04–501–0000	Bændaskólinn á Hvanneyri	210,0
04–502–0000	Bændaskólinn á Hólum	1 300,0
04–502–0000	Bændaskólinn á Hólum	1 200,0

		Þús. kr.
Sjávarútvegsráðuneytið		**2 565,0**
05–215–0000	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	800,0
05–215–0000	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	700,0
05–299–0120	Ýmislegt á sviði sjávarútvegs[19])	1 000,0
05–901–0300	Skrifst. rannsóknast. atvinnuveganna	65,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		**21 203,2**
06–101–0000	Aðalskrifstofa	600,0
06–101–0000	Aðalskrifstofa	500,0
06–102–0000	Stjórnartíðindi	82,0
06–102–0000	Stjórnartíðindi	200,0
06–102–0000	Stjórnartíðindi	350,0
06–103–0000	Kosningar[20])	499,0
06–201–0000	Hæstiréttur	175,0
06–204–0000	Borgarfógetinn í Reykjavík	75,0
06–204–0000	Borgarfógetinn í Reykjavík	158,0
06–208–0000	Rannsóknarlögregla ríkisins	600,0
06–208–0000	Rannsóknarlögregla ríkisins	1 100,0
06–213–0000	Sýslumaðurinn Borgarnesi[21])	224,0
06–213–0101	Sýslumaðurinn Borgarnesi[21])	150,0
06–219–0101	Bæjarfógetinn Bolungarvík	153,4
06–237–0000	Bæjarfógetinn í Kópavogi	18,0
06–238–0000	Dómstóll í ávana- og fíkniefnum	160,0
06–241–0000	Hegningarhús	250,0
06–242–0000	Vinnuhælið Litla-Hrauni	2 600,0
06–243–0000	Vinnuhælið að Kvíabryggju	300,0
06–247–0000	Eftirlitsstofnun með brotamönnum	80,0
06–251–0000	Landhelgisgæslan[22])	3 720,0
06–252–0000	Bifreiðaeftirlit ríkisins	457,8
06–252–0000	Bifreiðaeftirlit ríkisins	3 000,0
06–255–0000	Umferðarráð	100,0
06–281–0000	Dómsmál, ýmis kostnaður	450,0
06–281–0109	Lagasafn	500,0
06–282–0103	Ýmis löggæslukostnaður	500,0
06–301–0117	Biskupsbústaður	575,0
06–301–0135	Hólar í Hjaltadal	25,0
06–301–0302	Byggingar á prestsetrum	1 000,0
06–303–0000	Prestaköll og prófastsdæmi	2 000,0
06–373–0000	Kristnisjóður[23])	601,0
Félagsmálaráðuneytið		**5 022,5**
07–302–0000	Ríkissáttasemjari	450,0
07–399–0000	Vatnsveitur[24])	2 080,5
07–953–0000	Jafnréttisráð	100,0
07–954–0000	Vinnueftirlit ríkisins	25,0
07–977–0000	Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta	1 306,0
07–977–0000	Aðstoð við þroskahefta	450,0
07–981–0000	Vinnumál	175,0
07–981–0131	Fræðslumál BSRB	50,0
07–981–0138	Vinnuverndarhópurinn	280,0
07–999–0122	Leigjendasamtökin	25,0
07–999–0147	Félagsmálafulltrúi í Kaupmannahöfn	30,0
07–999–0150	Félag einstæðra foreldra	16,0
07–999–0160	Könnun á kjördæmaskipan	35,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið		**61 372,0**
08–101–0000	Aðalskrifstofa	315,0
08–101–0000	Aðalskrifstofa, vegna stúdenta í félagsráðgjöf	7,0
08–101–0000	Aðalskrifstofa	400,0
08–101–0000	Aðalskrifstofa	600,0
08–101–0000	Aðalskrifstofa	500,0

		Þús. kr.
08–271–0000	Tryggingastofnun ríkisins[25])	2 000,0
08–271–0000	Tryggingastofnun ríkisins[25])	4 000,0
08–271–0000	Tryggingastofnun ríkisins[25])	7 990,0
08–301–0000	Landlæknir	90,0
08–301–0000	Landlæknir	200,0
08–302–0000	Skrifstofa ríkisspítalanna[26])	6 000,0
08–302–0000	Skrifstofa ríkisspítalanna[26])	7 610,0
08–302–0000	Skrifstofa ríkisspítalanna[26])	15 000,0
08–321–0000	Geislavarnir ríkisins	129,1
08–321–0000	Geislavarnir ríkisins	22,0
08–322–0000	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	154,7
08–324–0000	Heyrnar- og talmeinastöð	200,0
08–325–0000	Hollustuvernd ríkisins[27])	519,0
08–325–0000	Hollustuvernd ríkisins[27])	201,3
08–371–0000	Landspítalinn, stofnkostnaður	400,0
08–371–0000	Landspítalinn[28])	5 208,0
08–375–0000	Kristneshæli	213,0
08–381–0301	Sjúkrahús og læknisbústaðir[29])	522,0
08–381–0301	Sjúkrahús og læknisbústaðir[29])	725,0
08–381–0301	Sjúkrahús og læknisbústaðir[29])	2 000,0
08–385–0000	Framkvæmdasjóður aldraðra[30])	5 200,0
08–399–0143	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	189,5
08–399–0158	Ár aldraðra	850,0
08–502–0000	Þroskaþjálfaskólinn	126,4
Fjármálaráðuneytið		**9 216,7**
09–202–0000	Skattstofan í Reykjavík	414,7
09–207–0000	Skattstofa Austurlands	180,0
09–209–0000	Skattstofa Vestmannaeyja	100,0
09–211–0000	Skattstofa Reykjaness	400,0
09–214–0000	Ríkisskattanefnd	196,0
09–402–0000	Fasteignamat ríkisins	32,0
09–981–0000	Húseignir ríkisins, vegna ríkisendurskoðunar	675,0
09–981–0000	Fasteignir ríkissjóðs	400,0
09–999–0146	Saltverksmiðja á Reykjanesi[31])	6 819,0
Samgönguráðuneytið		**26 905,0**
10–101–0000	Aðalskrifstofa	40,2
10–101–0000	Aðalskrifstofa	400,0
10–211–0000	Vegagerð ríkisins[32])	300,0
10–211–0000	Vegagerð ríkisins[32])	3 630,0
10–211–0000	Vegagerð ríkisins[32])	1 600,0
10–321–0102	Skipaútgerð ríkisins	2 000,0
10–321–0102	Skipaútgerð ríkisins	212,0
10–332–0106	Vitaskipið Árvakur	2 700,0
10–333–0103	Hafnarmál	4 200,0
10–341–0000	Siglingamálastofnun ríkisins	256,0
10–341–0000	Siglingamálastofnun ríkisins	150,0
10–341–0000	Siglingamálastofnun ríkisins	300,0
10–342–0000	Sjóslysanefnd	100,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	709,3
10–471–0000	Flugmálastjórn	500,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	240,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	50,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	200,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	4 000,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	2 000,0
10–485–0103	SVFÍ, vegna tilkynningarskyldu skipa	111,0
10–485–0106	Kostnaður vegna flugslysa	49,3

		Þús. kr.
10–485–0107	Ýmis framlög	343,7
10–485–0108	Kostnaður vegna sjóslysa	33,5
10–651–0000	Ferðamálaráð	2 780,0
Iðnaðarráðuneytið		**16 894,3**
11–101–0000	Aðalskrifstofa	900,0
11–204–0000	Verkstjórnarnámskeið	94,0
11–206–0000	Námskeið í stjórn vinnuvéla	200,0
11–207–0000	Eftirmenntun í iðju og iðnaði	100,0
11–221–0103	Iðnrekstrarsjóður	2 000,0
11–298–0000	Eftirlit með starfsemi álvers	500,0
11–298–0000	Eftirlit með starfsemi álvers	350,0
11–298–0000	Eftirlit með starfsemi álvers	1 500,0
11–298–0000	Athuganir á starfsemi álvers	1 400,0
11–298–0101	Eftirlit með starfsemi álvers	350,0
11–299–0104	Efling iðnþróunar og tækninýjungar	500,0
11–299–0106	Niðurgreiðslur á gaffalbitum	23,0
11–299–0113	Landgræðslusjóður, vegna vatnstöku	80,0
11–299–0124	Verðuppbætur á gaffalbita	551,3
11–299–0125	Fiskiðjan Arctic	417,0
11–299–0127	Iðnráðgjafar	500,0
11–301–0000	Orkustofnun	850,0
11–399–0102	Athugun á orkufrekum iðnaði	4 000,0
11–399–0103	Setlagarannsóknir	910,0
11–399–0106	Hitaveita Reykjahlíðar	1 669,0
Viðskiptaráðuneytið		**272 817,3**
12–101–0000	Aðalskrifstofa	300,0
12–101–0000	Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa	25,0
12–201–0000	Niðurgreiðslur[33])	155 000,0
12–201–0000	Niðurgreiðslur á vöruverði[33])	13 372,0
12–201–0000	Niðurgreiðslur[33])	97 950,0
12–202–0000	Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar[34])	6 000,0
12–902–0000	Verðlagsstofnun	140,0
12–903–0000	Hlutafélagaskrá	30,3
1. gr. fjárlaga		**25 000,0**
99–101–0000	Hlutafjárframlag, kísilmálmverksmiðja[35])	25 000,0
	Alls	541 808,2

Umframfjárveitingar jan.—okt. 1982
Skýringar við helstu liði

1.	Framlagið er ákveðið í NOK, því er hér aðallega um gengisáhrif að ræða		900,0
2.	Viðhald á húsi þjóðgarðsvarðar		1 000,0
3.	Laun vegna sérkjarasamninga	2 500,0	
	Rekstrargjöld	4 500,0	
			7 000,0
4.	Flokkaskrið á þessu ári í framhaldsskólum samkvæmt sérkjarasamningum		8 789,0
5.	Greiðsla á dag- og ferðapeningum til kennara sem eru í réttindanámi		1 122,0
6.	Útgáfa námsefnis		1 500,0
7.	Greiðsla vegna ársins 1981		2 000,0
8.	Flokkaskrið á þessu ári í grunnskólum		15 436,0
9.	Greiðsla vegna ársins 1981		1 800,0
10.	Vegna fjölgunar styrkþega umfram fjárlagaforsendur, gengisáhrif og verðhækkun hér innanlands		30 000,0
11.	Endurgreiðsla á söluskatti á innlendum kvikmyndum til Kvikmyndasjóðs		1 032,0
12.	Aðstoð við óbreytta borgara í Líbanon		800,0
13.	Vegna sölu á Bjarti, gefa varð út sérstaka fjárheimild, þar sem söluandvirði skipsins rann í ríkissjóð		2 743,0
14.	Vegna viðtöku á pólskum flóttamönnum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar		778,0
15.	Vegna ónotaðrar fjárveitingar 1981		434,0
16.	Niðurskurður á riðuveiku fé		1 162,0
17.	Vegna lögbundinna framlaga ríkissjóðs		5 218,5
18.	Vextir og afborganir á lánum sem framleiðsluráð tók vegna útflutnings landbúnaðarafurða		1 199,2
19.	Þáttur í lausn á verðákvörðun á ferskri síld til söltunar og frystingar		1 000,0
20.	Sveitarstjórnarkosningar		499,0
21.	Lokaframkvæmdir		374,0
22.	Aukinn olíukostnaður umfram forsendur fjárlaga		3 720,0
23.	Vegna lögbundins framlags ríkissjóðs fyrir árið 1981, uppgjör		601,0
24.	Vatnsveituframkvæmdir í Skútustaðahreppi vegna náttúruhamfara		2 080,5
25.	Bótahækkanir o. fl. umfram fjárlagaforsendur		13 990,0
26.	Flokkahækkanir árið 1982, samkvæmt sérkjarasamningum, önnur rekstrargjöld		28 610,0
27.	Vegna viðbótarstaða sem ráðninganefnd hefur heimilað frá 01.08.82		720,3
28.	Uppsetningarkostnaður og gengisáhrif á krabbameinslækningatæki og T.S.-tæki		5 208,0
29.	Tækjakaup á Ísafirði	522,0	
	Hst. Hvammstanga, einangrun	725,0	
	Fjórðungssjúkrahús, Akureyri	2 000,0	
			3 247,0
30.	Uppgjör v/1981		5 200,0
31.	Hluti ríkissjóðs		6 819,0
32.	Uppgjör markaðra tekna 1981 og launaleiðrétting		5 530,0
33.	Niðurgreiðslur samkvæmt efnahagsráðstöfunum frá því fyrr á þessu ári — Upp í þessa fjárhæð fóru 125 000 af 09-989 „Launa- og verðlagsmál“.		266 322,0
34.	Greiðsla vegna 4. ársfjórðungs á olíustyrk		6 000,0
35.	Er í 1. gr. fjárlaga, hlutafjárframlag í kísilmálmverksmiðju		25 000,0

Fylgiskjal III.

Nokkur dæmi um vanáætlanir á raungildi fjárveitinga í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar miðað við ríkisreikning fyrir árið 1981.

00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS

101 **Embætti forseta Íslands:**
Laun — 25%
Önnur rekstrargjöld — 86%
Viðhald — 50,4%

201 **Alþingi**
Laun — 17.5%
Önnur rekstrargjöld — 30.2%
Viðhald — 100%

301 **Ríkisstjórn**
Önnur rekstrargjöld — 79.4%
Viðhald — 100%

01 FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

101 **Aðalskrifstofa**
Laun — 37.8%
Önnur rekstrargjöld — 21.3%
Viðhald — 68.1%

102 **Þjóðhagsstofnun**
Laun — 17.2%
Önnur rekstrargjöld — 23%

901 **Húsameistari ríkisins**
Laun — 22%
Önnur rekstrargjöld — 58.5%

02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

101 **Aðalskrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 35.1%

201 **Háskóli Íslands**
Önnur rekstrargjöld — 35.8%
Viðhald — 100%

202 **Tilraunastöð Háskólans á Keldum**
Önnur rekstrargjöld — 28.3%
Viðhald — 77.5%

203 **Raunvísindastofnun háskólans**
Laun — 29.4%
Önnur rekstrargjöld — 47.9%

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands**
Laun — 23.2%
Önnur rekstrargjöld — 35.1%

232 **Rannsóknaráð ríkisins**
Laun — 7.8%
Önnur rekstrargjöld — 35.1%
301 **Menntaskólinn í Reykjavík**
Önnur rekstrargjöld — 28,9%
302 **Menntaskólinn á Akureyri**
Önnur rekstrargjöld — 30.3%
303 **Menntaskólinn á Laugarvatni**
Önnur rekstrargjöld — 30.5%
304 **Menntaskólinn í Hamrahlíð**
Önnur rekstrargjöld — 30.1%
305 **Menntaskólinn við Sund**
Önnur rekstrargjöld — 21.7%
306 **Menntaskólinn á Ísafirði**
Önnur rekstrargjöld — 32.8%
307 **Menntaskólinn á Egilsstöðum**
Önnur rekstrargjöld — 34.2%
308 **Menntaskólinn í Kópavogi**
Önnur rekstrargjöld — 30.4%
351 **Fjölbrautaskólar í Reykjavík**
Laun — 10.4%
Önnur rekstrargjöld — 38.7%
Viðhald — 77.2%
353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Önnur rekstrargjöld — 43.1%
354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi**
Önnur rekstrargjöld — 35.1%
355 **Framhaldsskóli Vestmannaeyja**
Laun — 14.8%
Önnur rekstrargjöld — 24.9%
422 **Námsgagnastofnun**
Laun — 30.9%
Önnur rekstrargjöld — 7.1%
423 **Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi**
Önnur rekstrargjöld — 74.3%
501 **Tækniskóli Íslands**
Önnur rekstrargjöld — 38.8%
506 **Vélskóli Íslands**
Laun — 11.0%
Önnur rekstrargjöld — 49.3%
515 **Iðnskólar utan Reykjavíkur**
Laun — 24.0%
Önnur rekstrargjöld — 57.4%
700 **Grunnskólar Reykjavík**
Laun — 10.5%
Önnur rekstrargjöld — 76.3%
710 **Grunnskólar Reykjanesi**
Önnur rekstrargjöld — 40.7%

730 **Grunnskólar Vesturlandi**
Önnur rekstrargjöld — 36.7%
740 **Grunnskólar Vestfjörðum**
Önnur rekstrargjöld — 34.6%
750 **Grunnskólar Norðurlandi vestra**
Önnur rekstrargjöld — 34.9%
760 **Grunnskólar Norðurlandi eystra**
Önnur rekstrargjöld — 37.1%
770 **Grunnskólar Austurlandi**
Önnur rekstrargjöld — 38.1%
780 **Grunnskólar Suðurlandi**
Laun — 10.1%
Önnur rekstrargjöld — 33.3%
797 **Skólar fyrir þroskaheft börn**
Önnur rekstrargjöld — 38.9%
799 **Heyrnleysingjaskólinn**
Önnur rekstrargjöld — 44.9%
871 **Unglingaheimili ríkisins**
Yfirfærslur til B-hluta — 68%
901 **Landsbókasafn Íslands**
Laun — 7.1%
Önnur rekstrargjöld — 33.1%
902 **Þjóðminjasafn Íslands**
Önnur rekstrargjöld — 49.5%
Viðhald — 44.4%
931 **Náttúruverndarráð**
Laun — 30.4%
Önnur rekstrargjöld — 49.8%

03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Laun — 17.5%
Önnur rekstrargjöld — 40.5%
102 **Varnarmáladeild**
Laun — 28.3%
Önnur rekstrargjöld — 37.8%
201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli**
Laun — 13.7%
Önnur rekstrargjöld — 44.8%

04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 31.1%
206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins**
Laun — 23.7%
Önnur rekstrargjöld — 41.1%
Viðhald — 67.9%

231 **Skógrækt ríkisins**
Laun — 31.9%
Önnur rekstrargjöld — 56.3%
Viðhald — 56.0%
235 **Landgræðsla**
Laun — 25.0%
Önnur rekstrargjöld — 46.1%
Viðhald — 48.6%
501 **Bændaskólinn Hvanneyri**
Laun — 16.3%
Önnur rekstrargjöld — 41.7%

05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 33.2%
215 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða**
Laun — 7.1%
Önnur rekstrargjöld — 30.5%

06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 46.2%
102 **Stjórnartíðindi**
Önnur rekstrargjöld — 24.0%
203 **Borgardómarinn í Reykjavík**
Laun — 11.5%
Önnur rekstrargjöld — 28.6%
204 **Borgarfógetinn í Reykjavík**
Laun — 20.4%
Önnur rekstrargjöld — 40.4%
206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
Laun — 13.4%
Önnur rekstrargjöld — 43.1%
Viðhald — 57.5%
208 **Rannsóknarlögregla ríkisins**
Laun — 8.3%
Önnur rekstrargjöld — 24.2%
212 **Bæjarfógetinn Akranesi**
Laun — 36.0%
Önnur rekstrargjöld — 48.8%
213 **Sýslumaður Borgarnesi**
Laun — 32.7%
Önnur rekstrargjöld — 55.8%
214 **Sýslumaður Stykkishólmi**
Laun — 32.5%
Önnur rekstrargjöld — 70.5%
215 **Sýslumaður Búðardal**
Laun — 21.2%
Önnur rekstrargjöld — 59.8%

216 **Sýslumaður Patreksfirði**
Laun — 34.1%
Önnur rekstrargjöld — 59.2%
217 **Bæjarfógeti Bolungarvík**
Laun — 25.1%
Önnur rekstrargjöld — 58.8%
218 **Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði**
Laun — 40.8%
Önnur rekstrargjöld — 67.6%
219 **Sýslumaður Hólmavík**
Laun — 19.1%
Önnur rekstrargjöld — 56.3%
221 **Sýslumaður Blönduósi**
Laun — 35.8%
Önnur rekstrargjöld — 55.8%
222 **Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki**
Laun — 44.4%
Önnur rekstrargjöld — 59.9%
223 **Bæjarfógeti Siglufirði**
Laun — 23.4%
Önnur rekstrargjöld — 45.1%
224 **Bæjarfógeti Ólafsfirði**
Laun — 30.5%
Önnur rekstrargjöld — 36.6%
225 **Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri**
Laun — 33.6%
Önnur rekstrargjöld — 70.2%
226 **Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík**
Laun — 39.8%
Önnur rekstrargjöld — 59.1%
227 **Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði**
Laun — 37.7%
Önnur rekstrargjöld — 69.4%
228 **Bæjarfógeti Neskaupstað**
Laun — 23.4%
Önnur rekstrargjöld — 31.8%
229 **Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði**
Laun — 16.4%
Önnur rekstrargjöld — 60.6%
230 **Sýslumaður Höfn í Hornafirði**
Laun — 32.0%
Önnur rekstrargjöld — 41.2%
231 **Sýslumaður Vík í Mýrdal**
Laun — 32.9%
Önnur rekstrargjöld — 55.7%
232 **Sýslumaður Hvolsvelli**
Laun — 27.2%
Önnur rekstrargjöld — 56.3%

233 **Bæjarfógeti í Vestmannaeyjum**
Laun — 24.2%
Önnur rekstrargjöld — 49.7%
234 **Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi**
Laun — 41.1%
Önnur rekstrargjöld — 56.2%
235 **Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík**
Laun — 35.2%
Önnur rekstrargjöld — 56.2%
236 **Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði**
Laun — 26.1%
Önnur rekstrargjöld — 51.8%
237 **Bæjarfógeti Kópavogi**
Laun — 24.1%
Önnur rekstrargjöld — 53.9%
242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni**
Laun — 15.2%
Önnur rekstrargjöld — 42.5%
251 **Landhelgisgæslan**
Laun — 21.8%
Önnur rekstrargjöld — 30.5%
252 **Bifreiðaeftirlit ríkisins**
Laun — 26.6%
Önnur rekstrargjöld — 47.0%
253 **Almannavarnir ríkisins**
Laun — 31.2%
Önnur rekstrargjöld — 42.3%
255 **Umferðarráð**
Laun — 27.1%
262 **Löggildingarstofan**
Laun — 12.4%
Önnur rekstrargjöld — 53.8%

07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Laun — 12.8%
302 **Ríkissáttasemjari**
Laun — 8.1%
Önnur rekstrargjöld — 37.1%
951 **Brunamálastofnun ríkisins**
Önnur rekstrargjöld — 73.6%
954 **Vinnueftirlit ríkisins**
Laun — 31.1%
Önnur rekstrargjöld — 58.3%

08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 35.9%

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður**
Yfirfærslur til B-hluta — 11.0%
301 **Landlæknir**
Laun — 21.9%
302 **Ríkisspítalar skrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 39.1%
312 **Blóðbankinn**
Laun — 18.2%
Önnur rekstrargjöld — 33.9%
371 **Landspítalinn**
Önnur rekstrargjöld — 12.8%
373 **Kleppsspítali**
Önnur rekstrargjöld — 16.7%
374 **Vífilsstaðaspítali**
Önnur rekstrargjöld — 16.4%
376 **Kópavogshæli**
Laun — 32.8%
Önnur rekstrargjöld — 16.0%
377 **Vistheimilið Gunnarsholti**
Laun — 29.2%
Önnur rekstrargjöld — 13.0%

09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Laun — 15.1%
103 **Ríkisbókhald**
Önnur rekstrargjöld — 56.4%
104 **Ríkisfjárhirsla**
Laun — 13.4%
Önnur rekstrargjöld — 44.9%
201 **Ríkisskattstjóri**
Laun — 11.1%
Önnur rekstrargjöld — 32.6%
202 **Skattstofan í Reykjavík**
Önnur rekstrargjöld — 37.2%
251 **Gjaldheimtan í Reykjavík**
Laun — 55.8%
Önnur rekstrargjöld — 67.8%
261 **Tollstjórinn í Reykjavík**
Laun — 7.4%
Önnur rekstrargjöld — 36.7%
263 **Tollgæslan**
Laun — 8.5%
Önnur rekstrargjöld — 27.3%

10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 33.2%

211 **Vegagerð ríkisins**
Önnur rekstrargjöld — 69.2%
Viðhald — 23.3%
341 **Siglingamálastofnun ríkisins**
Önnur rekstrargjöld — 44.0%
471 **Flugmálastjórn**
Laun — 28.0%
Önnur rekstrargjöld — 37.8%
Viðhald — 63.4%
651 **Ferðamálaráð**
Laun — 43.5%
Önnur rekstrargjöld — 81.7%
656 **Landmælingar Íslands**
Önnur rekstrargjöld — 59.7%

11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
101 **Aðalskrifstofa**
Önnur rekstrargjöld — 41.6%
201 **Iðntæknistofnun Íslands**
Önnur rekstrargjöld — 24.6%
203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**
Önnur rekstrargjöld — 42.2%
301 **Orkustofnun**
Laun — 32.3%
Önnur rekstrargjöld — 24.8%
302 **Rafmagnseftirlit ríkisins**
Önnur rekstrargjöld — 45.7%

Ed. 160. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stað orðanna „frá 1. desember 1982“ í 1. mgr. 1. gr. komi: að því er varðar tímabilið 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983.

Ed. 161. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haldið fjölda funda um málið í samvinnu við fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar. Á fundum nefndarinnar hafa mætt fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Sjómannasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra iðnrekenda, Verslunarráði Íslands, Stéttarsambandi bænda, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og Sambandi viðskiptabankanna. Nefndin hefur einnig

fengið upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytinu. Prófessor Sigurður Líndal lét nefndinni einnig í té lögfræðilega álitsgerð. Á þeim vikum, sem nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar, hefur hún því fjallað ítarlega um efni þess.

Þegar ríkisstjórnin birti efni bráðabirgðalaganna í ágúst 1982 kom skýrt fram, að stefna ríkisstjórnarinnar var að helmingur verðbóta kæmi eingöngu til framkvæmda einu sinni, þ. e. aðeins á tímabilinu 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983. Það álit hefur komið fram á fundum nefndarinnar, að orðalag 1. gr. frv. sé ekki ótvírætt hvað þetta stefnuatriði varðar. Til að taka af öll tvímæli flytur meiri hluti nefndarinnar því breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Meiri hluti nefndarinnar leggur síðan til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Guðm. Bjarnason. | Davíð Aðalsteinsson.

Gunnar Thoroddsen.

Fylgiskjal.

Álitsgerð frá Sigurði Líndal prófessor.

I.

Formaður fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur farið þess á leit að ég svaraði þeirri spurningu eftir hvaða reglum reikna ætti út verðbætur á laun, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, ef frumvarp til staðfestingar þeirra, sem nú hefur verið lagt fyrir efri deild Alþingis, næði ekki samþykki á tímabilinu desember 1982 til febrúar 1983.

Ákvæði það sem hér er til skoðunar hljóðar svo:

„Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981."

Kemur það til viðbótar skerðingarákvæðum í 51.—52. gr. laga nr. 13/1979.

Ef Alþingi fellir frumvarpið til staðfestingar á bráðabirgðalögunum afnemur það meðal annars 1. gr. þeirra. Ákvæðin í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981, haldast þá fyrir lög án ofangreinds viðbótarákvæðis. Hér skiptir raunar ekki máli hvort í hlut eiga bráðabirgðalög eða almenn lög sem Alþingi hefur áður samþykkt. Niðurstaðan yrði sú sama.

Til frekari áréttingar skal hér minnt á sérstöðu bráðabirgðalaga. Um það efni segir Ólafur Jóhannesson í ritinu Stjórnskipun Íslands:

„Afleiðingin af afnámi bráðabirgðalaga er yfirleitt hin sama og af ógildingu annarra laga. Þau eru úr sögunni að því er til framtíðarinnar tekur, stofna hvorki rétt né skyldu frá því augnabliki, er þau ganga úr gildi. Hins vegar stendur óhaggað það réttarástand, er þau hafa áður skapað. Gildir það eins þótt Alþingi hafi beinlínis fellt lögin ... Gildi bráðabirgðalaga er því alveg hið sama og annarra laga, á meðan það helst, enda þótt því ljúki með sérstökum hætti. Rétt er þó að vekja athygli á einu atriði. Þegar almenn lög fella önnur eldri lög úr gildi, er sú brottfelling hinna eldri laga endanleg, og þau ganga ekki aftur í gildi, þó að yngri lögin séu svo aftur niður felld. Þessi regla gildir sennilega ekki um almenn lög, sem bráðabirgðalög fella niður. Verði bráðabirgðalögin ekki útrædd eða séu þau felld, verður að ætla, að hin eldri almennu lög rakni aftur við".

(2. útgáfa 1978, bls. 327.)

Ákvæði bráðabirgðalaga, sem fela í sér breytingu á almennum lögum, hljóta að vera undir sömu sök seld. Ef bráðabirgðalögin nr. 79/1982 næðu ekki samþykki yrði afleiðingin samkvæmt þessu hin sama og áður er lýst: Ákvæðin í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. l. nr. 10/1981, haldast þá óbreytt eins og fyrir gildistöku bráðabirgðalaganna.

Þá kemur til álita, hvort ákvörðun kauplagsnefndar frá 17. nóvember s. l., sem miðuð var við 1. desember, standi óhögguð til loka verðbótatímabilsins, 28. febrúar 1983, þótt bráðabirgðalögin féllu úr gildi fyrir þann tíma.

Eins og áður er getið hafa bráðabirgðalög að ýmsu leyti sérstöðu sem óþarft er að lýsa í smáatriðum. Mestu máli skiptir að Alþingi á ekki hlut að setningu þeirra. Það væri andstætt meginreglum íslenskrar stjórnskipunar um lagasetningarvald ef sú skipan, sem komið hefur verið á með bráðabirgðalögunum, yrði látin haldast gegn vilja Alþingis.

Þá er það enn fremur mat mitt að brottfelling bráðabirgðalaganna feli í sér svo gagngera breytingu á þeim lagaákvæðum um verðbótahækkun launa sem kauplagsnefnd lagði til grundvallar við síðasta útreikning sinn að forsendur fyrir honum séu brostnar. Kauplagsnefnd eigi þá að reikna út verðbætur á laun að nýju og birta tilkynningu þar að lútandi. Þær greiðist síðan launþegum frá þeim degi sem lögin ganga úr gildi. Verðbótaskerðingu þeirri, sem þá er þegar orðin, verður á hinn bóginn ekki haggað nema sett séu sérstök lagafyrirmæli um það.

Á fundi nefndarinnar 7. desember s. l. var um það spurt hvernig bæri að standa að verðbótahækkun launa næstu verðbótatímabil ef bráðabirgðalögin giltu fram yfir 1. mars 1983.

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaganna nr. 79/1982 segir að helmingur verðbótahækkunarinnar skuli felldur niður „frá 1. desember 1982". Lýsti ég þeim skilningi að orðalag ákvæðisins yrði ekki skilið á annan veg en þann að verðbótahækkanir skertust sem þessu næmi öll verðbótatímabil sem lögin héldu gildi. Öðrum kosti hefði verið nauðsynlegt að kveða á um það berum orðum til hvaða verðbótatímabila lögin tækju.

Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafa ekki viljað fallast á þessa túlkun og talið að orðalag hliðstætt þessu hefði ávallt verið skilið svo að það tæki einungis til eins verðbótatímabils. Þá hafa bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra lýst því yfir að aldrei hafi verið til annars ætlast en verðbótaskerðingin næði einungis til tímabilsins 1. desember 1982 — 28. febr. 1983.

Slíkar yfirlýsingar geta verið til leiðbeiningar við lögskýringu en binda dómstóla ekki. Ég tel því rétt að orða ákvæðið þannig að taki af öll hugsanleg tvímæli. Ella gæti hlotist af málarekstur þar sem engin vissa væri fyrir því að skilningur sérfræðinga eða yfirlýsingar ráðherra fengju staðfestingu.

III.

Eftir fundinn 7. desember var þeirri beiðni komið til mín að ég segði álit á því hvort í 2. gr. bráðabirgðalaganna nr. 79/1982 fælist framsal valds umfram það sem stjórnlög leyfðu.

Þetta málefni hef ég ekki haft aðstöðu til að kanna sérstaklega á þeim tíma sem mér er ætlaður en vil þó taka þetta fram:

Alkunnugt er að Alþingi hefur iðulega samþykkt lagagreinar sem fela í sér víðtækt valdaframsal til handhafa framkvæmdavalds. Ég tel að með þessu ákvæði sé í sjálfu sér ekki gengið lengra en fordæmi eru fyrir.

Við ákvæðið er það helst að athuga að þar er enga vísbendingu að finna um það við hvað sé átt með orðinu „láglaunafólk". Rétt hefði verið að skilgreina það.

Hitt er svo annað mál að nauðsynlegt er að Alþingi taki til sérstakrar umfjöllunar stöðu sína gagnvart framkvæmdavaldinu og marki þar stefnu.

Reykjavík, 9. desember 1982.

Sigurður Líndal.

Ed. 162. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 97 24. des. 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

1. gr.

Í stað „1980—1982“ í 1. og 2. málsgr. 21. gr. laganna komi: 1980—1984.

2. gr.

Í stað „1980—1982“ í 22. gr. laganna komi: 1980—1984.

3. gr.

Í stað „1980—1982“ í 24. gr. laganna komi: 1980—1984.

Við 24. gr. bætist nýr málsliður, er verði næstsíðasti málsliður og orðist svo:

Við endanlegt uppgjör vegna áranna 1983 og 1984 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 25. gr.

4. gr.

2. töluliður 1. málsgr. 25. gr. laganna verði 1. töluliður og 3. töluliður verði 2. töluliður.

2. málsgr. 25. gr. orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags áranna 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjalddagar áætlaðs framlags áranna 1983 og 1984 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

3. málsgr. 25. gr. falli niður.

5. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði uns ríkissjóður hefur yfirtekið að fullu þessa skyldu af Atvinnuleysistryggingasjóði.

6. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

7. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1983.

Sþ. 163. Fyrirspurn [145. mál]

til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir til að stuðla að aukinni votheysverkun samkvæmt þingsályktun frá 27. apríl 1982 um votheysverkun.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvað hefur verið gert til að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun?
2. Hafa bændum verið kynntar nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun?
3. Hafa reglur um stofnlán verið endurskoðaðar í því skyni að auðvelda bændum að breyta yfir í votheysverkun?

Nd. 164. Frumvarp til laga [28. mál]

um málefni aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

I. KAFLI

Skipulag öldrunarþjónustu.

1. gr.

Markmið þessara laga er, að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu, sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi, sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand þess aldraða.

Lögin miða að því, að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf, en að jafnframt sé séð fyrir nauðsynlegri stofnanaþjónustu, þegar hennar er þörf.

2. gr.

Yfirstjórn öldrunarmála annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra.

3. gr.

Setja skal á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 3 menn tilnefndir þannig: einn frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og einn skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Deildarstjóri öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skal vera ritari nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.
3. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka, sem starfa að málefnum aldraðra.
4. Að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
5. Að annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

6. Að skera úr um ágreiningsmál, sem upp kunna að koma um málefni aldraðra skv. lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
7. Að gera tillögur til ráðherra um samræmdar reglur um mat skv. 18. gr. 1. mgr.

5. gr.

Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð, þar sem þau starfa, annast eftirtalin verkefni á sviði öldrunarmála:

1. Að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.
2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhóp aldraðra, þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórna um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu umdæmisins, sbr. 15. gr.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök, sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

Er stjórn heilsugæslustöðvar fjallar um öldrunarmál skal gefa öldrunarstofnunum á svæðinu kost á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi.

6. gr.

Við hverja heilsugæslustöð skal starfa þjónustuhópur aldraðra.

Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra. Á sama hátt geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir tveggja heilsugæslustöðva eða fleiri ákveðið að sameinast um þjónustuhóp aldraðra.

Þar sem það á betur við getur þjónustuhópur aldraðra starfað í tengslum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

7. gr.

Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðva(r), sem hópurinn tengist, starfsfólks félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags(a) svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði hópsins.

Í hópnum skulu ekki starfa fleiri en fimm og aldrei færri en þrír.

Í hópnum skal starfa læknir. Ef kostur er skal hann vera sérfræðingur í öldrunarlækningum, heimilislækningum eða lyflækningum. Þar starfar og hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu auk starfsmanns félagsmálaþjónustu með menntun félagsráðgjafa, eða þekkingu á félagslegu sviði.

8. gr.

Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæmi sínu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra í umdæminu, sbr. 18. gr. 1. mgr.
3. Að sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi.

II. KAFLI
Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

10. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
2. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 300 á hvern mann á árinu 1983. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattstofn undir kr. 60 000. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar upphæðir skulu hækka árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1983.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, 1/4 af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

11. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra skv. 3. gr., sbr. og 5. tl. 4. gr., sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

12. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2.—4. tl.
2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1. og 2. tl.
3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl., enda verði veitt jafnhátt framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra á fjárlögum hvers árs á móti.
4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1.—4. tl.
5. Að veita framlög til að standa straum af þeim breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum aldraðra, er nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
6. Önnur verkefni, sem sjóðstjórn telur brýn og ráðherra samþykkir.

13. gr.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára um framkvæmdir.

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn með reglugerð.

III. KAFLI
Heimaþjónusta.

15. gr.

Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Heimaþjónusta er tvíþætt: Annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. læknisvitjanir, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum. Hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar.

Með reglugerð getur ráðherra ákveðið að fleiri þjónustuþættir heyri til heimaþjónustu. Hann getur einnig ákveðið að heimaþjónusta taki til fleiri en aldraðra.

16. gr.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráði, þar sem þau starfa, að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra. Skal heimaþjónusta einnig veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð samþykkja.

IV. KAFLI
Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða.

17. gr.

Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

1. Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra. Þær geta verið tvenns konar:
   A) Þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, en engin önnur þjónusta.
   B) Verndaðar þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými. Íbúðirnar skulu búnar kallkerfi, með vörslu allan sólarhringinn og veitt skal sameiginleg þjónusta, s. s. máltíðir og ræsting.
2. Dvalarheimili, ætluð öldruðu fólki, sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald með aðstoð. Þar skulu vera einstaklingsherbergi, hjónaherbergi og fjölbýliseiningar. Dvalarheimili aldraðra skulu veita þjónustu s. s. fullt fæði, þvotta, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrun, endurhæfingu og félagsstarf. Þau skulu búin sameiginlegum vistarverum til vinnu og tómstundastarfs.
3. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir, ætlaðar öldruðum einstaklingum, sem eru of lasburða til að dvelja á stofnunum skv. 1. og 2. tl. Hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir skulu hönnuð sem einstaklings- og fjölbýlisherbergi, með snyrtingu og skulu sjúklingar geta haft eigin muni. Einstaklingsherbergi skulu aldrei færri en 50% vistrýmis. Á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum skal vera fullkomin aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þar sem því verður við komið skal á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum vera aðstaða fyrir hjúkrunarsjúklinga með geðræn vandamál.
4. Sjúkradeildir, hannaðar á sama hátt og spítaladeildir. Þessar deildir eru ætlaðar langlegusjúklingum, sem þurfa mikið eftirlit. Stefnt skal að því að þessar deildir séu í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða almenn sjúkrahús.
5. Dagvist fyrir aldraða. Dagvist getur verið sjálfstæð eða hluti stofnunar skv. 1. tl. B) stl.—4. tl. Á dagvist skal að jafnaði veitt þjónusta í samræmi við þá þjónustu sem veitt er á stofnuninni, sem hún tengist. Vistmenn á dagvist geta sótt hana daglega eða tímabundið. Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. 1.—5. tl. skulu vera aðgengilegar fötluðu fólki.

18. gr.

Stjórn dvalarstofnunar skv. 17. gr., 2.—4. tl., ákveður vistun fólks á stofnuninni að fengnu áliti forstöðumanns og mati þjónustuhóps aldraðra.

Sama gildir um vistun á stofnunum skv. 17. gr. 1. tl. B) stl. og 5. tl.

Vistmenn á dvalarstofnun eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild sömu stofnunar.

Stjórn dvalarstofnunar og daglegir stjórnendur ráða flutningi vistmanna innan dvalarstofnunarinnar.

19. gr.

Að fengnum tillögum samstarfsnefndar skv. 3. gr. setur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. búnað húsnæðis fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

20. gr.

Enginn má setja á stofn dvalarstofnun fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn samstarfsnefndar skv. 3. gr. Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

21. gr.

Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skv. 20. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og aðstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Ennfremur skal fylgja greinargerð um eigendur þess og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna. Þá skal og fylgja beiðninni umsögn þjónustuhóps aldraðra í viðkomandi umdæmi.

Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

22. gr.

Stjórn dvalarstofnunar fyrir aldraða skipa fimm menn. Sé stofnun skv. 17. gr. í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, um stjórn stofnunar. Eigendur dvalarstofnunar skipa stjórn hennar til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarstofnunar getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði og/eða heilbrigðismálaráði stjórn hennar. Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir um vistmannaráð.

23. gr.

Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan 3 ára hafi þær uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað, er felast í 17. gr., enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Vistmenn í þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. l. tl. A) greiða húsaleigu skv. ákvörðun rekstraraðila.

Vistmenn í vernduðum þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. l. tl. B) greiða húsaleigu og þjónustugjald skv. ákvörðun rekstraraðila.

25. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. lög nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar, 46. gr., ákveður daggjöld dvalarstofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2.—4. tl. Skulu daggjöld ákveðin í samræmi við starfsemi dvalarstofnunarinnar.

26. gr.

Kostnaður við vistun á dvalarstofnun fyrir aldraða skv. 17. gr. 2.—4. tl. greiðist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði.

Skv. umboði vistmanna á dvalarstofnunum fyrir aldraða skv. 17. gr. 2.—4. tl. innheimtir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þó hjá lífeyristryggingadeild sömu stofnunar, lífeyrissjóði vistmanna eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi, sbr. þó 3. mgr., eins og það er ákveðið á hverjum tíma af daggjaldanefnd. Um dvöl á spítaladeildum, sem ætlaðar eru til skammtímavistunar, gilda ákvæði laga um almannatryggingar.

Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 2. tl. skal þó halda eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1 950 á mánuði. Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 3. og 4. tl. skal halda eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1 330 á mánuði.

Við ákvörðun tekna vistmanna gilda ákvæði 19. gr. laga nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Fjárhæðir í 3. mgr. skulu breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga.

27. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skal greiddur af sjúkrasamlögum þó þannig að sveitarfélögin greiða 65% kostnaðar en ríki 35% kostnaðar. Til rekstrarkostnaðar, sem sjúkrasamlög greiða, teljast þó ekki laun lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta, sem ríkið greiðir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir þátttöku einstaklinga í hinum ýmsu þáttum heimaþjónustunnar að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

Ráðherra setur gjaldskrá um vistun skv. 17. gr. 5. tl. að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt falla þá úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra nr. 28 frá 1973 og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 49 frá 1981 sbr. breyting á þeim lögum nr. 93 frá 1981.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. til að vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan 5 ára frá gildistöku. Skal við þá endurskoðun sérstaklega tekin ákvörðun um framtíð Framkvæmdasjóðs aldraðra skv. II. kafla laganna.
3. Ákvæði 26. gr. koma til framkvæmda í áföngum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Sþ. 165. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Nefndin flytur þó að venju sameiginlegar breytingartillögur nú við 2. umræðu málsins, með fyrirvara af hálfu minni hlutans sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Það er við mjög svo óvenjulegar aðstæður, sem 2. umræða fjárlaga fer nú fram. Vandfundið mun dæmi álíka ástands og nú ríkir hér á Alþingi, og tekur til fleiri þátta en afgreiðslu fjárlaga, þó augljóslega sé það hvað alvarlegast varðandi þá afgreiðslu sem hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að viðhafa nú.

Eins og öllum er kunnugt gerðist það síðla sumars, að ríkisstjórnin missti mann fyrir borð, sem varð þess valdandi að ríkisstjórnina skortir meiri hluta í neðri deild, sem hefur þær afleiðingar, að hún kemur ekki af eigin rammleik stefnumálum sínum fram hér á Alþingi í andstöðu við stjórnarandstöðuna.

Ríkisstjórnin hefur að vísu meiri hluta í sameinuðu þingi og getur þannig að **nafninu til** komið fjárlagaafgreiðslunni hér í gegn, en **skortir** eigi að síður **meiri hluta til að koma fram ýmsum þeim frumvörpum** er varða **tekjuöflun** sem **fjárlagafrv. byggir á.** Og þetta er auðvitað **grundvallaratriði** málsins. Það er við þessar **óvenjulegu** aðstæður sem hæstv. ríkisstjórn virðist ætla sér að afgreiða fjárlög fyrir árið 1983. Og það verður að segjast beint, að það er **ábyrgðarlaust** af hæstv. ríkisstjórn að haga sér með þeim hætti, auk þess að stefna í algjöra blindgötu vegna þeirra óraunsæju forsendna sem fjárlagafrumvarpið byggist á að öðru leyti.

Hæstvirtir ráðherrar hafa sjálfir gefið því fjárlagafrv. fyrir árið 1983, sem hér er til umræðu heitið **kreppufrv.**, og vissulega á það vel við að mörgu leyti. En það á **ekki** við að því er varðar þann skerf sem ríkisstjórnin sjálf ætlar sér **að hrifsa í óráðsíuhít** sína.

Hæstvirt ríkisstjórn og stjórnarliðið sem heild hafa gripið til þess hálmstrás að kenna utanaðkomandi áhrifum um þá **óráðsíu** og **öngþveiti** sem efnahagslíf þjóðarinnar er nú komið í. Það er auðvitað fráleitt að skrifa alla þá **öfugþróun,** sem orðið hefur í íslensku efnahagslífi, á **utanaðkomandi** áhrif, þó vissulega skuli viðurkennt að í vissum **þáttum** hefur sú þróun haft áhrif til hins verra á stöðu þjóðarbúsins. Meginástæðan er auðvitað röng og að mestu leyti fálmkennd stefna núverandi ríkisstjórnar.

Vissulega er vandi fyrir höndum í efnahagslífi þjóðarinnar, en sá vandi verður ekki leystur með sífelldum **bráðabirgðaráðstöfunum** og **einvörðungu á kostnað launafólks,** eins og ríkisstjórnin virðist halda.

Lausn þess vanda, sem við blasir, verður því aðeins fundin að horfst sé í augu við þá **staðreynd,** að stefna núverandi ríkisstjórnar er röng og leiðir til enn **alvarlegra** ástands **strax** í byrjun næsta árs verði ekkert að gert.

Alþýðuflokkurinn hefur lengi bent á **nauðsyn gjörbreyttrar** efnahagsstefnu, bæði að því er varðar lausn þess **vanda,** sem þegar er orðinn, og einnig til lengri tíma litið.

Á það hefur skort, að stjórnvöld viðurkenndu þær staðreyndir, sem Alþýðuflokkurinn hefur margbent á og eru nú hver á fætur annarri að koma fram sem **staðreyndir** og sýna að **Alþýðuflokkurinn** einn flokka hefur af **fullri ábyrgð og raunsæi** gert sér grein fyrir nauðsyn **gjörbreyttrar** stefnu í efnahagsmálum.

Áður en vikið er að efnisatriðum þess fjárlagafrumvarps, sem nú er til umræðu, er nauðsynlegt að skyggnast örlítið um og líta til baka til þess tíma fyrir um ári þegar verið var að afgreiða hér á Alþingi fjárlög fyrir yfirstandandi ár. Alþýðuflokkurinn benti **rækilega** á að **forsendur** þeirrar fjárlagaafgreiðslu væru vægast sagt hæpnar og **reynsla** mundi sýna fram á að þær forsendur, sem þar voru lagðar til **grundvallar,** væru augsýnilega **langt** frá **raunveruleikanum.** Nú hafa menn **staðreyndirnar** fyrir augum og þær sýna að fullyrðingar Alþýðuflokksins um óraunsæi þeirra forsendna, sem fjárlög yfirstandandi árs byggðust á, voru **gjörsamlega raunsæjar.**

Forsendur verðlagshækkana fjárlaga ársins 1982 voru **33% hækkun.** Reynslan sýnir að verðlagshækkanir ársins í ár munu verða um **50%.**

Það sjá auðvitað allir, að slíkur málatilbúnaður í fjárlagagerð ríkisins er með öllu **óverjandi.** Slík vinnubrögð eru auðvitað **gróf leg fölsun staðreynda** og verða til þess, eins og raun ber vitni, að **ráðherrafjárlög** eru sett upp við hliðina á þeim pappírsfjárlögum sem afgreidd eru hér á Alþingi.

Þannig má segja að í raun séu tvenn fjárlög í gangi, því það kemur t. d. í ljós, að aukafjárveitingar fyrstu 10 mánuði ársins í ár nema hvorki meira né minna en **fimm hundruð fjörutíu og tveimur milljónum kr.,** og til fróðleiks fyrir þingmenn og alþjóð eru þær upplýsingar birtar með nefndarálitinu **sem fylgiskjal.**

Þá er athyglisvert að gefa því gaum, að undir forsjá hæstv. fjármálaráðherra munu útgjöld ríkissjóðs **aukast verulega meira** á árinu í ár en sem nemur verðlagshækkunum milli ára, eða um ca. **58%,** á sama tíma og verðlagshækkanir verða um **50%.**

Þá var ein af forsendum fjárlaga yfirstandandi árs að **skattbyrði** héldist óbreytt. Við umræður fjárlaga yfirstandandi árs var af hálfu **Alþýðuflokksins sýnt** fram á að þessi forsenda væri **óraunhæf og röng.** Einnig þessi fullyrðing Alþýðuflokksins hefur **reynst rétt** því í áætlun Þjóðhagsstofnunar er því lýst, að skattbyrði hafi þyngst á árinu 1982, en ekki tiltekið hversu mikið. Fróðlegt væri að hæstv. fjármálaráðherra upplýsti **hversu mikið** skattbyrðin hefur **þyngst.**

Enn ein forsenda, sem lögð var til grundvallar af hálfu ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu fjárlaga ársins 1982, var að **kaupmáttur almennings** héldist **óbreyttur.** Raunin hefur orðið sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna mun á yfirstandandi ári minnka um 1—2% og kaupmáttur umsaminna launa hefur **verulega** skerst og er allt útlit fyrir, haldi áfram sem horfir, að kaupmáttur minnki um eða yfir **6%** á næsta ári.

Það, sem hér hefur verið tekið fram, og auðvitað ótalmargt fleira sýnir svo ekki verður um villst, að allar **meginforsendur,** sem ríkisstjórnin lagði til grundvallar fjárlögum ársins 1982, reyndust **alrangar,** eins og **Alþýðuflokkurinn** margbenti á, og í ljósi þessarar reynslu hljótum við að ræða það fjárlagafrv. fyrir árið 1983, sem hér liggur fyrir.

En svo óraunsæjar sem forsendur fjárlaganna í ár hafa reynst vera **tekur þó út yfir allan þjófabálk varðandi þær forsendur** sem hæstvirt ríkisstjórn gefur sér í því frv. til fjárlaga sem nú er að koma til 2. umræðu hér á Alþingi.

Frv. byggist á þeirri meginforsendu, að verðlagshækkanir verði **42% á árinu 1983,** og í ljósi áður fenginnar reynslu hljóta menn að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort líklegt sé að þessi **forsenda frv. standist.** Að því er best verður séð er slík forsenda gjörsamlega út í hött, enda staðfestir spá Þjóðhagsstofnunar það, því þar er gert ráð fyrir að verðbólga næsta ár verði ekki undir **58%.** Ástæða er til að vekja athygli á því, að í þessum útreikningum og spá Þjóðhagsstofnunar eru meðtalin áhrif **launalækkunar,** sem kom til framkvæmda 1. desember s. l., og einnig áhrif þeirrar aðhaldsstefnu, sem ríkisstjórnin segist ætla að beita sér fyrir í peninga-, lána- og fjárfestingarmálum.

Eina atriðið, sem nefnt er til stuðnings þeirri stefnu eða forsendu frv., að verðbólga á næsta ári verði ekki **nema** 40—45%, er breyting á **vísitöluviðmiðun kaupgjalds.** Það er eina úrræðið sem nefnt er að ríkisstjórnin hafi til að **breyta fyrirsjáanlegri 58% verðbólgu á næsta ári í 40—45% verðbólgu.**

Sú viðmiðun ríkisstjórnarinnar, að meðaltal verðbólgu á næsta ári, miðað við meðaltal yfirstandandi árs, megi ekki fara fram úr **40—45%,** þýðir að verðbólga frá upphafi ársins 1983 til ársloka 1983 má ekki fara yfir **20%.**

Þykir mönnum sú áætlanagerð eða þær forsendur, sem byggðar eru á slíkum útreikningum, **raunhæfar?**

Þykir mönnum það líklegt, að hægt sé að ná þeim árangri, jafnvel þó ný vísitöluviðmiðun verði tekin upp, að hægt sé að skerða svo laun almennings til viðbótar þeirri kjaraskerðingu sem þegar hefur verið framkvæmd? Auðvitað er slíkt ekki raunhæft, en þetta er ein af **meginforsendum** frv., eigi að síður.

Þá er rétt að benda á að þær forsendur, sem frv. gerir ráð fyrir og taka til launaþróunar, eru að vegin meðalhækkun launa á árinu 1983 verði **14.5%.** Það eru **10.5%** vegna hækkunar verðbótavísitölu og **4% vegna grunnkaupshækkunar.**

Augljóst er og allir vita að **launahækkun t. d.** vegna þeirrar skriðu **verðhækkana,** sem ríkisstjórnin hleypti af stað nú í byrjun desember og á að óbreyttu að koma til launafólks 1. mars n. k., er þrefalt meiri en hér er gert ráð fyrir. Þessar launaforsendur frv. þarfnast óhjákvæmilega nánari skýringa af hálfu ríkisstjórnarinnar, því ekki er annað séð á forsendum frv. en að **enn frekari og stórfelldari kjaraskerðing** sé **fyrirhuguð** ef marka á þessar **forsendur frv.**

Engu er líkara og ekki verður annað séð en gert sé ráð fyrir að laun verði skert á bilinu **6—10%** á þriggja mánaða fresti **allt næsta ár.** Dettur einhverjum í hug að **slíkar forsendur fái staðist?**

Þá skal vakin athygli á þeirri stefnu, sem frv. boðar í skattamálum.

Talið er að nettóálagning tekjuskatts einstaklinga **hækki** á yfirstandandi ári um **70%,** á sama tíma og laun hafa ekki hækkað nema um **52%.** Enn lengra skal haldið í þessa átt á næsta ári samkv. frv., en þar er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga **hækki** um **55%,** á sama tíma og **launahækkunin** á að **staðnæmast** við **34%.**

Þær meginforsendur, sem hér hefur verið vikið að og frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 gerir ráð fyrir, **fá engan veginn staðist,** og raunar er furðulegt að jafnvel ríkisstjórnin skuli í alvöru leggja fram frv. með forsendum af þessu tagi, sem augljóst er öllum að eru algjörlega óraunhæfar, og er fráleitt að ætla Alþingi að afgreiða fjárlög sem byggð eru á samanlögðum brauðfótum.

Það var vikið að því hér áður, að ráðherrarnir hefðu sjálfir gefið þessu frv. heitið kreppufrumvarp. Og víst má það svo heita að öðru leyti en því er tekur til þess, sem ríkisstjórnin ætlar sjálfri sér, samanborið við þann skammt sem öðrum er ætlaður.

Það er ekki að sjá að kreppa eigi t. d. að ríkja á skrifstofum ráðherranna á næsta ári samkv. frv. T. d. **hækkar** framlag til yfirstjórnar í menntamálaráðuneyti um **55.6%.** Hjá utanríkisráðuneyti hækkar yfirstjórn um 57.5%. Hjá sjávarútvegsráðuneyti hækkar yfirstjórn um 57.4%. Hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti hækkar yfirstjórn um **52.6%.** Hjá félagsmálaráðuneyti **hækkar yfirstjórn um 53.6%.** Hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti hækkar yfirstjórn um 67.6%. Hjá fjármálaráðuneyti hækkar yfirstjórn um 55.4%. Hjá samgönguráðuneyti hækkar yfirstjórn um 54.5%. Hjá iðnaðarráðuneytinu **hækkar yfirstjórn um 63.4%.** Hjá viðskiptaráðuneyti hækkar yfirstjórn um 61.7%.

Á sama tíma og hæstv. ráðherrar ætla sér svo drjúga hækkun ætla þeir öðrum, eins og t. d. til framkvæmdaframlaga, hækkun sem **nemur 28—30%.** Slíkt er nú samhengið og réttlætið hjá hæstv. ríkisstjórn.

Og hæstv. ríkisstj. ætlar greinilega samkv. frumvarpinu að halda áfram óráðsíu í rekstri ríkisins, því samkv. frv. á liðurinn önnur rekstrargjöld að **hækka um 73.5%.**

Og liðurinn niðurgreiðslur hækkar um hvorki meira **né minna en 80%.**

Þá er gert ráð fyrir því, að framlag til Lánasjóðs námsmanna hækki um 82%, auk hækkunar lántökuheimilda fyrir sjóðinn um 80%. En á sama tíma er hækkun framlags

ríkissjóðs til Byggingarsjóðs aðeins 33% og hækkun til Byggingarsjóðs verkamanna er 41.5%, og hækkun til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra er 42%. En á sama tíma hækkar liðurinn landbúnaður, framlög um **78.1%.** Sambærileg hækkun framlags ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs er **42%.** En hækkun til Háskóla Íslands, sem hvað mest hefur verið býsnast yfir hvað væri **lág, er þó 53.1%,** á sama tíma og aðrir verða að láta sér nægja miklu minna. Þannig mætti lengi halda áfram upp að telja að því er varðar einstaka þætti þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, en ekki skal það frekar gert að sinni, að öðru leyti en því, að sérstök athygli skal á því vakin, að einhverra hluta vegna hefur hæstv. ríkisstjórn talið nauðsynlegt að afmá sem sérstakan lið í frv. orkujöfnunargjaldið og gerir nú tilraun til að fela þá skattlagningu í tekjum af söluskatti, en engin skýring hefur fengist á því þrátt fyrir eftirgrennslan, hver ástæðan er. En tekjur af þessari skattlagningu eru áætlaðar **þrjú hundruð milljónir króna á árinu 1983,** og er greinilegt að áfram ætlar hæstv. ríkisstjórn að koma aftan að landsbyggðarfólki í þessari skattlagningu og nýta þá skattpeninga í eigin eyðsluhít. Vei slíkum vesaldómi og ranglæti!

Augljóst er að verði fjárlög fyrir árið 1983 afgreidd á þeim forsendum, sem frv. gerir ráð fyrir, er vísvitandi verið að blekkja fólk og tilgangurinn augljóslega sá að fela þá staðreynd, að stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahags- og fjármálum hefur beðið **skipbrot.** Stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum hefur þegar orðið þjóðinni **dýrkeypt,** en á, ef að líkum lætur, eftir að verða enn **dýrkeyptari.**

Allir helstu atvinnuvegir landsmanna eru að stöðvast eða þegar stöðvaðir og komnir í greiðsluþrot. Þjóðin lifir nú á gegndarlausum lántökum, erlendum, og stórkostleg kjaraskerðing er þegar orðin og blasir enn frekar við. Það er við þessar aðstæður sem Alþingi er nú ætlað að afgreiða fjárlög fyrir árið 1983 á gjörsamlega röngum forsendum, forsendum sem ekki fá staðist.

Og við þetta bætist að hæstv. ríkisstjórn kórónar þennan þátt mála með því að leggja hvorki fram frumvarp að lánsfjárlögum né lánsfjáráætlun fyrir fjárlagaárið, eins og þó er lagaskylda.

Að öllu þessu athuguðu er það hrein firra, raunar hneyksli, að ætla Alþingi að afgreiða slíkt brauðfótafrumvarp til fjárlaga sem hér er á ferðinni.

Alþýðuflokkurinn varar mjög alvarlega við svo óraunhæfri afgreiðslu sem hér er lagt til og lýsir ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn, — vill ekki trúa því, að ríkisstjórnin sé svo heillum horfin og misbjóði svo virðingu Alþingis að ætla því að afgreiða fjárlög á eins óábyrgan hátt og hér er lagt til.

Alþýðuflokkurinn mun ekki í ljósi þeirrar stöðu, sem málið er nú í, flytja breytingartillögur við þessa umræðu. Alþýðuflokkurinn minnir enn á, að hann einn flokka hér á Alþingi hefur margítrekað bent á nauðsyn breyttrar stefnu í efnahagsmálum, og vísar til margfluttra frumvarpa hér á Alþingi af hálfu flokksins þeirri stefnumörkun til staðfestingar.

Alþingi, 13. des. 1982.

Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

Aukafjárveitingar alls afgreiddar 29. október 1982.

		Þús. kr.
00–101–0000	Embætti forseta Íslands	430,0
Forsætisráðuneytið		**1 954,5**
01–101–0000	Aðalskrifstofa	19,5
01–101–0109	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	35,0
01–101–0111	Skrifst. ráðherranefndar Norðurlandaráðs[1])	900,0
01–902–0000	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum[2])	1 000,0
Menntamálaráðuneytið		**80 278,0**
02–101–0000	Aðalskrifstofa	700,0
02–201–0000	Háskóli Íslands[3])	7 000,0
02–205–0000	Stofnun Árna Magnússonar	400,0
02–231–0000	Náttúrufræðistofnun Íslands	47,4
02–318–0000	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	936,0
02–319–0000	Framhaldsskólar, almennt[4])	8 789,0
02–321–0000	Kennaraháskóli Íslands[5])	1 122,0
02–352–0000	Flensborg, fjölbrautaskóli	100,0
02–422–0000	Námsgagnastofnun[6])	800,0
02–422–0000	Námsgagnastofnun[6])	700,0
02–517–0000	Hótel- og veitingaskólinn	200,0
02–517–0000	Hótel- og veitingaskólinn	50,0
02–523–0000	Fósturskóli Íslands	150,0
02–523–0000	Fósturskóli Íslands	50,0
02–523–0000	Fósturskóli Íslands	80,8
02–561–0000	Myndlista- og handíðaskólinn	500,0
02–562–0000	Leiklistarskóli Íslands	180,0
02–563–0000	Tónlistarfræðsla[7])	2 000,0
02–610–0000	Héraðsskólar, óskiptur stofnkostnaður	1 400,0
02–714–0000	Þjálfunarskóli, Kópavogshæli	22,0
02–791–0000	Grunnskólar, almennt[8])	15 426
02–791–0000	Grunnskólar, almennt	130,0
02–791–0116	Sundskylda í skólum[9])	1 000,0
02–791–0116	Sundskylda í skólum[9])	800,0
02–795–0000	Öskjuhlíðarskóli	624,0
02–797–0104	Stofnanir afbrigðilegra barna	181,0
02–797–0104	Stofnanir afbrigðilegra barna	16,0
02–797–0104	Stofnanir afbrigðilegra barna	150,0
02–803–0000	Dagvistarheimili, námsgagnagerð	75,0
02–872–0000	Lánasjóður íslenskra námsmanna[10])	10 000,0
02–872–0000	Lánasjóður íslenskra námsmanna[10])	20 000,0
02–881–0103	Náms- og fræðimenn, framlög	95,0
02–881–0117	Atvinnumiðlun námsmanna	60,0
02–901–0000	Landsbókasafn	17,0
02–901–0000	Landsbókasafn	139,0
02–901–0000	Landsbókasafn	20,0
02–901–0000	Landsbókasafn	26,0
02–902–0000	Þjóðminjasafn Íslands	659,0
02–907–0000	Listasafn Íslands	40,0
02–931–0000	Náttúruverndarráð	300,0
02–931–0000	Náttúruverndarráð	20,0
02–973–0000	Þjóðleikhúsið	140,0
02–973–0000	Þjóðleikhúsið	800,0
02–979–0000	Rithöfundasjóður Íslands	72,0
02–981–0000	Starfslaun listamanna	66,9

		Þús. kr.
02-982-0000	Listir, framlög	31,8
02-982-0101	Leikfélag Reykjavíkur	100,0
02-982-0101	Leikfélag Reykjavíkur	200,0
02-982-0110	Leikfélag Akureyrar	100,0
02-982-0110	Alþýðuleikhúsið	600,0
02-982-0113	Breiðholtsleikhús	300,0
02-982-0310	Önnur tónlistarstarfsemi	50,0
02-982-0413	Önnur tónlistarstarfsemi	20,0
02-982-0413	Listasafn alþýðu	300,0
02-983-0502	Kvikmyndasjóður[11])	1 032,0
02-982-0836	Listir og menningarmál	100,0
02-982-0845	Thorvaldsenssýning	46,0
02-984-0000	Norræn samvinna	90,0
02-984-0103	Norræna félagið	10,0
02-984-0104	Samnorræn fjárhagsáætlun	300,0
02-984-0104	Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun	200,0
02-988-0103	Æskulýðssamband Íslands	8,0
02-988-0104	Ungmennafélag Íslands	70,0
02-989-0102	Íþróttasamband Íslands	300,0
02-989-0121	Skáksamband Íslands	46,0
02-989-0121	Skáksamband Íslands	100,0
02-999-0221	Bridgesamband Íslands	80,0
02-999-0308	Ýmis framlög	100,0
Utanríkisráðuneytið		**4 521,0**
03-111-0000	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	50,0
03-399-0000	Ýmis utanríkismál[12])	300,0
03-399-0000	Ýmis utanríkismál[12])	500,0
03-399-0101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands[13])	2 743,0
03-399-0102	Flóttamannaráð Íslands[14])	778,0
03-399-0107	Aðstoð við pólsku þjóðina	150,0
Landbúnaðarráðuneytið		**13 628,7**
04-101-0000	Aðalskrifstofa	180,0
04-101-0000	Aðalskrifstofa	300,0
04-172-0000	Jarðasjóður[15])	434,0
04-231-0000	Skógrækt ríkisins	300,0
04-235-0000	Landgræðsla ríkisins	1 100,0
04-243-0000	Sauðfjárveikivarnir[16])	918,0
04-243-0000	Sauðfjárveikivarnir[16])	244,8
04-246-0000	Veiðimálaskrifstofan	62,0
04-246-0107	Fisksjúkdómanefnd	10,0
04-247-0102	Héraðsdýralæknar	63,0
04-272-0000	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	100,0
04-288-0000	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	2 106,0
04-288-0000	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	205,5
04-288-0000	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	1 324,0
04-288-0103	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	1 000,0
04-288-0103	Framlög samkvæmt jarðræktarlögum[17])	583,0
04-299-0119	Lántökukostn. vegna l. nr. 9/1980[18])	1 199,2
04-299-0123	Ákvörðun búmarks	588,2
04-299-0124	Byggðasafn Suðurlands	70,0
04-299-0125	Fjallskil í eyðihreppum	31,0
04-501-0000	Bændaskólinn á Hvanneyri	100,0
04-501-0000	Bændaskólinn á Hvanneyri	210,0
04-502-0000	Bændaskólinn á Hólum	1 300,0
04-502-0000	Bændaskólinn á Hólum	1 200,0

		Þús. kr.
Sjávarútvegsráðuneytið		**2 565,0**
05–215–0000	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	800,0
05–215–0000	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	700,0
05–299–0120	Ýmislegt á sviði sjávarútvegs[19])	1 000,0
05–901–0300	Skrifst. rannsóknast. atvinnuveganna	65,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		**21 203,2**
06–101–0000	Aðalskrifstofa	600,0
06–101–0000	Aðalskrifstofa	500,0
06–102–0000	Stjórnartíðindi	82,0
06–102–0000	Stjórnartíðindi	200,0
06–102–0000	Stjórnartíðindi	350,0
06–103–0000	Kosningar[20])	499,0
06–201–0000	Hæstiréttur	175,0
06–204–0000	Borgarfógetinn í Reykjavík	75,0
06–204–0000	Borgarfógetinn í Reykjavík	158,0
06–208–0000	Rannsóknarlögregla ríkisins	600,0
06–208–0000	Rannsóknarlögregla ríkisins	1 100,0
06–213–0000	Sýslumaðurinn Borgarnesi[21])	224,0
06–213–0101	Sýslumaðurinn Borgarnesi[21])	150,0
06–219–0101	Bæjarfógetinn Bolungarvík	153,4
06–237–0000	Bæjarfógetinn í Kópavogi	18,0
06–238–0000	Dómstóll í ávana- og fíkniefnum	160,0
06–241–0000	Hegningarhús	250,0
06–242–0000	Vinnuhælið Litla-Hrauni	2 600,0
06–243–0000	Vinnuhælið að Kvíabryggju	300,0
06–247–0000	Eftirlitsstofnun með brotamönnum	80,0
06–251–0000	Landhelgisgæslan[22])	3 720,0
06–252–0000	Bifreiðaeftirlit ríkisins	457,8
06–252–0000	Bifreiðaeftirlit ríkisins	3 000,0
06–255–0000	Umferðarráð	100,0
06–281–0000	Dómsmál, ýmis kostnaður	450,0
06–281–0109	Lagasafn	500,0
06–282–0103	Ýmis löggæslukostnaður	500,0
06–301–0117	Biskupsbústaður	575,0
06–301–0135	Hólar í Hjaltadal	25,0
06–301–0302	Byggingar á prestsetrum	1 000,0
06–303–0000	Prestaköll og prófastsdæmi	2 000,0
06–373–0000	Kristnisjóður[23])	601,0
Félagsmálaráðuneytið		**5 022,5**
07–302–0000	Ríkissáttasemjari	450,0
07–399–0000	Vatnsveitur[24])	2 080,5
07–953–0000	Jafnréttisráð	100,0
07–954–0000	Vinnueftirlit ríkisins	25,0
07–977–0000	Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta	1 306,0
07–977–0000	Aðstoð við þroskahefta	450,0
07–981–0000	Vinnumál	175,0
07–981–0131	Fræðslumál BSRB	50,0
07–981–0138	Vinnuverndarhópurinn	280,0
07–999–0122	Leigjendasamtökin	25,0
07–999–0147	Félagsmálafulltrúi í Kaupmannahöfn	30,0
07–999–0150	Félag einstæðra foreldra	16,0
07–999–0160	Könnun á kjördæmaskipan	35,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið		**61 372,0**
08–101–0000	Aðalskrifstofa	315,0
08–101–0000	Aðalskrifstofa, vegna stúdenta í félagsráðgjöf	7,0
08–101–0000	Aðalskrifstofa	400,0
08–101–0000	Aðalskrifstofa	600,0

		Þús. kr.
08–101–0000	Aðalskrifstofa	500,0
08–271–0000	Tryggingastofnun ríkisins[25])	2 000,0
08–271–0000	Tryggingastofnun ríkisins[25])	4 000,0
08–271–0000	Tryggingastofnun ríkisins[25])	7 990,0
08–301–0000	Landlæknir	90,0
08–301–0000	Landlæknir	200,0
08–302–0000	Skrifstofa ríkisspítalanna[26])	6 000,0
08–302–0000	Skrifstofa ríkisspítalanna[26])	7 610,0
08–302–0000	Skrifstofa ríkisspítalanna[26])	15 000,0
08–321–0000	Geislavarnir ríkisins	129,1
08–321–0000	Geislavarnir ríkisins	22,0
08–322–0000	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	154,7
08–324–0000	Heyrnar- og talmeinastöð	200,0
08–325–0000	Hollustuvernd ríkisins[27])	519,0
08–325–0000	Hollustuvernd ríkisins[27])	201,3
08–371–0000	Landspítalinn, stofnkostnaður	400,0
08–371–0000	Landspítalinn[28])	5 208,0
08–375–0000	Kristneshæli	213,0
08–381–0301	Sjúkrahús og læknisbústaðir[29])	522,0
08–381–0301	Sjúkrahús og læknisbústaðir[29])	725,0
08–381–0301	Sjúkrahús og læknisbústaðir[29])	2 000,0
08–385–0000	Framkvæmdasjóður aldraðra[30])	5 200,0
08–399–0143	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	189,5
08–399–0158	Ár aldraðra	850,0
08–502–0000	Þroskaþjálfaskólinn	126,4
Fjármálaráðuneytið		**9 216,7**
09–202–0000	Skattstofan í Reykjavík	414,7
09–207–0000	Skattstofa Austurlands	180,0
09–209–0000	Skattstofa Vestmannaeyja	100,0
09–211–0000	Skattstofa Reykjaness	400,0
09–214–0000	Ríkisskattanefnd	196,0
09–402–0000	Fasteignamat ríkisins	32,0
09–981–0000	Húseignir ríkisins, vegna ríkisendurskoðunar	675,0
09–981–0000	Fasteignir ríkissjóðs	400,0
09–999–0146	Saltverksmiðja á Reykjanesi[31])	6 819,0
Samgönguráðuneytið		**26 905,0**
10–101–0000	Aðalskrifstofa	40,2
10–101–0000	Aðalskrifstofa	400,0
10–211–0000	Vegagerð ríkisins[32])	300,0
10–211–0000	Vegagerð ríkisins[32])	3 630,0
10–211–0000	Vegagerð ríkisins[32])	1 600,0
10–321–0102	Skipaútgerð ríkisins	2 000,0
10–321–0102	Skipaútgerð ríkisins	212,0
10–332–0106	Vitaskipið Árvakur	2 700,0
10–333–0103	Hafnarmál	4 200,0
10–341–0000	Siglingamálastofnun ríkisins	256,0
10–341–0000	Siglingamálastofnun ríkisins	150,0
10–341–0000	Siglingamálastofnun ríkisins	300,0
10–342–0000	Sjóslysanefnd	100,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	709,3
10–471–0000	Flugmálastjórn	500,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	240,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	50,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	200,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	4 000,0
10–471–0000	Flugmálastjórn	2 000,0
10–485–0103	SVFÍ, vegna tilkynningarskyldu skipa	111,0
10–485–0106	Kostnaður vegna flugslysa	49,3

		Þús. kr.
10–485–0107	Ýmis framlög	343,7
10–485–0108	Kostnaður vegna sjóslysa	33,5
10–651–0000	Ferðamálaráð	2 780,0
Iðnaðarráðuneytið		**16 894,3**
11–101–0000	Aðalskrifstofa	900,0
11–204–0000	Verkstjórnarnámskeið	94,0
11–206–0000	Námskeið í stjórn vinnuvéla	200,0
11–207–0000	Eftirmenntun í iðju og iðnaði	100,0
11–221–0103	Iðnrekstrarsjóður	2 000,0
11–298–0000	Eftirlit með starfsemi álvers	500,0
11–298–0000	Eftirlit með starfsemi álvers	350,0
11–298–0000	Eftirlit með starfsemi álvers	1 500,0
11–298–0000	Athuganir á starfsemi álvers	1 400,0
11–298–0101	Eftirlit með starfsemi álvers	350,0
11–299–0104	Efling iðnþróunar og tækninýjungar	500,0
11–299–0106	Niðurgreiðslur á gaffalbitum	23,0
11–299–0113	Landgræðslusjóður, vegna vatnstöku	80,0
11–299–0124	Verðuppbætur á gaffalbita	551,3
11–299–0125	Fiskiðjan Arctic	417,0
11–299–0127	Iðnráðgjafar	500,0
11–301–0000	Orkustofnun	850,0
11–399–0102	Athugun á orkufrekum iðnaði	4 000,0
11–399–0103	Setlagarannsóknir	910,0
11–399–0106	Hitaveita Reykjahlíðar	1 669,0
Viðskiptaráðuneytið		**272 817,3**
12–101–0000	Aðalskrifstofa	300,0
12–101–0000	Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa	25,0
12–201–0000	Niðurgreiðslur[33])	155 000,0
12–201–0000	Niðurgreiðslur á vöruverði[33])	13 372,0
12–201–0000	Niðurgreiðslur[33])	97 950,0
12–202–0000	Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar[34])	6 000,0
12–902–0000	Verðlagsstofnun	140,0
12–903–0000	Hlutafélagaskrá	30,3
1. gr. fjárlaga		**25 000,0**
99–101–0000	Hlutafjárframlag, kísilmálmverksmiðja[35])	25 000,0
	Alls	541 808,2

Umframfjárveitingar jan.—okt. 1982
Skýringar við helstu liði

1.	Framlagið er ákveðið í NOK, því er hér aðallega um gengisáhrif að ræða		900,0
2.	Viðhald á húsi þjóðgarðsvarðar		1 000,0
3.	Laun vegna sérkjarasamninga	2 500,0	
	Rekstrargjöld	4 500,0	
			7 000,0
4.	Flokkaskrið á þessu ári í framhaldsskólum samkvæmt sérkjarasamningum		8 789,0
5.	Greiðsla á dag- og ferðapeningum til kennara sem eru í réttindanámi		1 122,0
6.	Útgáfa námsefnis		1 500,0
7.	Greiðsla vegna ársins 1981		2 000,0
8.	Flokkaskrið á þessu ári í grunnskólum		15 436,0
9.	Greiðsla vegna ársins 1981		1 800,0
10.	Vegna fjölgunar styrkþega umfram fjárlagaforsendur, gengisáhrif og verðhækkun hér innanlands		30 000,0
11.	Endurgreiðsla á söluskatti á innlendum kvikmyndum til Kvikmyndasjóðs		1 032,0
12.	Aðstoð við óbreytta borgara í Líbanon		800,0
13.	Vegna sölu á Bjarti, gefa varð út sérstaka fjárheimild, þar sem söluandvirði skipsins rann í ríkissjóð		2 743,0
14.	Vegna viðtöku á pólskum flóttamönnum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar		778,0
15.	Vegna ónotaðrar fjárveitingar 1981		434,0
16.	Niðurskurður á riðuveiku fé		1 162,0
17.	Vegna lögbundinna framlaga ríkissjóðs		5 218,5
18.	Vextir og afborganir á lánum sem framleiðsluráð tók vegna útflutnings landbúnaðarafurða		1 199,2
19.	Þáttur í lausn á verðákvörðun á ferskri síld til söltunar og frystingar		1 000,0
20.	Sveitarstjórnarkosningar		499,0
21.	Lokaframkvæmdir		374,0
22.	Aukinn olíukostnaður umfram forsendur fjárlaga		3 720,0
23.	Vegna lögbundins framlags ríkissjóðs fyrir árið 1981, uppgjör		601,0
24.	Vatnsveituframkvæmdir í Skútustaðahreppi vegna náttúruhamfara		2 080,5
25.	Bótahækkanir o. fl. umfram fjárlagaforsendur		13 990,0
26.	Flokkahækkanir árið 1982, samkvæmt sérkjarasamningum, önnur rekstrargjöld		28 610,0
27.	Vegna viðbótarstaða sem ráðninganefnd hefur heimilað frá 01.08.82		720,3
28.	Uppsetningarkostnaður og gengisáhrif á krabbameinslækningatæki og T.S.-tæki		5 208,0
29.	Tækjakaup á Ísafirði	522,0	
	Hst. Hvammstanga, einangrun	725,0	
	Fjórðungssjúkrahús, Akureyri	2 000,0	
			3 247,0
30.	Uppgjör v/1981		5 200,0
31.	Hluti ríkissjóðs		6 819,0
32.	Uppgjör markaðra tekna 1981 og launaleiðrétting		5 530,0
33.	Niðurgreiðslur samkvæmt efnahagsráðstöfunum frá því fyrr á þessu ári — Upp í þessa fjárhæð fóru 125 000 af 09-989 „Launa- og verðlagsmál“.		266 322,0
34.	Greiðsla vegna 4. ársfjórðungs á olíustyrk		6 000,0
35.	Er í 1. gr. fjárlaga, hlutafjárframlag í kísilmálmverksmiðju		25 000,0

Sþ. 166. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 og við brtt. á þskj. 149 og 157.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02 359 Verkmenntaskólinn á Akureyri.	
Fyrir „6 100“ kemur	9 100
2. Við brtt. 157, 10.b. — Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.	
a. Við 66. Ísafjörður, íþróttahús.	
Fyrir „190“ kemur	315
b. Við 67. Bolungarvík, íþróttahús.	
Fyrir „691“ kemur	816
3. Við brtt. 157. 11.b. — Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili.	
a. Við b.3. Patreksfjörður.	
Fyrir „600“ kemur (leiðrétting)	700
b. Við b.5. Bolungarvík.	
Fyrir „500“ kemur (leiðrétting)	400
4. Við brtt. 149, 13.b. — Við 4. gr. 02 999 0103 Náttúrugripasafn Akureyrar.	
Fyrir „30“ kemur (leiðrétting)	38
5. Við brtt. 149, 17.c. — Við 4. gr. 04 299 0105 Landssamband ísl. hestamannafélaga.	
Fyrir „7“ kemur (leiðrétting)	10
6. Við brtt. 157. 25.b. — Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
a. Við a.13. Ólafsfjörður.	
Fyrir „1500“ kemur (leiðrétting)	1800
b. Við a.16. Húsavík.	
Fyrir „2000“ kemur (leiðrétting)	1600
c. Við a.18. Raufarhöfn.	
Fyrir „100“ kemur (leiðrétting)	200
7. Við 4. gr. 11 201 Iðntæknistofnun 0 Sértekjur.	
Fyrir „6 057“ kemur	6 257

Nd. 167. Frumvarp til laga [146. mál]

um Framkvæmdasjóð Suðurnesja.

Flm.: Jóhann Einvarðsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Suðurnesja.

2. gr.

Verkefni sjóðsins eru þessi:

a. Að veita lán til einstaklinga og félaga á Suðurnesjum til atvinnuuppbyggingar og þá fyrst og fremst í sjávarútvegi og iðnaði.
b. Að veita lán til framkvæmda sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

a. 2% af veltu Aðalverktaka og annarra verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli af starfrækslu þeirra á Suðurnesjum.
b. 1/3 af aðstöðugjöldum, sem nú eru greidd af starfsemi á Keflavíkurflugvelli til viðkomandi sveitarfélaga.
c. 4% af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.
d. 2% af veltu flughafnarinnar.
e. Vextir.

4. gr.

Heimilt er sjóðsstjórninni að taka lán og endurlána þau til verkefna skv. 2. gr.

5. gr.

Framkvæmdasjóðurinn er sjálfstæð stofnun. Stjórn hans skal skipuð 7 mönnum, einum frá hverju sveitarfélaga á Suðurnesjum. Skulu þeir kosnir til fjögurra ára í senn, að loknum sveitarstjórnarkosningum, af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, kosnum af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

6. gr.

Framkvæmdasjóður skal ávaxtaður á Suðurnesjum. Stjórn sjóðsins skal semja við lánastofnanir á Suðurnesjum um afgreiðslu fyrir hann og um geymslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur á hendi ákvarðanir um lánveitingar hans. Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins skal greiðast af tekjum hans.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, í samráði við Seðlabanka Íslands, vaxtakjör og önnur lánskjör af lánum veittum úr sjóðnum.

8. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem lánstíma, umsóknir um lán úr sjóðnum, tryggingar lána svo og aðra skilmála.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega lagt fram af Gunnari Sveinssyni árið 1974, á 96. löggjafarþinginu, og er nú endurflutt lítið breytt. Frumvarpinu fylgdi þá greinargerð en þó hefur hún verið endurskoðuð að hluta.

Það, sem felst í því frumvarpi sem hér er lagt fram, er í stuttu máli að stofnaður verði sjóður til stuðnings atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. Lagt er til að tekjur sjóðsins séu skattur af verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, hluti af aðstöðugjöldum sveitarfélaga á sama stað og gjald af ríkisfyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli sem nú eru skattfrjáls.

Á Suðurnesjum eru 7 sveitarfélög, en Suðurnes tel ég byggðina sunnan Hafnarfjarðar. Með þessum sveitarfélögum hefur á síðustu árum tekist gott samstarf um þjónustustarfsemi og framkvæmdir er varða öll sveitarfélögin á svæðinu. Hafa sveitarfélögin nú stofnað formlegt samband sín á milli, þ. e. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, og því gengið úr Samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi (S.A.S.Í.R.). Sem dæmi um sameiginlegar

stofnanir sveitarfélaganna má nefna: Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, Heilsugæslustöð Suðurnesja, Hitaveitu Suðurnesja, Dvalarheimili aldraðra, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, og í undirbúningi er frumvarp um Orkubú Suðurnesja. Verður því að telja eðlilegt að sveitarfélögin ráði þessum sjóði og lánveitingum úr honum, samkvæmt markmiðum hans.

Margir munu ef til vill segja að ekki sé ástæða fyrir Suðurnesjamenn að fara fram á slíka stofnun sem hér er stungið upp á, þeir hafi flugvöllinn og varnarstöðina og þaðan streymi fé og skatttekjur. Ástæðan fyrir þessum hugsanagangi, sem við Suðurnesjamenn verðum oft varir við, er sú, að fjölmargir álíta að allt það fólk, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, sé Suðurnesjamenn. Svo er þó ekki. Stór hluti þess er Reykvíkingar og aðrir aðkomumenn. Það er að vísu satt og rétt, að Suðurnesjamenn hafa á margan hátt atvinnulega séð notið góðs af staðsetningu flugvallarins og varnarstöðvarinnar. Þó er það í mun minna mæli en margur heldur.

Atvinnulíf og þá sérstaklega frumatvinnuvegur okkar Suðurnesjamanna, útgerð og fiskvinnsla, hefur átt og á í harðri samkeppni við flugvöllinn og varnarstöðina um vinnuaflið á Suðurnesjum. Þessi samkeppni hefur að mörgu leyti skapað óeðlilegt ástand varðandi rekstur þessara atvinnuvega, enda liggur það ljóst fyrir, að þrátt fyrir að rekstrarstaða útgerðar og fiskvinnslu sé mjög erfið víða á landinu, þá mun staða þessara atvinnugreina sennilega hvað verst á Suðurnesjum.

Staðreyndin er að bæjar- og sveitarfélögin á Suðurnesjum fá óverulegar skatttekjur af þeim rekstri og umsvifum er fram fara á Keflavíkurflugvelli. Á s. l. ári munu tekjur þessar hafa numið um 1.6 millj. kr. í aðstöðugjöldum til allra sveitarfélaganna, en mjög misjafnlega mikið til hvers þeirra eftir því, hvar fyrirtækin voru staðsett á flugvellinum. Því eru sveitarfélögin ekki vel í stakk búin til þess að styðja nægilega vel að atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum, enda rekstrarfjárstaða margra þeirra erfið um þessar mundir. Verður því að telja fullkomlega eðlilegt að sú stóriðja, ef segja má svo um þá starfrækslu er fram fer á Keflavíkurflugvelli, leggi meira af mörkum til Suðurnesja-samfélagsins í heild en nú er, bæði að því er varðar þjónustu og uppbyggingu atvinnuvega.

Allir flokkar hafa lýst því yfir, að hér eigi ekki að vera her á friðartímum. Menn greinir aftur á móti á um hvenær þeir tímar séu. Vonandi eru þeir ekki langt undan. Suðurnesjamenn geta hvorki né eiga að treysta á að varnarstöð verði um eilífð einhver afgerandi liður í atvinnuuppbyggingu þeirra, heldur verða þeir að treysta á innlendan atvinnurekstur í framtíðinni eins og hingað til. En því aðeins verður það hægt að undirstöðuatvinnuvegirnir verði ekki afskiptir með uppbyggingu og framfarir. Við verðum að gera okkur ljóst að aðstæður bæði hér og erlendis geta breyst á mjög skömmum tíma, og við því verðum við að vera viðbúnir.

Við minnumst þess, að þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru staðsettar á Siglufirði, en þær voru raunverulega fyrsta stóriðja á Íslandi, voru þær að mestu skatt- og útsvarsfrjálsar. En fljótlega sáu menn að hér hafði verið farið rangt að. Sérstaklega sáu menn þetta eftir að síldin hvarf. Siglufjarðarbær var ekki undir það búinn að taka á sig þær breytingar í atvinnumálum sem hvarf síldarinnar hafði í för með sér, að nokkru vegna þess, að aðalatvinnufyrirtækið hafði verið skattfrjálst, og eins vegna hins, að ekki hafði verið stutt við bakið á annarri atvinnustarfsemi svo sem þurft hefði.

Suðurnesin hafa átt í erfiðleikum með endurnýjun bátaflotans, aðallega vegna lánsfjárskorts. Má í því sambandi benda á að meðalaldur báta mun hér á landi vera hæstur á Suðurnesjum, eða um eða yfir **18 ár.** Er því endurnýjun flotans mjög brýn. Að þessu leyti eru því Suðurnesin sambærilegri við sjávarplássin úti á landi en t. d. Reykjavík. Stundum hefur beinlínis oltið á Byggðasjóði hvort af skipakaupum gæti orðið á Suðurnesjum. En fjárhagsstaða Byggðasjóðs er slík, að hann hefur ekki getað annað þörfinni.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs Suðurnesja tel ég að verið sé að koma til móts við Suðurnesjamenn í sambandi við endurnýjun fiskiskipa þeirra og uppbyggingu atvinnurekstrar, þótt það fé, sem myndast í sjóðnum árlega, sé ekki mikið. Lauslega áætlað ætti það að geta orðið um 13 millj. kr. á ári og mundi að einhverju leyti a. m. k. losa Byggðasjóð undan þeirri ásókn, sem nú er í lán hjá honum til uppbyggingar sjávarútvegs Suðurnesjasvæðisins, og stuðla að því, að Suðurnesjamenn gætu orðið sjálfum sér nógir á þessu takmarkaða sviði. Hér er um fé að ræða er myndast á svæðinu sjálfu og tilheyrir sveitarfélögunum öllum. Því er eðlilegt að þau ráði því sjálf.

Stór hluti af Suðurnesjamönnum er aðfluttur til Suðurnesja utan af landi. Þeir og aðrir Suðurnesjamenn gleðjast yfir þeim framförum er þar hafa átt sér stað á undanförnum árum. Þeir munu fagna þeim auknu möguleikum, sem Byggðasjóður hefur til að auka framfarir og uppbyggingu á landsbyggðinni með eflingu sjóðsins, og vilja síður en svo leggja stein í götu þeirra framfara, er með því geta átt sér stað. En þeir viðurkenna jafnframt þá sérstöðu, er Suðurnesin hafa í þessu máli.

Sumir munu ef til vill líta svo á, að með stofnun þessa sjóðs sé verið að skapa hættulegt fordæmi, varhugavert geti verið að leyfa svo afmörkuðu svæði að hafa eigin framkvæmdasjóð. En því fer fjarri. Fram komu á sínum tíma hugmyndir um að byggja Byggðasjóð upp á þennan hátt, þ. e. að honum væri skipt eftir fjórðungum eða kjördæmum. Væri fyllilega athugandi hvort sú tillaga á ekki rétt á sér.

Samkvæmt stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er ákveðið um „að undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum".

Forsætisráðherra skipaði nefnd þriggja manna til að vinna að þessu. Nefnd sú hefur farið um allt svæðið og rætt við atvinnumálanefndir og sveitarstjórnir og fleiri um þessi mál. Meginniðurstaða allra þessara aðila er sú, að til allrar slíkrar uppbyggingar, hvort heldur er um að ræða að styrkja núverandi atvinnufyrirtæki eða stofna ný, þurfi fjármagn, en það hefur ekki legið á lausu, og því er þetta frumvarp endurflutt til þess m. a. að greiða fyrir lausn þessara mála, a. m. k. að hluta.

Ed. 168. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þær ráðstafanir, sem í frv. þessu felast, skipta litlu um ástand efnahagsmála. Ráðstafanirnar eru gamalkunnar: Einhliða ákvörðun ríkisstjórnar um almenna lækkun launa ásamt skattahækkunum og tilfærslum fjármuna í kjölfar gengisfellingar. Aðgerðir af þessu tagi hafa ítrekað verið reyndar á umliðnum árum. Árangurinn hefur enginn orðið þegar litið er til lengri tíma en örfárra mánaða. Þvert á móti hafa stöðugar bráðabirgðalausnir af þessu tagi komið í veg fyrir, að nokkur raunveruleg stefnubreyting hafi verið gerð í stjórn efnahagsmála, og því í sannleika sagt unnið gegn þeim markmiðum, sem þeim hefur verið ætlað að ná. Þannig mun einnig fara nú. Þegar afgreiða skal frumvarp þetta til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá því í ágústmánuði s. l. er þegar séð að aðgerðirnar eru runnar út í sandinn og fórn launafólks mun enn einu sinni engum árangri skila.

Alþýðuflokkurinn telur að gersamlega þýðingarlaust sé að halda áfram á þessari braut sífelldra bráðabirgðalausna. Algert meginatriði er að menn láti þeim lokið, en stígi í þeirra stað fyrsta skrefið í átt til gerbreyttrar stefnu og stjórnunar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í samræmi við það telur flokkurinn að nú eigi að samþykkja eftirtaldar ráðstafanir:

1. Með **breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt** verði komið á **afkomutryggingu heimilanna** þar sem þjóðfélagið ábyrgist öllum þegnum þjóðfélagsins tiltekið lágmarks lífskjarastig sem verðbólga, skattahækkanir, tekjumissir vegna sjúkdóma, aldurs og örorku, atvinnumissir og aðrar slíkar óviðráðanlegar aðstæður fyrir einstaklinginn fái ekki hróflað við. Jafnframt verði með breytingum á sömu lögum tryggð jöfnun á orkukostnaði.

2. Með **breytingum á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins og fjárlögum** verði stigið **fyrsta skrefið** í **afnámi útflutningsbóta** á landbúnaðarafurðir með því að lækka þá fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum, **um 1/4 hluta.** Í staðinn verði landbúnaðinum veittur **tímabundinn framleiðslu- og framleiðnistyrkur** til stuðnings við **nýjar** og **ábatasamar búgreinar og uppbyggingu iðnaðar** í dreifbýlinu.

3. Samþykkt verði **frumvarp um tímabundna stöðvun á innflutningi fiskiskipa** og hagkvæmni í endurnýjun fiskiskipastólsins. Áhersla verði lögð á að efla **hagræðingu** og **tækniframfarir** í **fiskvinnslu** og **breytingar** í þá átt gerðar á lögum og reglum um lánveitingar stofnlánasjóða.

4. Kosin verði á Alþingi nefnd til þess að gera **í samráði við sjómenn og útvegsmenn** tillögur um **veiðileyfastjórn á fiskveiðum** þannig að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og **hagstæðustu útgerðaraðstæður** fái að njóta sín.

5. Allt sparifé verði **samstundis verðtryggt** til þess að tryggja hag sparifjáreigenda og skapa á ný **nægilegt framboð á lánsfé.** Jafnframt verði samþykkt frumvarp um **breytingu** á **útreikningsreglum lánskjaravísitölu** þannig að greiðslubyrði af verðtryggðum lánum aukist **aldrei** umfram hækkun verðbóta á laun.

   Verðbólgan hefur stundum verið nefnd „krabbamein í íslensku efnahagslífi". Hún stefnir nú í áður óþekktar hæðir og mun fyrirsjáanlega fara fram yfir 60% á næsta ári, sem er það verðbólgustig sem var frá byrjun til loka ársins í ár. Almannasamtök, eins og VSÍ og Samband ísl. samvinnufélaga, spá jafnvel enn meiri verðbólgu á næsta ári ef ekki verður að gert.

Mikla áherslu verður að leggja á að flest þessara sjö stórhættulegu sjúkdómseinkenna efnahagskreppunnar fara snarversnandi með hverjum degi. Nú þegar er fyrir dulið atvinnuleysi í þjóðfélaginu, en augljóst er að fjöldaatvinnuleysi hlýst af þessu ástandi á næstu mánuðum ef haldið verður fram óbreyttri stjórnarstefnu.

III. ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA FRÁ 1978 — STUTT LÝSING EINSTAKRA ÞÁTTA

1.0. Tölulegar staðreyndir um nokkra þætti aðgerða.

1.1. Skerðing verðbóta á laun.

Flestar aðgerðir í efnahagsmálum, frá því að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við í september 1978, hafa beinst að skerðingu verðbóta á laun. Þessar verðbótaskerðingar hafa oft verið færðar í glansumbúðir félagsmálapakka og almennra yfirlýsinga um umbótamál.

Tvennt er einkum athyglisvert í þessu sambandi. A-flokkarnir svonefndu unnu kosningarnar 1978 á slagorðunum „kjósið ekki kaupránsflokkana", „samningana í gildi" og „kosningar eru kjarabarátta".

Alþýðuflokkurinn vildi í vinstri stjórninni kerfisbundna verðbótaskerðingu á laun, og Alþýðubandalagið hefur síðan tekið þátt í meiri verðbótaskerðingu en áður hefur þekkst.

Alls hafa verðbætur verið skertar 13 sinnum síðan í desember 1978 sem nemur samanlagt nálægt 50%, og er þá meðtalin skerðing verðbóta á laun 1. desember s. l. skv. bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar á fjögurra ára afmæli slíkra aðgerða á þessu tímabili.

Vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar skerti verðbætur á laun 1. desember 1978 um 8.01%. Þessa skerðingu átti að „bæta" með a) niðurgreiðslum 3.01%, b) lækkun tekjuskatta um 2% og c) félagsmálapakka 3%. Með þessu hófst dans þessarar ríkisstjórnar um vísitölukálfinn og feluleikur við afleiðingar verðbólgunnar.

Fram til þess að vinstri stjórnin sagði af sér í október 1979 skertust verðbætur á laun tvisvar samkvæmt Ólafslögum, hinn 1. júní 1979 og 1. september sama ár.

Í desember 1979 skertust verðbætur á laun um 4.40% í tíð starfsstjórnar Alþýðuflokksins.

Síðan hafa verðbætur á laun verið skertar 8 sinnum samkvæmt Ólafslögum. Skerðingin 1. september s. l. er sumpart skv. samningum ASÍ og vinnuveitenda og einnig vegna Ólafslaga. Auk þess hefur ASÍ fallist á skerðingarákvæði Ólafslaga í seinni tíð. Sérstök verðbótaskerðing var ákveðin 1. mars 1981 um 7% og var hún gerð með bráðabirgðalögum, og nú hinn 1. desember s. l. varð skerðing samkvæmt bráðabirgðalögunum frá í ágúst sem nemur 7.71%, auk Ólafslagaskerðingar 2.08%, eða heildarskerðing um mánaðamótin nóvember-desember sem nam 9.79%.

Það vekur sérstaka athygli, að ASÍ hefur samið um ákveðna verðbótaskerðingu á laun og lög um kerfisbundna skerðingu, Ólafslög, verið samþykkt í kjarasamningunum. Þessi afstaða Alþýðusambands Íslands er mjög ólík því sem gerðist 1978 þegar ólöglegum verkföllum og útflutningsbanni var beitt gagnvart ákvæðum laga um þessi efni og þau lög nefnd „kaupránslög" bæði af A-flokkunum og Alþýðusambandi.

Hér fer á eftir skrá yfir skerðingu verðbóta á laun frá hausti 1978:

Tafla 1.

Skrá yfir skerðingu verðbóta á laun frá hausti 1978.

1978	1. des.	8.01%[1])	
1979	1. júní	3.16%	Ólafslög
1979	1. sept.	4.40%	Ólafslög
1979	1. des.	2.65%	Ólafslög
1980	1. mars	2.46%	Ólafslög
1980	1. júní	1.53%	Ólafslög
1980	1. sept.	1.55%	Ólafslög
1980	1. des.	1.34%	Ólafslög
1981	1. mars	1.37%	Ólafslög
1981	1. mars	7.00%	Bráðabirgðalög
1982	1. mars	2.19%	Ólafslög
1982	1. júní	0.60%	Ólafslög
1982	1. sept.	4.30%	Ólafslög og samningar ASÍ
1982	1. des.	7.71%	Bráðabirgðalög
1982	1. des.	2.08%	Ólafslög

Skerðing 13 sinnum. Samtals um nálægt 50%.

1) Þessa skerðingu átti að „bæta" með a) niðurgreiðslum (3.01%), b) lækkun tekjuskatta (2%) og c) félagsmálapakka (3%).


spá
750%
429%
054%
220%
837%
316%
440%
265%
246%
153%
155%
134%
810%
1.des.
1.sept.
1.júní
1.mars
1.des.
1.sept.
1.júní
1.mars
1.des.
1.sept.
1.júní
1.mars
'78
'79
'80
'81
'82

Mynd 3.

1.2. **Gengisbreytingar og gengissig.**

Sú var tíðin að Alþýðubandalagið taldi gengisbreytingar „íhaldsúrræði". Vinstri stjórnin hóf feril sinn með gengisbreytingu 4. sept. 1978 (15.%). Síðan var gengið látið síga á valdaferli hennar, en fyrri vinstri stjórn frá síðasta áratug fann upp þetta fyrirbrigði, gengissig.

Núverandi ríkisstjórn hefur fylgt ruglingslegri og hættulegri stefnu í gengismálum. Gott dæmi um þetta er gengisstefnan á árinu 1981 og framan af árinu 1982 og sú stefna sem nú ríkir. Á árinu 1981 var hækkun erlendrar myntar í krónum í engu samræmi við aukningu á innlendum framleiðslukostnaði. Sama er að segja um árið 1982 framan af. Afleiðingin hefur orðið sú, að kreppt hefur verið að atvinnuvegunum, einkum útflutnings- og samkeppnisgreinum. Innflutningur hefur stóraukist og þar með viðskiptahalli, en árangurinn í að hamla gegn verðbólgunni með þessum hætti aðeins orðið á pappírnum um stundarsakir, enda gengishrap nú síðari hluta árs 1982 meira en nokkru sinni fyrr á jafnskömmum tíma.

Í Þjóðhagsáætlun segir svo orðrétt um þessa gengisstefnu: „Sýnt virðist að frá ársbyrjun 1981 og allt til þess tíma að krónan var lækkuð í janúar 1982 hafi skapast vaxandi misvægi milli verðhækkunar innflutnings og innlendrar vöru og hafi það misvægi átt drjúgan þátt í vaxandi innflutningseftirspurn eftir því sem leið á árið. **Til marks um þetta má nefna, að á fjórða ársfjórðungi 1980 til jafnlengdar 1981 hækkaði framfærsluvísitalan um 47%, kauptaxtar um 45%, en fob-verð almenns innflutnings án olíu hækkaði um 30%.**"

Í Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1983 er enn vikið að afleiðingum þessarar gengisstefnu. Þar segir orðrétt:

„Þegar leið á árið 1981 var ljóst, að erfiðleikar hjá útflutningsatvinnuvegunum og samkeppnisgreinum í iðnaði fóru vaxandi."

Þar er beinum orðum vikið að því, að raungengi krónunnar hafi hækkað gagnvart myntum Norðurlanda, Bretlands og Þýskalands um nálægt 10% að meðaltali milli áranna 1980 og 1981, og þar segir orðrétt:

„Hækkun á raungengi veikir samkeppnisstöðu iðnaðar að öðru óbreyttu, en lækkun á raungengi bætir stöðuna."

Hér fara á eftir upplýsingar um gengisþróun á tímabilinu frá 1978 um það leyti sem vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum. Upplýsingarnar eru frá Seðlabanka Íslands í bréfi dagsettu 3. desember 1982.

Tafla 2.

	Hækkun á gengi bandaríkjadollars gagnv. ísl. krónu %	Hækkun á vegnu meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnv. ísl. krónu %
Frá 25. 8. 1978—1. 12. 1982	523.7	443.9
Frá 7. 2. 1980 — 1. 12. 1982	304.4	235.4
Frá 31. 12. 1980 — 1. 12. 1982	160.0	120.7
Frá 1. 12. 1981 — 1. 12. 1982	98.6	81.0

Af þessum tölum má sjá að hækkun á gengi bandaríkjadollars frá því í lok ágúst 1978 til 1. desember 1982 er hvorki meira né minna en 523.7%. Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum fyrir tæpum þremur árum hefur dollarinn hækkað um 304.4%. Nýkrónan hefur fallið svo í verði að frá því hún var tekin upp hefur verð á dollar í nýkrónum hækkað um 160% og meðalhækkun á erlendum gjaldmiðlum gagnvart krónunni verið um 120.7%. Síðustu 12 mánuðina hefur dollarinn nærri hækkað um 100% í íslenskum krónum.

Þetta á við um heildarbreytingar á verðgildi erlendra mynta í ísl. krónum, þ. e. a. s. bæði formlegar gengisbreytingar og gengissig.

Frá 1. ágúst 1978 hefur gengi íslensku krónunnar verið fellt formlega á eftirgreindum dögum: 4. september 1978 15.0% gengislækkun, 31. mars 1980 3.0% gengislækkun, 29. maí 1981 4.85% gengislækkun, 26. ágúst 1981 4.76% gengislækkun, 10. nóvember 1981 6.50% gengislækkun, 14. janúar 1982 12% gengislækkun og 25. ágúst 1982 13% gengislækkun.

Þetta sést nánar á mynd 4.

1.3. **Vextir og verðtrygging.**

Í apríl 1979 voru sett lög um stjórn efnahagsmála, „Ólafslög". Þar eru ítarleg ákvæði um peninga- og lánamál. Þar er gert ráð fyrir að vaxtaákvarðanir á árunum 1979—1980 skuli við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár inn- og útlána.

Í janúar 1979 voru vextir af afurðalánum vegna útflutningsafurða lækkaðir úr 18.5% í 8.5%. Jafnframt var tekin upp gengisbinding miðað við gengi dollarans á þessum lánum.

Á árinu 1979 var fyrsta skrefið stigið í átt að verðtryggingu. Tekinn var upp verðbótaþáttur vaxta. Annað skrefið var stigið í september og þriðja í desember.

Um áramótin 1980—1981 voru gefin út bráðabirgðalög af núverandi ríkisstjórn (í sjónvarpi) og kváðu þau á um að seinka þessu takmarki um verðtryggingu til ársloka 1981. Jafnframt var ákveðið í lögunum að stofna skyldi til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum þar sem binda átti innlánsfé til 6 mánaða. Þessi ákvæði voru auðvitað í algerri mótsögn hvort við annað. Þetta þýddi að verðtrygging inn- og útlána var að verulegu leyti tekin upp á árinu 1981. Þetta er dæmigert um vaxta- og verðtryggingarstefnu núverandi ríkisstjórnar. Þar hefur eitt rekist á annars horn.

Séu eftirfarandi dæmi um vaxtastefnu núverandi ríkisstjórnar skoðuð kemur þessi hringlandaháttur enn betur í ljós:

Í mars 1981 voru vextir lækkaðir um 1% af víxlum, hlaupareikningslánum og viðbótarlánum.

Í janúar 1982 var ákveðið að öll endurseljanleg afurðalán verði skráð í íslenskum krónum, hætt við dollaratrygginguna og vextir ákveðnir 29% af þessum lánum.

Í apríl var tekinn upp nýr innlánaflokkur, þriggja mánaða bundnar verðtryggðar bækur með engum vöxtum. Vanskilavextir voru lækkaðir úr 4.5% í 4%. Í október s. l. ákvað Seðlabankinn hækkun víxilvaxta og annarra vaxta á óverðtryggðum lánum um 6% og sérstaka hækkun á vanskilavöxtum. Sum afurðalán bera þó 29% vexti.

Þessi vaxtahækkun er að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, þótt einstakir ráðherrar hafi reynt að skjóta sér á bak við lög sem ákveða að Seðlabankinn ákveði vexti. Sú ákvörðun hefur jafnan verið tekin í samráði við viðkomandi ríkisstjórn, enda hlýtur ríkisstjórn hverju sinni að bera stjórnskipulega ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

2.0. **Ytri skilyrði þjóðarbúsins.**

2.1. **Aukning afla og framleiðslu sjávarafurða.**

Eitt athyglisverðasta einkenni í íslenskum þjóðarbúskap, frá því að vinstri stjórnin tók við völdum 1978, er gífurleg aukning framleiðslu sjávarafurða. Hún jókst um 27% á árunum 1979 og 1980 á föstu verðlagi. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst aukinn afrakstur útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 200 mílur undir forustu sjálfstæðismanna. Aukning sjávarvöruframleiðslunnar var hægari 1981, en engu að síður var það gott aflaár. Þá náði framleiðsla sjávarafurða methámarki í sögu þjóðarinnar.

Þetta ásamt miklum erlendum lántökum er auðvitað meginskýringin á því, að full atvinna hefur verið á Íslandi undanfarin ár.

Íslendingar hafa notið þessarar auðlindar sinnar ekkert ósvipað og Norðmenn olíunnar, en þar hefur ekki heldur orðið atvinnuleysi, eins og víða er þó í nágrannalöndum okkar. Það er því algert öfugmæli, að stefna ríkisstjórnanna, sem setið hafa síðan 1978, hafi valdið því,


4. sept. 1978
15%
31. mars 1980
3%
29. maí 1981
3,05%
26. ágúst 1981
4,76%
10. nóv. 1981
6,50%
GENGISFELLING
14. jan. 1982
12%
21. ágúst 1982
13%

Mynd 4.

að full atvinna hafi haldist. Þvert á móti. Full atvinna hefur haldist af framangreindum ástæðum, þrátt fyrir óstjórn þá sem ríkt hefur.

Rýrnun viðskiptakjara á árinu 1979 um 9% dró nokkuð úr þeim búhnykk sem metafli og framleiðsla færðu þjóðinni, en hvergi nærri svo að það mætti ekki kallast meira en þolanlegt árferði.

Á árunum 1980 og 1981 héldu aflinn og sjávarvöruframleiðslan áfram að vaxa. Viðskiptakjör héldust í horfinu vegna hagstæðrar verðþróunar dollarans á alþjóðagjaldeyrismörkuðum. Fyrstu tvö stjórnarár núverandi ríkisstjórnar voru því ákjósanleg góðæri, mikill afli og metframleiðsla sjávarafurða í heild þótt loðnuveiðin minnkaði á árinu 1981.

Því hefur verið haldið fram, að sú kreppa, sem nú er orðin hættuástand í efnahagsmálum, stafi af aflabresti einum og markaðserfiðleikum. **Sannleikurinn er sá, að íslenska þjóðin hefur orðið fyrir tvennum efnahagsáföllum. Hið fyrra er að Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn hafa ráðið 10 ráðuneytum af 13 hin síðari ár, og hið síðara er aflaleysi og markaðserfiðleikar á árinu 1982.**

Framleiðsla sjávarvöru verður nálægt því í ár sem hún var 1979, metin á föstu verðlagi. Þetta sýnir best hvað sú fullyrðing er fáránleg, að kreppan í ár stafi fyrst og fremst af aflabresti. Þetta kemur glöggt í ljós í eftirfarandi töflu frá Þjóðhagsstofnun:

Tafla 3.

Framleiðsluverðmæti sjávarafurða (fast verðlag 1981).

	1977 m.kr.	1978 m.kr.	1979 m.kr.	1980 m.kr.	1981 m.kr.	Spá I 1982 m.kr.	Spá II 1982 m.kr.
1. Loðnuafurðir	670	710	790	675	575	200	10
2. Botnfiskafurðir	2 730	2 895	3 140	3 600	3 925	3 720	3 480
3. Aðrar sjávarafurðir	535	640	854	1 020	815	765	765
4. Samtals	3 935	4 245	4 775	5 295	5 135	4 685	4 225
1977 =	100	108	121	134	135	119	108

Aths. Þetta á við um framleiðsluverðmætið **á föstu verðlagi.** Sé aukning framleiðslunnar og hækkun á söluverði erlendis lögð til grundvallar hefur **sú verðmætisaukning numið 76.2% frá 1978—1981.**

Tafla 4.

Sjávarafli var sem hér segir í þús. tonnum á þessu tímabili:

	Þorskur þús. tonn	Annar botnfiskur þús. tonn	Samtals botnfiskur þús. tonn	Loðna þús. tonn
1978	320	159	479	967
1979	360	218	578	964
1980	428	231	459	760
1981	460	256	716	640
1982(áætlun)	385	280	665	0
1983 (spá)	(385)	(280)	(665)	(250)

2.2. **Viðskiptakjör.**

Viðskiptakjör stóðu í stað á árinu 1978, en 1979 skall á síðari verðhækkun olíu á heimsmarkaði. Viðskiptakjörin versnuðu þá um 9%. Þetta dró úr þeim mikla búhnykk sem aukning afla og verðmætis framleiðslu sjávarafurða hafði í för með sér. Á árinu 1980

versnuðu viðskiptakjör um 3.4%, en bötnuðu um 1% 1981. Segja má því að viðskiptakjör hafi haldist nokkuð í horfinu tvö fyrstu stjórnarár núverandi ríkisstjórnar.

Á yfirstandandi ári (1982) er gert ráð fyrir 2% rýrnun viðskiptakjara, þrátt fyrir litla hækkun á olíu og innflutningi og sífellt styrkari stöðu dollarans. Ástæðan er nokkurt verðfall útflutnings í dollurum á flestum sviðum. Þetta gæti numið sem svarar 150—200 millj. króna tekjutapi í útflutningi, sem er smávægilegt miðað við tekjutap vegna minni afla en metárið 1981.

Tafla 5.

Viðskiptakjör hafa breyst þannig frá árinu 1972:

	% frá fyrra ári	Vísitölur (án viðskipta álvers)
1972	—	100
1973	—	118.3
1974	÷ 9.0	106.7
1975	÷ 16.0	89.9
1976	+ 11.9	101.1
1977	+ 8.7	109.2
1978	+ 9.2	96.4
1980	÷ 3.4	92.4
1981	+ 1.0	95.6
1982 (fyrri árshelming)		95.0
1982 (Þjóðhagsáætlun)	÷ 2.0	
1983 (Þjóðhagsáætlun)	÷ 2—3%	

3.0. **Þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur, afkoma heimilanna.**

Það vekur sérstaka athygli þegar þróun íslenskra efnahagsmála síðustu ár, frá 1978, er skoðuð, að mikið góðæri til sjávarins, sem lýst er hér að framan, hefur ekki skilað aukinni þjóðarframleiðslu og bætt afkomu heimilanna. Í bréfi frá Þjóðhagsstofnun, dagsettu 26. 11. 1982, til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar segir svo: „Þjóðartekjur á árinu 1981 voru aðeins 5% hærri en árið 1978 og þjóðartekjur á mann eru aðeins 1.5% meiri. **Afkoma þjóðarbúsins hafði þannig nokkurn veginn staðið í stað í þrjú ár áður en hin snöggu umskipti til hins verra urðu á þessu ári.**“

Sú staðreynd blasir því við, að þau gífurlegu verðmæti, sem ausið hefur verið upp úr auðlind fiskimiðanna, hafa runnið út í sandinn. Aukning framleiðsluverðmætis sjávarafurða um 76% rúm í erlendri mynt frá árinu 1979 til 1981 hefur ekki komið að meira gagni en svo að þjóðarframleiðslan staðnar og forráðamenn ríkisstjórnarinnar lýsa því yfir að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir séu illa í stakk búin til þess að mæta ytri áföllum.

Þetta þýðir að framlag annarra atvinnuvega til þjóðarframleiðslunnar hefur dregist verulega saman vegna stefnunnar í efnahagsmálum á þessu tímabili.

Þegar árin 1980 og 1981 eru skoðuð sérstaklega vekur það athygli, að viðskiptakjör haldast verulega í horfinu á þessu tímabili vegna hækkunar á verði dollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Á þessum fyrstu stjórnarárum núverandi ríkisstjórnar hefur því þjóðarbúið notið sérstaklega góðra ytri skilyrða.

Sömu sögu og um þjóðartekjur má segja um kaupmátt launa. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst lítillega 1981 vegna aukinnar yfirvinnu og bónusgreiðslna, þ. e. a. s. aukins vinnuálags. Í Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar, nr. 53 frá nóvember 1981, segir svo um þetta orðrétt: **„Meðaltímakaup verkamanna í úrtaki nefndarinnar hækkaði um 64.6% á tímabilinu frá öðrum ársfjórðungi 1980 til annars ársfjórðungs 1981. Hér gætir, svo sem**

áður er rakið, aukinna bónusgreiðslna, en einnig gætir áhrifa af lengingu vinnutíma og hann hefur ekki verið lengri síðan á þriðja ársfjórðungi ársins 1979.“ Kaupmáttur taxtakaups og tryggingabóta frá 1980 til 1983 hefur minnkað verulega.

Hér fer á eftir tafla um breytingar kaupmáttar kauptaxta, ráðstöfunartekna og tryggingabóta 1980 til 1983 (heimild Þjóðhagsstofnun):

Tafla 6.

	1980 %	1981 %	1982 %	1983 %
Kauptaxtar[1])	÷ 4.9	÷ 1.9	0	÷ 7
Ráðstöfunartekjur á mann[2])	÷ 1.4	+ 4.3	÷ 1.0	÷ 6
Elli- og örorkulífeyrir[1])	÷ 5.2	÷ 1.6	÷ 2.4	÷ 7
Elli- og örorkulífeyrir með tekjutryggingu[1])	÷ 4.7	+ 3.4	0	÷ 4.5

1) Miðað við framfærsluvísitölu.
2) Miðað við verðbreytingu einkaneyslu.

Aths.: Tölurnar fyrir árið 1982 eru áætlaðar. Tölurnar fyrir árið 1983 eru miðaðar við ákvæði bráðabirgðalaganna frá því í ágúst 1981 og eru byggðar á venjubundnum framreikningi á ferli framfærsluvísitölu eftir helstu kostnaðarþáttum, þ. e. a. s. launum og gengi. Gert er ráð fyrir þeim grunnkaupshækkunum sem þegar er um samið, en öðrum ekki. Miðað er við verðbótaákvæði samkvæmt lögum nr. 13 frá 1979 (Ólafslögum).

Af framangreindum töflum sést að kaupmáttur taxtakaups og elli- og örorkulífeyris hefur minnkað árin 1980 og 1981, sem eru mestu afla- og veltiár í sögu þjóðarinnar.

Á yfirstandandi ári minnka svo í kjölfar góðærisins þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur um 4.5—5% á mann og svipað á næsta ári skv. opinberum spám. Kaupmáttur er talinn minnka enn þá meira en sem svarar þessari rýrnun þjóðartekna, svo sem fram kemur í framangreindri töflu. Að lokum eru hér sýndar breytingar á kaupmætti launa frá árinu 1977:

Tafla 7.

	Kaupmáttur kauptaxta	Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann
1977	+ 11.8%	+ 12.5%
1978	+ 7.6%	+ 8.1%
1979	÷ 1.0%	+ 1.6%
1980	÷ 4.9%	÷ 1.4%
1981	÷ 1.0%	+ 4.3%
1982	0	÷ 1.2%
1983 (spá)	÷ 7%	÷ 6%

4.0. Verðbólgan.

4.1. Árangur „kaupráns“ og „niðurtalningar“.

Verðbólgan (framfærsluvísitala) hækkaði úr 26%, sem var verðbólguhraði á 12 mánuðum um mitt árið 1977, upp í 55% eftir eins árs setu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1979. Þrátt fyrir verðbótaskerðingu launa og stórauknar niðurgreiðslur og „niðurtalningu“ í þrjú ár fer verðbólgan um eða yfir 60% á þessu ári (64% á mælikvarða byggingarvísitölu) og stefnir enn hærra á næsta ári.

Nýr framreikningur framfærsluvísitölu af hálfu Þjóðhagsstofnunar kemur fram í neðangreindu yfirliti:

Tafla 8.

	Hækkun hvert sinn %	Hækkun síðustu 12 mánuði %
1. febrúar 1983	11—12	62
1. maí 1983	12—13	64
1. ágúst 1983	10—12	63
1. nóv. 1983	10—12	56
Upphaf til loka árs		53—56
Meðalhækkun frá fyrra ári		60—63

Í athugasemdum með þessum tölum segir Þjóðhagsstofnun orðrétt: „Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir lækkun á gengi krónunnar umfram það sem kostnaðarhækkanir gefa tilefni til. Þetta eru heldur hærri tölur en nefndar eru í þjóðhagsáætlun og er ástæðan einkum örara gengissig að undanförnu en áður var miðað við."

Hér gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir því, að verðbólga á næsta ári á mælikvarða framfærsluvísitölu verði 53–56% frá upphafi til loka árs og meðalhækkun frá fyrra ári 60–63%. Vinnuveitendasamband Íslands hefur gert verðbólguspá fyrir næsta ár og samkvæmt henni yrði verðbólgan 63.9% frá ársbyrjun til ársloka og 69.1% að meðaltali frá árinu 1982 til 1983. Segja má að hagdeild Sambands ísl. samvinnufélaga sé með nákvæmlega sömu verðbólguspá og Vinnuveitendasamband Íslands.

Auknar niðurgreiðslur um 6% í framfærsluvísitölu í febrúar og maí á yfirstandandi ári og skerðing verðbóta á laun um 4.3% 1. september s. l. og 9.79% 1. desember slá ekki meira á það ógnarlega verðbólguflóð, sem stjórnarstefnan hefur haft í för með sér, en raun ber vitni.

Enginn mælir því í gegn, að grunnkaupshækkanir hafi verið hóflegar síðustu misseri, enda minni en verðbótaskerðingar á laun. Augljóst er að orsaka verðbólgunnar þarf að leita annars staðar, sem sagt í stjórnarfarinu í landinu.

Samkvæmt nákvæmlega skilgreindri „niðurtalningarformúlu" ríkisstjórnarinnar átti niðurgreiðslum, millifærslum, frestun verðhækkana á opinberri þjónustu, lántökum til þess að fjármagna taprekstur orkuveita, Sementsverksmiðju o. s. frv.
lamað vaxtarbroddinn í atvinnulífinu, en árangurinn í hjöðnun verðbólgu er þverðfugur við merkingu orðsins. Niðurtalningin hefur breyst í andhverfu sína og er broslegt að enn skuli um það rætt í alvöru af framsóknarmönnum að halda henni áfram og jafnvel lögbinda hana.

4.2. **Blekkingin mikla 1981.**

Verðbólgan er oftast mæld á mælikvarða framfærsluvísitölu í almennri umræðu. Eitt aðaleinkenni stjórnunaraðferða vinstri stjórna er að rugla þennan mælikvarða með niðurgreiðslum, millifærslum, frestun verðhækkana á opinberri þjónustu, lántökum til þess að fjármagna taprekstur orkuveitna, Sementsverksmiðju o. s. frv.

Núverandi ríkisstjórn hefur gengið lengra í þessu efni en aðrar ríkisstjórnir sem fylgt hafa vinstri stefnu. Auk framangreinds feluleiks með afleiðingar verðbólgunnar tók hún það til bragðs að fegra verðbólgutöluna frá ársbyrjun til ársloka 1981 með því að flýta útreikningi verðhækkana síðast á árinu 1980, en fresta því sem frestað varð af verðhækkunum fram yfir áramótin 1981 — 1982.

Síðan hafa talsmenn hennar haldið því fram, að umtalsverður árangur hafi átt sér stað í viðureigninni við verðbólguna árið 1981 og hún hafi stefnt niður undir 40% frá ársbyrjun til ársloka.


VERÐBÓLGA 1960-1983
VIÐREISN
VINSTRI
GEIR
VINSTRI
JÚLÍ '71
ÁGÚST '74
ÁGÚST '78
Spá
%
60
50
40
30
20
10
0
'61
'63
'65
'67
'69
'71
'73
'75
'77
'79
'81
'83

Mynd 5.

Þetta er rangt af framangreindum ástæðum en einnig vegna þess að gengið var þannig skráð á árinu 1981 að útflutnings- og samkeppnisgreinar atvinnulífsins voru reknar með gífurlegum halla og skuldasöfnun. Innflutningur var í tiltölulega lágu verði miðað við innlent verðlag og gegndarlaus af þeim sökum. Eyðsluskuldir hrönnuðust upp vegna mikillar umframeftirspurnar eftir innflutningsvörum, sérstaklega hátollavörum.

Á meðan slíkt ráðslag átti sér stað var auðvelt að fá tímabundið hagstæða mælingu á verðhækkunum á mælikvarða falsaðrar framfærsluvísitölu, sem var víðsfjarri raunveruleikanum. Þegar til lengdar lætur eru slíkar kúnstir auðvitað útilokaðar, enda brast stíflan strax fyrstu mánuði ársins 1982.

4.3. **Niðurgreiðslufenið.**

Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum um síðustu áramót hlutu háðulegustu viðtökur. Forseti ASÍ nefndi þær „drullukökugerð", en þingmenn almennt „þorrabakka". Þessar svokölluðu ráðstafanir fólust í enn einni skattahækkuninni og auknum niðurgreiðslum.

Niðurgreiðslur hafa verið eitt uppáhaldsbjargráð ríkisstjórna frá 1978. Þær eru dæmigerð skammtímaúrræði í viðureigninni við verðbólguna og leiða auk þess til algerrar ófæru í ríkisfjármálum sem allar ríkisstjórnir hafa gefist upp á eftir nokkra mánuði. Sú hefur orðið raunin á að þessu sinni og skal nú gerð stutt grein fyrir því.

Ákveðið var að auka niðurgreiðslur á búvörur sem svaraði til 3ja vísitölustiga hinn 1. febrúar og hins sama 1. júní eða 6 prósentustiga samtals.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar varð framkvæmdin sú, að niðurgreiðslur voru auknar 1. febrúar sem svaraði 2.8% prósentustigum í framfærsluvísitölu, 1. maí 2.4% og 1. ágúst 1.4% (niðurgreiðsla á erlendum kartöflum).

Þegar ákvörðun var tekin um þetta „bjargráð" voru greidd niður 5.2% í framfærsluvísitölunni. Ef upphafleg ákvörðun stæði óbreytt ættu nú að greiðast niður 11.2 prósentustig í framfærsluvísitölunni, en samkvæmt upplýsingum fjárlaga- og hagsýslustofnunar eru nú aðeins greidd niður 8.5%.

Sú ákvörðun um síðustu áramót að auka niðurgreiðslur sem svaraði 6% í framfærsluvísitölu mundi kosta ríkissjóð á næsta ári um 800 millj. króna fram yfir það niðurgreiðslustig sem áður var. Ef halda ætti einnig þeim niðurgreiðslum, sem fyrir voru, mundi það kosta ríkissjóð 1 300 milljónir króna á verðlagi fjárlagafrumvarpsins. Nú eru í frumvarpi til fjárlaga 806 milljónir króna til niðurgreiðslna.

Þetta sýnir, svo ekki verður um villst, annars vegar fáránleika þessara „efnahagsráðstafana" um áramótin og hins vegar algera uppgjöf ríkisstjórnarinnar í niðurgreiðslufeninu.

5.0 **Peningamál og innlendur sparnaður.**

Sparnaði í þjóðfélaginu má í meginatriðum skipta í tvennt: Í fyrsta lagi sparnað fjárfestingaraðila sem varið er beint til fjárfestinga á þeirra vegum, hvort sem um er að ræða opinbera aðila, fyrirtæki eða einstaklinga. Þessi hluti sparnaðarins er mjög háður afkomu viðkomandi aðila. Í öðru lagi er svo peningalegur sparnaður, þ. e. a. s. sá hluti heildarsparnaðarins sem verður til fyrir milligöngu bankakerfis, fjárfestingarlánasjóða, lífeyrissjóða o. s. frv.

Heildarsparnaður í þjóðfélaginu ræðst svo af þessum báðum þáttum.

5.1. **Peningalegur sparnaður.**

Peningalegur sparnaður skiptist í tvo meginflokka: Annars vegar er frjáls sparnaður sem menn inna af hendi að eigin frumkvæði eða án ytri afskipta, t. d. innlán í

bankastofnunum, verðbréfakaup, spariskírteinakaup o. s. frv. Ætla má að þessi hluti sparnaðarins sé næmur bæði fyrir áhrifum ávöxtunarkjara og afkomu sparenda. (Sjá mynd 6.) Í annan stað er svo kerfisbundinn sparnaður, þ. e. sparnaður sem verður til með skipulegum hætti samkvæmt lögum, opinberum ákvörðunum, samningum stéttarfélaga eða öðrum langtímasamningum. Mikilvægustu þættir þessa sparnaðar hér á landi eru á vegum lífeyrissjóða sem ýmist eru samningsbundnir eða lögbundnir.

Hlutfall peningalegs sparnaðar í prósentum af þjóðarframleiðslu fór mjög lækkandi á síðasta áratug, allt til ársins 1977 þegar hann fer niður í 50% af þjóðarframleiðslu. Eftir það snýst þessi þróun við, en 1981 er peningalegur sparnaður talinn aftur kominn upp í 65% af þjóðarframleiðslu.

Síðustu árin hefur innlánsaukning í bankakerfið orðið allmiklu meiri en verðbreytingar á sama tíma. Þannig varð heildarinnlánsaukning 1980 67.1%, á árinu 1981 70.2%. Forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa haldið því mjög á lofti, að með þessu hafi sparnaður í þjóðfélaginu aukist mjög. Því miður er það svo að meginskýringarinnar á þessari innlánsaukningu í bankakerfið á síðustu árum er að leita í því, að mikið innstreymi erlends lánsfjár hefur verið á þessu tímabili.

Í þjóðhagsáætlun forsætisráðherra segir svo um þetta: „Á s. l. ári (árinu 1981) voru gjaldeyrisviðskipti sá þensluvaldur sem miklu réð um mikinn vöxt lausafjár... í bankakerfinu."

Miðað við fyrri tvö ár, árin 1981 og 1980, er peningalegur sparnaður í bankakerfinu hlutfallslega mun minni en þá, eða 55.3% á 12 mánaða tímabili frá september til september.

Aftur á móti hafa útlán úr bankakerfinu aukist um 74% á þessu sama tímabili, fyrst og fremst vegna taprekstrar og slæmrar stöðu atvinnuveganna. Heildaryfirdráttarskuld viðskiptabankanna við Seðlabankann er því um þessar mundir mjög mikil eða um 1 100—1 200 milljónir króna.

5.2. **Innlendur heildarsparnaður.**

Eins og áður segir hefur peningalegur sparnaður í bankakerfinu aukist nokkuð á árunum 1980 og 1981 umfram verðbreytingar. Ástæða er til að ætla, eins og kemur fram í þjóðhagsspá forsætisráðherra, að þetta stafi að verulegu leyti af miklum innflutningi á erlendu fé í hagkerfið. Þetta sést best á þeirri alvarlegu staðreynd, að síðustu tvö árin hefur orðið verulegur samdráttur í heildarsparnaði í landinu. Þessi samdráttur kom fram í fyrra, en áætlanir Seðlabankans benda til **að innlendur heildarsparnaður verði minni en hann hefur verið í þrjá áratugi.**

Í erindi, sem dr. Jóhannes Nordal hélt fyrir skömmu, kom fram að heildarsparnaður í þjóðfélaginu hefði síðasta áratug verið að meðaltali rúmlega 25% af þjóðarframleiðslu. Á yfirstandandi ári er þessi heildarsparnaður talinn verða einungis 19% og hefur ekki verið minni á síðasta áratug, svo sem áður segir.

Ástæða fyrir þessu eru langvarandi þrengingar og taprekstur atvinnulífsins í landinu og minnkandi opinber sparnaður þar sem sífellt stærra hlutfall af útgjöldum hins opinbera fer í eyðslu, en sífellt minnkandi í framkvæmdir og fjárfestingu.

Þróun peningalegs raunsparnaðar



Mynd 6.

Innlendur sparnaður og fjárfesting

Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu



Mynd 7.

6.0. **Erlend lán — eyðsluskuldasöfnun — viðskiptahalli.**

Erlendar lántökur hafa aukist gífurlega frá 1978. Þar kemur einkum tvennt til: Í fyrsta lagi hefur innlendur heildarsparnaður snarminnkað og hlutur erlends lánsfjár aukist í fjármögnun framkvæmda. Í annan stað hefur eyðslu- og óreiðuskuldasöfnun erlendis aukist og það svo mjög að heildarskuldasöfnun þjóðarinnar, þrátt fyrir minnkandi fjárfestingu, einkum í stóriðju og virkjunarframkvæmdum, er komin á hættumörk.

Hlutur erlends lánsfjár er nú milli 50 og 55% af uppruna lánsfjár til fjárfestinga, en var fyrir skömmu milli 40 og 50%. Um þessa þróun segir Jóhannes Nordal í fyrrgreindum fyrirlestri: „Mun fáum blandast hugur um að hér sé þegar of langt gengið."

Heildarlántökur erlendis í formi langra erlendra lána munu um áramótin 1982 nema um 16 500 millj. króna (reiknað á gengi 31. okt. 1982). Þessi lán voru í árslok 1977 8 700 millj. króna, reiknað á sama gengi. Aukningin er 7 800 millj. króna eða 90%. Um þessar gífurlegu erlendu lántökur sagði Jóhannes Nordal í sama fyrirlestri og áður er vitnað til: **„Er augljóst að heildarskuldir Íslendinga erlendis eru nú orðnar svo miklar að ekki verður gengið öllu lengra án verulegrar áhættu fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar."**

Eyðslu- og óreiðuskuldasöfnun erlendis hefur aukist feiknalega síðustu árin. Færst hefur í vöxt að tekin séu lán erlendis til þess að halda atvinnuvegunum gangandi og til þess að fjármagna rekstur ýmissa fyrirtækja í opinberum rekstri, svo sem Rafmagnsveitna ríkisins, rafveitna, Sementsverksmiðju, Járnblendiverksmiðju, Kísilgúrverksmiðju, Síglósíldar, svo að nokkur séu nefnd. Þar að auki hefur viðskiptahalli okkar við útlönd verið hrikalegur. Í fyrra og á yfirstandandi ári er áætlað að hann verði um það bil 5 000 millj. kr. á verðlagi ársins í ár. Það er upphæð sem nemur tæplega 17% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Um þessa eyðsluskuldasöfnun, sem til er stofnað að hluta til með þessum hætti, sagði fjármálaráðherra í grein í Þjóðviljanum í sumar, orðrétt: „Við erum óneitanlega að sökkva á kaf í ískyggilegri skuldasöfnun."

Á næsta ári, 1983, er gert ráð fyrir að dragi nokkuð úr viðskiptahallanum, en samt er hann áætlaður 2 500 millj. kr. á verðlagi þess árs, sem nemur 6% af þjóðarframleiðslu.

Sé litið á nettóstöðu erlendra lána, þ. e. a. s. allra erlendra lána, að frádreginni gjaldeyriseign og ókomnum greiðslum til útflutnings, hefur þessi staða versnað gífurlega hin síðustu ár.

Nettóstaða erlendra lána í prósentum af þjóðarframleiðslu hefur breyst þannig frá 1978:

1978	32.0%
1979	32.0%
1980	31.8%
1981	33.7%
1982	43.6% (áætlað)
1983	48.0% (spá Seðlabanka)

Það er athyglisvert, að ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hafa aukið mjög lántökur sínar erlendis á síðari árum. Þær hafa aukist úr 5 640 millj. króna 1978 í 8 596 í árslok 1981, eða um 52% á föstu gengi reiknað. Viðskiptabankar og fjárfestingarlánasjóðir hafa aukið mjög lántökur sínar erlendis á þessu tímabili, og stafar sú erlenda lántaka m. a. af niðurskurði á framlögum ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóðanna.

Þetta sést á eftirfarandi töflu sem er byggð á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

Tafla 9.
Löng erlend lán:
Staða í lok hvers árs á **föstu gengi.**[1])

	1978 m. kr.	1981 m. kr.	Hækkun
Ríkissjóður, ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki	5 641	8 596	52%
Viðskiptabankar	872	1 587	82%
Fjárfestingarlánasjóðir	726	1 059	47%
Samtals	7 239	11 242	55%
(Erlendar skuldir alls	9 575	14 976	56%)

1) Miðað við gengi SDR 31. okt. 1982.

Greiðslubyrði erlendra lána og skuldastaða þjóðarbúsins:

Greiðslubyrði erlendra lána hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum. Sumpart er þetta vegna hærri vaxta á alþjóðlegum peningamarkaði, en að sjálfsögðu líka vegna stóraukinnar lántöku erlendis, svo sem að framan greinir. Greiðslubyrði langra erlendra lána er áætluð að verði á næsta ári 25% af útflutningstekjum. Þessi greiðslubyrði var 1977 13.7%. Í stjórnarsamningnum segir um þetta atriði: „Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum."

Skuldastaða erlendis í prósentum af þjóðarframleiðslu hefur enn fremur breyst mjög til hins verra undanfarin ár og verður 48.5% á næsta ári skv. áætlun Seðlabankans, en var 31.6% árið 1977. Þetta merkir að á næsta ári skuldum við erlendis jafnvirði helmingsins af okkar þjóðarframleiðslu á því ári. Greiðslubyrði og skuldastaða hefur þróast svo sem hér segir hin síðustu ár:

Tafla 10.

	Greiðslubyrði í % af útflutningstekjum	Erlend skuldastaða (löng lán) í % af þjóðarframleiðslu
1977	13,7%	13.6%
1978	13.3%	33.7%
1979	12.8%	34.4%
1980	14.2%	35.1%
1981	16.4%	36.6%
1982	23.2% (áætlað)	45.3% (áætlað)
1983	25.0% (spá)	48.5% (spá)

(Sjá yfirlit um viðskiptajöfnuð í töflum á sérstökum yfirlitum hér á eftir.)

7.0 **Fjármunamyndun.**

Það er athyglisvert, að á árunum 1981, 1982 og skv. spá í Þjóðhagsáætlun hefur fjármunamyndun dregist saman bæði að magni og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Á sama tíma hefur sigið svo mjög á ógæfuhlið í erlendum lántökum sem áður segir. **Fjárfesting er talin hafa dregist saman um 4% árið 1981, 4—5% 1982 og spáð er 8% samdrætti í Þjóðhagsáætlun 1983.**

Fjárfesting var mun meiri á áfallaárunum 1967—69 og 1974—75 en nú. Hún var 31.1% af þjóðarframleiðslu 1967 og 31.6% 1968, en verður í ár rúmlega 27% og spáð svipaðri á næsta ári. Erlend skuldastaða var á hinn bóginn minni á fyrrgreindum áfallaárum en nú gerist. Skuldastaðan nettó var 9.9% fyrir áfallið 1967 og 1968, en þau voru miklu meiri áfallaár en nú. Skuldastaðan 1981 nettó var 31.9%, en er talin hækka í 50% á árinu 1983 að mati Seðlabankans. Þetta sýnir að eyðsluskuldasöfnunin nú er gífurleg og setur þröngar skorður um lántökur til fjárfestingar sem gæti haldið uppi atvinnu.

Samdráttur í fjárfestingu hin síðari ár er mestur í stóriðju, stórvirkjunum og hitaveitum. Fjármagn í stóriðju og stórvirkjunum dregst saman um 43% í ár og í hitaveitum um rúm 31% að magni til skv. fjárlögum og lánsfjáráætlun.

Samdráttur er mikill í fjármunamyndun atvinnuveganna. Í fyrra nam hann 8% að magni og í ár rúmlega 9%. Þó hefur fiskiskipaflotinn aukist um 14% á yfirstandandi ári.

Samdráttur hefur orðið í íbúðabyggingum, en veruleg magnaukning fjárfestingar í opinberum byggingum, einkum stórbyggingum í Reykjavík.

Eftirfarandi tafla er unnin úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum og þjóðhagsáætlun 1983:

Tafla 11.
Magnbreytingar helstu fjárfestingarliða.
(Heimild: Fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir.)

a) **Fjármunamyndun alls:**

1978	1979	1980	1981	1982 (lánsfjáráætl.)	1983
÷7.1%	÷0.1%	+8.6%	÷4.0%	÷6.0%	÷8.0

b) **Stóriðja — stórvirkjanir:**

1978	1979	1980	1981	1982 (lánsfjáráætlun)
+2.4%	+12.9%	+20.0%	÷3.2%	÷43.5%

c) **Atvinnuvegir:**

÷4.3%	0	+5.8%	÷8.1%	÷9.1%

d) **Opinberar byggingar:**

÷10.9%	÷10.1%	÷6.1%	+9.7%	+6.8%

e) **Íbúðarhús:**

÷0.8%	÷5.0%	÷3.0%	÷5.0%	?

f) **Hitaveitur:**

—	+2.6%	+17.7%	÷3.8%	÷31.5%

8.0 **Afkoma atvinnuveganna.**

Í greinargerð með fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1981, 1982 og 1983 hefur verið vikið að „afar slakri afkomu“ eða „slakri afkomu“ atvinnuveganna (sbr. kafla II, orðréttar tilvitnanir). Og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. ágúst s. l. með bráðabirgðalögunum segir orðrétt: **„Sá vandi, sem við er að glíma, er djúpstæðari og umfangsmeiri en um langt skeið vegna þess að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir eru vanbúnir að mæta ytri áföllum.“**

Tölulegar upplýsingar um afkomu annarra atvinnugreina en sjávarútvegs eru af skornum skammti fyrir síðustu ár. Hér verður stuðst við almennar umsagnir um afkomu þessara greina, en gögn frá Þjóðhagsstofnun og öðrum aðilum um sjávarútveginn.

8.1. **Sjávarútvegur.**

Tafla 12.
Fiskveiðar.

Afkoma útgerðar — hagnaður í hlutfalli við tekjur:

	1978 %	1979 %	1980 %	1981 %	1982[1]) %	1982[2]) %
Bátar (án loðnu)	÷8.3	÷3.8	÷12.0	÷11.0	÷4.1	÷14.1
Minni togarar	÷4.9	÷4.8	÷9.1	÷8.0	÷3.3	÷13.8
Stærri togarar	÷3.9	+2.8	÷4.9	÷17.0	÷10.9	÷21.7
Samtals	÷6.2	÷3.4	÷9.8	÷10.3	÷4.5	÷14.7

1) M. v. skilyrði í sept.
2) M. v. skilyrði eftir 1. des.

Frá því að fyrri áætlunin 1982 var gerð er útgerðarkostnaður talinn hafa hækkað um 12—13% hinn 1. desember, en fiskverð hækkar samkvæmt bráðabirgðalögunum um 7.7%. Tap útgerðarinnar er reiknað yfir ár miðað við núgildandi rekstrarskilyrði yfir 500 millj. kr. Um áramót fellur niður niðurgreiðsla á olíu sem er nú 22% af kostnaðarverði. (Sjá nýjustu upplýsingar um afkomu fiskveiða í nál. sjálfu).

Í framangreindum afkomutölum er einvörðungu sýnd niðurstaða bolfiskveiða veiðiflota, þar sem loðnuskipin eru undanskilin. Afkoma loðnuskipanna var góð árin 1978 og 1979, enda var afli þeirra tæp 1 millj. tonn hvort ár. Á árinu 1980 fóru hins vegar veiðarnar að dragast saman vegna mikilla veiðitakmarkana og varð aflinn 760 þús. tonn. Á árinu 1981 varð aflinn einvörðungu 640 þús. tonn. Samfara sífellt minni loðnuafla hefur markaðsverð verið lágt á undanförnum árum á loðnuafurðum. T. d. þurfti Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins að ábyrgjast 42 millj. króna lán til loðnudeildar sjóðsins í lok ársins 1981 til að unnt væri að ná saman hráefnisverði á loðnu.

Á árunum frá 1978—1981 varð raunveruleg verðmætaaukning í fiskveiðum rúm 76%, eða til jafnaðar um 15% á ári. Mætti því ætla að staða útgerðar og fiskvinnslu hefði batnað verulega á þessu tímabili, en svo er ekki svo sem að framan greinir. Þannig var tap á bolfiskveiðum 6.2% af tekjum árið 1978, en var komið í 10.3% á árinu 1981.

Varðandi bolfiskveiðarnar er mjög fróðlegt að bera saman afkomutölur áranna frá 1978 og þá aukningu afla sem má segja að orðið hafi ár eftir ár. Ef fyrst er litið til togaranna, þá hefur aflinn aukist úr 262 þús. tonnum árið 1977 í 394 þús. tonn á árinu 1981 eða um 50% á tímabilinu. Á þessu tímabili hefur aflatakmörkunum verið beitt í æ ríkara mæli vegna fjölgunar togara. Þannig var skrapdagafjöldi þeirra kominn í 150 á s. l. ári. Í ársbyrjun 1978 var fjöldi togaranna kominn í 75, í árslok 1981 voru þeir orðnir 90 talsins, og búast má við því, að fjöldi þeirra verði kominn í 100 í lok ársins.

Fjölgun togara úr 90 í 100, eða um 10 togara, jafngildir því, að bætt sé 20 skrapdögum á þá togara, sem fyrir eru, eða um 2 veiðiferðir á ári á hvert skip.

Þrátt fyrir 50% aukningu á heildarafla togaraflotans er hagur hans verulega verri árið 1981 en hann var á árinu 1978. Þetta er ískyggileg þróun þar sem meðalafli minni togara jókst um 37% á úthaldsdag milli 1978 og 1981.

Varðandi afla bátaflotans er það að segja, að árið 1978 nam hann um 209 þús. tonnum, en var á árinu 1981 um 305 þús. tonn, þ. e. a. s. aukningin nemur um 46%. Þrátt fyrir þessa gífurlegu aflaaukningu er hagur bátaflotans verulega lakari á árinu 1981 en á árinu 1978, svo sem að framan greinir.

Til samans nam botnfiskaflinn 470 þús. tonnum 1978, en 699 þús. tonnum 1981. Aukningin er 229 þús. tonn eða 49%. Útgerðin hefur ekki notið þessarar aflaaukningar sem skyldi, þar sem samanlögð afkoma báta og togara var, eins og að framan greinir, verri á s. l. ári en hún var 1978. Áætla má að aflaverðmæti þessa viðbótarafla sé um 1000 millj. króna á ári upp úr sjó, miðað við núverandi verðlag.

8.2. **Fiskvinnsla.**

Tafla 13.
Hagnaður í hlutfalli við tekjur.

	1978	1979	1980	1981	1982[1])	1983[2])
Frysting	+ 1.2	+ 0.4	÷ 5.6	÷ 5.0	1.0	0
Söltun	÷ 8.0	+ 5.6	+ 9.3	+ 10.0	+ 8.0	?
Hersla		+ 20.7	+ 26.1	+ 10.0	?	?
Samtals	÷ 1.0	+ 3.1	+ 3.8	+ 2.0	(+ 4)	?

1) Septemberskilyrði.
2) Desemberskilyrði.

Eins og sjá má á framangreindri töflu hefur afkoma fiskvinnslunnar versnað á þessum uppgripaárum afla, einkum frystingarinnar, sem skiptir meginmáli að því er varðar atvinnu fólks. Frystingin var rekin með nokkrum hagnaði 1978, en 1980 og 1981 með verulegum halla. Sú óvissa, sem nú ríkir um skreiðarsölu, veldur því, að í raun er ekki hægt að gera sér neina grein fyrir því, hverjar afkomuhorfur þessarar greinar eru. Saltfiskframleiðsla virðist um þessar mundir eini ljósi punkturinn í framleiðslu sjávarafurða.

8.3. **Iðnaður.**

Í Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1983 segir svo orðrétt, á bls. 24:

„Hagur útflutningsiðnaðar versnaði talsvert á árinu 1981. Mikið tap varð á rekstri álverksmiðju og járnblendiverksmiðju. Af öðrum greinum iðnaðar virðist afkoma ullariðnaðarins og kísilvinnslu hafa verið einna slökust. Ástæður versnandi afkomu útflutningsgreina á árinu 1981 má rekja til mikillar verðlækkunar á áli og kísiljárni, vegna minnkandi eftirspurnar á þessum efnum á heimsmarkaði, og einnig til óhagstæðrar þróunar Evrópugjaldmiðla gagnvart dollar, en allar þessar greinar hafa umtalsverð viðskipti í Evrópu. Gengisþróunin bitnaði einnig á þeim vörugreinum sem eiga í samkeppni við innfluttar vörur frá Evrópu."

Enn segir í Þjóðhagsáætlun:

„Þegar leið á árið 1981 var ljóst, að erfiðleikar hjá útflutningsatvinnuvegunum og samkeppnisgreinum í iðnaði fóru vaxandi..."

Um ástæður fyrir þessu segir m. a. í Þjóðhagsáætlun:

„Raungengi krónunnar hækkaði gagnvart myntum Norðurlanda, Bretlands og Þýskalands um nálægt 10% að meðaltali milli áranna 1980 og 1981. Hækkunin var enn meiri gagnvart dönsku krónunni og þýska markinu, en heldur minni gagnvart hinum myntunum." Þá segir einnig: „Hækkun á raungengi veikir samkeppnisstöðu iðnaðar að öðru óbreyttu, en lækkun á raungengi bætir stöðuna."

Það er greinilegt á tilvitnunum, sem hér er vikið að úr Þjóðhagsáætlun, að gengisstefna ríkisstjórnarinnar hefur þrengt mjög að útflutnings- og samkeppnisiðnaði á árinu 1981. Á yfirstandandi ári hefur þessari stefnu verið breytt og er ástæða til að ætla að hagur þessara atvinnugreina sé skárri síðari hluta ársins 1982 en á erfiðleikaárinu 1981.

Iðnrekendur, svo sem forráðamenn Iðnaðardeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, eru sammála um að á árinu 1981 hafi íslenskur iðnaður gengið í gegnum mestu þrengingar sem vitað er um á síðari árum.

Fylgiskjal II.

NOKKRAR YFIRLITSTÖFLUR UM EFNAHAGSMÁL

1. Ferill framfærsluvísitölu: „Verðbólgan".

	1978	1979	1980	1981	1982
1. febrúar		4.7%	9.1%	14.3%	9.7%[1])
1. maí		12.4%	13.2%	8.1%	10.9%[1])
1. ágúst		13.9%	10.1%	8.9%	11.8%
1. nóvember (6.3)	(14.13)[2])	15.9%	10.9%	9,9%	17,5%
12 mánuðir		55.4%	50.8%	47.8%	59.8%

1) 1. febr. og 1. maí voru 3+3 stig greidd niður.
2) 1. nóv. 1978 átti framfærsluvísitala að hækka um rúm 14%, en var lækkuð með niðurgreiðslum, félagsmálapakka og skattalækkun (sjá síðar).

2. Ferill verðbótavísitölu á laun.

	1978	1979	1980	1981	1982
1. mars		6.90%	6.78%	5.95%	7.51%
1. júní		9.22%	11.70%	8.10%	10.33%
1. sept.		9.17%	8.57%	8.92%	7.50%
1. des.	6.10%	13.11%	9.52%	9.92%	7.72%
		44.2%	41.8%	37.0%	37.3%

3. Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur.

Breytingar frá fyrra ári (Þjóðhagsstofnun).

	Þjóðarframleiðsla alls	Þjóðarframleiðsla á mann	Þjóðartekjur alls	Þjóðartekjur á mann
1977	6.0%	5.2%	9.0%	+8.1%
1978	3.5%	2.7%	4.4%	+2.7%
1979	4.4%	3.4%	−1.1%	−0.7%
1980	2.8%	1.7%	1.6%	+0.6%
1981	1.5%	0.1%	2.0%	+0.6%
(spá) 1982	−3.5%	−4.5%	−4.1%	−5.0%
(spá) 1983	−2.7%	−3.5%	−3.3%	−4.0%

4. Framleiðsluverðmæti sjávarafurða 1977—82.

Fast verðlag 1981 (Þjóðhagsstofnun):

	1977 m. kr.	1978 m. kr.	1979 m. kr.	1980 m. kr.	1981 m. kr.	Spá I 1982 m. kr.	Spá II 1982 m. kr.
Loðnuafurðir	670	710	790	675	575	200	10
Botnfiskafurðir	2 730	2 895	3 140	3 600	3 925	3 720	3 480
Aðrar sjávarafurðir	535	640	854	1 020	815	765	765
Samtals	3 935	4 245	4 775	5 295	5 135	4 685	4 225
1977=	100	108	121	134	135	119	108

5. Sjávarafli var sem hér segir í þús. tonna 1978—82.

	Þorskur þús. tonn	Annar botnfiskur þús. t.	Samtals botnfiskur þús. t.	Loðna þús. tonn
1978	320	159	479	967
1979	360	218	578	964
1980	428	321	459	760
1981	460	256	716	640
1982 (áætlun)	385	280	665	0
1983 (sp)	385	280	665	250

6. Viðskiptakjör.

	% frá fyrra ári	Vísitölur (án viðskipta álvers)
1972	—	100
1973	—	118,3
1974	− 9.0	106.7
1975	−16.0	89.9
1976	+11.9	101.1
1977	+ 8.7	109.2
1978	+ 9.2	96.4
1980	− 3.4	92.4
1981	+ 1.0	95.6
1982 (áæ)	− 2.0	95.0
1983 (áæ)	− 2—3	

7. Kaupmáttur launa.
(Heimild Þjóðhagsstofnun):

	Kaupmáttur kauptaxta Breyt. f. f. ári	Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann Breyt. f. f. ári
1977	+11.8%	+12.5%
1978	+ 7.6%	+ 8.1%
1979	− 1.0%	+ 1.6%
1980	− 4.9%	− 1.4%
1981	− 1.0%	+ 4.3%
1982	0	− 1.2%
1983 (spá)	− 7%	− 6%

8. Kaupmáttur lífeyris.

(Þjóðhagsstofnun)

	1980 %	1981 %	1982 %	1983 %
Kauptaxtar[1])	−4.9	−1.9	0	−7
Ráðstöfunartekjur á mann[2])	−1.4	+4.3	−1.0	−6
Elli- og örorkulífeyrir[1])	−5.2	−1.6	−2.4	−7
Elli- og örorkulífeyrir með tekjutryggingu[1])	−4.7	+3.4	0	−4.5

1) Miðað við framfærsluvísitölu.
2) Miðað við verðbreytingu einkaneyslu.

9. Viðskipti við útlönd.

Greiðslujöfnuður við útlönd (m. kr.)

(Seðlabankinn.)

	1978	1979	1980	1981	1982 áætl.	1983 spá
1. Vöruskiptajöfnuður	87	93	153	− 196	−1 583	−157
2. Þjónustujöfnuður	− 8	−158	−466	− 812	−1 533	−2 357
3. Viðskiptajöfnuður	+ 79	− 65	−313	−1 008	−3 136	−2 514
4. Fjármagnsjöfnuður	141	351	814	1 612	+2 186	+1 784
5. Greiðslujöfnuður	145	171	269	435	−1 000	− 800

10. Viðskiptajöfnuður í % af þjóðarframleiðslu.

1974	−11.0%
1975	−11.1%
1976	− 1.7%
1977	−3.6%
1978	+ 1.4%
1979	− 0.8%
1980	− 2.4%
1981	− 4.9%
1982	−10.4%
1983	− 6.0%

11. Staða þjóðarbúsins út á við.
(Meðalgengi hvers árs.)

Í m. kr.	Löng erl. lán	Stutt vörukaupalán o. fl.	Ógreiddur útflutningur	Gjaldeyrisstaða	Nettóstaða við útlönd	Verg þjóðarframleiðsla	Staða í hlutfalli við VÞF (%)	
							Löng erl. lán	Nettóstaða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1970	−115.1	−17.2	7.6	32.6	−92.0	431.8	26.6	21.3
1971	−145.0	−19.0	77.0	47.8	−109.1	549.6	26.4	19.9
1972	−172.5	−20.1	10.6	55.3	−126.7	684.2	25.2	18.5
1973	−226.1	−34.2	21.8	67.0	−171.5	966.3	23.4	17.8
1974	−337.9	−49.8	25.7	16.2	−345.9	1 410.8	23.9	24.5
1975	−672.8	−66.4	42.6	−30.4	−727.1	1 928.2	34.9	37.7
1976	−898.5	−97.5	59.9	−3.9	−940.0	2 659.6	33.8	35.3
1977	−1 205.5	−146.1	89.2	56.7	−1 205.8	3 814.8	31.6	31.6
1978	−1 944.3	−237.5	160.4	173.2	−1 848.2	5 776.0	33.7	32.0
1979	−2 909.5	−435.9	246.2	396.0	−2 703.2	8 460.0	34.4	32.0
1980	−4 617.1	−768.9	395.0	759.0	−4 232.0	13 293.0	34.7	31.8
1981	−7 527.0	−1 065.0	627.0	1 517.0	−6 448.0	20 196.0	37.3	31.9
1982[1])	−13 630.0	−1 700.0	900.0	1 300.0	−13 130.0	30 099.0	45.3	43.6
1983[2])	−20 190.0	−2 200.0	1 350.0	1 010.0	−20 030.0	41 600.0	48.5	48.1

1) Spá.
2) Spá fyrir árið 1983, sbr. töflu 1, þar sem gert er ráð fyrir 6% viðskiptahalla miðað við VÞF og 3 500 m. kr. erlendum lántökum.

12. Löng erlend lán sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði af erlendum lánum sem hlutfall af útflutningstekjum.

	Löng erlend lán	Nettóstaða[1])	Greiðslubyrði
1966	17.9	9.9	8.7
1967	19.5	16.5	11.5
1968	29.3	26.9	15.1
1969	34.6	29.2	16.7
1970	26.6	21.3	11.2
1971	26.4	19.9	10.0
1972	25.2	18.5	11.3
1973	23.4	17.8	9.1
1974	23.9	24.5	11.2
1975	34.9	37.7	14.2
1976	33.8	35.3	13.8
1977	31.6	31.6	13.7
1978	33.7	32.0	13.1
1979	34.4	32.0	12.8
1980	34.7	31.8	14.1
1981	37.2	31.9	16.6
1982 áætl.	45	43.6	23

1) Löng erlend lán að viðbættum stuttum vörukaupalánum en að frádregnum ógreiddum útflutningi og gjaldeyrisstöðu.

(Heimild: Seðlabanki Íslands.)

13. Löng erlend lán.
(Sbr. 2. töflu á 17. bls. í Hagtölum mánaðarins.)

Staða í lok hvers tímabils í m. kr. á **föstu gengi**[1]).

	1977	1978	1979	1980	1981
Erlend lán, alls	8 700	9 575	10 716	12 372	14 976
1. Opinber lán	5 614	6 274	7 091	8 049	9 462
1.1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3 345	3 723	4 160	4 429	4 839
1.2. Ríkisfyrirtæki	1 802	1 918	2 252	22 853	3 757
1.3. Bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra	467	633	679	767	866
2. Lánastofnanir	1 731	1 829	1 895	2 065	2 819
2.1. Seðlabankinn	279	231	204	184	173
2.2. Viðskiptabankar	836	872	928	1 090	1 587
2.3. Fjárfestingarlánasjóðir	616	726	763	791	1 059
2.3.1. Framkvæmdasjóður	493	564	608	629	868
2.3.2. Fiskveiðasjóður	123	162	155	156	156
2.3.3. Aðrir lánasjóðir	—	—	—	6	35
3. Lán einkaaðila	1 355	1 472	1 730	2 258	2 695
3.1. Fiskiskipalán (þ. m. t. vélar o. fl.)	331	292	278	294	290
3.2. Lán vegna fiskiðnaðar	6	8	3	4	5
3.3. Önnur skipalán	480	365	395	249	405
3.4. Flugvélalán	266	199	236	429	431
3.5. Önnur lán	272	608	818	1 282	1 564

1) Umreiknað til gengis 31. október 1982 samkvæmt gengi á SDR.

14. Spá um greiðslujöfnuð við útlönd.
(Seðlabankinn.)

Í m.kr.[1])	1982	Drög að spá 1983
Viðskiptajöfnuður	−1 583	−157
Innfluttar vörur f.o.b.	−10 406	−13 507
Útfluttar vörur f.o.b.	8 823	13 350
Þjónustujöfnuður	−1 553	−2 357
Innflutt þjónusta	−5 339	−7 733
Útflutt þjónusta	3 786	5 376
Viðskiptajöfnuður	−3 136	−2 514
Í % af VÞF	−10.4	−6.0
Framlög án endurgjalds	−50	−70
Fjármagnsjöfnuður	2 180	1 784
Löng lán, nettó	1 750	1 200
Innkomin löng lán	3 000	3 500
Afborganir	−1 250	−2 300
Aðrar fjármagnshreyfingar	436	584
Heildargreiðslujöfnuður (Breyting gjaldeyrisstöðu)	−1 000	−800

1) Gengi: Miðað við hækkun vísitölu meðalgengis um 57.8% á árinu 1982 miðað við árið áður og 39.3% á árinu 1983 miðað við árið 1982.

15. Peningamál.

Nokkrar peningastærðir 1978—1982. Breytingar í %.

	Frá upphafi til loka árs				12 mán. til loka sept.	
	1978	1979	1980	1981	1981	11982
Heildarinnlán innlánsst.	49.5	58.1	67.1	70.2	75.9	55.3
Veltiinnlán	40.1	52.4	69.6	55.5	72.7	38.7
Almenn spariinnlán	45.4	51.6	67.6	82.7	90.2	51.1
Bundin innlán	63.0	70.9	65.0	62.4	59.5	71.2
Heildarútlán innlánsst.	39.9	59.1	60.7	69.8	69.1	70.4
Endurseld útlán	50.0	47.8	69.0	40.3	57.0	74.3
Önnur lán	36.3	63.5	57.8	80.9	72.8	69.3
Peningamagn og sparifé (M3)	48.8	55.9	65.4	70.7	76.4	54.0
Peningam. og alm. sparifé (M2)	43.4	49.4	65.5	74.7	85.8	45.9
Peningamagn (M1)	40.1	45.8	62.0	60.9	77.6	35.4
Seðlar og mynt í umferð	40.1	29.4	39.6	78.6	87.5	30.0
Grunnfé Seðlabankans	55.3	47.7	75.4	66.9	91.2	48.8
Til samanburðar:						
Breytingar verðlags	42.7	60.1	58.7	44.0	46.8	56.0

16. Fjárfesting og afrakstur hennar.

Ár	Þjóðarauður	Fjárfesting	VÞF	ÞA VÞF	Fjárf. % ÞA	ES. ÞA
1966	734	70	255	2.88	27.5	
1967	811	80	257	3.16	31.1	
1968	986	87	275	3.59	31.6	
1969	1 271	86	342	3.72	25.1	
1970	1 506	105	430	3.50	24.4	
1971	1 769	161	543	3.26	29.7	
1972	2.237	191	676	3.31	28.2	
1973	2 973	286	966	3.08	29.6	
1974	4 664	452	1 411	3.31	32.0	
1975	7 374	640	1 928	3.82	33.2	
1976	9 660	780	2 660	3.63	29.3	
1977	12 932	1 088	3 815	3.39	28.5	
1978	19 929	1 505	5 774	3.45	26.1	
1979	30 212	2 129	8 410	3.59	25.3	
1980	48 224	3 613	13 288	3.63	27.2	
1981		5 518	20 196		27.3	
1982					27.1 (áæ)	
1983					26.0 ? Stefna þjóðhags-áætlunar	

17. Skatttekjur hins opinbera % af þjóðarframleiðslu.

(Heimild: Þjóðhagsstofnun.)

	Skattar til ríkis %	Skattar til sveitarfélaga %	Skatttekjur hins opinbera %
1970	22.4	6.8	29.2
1971	24.1	6.9	31.0
1972	25.8	6.7	32.5
1973	26.2	6.0	32.2
1974	26.3	6.0	32.3
1975	26.8	7.0	33.8
1976	26.2	7.2	33.4
1977	25.0	6.6	31.6
1978	26.3	6.4	32.7
1979	27.6	7.0	34.6
1981	28.8	7.3	36.1
1982	30.7	7.4	38.1 (áætlun)
1983 (frv.)	30.7	7.4	38.1 (áætlun)

18. Breyting nokkurra hagstærða.

Tölur sýna breytingar í % frá fyrra ári.

	1967	1968	1969	1982	Þjóðhags-áætlun 1983
Sjávarafurðaframleiðsla	−22	−15	16	−16	4
Útflutningsverð sjávarafurða í dollurum	−9	−7	5	−6	−4
Framleiðsluverðmæti sjávarafurða í dollurum	−29	−21	22	−21	0
Þjóðarútgjöld					
Einkaneysla	2	−5	−5	2	−6
Fjármunamyndun	12	−9	−23	4.5	−8
Þjóðarútgj. alls án birgðabreytinga	5	−6	−10	0.3	−5.8
Þjóðarútgj. með birgðabr.	5	−7	−8	0.6	−7.1
Útflutningur vöru og þjónustu					
Magnbreyting	−8	−6.5	14.5	−9	6.1
Verðmæti í erlendri mynt[1])	−15	−13	17	−10	6
Innflutningur vöru og þjónustu					
Magnbreyting	7	−8.5	−11.5	0	−5
Verðmæti í erlendri mynt[1])	6	−13	−12	1	−3
Þjóðarframleiðsla	−2	−6	3	−3.5	−2.7
Viðskiptakjör	−9	−5	7	−2	−2
Þjóðartekjur	−5	−7	4.5	−4	−3.3
Kaupmáttur					
Kauptaxtar	1	−6	−7.5	0	−7
Ráðstöfunartekjur	−1.5	−7.5	−5	−1	−6
Framfærsluvísitala	4	13	22	50	60
Viðskiptajöfnuður, % af þjóðarframleiðslu	−9	−9	1	−10	−6

1) Miðað við meðalgengi.

19. Breyting nokkurra hagstærða 1974—1981.
Tölurnar sýna breytingar í % frá fyrra ári.

	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Sjávarafurðaframleiðsla	2.2	−0.1	7.6	25.1	8.9	13.6	5.3	1.5
Útflutningsverð sjávarafurða í dollurum	20.5	÷11.4	14.0	17.4	7.5	8.8	−0.7	1.3
Framleiðsluverðmæti sjávarafurða í dollurum	23.2	−11.5	22.7	46.9	17.1	23.6	4.6	2.8
Þjóðarútgjöld								
Einkaneysla	7.0	−10.0	1.0	8.0	6.0	2.0	0.0	5.0
Fjármunamyndun	10.8	−8.4	−2.6	11.5	−5.4	−0.6	8.7	2.1
Þjóðarútgj. alls án birgðabreytinga	10.4	−7.8	−3.1	10.9	−0.2	2.6	3.2	4.2
Útflutningur vöru og þjónustu								
Magnbreyting	−0.7	1.4	11.9	10.3	15.1	6.8	2.7	2.1
Verðmæti í erlendri mynt[1])	15.8	−4.1	28.9	21.5	20.8	15.2	9.5	11.6
Innflutningur vöru og þjónustu								
Magnbreyting	13.2	−10.3	−1.2	18.7	4.7	2.5	3.7	8.5
Verðmæti í erlendri mynt[1])	43.1	−5.9	3.6	24.4	9.7	20.9	13.5	5.9
Þjóðarframleiðsla	3.5	−2.0	2.6	6.0	3.5	4.4	2.8	1.3
Viðskiptakjör	−10.2	−15.7	12.3	8.1	0.2	−11.9	−4.1	3.4
Þjóðartekjur	1.1	−5.8	6.0	9.0	3.5	0.3	1.6	1.6
Kaupmáttur								
Kauptaxtar	4.0	−14.7	−5.1	11.8	7.6	−1,0	−4.9	−1.0
Ráðstöfunartekjur	7.1	−11.2	2.0	12.5	8.0	1.6	−1.2	3.0
Framfærsluvísitala	43.0	49.0	32.2	30.4	44.1	45.5	58.5	50.9
Viðskiptajöfnuður, % af þjóðarframl.	−11.0	−11.1	−1.7	−3.6	1.4	−0.8	−2.4	−5.0

1) Miðað við meðalgengi.

20. Botnfiskafli og loðnuafli 1977—1982.

Þús. tonn.

	Bátar			Togarar			Alls			
	Þorskur	Annar botnfiskur	Samtals	Þorskur	Annar botnfiskur	Samtals	Þorskur	Annar botnfiskur	Samtals	Loðnu-afli
1977	165	84	249	165	89	254	330	173	503	813
1978	151	86	237	168	107	275	320	193	512	967
1979	183	93	276	177	143	320	360	236	596	964
1980	215	71	286	213	163	377	428	235	663	760
1981	249	70	319	212	186	397	461	256	717	641
1981 jan.—okt. .	233	59	292	190	165	355	423	224	647	404
1982 jan.—okt. .	193	77	270	142	186	328	335	263	598	13

21. Hagur botnfiskveiðiskipa 1977—1982.

Skv. rekstraryfirlitum Fiskifélags Íslands og áætlunum Þjóðhagsstofnunar.

	1977	1978	1979	1980	Lausl. áætlun 1981	Afar lausl. áætlun jan.—sept. 1982	Áætlun september[1]) 1982	Ágiskun desember 1982
A. Minni skuttogarar								
1. Fjöldi togara	51	58	66	70	(72)	(79)	(79)	
2. Afli á úthaldsdag, tonn .	9.0	8.7	10.2	11.6	11.9	(11.0)	10.9	
3. Hreinn hagnaður í hlutf. við tekjur, % ...	−0.8	−4.9	−4.8	−9.1	−8	−15	−3.3	(−7)
B. Stærri skuttogarar								
1. Fjöldi togara	16	14	15	16	16	16	16	
2. Afli á úthaldsdag, tonn .	11.4	11.2	13.3	13.3	13.9	12.9	12.7	
3. Hreinn hagnaður, % ..	−10.0	−3.9	2.8	−4.9	−17	−20	−10.9	(−14.5)
C. Bátar (án loðnu)								
1. Hreinn hagnaður, % ..	−10.3	−8.3	−3.8	−12.1	−11	(−15)	−4.1	(−8)
D. Samtals								
1. Hreinn hagnaður, % ..	−6.6	−6.2	−3.4	−9.8	−10.3	−15.5	−4.5	(−8)

1) Miðað við rekstrarskilyrði í lok september, eftir aðgerðir, áætlaður afli 1982. Áætlunin er reist á reikningum ársins 1980.

22. Botnfiskveiðar 1977—1982.
Bátar og togarar.

	Vísitölur, 1977=100							
	Heildar-afli í tonnum (1)	Skipta-verð m.v. F-vísi-tölu[4]) (2)	Aflaverð-mæti m.v. F-vísi-tölu[4]) (3)	Olíuverð m.v. F-vísi-tölu[5]) (4)	Olíu-kostn., % af tekjum (5)	Olíu-gjald, % af tekjum (6)	Olíu-kostn., nettó[6]) (7)	Hreinn hagnaður, % af tekjum (8)
1977	100	100	100	100	12.8	0	12.8	−6.6
1978	102	93	94	94	12.6	0	12.6	−6.2
1979	118	92	108	149	15.5	4.0	11.5	−3.4
1980	132	84	110	167	17.7	2.8	14.9	−9.8
1981[1])	142	81	115	173	19.3	5.3	14.0	−10.3
1982[2]) jan.—sept. ..	131	82	104	182	21.0	5.0	16.0	−15.5
1982[3]) desember ...	132	87	112	214	22.8/18.2[7])	5.0	17.8/13.2[7])	−8

1) Tölur um olíukostnað (dálkur 5) og afkomu (dálkur 8) eru áætlaðar.
2) Lausleg áætlun.
3) Lausleg áætlun m.v. áætlaðan afla á árinu 1982 og fiskverð og kostnað í byrjun desember.
4) Dálkar 2 og 3 sýna breytingar fiskverðs (skiptaverðs) og aflaverðmætis miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar. Samkvæmt þessum tölum hefur verðmæti heildarbotnfiskaflans aukist um 12% umfram hækkun framfærsluvísitölu frá 1977 til desemberáætlunar 1982, en olíuverð hefur rúmlega tvöfaldast.
5) Lauslega áætlað meðaltal gasolíu- og svartolíuverðs fyrir flotann. Árin 1979 og 1980 er vísitala gasolíuverðs hærri en meðaltalið og svartolíuverðið því lægra, en árin 1981 og 1982 eru vísitölurnar svipaðar og meðaltalið, þ. e. hækkun gasolíu- og svartolíuverðs frá 1977 til 1981/82 er svipuð.
6) Olíukostnaður að frádregnu olíugjaldi.
7) Seinni talan sýnir olíukostnað eftir niðurgreiðslu um 22% af olíuverði.

23. Botnfiskvinnsla 1977—1982.
Frysting, söltun og hersla.

	Heildar-framleiðsla[1]) (1)	Afurða-verð í í dollurum (2)	Afurða-verð m.v. F-vísitölu (3)	Fiskverð (heildarverð) m.v. F-vísitölu (4)	Kauptaxtar verkamanna m.v. F-vísitölu (5)	Hreinn hagnaður með greiðslum úr eða í Verðj.sj. (6)	Greiðslur úr eða í Verðj.sj. (7)	Hreinn hagnaður án Verðj.sj. (8)
1977	100	100	100	100	100	−0.6	−0.6	−1.2
1978	98	105	99	94	108	−1.0	−3.5	−4.5
1979	114	119	100	95	106	3.1	−1.4	1.7
1980	135	126	92	84	101	3.8	−2.3	1.5
1981	150	135	99	84	102	2	−0.3	1.7
1982[2]) okt. ...	130	133	116	86	98	4	(0.5)	4.5

Ath.: Dálkar 1—5 sýna vísitölur, 1977—100, dálkar 6—8 sýna hlutföll af tekjum, dálkar 3—5 sýna breytingar miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar.

1) Framleiðsluverðmæti metið á föstu verðlagi.
2) Lausleg áætlun.
3) Mínusmerki þýðir greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði.

24. Framleiðsla sjávarafurða 1977—1983.

	Vísitölur, 1977—100	Breyting frá fyrra ári, %
1977	100	
1978	106	6
1979	121	15
1980	134	10
1981	136	1
1982	114	−16
1983 þjóðhagsáætlun	119	4

25. Hagur botnfiskvinnslu 1977—1982. Samkvæmt rekstraryfirlitum Þjóðhagsstofnunar.

	1977	1978	1979	1980	Lausl. áætlun 1981	Áætlun sept. 1982[2])
A. Frysting						
1. Framl. botnfiskafurða (Vísitala, 1977—100)	100	113	126	124	118	111
2. Hreinn hagnaður í hlutf. við tekjur, %	−1.3	1.2	0.4	−5.6	−5	1.0
B. Söltun						
1. Framleiðsla (Vísitala 1977—100)	100	97	99	128	146	146
2. Hreinn hagn.[1]), %	0.9	−8.0	5.4	9.3	10	8.0
C. Hersla						
1. Framleiðsla (Vísitala, 1977=100)	100	10	65	159	238	119
2. Hreinn hagnaður, %			20.7	26.1	10	
D. Samtals						
1. Framleiðsla (vísitala, 1977=100)	100	98	114	135	150	130
2. Hreinn hagnaður, %	−0.6	−1.0	3.1	3.8	2	(4)

1) Tölur fyrir árin 1977—1978 eiga við söltun og herslu samtals; árið 1977 var herslan 30% af samanlögðu framleiðsluverðmæti söltunar og herslu, en innan við 10% árið 1978.

2) Áætlun eftir fiskverðsbreytingu 1. september og miðað við þáverandi gengi. Gert er ráð fyrir að 4% viðbótarhækkun fiskverðs frá 15. september verði bætt fiskvinnslunni að fullu. Afkoman í byrjun desember, eftir 7.7% fiskverðs- og launahækkun, verður svipuð og þessar tölur sýna.

Nd. 181. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 43. gr. laganna orðist þannig:
   Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3.—5. mgr. 29. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 6. mgr. 29. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Nd. 182. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um frv. á fundum sínum, kallað á sinn fund fulltrúa sveitarfélaga, m. a. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Hafnarfjarðar, forstöðumanns Fasteignamats ríkisins svo og fulltrúa ríkisskattstjóra.

Fulltrúar sveitarfélaga hafa einróma mótmælt afskiptum ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélaga er fram koma í 4. gr. frv. Félagsmálanefnd er sammála um að fasteignagjöld eru skv. lögum alfarið tekjustofn sveitarfélaga, álagning þeirra því alfarið á ábyrgð kjörinna sveitarstjórnarmanna — afskipti ríkisvaldsins af þessum tekjustofni umfram það, sem lög heimila, gangi gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda um sjálfstæði sveitarfélaga.

Jafnframt er upplýst að öll þau sveitarfélög, er frumvarpið tekur til skv. 4. gr., hafa ákveðið lækkun fasteignagjalda sem gengur lengra en ákvæði frv. gera ráð fyrir.

Félagsmálanefnd flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali, viðauka við 2. gr. varðandi 43. gr. laganna og að 4. grein falli út.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 16. des. 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Eggert Haukdal.	Steinþór Gestsson.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Ed. 183. Frumvarp til laga [150. mál]

um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs, sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum.

2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar í eða á hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

4. gr.

Leyfi til hagnýtingar auðlinda á eða í hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma, sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal meðal annars ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera, til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um efni leyfa þeirra, sem um ræðir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi samkvæmt 4. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, voru settar reglur um fullveldi Íslands yfir hafinu og hafsbotninum umhverfis landið. Þar segir í 2. gr., að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Þá segir í 6. gr. laganna, að fullveldisrétturinn yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru.

Þótt settar hafi verið lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum, skortir reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum þeim, sem þar kunna að finnast, a. m. k. á svæðum utan netlaga.

Rannsóknir á hafsbotninum umhverfis Ísland eru skammt á veg komnar. Hagnýt efni hafa ekki til þessa verið numin af hafsbotni, ef frá eru skilin möl og sandur. Þó hefur nokkuð verið hugað að þeim efnum.

Á árunum 1972 og 1973 voru gerðar allvíðtækar rannsóknir á landgrunninu umhverfis Ísland. Meðal annars voru framkvæmdar þyngdar-, segul- og dýptarmælingar. Þá var og aflað gagna um þyngdarmælingar bandarískа sjóhersins frá árunum 1967 til 1969.

Síðan á árinu 1978 hefur nefnd, skipuð af iðnaðarráðherra, unnið að skipulagningu rannsókna á hagnýtum efnum á og í hafsbotninum. Einkum hefur verið unnið að athugun á því hvort kolvetni finnist á þeim hafsbotnssvæðum, sem fullveldisréttur Íslands tekur til. Af ýmsum ástæðum hefur athygli manna aðallega beinst að hafsvæðunum norðan Mið-Norðurlands. Á árinu 1978 veitti iðnaðarráðherra erlendu fyrirtæki leyfi til mælinga fyrir Norðurlandi. Fóru mælingarnar fram í nóvember og desembermánuði 1978 undir umsjón og eftirliti Orkustofnunar. Íslenskur jarðeðlisfræðingur, fulltrúi stofnunarinnar, var um borð í skipi því, er mælingarnar gerði, og fylgdist síðar með vinnslu gagna. Við könnun þessa komu fram á mælitækjum atriði, er við úrvinnslu bentu til þess, að setlög væri þarna að finna á hafsbotni. Mældar voru fjórar línur, samtals 857 km.

Þá hefur nú í sumar, 1982, verið boruð kjarnahola, 554 m djúp, í Flatey á Skjálfanda, til að leita staðfestingar á tilvist setlaga þessara og kanna gerð þeirra. Með borununum var staðfest, að þarna er um setlög að ræða, en þar eð rannsókn á borkjörnunum er ekki lokið er óvíst um gerð setlaganna. Bora þyrfti allmiklu dýpra, til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í jarðlögum þessum. Samkvæmt fyrri vísbendingu gætu umrædd setlög verið allt að 4 km á þykkt. Áformaðar eru frekari kjarnaboranir á sama stað sumarið 1983.

Utan þessara svæða hefur ekki verið um verulegar skipulegar hagnýtar rannsóknir að ræða.

Í þessu sambandi er rétt að drepa á samning Íslands og Noregs, sem undirritaður var 22. október 1981, um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, en samningur þessi gekk í gildi 2. júní 1982. Þar er ákveðið, að Ísland og Noregur skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum, og settar reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim ef til komi.

Eins og að framan hefur verið rakið er lítið vitað um auðlindir á hafsbotninum við Ísland. Ekki er útilokað, að þar kunni að finnast verðmæt efni, sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja hið fyrsta lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Það er engum vafa undirorpið, að ríkið sem slíkt er eigandi að auðlindum þeim, er á hafsbotni kunna að finnast, og ræður yfir nýtingu þeirra. Er það í samræmi við viðurkenndar skoðanir manna í nágrannalöndum okkar.

Valinn hefur verið sá kostur að setja almenn lög um þetta efni, þar sem ákveðnar eru meginlínur í stefnu þeirri, sem tekin er. Um einstök svið hagnýtra rannsókna og vinnslu má síðar setja ákvæði í lögum eða með reglugerðum, ef þurfa þykir. Hefur í þessu sambandi einkum verið höfð hliðsjón af tilhögun Norðmanna í þessum efnum. Hjá þeim gilda nú lög nr. 12/1963, eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1977.

Framangreind nefnd, sem hefur á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafbotnsrannsóknir, hefur samið frumvarp þetta og lagt eindregið til, að það verði samþykkt á þessu þingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er því slegið föstu, að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum frá netlögum og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær. Auðlindir þær, sem hér um ræðir, geta bæði verið lífrænar og ólífrænar.

Um 2. og 3. gr.

Hér er kveðið á um, að enginn megi leita á eða í hafsbotninum að efnum til nýtingar, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra, og að enginn megi heldur taka eða nýta efni á þessum svæðum, nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherrans.

Um 4. og 5. gr.

Hér er ákveðið, að gildistími leyfa þeirra, sem rætt er um í 3. gr., megi ekki vera lengri en 30 ár. Þá er ákveðið, að í leyfisbréfi skuli greint ítarlega hvaða ráðstafanir leyfishafi skuli gera, til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Er miðað við það, að skilyrði um þetta verði í meginatriðum ákveðin í reglugerð þannig, að þeir, sem áhuga hafa á að sækja um slík leyfi, viti fyrirfram í meginatriðum hvers muni verða af þeim krafist í þessum efnum.

Um 6. og 7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem við gildistöku laga þessara taka efni af eða úr hafsbotninum, verða að sækja um leyfi til slíkrar starfsemi innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Geri þeir það ekki er heimild þeirra til tökunnar niður fallin, og haldi þeir áfram starfsemi sinni getur það varðað þá viðurlögum samkv. 6. gr.

Fylgiskjöl.

I. Uppdráttur af Íslandi og hafinu umhverfis.
II. Uppdráttur, er sýnir m. a. umfang þyngdarmælinga 1972 og 1973.
III. Uppdráttur, er sýnir mælilínurnar norðan við land 1978.
IV. Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.
V. Uppdráttur af sameiginlegu nýtingarsvæði á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen.
VI. Norsk lög um nýtingu auðlinda hafsbotnsins.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.




ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Mælilínur Western Geophysical Co.
norðan við land, nóvember–desember 1978
80.01.07.
KG / GSJ
J – ým.
F. 18945
ÍSLANDSHAF
GRÆNLAND
ÍSLAND
GRÍMSEY
HRYGGUR
KOLBEINSEYJAR-
Mörk efnahagslögsögu
10°
14°
18°
22°
26°
66°
68°
2000
1000
400
A
B
C
D

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs
sem óska eftir að ákvarða markalínuna á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen,

sem með gerð samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál urðu ásáttar um að efnahagslögsaga Íslands skuli ná út í 200 sjómílur, einnig á þeim svæðum milli Íslands og Jan Mayen þar sem fjarlægðin milli grunnlínanna er minni en 400 sjómílur,

sem í 9. gr. fyrrnefnds samkomulags urðu ásáttar um að aðilar skyldu í sameiningu skipa sáttanefnd sem gera skyldi tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen, og sem sameiginlega skipuðu slíka nefnd,

sem í maí 1981 fengu samhljóða tillögur sáttanefndarinnar, er fela í sér að mörk landgrunns hvors aðila á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skuli vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu hvors aðila, svo og að komið verði á samvinnu milli aðilanna um rannsóknir og nýtingu á olíuefnum („hydrocarbons") á nánar tilgreindu svæði milli Íslands og Jan Mayen, beggja vegna markalínunnar, og

sem telja sig geta farið að tillögum nefndarinnar,
hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Mörk landgrunns hvors aðila á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skulu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra.

2. gr.

Ákvæði 3.–9. gr. taka til svæðis, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

70°35′ n.br.
68°0′ n.br.
10°30′ v.lg.
6°30′ v.lg.

3. gr.

Á fyrsta stigi rannsókna sem ætlað er til kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar á svæði því, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar sameiginlega annast jarðsveiflumælingar („seismic" mælingar) svo og segulrannsóknir, ef með þarf. Norska olíustofnunin sér um framkvæmdahlið þessara rannsókna á grundvelli áætlana, sem samdar verða sameiginlega af sérfræðingum aðilanna. Kostnaður við þessar rannsóknir verður greiddur af norsku olíustofnuninni/norska ríkinu, nema aðilar komi sér saman um annað. Norskir og íslenskir sérfræðingar skulu hafa jafna möguleika á þátttöku í rannsóknunum og í mati á upplýsingum sem fram koma. Upplýsingar og matsgerðir skal leggja fyrir stjórnvöld landanna. Fara skal með þær sem trúnaðarmál nema aðilar komi sér saman um annað.

Verði ágóði af sölu jarðsveiflu- eða seguluppplýsinga til fyrirtækja eða samtaka skal skipta hreinum hagnaði milli beggja aðila samkvæmt samningi þeirra á milli.

4. gr.

Sýni þær rannsóknir, sem um er fjallað í 3. gr., að æskilegt sé að framkvæma nákvæmari athuganir á vissum hlutum þessa svæðis, þ. á m. að gera nákvæmari jarðsveiflumælingar og að hefja boranir, skulu hugsanleg einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á slíkum sérsvæðum veitt á grundvelli samnings um sameiginlegt verkefni („joint venture"), nema aðilar komi sér saman um annað samningsform. Aðilar geta komið sér saman um að láta olíufélög, ríkisrekin eða ekki, eiga aðild að slíkum samningum.

5. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur norðan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 32.750 km²) skal Ísland eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, ber Noregi að reyna að fá því framgengt, að bæði

norskur og íslenskur hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn („carried") af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) allt fram að því að lýst er yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði.

Verði ekki unnt að fá því framgengt, að kostnaður beggja aðila verði borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) skulu aðilar taka upp samningaumleitanir um möguleika á að reka starfsemina sem sameiginlegt verkefni, þar sem hvor þeirra beri sinn kostnað eða þeir skipti með sér kostnaði. Óski Ísland ekki eftir þátttöku á þessum grundvelli er Noregi heimilt að halda áfram á eigin áhættu. Verði því lýst yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal Ísland á því stigi eiga þess kost að ganga inn í starfsemina með sinn hlut gegn því að greiða Noregi þann hluta útlagðs kostnaðar fram að þessum tíma sem hefði svarað hlut Íslands ef það hefði verið þátttakandi frá upphafi.

Norsk löggjöf, norsk stefna í olíumálum og norsk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Norsk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdavald og stjórnun á þessu svæði.

6. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur sunnan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 12.720 km²) skal Noregur eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, skal Íslandi ekki vera skylt að reyna að fá því framgengt, að hinn norski hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum).

Íslensk löggjöf, íslensk stefna í olíumálum og íslensk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Íslensk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdavald og stjórnun á þessu svæði.

7. gr.

Eftir að lýst hefur verið yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal hvor aðili bera sinn kostnað við áframhaldandi framkvæmdir á svæðinu í hlutfalli við sinn hlut í viðkomandi samningi.

8. gr.

Finnist olíuefni á svæði sem liggur báðum megin markalínu efnahagslögsögu landanna eða sé það allt sunnan markalínunnar en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr. skulu venjulegar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda („unitisering") gilda um skiptingu og nýtingu fundarins. Aðilar skulu semja um nánari reglur sem gilda eiga í slíkum tilvikum.

Finnist olíuefni á svæði sem allt liggur norðan markalínu, en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr., skal það allt teljast liggja innan hnitanna, sbr. 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

Ef annar aðilinn telur að ákvæðin um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd, sem um er fjallað í 5. og 6. gr., veiti ekki nægilega vernd þegar fram fara rannsóknir eða vinnsla á því svæði, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar hafa samráð, sbr. 10. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Verði aðilar ekki sammála í slíkum samráðum skal málinu vísað til sáttanefndar þriggja manna. Aðilar skulu eigi hefja slíkar aðgerðir eða halda þeim áfram fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji.

Hvor aðili skal tilnefna einn mann í sáttanefndina. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Tillögurnar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegri stjórnskipunarmeðferð sé lokið.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Osló hinn 22. október 1981 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
Svenn Stray.

Fylgiskjal V.



Fylgiskjal VI.

Lov nr. 12 av 21. juni 1963 om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 1.[1]).

Denne lov gjelder utforskning og utnyttelse av naturforekomster på havbunnen eller i dens undergrunn, så langt havets dybde tillater utnyttelse av naturforekomstene, såvel innenfor som utenfor de ellers gjeldende sjøgrenser, likevel ikke ut over midtlinjen i forhold til andre stater.

Loven kommer også til anvendelse ved virksomhet som nevnt i første ledd i område utenfor den norske del av kontinentalsokkelen dersom dette følger av særskilt avtale med fremmed stat eller av folkeretten forøvrig.

§ 2.

Retten til undersjøiske naturforekomster tilligger staten.

Kongen kan gi norske eller utenlandske personer, herunder også stiftelser, selskaper og andre sammenslutninger, adgang til å utforske eller utnytte naturforekomstene. Det kan settes bestemte vilkår for slike tillatelser.

§ 3.

Kongen kan gi regler om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 4.

Eldre lover skal ikke være til hinder for bestemmelser gitt i medhold av § § 2 og 3 i denne lov.

§ 5.

Retten til skipsfart og fiske berøres ikke av denne lov.

§ 6.

Denne lov trer i kraft straks.

[1]) Endret i lov nr. 21 av 25. mars 1977.

Nd. 184. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku, sbr. lög nr. 25 22. maí 1979.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar, en um er að ræða fylgifrumvarp með frumvarpi um lengingu orlofs, 55. máli þingsins.

Leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðm. J. Guðmundsson.
	Alexander Stefánsson.	

Ed. 185. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Jón Helgason.	Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.

Nd. 186. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 24. des. 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. l. nr. 86/1980 og l. nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það var afgreitt frá efri deild.

Pálmi Jónsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Magnús H. Magnússon voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
	Sigurlaug Bjarnadóttir.	

Nd. 187. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt þess.

Eggert Haukdal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1982.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Friðrik Sophusson.
Vilmundur Gylfason. Garðar Sigurðsson.

Sþ. 188. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um landnýtingaráætlun.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Helgason, Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að hafinn verði undirbúningur landnýtingaráætlunar sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Drög að landnýtingaráætlun skulu liggja fyrir í árslok 1984. Við gerð þeirra verði áhersla lögð á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt. Í eftirfarandi greinargerð verður getið um nokkur mikilvæg atriði, en ekki leitast við að skilgreina alla þætti landnýtingar. Gert er ráð fyrir því, að slíkt verði hluti þeirrar undirbúningsvinnu sem vikið er að í tillögunni.

Á seinni árum hefur gætt vaxandi skilnings á nauðsyn skipulegrar og hóflegrar nýtingar auðlinda til lands og sjávar.

Með landgræðsluáætlun 1974 var gert stórátak til að vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs í þeim tilgangi að varðveita og bæta landgæði.

Nú, þegar unnið er að framkvæmd nýrrar landgræðsluáætlunar, er við hæfi að fylgja því starfi eftir með gerð víðtækrar áætlunar er taki til hinna fjölmörgu þátta landnýtingar í **landbúnaði,** svo sem nýtingar beitilanda og ræktunar skóga. Enn fremur þarf að tryggja **orkuvinnsluiðnaðinum** land til afnota. Huga þarf að landnotum vegna einstakra **mannvirkja** og **þéttbýlis,** en einnig vegna útivistar og sumarbyggða.

Einn af veigamiklum þáttum landnýtingar er nýting úthagabeitar, bæði í heimalöndum og afréttum. Landbúnaðurinn, einkum sauðfjárræktin, byggist á þessari miklu auðlind, fjölbreyttum og kjarnmiklum gróðri. Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur reyndar að byggjast mjög á hóflegri og hagkvæmri nýtingu beitilanda.

Metum við framleiðslugildi úthagagróðurs að verðleikum? Náttúrleg gróðurlendi eru veigamikil auðlind á tímum síhækkandi orkukostnaðar. Til dæmis er hætt við að framleiðslukostnaður sauðfjárafurða yrði mun hærri ef ekki tækist að varðveita beitargæði úthaga, sérstaklega afréttanna.

Sem best samræmi þarf að vera á milli búfjárfjölda og tiltæks haglendis í hinum ýmsu beitarsvæðum landsins. Því þarf að koma á nánara samhengi á milli vals á búgreinum, uppbyggingar og búfjárfjölda á sérhverri bújörð annars vegar og hins vegar þeirra landgæða sem jörðin hefur til umráða. Þannig verði ekki aðeins tekið tillit til ræktunarskilyrða, heldur einnig og ekki síður landrýmis í heimahögum og afréttum.

Hér kemur m. a. til álita hvernig fjárfestingu er hagað í landbúnaði, hvernig er hægt að koma á virkari og markvissari stjórnun, hvernig er hægt að aðstoða bændur sem gera róttækar breytingar í búskaparháttum.

Nauðsyn ber til að taka sérstakt tillit til landnýtingar við gerð búrekstrar- og byggðaáætlana. Þar eð nýting jarðargróða er einn af hornsteinum lífvænlegrar byggðar um land allt er landnýting veigamikið byggðamál. Athuga þyrfti m. a. hvort æskilegt eða fært væri að koma á einhvers konar svæðaskipulagningu landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við hóflega og skynsamlega nýtingu landkosta og jafnframt með tilliti til markaðsþarfar fyrir hinar ýmsu búvörur. Mismunandi verðlagning búvara eftir framleiðslusvæðum gæti ef til vill komið til greina, en ljóst er að slíkt yrði mjög flókið í framkvæmd. Hér er komið að tengslum milli landnýtingar og framleiðslumála.

Kvótakerfið svonefnda tekur lítið sem ekkert mið af landnýtingar- og byggðasjónarmiðum, en hugsanlega mætti byggja upp einhvers konar framleiðslustjórnun sem gerði það. Það leiðir aftur hugann að svæðaskipulagningu. Dæmi mætti taka bæði úr nautgripa- og sauðfjárrækt. Hér er um margþætt og viðkvæmt mál að ræða sem þarfnast ítarlegrar könnunar og umræðu. Bændur vilja að sjálfsögðu hafa sem mest frelsi til athafna, en flestir gera sér ljósa þörf fyrir bætta skipulagningu. Hún kemur stéttinni til góða í framtíðinni og stuðlar að bættum þjóðarhag.

Skógrækt til nytja er í raun landbúnaður, og kanna þarf hvernig heppilegast er að tengja hana traustari böndum þeim atvinnuvegi. Síðustu árin hefur komið fram viðleitni til að tengja skógrækt hefðbundnum búskap, einkum á Austurlandi, en líta ekki á þessar greinar sem andstæður. Þannig er unnt að samræma t. d. sauðfjárrækt ræktun nytjaskóga. Skilyrði til skógræktar eru greinilega breytileg í landinu og virðist þörf markvissari skipulagningar þeirra mála.

Líkt og á við um beitarmál er hér að nokkru leyti um byggðamál að ræða. Trúlega gætu tekjur af skógrækt skipt nokkru máli þegar tímar líða, því að líkur eru á hækkandi verði á timbri og ýmiss konar skógarafurðum í framtíðinni og jafnvel gæti orðið skortur á þeim. Margt fleira þarf að sjálfsögðu að taka til umfjöllunar þegar lögð eru á ráðin um skipulega nýtingu landgæða, svo sem nýtingu hlunninda, enda þótt allir þættir landnýtingar verði ekki raktir hér.

Gerð landnýtingaráætlunar verður einnig að taka til þarfa **orkuvinnsluiðnaðarins** fyrir land. Orkulindir landsins eru ein veigamesta auðlind þess, en nýting þeirrar auðlindar er tiltölulega skammt á veg komin. Ef að líkum lætur mun þjóðin í vaxandi mæli byggja afkomu sína á skynsamlegri nýtingu innlendrar orku. Því er nauðsynlegt að tryggja orkuvinnsluiðnaðinum nægilegt landrými, ekki síst til að forðast árekstra í framtíðinni.

En landnýting varðar ekki aðeins hinn beina efnahagslega afrakstur landsins. Með breyttum þjóðfélagsháttum og auknum áhuga almennings á náttúruvernd, umhverfismálum og útivist hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að fjalla um landnýtingu á breiðum grundvelli. Hin náttúrlegu gróðurlendi eru viðkvæm fyrir óhóflegum ágangi, hvort sem er af völdum fénaðar eða manna. Með bættum skilyrðum til ferðalaga um óbyggðir landsins hefur sá vandi farið vaxandi.

Öll meðferð gróðurlendis er náttúruverndarmál. Nú er ljóst, að ekki er unnt að komast hjá röskun lífríkja, t. d. með virkjun fallvatna, vegagerð og framræslu mýra. Það, sem skiptir meginmáli, er að meta vandlega allar aðstæður og leita þeirra leiða, sem minnstri röskun valda, og að skilningur ríki varðandi hin ýmsu landnot.

Velferð þjóðarinnar í nútíð og framtíð byggist á því að nýta af skynsemi þann auð sem fólginn er í gæðum landsins. Ætla má að landnýtingaráætlun geti stuðlað að æskilegri þróun á þessu sviði.

Nd. 189. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Guðmundi J. Guðmundssyni.

4. gr. orðist svo:

Á eftir ákvæði til bráðabirgða IV komi nýtt bráðabirgðaákvæði, nr. V, er hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, er óheimilt að hækka fasteignaskatta milli áranna 1982 og 1983 um meira en 65%.

Nd. 190. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá Karvel Pálmasyni og Magnúsi H. Magnússyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð hefur 40 ára aldri á því orlofsári, sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar fá þrjá daga í orlof, og sá, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá 3 daga til viðbótar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum vegna þeirra, sem rétt eiga á lágmarksorlofi. Við 10 ára starf eða 40 ára aldur hækkar orlofsfé í 11.59% og við 18 ára starf eða 50 ára aldur hækkar orlofsfé í 13.40%.

Nd. 191. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 1971, um orlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Magnúsi H. Magnússyni og Karvel Pálmasyni.

Á eftir 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal með reglugerð hækka grunnlífeyri almannatrygginga um 2.34% frá 1. desember 1982 til viðbótar þeirri hækkun á bótum almannatrygginga sem ákveðin var með heimild í 79. gr. almannatryggingalaga, sbr. nánar reglugerð nr. 639/1982.

Nd. 192. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um lokunartíma sölubúða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á tveimur fundum sínum, en ekki leitað eftir umsögnum um það. Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi og þá fengnar umsagnir frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogs, bæjarstjórn Seltjarnarness, hreppsnefnd Mosfellshrepps, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Í umsögnum þessum koma fram mjög skiptar skoðanir.

Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að hverju sveitarfélagi sé heimilt að setja samþykktir um lokunartíma sölubúða, eins og lög nr. 17/1936 gera ráð fyrir, og haga þessum málum eins og best hentar á hverjum stað.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1982.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Garðar Sigurðsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.

Nd. 193. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83 28. des. 1981, um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Sighvati Björgvinssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „31. desember 1983“ komi: 30. júní 1983.

Nd. 194. Frumvarp til lögræðislaga. [152. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

I. KAFLI

1. gr.

Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði, og fjárráða 18 ára gamall, nema sviptur sé fjárræði. Sá, sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

2. gr.

Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, í hjónaband, og er hann þá lögráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

II. KAFLI

3. gr.

Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

a) Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms.
b) Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hirðuleysi um eignir, sem eru í umráðum hans.
c) Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrði, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum.
d) Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.
e) Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja, eftir því sem við á, ef aðstæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi.

4. gr.

Mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skulu rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi.

5. gr.

Sóknaraðili að lögræðissviptingarmáli getur verið:

a) Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
b) Lögráðamaður aðila.
c) Sá sem skyldur er að lögum að framfæra aðila og sá sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
d) Sá sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.

e) Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila.
f) Dómsmálaráðuneytið, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt.

Ennfremur getur maður sjálfur óskað eftir úrskurði dóms um að hann skuli vera sviptur lögræði.

6. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara) þar sem maður sá er krafan varðar á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað, og skal þá með mál farið þar sem varnaraðili átti síðast heimili eða dvalarstað.

Krafa skal vera skrifleg og tilgreina hvort krafist sé sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja. Þar skal grein gerð fyrir aðild sóknaraðila, ástæðum sem taldar eru vera til sviptingarinnar og öðru því sem máli skiptir. Kröfugerð fylgi skrifleg gögn eftir því sem við verður komið.

Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

7. gr.

Dómari skal taka málið fyrir svo fljótt sem unnt er. Hann kallar varnaraðila fyrir dóm og kynnir honum kröfuna nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði yfirlæknis á sjúkrahúsi eða annars embættislæknis að það sé tilgangslaust.

Dómari skipar varnaraðila verjanda og gefur honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði. Óskylt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili samþykkir kröfu um lögræðissviptingu, nema svo standi á sem í a-lið 1. mgr. 3. gr. segir. Þá er óskylt að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns, svo og ef maður óskar þess sjálfur að hann verði sviptur lögræði.

Dómari getur krafið sóknaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Hann getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum. Ef sérstök ástæða er til getur hann leitað aðstoðar lögreglustjóra til öflunar gagna.

Nú hefur maður sjálfur óskað eftir lögræðissviptingu og metur dómari allt að einu hvort ástæða sé til sviptingar.

Eftir að gagnaöflun er lokið og varnaraðila eða verjanda hans hefur verið gefinn kostur á að flytja eða leggja fram vörn kveður dómari upp úrskurð í málinu.

8. gr.

Nú er maður sviptur lögræði og birtir dómari þá eða lætur birta úrskurð fyrir varnaraðila eða verjanda hans.

Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá, er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

Ef um fjárræðissviptingu er að tefla, skal dómari einnig annast um, að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign eða hér skrásett skip, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða getið er á verslanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skipa og verslanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum yfirlögráðanda og öðrum þeim stjórnvöldum, sem um hann þurfa að vita.

9. gr.

Nú telur sá sem lögræðissviptingar krafðist að ástæður til sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram tilmæli til héraðsdómara þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst um að lögræðissvipting verði úr gildi felld. Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskylt er að sinna þeim nema eitt ár hið skemmsta sé liðið frá sviptingu.

Tilmæli skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum er greinir í a-lið 1. mgr. 3. gr. skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt nema þeim fylgi meðmæli læknis.

Dómari gefur þeim er málið varðar kost á að tjá sig um tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar og að afla gagna er málið varða, og er einnig heimilt að afla gagna af sjálfsdáðum. Að gagnaöflun lokinni kveður dómari upp úrskurð um það hvort lögræðissvipting skuli úr gildi felld eða ekki.

Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

10. gr.

Dómsathöfnum þeim sem um ræðir í þessum kafla má skjóta til æðra dóms með kæru, og fer um hana eftir reglum II. kafla l. 75/1973 um Hæstarétt Íslands eftir því sem við á.

Eigi frestar kæra framkvæmd úrskurðar.

Eftirrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneytinu og héraðsdómara málsins. Nú er úrskurði héraðsdóms breytt í Hæstarétti og gerir héraðsdómari þá þegar þær ráðstafanir sem við eiga, sbr. 4. mgr. 9. gr.

11. gr.

Í málum samkvæmt þessum kafla skal engin dómgjöld greiða.

Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs verjanda og annan málskostnað skal greiða úr ríkissjóði.

Ef kæra til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaus má þó gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn.

III. KAFLI

12. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli séstaklega fyrir á annan veg.

13. gr.

Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Þó má hefta frelsi manns, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista mann gegn vilja sínum til meðferðar í sjúkrahúsi ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og vistun þykir óhjákvæmileg að mati læknis. Um slíka vistun fer skv. 14. — 17. gr. hér á eftir.

14. gr.

Beiðni um sjúkrahúsvistun manns gegn samþykki hans geta þeir aðilar gert sem taldir eru í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. hér að framan.

15. gr.

Beiðni um vistun skal beina til dómsmálaráðuneytis.

Beiðni skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja gögn um aðild beiðanda, sbr. 5. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað er máli skiptir. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð þar

sem gerð er grein fyrir sjúkdómnum og nauðsyn vistunar. Læknisvottorð skal að jafnaði eigi vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu.

16. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal þegar í stað taka beiðni um vistun til afgreiðslu. Það skal kanna málavexti, og getur eftir því sem ástæða er til aflað skýrslna þeirra manna sem málinu eru kunnugir.

Dómsmálaráðuneytið skal án óþarfs dráttar ákveða hvort vistun skuli heimiluð eða ekki. Ákvörðun skal vera skrifleg og skal tilkynnt þeim er beiðni ber fram, en þar að auki yfirlækni á hlutaðeigandi stofnun ef beiðni er samþykkt.

17. gr.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

18. gr.

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.—17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Krafa skal vera skrifleg og borin upp við héraðsdómara er greinir í 1. mgr. 6. gr. hér að framan.

Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann kynnir beiðnina dómsmálaráðuneytinu sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta. Dómari skal gefa sóknaraðila kost á að skýra mál sitt.

Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort vistun skuli haldast eða hún falli niður.

Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt II. kafla laga þessara eftir því sem við á.

19. gr.

Vistun manns í sjúkrahúsi má eigi gegn vilja hans haldast lengur en nauðsyn krefur.

Vistun lýkur, þegar yfirlæknir telur hennar ekki lengur þörf, og eigi síðar en 15 sólarhringum frá því hún hófst, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði.

IV. KAFLI.

20. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum.

21. gr.

Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu, sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé, sem hann hefur unnið sér inn, eftir að úrskurður gekk um sviptinguna.

Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði, ræður hann þó aðeins því gjafafé, sem hann hefur fengið, eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla, eða fari hinn ófjárráða maður ráðlauslega með féð, getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu, og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé, meðan sú ráðstöfun helst.

Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé svo og verðmætis, er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni.

22. gr.

Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

Nú hefur maður verið sviptur lögræði, og binda hann þá ekki löggerningar, sem fara í bág við lögræðissviptingu og hann gerir eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda hafi úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði innan tveggja vikna frá uppkvaðningu. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt.

23. gr.

Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning, sem hann skorti heimild til að gera, og getur þá hinn aðili samningsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt, svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

Nú veit maður, að hann semur við ólögráða mann, og hefur ekki ástæðu til að ætla, að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi, og getur hann þá ekki riftað samningnum, fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns, ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar.

Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann, og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar, þá getur hann ekki riftað samningnum, meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

Ákvörðun um riftun samnings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans.

24. gr.

Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings, og skal þá hvor aðila skila aftur þeim verðmætum, sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur, skal aðili greiða verð hans, eftir því sem hér segir:

a) Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut, sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila, ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans, sem fyrir hendi voru, þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni, má færa niður bætur úr hendi hans, eftir því sem sanngjarnt þykir.
b) Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald, að því leyti sem verðmætin hafi orðið honum að notum.

Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta, eða hann hefur á saknæman hátt valdið því, að hlutur hefur farið forgörðum, er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar samningsins að skila aftur, og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns, og annarra atvika.

Nú sannast í opinberu máli, að hinn ólögráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd, og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

V. KAFLI

25. gr.

Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir ásku sakir, og þeir, sem barni koma í foreldris stað, ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá, og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 9/1981.

26. gr.

Þeir, sem fara með forsjá barns, samkvæmt því sem segir í 36., 37. og 38. gr. laga nr. 9/1981, skulu einnig hafa á hendi fjárhald þess, meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir.

27. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja), og skal þá yfirlögráðandi skipa honum lögráðamann.

Svo skal og yfirlögráðandi skipa þeim manni lögráðamann, sem ófjárráða er fyrir æsku sakir, er lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum, sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

28. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann, er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert, er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

29. gr.

Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

Nú hefur foreldri ákveðið, hver vera skuli að því látnu lögráðamaður barns, er það hefur forsjá fyrir, og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins.

30. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógetar, eru yfirlögráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lögráð varða.

Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlögráðenda og dómsmálaráðuneytisins.

31. gr.

Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann, svo sem sjálfráða hefði hann gert.

32. gr.

Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann, svo sem fjárráða hefði hann gert.

33. gr.

Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns, sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

34. gr.

Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns, sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

35. gr.

Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

Dómsmálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr., þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

36. gr.

Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaup og sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjulegum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess, að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.

37. gr.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki.

Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi, nema honum sé auðsýnilegur hagur að því.

38. gr.

Reiðufé ófjárráða manna skal ávaxta tryggilega, eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis.

Lána má ófjárráða manni gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr $^2/_3$ hlutum af fasteignamati eignarinnar.

39. gr.

Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram, að lánið sé allt þegar afturkræft, ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar.

40. gr.

Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slítur.

Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið, getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðanda með þeim.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1983.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 95 5. júní 1974 um lögræði, og lög nr. 26 21. maí 1979 um breytingu á þeim lögum, svo og 4. tl. 2. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið af nefnd, sem dómsmálaráðuneytið skipaði 19. nóvember 1980 til þess að endurskoða lög nr. 95 5. júní 1947 um lögræði.

Í nefndinni áttu sæti: Björn Þ. Guðmundsson, prófessor, Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari, og Guðrún Erlendsdóttir, dósent, sem skipuð var formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Ólöf Pétursdóttir, ráðuneytisfulltrúi.

Í skipunarbréfi var verksvið nefndarinnar nánar ákveðið og lögð áhersla á, að við endurskoðunina yrði sérstaklega hugað að lagareglum í II. kafla l. 95/1947 um sviptingu lögræðis og brottnám lögræðissviptingar, svo og að réttarstöðu þess, sem sætir slíkum að-

gerðum. Í því samhengi skyldi einnig athuga reglur 31. gr. l. 95/1947. Var nefndinni falið að leita samráðs við sérfróða aðila um læknisfræðileg viðhorf.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 8. desember 1980, og hefur nefndin haldið 29 fundi. Lárus Helgason, yfirlæknir, hefur mætt á 5 fundi hjá nefndinni, og nefndin hefur haft samráð við Geðlæknafélag Íslands og nefnd, sem vinnur að endurskoðun geðheilbrigðismála á vegum heilbrgiðisráðuneytisins.

II.

Lög 95 1947 um lögræði voru til mikilla bóta á sínum tíma, en þau komu í staðinn fyrir lög nr. 60 14. nóvember 1917. Meðal annars voru sett ítarleg ákvæði um sviptingu lögræðis og réttarfar í slíkum málum og um löggerninga ólögráða manna, en það var nýmæli í íslenskum lögum. Einnig voru sett ákvæði til tryggingar þeim mönnum, sem settir eru til langdvalar í sjúkrahús gegn eigin vilja.

Helstu breytingar á gildandi lögum, sem í frumvarpinu felast, eru í II., III. og V. kafla frv., þ. e. um réttarfar í lögræðissviptingarmálum, sjúkrahúsvistun án samþykkis manns og lögráðendur. Aðrar breytingar eru að mestu orðalagsbreytingar.

III.

Um I. kafla.

Þessi kafli er fyrst og fremst umorðaður og er lagt til að greinar verði nú tvær í stað fjögurra, skv. l. 95/1947.

Um 1. gr.

Lagt er til að orðið „fullráða“ verði fellt niður, þar sem það sýnist óþarft enda ekki almennt notað í lagamáli.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. l. 95/1947 sýnist og óþarft og er því lagt til að það verði fellt brott.

Að öðru leyti er hér steypt saman í eina grein ákvæðum 1. mgr. 1. gr. og 2. og 3. gr. l. 95/1947.

Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því að lagt er til að í stað orðsins „fullráða“ komi „lögráða“, sbr. aths. við 1. gr. frv.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði um mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar.

Samkvæmt l. 95/1947 skyldu slík mál rekin sem einkamál eftir sérstökum reglum sem er að finna í II. kafla laganna. Með 4. tl. 2. gr. l. 27/1951 um meðferð opinberra mála var ákveðið að mál þessi skyldu sæta rannsókn og meðferð samkvæmt þeim lögum, og hefur ákvæði þetta síðan haldist, sbr. nú 4. tl. 2. gr. l. 74/1974. Síðan 1951 hafa lögræðissviptingarmál því verið rannsökuð á líkan hátt og refsimál, málshöfðun verið í höndum ríkissaksóknara og málinu lyktað með dómi. Óvissa hefur þó ríkt um ýmis réttarfarsatriði þessara mála, enda hafa réttarfarsreglur l. 95/1947 aldrei verið afnumdar formlega.

Telja verður óeðlilegt að með lögræðissviptingarmál sé farið að hætti opinberra mála og að eigi séu haldbær rök fyrir því að sóknaraðild í þeim sé í höndum ákæruvaldsins. Eigi finnast heldur dæmi í löggjöf nágrannalanda um slíka skipun lögræðissviptingarmála.

Hér er því lagt til að mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar verði færð aftur í sitt upprunalega horf, þ. e. að þau sæti afbrigðilegri meðferð einkamála, verði rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi og að dómarar í þeim séu hinir reglulegu héraðsdómarar, í Reykjavík borgardómarar.

Um 3. gr.

Hér eru tilgreindar ástæður þær sem leitt geta til lögræðissviptingar. Greinin er samhljóða 5. gr. l. 95/1947, að öðru leyti en því að orðunum „eða annarrar sturlunar“ í 2. tl. 5. gr. er sleppt, og í stað orðsins „deyfilyfja“ í 3. tl. koma orðin „ávana- og fíkniefni“ í c-lið 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér segir að mál skuli rekin fyrir bæjarþingi eða aukadómþingi, sbr. það sem rakið var að framan.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 7. gr. l. 95/1947. Auk þeirra sem þar eru taldir er hér ákvæði um að félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar geti verið aðili að lögræðissviptingarmáli. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að maður geti sjálfur óskað eftir að hann verði sviptur lögræði og svarar ákvæðið til 1. tl. í 7. gr. l. 95/1947.

Um 6. gr.

Samhljóða 8. og 9. gr. l. 95/1947.

Um 7. gr.

Hér eru settar reglur um málsmeðferðina, og kemur hún í stað 10. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. er svo fyrir mælt að varnaraðili skuli koma fyrir dóm ef kostur er, en samsvarandi ákvæði er ekki í l. 95/1947. Skipa skal varnaraðila verjanda, svo sem einnig er skylt skv. 1. mgr. 10. gr. l. 95/1947, en þó er gert ráð fyrir að það sé ekki skylda ef maður óskar sjálfur eftir lögræðissviptingu eða hefur sjálfur ráðið sér málsvara. Skv. 3. mgr. á dómari að krefja sóknaraðila gagna til styrktar kröfu hans, en getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum eða leitað aðstoðar lögreglu ef sérstaklega stendur á. Þessi ákvæði eiga að koma í stað þeirrar reglu 1. mgr. 10. gr. l. 95/1947 að dómari rannsaki mál að hætti opinberra mála, en samkvæmt núgildandi réttarfarsreglum er rannsókn opinberra mála yfirleitt ekki í höndum dómara. 4. mgr. svarar til 2. mgr. 10. gr. l. 95/1947. Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að varnaraðila eða verjanda hans sé gefinn kostur á að flytja fram vörn í málinu áður en úrskurður er upp kveðinn, og er það í samræmi við það sem tíðkast í reynd.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. segir að úrskurð skuli birta fyrir hinum lögræðissvipta eða verjanda hans. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 11. gr. l. 95/1947. 2. og 3. mgr. eru samhljóða samsvarandi málsgreinum í 11. gr.

Um 9. gr.

Grein þessi kemur í stað 12. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að hinn lögræðissvipti sjálfur geti borið fram ósk um að lögræðissvipting verði úr gildi felld, auk þess sem sá er krafðist lögræðissviptingarinnar getur borið fram slík tilmæli.

Um 10. gr.

Í 13. gr. l. 95/1947 segir að áfrýjun í lögræðissviptingarmálum og málum til brottnáms lögræðissviptingar fari eftir reglum um áfrýjun opinberra mála. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að slíkum málum megi skjóta til Hæstaréttar samkvæmt reglum l. 75/1973 um kæru, en sú málskotsleið þykir einfaldari og eiga betur við eins og hér stendur á. Í samræmi við það eru niður felld ákvæði 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. l. 95/1947. 2. og 3. mgr. 10. gr. frv. eru að efni til samhljóða 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. l. 95/1947.

Um 11. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 15. gr. l. 95/1947. Í 2. mgr. er þó svo fyrir mælt að allan sakarkostnað skuli greiða úr ríkissjóði, en í samsvarandi ákvæði 15. gr. er einungis rætt um málflutningslaun.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um bráðabirgðavistun manns í sjúkrahúsi án samþykkis hans.

Svipting lögræðis er mikil röskun á persónufrelsi manna, og hefur löggjafinn reynt að tryggja sem best réttaröryggi þeirra, sem slíkri meðferð sæta. Fram til ársins 1917 gátu stjórnvöld svipt menn lögræði, en með l. 60/1917 voru þau mál lögð undir dómstóla til að tryggja það, að slík frelsisskerðing yrði ekki framkvæmd nema öruggt væri, að rík ástæða væri fyrir hendi.

Í 31. gr. l. 95/1947 er mælt fyrir um framkvæmd þess, þegar vista þarf mann í sjúkrahúsi án hans samþykkis. Samkvæmt þeirri grein þarf alltaf að svipta mann sjálfræði, þegar þannig stendur á, auk þess sem krafist er samþykkis dómsmálaráðuneytis. Þó er heimilt að svipta mann frelsi til bráðabirgða, en slík frelsisskerðing má ekki vara lengur en í 2 sólarhringa, án þess að krafa sé gerð til dómara um sjálfræðissviptingu. Dómarinn á síðan að taka kröfuna strax til meðferðar og kveða upp úrskurð í málinu.

Framkvæmd þessara mála hefur ekki orðið á þann veg, sem lögin mæla fyrir um. Framkvæmdin hefur orðið sú, að sviptingarbeiðnin ein er látin nægja, ásamt vottorði læknis og samþykki dómsmálaráðuneytis, en dómarinn tekur málið ekki strax til meðferðar, nema sjúklingur óski sérstaklega eftir því.

Aðalástæðan fyrir þessari framkvæmd er tillitsemi við sjúklinginn. Allir þeir, sem að þessum málum vinna, eru sammála um, að það sé ómannúðlegt að íþyngja sjúklingum með því að láta þá ganga í gegnum lögræðissviptingarmál. Þá virðist vera óþarflega harkalegt, að aðstandendur þurfi að láta svipta bráðveikan geðsjúkling sjálfræði til þess að hægt sé að koma honum í sjúkrahús. Hin öra þróun geðlækninga hefur haft það í för með sér, að hægt er að lækna sjúkling á mun styttri tíma en áður var unnt, og eru læknar almennt á móti því, að menn séu sviptir sjálfræði til þess að unnt sé að vista þá í sjúkrahúsi.

Í könnun sem gerð var á Kleppsspítala kom fram að af 114 sjúklingum, sem þar voru vistaðir gegn vilja sínum árin 1977 og 1978, voru aðeins 4 sviptir sjálfræði með dómi.

Það er því ljóst, að aðeins í fáum tilvikum kemur til sjálfræðissviptingar á þeim sjúklingum, sem lagðir eru inn gegn vilja sínum.

Nefndin íhugaði að taka út úr lögræðislögunum ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi án þeirra samþykkis, og semja sérstakt frumvarp um vistun slíkra sjúklinga. Hvorki á Norðurlöndum né Bretlandi eða Bandaríkjunum er þess krafist, að maður sé sviptur sjálfræði til þess að hægt sé að vista hann í sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Þar eru aftur á móti sérstök lög um nauðungarvistun geðsjúkra manna.

Athugasemdir frá Geðlæknafélagi Íslands bera það með sér, að það er eindregið mótfallið því, að sett verði sérlög um geðveika menn, og telur heppilegra, að slík ákvæði verði í lögræðislögum.

Í III. kafla frv. eru gerðar tillögur um skammvinna vistun manna í sjúkrahúsi, án þess að til sjálfræðissviptingar komi. Þetta er nánast lögfesting á framkvæmd þessara mála eins og hún er í raun.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 16. gr. l. 95/1947.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. kemur fram aðalreglan, þ. e. að sjálfráða maður verði ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Í 2. mgr. kemur fram undantekning frá aðalreglunni, þar sem heimilað er að vista mann til bráðabirgða til meðferðar í sjúkrahúsi, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna, og vistun er óhjákvæmileg að mati læknis.

Það er alltaf læknir, sem verður að meta sjúkdóminn, og hann verður að vera svo alvarlegur, að vistun sé óhjákvæmileg að mati hans.

Um 14. gr.

Þeir, sem geta beðið um vistun manns í sjúkrahúsi gegn samþykki hans, eru hinir sömu og taldir eru upp í a-, b- og e-liðum 1. mgr. 5. gr. frv.

Það athugist, að dómsmálaráðuneytið getur ekki sett fram beiðni um vistun, enda er það sá aðili sem úrskurða skal um vistunina.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þessi grein fjallar um meðferð ráðuneytisins á beiðninni. Í þessari grein er lögð áhersla á hraða og örugga málsmeðferð.

Um 17. gr.

Í þessari grein er það nýmæli, að sérstakur trúnaðarlæknir starfi á vegum dómsmálaráðuneytisins, sem það geti leitað umsagnar hjá áður en heimild er veitt til vistunar.

Um 18. gr.

Rétt þykir að taka það sérstaklega fram að ákvörðun skv. 16. gr. verði skotið til dómstóla. Greinin fjallar um meðferð slíkra mála og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þessi grein kveður skýrt á um það, að vistun manns í sjúkrahúsi er aðeins til bráðabirgða og má aldrei haldast lengur en í 15 sólarhringa. Það mun aðeins vera í undantekningartilvikum að sjúklingur sé ekki orðinn sér það meðvitandi um sjúkdóm sinn og nauðsyn læknismeðferðar eftir 15 daga meðferð, að hann samþykki ekki að vera áfram, ef læknir telur þess þurfa. Ef yfirlæknir telur, að nauðsynlegt sé að hafa mann lengur til meðferðar en þessa 15 daga, og sjúklingur samþykkir það ekki, þá verður að gera kröfu fyrir dómi, um að hann verði sviptur sjálfræði.

Um IV. kafla.

Ekki hefur þótt ástæða vera til efnisbreytinga á reglum um löggerninga ólögráða manna o. fl., sbr. III. kafla l. 95/1947.

Lagðar eru til tvær orðalagsbreytingar á 21. gr. og að 2. mgr. 22. gr. verði breytt í samræmi við breytta tíma.

Að öðru leyti eru ákvæði þessa kafla samhljóða ákvæðum III. kafla l. 95/1947.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. i.f. breytist orðið „lögræðissviptinguna“ í „sviptinguna“ og í 2. mgr. i.f. kemur orðið „fjárræðis“ í stað „lögræðis“.

Að öðru leyti er greinin eins og 18. gr. l. 95/1947.

Um 22. gr.

Eins og nú háttar er eðlilegt að miða réttaráhrif þau sem 2. mgr. fjallar um við uppkvaðningu úrskurðar um lögræðissviptingu og að sami frestur gildi um birtingu hans í Lögbirtingablaði hvar sem er á landinu, þ. e. 2 vikur frá uppkvaðningu hans.

Að öðru leyti er greinin eins og 19. gr. l. 95/1947.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um lögráðendur, störf þeirra, skyldur og réttindi.

2.—4. mgr. 22. gr. og 23. gr. l. 95/1947, sem fjölluðu um foreldravald yfir börnum, voru felldar úr gildi með 1. mgr. 58. gr. barnalaga nr. 9 15. apríl 1981. Heildarákvæði um forsjá (foreldravald, forræði) barna eru því nú í barnalögunum.

Í frv. er hugtakið „forsjá“ notað í stað „foreldravalds“ til samræmis við barnalögin.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingum á skipun lögráðamanna eða störfum þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík er ákaflega erfitt að fá menn til að vera lögráðamenn. Ljóst er, að nauðsynlegt er, að manni sé skipaður lögráðamaður strax og hann hefur verið sviptur lögræði. Starf lögráðamanns getur oft á tíðum verið mjög erfitt, sérstaklega ef um er að ræða geðsjúkan mann. Það er því skiljanlegt, að menn kinoki sér við að taka við slíku starfi, sem auk þess er launalaust.

Nefndin íhugaði það, hvort taka skyldi ákvæði inn í frv. um, að það væri borgaraleg skylda fyrir vissa aðila, þ. e. tiltekna vandamenn og lögmenn, að vera lögráðamenn, en taldi þann kost ekki tiltækan að svo stöddu.

Einnig íhugaði nefndin breytingu á 26. gr. l. 95/1947 um skipun lögráðamanns „ad hoc“. Samkvæmt upplýsingum frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík, er þeirri grein aðallega beitt um ellisljótt fólk, þegar nauðsynlegt er að gera einhverjar fjármálaráðstafanir því viðkomandi. Það er óneitanlega ógeðfellt að þurfa að svipta fólk lögræði og auglýsa það í Lögbirtingablaði. Nefndin gat þó ekki komið auga á önnur úrræði, sem væru jafntrygg fyrir viðkomandi, og mælir því ekki með breytingum.

Nefndin leggur til, að 30. gr. l. 95/1947 verði ekki tekin með í frv. og telur ekki ástæðu til að hafa slíkt ákvæði í lögræðislögum.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 22. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því að í stað foreldravalds kemur hugtakið forsjá. Vísað er til ákvæða barnalaga nr. 9/1981, þar sem eru heildarákvæði um forsjá barna, en með þeim lögum voru felld úr gildi ákvæði 2.—4. mgr. 22. gr. og 23. gr. l. 95/1947. 36., 37. og 38. gr. l. 9/1981 koma í stað 2.—4. mgr. 22. gr. l. 95/1947, en 42. gr. barnalaga kemur í stað 23. gr. l. 95/1947.

Um 26. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 24. gr. l. 95/1947 og kveður á um það, að þeir sem fara með forsjá barns skulu einnig fara með fjárhald þess meðan það er ófjárráða fyrir ásku sakir. Í 36., 37. og 38. gr. l. 9/1981 eru ákvæði um það, hverjir fara með forsjá barns, og í 35. gr. þeirra laga er skýrgreining á því, hvað felist í forsjá. Þar segir í 3. mgr. 35. gr., að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og gegna öðrum foreldraskyldum og jafnframt að þeir, sem hafa forsjá barns með hendi, hafi rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins. Þeir, sem fara með forsjá barns, eru því lögbornir lögráðamenn barns, uns það verður lögráða, og þarf ekki að skipa því lögráðamann meðan þeirra nýtur. Þeir, sem fara með umráð barns um stundarsakir samkvæmt 42. gr. barnalaga, eru ekki lögbornir lögráðamenn.

Um 27. gr. og 28. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 25. gr. og 26. gr. l. 95/1947.

Um 29. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 27. gr. l. 95/1947. Í 1. mgr. kemur „lögráða“ í stað „fullráða“ og í 2. mgr. „forsjá“ í stað „foreldravalds“.

Um 30. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. l. 95/1947 að öðru leyti en því, að í Reykjavík er talað um borgarfógeta í fleirtölu í stað eintölu.

Um 31., 32., 33. og 34. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 29., 32., 33. og 34. gr. l. 95/1947 og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

1. mgr. er samhljóða 35. gr. l. 95/1947 þar sem bannað er að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann. Slíkir löggerningar geta verið mjög varhugaverðir og sjaldnast til hags hinum ófjárráða. Rétt þykir þó að veita dómsmálaráðuneytinu undanþáguheimild, og í 2. mgr. er ráðuneytinu veitt heimild til að víkja frá þessu banni, ef sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða. Er ætlast til, að undanþáguheimildinni verði beitt með ítrustu varfærni.

Um 36. og 37. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 36. og 37. gr. l. 95/1947 og þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um, að reiðufé ófjárráða manna skuli ávaxta tryggilega, eins og best er á hverjum tíma að mati dómsmálaráðuneytis. Ekki þykir rétt að binda í lögum hvernig ávaxta skuli fé ófjárráða, þar sem það er mjög breytilegt hvernig best er að ávaxta fé, og þykir réttast að láta það vera háð mati ráðuneytisins á hverjum tíma.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 38. gr. l. 95/1947.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 1. málslið 39. gr. l. 95/1947, en sleppt er 2. málslið þeirrar greinar, og fer um þessi mál samkvæmt almennum reglum.

Um 40. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. málslið 1. mgr. 40. gr. l. 95/1947, en ekki er tekinn 2. málsliður 1. mgr. Ekki hefur verið farið eftir þessu ákvæði í langan tíma, og þykir nægilegt, að lögráðamaður geri yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi er slitið.

2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 40. gr. l. 95/1947.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir fjölda lögræðissviptingarbeiðna á árunum 1974 til september 1980 (incl.) og fjölda lögræðissviptingarmála, sem lokið var með dómi á sama tíma.

Ár	Fjöldi beiðna	Fjöldi dóma	Sjálfr.-svipt.	Fjárræðis-svipt.	Sjálfr.- og fjárræðis-svipt.	Sýkna
1974	37	5	1	2	1	1
1975	34	8	2	2	4	
1976	54	6	2		4	
1977	53	3	1		2	
1978	68	7		5	1	1
1979	57	4		2	2	
1980 (9 mán.)	39	3	3			

Fyrstu 9 mánuði ársins 1980 voru 3 málshöfðanir felldar niður. 1. október 1980 var eitt mál hjá ríkissaksóknara til ákvörðunar.

Fylgiskjal II.

Helstu ástæður lögræðissviptingarbeiðna, sem getið er í beiðnunum sjálfum eða fylgiskjölum, á árunum 1977 til september 1980 (incl.), (í grófum dráttum).

Ár	Drykkjusýki og/eða lyfjaneysla	Geðrænir sjúkdómar	Annað eða óljóst tilgreint
1977	45%	51%	4%
1978	43%	57%	
1979	26%	72%	2%
1980	19%	76%	5%

Fylgiskjal III.

Lögræðissviptingar frá 1915 til 1. júní 1982

Fjárræðissviptingar	33
Sjálfræðissviptingar	157
Fjárræðis- og sjálfræðissviptingar	127
Ekki upplýst um tegund sviptingar	19
Lögræðissviptingar alls	336

Brottnám lögræðissviptinga frá 1915 til 1. júní 1982

Fjárræðissviptingar	3
Sjálfræðissviptingar	29
Lögræðissviptingar	33
Brottnám lögræðissviptinga alls	65

Lögræðissviptingar skiptast eftir árum með eftirfarandi hætti

1915—19	1 lögræðissvipting
1920—29	6 lögræðissviptingar
1930—39	6 lögræðissviptingar
1940—49	29 lögræðissviptingar
1950—59	80 lögræðissviptingar
1960—69	102 lögræðissviptingar
1970—79	80 lögræðissviptingar
1980—82	29 lögræðissviptingar
Ekki upplýst um dags.	3 lögræðissviptingar

Samtals 336 lögræðissviptingar

Nd. 195. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið lagt á. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki síst illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi skattlagning skerðir samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, og benda má á að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi.

Gjald þetta hefur verið framlengt frá ári til árs, og í hvert sinn sem gjald þetta hefur verið framlengt hafa fylgt yfirlýsingar um að leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á annan hátt, en lítið orðið úr framkvæmdum. Nú ætti að vera betri grundvöllur til þess en nokkru sinni fyrr, þar sem mjög hefur dregið úr þeim mikla kostnaði, sem fylgt hefur mikilli raforkuframleiðslu með dísilkeyrslu. Lagning orkuflutningslína til Orkubús Vestfjarða og norður og austur um land hefur breytt fjárhagsstöðu Orkubúsins og RARIK. Þá má og benda á að með samningi ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um yfirtöku Landsvirkjunar á 132 kv stofnlínukerfi landsins (byggðalínunni) er tryggt að raforkuverð verði hið sama á öllum afhendingarstöðum stofnlínukerfisins um land allt.

Við lýsum óánægju okkar yfir því, að fjárhagsmál RARIK hafa verið látin reka á reiðanum. Árin 1979 og 1980 gerði RARIK tillögur um lausn á fjárhagsvanda fyrirtækisins. Þær tillögur voru tvíþættar: Annars vegar að óarðbærar framkvæmdir yrðu kostaðar af ríkissjóði. Hins vegar að gjaldskrá hækkaði í samræmi við verðbólgu. Á fjárlögum áranna 1979, 1980 og 1981 lagði ríkissjóður ríflega til óarðbærra (félagslegra) framkvæmda RARIK. Hins vegar vantar verulega upp á í fjárlögum 1982 og í fjárlagafrv. ársins 1983. 1980 og 1981 voru hækkanir á gjaldskrá undir verðbólgu, en nú hefur verið bætt úr því, þó að enn sé óleystur sá halli sem verið hefur í fyrirtækinu undanfarin ár. Rekstrarhalli 1981 var 24 millj. kr. og áætlaður halli 1982 41.4 millj. kr. Af þessu má sjá að því fer fjarri, að gerð hafi verið gangskör að því að leysa fjárhagsvanda RARIK. Vandanum er velt til framtíðarinnar á þessu sviði sem öðrum.

Með því að bæta fjárhagsstöðu RARIK mætti tryggja eðlilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins. Þar sem enn hefur ekki verið gerð gangskör að því að leysa fjárhagsvanda RARIK, þrátt fyrir margar yfirlýsingar þar um, viljum við ekki nú stofna fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða í óvissu, enda aðeins nokkrir dagar þar til heimildir til núverandi verðjöfnunargjalds renna út. Við viljum því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu, en viljum láta þessi sjónarmið koma fram.

Alþingi, 15. des. 1982.

Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. Jósef H. Þorgeirsson.

Nd. 196. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 frá 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Albert Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir ákvæði til bráðabirgða IV komi nýtt bráðabirgðaákvæði, V, er hljóði svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 1. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal á árinu 1983 óheimilt að hækka álagningu fasteignagjalds og eignarskatts á íbúðarhúsnæði um meira en sem nemur 42% af álagningu árið 1982.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73 frá 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, o. fl.

Sþ. 197. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]

um athugun á veiðileyfastjórn á fiskveiðum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera í samráði við **sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnsluaðila** tillögur um **veiðileyfastjórn á fiskveiðum,** þannig að **full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum** og **hagstæðustu útgerðarstaðir fái að njóta sín.** Hlutverk nefndarinnar sé að gera ítarlega athugun á mismunandi fyrirkomulagi veiðileyfastjórnar og meta líklega valkosti í samráði við ofangreinda hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá aðila sem nefndin telur rétt að kveðja til ráðuneytis. Nefndin skal skila tillögum sínum og greinargerðum til Alþingis og samtaka sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnsluaðila. Nefndinni er heimilt að ráða til sín sérfræðiaðila eftir því sem þörf er talin á. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, þá er íslenskur sjávarútvegur í ógöngum og á nú við mikla erfiðleika að stríða. Þessir erfiðleikar eru sjálfskapaðir. Fiskimiðin eru fullnýtt eða ofnýtt. Útgerðarkostnaður er of hár, ekki síst vegna óhóflegrar stækkunar fiskiskipastólsins í seinni tíð. Í aflahrotum fara mikil verðmæti í súginn. Gæðum sjávarafurða hefur hrakað, eins og nýleg dæmi sanna.

Það stjórnkerfi, sem beitt hefur verið, virðist augljóslega komið í þrot, því óhagkvæmni vex, arðsemi minnkar og gæðin rýrna, á sama tíma og gengið er á fiskstofna. Óhagkvæmnin, kostnaðaraukinn, léleg nýting og gæðafall bitnar á afkomu þjóðarinnar allrar, en þó sérstaklega þeirra sem sjóinn stunda eða vinna í fiskvinnslunni. Í þessum störfum þarf undirstaðan að vera traust, afkoma fyrirtækja og launakjör góð, þannig að störfin séu eftirsóknarverð og allir möguleikar til framfara nýtist.

Öfugþróun síðustu ára birtist í þjóðnýtingu tapsins. Þjóðin er látin borga reikning á reikning ofan þegar „vandinn" er reiknaður út á fárra mánaða fresti. Og þeir, sem verst standa sig, eru verðlaunaðir með styrkjum, t. d. í formi niðurgreiddra lánskjara. Á því sér engan enda. Hver skuldbindingin rekur aðra.

Framhald þessarar þróunar er líkleg til að leiða til síaukinnar miðstýringar og vaxandi óhagkvæmni, til tjóns fyrir allt atvinnulíf í landinu og lífskjör launafólks.

Þess vegna verður að teljast tímabært að leita nýrra stjórnunarleiða, kanna þær og meta og velja síðan það form sem farsælast sýnist. Fyrir hendi eru allumfangsmiklar rannsóknir á stjórnkerfinu í fiskveiðum, og þróun hagfræðikenninga á þessu sviði hefur verið nokkuð ör á undangengnum árum. Þessar rannsóknir og kenningar verður að skoða af gaumgæfni og meta með hliðsjón af reynslu okkar og aðstæðum.

Kanadamenn hafa tekið upp veiðileyfastjórn á fiskveiðum, en þeir hafa einmitt staðið framarlega á sviði rannsókna á stjórnkerfum á þessu sviði. Þessa reynslu þeirra og þekkingu er sjálfsagt að nýta. Kunnátta okkar og kunnugleiki á veiðileyfastjórn er takmarkaður. Málið verður að kanna fordómalaust, því að fáfræði og fordómar eru lélegur leiðarvísir.

Ekki er að efa að athugun á veiðileyfastjórn og tillögugerð þar að lútandi eru vandasamt viðfangsefni. Það krefst ítarlegrar kynningar og samráðs við margvíslega hagsmunaaðila. Verkið er því líklegt til að vera tímafrekt. Þeim mun nauðsynlgra er að hefja það sem fyrst og fá hina hæfustu aðila til þess að vinna við það.

Fyrirkomulag veiðileyfastjórnar getur augljóslega verið með margvíslegum hætti. Leyfin geta verið bundin við einn eða fleiri fiskstofna, við skip eða vinnslustöðvar og þau geta verið svæðisbundin. Stjórnarfyrirkomulag kerfisins getur enn fremur verið á ýmsa lund. Ein leiðanna er sú, að veiðileyfin séu seld. Í erindi, sem dr. Gylfi Þ. Gíslason hélt hinn 9. des. s. l. á vegum Stjórnunarfélags Íslands, lýsti hann m. a. þróun sjávarútvegs og færði rök fyrir slíku veiðileyfakerfi. Er hluti erindisins birtur sem fylgirit með þessari greinargerð til kynningar á þeim viðhorfum. Þetta er einungis ein leiðanna, og með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er ekki tekin afstaða til hennar. Það yrði m. a. hlutverk nefndarinnar að meta hana í samanburði við aðrar leiðir.

Athugun nefndarinnar verður að beinast að því að upplýsa kosti og galla mismunandi stjórnunaraðferða, svo að þær verði metnar á skynsamlegum grundvelli, því að höfuðmáli skiptir að velja það form sem líklegast er til þess að tryggja góða nýtingu fiskimiða, stuðla að gæðum og góðri nýtingu fiskafla og hagkvæmni og framþróun í veiðum og vinnslu. Hagstæðar útgerðaraðstæður og góður rekstur verða að fá að njóta sín. Skrifræði og miðstýringu verður því að sneiða hjá eftir mætti.

Sú þingsályktunartillaga, sem hér er flutt, hefur þann tilgang að kanna þessi mál ofan í kjölinn og hefja nú þegar undirbúning nýrra stjórnunaraðferða í fiskveiðum.

Fylgiskjal.

Hluti úr erindi dr. Gylfa Þ. Gíslasonar á Spástefnu Stjórnunarfélags Íslands, hinn 9. des. 1982. Erindið nefndist „Hugleiðingar um efnahagsstefnu stjórnvalda 1983". Í erindinu fjallaði dr. Gylfi m. a. um þróun sjávarútvegs og veiðileyfastjórn, þar sem gert er ráð fyrir sölu veiðileyfa. Sá hluti er hér birtur til kynningar á þeim viðhorfum:

Mönnum munu yfirleitt ljósar þær grundvallarbreytingar, sem orðið hafa í íslenskum efnahagsmálum á þessu ári og fyrirsjáanlegar eru á hinum næstu. Kjarni þeirra er, að hagvöxtur hefur stöðvast, viðskiptahalli hefur farið vaxandi og söfnun erlendra skulda er orðin mjög mikil, hvort sem borið er saman við gjaldeyristekjur eða þjóðarframleiðslu.

Ég álít, að það hljóti að teljast höfuðmarkmið efnahagsstefnu á komandi ári — og raunar komandi árum — að þjóðarframleiðslan taki aftur að aukast. Í því sambandi hlýtur sú spurning að vakna, hvers vegna aukning þjóðarframleiðslunnar hafi stöðvast. Um það hafa heyrst ýmsar skoðanir. Í stjórnmálaumræðu hefur því gjarnan verið haldið á loft, að

ýmsar ytri aðstæður hafi verið óhagstæðar: Afli hafi minnkað í ár, sölutregða hafi verið á ýmsum afurðum. Auðvitað hefur þetta valdið erfiðleikum. En þessar staðreyndir eru fjarri því að vera fullnægjandi skýring. Minnkun þjóðarframleiðslunnar hefur ekki komið skyndilega. Það hefur dregið úr aukningu hennar á undanförnum árum, þótt þjóðarframleiðslan hafi ekki beinlínis minnkað fyrr en á þessu ári og muni enn minnka á næsta ári. Það hefur verið nokkurra ára aðdragandi að því, sem er að gerast nú og mun gerast á næsta ári.

Ýmsum hefur orðið tíðrætt um þau áföll, sem Íslendingar hafa orðið fyrir tvívegis á síðast liðnum áratug, þ. e. olíuverðshækkanirnar tvær, sem bættust við tjónið vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum á fyrri hluta áratugarins. En sé litið á þróun ytri aðstæðna þjóðarbúsins á síðast liðnum áratug, má ekki gleyma því, að um miðjan áratuginn féll í skaut einn mesti búhnykkur sögu sinnar, þ. e. stækkun fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Sá lokasigur landhelgisbaráttunnar þýddi í reynd, að útlend veiðiskip hurfu af Íslandsmiðum, að Íslendingar sátu einir að auðlindum landgrunnsins umhverfis Ísland. Auðvitað hlaut þetta að þýða stórbætt skilyrði til aukinna fiskveiða Íslendinga. Enda varð sú raunin á. Í fyrra varð sjávarafli að magni til 90% meiri en hann hafði verið 1975. Iðnaðarframleiðsla varð 31% meiri. Landbúnaðarframleiðsla varð 2% minni, en magn þjóðarframleiðslunnar í heild hafði vaxið um 24%. Framleiðsla sjávarafurða óx m. ö. o. miklu meira en þjóðarframleiðslan í heild.

Hið sama kemur fram, ef athuguð er hlutdeild sjávarútvegs í þjóðarframleiðslunni. Hlutdeild veiða var árið 1975 6,5% og veiða og vinnslu samtals 13,5%. Á árunum 1979 og 1980 var hlutdeild fiskveiðanna um 9.5% og fiskveiða og fiskvinnslu 19–20%. Hlutdeild sjávarútvegs í þjóðarframleiðslunni jókst þannig verulega á þessu árabili.

Og hvernig hefur þróun verðlags útflutningsframleiðslunnar á þessu tímabili verið? Verðlag útflutningsframleiðslunnar var í fyrra 66% hærra en það var 1975.

Þegar þessar meginstaðreyndir eru hafðar í huga, hefði þá ekki mátt búast við því, að á undanförnum árum hefði skapast grundvöllur fyrir traustan vöxt þjóðarframleiðslu, aukinn hagvöxt? Reynslan hefur ekki orðið sú. Hagvöxturinn hefur farið minnkandi. Hann verður líklega neikvæðari á næsta ári en hann hefur orðið um langt skeið. Hver getur ástæðan verið?

Á þessu geta ekki verið nema tvær skýringar, sem eru nátengdar. Hér hefur verið 40—50% verðbólga á næsta ári í meira en áratug. Enginn ágreiningur virðist vera um það, að slík verðbólga sé skaðleg, þótt menn komi sér ekki saman um ráðstafanir til þess að hamla verulega gegn henni. En skaði verðbólgunnar hefur fyrst og fremst verið talinn fólginn í því, að hún valdi þjóðfélagslegu ranglæti, hún skaði sparifjáreigendur, en ívilni lántakendum. Auðvitað er þetta rétt. En á hitt hefur ekki verið lögð nægileg áhersla, sem er þó enn mikilvægara, að svona mikil verðbólga hvetur til rangra ákvarðana um fjárfestingu, — ekki rangra frá sjónarmiði þeirra einstaklinga, sem hafa aðstöðu til þess að fjárfesta, heldur frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, og þá ekki síður til rangra fjárfestingarákvarðana af hálfu opinberra aðila. Með þessum hætti veldur langvarandi, mikil verðbólga minnkun hagvaxtar, hún dregur úr vexti þjóðarframleiðslu. Það er þetta, sem smám saman hefur verið að gerast hér á landi á undanförnum árum.

Einhverjir kunna þrátt fyrir allt að draga réttmæti þessara staðhæfinga í efa. Ég ætla því að rökstyðja þær svolítið nánar og hafa enn hliðsjón af aðalatvinnuvegi Íslendinga, sjávarútveginum.

Á undanförnum áratugum hefur fjárfesting í sjávarútvegi vaxið mun örar en afrakstur útvegsins. Slíkt er auðvitað skýrt dæmi um óhagkvæma, ranga fjárfestingu. Hér er ekki um að ræða staðhæfingu, sem ég eða einhver einstakur hagfræðingur varpi fram á grundvelli einhverra einkarannsókna. Þessari staðhæfingu til staðfestingar ætla ég að leyfa mér að vitna

í opinbera skýrslu, sem mér vitanlega enginn hefur vefengt. Rannsóknaráð ríkisins skipaði á sínum tíma nefnd sérfræðinga til athugunar á málefnum íslensks sjávarútvegs. Hún birti skýrslu sína haustið 1975. Þar varaði nefndin mjög sterklega við óhóflegri stækkun fiskiskipaflotans. Hún benti á, að verðmæti fiskiskipaflotans hefði á árunum 1962—74 vaxið um 133%. Á sama tíma hafi aflaverðmætið hins vegar aukist um aðeins 29,5%. Hver króna, sem bundin hafi verið í fiskiskipum, hafi árið 1974 aðeins gefið af sér 55% af því, sem hún gerði 1962. Þá voru þær svonefndu „stjórnunarleiðir, sem farnar hafa verið til þess að takmarka sókn í fiskstofna, sem þörf hefur verið talin á að vernda, harðlega gagnrýndar, en þær hafa sem kunnugt er einkum verið fólgnar í ýmiss konar skömmtunaraðferðum, kvótum, lokun svæða o. s. frv. Mælti nefndin með hliðstæðum aðferðum og þeim, sem kunnar eru úr markaðsbúskap, þ. e. einhvers konar verðlagningu réttarins til þess að veiða fisk, þótt hún gerði sér fulla grein fyrir framkvæmdaörðugleikum í því sambandi. Ekkert tillit var tekið af hálfu stjórnvalda til þessara ábendinga, sem voru þó mjög vel rökstuddar.

Haustið 1981 skilaði önnur nefnd sérfræðinga á vegum Rannsóknaráðs ríkisins nýju áliti um sama efni. Þar er það harmað, að fyrri stefnu varðandi stækkun flotans og framkvæmd veiðitakmarkana skuli hafa verið haldið áfram, og lögð enn ríkari áhersla á nauðsyn stefnubreytingar, bæði að því er varðar fjárfestingu og aðferðir við stjórn fiskveiðanna.

Ekki verður því sagt, að á það hafi skort, að bent hafi verið opinberlega á það, að röng fjárfesting hafi átt sér stað í sjávarútvegi og að alvarlegir ágallar séu á þeirri stefnu, sem fylgt er í stjórn fiskveiðimála. En stjórnvöld hafa ekki tekið tillit til þessara varnaðarorða.

Ég skal nefna enn nýrri dæmi um það, að framleiðni í þjóðarbúskapnum hafi farið minnkandi á undanförnum árum, samfara því að verðbólga hefur farið vaxandi. Á árunum 1961—70, þegar verðbólga var 13%, jókst fiskafli um 28%, en heildarþjóðarframleiðslan jókst um 57%. Á árunum 1971—80, þegar verðbólga var 40% eða þrisvar sinnum meiri, jókst fiskaflinn miklu meira en á fyrra tímabilinu, eða um 48%, en heildarframleiðsluaukningin var hin sama, 57%. Enn skýrar kemur þetta sama í ljós í þeirri staðreynd, að aflaaukning varð miklu meiri á síðari hluta síðasta áratugar en hinum fyrri, en aukning þjóðarframleiðslunnar hins vegar minni. Á árunum 1977—78 jókst afli um 57%, en þjóðarframleiðsla aðeins um 17%.

Skýringar þessara staðreynda getur ekki verið að leita í öðru en minnkandi framleiðni í efnahagslífinu sem heild, fyrst og fremst sem afleiðingu óhagkvæmrar fjárfestingar.

Ef verðbólga og óhagkvæm fjárfesting eru aðalsök þess, að hagvöxtur á Íslandi hefur nú stöðvast, hlýtur meginviðfangsefni hagstjórnar á næsta ári og hinum næstu að verða það að draga úr verðbólgu, bæta hagkvæmni fjárfestingar og þá um leið að auka þjóðarframleiðslu. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt brýnasta verkefnið á þessu sviði sé að breyta þeirri stefnu, sem fylgt er við stjórnun fiskveiða. Rétturinn til fiskveiða er nú skammtaður. En hann er ókeypis. Hér er nú í raun og veru beitt nákvæmlega sömu aðferðum og á haftatímunum í utanríkisviðskiptum, þegar innflutningur var takmarkaður með leyfum, en þeim úthlutað ókeypis. Til skamms tíma mátti telja flesta fiskstofna í hafinu óþrjótandi auðlind. Þeir minnkuðu ekki vegna veiða. Þá var veiði eins skips ekki á kostnað neins annars skips. Þá mátti með réttu segja, að enginn ætti að greiða neitt fyrir fiskinn, sem veiddur væri. Slíkt hefur átt sér stað við landnám nýrra landa, hagnýtingu skóga, fund nýrra náma. Að vissu marki hefur hagnýtingin getað verið ókeypis, af því að hún skerti ekki hagsmuni neins annars, rýrði auðlindina ekki. En vitum við ekki öll, að þetta á ekki lengur við um fjölda fiskstofna í sjónum? Af hverju skyldum við annars takmarka sókn í þá? Er það ekki einmitt af því, að öllum er ljóst að sókn umfram visst mark skerðir auðlind í sjónum, að þá tekur einn frá öðrum? En á einn að fá að hagnýta verðmæti, sem annar gæti hagnýtt, án þess að greiða fyrir það? Ekki gildir sú regla á öðrum sviðum efnahagslífsins. Allir, sem hagnýta verðmæti, verða að greiða fyrir það. Munurinn er aðeins sá, að þau verðmæti, sem hagnýtt

eru í öðrum atvinnugreinum, eru í eign einhvers annars, sem þá auðvitað krefst greiðslu fyrir það. En í sjávarútveginum er verðmætið, sem er hagnýtt, sameign þjóðarheildarinnar. En á það þess vegna að vera ókeypis? Vitum við ekki öll, að allir fara betur með þau gæði, sem menn greiða fyrir, en hin, sem menn fá ókeypis?

Með því að skammta réttinn til fiskveiða játa stjórnvöld í raun og veru að takmarka verður hagnýtingu fiskstofnanna. Þá er spurningin aðeins sú, hvernig á að takmarka hann. Á að gera það eins og gert var á haftatímunum í innflutningsversluninni? Það er gert nú. En hvernig fórum við að því að afnema höftin í innflutningsversluninni? Við gerðum það með því að leiðrétta gengið, með því að láta neytendur greiða rétt verð fyrir erlendu vöruna. Þá gátu þeir valið milli ólíkra vörutegunda og innlendrar og erlendrar vöru. Tekjurnar nýttust betur. Fullnæging þarfanna jókst.

Nákvæmlega hið sama mætti gera með því að hætta að láta réttinn til fiskveiða, sem að verulegu leyti er háður beinum leyfum, hætta að vera ókeypis, til þess að geta hætt að skammta hann. Þá mundi veiðin smám saman færast í hendur þeirra, sem eru fengsælastir. Hagur þeirra mundi batna — og ekki aðeins þeirra, heldur þjóðarheildarinnar. Hér er ekki um að ræða neins konar skatt á útgerðina. Þótt veiðileyfi til allra veiða, þar sem takmarka þarf sókn, yrðu seld við einhverju verði og framsal þeirra heimilað, þyrfti andvirðið alls ekki að renna í ríkissjóð, hvað þá til annarra atvinnuvega. Útgerðin mætti eiga allar tekjurnar, ef hún notaði þær á hagkvæman hátt, t. d. til þess að greiða fyrir því, að hætt yrði rekstri óhagkvæmra skipa.

Ég álít, að einhver mesta óhagkvæmni, sem nú á sér stað í íslensku efnahagslífi, sé í því fólgin, hvernig of stórum flota er beitt til sóknar á takmarkaða fiskstofna og að vinnslugeta í landi er vannýtt. Leiðin út úr þessum ógöngum er fólgin í því að taka upp nýja stefnu í stjórn fiskveiðanna, hætta að gefa fiskinn í sjónum. Mér er vel ljóst, að hér er við mikla framkvæmdaörðugleika að etja. En á þeim er hægt að sigrast. Það á að vera eitt meginverkefni stjórnvalda á næsta ári og næstu árum.

Ed. 198. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til viðræðna Björn Friðfinnsson og Svein Ragnarsson. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum, sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Lárus Jónsson og Salome Þorkelsdóttir rita undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 16. des. 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.
Lárus Jónsson, með fyrirvara.	Helgi Seljan.	Jón Helgason.

Ed. 199. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. 28. gr. orðist svo:
   Lög þessi gilda frá 1. janúar 1983 til 31. des. 1987.
   Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 frá 1973, og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra, nr. 49 frá 1981, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 93 frá 1981.
2. 2. töluliður ákvæða til bráðabirgða falli brott.

Sþ. 200. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Ingólfi Guðnasyni, Ólafi G. Einarssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Salome Þorkelsdóttur, Jóni Helgasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Guðrúnu Helgadóttur, Vilmundi Gylfasyni, Davíð Aðalsteinssyni, Halldóri Blöndal og Friðjóni Þórðarsyni.

Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02 982 0106):

1.	Finnur Jónsson	80 000
2.	Guðmundur Daníelsson	80 000
3.	Guðmundur G. Hagalín	80 000
4.	Halldór Laxness	80 000
5.	Indriði G. Þorsteinsson	80 000
6.	Kristmann Guðmundsson	80 000
7.	María Markan	80 000
8.	Ólafur Jóhann Sigurðsson	80 000
9.	Sigurjón Ólafsson	80 000
10.	Snorri Hjartarson	80 000
11.	Stefán Íslandi	80 000
12.	Svavar Guðnason	80 000
13.	Tómas Guðmundsson	80 000
14.	Valur Gíslason	80 000
15.	Þorvaldur Skúlason	80 000
		1 200 000

Nd. 201. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta er flutt í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst s. l. um aðgerðir í efnahagsmálum. Yfirlýsingin fylgdi bráðbirgðalögum ríkisstjórnarinnar og segir í henni að aðgerðir stjórnarinnar markist af eftirtöldum fjórum meginmarkmiðum:

„Í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd.

Í öðru lagi að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

Í þriðja lagi að verja lægstu laun, eins og unnt er, fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í þjóðartekjum.

Í fjórða lagi að veita viðnám gegn verðbólgu."

Í inngangi yfirlýsingarinnar segir m. a. að skerðing þjóðartekna á næsta ári verði 5—6%. Ríkisstjórnin taldi að við þessar aðstæður væri helmingsskerðing verðbóta á laun nauðsynleg forsenda þess, að meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar yrði náð. Verðbótaskerðing þessi hefur nú komið til framkvæmda með sérstökum 7.71% frádrætti við útreikning kaupgjaldsvísitölu 1. desember s. l.

Í ljósi þessarar forsögu ber að skoða frumvarp ríkisstjórnarinnar um lengingu orlofs sem og frumvarp til laga um að gera frídag verslunarmanna að almennum og lögboðnum frídegi.

Samtök vinnumarkaðarins hafa ætíð mótmælt einhliða íhlutun stjórnvalda í frjálsan samningsrétt aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur Alþýðusambandið mótmælt ákvæðum bráðabirgðalaganna um skerðingu verðbóta, og samtök atvinnurekenda hafa harðlega gagnrýnt áform stjórnvalda um almenna lengingu orlofs. Verður að telja að stjórnvöld hafi með aðgerðum sínum í þessu efni enn á ný farið út á mjög varhugaverða braut. Með annarri hendi skerða þau það kaupgjald, er aðilar hafa samið um, en með hinni breyta þau ákvæðum um orlof, sem talið hefur verið til mikilvægari samningsatriða í kjarasamningum á vinnumarkaði. Í því sambandi má geta þess, að lög nr. 87/1971 voru samin í fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar jafngilda því í raun, að hún hafi tekið sér alræðisvald í kjaramálum og þannig kippt stoðum undan samningsfrelsi atvinnurekenda og launþega. Þessi afstaða ríkisstjórnarinnar er því til þess fallin að leysa aðila vinnumarkaðarins undan ábyrgð á gerð og efndum kjarasamninga. Sjálfstæðismenn eru í grundvallaratriðum andvígir þessum vinnubrögðum og telja að ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á efni gerðra kjarasamninga sé ein af veigameiri forsendum þess, að árangurs sé að vænta í baráttunni við verðbólguna. Afskipti ríkisstjórnarinnar hljóta því að auka enn á þá efnahagslegu upplausn, er einkennt hefur starfstíma þessarar ríkisstjórnar.

Fjármálaráðherra samdi við BSRB um lengingu orlofs **eftir að** efnahagsaðgerðirnar voru ákveðnar í ágúst. Sá samningur hefur síðan verið notaður til þess að knýja fram samþykkt á frumvarpinu. Með þeim samningi hefur ríkisvaldið tekið á sig ábyrgð í þessum efnum og í raun sett löggjafarvaldinu óeðlilegar skorður.

Nefndin leitaði eftir áliti aðila vinnumarkaðarins á efni frumvarpsins. Í umsögnum ASÍ, fylgiskjali I og II, kemur fram að sambandið mælir með samþykkt frumvarpsins, en jafnframt er lýst áhyggjum af misræmi milli þeirra, er njóta orlofslauna, og hinna, er njóta

orlofsfjár, er leiða mun af samþykkt frumvarpsins nú á næsta orlofstökutímabili. Munu þeir fyrrnefndu njóta nálega fjórfalds réttar á við hina, þar sem svo mjög er liðið á orlofsárið.

Í umsögn VSÍ um frumvarpið, fylgiskjölum III og IV, kemur fram að sambandið telur að fjölgun frídaga muni leiða til ríflega 2% samdráttar heildarvinnutíma, og telur sambandið það leiða til nokkru minni samdráttar þjóðartekna. Á fundi nefndarinnar með forsvarsönnum VSÍ kom fram, að þeir telja að orlofslengingin ein sér muni leiða til ríflega 6% meiri verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs en ella mundi verða. Umsögn VSÍ hefur verið borin undir Þjóðhagsstofnun, og hefur hún staðfest að orlofslengingin muni leiða til kostnaðarauka atvinnurekstrarins og þar með til aukinnar verðbólgu. Í umsögninni kemur ekki fram töluleg vefenging á fullyrðingum VSÍ í þessu efni.

Það er því kostulegur hráskinnaleikur að skera niður launakostnað fyrirtækja með annarri hendi, en auka hann með hinni, og það þannig að draga mun úr framleiðslu. Verður ekki séð að kostnaður atvinnulífsins af völdum orlofslengingar sé annars eðlis en sá launakostnaður er ríkisstjórnin taldi atvinnureksturinn ekki færan um að bera. Niðurstaðan er þó ljóslega sú, að kaupmáttur launþega eykst ekki af völdum orlofslengingarinnar, — þeir fá ekki hærra kaup á áformuðum frídögum.

Undirrituðum virðist því einsýnt að frumvörp ríkisstjórnarinnar um orlofsmál og frídaga séu í beinni andstöðu við þau sjónarmið er ríkisstjórnin taldi réttlæta skerðingu verðbóta á laun. Þessi frumvörp eru því enn eitt dæmið um hringlandahátt og hrossakaup við framgang svonefndrar stjórnarstefnu.

Sé litið til einstakra ákvæða frumvarpsins, þá vekur það fyrst athygli, að ríkisstjórnin hefur valið orlofslengingunni það form, að frumvarpið mun færa þeim mest er mest hafa fyrir. Það að fella niður laugardaga við talningu orlofsdaga leiðir til þess, að þeir starfshópar, er einungis njóta lágmarksorlofs, fjögurra vikna, munu fá 4 daga til viðbótar, en hinir, sem meiri rétti hafa náð fram, t. d. 7 vikum, munu fá 7 daga. Breytingartillaga meiri hl. nefndarinnar setur raunar hámark við þessu misrétti, þannig að engir fái meira en 5 daga að auki.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, hefði án efa verið skynsamlegra að fresta orlofsbreytingunni, en draga úr verðbótaskerðingunni á móti, eins og margoft hefur verið bent á.

Þrátt fyrir þá staðreynd, að ríkisstjórnin hafði misst starfhæfan meiri hluta á Alþingi þegar hún efndi til efnahagsaðgerðanna í ágúst, tók hún afstöðu til þessa máls, án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuna.

Undirritaðir lýsa því fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í þessu máli, bæði hvað varðar efni og málsmeðferð. Afgreiðsla þess hefur tafist vegna ágreinings innan ríkisstjórnarinnar um fylgifrumvörp með bráðabirgðalögunum — einkum svokallað viðmiðunarfrumvarp, sem enn hefur ekki fengið afgreiðslu í ríkisstjórn.

Minni hluti nefndarinnar áskilur sér að sjálfsögðu rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nánar verður gerð grein fyrir afstöðu minni hluta félagsmálanefndar í framsöguræðu.

Alþingi, 16. des. 1982.

Friðrik Sophusson, frsm. Eggert Haukdal. Steinþór Gestsson.

Fylgiskjal I.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 19. 11. 1982.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Nd. Alþingis tvö frumvörp, þ. e. frv. um að fyrsti mánudagur í ágúst verði almennur frídagur og frumvarp um að laugardagar verði ekki taldir með í orlofi.

Miðstjórn fjallaði um þessi frumvörp á fundi sínum 17. nóv. s. l. og var þar einróma samþykkt að mæla eindregið með frumvörpunum og að leggja áherslu á skjóta afgreiðslu þeirra.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands,
Kristín Mäntylä.

Fylgiskjal II.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. desember 1982.

Með bréfi dags. 9. desember 1982 óskar Jóhanna Sigurðardóttir, formaður félagsmálanefndar neðri deildar, umsagnar Alþýðusambands Íslands um breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Annars vegar er í breytingartillögunni gert ráð fyrir því að afmarka fjölda laugardaga, sem ekki teljist til orlofs, við 5 laugardaga. Hins vegar er skilgreind heimild til skiptingar orlofs með kjarasamningi og lögfest að sá hluti orlofs, sem tekinn er utan orlofstímabils, lengist um ¼ ef orlofsþegi nýtur ekki lengra orlofs en lögin kveða á um.

Með kjarasamningum í ágúst s. l. tryggði ríkisvaldið opinberum starfsmönnum lengingu orlofs á næsta ári og hækkun orlofsfjár frá 1. desember 1982. Hliðstæðir samningar hafa síðar verið gerðir á vettvangi sveitarfélaga. Fram komnu stjórnarfrumvarpi um breytingu á lögum um orlof er ætlað að tryggja almennu launafólki hliðstæðan lágmarksrétt. Alþýðusambandið bendir á að þessi lagabreyting mun á næsta ári leiða til aukins misræmis á milli fastráðinna starfsmanna, sem njóta launa eins og þau verða þegar orlof er tekið, og hinna, sem fá greitt orlofsfé í prósentum af kaupi liðins orlofsárs. Fastráðnir starfsmenn munu þegar á næsta ári njóta að fullu lengingar á orlofi, hvað snertir föst laun. Þeir, sem lausráðnir eru, njóta lengingarinnar aðeins að hluta eða frá þeim tíma er lögin leiða til hækkunar orlofsfjár. En lausráðnir starfsmenn eru mun fleiri á samningssviði ASÍ.

Alþýðusambandið lýsir áhyggjum sínum vegna þeirra tafa sem orðið hafa á afgreiðslu frumvarpsins. Í kjölfar samninganna við opinbera starfsmenn hvílir sú siðferðilega skylda á Alþingi að sjá til þess, að almennt verkafólk fái notið þeirra auknu réttinda sem þar eru tryggð, þannig að ekki verði aukið á þann mismun sem er á lengd orlofs hjá opinberum starfsmönnum og almennu launafólki. Það er því skýlaus krafa Alþýðusambands Íslands, að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað svo sem mest má verða.

Eftir atvikum getur Alþýðusambandið fallist á þær breytingartillögur, sem það hefur hér fengið til umsagnar, í trausti þess, að frumvarpið verði þannig afgreitt án frekari tafa.

F. h. Alþýðusambands Íslands,
Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal III.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Vinnuveitendasamband Íslands hefur borist bréf yðar, dags. 9. nóv. s.l., þar sem leitað er eftir afstöðu sambandsins til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 87/1971, um orlof, og um breytingu á lögum nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, sbr. lög nr. 25/1971.

Áformaðar breytingar.

Í nefndum frumvörpum felast tillögur um neðantaldar breytingar á gildandi lögum, sem og ýmsum samningum á almennum vinnumarkaði:

1. Orlof lengist um 4—7 daga, mismunandi eftir starfsstéttum.
2. Allt orlofið, þ. e. 28 virka daga, skal veita í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september.
3. Orlofsfé verði að lágmarki 10.17% af launum.
4. Frídögum fjölgi um einn.

Vinnuveitendasamband Íslands lýsir sig andvígt efni nefndra frumvarpa.

Samdráttur þjóðartekna um 1.5%.

Minnir sambandið á, að á þessu ári hefur orðið verulegur samdráttur í þjóðarframleiðslu og horfur eru á enn frekari samdrætti á næsta ári. Við minnkandi þjóðarframleiðslu er engin ein aðgerð jafn-óróknétt og lenging launaðra fría. Hagdeild VSÍ hefur metið áhrif þessa á heildarvinnutíma landsmanna. Samkvæmt því leiða frumvörp þessi, ef samþykkt verða, til 2.18% samdráttar heildarvinnutíma. Er þá ekki gert ráð fyrir aukinni yfirvinnu frá því sem nú er. Samdráttur þessi mun að mati VSÍ leiða af sér nálega 1.5% minnkun þjóðartekna á mann, frá því sem ella mundi verða. Ákvörðun Alþingis um lengingu orlofs jafngildir því í raun 1.5% kjaraskerðingu umfram það, er aðrar aðstæður kunna að leiða af sér.

Ákvörðun um skerðingu þjóðartekna.

Af hálfu stjórnvalda hefur því verið haldið fram, að fjölgun greiddra frídaga jafngildi kauphækkun launþegum til handa.

Lækkun launatekna.

Þetta er að sjálfsögðu blekking. Kaupmáttur eykst ekki við það eitt að leggja niður vinnu. Hið sanna er, að heildartekjur launþega munu minnka um nálega 0.4% vegna niðurfalls vinnu, þ. e. dag- og yfirvinnu, á áformuðum frídögum. Þetta gerist nema því aðeins að yfirvinna aukist á öðrum tímum árs. Vísast um þetta til yfirlýsingar VSÍ frá 1. 11. s.l., fylgiskjal I.

Rýrnun kaupmáttar um 1.5%.

Samdráttur þjóðartekna, er leiðir af minnkun þjóðarframleiðslu, ásamt með lækkun launatekna um 0.4%, mun leiða til rýrnunar kaupmáttar um allt að 1.5%. Er þar byggt á athugunum hagdeildar VSÍ nú síðustu daga, og er við það miðað að framleiðslutap bætist ekki með aukinni yfirvinnu utan orlofstímans.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um orlofsaukningu segir að frumvarpið stefni að „samræmingu lágmarksorlofs hjá öllum launamönnum".

Skopleg samræming.

Er þar m. a. vísað til samninga við opinbera starfsmenn, er ríkisstjórnin stóð að á liðnu hausti. Samningar þessir voru gerðir í kjölfar efnahagsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst s.l. Í henni var m. a. ákveðið að ríkisstjórnin mundi standa að áðurgreindri orlofslengingu. Fyrsti þáttur í efndum þess fyrirheits birtist í samningum við BSRB. Það er því skoplegt í meira lagi að vísa til þessara samninga um nauðsyn samræmingar.

Ójöfnuður ekki jöfnuður.

Vinnuveitendasambandið fær á hinn bóginn ekki séð að samræming orlofsréttar leiði af samþykkt frumvarpsins. Þannig fjölgar orlofsdögum verkafólks um 4, eða úr 24 virkum dögum í 28, meðan orlofsdögum t. d. flugstjóra fjölgar um 7, eða úr 43 virkum dögum í 50.

Lög, sem færa einni stétt 4 daga, en annarri 7, verða tæpast talin leiða til jöfnunar. Fleiri dæmi af sama toga má nefna. Um orlofsrétt einstakra starfsstétta vísast til fylgiskjals II. Það er því einnig blekking, að stefnt sé að kjarajöfnun á þessu sviði.

Stystur vinnutími á Íslandi.

Við umræðu hefur verið látið að því liggja, að almennt orlof launþega hér á landi sé skemmra en í nálægum löndum. Slíkar fullyrðingar eru mjög villandi. Eðlilega eru það virkar dagvinnustundir á ári, sem segja til um vinnu- og frítíma launþega.

Þannig kemur fram á fylgiskjali III, að virkar dagvinnustundir íslenskra launþega eru 1710,98 á ári. Á hinum Norðurlöndunum eru virkar dagvinnustundir hins vegar frá 1815 til 1849 eða 6.5%—7.3% fleiri.

Nái frumvörp um fjölgun orlofsfrídaga fram að ganga eykst munurinn enn og munu nágrannaþjóðirnar þá skila nær 10% meira vinnuframlagi, m. v. heilt ár, í dagvinnu, sbr. fylgiskjal IV.

Efnahagsaðgerð?

Greiddar frístundir á ári yrðu þá alflestar hér á landi, sbr. fskj. V. Hlyti slík aukning að teljast grátbrosleg með tilliti til aðsteðjandi efnahagsvanda, og það því fremur að frumvörp þessi eru þáttur í efnahagsaðgerðum stjórnvalda.

Samkvæmt gildandi lögum um orlof skal skylt að veita a. m. k. 21 orlofsdag, þ. e. 3½ viku, í einu lagi á orlofstímabilinu frá 2. maí til 15. september.

Stytt orlofstímabil.

Í 2. grein frv. til laga um breytingu á lögum um orlof er gert ráð fyrir að allt orlofið skuli veitt í einu lagi á áðurgreindu tímabili.

Fyrir hvern?

Engin rök eru færð fram fyrir breytingu þessari, og er Vinnuveitendasambandinu ekki kunnugt um að verkalýðsfélögin hafi sett fram kröfur hér að lútandi.

Verður því að ætla, að tillaga þessi sé fram komin sökum þekkingarskorts á atvinnuháttum hér á landi eða vilja og/eða getuleysi til að setja sér fyrir sjónir hinar afar mismunandi þarfir atvinnulífsins og þá erfiðleika, sem eru því samfara að veita orlof innan þeirra þröngu tímamarka sem nú eru, hvað þá heldur yrðu þessi mörk enn þrengd frá því sem nú er.

Vinnuveitendasambandið lítur svo á, að í tillögu þessari felist tilræði við þá atvinnustarfsemi, er byggir alla sína afkomu á skammvinnri sumarvertíð. Er hér fyrst og fremst um að ræða bygginga- og verktakastarfsemi, ferðamannaþjónustu og flugstarfsemi, sem og ýmsar greinar sjávarútvegs.

Þessar atvinnugreinar eru einkum af veðurfarslegum ástæðum algerlega háðar því, að starfsemin geti gengið snurðulaust yfir sumarmánuðina. Gildir þetta því fremur hér á landi en víðast annars staðar. Þrátt fyrir það hafa þessar atvinnugreinar verið bundnar við 21 dags orlof á háannatímanum. Skýtur hér næsta skökku við, þar sem Norðmenn og Danir miða í þessu efni við 3 vikur og frávik þar frá, ef rekstrarlegar ástæður krefjast, sbr. gildandi ákvæði norskra og danskra laga, fylgiskjal VI.

Verður með engu móti séð að launþegar hafi hag af breytingum, er tvímælalaust geta stefnt atvinnuöryggi í tvísýnu. Væri nær að breyta umræddum ákvæðum til samræmis við það, er gildir hjá nálægum þjóðum, — þ. e. þrjár vikur.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vekja athygli á frumvarpi Vilmundar Gylfasonar o. fl. um breytingu á orlofslögunum sem í raun leiðir til 1½ mánaðar styttingar á orlofstökutímabilinu.

Næðu frumvörp þessi bæði fram að ganga, væri mjög vegið að grundvelli byggingariðnaðar, virkjanaframkvæmda, ferðamannaþjónustu, og síðast en ekki síst flugstarfsemi, en jafnframt væri önnur atvinnustarfsemi gerð torveld mjög yfir sumartímann.

Vill VSÍ sérstaklega benda á, að þjálfað starfslið er ekki tiltækt í mörgum atvinnugreinum og takmarkað, hvað yfirvinna annarra getur hér leyst úr vandanum.

Eitt af aðildarfyrirtækjum VSÍ, Flugleiðir hf., hefur gert könnun á því, hvaða áhrif frumvörp þessi hefðu á flugstarfsemi félagsins.

Könnun Flugleiða, 15.5% kostnaðarauki.

Niðurstöður könnunar þessarar eru í meginatriðum þær, að kostnaður einungis vegna fjölgunar flugmanna og flugvélstjóra, færslu milli starfa og véla, ásamt nauðsynlegri þjálfun og öðrum tengdum kostnaði, svari til 6 692 þús. kr. á næsta ári vegna fjölgunar frídaga. Ef sumarorlofsdögum fjölgar skv. 2. grein frumvarpsins ykist kostnaður enn mjög verulega og yrði 16 154 þús. kr. og svarar það til 15.5% af heildarlaunakostnaði þessara starfshópa. Næði frumvarp Vilmundar Gylfasonar o. fl. fram að ganga hefði það enn frekari kostnað í för með sér. Þar við bætist, að allsendis óvíst er, að unnt verði að fá og þjálfa nýja flugliða. Er hér við það miðað, að nýráðnir starfsmenn verði fastir starfsmenn félagsins allt árið. Stafar það af því, að mjög torvelt mun reynast að ráða og þjálfa sérþjálfaða starfsmenn til starfa í 3—4 mánuði í senn ár hvert. Starfsemi félagsins væri því stefnt í stórkostlega tvísýnu. Vísast hér um til greinargerðar Flugleiða hf., fylgiskjals VII.

Með vísan til þessa varar VSÍ mjög ákveðið við áformum um breytingar á reglum um orlofstöku og orlofstímabil.

Í ljósi alls framanritaðs ítrekar Vinnuveitendasambandið andstöðu sína við frumvörp um fjölgun orlofs- og frídaga og áréttar að orlofsmál eru viðfangsefni frjálsra samninga aðila vinnumarkaðarins.

Jafnframt því, að umsögn þessi er látin í té, vill VSÍ beina því til nefndarinnar, að það fái tækifæri til að koma munnlega á framfæri við nefndina frekari skýringum og rökstuðningi.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Pálsson.

Fylgiskjal IV.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Vinnuveitendasambandi Íslands hefur borist breytingartillaga sú við fyrirliggjandi frumvarp til laga um breytingu á orlofslögum, er fylgdi bréfi yðar dags. 9. desember s.l.

Vinnuveitendasambandið fær enn ekki séð, að það ákvæði áðurnefnds frumvarps, að laugardagar skuli ekki teljast til orlofsdaga, leiði til jöfnunar orlofsréttar. Samkvæmt frumvarpinu fjölgar orlofsdögum verkafólks um 4, eða úr 24 virkum dögum í 28, meðan t. d. orlof flugstjóra lengist um 7 daga, eða úr 43 dögum í 50.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir, að einungis 5 fyrstu laugardagarnir í orlofi teljist ekki til orlofsdaga.

Breyting þessi felur það í sér, að þeir, er nú njóta 4 vikna orlofs, fengju 4 daga orlofslengingu, en þeir, er hafa 5 vikna orlof eða lengra, mundu fá 5 daga orlofsauka. Breytingin leiðir því ekki til jöfnuðar í orlofsrétti, en setur hins vegar hámark við ójöfnuðinum. Orlofsdögum verkafólks mundi skv. ákvæðinu þannig breyttu fjölga um 4, eða úr 24 í 28, en flugstjórar nytu skv. þessu 5 daga orlofsauka, og lengist því orlof þeirra úr 43 dögum í 48. Breytingartillagan er því til þess fallin að takmarka hámark misréttisins í þessu efni.

Vinnuveitendasambandið lítur því enn svo á, að frumvarp ríkisstjórnarinnar leiði ekki til jöfnunar orlofsréttar, heldur raunar þvert á móti. Breytingartillagan takmarkar að sönnu ójöfnuðinn, en tryggir hann eigi að síður.

Í 2. grein breytingartillögunnar er tekið inn heimildarákvæði til handa aðilum kjarasamninga, þess efnis, að heimilt sé að semja um frávik frá þeirri almennu kröfu frumvarpsins, að allt orlofið skuli tekið í einu lagi á sumarorlofstímanum. Þetta gildi þó einungis þar sem sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt, s. s. í flugsamgöngum.

VSÍ fagnar því, að þingnefndarmenn hafa séð, að fortakslaus krafa um að allt orlofið skuli veitt í einu lagi á sumarorlofstímanum getur ekki átt við í öllum atvinnugreinum. Hér er á hinn bóginn alls ekki um sérstakt vandamál flugrekstrarins eins að ræða. Sömu sjónarmið eiga við um þjónustugreinar af ýmsu tagi, sem og veiðar og vinnslu, en ekki síst verklegar framkvæmdir, einkum í byggingariðnaði. Vísast hér um til umsagnar sambandsins frá 19. nóvember s.l.

Þá skal og vakin athygli á því, að skv. 3. mgr. 4. greinar gildandi laga er heimilt að semja um aðra skipan orlofstöku en lögin gera ráð fyrir. Breytingartillagan gerir því einfalt mál flókið. Eðlilegast er að bregðast við áðurnefndum vanda íslensks atvinnulífs með því að ákveða lágmark samfellds sumarorlofs, líkt og gert er í gildandi löggjöf. Er þá eðlilegt að miða við sömu reglu og gildir í nálægum löndum, þ. e. að samfellt sumarorlof skuli vera a. m. k. 3 vikur. Aðilum væri þá í sjálfsvald sett að semja um frávik þar frá, eftir því sem aðstæður leyfa í hverri atvinnugrein.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir lögbundinni lengingu orlofs, sem tekið er utan sumarorlofstímans. Hér er um nýtt ákvæði að ræða, sem árum saman hefur verið fjallað um í samningum á almennum vinnumarkaði. Minnir sambandið á, að þeir samningar gilda um alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, sbr. lög nr. 55/1980. Ákvæði þetta er því óþarft með öllu og til þess eins fallið að skerða enn frekar samningsfrelsi aðila vinnumarkaðarins.

Vinnuveitendasambandið áréttar enn andstöðu sína við einhliða íhlutun stjórnvalda í frjálsan samningsrétt aðila vinnumarkaðarins og mælir gegn samþykkt framkominna frumvarpa um lengingu orlofs og fjölgun frídaga.

Virðingarfyllst,

Þórarinn V. Þórarinsson.

Fylgiskjal V.

Orlofsákvæði kjarasamninga ýmissa starfsstétta.

Byggingamenn samningur nóv. 81. Almennt: 24 dagar 8,33%.

Bólstrarar og húsgagnasmiðir, eftir 5 ár í iðngrein 27 dagar 9,33%.

Trésmiðafélag Akraness laugardagar reiknast ekki sem orlofsdagar.

Byggingamenn, samningur júní 82. Viðbót: Byggingamenn (allir) eftir 5 ára starf í iðninni + 3 dagar eða alls 27. Aukist orlofsréttur almennt > samsvarandi breyting hjá byggingamönnum.

Málm- og skipasmiðir Almennt: 24 dagar — 8,33%.

Verkamenn Almennt: 24 dagar — 8,33%.

Verslunarmenn Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki 27 dagar — 9,47%.

Iðju-verksmiðjufólk Almennt: 24 dagar — 8⅓%, eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki 25 dagar — 8,71%, eftir 15 ára starf hjá sama fyrirtæki — 27 (28) dagar — 9,47%.

Starfsfólk í veitingahúsum Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ár hjá sama vinnuveitanda 25 dagar — 8,66%, eftir 10 ár hjá sama vinnuveitanda 27 dagar — 9,33%.

Starfsfólk í gestamóttöku Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki 27 dagar — 9,47%.

Matreiðslumenn Almennt: 24 dagar — 8⅓%, eftir 2 ár í iðninni 25 dagar — 8⅔%, eftir 3 ár í iðninni 27 dagar — 9⅓%, eftir 3 ár hjá sama vinnuveitanda 29 dagar — 10%.

Framreiðslumenn Almennt: 24 dagar 8⅓%, eftir 2 ár í iðninni 25 dagar — 8⅔%, eftir 3 ár í iðninni 27 dagar — 9½%, eftir 3 ár hjá sama vinnuveitanda 29 dagar — 10%.

Kjötiðnaðarmenn Almennt: 24 dagar — 8,33%.

Mjólkurfræðingar Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ár 26 dagar — 9%, eftir 20 ár 28 dagar — 9,6%.

Bakarasveinar Almennt: 24 dagar — 8,33%.

Hárgreiðslusveinar Almennt: 24 dagar — 8,33%.

Prentarar Eftir 1 ár í sömu prentsmiðju 25 dagar — 8,71%, eftir 12 ára starf í iðninni 28 dagar — 9,86%.

Bókbindarar Eftir 1 ár samfleytt í sama fyrirtæki 25 dagar, eftir 12 ár í iðninni 28 dagar.

Blaðamenn Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ár í starfi 27 dagar — 9,35%.

Vélstjórar í frystihúsum og verksmiðjum Almennt: 24 dagar — 8⅓%, eftir 15 ár hjá sama vinnuveitanda samfellt 27 dagar — 9⅓%.

Verkstjórar Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ára starf á almennum vinnumarkaði, þar af minnst 5 ár hjá sama vinnuveitanda 27 dagar — 9,47%.

Skipstjórar Almennt: 34 almanaksdagar — 10,64%.

Stýrimenn Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

Vélstjórar Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

Loftskeytamenn Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

Brytar Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

Matreiðslumenn á farskipum Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 2 ára starfsaldur 25 dagar — 8,66%, eftir 3 ára starfsaldur 27 dagar — 9,47%.

Hásetar Almennt: — 8,33%, eftir 5 ár — 8,71%, eftir 8 ár — 9,47%.

Þernur Almennt: 24 dagar — 8,33%.

Flugfreyjur Almennt: 36 dagar — þar af 16 á sumri, eftir 10 ár 37 dagar — þar af 17 á sumri, eftir 15 ár 40 dagar — þar af 18 á sumri, eftir 20 ár 43 dagar — þar af 20 á sumri.

Flugmenn Almennt: 36 dagar — þar af 16 á sumri, eftir 10 ár 37 dagar — þar af 17 á sumri, eftir 20 ár 43 dagar — þar af 20 á sumri.

Flugvélstjórar Almennt: 36 dagar — þar af 16 á sumri, eftir 10 ár 37 dagar — þar af 17 á sumri, eftir 20 ár 43 dagar — þar af 20 á sumri.

Flugumsjónarmenn Almennt: 24 dagar — 8⅓%, eftir 10 ára starf 27 dagar — 9⅓%.

Flugvirkjar Almennt: 24 dagar — 8⅓%, eftir 10 ára starf hjá sama atvinnurekanda 27 dagar — 9⅓%, eftir 15 ára starf hjá sama atvinnurekanda 30 dagar — 10%.

Fylgiskjal VI.

FLUGLEIÐIR

Reykjavík, 19. nóvember 1982.

Vinnuveitendasamband Íslands,
Garðastræti 41,
Reykjavík.

Fyrir neðri deild Alþingis liggur nú stjórnarfrumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 87-1971 um orlof. Í því felast eftirfarandi breytingar (þskj. 56):

1. Laugardagar og sunnudagar teljast ekki með við útreikning orlofsdaga.
2. Orlof skal veitt í einu lagi á orlofstímabilinu (2/5 til 15/9).

Enn fremur þingmannafrumvarp (þskj. 57) um styttingu orlofstímabils um einn og hálfan mánuð.

Samkvæmt stjórnarfrumvarpi þessu hagnast þeir mest, sem í dag hafa lengst orlof, og langt umfram hinn almenna launþega.

Dæmi:

Þeir, sem í dag hafa 24 daga orlof fá +4 viðbótardaga
27 daga orlof fá +4 viðbótardaga
30 daga orlof fá +5 viðbótardaga
36 daga orlof fá +6 viðbótardaga
40 daga orlof fá +6 viðbótardaga
43 daga orlof fá +7 viðbótardaga

Fylgiskjal sýnir væntanlega aukningu orlofs flugmanna og flugvélastjóra.

Verði nú lögbundin hér á landi ákvæði, er hafa í för með sér lengingu orlofs, og jafnframt skyldu um veitingu þess á tiltölulega stuttu tímabili ársins, mundi slíkt óhjákvæmilega hafa í för með sér að íslensk flugfélög yrðu enn verr í stakk búin til að mæta samkeppni frá erlendum félögum. Á það bæði við um áætlunarflug og leiguflug til og frá landinu og á erlendum mörkuðum. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, hversu ferðaþjónusta hér á landi og þar með talin almenn starfsemi flugfélaga er árstíðabundin. Það eru 3—4 sumarmánuðir sem hafa allt að segja og á þeim tíma verður að vera unnt að nýta þekkingu sértæknimenntaðs starfsfólks. Á öðrum mánuðum er mun minna um að vera. Félagið hefur miðað sínar áætlanir og flugflota við þetta og hefur almennt ekki fækkað flugliðum yfir vetrarmánuðina, þótt slíkt væri unnt.

Stjórnarfrumvarp þskj. 56.

Verði þetta frumvarp að lögum, þá verður viðbótarkostnaður félagsins vegna orlofslengingar 164 flugmanna og flugvélstjóra félagsins þessi: kr. 16 154 000 á 1. ári sem er 15.5% hækkun.

Flugmenn fá 42 daga orlof á ári.

Flugstjórar fá 50 daga orlof á ári.

Ráða þyrfti 19 aukaflugliða.

Þingmannafrumvarp þskj. 57.

Viðbótarkostnaður á fyrsta ári kr. 51 032 000.

Kostnaðarhækkun 49%.

Ráða þyrfti 60 aukaflugliða.

Afleiðingar.

Afleiðingin verður sú, að félagið yrði að fækka ferðum um háannatímann. Það hefði jafnframt í för með sér fækkun ráðninga annarra starfsmanna, þ. á m. meðlima Flugfreyjufélags Íslands, V.R., V.S., Dagsbrúnar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Verkakvennafélags o. fl.

Samkeppnismöguleikar minnka og atvinnutækifæri sömuleiðis.

Athugasemdir:

Ítrekað skal að hér er einungis um að ræða kostnað vegna orlofsaukningar 164 starfsmanna, sem hafa sérstöðu vegna sérþjálfunar. Eðlilega hefur orlofsaukning kostnaðaraukandi áhrif vegna hinna u. þ. b. 900 fastráðinna starfsmanna félagsins, en á engan hátt í jafnríkum mæli.

Orlof er sjálfsögð mannréttindi. Ekkert er við aukningu orlofsdaga að segja ef fyrir því er almennur vilji í þjóðfélaginu, og þjóðfélagið þolir slíkt. En það verður að vera gert af skynsemi og taka verður tillit til sérstöðu þeirra atvinnugreina, sem byggja afkomu sína á örfáum mánuðum.

Flugleiðir hf. sjá ekki forsendur fyrir aukningu orlofs á tímum minnkandi þjóðartekna, heimskreppu, síharðnandi samkeppni í flugi og almennra erfiðleika í ferðamannaþjónustu. Orlofsaukning þessi mun því leiða af sér minnkandi samkeppnishæfni og minnkandi atvinnumöguleika.

Ef ekki á að leggja innlenda flug- og ferðamannaþjónustu í rúst með vanhugsuðum aðgerðum verður að gera breytingar á umræddu lagafrumvarpi.

Félagið treystir því, að V.S.Í. komi þessum sjónarmiðum á framfæri og vinni að minnsta kosti að því:

1. að heimilt verði að skipta orlofi og taka hluta þess utan orlofstímabilsins, slíkt verði fastbundið í lögum,
2. að einungis 4 laugardagar teljist sem viðbótarorlof og heimilt sé að veita þá utan orlofstímabilsins.

Virðingarfyllst,
f. h. FLUGLEIÐA HF.
Grétar Br. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Orlof flugmanna/flugvélstjóra.

Samkvæmt gildandi samningum FÍA/FVFÍ		Viðbótardagar er laugardagar reiknast ekki
Fyrstu 10 árin	16 dagar virkir 2/5—30/9	
	20 dagar virkir 1/10—30/4	
Samtals	36 virkir dagar	+ 6 = 42
Eftir 10 ár	17 dagar virkir 2/5—30/9	
	20 dagar virkir 1/10—30/4	
Samtals	37 virkir dagar	+ 6 = 43
Eftir 20 ár	20 dagar virkir 2/5—30/9	
	23 dagar virkir 1/10—30/4	
Samtals	43 virkir dagar	+ 7 = 50

Niðurstaðan verður sú, að þeir, sem hafa meira en lágmarksorlof, fá mestu aukningu orlofsdaga.

Reykjavík, 19. nóvember 1982.

Sþ. 202. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 0833 Vitagjald.	
Fyrir „1 500“ kemur	5 300
2. Við 3. gr. 0832 Skipaskoðunargjald.	
Fyrir „1 200“ kemur	1 380
3. Við 4. gr. 00 201 Alþingi. Nýr liður:	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 500
4. Við 4. gr. 02 201 Háskóli Íslands.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „113 295“ kemur	114 915
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „24 371“ kemur	27 751
5. Við 4. gr. 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands 20 Laun.	
Fyrir „1 852“ kemur	1 950
6. Við 4. gr. 02 518 Fiskvinnsluskólinn 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „935“ kemur	1 935
7. Við 4. gr. 02 523 Fósturskóli Íslands 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „350“ kemur	450
8. Við 4. gr. 02 553 Húsmæðrakennaraskólar 20 Laun.	
Fyrir „5 679“ kemur	5 712
9. Við 4. gr. 02 580 Samvinnuskólinn 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „2 165“ kemur	2 865

	Þús. kr.
10. Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „214 943“ kemur	226 943
11. Við 4. gr. 02 881 0112 Félagsstofnun stúdenta.	
Fyrir „1 632“ kemur	2 366
12. Við 4. gr. 02 885 Fullorðinsfræðsla. Nýr liður:	
0107 Menntun starfsfólks á dagheimilum	200
13. Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn 05 Byggða- og minjasöfn.	
Fyrir „2 520“ kemur	3 040
14. Við 4. gr. 02 988 0104 Ungmennafélag Íslands.	
Fyrir „1 500“ kemur	1 575
15. Við 4. gr. 02 989 0102 Íþróttasamband Íslands.	
Fyrir „5 600“ kemur	6 000
16. Við 4. gr. 02 999 Nýr liður:	
0324 Amtsbókasafn vegna prentskila	80
17. Við 4. gr. 06 231 Sýslumaður Vík í Mýrdal. Nýr liður:	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	275
18. Við 4. gr. 06 283 Fangamál.	
a. Við 0107 Námskeið fangavarða.	
Fyrir „246“ kemur	400
b. Við 0109 Vistun kvenfanga.	
Fyrir „456“ kemur	856
19. Við 4. gr. 07 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta 0104 Sambýli.	
Fyrir „6 211“ kemur	6 411
20. Við 4. gr. 978 Heimili fyrir þroskahefta.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „32 656“ kemur	33 056
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „15 843“ kemur	16 243
21. Við 4. gr. 07 999. Nýir liðir:	
a. 0154 Almannavarnir í Mývatnssveit	150
b. 0155 Grímseyjarhreppur, styrkur vegna tilraunavindmyllu	75
22. Við 4. gr. 08 301 Landlæknir 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 502“ kemur	1 702
23. Við 4. gr. 08 375 Kristneshæli.	
a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „4 210“ kemur	4 310
b. Við 0 Sértekjur.	
Fyrir „577“ kemur	421
24. Við 4. gr. 08 381. Nýir liðir.	
a. 0313 Krabbameinsfélag Íslands, byggingarstyrkur	3 000
b. 0314 SÁÁ, byggingarstyrkur, fyrsta greiðsla af þrem	1 500
25. Við 4. gr. 08 381 Uppbætur á lífeyri.	
Fyrir „225 420“ kemur	225 963

	Þús. kr.
26. Við 4. gr. 10 332 Vitastofnun Íslands.	
a. Við 0105 Vitabyggingar.	
Fyrir „1 850“ kemur	2 850
b. Við 0106 Rekstur vitaskips.	
Fyrir „4 200“ kemur	5 300
27. Við 4. gr. 10 341 Siglingamálastofnun.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „7 537“ kemur	7 617
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „2 477“ kemur	2 577
28. Við 4. gr. 10 485. Nýr liður:	
0106 Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip	400
29. Við 4. gr. 11 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „724“ kemur	974

30. Við 6. gr.
   a. Við 2.3. Aftan við liðinn bætist: í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.
   b. Við 3. Nýir liðir:
      3.7 Að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs og gegn tryggingum, sem hún metur gildar, lán Hitaveitu Suðurnesja erlendis að fjárhæð allt að 30 milljónir Bandaríkjadollara.
      3.8 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán, sem bæjarsjóður Akureyrar tekur vegna tækjakaupa eða framkvæmda við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
   c. Við 4.8. Á eftir orðunum (VHF og SSB) bætist: Framangreindar heimildir gildi einnig vegna fjarskiptatækja, sem sett kunna að vera upp í Loðmundarfirði, neyðarsenda vegna snjóflóða, svo og sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða), sem notaðir eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparsveita. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   d. Við 4.13. Liðurinn orðist svo:
      4.13 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum og fjölsímum, sem flutt eru inn á vegum Póst- og símamálastofnunar.
   e. Við 4.18. Í stað orðanna „og Bláfjallanefnd“ komi: Bláfjallanefnd og Skíðadeild KR, Skálafelli.
   f. Við 4. Nýir liðir:
      4.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjúkra- og leitarbifreiðum í eign björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
      4.27 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af neðansjávarmyndsjá og fylgihlutum, sem Netagerð Vestfjarða hf. kaupir.
      4.28 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum, sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

4.29 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra, sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.30 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af kornskurðarvélum.

4.31 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vatnshreinsitækjum fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

4.32 Að fella niður allt að 1.9 millj. kr. af vanskilaskuld hafnarsjóðs Suðurfjarðahrepps að lokinni frekari athugun á fjármálum hans og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar.

4.33 Að endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum, sem björgunarsveitin Hafliði á Þórshöfn og bæjarstjórn Neskaupstaðar hafa fest kaup á.

g. Við 5. Nýir liðir:

5.32 Að selja Orkubúi Vestfjarða hlutdeild í aðveitustöðvum tengdum Vesturlínu (132 kV stofnlínu Hrútatunga — Glerárskógar — Mjólká) að Geiradal í Barðastrandarsýslu og Mjólká í Arnarfirði.

5.33 Að selja íbúð í eigu Húsabakkaskóla í Svarfaðardal og verja andvirðinu til að byggja nýja.

5.34 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Sólvellir 3, Selfossi.

5.35 Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9, Garðabæ, til skólahalds.

5.36 Að kaupa Ingólfsskála við Reykjavíkurhöfn til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina og taka til þess lán, ef nauðsynlegt reynist.

h. Við 6. Nýir liðir:

6.12 Að festa kaup á húsnæði fyrir embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.

6.13 Að kaupa, ef um semst, 5. hæð hússins nr. 105 við Laugaveg og nr. 116 við Hverfisgötu, Reykjavík, sem er í eigu Bjargráðasjóðs og Íslenskrar endurtryggingar, og taka til þess nauðsynleg lán.

6.14 Að kaupa hluta neðri hæðar í húsinu nr. 15 við Aðalgötu, Stykkishólmi, fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi, og taka til þess nauðsynleg lán.

6.15 Að kaupa jörðina Stórholt í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu, vegna Fóðuriðjunnar í Ólafsdal og taka til þess nauðsynleg lán.

i. Við 7. Nýir liðir:

7.13 Að greiða Reykjavíkurborg eftirstöðvar af endurgreiðslu til borgarinnar vegna yfirtöku ríkisins á Öskjuhlíðarskóla og Vogaskóla (M.S.) í samræmi við samninga þar um eða eftir því sem um kann að semjast milli menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar.

7.14 Að semja að fengnu samþykki fjárveitinganefndar við Vestmannaeyjakaupstað og Rafveitu Vestmannaeyja um breytt lánskjör, yfirtöku lána að hluta eða framlög úr ríkissjóði vegna lána sem kaupstaðurinn hefur tekið árin 1978—1982, að tillögu úttektarnefndar eftir gos.

Sþ. 203. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02 972 Ríkisútvarp, sjónvarp.	
Fyrir „1312“ kemur	2 450
2. Við 4. gr. 07 271 Húsnæðisstofnun ríkisins.	
Fyrir „71 514“ kemur	141 514
3. Við 4. gr. 07 272 Byggingarsjóður verkamanna.	
Fyrir „148 050“ kemur	158 050
4. Við 4. gr. 09 990 Efnahagsráðstafanir.	
Fyrir „200 000“ kemur	130 000
5. Við 4. gr. 10 321 0102 Skipaútgerð ríkisins.	
Fyrir „30 920“ kemur	39 525
6. Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður.	
a. Við 0105 Lán til jarðhitaleitar.	
Fyrir „4 000“ kemur	5 000
b. Við 0112 Sveitarafvæðing.	
Fyrir „4 500“ kemur	7 500
7. Við 4. gr. 11 399. Nýr liður:	
0105 Olíustyrkir vegna rafhitunar	35 000
8. Við 5. gr. 22 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „38 976“ kemur	49 800
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „25 350“ kemur	28 200
c. Við 4 Viðhald.	
Fyrir „500“ kemur	800
d. Við 27 Vextir.	
Fyrir „142“ kemur	220
e. Við 28 Afskriftir.	
Fyrir „10 800“ kemur	12 200
f. Við 90 Yfirfærslur.	
Fyrir „8 070“ kemur	9 780
g. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „80 703“ kemur	97 800
h. Við 020 Vaxtatekjur.	
Fyrir „2 535“ kemur	2 600
i. Við 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „10 800“ kemur	12 200
j. Við 984 Afskriftir.	
Fyrir „10 800“ kemur	12 200

	Þús. kr.
9. Við 5. gr. 22 972 Ríkisútvarpið, sjónvarp.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „48 541“ kemur	62 200
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „39 780“ kemur	46 290
c. Við 4. Viðhald.	
Fyrir „800“ kemur	1 630
d. Við 27 Vextir.	
Fyrir „4 030“ kemur	4 880
e. Við 28 Afskriftir.	
Fyrir „21 330“ kemur	25 500
f. Við 90 Yfirfærslur.	
Fyrir „12 202“ kemur	15 410
g. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „122 020“ kemur	155 100
h. Við 012 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „1 312“ kemur	2 450
i. Við 020 Vaxtatekjur.	
Fyrir „948“ kemur	950
j. Við 019 Aðrar tekjur.	
Fyrir „4 000“ kemur	2 000
k. Við 981 Afborgun lána.	
Fyrir „317“ kemur	590
l. Við 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „22 610“ kemur	25 500
m. Nýr liður:	
984 Annað	4 000
n. Við 994 Afskriftir.	
Fyrir „21 330“ kemur	25 500
o. Við 995 Ráðstöfun eigin tekna.	
Fyrir „1 597“ kemur	4 590
10. Við 5. gr. 25 221 Síldarverksmiðjur ríkisins. Nýir liðir:	
a. 984 Annað	36 000
b. 992 Tekin lán	36 000
11. Við 5. gr. 27 271 Byggingarsjóður ríkisins.	
a. Við 012 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „71 514“ kemur	141 514
b. Við 982 Veitt lán.	
Fyrir „499 315“ kemur	569 315
e. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „186 054“ kemur	256 054
12. Við 5. gr. 27 272 Byggingarsjóður verkamanna.	
a. Við 012 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „148 050“ kemur	158 050
b. Við 982 Veitt lán.	
Fyrir „356 839“ kemur	366 839
c. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „153 366“ kemur	163 366

	Þús. kr.
13. Við 5. gr. 27 372 Landakaup kaupstaða og kauptúna.	
a. Við 982 Veitt lán.	
Fyrir „680“ kemur	1 680
b. Nýr liður:	
992 Tekin lán	1 000
14. Við 5. gr. 30 101 Póst- og símamálastofnunin.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „434 776“ kemur	478 600
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „259 785“ kemur	368 500
c. Við 27 Vextir.	
Fyrir „84 922“ kemur	90 200
d. Við 28 Afskriftir.	
Fyrir „124 516“ kemur	140 000
e. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „839 857“ kemur	1 037 100
f. Við 020 Vaxtatekjur.	
Fyrir „50 000“ kemur	53 500
g. Við 019 Aðrar tekjur.	
Fyrir „26 642“ kemur	26 700
h. Við 981 Afborgun lána.	
Fyrir „49 716“ kemur	55 000
i. Við 983 Fjárfestingar. Liðurinn orðist svo:	
983 Fjárfestingar:	
Almenn fjárfesting	91 400
Fjárfesting skv. lögum	54 000
j. Nýr liður:	
984 Annað	22 000
k. Við 994 Afskriftir.	
Fyrir „124 516“ kemur	140 000
l. Nýr liður:	
995 Ráðstöfun eigin fjár	27 900
15. Við 5. gr. 30 321 Skipaútgerð ríkisins.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „28 529“ kemur	29 180
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „43 322“ kemur	51 779
c. Við 4 Viðhald.	
Fyrir „3 578“ kemur	5 000
d. Við 27 Vextir.	
Fyrir „16 615“ kemur	17 200
e. Við 28 Afskriftir.	
Fyrir „6 067“ kemur	6 300
f. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „79 054“ kemur	73 440
g. Við 981 Afborganir lána.	
Fyrir „16 630“ kemur	20 750

	Þús. kr.	Þús. kr.
h. Við 983 Fjárfestingar.		
Fyrir „1 500“ kemur		5 900
i. Nýir liðir:		
984 Annað		3 500
992 Tekin lán		9 800
j. Við 994 Afskriftir.		
Fyrir „6 067“ kemur		6 300
k. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.		
Fyrir „12 063“ kemur		3 715
l. Nýr liður:		
996 Annað		10 335

m. Sundurliðun fjárfestinga kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunarinnar (30 101 983).

I. Digital stöðvar		
1. Sjálfvirkar símstöðvar	31 400	
1. Fjölsímar	2 400	
		33 800
II. Almenn fjárfesting		
1. Sjálfvirkar símstöðvar	7 670	
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1. Í bæjum og kauptúnum	11 700	
2.2. Símasjálfsalar	1 500	
3. Landsímasambönd:		
3.1. Jarðsímaleiðir	800	
3.2. Fjölsímaleiðir	5 978	
3.3. Radíóleiðir	4 877	
4. Radíósendistöðvar	4 100	
5. Húsbyggingar	15 750	
6. Bifreiðar og vinnuvélar	3 500	
7. Tölvubúnaður fyrir Póstgíróstofu	1 275	
8. Vararafstöð fyrir Múlastöð	450	
		57 600
III. Fjárfestingar í sveitum 1983 skv. l. nr. 32/1981		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1. Stækkanir á eldri stöðvum	3 130	
2. Jarðsímar	32 200	
3. Fjölsímar	7 470	
4. Radíóleiðir	6 700	
5. Húsbyggingar	4 500	
		55 000

Fjárfesting 1983, sundurliðun:

I. Digital stöðvar		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
a. Reykjavík AXE 3000 nr.	21 500	
b. Keflavík AXE 1000 nr.	9 900	
		31 400
2. Fjölsímar:		
a. Múli, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Breiðholt	1 660	
b. Yfirvakningsbúnaður	740	
		2 400

	Þús. kr.	Þús. kr.
II. **Almenn fjárfesting**		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1. **Stækkanir á eldri stöðvum:**		
a. Grindavík	310	
b. Ólafsvík	340	
c. Blönduós	130	
d. Akureyri	3 000	
e. Útlandasímstöðin	1 750	
f. Telexstöðin	2 140	
		7 670
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1. **Í bæjum og kauptúnum:**		
a. Reykjavíkursvæðið	6 300	
b. Umdæmi I	300	
c. Umdæmi II	700	
d. Umdæmi III	1 000	
e. Umdæmi IV	700	
		11 700
2.2. Símasjálfsalar	1 500	
		1 500
3. Landssímasambönd:		
3.1. **Jarðsímaleiðir:**		
a. Hveragerði—Selfoss	400	
b. Strengir v/radíóstöðva	400	
		800
3.2. **Fjölsímaleiðir:**		
a. Breiðholt	342	
b. Reykjavík	510	
c. Hvolsvöllur	170	
d. Ýmsar stöðvar	1 700	
e. Keflavík—Garður	860	
f. Breiðamýri—Reynihlíð	570	
g. Svartárst.—Blönduvirkjun	390	
h. Reykjavík—Skálafell	180	
i. Selfoss—Hveragerði	310	
j. Dalvík—Hrísey	276	
k. Tónritsímabúnaður	470	
l. Ýmislegt ófyrirséð	200	
		5 978
3.3. **Radíóleiðir:**		
a. Gaumkerfi	2 573	
b. Reykjavík — Skálafell	870	
c. Dalvík — Hrísey	1 470	
		4 877
4. **Radíósendistöðvar:**		
a. Bílasími	1 750	
b. Strandarstöðvar, afgr.bún.	450	
c. Reykjavík Radíó	1 500	
d. Metrabylgja v/ skipa	400	
		4 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
5.	**Húsbyggingar:**		
	a. Póstmiðstöð og R-8	13 000	
	b. Póstútibú Mjódd	600	
	c. Súðavík, póst- og símahús	1 400	
	d. Ísafjörður, áhaldahús	750	
			15 750
6.	Bifreiðar og vinnuvélar	3 500	
			3 500
7.	Tölvubúnaður fyrir Póstgíróstofu	1 275	
			1 275
8.	Vararafstöð fyrir Múlastöð	450	
			450
III.	**Fjárfesting í sveitum 1983 skv. lögum nr. 32/1981, sundurliðun**		
1.	Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1.	**Stækkanir á eldri stöðvum:**		
	a. Súðavík	810	
	b. Borgarnes	130	
	c. Hvammstangi	550	
	d. Varmahlíð	270	
	e. Hrafnagil	270	
	f. Vopnafjörður	360	
	g. Djúpivogur	260	
	h. Steinar	130	
	i. Kirkjubæjarklaustur	200	
	j. Egilsstaðir	150	
			3 130
2.	**Jarðsímar í sveitum:**		
	a. V-Eyjafjöll, Rang.	1 200	
	b. Leiðvallarhreppur, V-Skaft.	1 500	
	c. Þverárhlíð, Stafholtst.	3 000	
	d. Miklaholtshr., Eyjahr., Snæf.	6 000	
	e. Ísafjarðardjúp	1 000	
	f. Vatnsnes	2 700	
	g. Lýtingsstaðahr. og Akrahr.	6 000	
	h. Saurbæjarhr.	3 000	
	i. Ljósavatnshr.	1 400	
	j. Mývatnssveit	2 000	
	k. Beruneshr.	1 700	
	l. Vallahreppur	2 700	
			32 200
3.	**Fjölsímar:**		
	a. Ísafjarðardjúp	440	
	b. Klaustur — Meðalland	560	
	c. Egilsstaðir—Skriðd. og Egilsstaðir—Hallormsst.	1 050	
	d. Bg. — Fíflh.Bg. — Miklah., Miklah. — Haukad.	1 220	
	e. Blönduós — Húnavallaskóli	240	
	f. Kljáfoss — Varmaland	300	
	g. Hvammstangi — Vatnsnes	570	
	h. Hvammstangi — Þverá	570	
	i. Varmahlíð — Tunguháls	510	

	Þús. kr.	Þús. kr.
j. Hrafnag. — Sólgarður — Gullbr.	760	
k. Breiðum. — Hrútey	390	
l. Djúpivogur — Berufj.	330	
m. Reynihlíð — Skútust. gef+ferj.	530	
		7 470
4. **Radíóleiðir:**		
a. Ísafjarðardjúp	5 200	
b. Fimm 1-ar rásar sambönd	700	
c. Þrjú 4-ra rása sambönd	800	
		6 700
5. **Húsbyggingar:**	4 400	4 500
16. Við 5. gr. 31 314 Kröfluvirkjun.		
a. Nýr liður:		
Fjárfestingar		60 000
b. Við 992 Tekin lán.		
Fyrir „219 382“ kemur		279 382
17. Við 5. gr. 31 321 Rafmagnsveitur ríkisins.		
a. Við 20 Laun.		
Fyrir „55 800“ kemur		83 600
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.		
Fyrir „88 000“ kemur		93 900
c. Við 23 Hráefni og vörur til endursölu.		
Fyrir „298 100“ kemur		491 700
d. Við 27 Vextir.		
Fyrir „120 850“ kemur		135 900
e. Við 28 Afskriftir.		
Fyrir „82 875“ kemur		91 478
f. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.		
Fyrir „545 625“ kemur		740 500
g. Við Verðjöfnunargjald.		
Fyrir „96 000“ kemur		153 908
h. Við Olíustyrk.		
Fyrir „4 000“ kemur		20 000
i. Við 981 Afborgun lána.		
Fyrir „82 875“ kemur		91 478
j. Við 984 Annað.		
Fyrir „12 170“ kemur		30 000
k. Við 994 Afskriftir.		
Fyrir „82 875“ kemur		91 478
l. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.		
Fyrir „12 170“ kemur		30 000
m. Sundurliðun fjárfestinga kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31 321 983).		
Virkjanir		1 050
Lagarfossvirkjun	1 050	
Stofnlínur		40 830
Búrfell-Flúðir	1 400	
Vogaskeið-Stykkishólmur	1 230	
Laxá-Kópasker	19 000	
Stuðlar-Eskifjörður	12 500	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Aðveitustöð Stöðvarfj.-Kirkjub.	1 500	
Mánagarður-Hólar	2 200	
Athuganir, endurb. o. fl.	1 000	
Lúkning verka frá 1982	2 000	
Aðveitustöðvar		45 450
Flúðir	15 350	
Selfoss	3 420	
Ólafsvík	230	
Hrútatunga	780	
Ólafsfjörður	220	
Akureyri	80	
Lindarbrekka	960	
Raufarhöfn	500	
Eskifjörður	6 280	
Stuðlar	10 430	
Seyðisfjörður	530	
Smyrlabjargaárvirkjun	1 470	
Raflínusími og fjargæsla	1 200	
Lúkning verka frá 1982	4 000	
Geymsluhús o. fl.		3 500
Innanbæjarkerfi		48 000
Vélar og tæki		5 800
Dísilstöðvar		2 500
Byggðalínur		6 500
	Samtals	153 630
Heimtaugargjöld		15 000
Lántökur		138 630
18. Við 5. gr. 31 369 Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar.		
Fyrir „12 500“ kemur		21 500
19. Við 5. gr. 31 370 Virkjunarrannsóknir.		
a. Nýr liður:		
983 Fjárfestingar		25 000
b. Við 992 Tekin lán.		
Fyrir „21 783“ kemur		46 783
20. Við 5. gr. 31 371 Orkusjóður:		
a. Við 90 Sveitarafvæðing.		
Fyrir „4 500“ kemur		7 500
b. Við 982 Jarðhitaleitarlán.		
Fyrir „11 500“ kemur		15 000
c. Við 984 Annað, sveitarafvæðing.		
Fyrir „7 000“ kemur		13 000
d. Við 992 Jarðhitaleitarlán.		
Fyrir „7 500“ kemur		10 000
e. Við 992 Sveitarafvæðing.		
Fyrir „7 000“ kemur		13 000

Ed. 204. Frumvarp til laga [154. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Blanco, Hugo Roberto, nemi í Reykjavík, f. 16. maí 1953 í Argentínu.
2. Boulter, Fred, umsjónarmaður í Reykjavík, f. 22. febrúar 1956 í Bandaríkjunum.
3. Cates, James Michael, verkamaður í Hafnarfirði, f. 29. mars 1964 á Íslandi.
4. Eriksen, Liv Synnöve, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. 7. febrúar 1935 í Noregi.
5. Fernandez, Daniele, kennari í Reykjavík, f. 5. apríl 1950 í Marokkó.
6. Garðar Ragnvaldsson, rafvirki í Kópavogi, f. 6. nóvember 1955 á Íslandi.
7. Henriksen, Rosa Kristiane Jakobine, verkakona í Keflavík, f. 11. febrúar 1961 á Grænlandi.
8. Hentze, Amy Evarda, húsmóðir á Skagaströnd, f. 5. febrúar 1939 í Færeyjum.
9. Hübner, Tryggvi Júlíus, nemi í Kópavogi, f. 11. janúar 1957 á Íslandi.
10. Jacobsen, Turid Egholm, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. júní 1935 í Noregi.
11. Hansen, Sofie Katrine Deodora, húsmóðir á Kjalarnesi, f. 12. maí 1953 á Grænlandi.
12. Kashima, Miyako, prestur í Reykjavík, f. 3. febrúar 1947 í Japan.
13. Lozanov, Krsto, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 28. nóvember 1937 í Búlgaríu.
14. Mahaney, Stella Marie, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 22. febrúar 1962 í Bandaríkjunum.
15. Suarez, Maria Emma, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. apríl 1954 á Filippseyjum.
16. Thepchai, Nareumon, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. mars 1952 í Thailandi.
17. Wilkinson, Janine Ruth, kennari í Hafnarfirði, f. 16. ágúst 1955 í Englandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 830 á 99. löggjafarþingi 2. maí 1978.

Nd. 205. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í athugasemdum með lagafrumvarpi þessu er þess getið, að ætlunin sé að hækka sektarheimildir svo þær fylgi verðlagsbreytingum. Þess er hvergi getið í athugasemdunum, að ætlunin sé að hækka sektarheimildir meira en verðlagsþróun gefur tilefni til. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni væri raunhæft að margfalda upphæðirnar frá maí 1980 með 2.92, ef fylgja á verðlagsþróuninni eins og hún birtist í breytingum á vísitölu vöru og þjónustu. Það virðist því sem mistök hafi átt sér stað í útreikningnum í frumvarpinu, og leyfi ég mér því að flytja breytingartillögu til leiðréttingar á frumvarpinu en til samræmingar við athugasemdir þess.

Alþingi, 17. des. 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 206. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (ÓÞÞ).

1. gr. orðist svo:
112. gr., sbr. lög nr. 32 23. maí 1980, breytist sem hér segir:

a. Í stað „500 000 krónum“ í 2. tölul. 1. málsgr komi: 15 000 krónum.
b. Í stað „300 000 króna“ í 2. málsgr. komi: 9 000 króna.
c. Í stað „100 000 krónum“ í 2. málsgr. komi: 3 000 krónum.
d. Í stað „30 000 króna“ í 3. málsgr. komi: 900 króna.

Sþ. 207. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

	Kr.	Kr.
Við 4. gr. 10 321 0103 Flóabátar og vöruflutningar.		
a. Fyrir „17 296 000“ kemur		30 961 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar og vöruflutningar (10 321 0103).		
a. Flutningar á landi:		
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	32 000	
2. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	50 000	
3. Snjóbifreið í A-Barðastrandarsýslu	15 000	
4. Til mjólkurflutnings í V-Barðastrandarsýslu	75 000	
5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	30 000	
6. Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi	22 000	
7. Til vetrarflutninga í Bíldudal	12 000	

8.	Til vetrarsamgangna í Auðkúluhr., V-Ís.	30 000	
9.	Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	30 000	
10.	Snjóbifreið í Önundarfirði	12 000	
11.	Snjóbifreið um Botnsheiði	30 000	
	Stofnstyrkur	45 000	
12.	Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursaml. Ís.)	175 000	
13.	Til vetrarflutninga í Álftafirði, N.-Ís.	30 000	
14.	Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	12 000	
15.	Til vöruflutninga í Árneshreppi	120 000	
16.	Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	45 000	
17.	Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi	15 000	
18.	Snjóbifreið á Hólmavík	20 000	
19.	Snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu	10 000	
20.	Snjóbifreið í Skagafirði	20 000	
21.	Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshr.	30 000	
22.	Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs	130 000	
23.	Til vetrarflutninga í Ólafsfirði	25 000	
	Stofnstyrkur	30 000	
24.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	10 000	
25.	Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	30 000	
26.	Snjóbifreiðar á Akureyri	20 000	
27.	Flugbjörgunarsveitin á Akureyri	12 000	
28.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	15 000	
29.	Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þing.	20 000	
30.	Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	45 000	
31.	Snjóbifreið Öxarfjörður-Kópasker	25 000	
32.	Snjóbifreið í Þórshöfn	25 000	
	Stofnstyrkur	75 000	
33.	Til vetrarflutninga á Bakkafjörð	50 000	
34.	Til vetrarflutninga á Vopnafirði	50 000	
35.	Til vetrarflutninga í Borgarfjörð eystri	60 000	
36.	Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahr.	20 000	
37.	Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	17 000	
38.	Til vetrarflutninga á Jökuldal	30 000	
39.	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	20 000	
40.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	210 000	
41.	Snjóbifreið á Oddsskarði	200 000	
	Stofnstyrkur	100 000	
42.	Snjóbifreið á Fagradal	35 000	
43.	Snjóbifreið, Stöðvarfjörður-Egilsstaðaflugv.	30 000	
44.	Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	30 000	
45.	Til vetrarflutninga Djúpivogur-Hornafj.	60 000	
	Stofnstyrkur	60 000	
46.	Svínafell í Nesjum	20 000	
47.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	180 000	
			2 494 000

b. Flóabátar:	Kr.	Kr.	Kr.
1. Akraborg		3 000 000	
2. Baldur		4 000 000	
3. Langeyjarnesbátur		25 000	
4. Mýrabátur		2 000	
5. Fagranes		3 700 000	
6. Dýrafjarðarbátur, til rekstrar	25 000		
Stofnstyrkur	35 000	60 000	
7. Hríseyjarferja, til rekstrar	750 000		
Stofnstyrkur	1 100 000	1 850 000	
8. Drangur, til rekstrar	1 800 000		
Stofnstyrkur	5 500 000	7 300 000	
9. Mjóafjarðarbátur		630 000	
10. Herjólfur		7 900 000	
			28 467 000
			30 961 000

Ed. 208. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980 og lög nr. 84/1980, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Guðmundur Bjarnason, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Lárus Jónsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 209. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83 28. des. 1981, um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 17. des. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Guðmundur Bjarnason, frsm.
Lárus Jónsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Ey. Kon. Jónsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 210. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Við 4. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því, að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmri starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

3. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár (í fullu starfi).

4. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

5. gr.

1. og 2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða

fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.

6. gr.

2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið, hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild á að sjóðnum, miðast elli-, örorku- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til, og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

8. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánum.

9. gr.

Gildistökuákvæði.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sjóðfélagar, sem þegar hafa lokið greiðslu iðgjalda í 32 ár og enn eru í starfi, eiga rétt á því að kaupa sér lífeyrisrétt vegna hlutastarfs fyrir liðinn tíma sem ekki hafa verið greidd iðgjöld fyrir í samræmi við ákvæði 4. mgr. 10. gr. Tilkynningar um slík réttindakaup skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í október s. l. fól fjármálaráðherra stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að endurskoða lög um lífeyrissjóðinn. Er frumvarp þetta samið af sjóðsstjórninni, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Stjórn lífeyrissjóðsins telur nauðsyn bera til, að fram fari heildarendurskoðun á gildandi lögum um lífeyrissjóðinn og hlýtur sú endurskoðun að taka nokkurn tíma. Á hinn bóginn hefur sjóðsstjórnin orðið sammála um að leggja til við fjármálaráðherra að nokkrar breytingar og lagfæringar á lögunum verði gerðar nú þegar. Meðfylgjandi frumvarp felur í sér breytingartillögur stjórnarinnar, sem hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir."

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um lífeyrissjóðinn er ellilífeyrir, örorkulífeyrir og makalífeyrir samkvæmt þeim miðaður við starfshlutfall sjóðfélaga þegar hann lætur af störfum, alveg óháð því hvernig starfshlutfall hans hefur verið fyrr á starfsævinni. Með 4. gr. þessa frumvarps er lagt til að þessari reglu verði breytt og í raun miðað við meðaltalsstarfshlutfall yfir starfsævina. Hér er um augljóst sanngirnismál að ræða en til þess að koma til móts við þá sjóðfélaga er hugsanlega kynnu að telja hag sínum verr borgið með þessari breytingu er hér lagt til að sjóðfélögum sem hafa um lengri eða skemmri tíma gegnt hlutastarfi verði heimilað að halda áfram að greiða iðgjöld af launum sínum í sjóðinn eftir að 32 ára iðgjaldagreiðsluskyldu er fullnægt allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Notfæri sjóðfélaginn sér þessa heimild er launagreiðanda gert skylt að greiða mótframlag í sjóðinn að sínum hluta.

Um 2. og 3. gr.

Hér er lagt til að 2. og 3. mgr. 12. gr. laganna sé breytt til samræmis við þá nýju meginreglu (sjá aths. um 4. gr.) að lífeyrisréttur miðist við meðaltalsstarfshlutfall sjóðfélagans yfir starfsævina. Jafnframt er — til að taka af tvímæli — bætt við því ákvæði í 3. mgr. 12. gr. að sjóðfélagi sem ekki notfærði sér 95 ára regluna meðan hann átti þess kost skuli fá endurgreidd þau iðgjöld sem hann hefur greitt umfram 32 ár í fullu starfi.

Um 4. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 29/1963 eiga sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins rétt á ellilífeyri, er þeir láta af störfum vegna aldurs, miðað við það starf er þeir gegndu síðast, og fer um útreikning lífeyris eftir því, hvort þeir hafa þá gegnt fullu starfi eða hluta af fullu starfi, án tillits til þess hvort þeir hafa fyrr á starfsævi sinni gegnt fullu starfi eða hluta úr starfi.

Þetta ákvæði laganna er líklegt til að valda því m. a. að starfsmenn, sem óska að minnka við sig störf þegar líður á starfsævina, geti það ekki af fjárhagsástæðum, þar eð þeir glata þá hluta af lífeyrisrétti.

Því er hér lagt til, að lífeyrir verði miðaður við meðalhlutfall af fullu starfi þann tíma, sem hlutaðeigandi starfsmaður hefur gegnt starfi hjá ríkinu eða öðrum, sem aðild á að sjóðnum samkvæmt 4. gr. laganna.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum á starfsmaður sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, en hefur látið af þeirri stöðu sem veitti honum aðild að sjóðnum, ekki rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum ef hann hefur látið af störfum af öðrum ástæðum en elli eða örorku. Hér er lagt til að öll iðgjöld veiti rétt til örorkulífeyris ef sjóðfélagi verður fyrir tekjumissi af völdum örorku sem tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Að öðru leyti er ákvæði greinarinnar efnislega óbreytt.

Um 6. gr.

Lagt er til í tengslum við aðrar tillögur um breytingar á lögunum, sbr. athugasemdir við 1.—4. gr., að orðalagi á 2. mgr. 14. gr. um makalífeyrisrétt verði breytt til samræmis, en jafnframt einfaldað. Í reynd hefur makalífeyrisréttur verið helmingur af áunnum lífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga að viðbættum 20% af þeim launum sem ellilífeyrir hans hefði verið miðaður við. Þær breytingar sem felast í 7. gr. þessa lagafrumvarps munu, ef að lögum verða, auka verulega ellilífeyrisrétt þeirra sjóðfélaga sem hafa verið skemur en 15 ár í sjóðnum (en náð 3 árum) og hafa hætt aðild sinni þar af öðrum ástæðum en elli eða örorku. Lífeyrisréttur maka þeirra sjóðfélaga hækkar sjálfkrafa að sama skapi. Því er lagt til að 20% viðbótarlífeyririnn falli niður í þessum tilvikum nema hinn látni sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til sjóðsins af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Um 7. gr.

Í fyrsta lagi er hér lagt til að niður falli takmörkun á rétti sjóðfélaga til örorkulífeyris, sbr. athugasemd við 5. gr. Í öðru lagi er lögð til veigamikil breyting á ákvæðum um verðtryggingu ellilífeyris þeirra sjóðfélaga sem af öðrum ástæðum en elli eða örorku láta af þeim störfum sem veita aðild að sjóðnum. Samkvæmt núgildandi lögum miðast ellilífeyrir sjóðfélagans og lífeyrir eftirlátins maka við laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti honum aðild að sjóðnum. Þessi viðmiðunarlaun taka engum breytingum fyrr en eftir að taka lífeyris hefst. Hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur miðast lífeyririnn þó við launin eins og þau eru orðin (að viðbættum almennum launahækkunum) þegar taka lífeyris hefst. Hér er lagt til að þetta 15 ára mark verði fært niður í 3 ár, og nái þar með til alls þorra sjóðfélaga, þ. e. annarra en þeirra sem einungis staldra stutt við í opinberri þjónustu.

Um 8. gr.

Lagt er til að þær tekjur sem sjóðurinn hefur af skuldabréfakaupum af ríkissjóði og notaðar eru til að fjármagna að hluta verðtryggingu lífeyrisgreiðslna komi öllum launagreiðendum sem aðild eiga að sjóðnum til góða og að skuldabréfakaupin verði aukin upp í 40% af heildarútlánum.

Um 9. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar í stað og gildi um þá er hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að lögin hafi áhrif á lífeyri þeirra sem þegar hafa hafið töku lífeyris við gildistöku þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta heimilar sjóðfélögum sem enn eru í starfi en hafa lokið 32 ára greiðsluskyldu að kaupa sér rétt fyrir liðinn tíma er þeir hafa verið í hlutastarfi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi sérstaki réttur rennur út í árslok 1984 hafi hann ekki verið notaður fyrir þann tíma.

Nd. 211. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn greiðist með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

2. gr.

Á eftir orðinu „skólar“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi: heimavistir, þar með taldir stúdentagarðar og hjónagarðar.

3. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3.—5. mgr. 29. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 6. mgr. 29. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 212. Frumvarp til laga [28. mál]

um málefni aldaðra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 164 með þessum breytingum:

28. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1983 til 31. des. 1987.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 frá 1973, og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra, nr. 49 frá 1981, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 93 frá 1981.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

1. Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. til að vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.
2. Ákvæði 26. gr. koma til framkvæmda í áföngum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ed. 213. Lög [21. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 148.

Sþ. 214. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

	Þús. kr.
I. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur, Árna Gunnarssyni, Salome Þorkelsdóttur* og *Halldóri Blöndal.*	
Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „14 713“ kemur (1 millj. kr. vegna sérkennslugagna)	15 713
II. Frá *Sigurlaugu Bjarnadóttur.*	
Við 4. gr. 02 999. Nýir liðir:	
a. 0215 Samband norðlenskra kvenna	3
b. 0219 Samband austfirskra kvenna	3
c. 0220 Samband vestfirskra kvenna	3
III. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur* og *Árna Gunnarssyni.*	
Við 4. gr. 04 288 Framlög vegna jarðræktarframkvæmda 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
Fyrir „59 605“ kemur	50 605
IV. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Albert Guðmundssyni* og *Salome Þorkelsdóttur.*	
Við 4. gr. 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.	
Fyrir „39 960“ kemur	48 600
V. Frá *Þorv. Garðari Kristjánssyni, Halldóri Blöndal, Albert Guðmundssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Jósef H. Þorgeirssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Pétri Sigurðssyni, Guðmundi Karlssyni, Salome Þorkelsdóttur* og *Sverri Hermannssyni.*	
Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður 01112 Sveitarafvæðing.	
Fyrir „4 500“ kemur	22 000
Til vara:	
Fyrir „4 500“ kemur	11 000
VI. Frá *Þorv. Garðari Kristjánssyni, Halldóri Blöndal, Albert Guðmundssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Eggert Haukdal, Jósef H. Þorgeirssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Salome Þorkelsdóttur* og *Sverri Hermannssyni.*	
Við 4. gr. 12 202 Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar.	
a. Fyrirsögnin orðist svo: Framlag til niðurgreiðslu hitunarkostnaðar.	
b. Við 94 Til einstaklinga og samtaka.	
Fyrir „29 200“ kemur	130 000

Nd. 215. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Ólafur Þ. Þórðarson og Vilmundur Gylfason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1982.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Friðrik Sophusson.
Eggert Haukdal. Garðar Sigurðsson.

Ed. 216. Lög [117. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980 og lög nr. 84/1980, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 120.

Ed. 217. Lög [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 83 28. des. 1981 um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 126.

Nd. 218. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 87 1971, um orlof.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu 5 laugardagar í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaga að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um, og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um ¼, ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekandans.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum.

4. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða koma til framkvæmda við töku orlofs fyrir orlofsárið 1. maí 1982 til 30. apríl 1983 en 3. gr. tekur gildi 1. desember 1982.

Nd. 219. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna komi ný málsgrein, 3. mgr., sem orðist þannig:

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna jarðhitaborana.

2. gr.

4. tl. 2. mgr. 71. gr. breytist og orðist þannig:

Að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðfræðilegum yfirborðsrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana.

3. gr.

72. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru samkvæmt 71. gr. 4. tl. skulu vera verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en 10 ár.

Þegar tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal Orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

Ef tiltekin borun reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en búist hafði verið við, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka skv. 71. gr. 4. tl.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á lánakjörum Orkusjóðs á lánum til jarðhitaleitar svo og ákvæði um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af borverkum og aðföngum til jarðhitaborana. Einnig er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita lán úr Orkusjóði til rannsókna vegna leitar og undirbúnings vinnsluborana.

Frumvarpið er flutt til að leysa með skjótum hætti úr miklum vanda sem skapast hefur við öflun jarðhita til húshitunar víðsvegar um land.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins er nú unnið að heildarendurskoðun orkulaga en búast má við að sú endurskoðun taki nokkurn tíma. Að áliti ráðuneytisins er úrlausn þess vanda sem frumvarpið fjallar um svo brýn að ekki er rétt að bíða þess að heildarendurskoðun orkulaga ljúki. Gera verður hins vegar ráð fyrir að þær breytingar sem hér eru lagðar til geti fallið að endurskoðuðum lögum m. a. um Orkusjóð.

Efnisatriði frumvarpsins eru í samræmi við tillögur vinnuhóps sem starfað hefur á vegum iðnaðarráðuneytisins til að leita lausnar á vanda ýmissa hitaveitna. Í vinnuhópnum eiga sæti:

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, Karl Ragnars, verkfræðingur, deildarstjóri vinnslutæknideildar Orkustofnunar og Gylfi Ísaksson, verfræðingur, Fjarhitun h. f.

Í áliti vinnuhópsins segir:

„Vinnuhópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að vandi allmargra hitaveitna, sem byggðar hafa verið á síðustu 5—10 árum, sé tvíþættur. Annars vegar hefur stofnkostnaður hinna ýmsu hitaveitna reynst svo hár, að tekjur af vatnssölu standa varla undir rekstrar- og fjármagnskostnaði. Hins vegar er staða vatnsöflunar nokkurra hitaveitna mjög erfið og virðist einsýnt, að fjárhagsleg áhætta frekari vatnsöflunar er svo mikil, að misheppnuð borun getur nánast riðið fjárhag þessara hitaveitna að fullu.

Til þess að markmiðum ríkisstjórnarinnar um jöfnun húshitunarkostnaðar verði náð, hefur vinnuhópurinn komist að þeirri niðurstöðu, að niðurgreiðsla stofnkostnaðar sumra af þessum hitaveitum geti verið óhjákvæmileg, og sem stendur vinnur hópurinn að endurskoðun reglugerðar nr. 510/1980 um framlag til varmaveitna til nýtingar innlendra orkugjafa.

Varðandi fyrrgreinda áhættu í viðbótarvatnsöflun hefur hópurinn orðið sammála um að leggja til við hæstvirtan ráðherra breytingu á gildandi orkulögum, sem bæði dregur úr kostnaði við boranir og minnkar áhættuna."

Með tillögum sínum sendi hópurinn frá sér svofellda greinargerð:

„Á undanförnum tveim áratugum hefur mikið átak verið gert í virkjun jarðvarma til upphitunar á Íslandi, enda hefur kostnaðarhlutfall olíu og jarðvarma stöðugt farið vaxandi. Á Íslandi er notkun jarðvarma nú yfir 75% af orkunotkun til upphitunar en hlutur rafmagns og olíu er u. þ. b. jafnmikill í því sem á vantar. Þrátt fyrir að orkumagn jarðvarmans til upphitunar sé þannig sexfalt miðað við olíuna er kostnaður jarðvarmaupphitunar í heild þó aðeins þriðjungi meiri en kostnaður við olíuupphitun. Má því ljóst vera að hagkvæmt er að hefta upphitun með olíu svo sem framast er unnt, annaðhvort með jarðvarma eða rafmagni. Algjör útrýming olíunnar er þó ekki endilega skynsamlegt markmið þar sem fjárhagsleg hagkvæmni og tæknilegar aðferðir ýmissa jaðartilvika eru ekki fyrir hendi.

Á undanförnum árum hefur í auknum mæli verið farið út á hin erfiðari jarðhitasvæði í leit að heitu vatni fyrir hitaveitur. Samfara því hefur fjárhagsleg áhætta í borunum aukist og tilkostnaður vaxið vegna yfirgripsmeiri rannsóknarvinnu fyrir og eftir borun. Nú er svo komið, að ýmsar hitaveitur, sem segja má að séu á jaðarsvæðum, eiga í erfiðleikum við vatnsöflun og hafa raunar litla möguleika á að afla viðbótarvatns af eigin rammleik. Dæmi um hitaveitur sem eru á slíkum erfiðum svæðum eru Hitaveita Suðureyrar, Siglufjarðar,

Hríseyjar og Egilsstaða og Fella. Ennfremur hafa verið gerðar áætlanir um hitaveitur fyrir ýmsa staði, sem enn hafa ekki fengið hitaveitur en hafa möguleika á þeim, og er algengt niðurstaða slíkra áætlana að nýjar hitaveitur séu of dýrar auk þess sem fjárhagsleg áhætta við vatnsöflunina sé of mikil.

Hjálagðar tillögur til breytinga á orkulögum miða að því að gera vatnsöflun með borunum ódýrari en nú er með því að afnema söluskatt af borverkum og afnema söluskatt og aðflutningsgjöld af aðföngum til borana annars vegar og auka þátttöku Orkusjóðs í fjárhagslegri áhættu við vatnsöflunina hins vegar.

Varðandi fyrra atriðið um afnám söluskatts og aðflutningsgjalda hefur í rauninni viðgengist mikið misræmi þar sem Hitaveita Reykjavíkur hefur ekki verið krafin um söluskatt af borunum vegna þess að hún er eigandi að bornum „Dofra" að hálfu á móti ríkinu en allar aðrar hitaveitur hafa verið krafnar um söluskatt af borverkum, sem nemur 12—15% af heildarkostnaði þeirra.

Ennfremur gilda ákvæði um niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af innfluttu efni til flestra virkjana þ. m. t. allmargra hitaveitna án þess að Jarðboranir ríkisins hafi haft samsvarandi heimildir vegna efnis til borana. Þetta hefur oft valdið glundroða og óhagkvæmni vegna þess að sumar hitaveitur kjósa að kaupa sjálfar og flytja inn efni til borana, en þetta veldur því að efnislager verður ósamstæður og á margra höndum, öllum aðilum til tjóns.

Varðandi seinna atriðið um aukna þátttöku Orkusjóðs í fjárhagslegri áhættu borana er í fyrsta lagi verið að leiðrétta þann ágalla, sem er í gildandi orkulögum, þar sem gert er ráð fyrir að vatnsöflun annaðhvort heppnist eða misheppnist og er endurgreiðsluskyldu lána hagað í samræmi við það. Þessi ákvæði geta hentað við frumleit að heitu vatni en hafa þó reynst ófullnægjandi í þeim tilvikum þegar árangur er lélegur. Í gildandi orkulögum er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að meta árangurinn, heldur verði lán að fullu endurgreidd ef til nýtingar komi, að öðrum kosti falli endurgreiðsla niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir aukinni þátttöku Orkusjóðs í áhættunni þar sem nú er miðað við árangur af hverri borun fyrir sig og þeim ávinningi sem er af notkun sérhverrar borholu. Í gildandi orkulögum er miðað við jarðhitasvæði þannig, að þótt einungis fáar holur séu notaðar af öllum þeim sem boraðar hafa verið verður endurgreiðsla af lánum til allra borhola á svæðinu gjaldkræf. Hjá starfandi hitaveitum þýðir þetta í flestum tilvikum að boranir til viðbótarvatnsöflunar eru að fullu á fjárhagslegri ábyrgð viðkomandi hitaveitu. Hitaveiturnar eru þó mjög misjafnlega í stakk búnar til að taka slíka áhættu á sig. Og í mörgum tilvikum er því þannig farið að áhættan er svo mikil, að ein misheppnuð borun getur nánast riðið fjárhag veitunnar að fullu. Af þessum ástæðum og til þess að hvetja enn frekar til notkunar jarðvarma í húshitun er nauðsynlegt að draga úr þeirri fjárhagslegu áhættu við vatnsöflunina, sem notendur jarðvarma þurfa nú að taka á sig."

Frumvarp þetta felur í sér veigamikla breytingu frá gildandi lagaákvæðum, þ. e. að Orkusjóður taki á sig áhættu við hverja borun ef árangur verður lélegur og einnig ef kostnaður fer upp úr öllu valdi, t. d. vegna þess að bor festist í borholum eins og oft kemur fyrir. Slík óhöpp geta verið mikið fjárhagslegt áfall fyrir hinar minni hitaveitur.

Núverandi ákvæði 72. gr. er þannig:

„Lán sem veitt eru samkvæmt 71. gr. 4. tl. skulu vera að fullu endurgreidd sjóðnum eigi síðar en 5 árum eftir að hafist er handa um framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita sem fundist hefur við leitina. — Náist enginn árangur við borun á tilteknu svæði fellur niður endurgreiðsluskylda lántaka samkvæmt 71. gr. 4. tl."

Eins og af þessu sést er áhætta við jarðhitaleitina hér bundin við tiltekið jarðhitasvæði og sé hafin nýting þess er ekki um neina þátttöku Orkusjóðs í áhættu við jarðhitaleitina að ræða.

Gera verður ráð fyrir að afla þurfi Orkusjóði viðbótartekna af fé til jöfnunar og lækkunar hitakostnaðar til að standa straum af þeirri auknu áhættu sem hér er gert ráð fyrir. Þess er einnig að vænta að sá hluti lánanna sem gjaldfellur komi til sjóðsins með fullum verðbótum.

Búast má við að nauðsynlegt sé að kveða nánar á um framkvæmd þessara ákvæða í reglugerð sem sett yrði samkvæmt 79. gr. orkulaga.

Með frumvarpi þessu fylgir yfirlit yfir nýtingu jarðvarma á Íslandi, fskj. nr. 1, og yfirlit yfir hitaveitur 1981, fskj. nr. 2, sem birst hefur í fylgiriti með Orkumálum nr. 33.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að 53. gr. orkulaga kveði á um ótvíræða heimild um niðurfellingu söluskatts og aðflutningsgjalda af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins til jarðhitaborana. Talið er að slík heimild hafi ekki verið fyrir hendi nema að því er varðar hitaveitur sem sérstök lög ná til. Reglur þær sem hér er lagt til að teknar verði upp eru til samræmis við það sem tíðkast hefur um vatnsaflsvirkjanir um langa hríð. Eðlilegt er að hliðstæðar reglur gildi um virkjun jarðvarma og vatnsafls.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að í 71. gr. orkulaga verði tekin upp heimild til að lána úr Orkusjóði fé til rannsókna til undirbúnings borana og rannsókna á vinnslueiginleikum auk borunarinnar sjálfrar. Er þess að vænta að fjárskortur muni þá síður hindra að ráðist verði í rannsóknir sem nauðsynlegar eru áður en til borunar eða virkjunar jarðvarma kemur.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér veigamiklar breytingar frá núgildandi 72. gr. orkulaga.

Greinin felur í sér að áður en Orkuráð gerir tillögur um lánveitingu til jarðhitaleitar skuli leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri svo og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarmans. Hér mun fyrst og fremst verða leitað til Orkustofnunar, en fleiri aðilar búa yfir þekkingu á þessu sviði og eru færir um að veita nauðsynlega ráðgjöf.

Þá eru tekin upp ákvæði um að lán til jarðhitaleitar skuli vera verðtryggð en það mun jafna mjög greiðslubyrði lánanna á lengri tíma. Nú bera lánin hæstu lögleyfðu fasteignalánsvexti, og greiðslubyrði vaxta fyrstu árin hefur því verið mjög þung. Gert er ráð fyrir að lánstími geti verið allt að 10 árum, en hann hefur samkvæmt núgildandi lögum verið 5 ár. Með hliðsjón af endingartíma borhola er óvarlegt að gera ráð fyrir lengri lánstíma en 10 árum.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heimilt sé að meta árangur borunar og afskrifa lánið eða fella niður endurgreiðsluskyldu að hluta eða öllu leyti með hliðsjón af kostnaði og þeim árangri sem náðst hefur.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Nýting jarðvarma á Íslandi 1981.



Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir hitaveitur 1981.

1982-05-11

RH/ss

Hitaveitur	Stofnár	Íbúatala 1981-12-01 1000	Hitastig v/hús °C	Heimæðagj. pr. 400 m³ hús - kr	Vatnsgjald kr/m³	Vatnsgjald kr/mín.l/ár	Fastagjald kr/ár	Vatnssala 1981 1000 m³	Vatnssala 1981 mín. l	Tekjur af vatnssölu 1981-1000kr
Reykjavík	1930	114,4	80	14.811	3,73	976,30	396,00	39.886	-	105.313
Seltjarnarnes	1972	3,3	83	10.490	-	1.260,00	303,60	-	2.725	2.259
Mosfellshreppur	1943	3,1	80	21.203	-	976,80	386,40	-	3.787	2.284
Bessastaðahreppur	1980	0,5	60	13.968	8,94	-	555,60	179	-	749
Suðurnes	1975	13,3	80-88	14.077	12,81	2.922,00	530,40	162	10.970	23.754
Þorlákshöfn	1979	0,8	84-86	17.658	18,48	4.428,12	-	67	666	2.569
Eyrar	1981	0,9	64	18.566	13,75	-	1.155,48	...	...	...
Selfoss	1948	3,5	82	11.580	4,50	1.234,00	570,00	801	1.725	3.793
Hveragerði	1952	1,2	80-85	13.758	-	1.084,32	648,00	...	...	2.154
Laugarás	1964	0,1	96	16.560	-	1.445,64	1.028,40	-	2.880	442
Flúðir	1967	0,2	80	7.424	-	659,40	1.188,00	-	1.500	377
Brautarholt	1979	0,1	73	5.819	-	182,40	121,80	-	118	71
Vestmannaeyjar	1967	4,0	75	13.940	12,74	-	1.020,00	950	-	8.136
Akranes og Borgarfjörður	1980	4,3	70	14.178	15,70	3.756,00	-	172	1.458	4.639
Reykhólar	1974	0,1	100	2.910	-	349,20	210,00	...	...	20 *
Suðureyri	1977	0,5	60	11.404	-	2.916,60	363,60	-	710	1.470
Hvammstangi	1973	0,6	78-80	7.088	7,10	1.854,00	927,00	25	903	1.243
Blönduós	1978	1,0	60	9.062	9,50	2.316,00	900,00	1	1.587	2.615
Sauðárkrókur	1953	2,2	66-68	5.815	3,45	913,80	499,20	350	6.400	3.067
Siglufjörður	1975	1,8	80	6.108	16,93	4.140,00	-	-	1.328	3.711
Ólafsfjörður	1944	1,2	57	4.767	-	921,96	549,48	-	2.334	1.477
Dalvík	1969	1,3	62	5.169	-	870,00	309,00	19	2.434	1.542
Hrísey	1973	0,3	56	4.108	-	1.098,60	610,80	...	...	400 *
Akureyri	1977	10,5	80	17.416	17,90	4.077,60	-	402	8.106	25.802
Húsavík	1970	2,6	80	10.104	6,37	1.211,16	532,20	219	3.140	3.186
Reykjahlíð	1969	0,2	80	13.195	8,34	-	1.932,00	...	...	209
Egilsstaðir	1979	1,2	59	7.504	9,80	3.387,60	-	...	1.283	2.591
	.	173,2	.	.	.	.	.	.	.	203.873
Einkaveitur	.	1,6	.	.	.	.	.	.	.	.
Samtals	.	174,8 [1]	.	.	.	.	.	.	.	203.873

1) 75% af íbúafjölda landsins.

Nd. 220. Lög [65. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 66.

Nd. 221. Lög [103. mál]

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 105.

Nd. 222. Lög [112. mál]

um breyting á lögum nr. 97 24. des. 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 162.

Sþ. 223. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau, sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á hinum einstöku svæðum, svo sem Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði, Faxaflóa og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi, er borist hafa, vegna vetrarflutninga á landi, svo sem til rekstrar snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs, þar sem erfitt reynist viðkomandi byggðarlögum að standa straum af þeim kostnaði, er þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar.

Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið verulega rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra, sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Þótt ekki verði komist hjá fjárstuðningi við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, ber nauðsyn til að endurskipuleggja ýmsa þætti þessara mála, þar sem flutningaþörfin er á sumum

svæðum önnur en áður var. Leggur nefndin áherslu á að þessi mál séu öll skoðuð í því augnamiði að koma á meiri hagræðingu við þessa flutninga og fá það fram, hvernig það fjármagn, sem veitt er á vegum nefndarinnar, nýtist.

Nefndinni bárust rúmlega 60 umsóknir. Halldór S. Kristjánsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar, sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í þágu nefndarinnar.

Skal nú gerð grein fyrir hinum einstöku þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ. e. a. s. flutninga á sjó. Hvort tveggja er, að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns, sem nefndin úthlutar, og svo hitt, að um allt það, er lýtur að sjóflutningum, hefur nefndin fyllri upplýsingar, þótt ýmsir aðrir aðilar, er styrk til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar, og er það breyting til bóta.

Enn fremur hafði nefndin þann hátt á að ræða og fá frekari upplýsingar hjá þingmönnum hvers kjördæmis um þær umsóknir, sem lágu fyrir hjá nefndinni, og einnig hafði hún í nokkuð mörgum tilvikum samband við þá aðila, sem umsóknirnar sendu.

Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram, hvað aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar, og er nefndinni fullkomlega ljóst, að full ástæða væri að hafa þessa styrki verulega hærri til að minnka þennan aðstöðumun. En á hitt ber einnig að líta, að margir munu þeir, sem ekki eru betur settir, sem enga umsókn hafa sent.

1. Akraborg.

Á árinu 1981 var hagnaður af rekstri Akraborgar 205 þús. kr., sem er nokkru lakari niðurstaða en var 1980. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé félagsins neikvætt um tæpar 5 millj. kr. Til loka október á þessu ári var hagnaður af rekstrinum 425 þús. kr. og er þá búið að taka tillit til vaxtagjalda að fjárhæð 2.6 millj. kr. Rétt er að benda á að tveir síðustu mánuðir ársins eru erfiðir í rekstri, minni flutningar og aukinn tilkostnaður.

Nýtt skip, nýja Akraborgin, var tekið í notkun í júní á þessu ári, en gamla skipið er enn óselt.

Skallagrímur hf. fer fram á styrk að fjárhæð 3 millj. kr. á næsta ári. Í bréfi fyrirtækisins kemur fram að samkomulag hefur náðst við Ríkisábyrgðasjóð um að ríkisstyrkurinn skuli renna óskiptur til greiðslu lána hjá sjóðnum. Hér er því um stofnstyrkbeiðni að ræða. Í fjárlögum í ár er veittur 1 millj. kr. rekstrarstyrkur og 800 þús. kr. stofnstyrkur. Af þessari fjárhæð fékk Ríkisábyrgðasjóður beint 1.2 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum Ríkisábyrgðasjóðs nema skuldir vegna gömlu Akraborgar 1. nóvember s. l. um 11 millj. kr. Búið er að ganga frá samningi vegna hluta þessara skulda. Vegna kaupa á nýju Akraborginni eru nú vextir af láni DEM 5 812 156 eða 39 millj. íslenskar krónur, í vanskilum 11 959 000 kr. Afborgun er ekki fallin í gjalddaga. Hætt er við að fyrirtækið stefni í svipuð vanskil við Ríkisábyrgðasjóð og var vegna kaupa á gömlu Akraborginni á sínum tíma.

Þessi mál eru þannig vaxin, að þau þurfa meiri skoðunar við.

2. Baldur.

Almennt um rekstur Baldurs árið 1982.

Baldur er nú eingöngu í ferðum á Breiðafirði eftir að útgerð bátsins hætti Reykjavíkurferðum 1. apríl 1981. Ferðir þessar urðu alls 125 10 mánuði þessa árs. Farþegar með bátnum urðu 5890 og flutt var 1201 bifreið. Sambærilegar tölur frá fyrra ári voru 108 ferðir, 6300 farþegar og 1164 bifreiðar. Á þessu sést að þegar ferðum fjölgar um 16% fækkar farþegum úr 6300 í 5890, eða um 410 farþega, sem er um 6.5%. Á móti fjölgar bifreiðum milli áranna um 37, eða um 38%.

Nýtt skip.

Nefnd um ferju á Breiðafirði skilaði áliti fyrr á þessu ári. Klofnaði hún í afstöðu sinni til málsins. Samkvæmt tillögu meiri hluta nefndarinnar bauð Framkvæmdastofnun ríkisins út teikningu Breiðafjarðarferju I, sem Siglingamálastofnun ríkisins hafði hannað. Tilboð í þessa teikningu voru opnuð í Framkvæmdastofnun ríkisins 8. október s. l. Lægsta tilboð var um 27 millj. kr., en það hæsta um 45 millj. kr.

Breiðafjarðarferja II var hönnuð upphaflega af Bátalóni hf. í Hafnarfirði, en hönnun síðan breytt og búin til boðs af Skipatækni hf. Hér er um stærri bát að ræða. Teikning af ferju II var boðin út af samgönguráðuneytinu og tilboð opnuð í október 1982. Lægsta tilboð reyndist vera 26,6 millj., en það hæsta 39.3 millj. kr. Tilboð í ferju I og ferju II eru því mjög svipuð.

Siglingamálastjóra var falið að yfirfara þessi tilboð og gera á þeim samanburð. Skilaði hann þeim gögnum 1. nóvember s. l.

Umrædd ferjunefnd var síðan beðin um álit og skilaði hún því til ráðuneytisins 17. nóvember s. l.

Þessi mál öll eru nú í athugun hjá ráðuneytinu.

Helstu forsendur rekstraraðila um þróun útgjalda á næsta ári eru þessar:

Laun hækki milli ára 58%, olíukostnaður verði 60% hærri og gert er ráð fyrir að reksturinn standi nokkurn veginn í járnum með 2.6 millj. kr. rekstrarframlagi úr ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir svipuðum flutningum á næsta ári og í ár, en til að ná áætluðum tekjum þurfa taxtar að hækka um 65%.

Rekstraraðili fer fram á rekstrarstyrk að fjárhæð kr. 4 151 000 á næsta ári, sem er um 58% hækkun frá greiddum styrk á yfirstandandi ári.

3. Fagranes.

Eins og fyrr fylgir umsókn rekstraraðila bátsins nokkuð greinargott yfirlit yfir rekstur hans 10 mánuði ársins og áætlað út þetta ár. Tekjur fyrirtækisins út þetta ár eru áætlaðar kr. 3 077 000, þar af ríkisframlag 2 068 000. Gjöldin eru aftur á móti áætluð kr. 3 594 000, eða um 517 þús. kr. hærri en tekjurnar. Samkvæmt reikningi ársins 1981 var hagnaður á rekstrinum 44 þús. kr., sem ráðstafað var til greiðslu skulda vegna halla fyrri ára.

Í bréfi framkvæmdastjóra eru raktar ýmsar ástæður fyrir versnandi rekstrarniðurstöðu fyrirtækisins á þessu ári. Má þar nefna minna ríkisframlag en farið var fram á, og skýrir það 204 þús. kr. Jafnframt eru nefndir mun hærri útgjaldaliðir en ráð var fyrir gert, svo sem vaxtagjöld 145 þús. kr. og trygging 95 þús. kr. Enn fremur er bent á að í áætlun útgerðar bátsins, sem kynnt var nefndinni í desember á síðasta ári, var reiknað með 40% verðbreytingum útgjalda, en í raun hafa þær orðið yfir 60%, þar af um tvöföldun olíuverðs. Vegna vaxandi greiðsluerfiðleika hefur fyrirtækið sótt um 130 þús. kr. aukafjárveitingu á þessu ári og hefur fengið hana.

Áætlun fyrirtækisins er í hefðbundnum stíl. Flestallir gjalda- og teknaliðirnir eru hækkaðir um 50%. Rekstraraðili fer fram á að rekstrarstyrkur til bátsins verði 3.8 millj., eða 72% hækkun frá fjárlögum.

4. Hríseyjarferjan.

Gjaldskráin fyrir ferjubátinn Sævar var hækkuð tvisvar á þessu ári, um 20% í lok ágúst og 20% í byrjun desember. Nefndin gerir ráð fyrir að gjaldskráin verði hækkuð strax í byrjun næsta árs um allt að 30%, sem ætti að gefa á næsta ári um 300 þús. kr. Ríkisframlag til rekstrar á fjárlögum í ár var 400 þús. kr. En til greiðslu komu 375 þús. kr.

Fram hefur komið að verulegar skuldir hafa safnast saman út af rekstri þessa báts og framlagið á síðasta ári alls ekki dugað til að jafna þann halla.

Þegar þessi bátur var keyptur var ákveðið að ríkisframlag mundi verða á hverju ári til afborgana og vaxtagreiðslna. Samkvæmt yfirliti frá Framkvæmdasjóði Íslands verða greiðslur vegna Hríseyjarferju á árinu 1983 kr. 835 959 000, en til viðbótar því standa mál þá þannig, að vanskil nú um áramótin verða um 230 þús. kr., þannig að styrkjaþörfin vegna afborgana og vaxta af stofnkostnaði er um kr. 1 100 000.

5. Drangur.

Til loka október s. l. hafði Drangur flutt 812 farþega og 4149 tonn af vörum. Á sama tíma árið 1981 flutti báturinn 1293 farþega og 3536 tonn af vörum. Farþegum hefur því fækkað um 37%, en á móti kemur nokkur aukning á vöruflutningum, um 17%.

Rekstraraðili Drangs gerir ráð fyrir að á rekstrinum í ár verði hallinn um 60 þús. kr., og er þá miðað við greiddan styrk úr ríkissjóði, en sem kunnugt er er fjárveitingin í ár skert um 6% og þýðir það um 90 þús. kr. fyrir Drang.

Nýtt skip í stað gamla Drangs var tekið í notkun á miðju ári. Að sögn rekstraraðila hefur rekstur nýja bátsins komið mjög vel út sakir þess, hve fjölhæfur báturinn er, m. a. gott gámflutningaskip.

Í áætlun um reksturinn á þessu ári var gert ráð fyrir því, að nýja skipið yrði komið í rekstur í febrúar eða mars, en í reynd var það ekki tekið í notkun fyrr en í júlí, og hafði þessi töf áhrif á ýmsa rekstrarliði til hækkunar, svo sem launakostnað, þar sem færri eru í áhöfn nýja Drangs.

Um einstaka rekstrarliði er þetta helst að segja:

Laun: Gert er ráð fyrir því, að laun hækki um 34% frá launakostnaði þessa árs. Þetta er nokkru minni hækkun en almennt gerist, fyrst og fremst vegna fækkunar í áhöfn. Olíukostnaður eykst verulega frá árinu í ár samkvæmt tillögum rekstraraðila, eða um 640 þús. kr., úr 640 þús. í 1 560 000 kr. Hér er um 143% hækkun að ræða. Þessi liður þarfnast skýringa rekstraraðila.

Gert er ráð fyrir minna viðhaldi að magni til en á þessu ári, enda er um nýtt skip að ræða.

Rekstraraðili áætlar, að kostnaður vegna út- og uppskipunar verði 240 þús. kr. á næsta ári og er það um 100 þús. kr. hærri fjárhæð en í ár. Á móti koma mjög auknar tekjur vegna þessa liðar, alls um 260 þús. kr. hærri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Heildargjöld hækka eftir áætluninni um 46%. Tekjur fyrirtækisins af farmgjöldum, út- og uppskipun og fargjöldum hækki milli áranna 1982 og 1983 um 1.2 millj. kr., eða um 52%, samkvæmt þessari áætlun. Bæði er um að ræða aukningu flutninga og taxtahækkun.

Til að endar nái saman í rekstrinum, fyrir utan afskriftir og vexti af lánum til kaupa á nýja Drang, þarf ríkisframlagið að vera a. m. k. 1.8 millj. kr. á næsta ári. Hækkun ríkisframlags frá þessu ári yrði þá um 28%.

Þegar þetta skip var keypt var gert ráð fyrir því, að stofn- og vaxtakostnaður yrði greiddur með ríkisframlagi. Samkvæmt útreikningi viðskiptabanka rekstraraðila á greiðslum afborgana og vaxta af lánum vegna kaupa á nýja Drang er nauðsynlegt að stofnfjárframlag verði 5.5 millj. kr. á næsta ári. Miðað er við gengi í byrjun desember 1982 og 50% hækkun gengis á næsta ári. Um er að ræða þrjú lán, þar af eitt lán sem tekið var hjá Export Finance vegna breytinga á skipinu. Byrði vegna fjármagns- og vaxtakostnaðar er verulega hærri en ráð var fyrir gert, þegar áætlunin um kaupin var gerð, og rétt er að hafa í huga að í byrjun desember 1981 jafngilti 1 Bandaríkjadalur kr. 8.18 og norsk króna kr. 1.41. Nú er dollarinn kominn í kr. 16.34 og norska krónan í kr. 2.34. Hækkun dollarans nemur 99.7%, en norsku krónunnar 64.79%, eða meðalhækkun um 82%.

6. Herjólfur.

Upplýsingar úr bókhaldi fyrirtækisins eru aðeins fyrir hendi til loka ágúst á þessu ári. Til grundvallar rekstraráætlun næsta árs eru því lagðar niðurstöður bókhalds fyrirtækisins fyrstu 8 mánuði ársins 1981. Helstu forsendur áætlunar út þetta ár eu þær, að gjöldin eru framreiknuð til 12 mánaða að viðbættu 10% álagi til þess að mæta verðhækkunum seinni hluta þessa árs. Tekjur eru að meginhluta meðhöndlaðar eins. Rekstraraðili framreiknar síðan rekstraráætlun þessa árs um 42% til þess að fá áætlaðar tölur fyrir rekstur fyrirtækisins á næsta ári.

Í þessari rekstraráætlun næsta árs er ekki tekið tillit til fjárfestinga í áhöldum og tækjum né greiðslum af fjármagnskostnaði vegna kaupa á Herjólfi á sínum tíma.

Flutningar Herjólfs voru þessir á árinu 1981:

Farþegar 48 030, bílar 9 468, vörur 13 050 tonn.

Flutningar Herjólfs hafa farið vaxandi ár frá ári frá árinu 1977, fyrsta heila árið sem Herjólfur var í rekstri, en það ár voru flutningar þessir:

Farþegar 34 416, bílar 7 117 og vörur 6 667 tonn.

Heildargjöld Herjólfs urðu á árinu 1981 13.1 millj. kr., eða 70% hærri en á árinu 1980. Halli á rekstrinum varð 2.4 millj. kr.

Síðustu ár hefur ríkisframlagið náð að jafna uppsafnaðan rekstrarhalla fyrri ára þegar frá eru taldar afskriftir og fjármagnskostnaður af stofnlánum og til Ríkisábyrgðasjóðs.

Fjármagnsbeiðni fyrirtækisins er þannig sundurliðuð:

Veltufjárstaða 1. janúar 1982 neikvæð um 1.9 millj. kr. án skuldar við Ríkisábyrgðasjóð. Áætlaður rekstrarhalli umfram ríkisframlag 1982 er 300 þús. kr. Áætlaður rekstrarhalli 1983 án ríkisframlags er 5.8 millj. kr.

Þessi fjármagnsbeiðni er um 95% hærri en það framlag sem veitt var á fjárlögum í ár, en eins og kunnugt er var ríkisframlagið skert um 6%. Þegar tillit er tekið til þess er hækkunin milli ára — eða hækkunarþörfin milli ára — um 100%.

Mörg undanfarin ár hefur nefndin lagt áherslu á að fundin yrði lausn á uppgjöri fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð. Á fjárlögum þessa árs er svonefnt ákvæði í 6. gr.:

„Að semja við Herjólf hf. og Skallagrím hf. um vanskil fyrirtækjanna hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta að hluta, með þeim skilyrðum, sem talin eru nauðsynleg."

Nefndinni er ekki kunnugt um að þessi heimild hafi verið notuð gagnvart Herjólfi, en Skallagrímur hf. hefur náð samkomulagi um greiðslur vaxta og afborgana á skuldum vegna gömlu Akraborgar.

Samkvæmt upplýsingum Ríkisábyrgðasjóðs 14. desember 1982 námu skuldir Herjólfs við Ríkisábyrgðasjóð 1. desember s. l. 61.2 millj. kr. Með áföllnum vöxtum til áramóta yrði skuldin 66.7 millj. kr., eða hækkaði um 5.5 millj. kr. í desembermánuði, þ. e. a. s. 177 600 kr. á dag. Hér er mál sem ekki er hægt að víkja sér undan að taka á, og kom það fram á fundum nefndarinnar, að eina leiðin í þessu efni væri að ríkið tæki á sig skuldir Herjólfs, enda, eins og að framan segir, standa ekki tekjur undir rekstrinum, hvað þá meira.

7. Mjóafjarðarbátur.

Bátur þessi fer tvær ferðir í viku milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar og einnig tvær ferðir til Dalatanga, þegar landleiðin er ófær, sem er að jafnaði 4—6 mánuði á ári hverju. Nýr bátur var keyptur árið 1978 og er mestur hluti kaupverðs enn ógreiddur. Bátur þessi er eina samgöngutækið við Mjóafjörð mestan hluta ársins.

Málefni annarra flóabáta verða ekki rakin hér, enda er um að ræða smáar upphæðir er til þeirra fara, en þeir eru Dýrafjarðarbátur, Langeyjarnesbátur og Mýrabátur.

Við umfjöllun málsins kom fram að æskilegt væri og raunar nauðsynlegt að samgönguráðuneytið reyndi að fylgjast með því, hvernig þeir fjármunir nýtast þeim byggðarlögum, sem fá fjárframlög eftir tillögum nefndarinnar, til að fá vísbendingu um, hvort þeir fjármunir muni geta komið að meiri notum eftir öðrum leiðum.

Mjög ítarlega var fjallað um hverja umsókn og náðist full samstaða um hverja fjárveitingu í nefndinni.

Samkvæmt greinargerð þeirri, er í nefndaráliti greinir, leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að á fjárlögum 1983 verði veittar samtals kr. 30 961 000, sem skiptist svo sem lagt er til á þingskjali 207.

Alþingi, 17. des. 1982.

Stefán Valgeirsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiður Guðnason, form. Ed.-nefndar.	Alexander Stefánsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Egill Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Skúli Alexandersson.	Halldór Blöndal.
Steinþór Gestsson.	Árni Gunnarsson.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Friðjón Þórðarson.	Lárus Jónsson.
Stefán Jónsson.		Guðm. Karlsson.

Ed. 224. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Eiði Guðnasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð hefur 40 ára aldri á því orlofsári sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar fá þrjá daga í orlof, og sá sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá 3 daga til viðbótar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:
   Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum vegna þeirra, sem rétt eiga á lágmarksorlofi. Við 10 ára starf eða 40 ára aldur hækkar orlofsfé í 11.59% og við 18 ára starf eða 50 ára aldur hækkar orlofsfé í 13.40%.

Ed. 225. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar og mælir með að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi, 17. des. 1982.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Karl Steinar Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 226. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til meðferðar og ekki orðið sammála. Við, sem skipum minni hluta nefndarinnar, getum ekki fallist á frumvarpið. Ber þar ýmislegt til. Frumvarp þetta er flutt í sambandi við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar samkvæmt bráðabirgðalögunum frá 21. ágúst s. l. Með þessum lögum eru verðbætur á laun lækkaðar og skorinn niður launakostnaður fyrirtækja. Hins vegar er með þessu frumvarpi aukinn launakostnaður fyrirtækja. Ekki er hægt að bera ábyrgð á slíkum látbragðsleik ríkisstjórnarinnar og er því þegar af þessari ástæðu lagt til að setið verði hjá við afgreiðslu frumvarps þessa.

Alþingi, 17. des. 1982.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 227. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og klofnaði hún í afstöðu sinni til þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kemur breytt frá neðri deild.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. des. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 228. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku, sbr. lög nr. 25 22. maí 1979.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar, en um er að ræða fylgifrumvarp með frumvarpi um lengingu orlofs, 55. máli þingsins.

Leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des 1982.

Guðm. Bjarnason, fundaskr. — Ólafur Ragnar Grímsson, frsm. — Stefán Guðmundsson.

Karl Steinar Guðnason.

Sþ. 229. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 04 201. Nýr liður:		
0130 Landþurrkun		240
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Landþurrkun (04 201 0130).		
Araós	10	
Út-Hjaltastaðaþinghá	10	
Leiðvallarhreppur	17	
Dyrhólaós	130	
Holtsós	18	
Austur-Landeyjahreppur	16	
Vestur-Landeyjahreppur	16	
Djúpárhreppur	16	
Óráðstafað	7	
		240
2. Við 4. gr. 04 270 0109 Fyrirhleðslur.		
a. Fyrir „3 405“ kemur		4 485
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Fyrirhleðslur (04 270 0109)		
a. Til fyrirhleðslna:		
1. Klifandi og Hafursá	30	
2. Ár undir Eyjafjöllum (ofan vegar)	20	
3. Markarfljót	450	
		500
b. Til fyrirhleðslna gegn 1/4 kostnaðar annars staðar frá:		
Djúpós og Hólsárbakkar		40
c. Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar frá:		
1. Djúpá hjá Kálfafelli	20	
2. Eldvatn hjá Hraunum	5	
3. Skaftá hjá Heiði	110	
4. Kúðafljót	200	
5. Eldvatn hjá Ásum	25	

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Hafursá og Klifandi (vatnafél.)	50	
7. Ár undir Eyjafjöllum (neðan vegar)	20	
8. Þjórsá við Þrándarholt	50	
9. Þjórsá í Skeiðahreppi	50	
10. Þjórsá hjá Mjósyndi	50	
11. Stóra-Laxá	50	
12. Litla-Laxá	70	
13. Hvítá við Fjall	20	
14. Varnargarður við Dyrhólaós	100	
15. Fyrirhleðsla við Brest í Eldhrauni	40	
16. Ölfusá við Kaldaðarnes	20	
17. Hvítá við Iðu	40	
18. Norðurá í Norðurárdal	250	
19. Borgarfjörður og Mýrasýsla, ósundurliðað	50	
20. Snæfellsnessýsla	50	
21. Dalasýsla	50	
22. Vesturá hjá Húki	20	
23. Víðidalsá	20	
24. Giljá	20	
25. Svartá í A-Hún.	30	
26. Hjaltadalsá	60	
27. Héraðsvötn	450	
28. Svarfaðardalsá	20	
29. Hörgá	200	
30. Eyjafjarðará	150	
31. Nýpá	60	
32. Skjálfandafljót	40	
33. Dalsá í Fáskrúðsfirði	80	
34. Bjarglandsá	80	
35. Múlá í Skriðdal	100	
36. Eyvindará á Völlum	40	
37. Norðurdalsá í Breiðdal	100	
38. Breiðdalsá	50	
39. Hofsá í Geithellnahreppi	100	
40. Geithellnaá	40	
41. Jökulsá	100	
42. Hornafjarðarfljót	300	
43. Kolgríma	50	
44. Aðrar ár í A-Skaft.	150	
45. Kotá í Öræfum	50	
		3 630
d. Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar frá, viðhald skiptist af matsnefndum:		
1. Suðurlandskjördæmi	110	
2. Reykjaneskjördæmi	50	
3. Vestfjarðakjördæmi	75	
4. Norðurlandskjördæmi eystra	30	
5. Austurlandskjördæmi	50	
		315
		4 485

Sþ. 230. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02 201 Háskóli Íslands.	
a. Við 0101 Yfirstjórn.	
Fyrir „9106“ kemur	10 446
b. Við 0103 Læknadeild.	
Fyrir „23 376“ kemur	23 776
c. Við 0104 Tannlæknadeild.	
Fyrir „5 180“ kemur	5 310
d. Við 0107 Viðskiptadeild.	
Fyrir „5 133“ kemur	5 173
e. Við 0108 Heimspekideild.	
Fyrir „13 681“ kemur	13 931
f. Við 0109 Verkfræðideild.	
Fyrir „35 198“ kemur	36 098
g. Við 0110 Háskólabókasafn.	
Fyrir „3 821“ kemur	3 981
h. Við 0112 Rekstur fasteigna.	
Fyrir „13 613“ kemur	14 313
i. Við 0113 Sameiginleg útgjöld.	
Fyrir „9 375“ kemur	10 335
j. Við 0114 Félagsvísindadeild.	
Fyrir „6 405“ kemur	6 505
2. Við 4. gr. 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 20 Laun.	
Fyrir „3 619“ kemur	3 694
3. Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „14 713“ kemur	15 213
4. Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar, almennt.	
a. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „2 880“ kemur	3 040
b. Við Sundurliðun 1. Reykjavík.	
Fyrir „2 000“ kemur	2 160
5. Við 4. gr. 02 700 Grunnskólar, Reykjavík 20 Laun.	
Fyrir „133 047“ kemur	133 567
6. Við 4. gr. 02 931 Náttúruverndarráð 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 405“ kemur	2 905
7. Við 4. gr. 02 982 0502 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „3 000“ kemur	5 000
8. Við 4. gr. 04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins.	
Fyrir „20 828“ kemur	22 828
9. Við 4. gr. 04 288 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum.	
a. Við 0101 Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur.	
Fyrir „41 363“ kemur	44 863
b. Við 0102 Framræsla.	
Fyrir „5 320“ kemur	6 320
c. Við 0103 Nýjar búgreinar og hagræðing.	
Fyrir „12 922“ kemur	15 422

	Þús. kr.
10. Við 4. gr. 04 291 Til búfjárræktar. skv. lögum nr. 31/1973 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
Fyrir „4 150“ kemur	6 150
11. Við 4. gr. 06 251 Landhelgisgæslan.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „36 568“ kemur	38 168
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „42 351“ kemur	44 351
12. Við 4. gr. 06 255 Umferðarráð 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „2 707“ kemur	3 007
13. Við 4. gr. 06 301 Þjóðkirkjan. Nýr liður:	
0306 Kirkjuorgel	800
14. Við 4. gr. 07 954 Vinnueftirlit ríkisins.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „5 969“ kemur	6 469
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 550“ kemur	3 550
c. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „130“ kemur	630
d. Við 0 Sértekjur.	
Fyrir „7 659“ kemur	10 659
15. Við 4. gr. 08 325 Hollustuvernd ríkisins 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 900“ kemur	2 400
16. Við 4. gr. 08 385 Framkvæmdasjóður aldraðra.	
Fyrir „34 790“ kemur	40 000
17. Við 4. gr. 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.	
Fyrir „1 016“ kemur	1 483
18. Við 4. gr. 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.	
Fyrir „611“ kemur	923
19. Við 4. gr. 10 652 Veðurstofa Íslands 0103 Síma- og útvarpskostnaður.	
Fyrir „4 513“ kemur	5 013
20. Við 5. gr. 22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
a. Við 012 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „214 943” kemur	226 943
b. Við 982 Veitt lán.	
Fyrir „269 330“ kemur	329 330
c. Við 992 Tekin lán.	
Fyrir „90 000“ kemur	138 000
d. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „180 387“ kemur	192 382

21. Við 6. gr.

a. Við 4.17. Liðurinn orðist þannig:

Að endurgreiða innflutningsgjöld af tækjum, sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi sjónvarps. Jafnframt að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir Ríkisútvarpið. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd ákvæðis þessa.

b. Við 5. Nýir liðir:

5.37 Að selja jörðina Gilá í Áshreppi.

5.38 Að selja prestseturshúsið að Kirkjutorgi 1, Sauðárkróki, og verja andvirðinu til kaupa á nýjum prestsbústað eða ráðstafa húseigninni í þágu Fjölbrautaskólans.

5.39 Að selja Andakílsárvirkjun 66 kV línu ca. 2 km langa milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu RARIK, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.

c. Við 7. Nýir liðir:

7.13 Að gera samning við Reykjavíkurborg um greiðslur skulda vegna yfirtöku á húsnæði Vogaskóla og Öskjuhlíðarskóla og inna greiðslur af hendi á árinu 1983 í samræmi við þann samning.

7.16 Að veita í samráði við fjárveitinganefnd fjárhagsaðstoð allt að 2.0 millj. kr. til að tryggja rekstrargrundvöll sjúkra-, neyðar- og póstflutninga á Vestfjörðum að undangenginni ýtarlegri athugun.

Sþ. 231. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 1. gr. Lánahreyfingar út Seðlabanki Íslands.	
Fyrir „100 000“ kemur	60 000
2. Við 3. gr. 0210 Aðflutningsgjöld.	
a. Fyrir „1 522 300“ kemur	1 575 000
b. Fyrir „76 000“ kemur	78 800
3. Við 3. gr. 0642 Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum.	
Fyrir „800 000“ kemur	820 000
4. Við 3. gr. 0300 Söluskattur.	
a. Fyrir „4 840 000“ kemur	4 945 000
b. Fyrir „330 000“ kemur	335 000
5. Við 3. gr. 0800 Stimpilgjald.	
Fyrir „230 000“ kemur	240 000
6. Við 3. gr. 0810 Aukatekjur.	
Fyrir „33 600“ kemur	38 600
7. Við 3. gr. 2010 Vextir.	
Fyrir „130 000“ kemur	170 000
8. Við 3. gr. 1990 Ýmsar óvissar tekjur.	
Fyrir „2 000“ kemur	7 000

Sþ. 232. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 18. desember 1982 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 17. janúar 1983.

Sþ. 233. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Árna Gunnarssyni og Magnúsi H. Magnússyni.

	Við 4. gr. 05 202 Hafrannsóknastofnun. Nýr liður:	Þús. kr.
12	Til undirbúningsrannsókna á eldi sjávarfiska	50

Sþ. 234. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá ríkisstjórninni.

Við 6. gr. Nýir liðir:

3.9 Að veita ríkisábyrgð vegna erlendra vörukaupalána til raðsmíði fiskiskipa fyrir allt að 20% smíðaverðs hvers skips.

3.10 Að ábyrgjast lán allt að 80 millj. kr. sem tekið yrði af Áburðarverksmiðju ríkisins hjá Seðlabanka Íslands.

3.11 Að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðherra metur gildar, á láni sem nemur allt að 1.9 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og tekið er til eins árs í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verður á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. október 1982 til 30. september 1983. Ríkissjóði er jafnframt heimilt að standa undir vöxtum af láni þessu.

Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt og launaskatt og önnur gjöld, ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þessara gjalda, sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins, fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 3. mgr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984 skal tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu, sem um ræðir í 2. mgr., og miðað við þær tekjur, sem telja má að ríkissjóður hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.

6.16 Að taka erlent lán allt að 850 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Lánsfénu er ætlað að verja til fjármögnunar í samræmi við endurskoðaða lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 allt að 240 millj. kr., til nauðsynlegra greiðslna á árinu 1983 samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1983 og til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og/eða sveitarfélaga í samráði við fjárveitinganefnd.

6.17 Að taka lán allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvar í Keflavík.

Sþ. 235. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 og við brtt. á þskj. 230.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 03 399 0101 Þróunarstofnun Íslands. Fyrir „12 391“ kemur	13 641
2. Við 4. gr. 04 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Nýr liður: 0121 Myndkort	50

II. Frá *Karli Steinari Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Pétri Sigurðssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni* og *Albert Guðmundssyni.*

Við 4. gr. 08 399 Ýmis heilbrigðismál. Nýr liður:

0138 Heilsuræktin, endurhæfingarstöð aldraðra	460

III. Frá *Eiði Guðnasyni.*

Við brtt. 230, 21. a. — Við 6. gr. 4.17. Liðurinn orðist þannig:

Að endurgreiða innflutningsgjald af tækjum, sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Jafnframt að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir Ríkisútvarpið. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd ákvæðis þessa.

Nd. 236. Lög [28. mál]

um málefni aldraðra.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 212 (sbr. 164).

Nd. 237. Lög [127. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 131.

Sþ. 238. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

I. Frá *Salome Þorkelsdóttur.*

1. Við 4. gr. 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þús. kr.
   Fyrir „9 409“ kemur 12 285
2. Við 5. gr. 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.
   a. 20 Laun.
      Fyrir „3 600“ kemur 5 176
   b. Önnur rekstrargjöld.
      Fyrir „15 685“ 16 985

II. Frá *Steinþóri Gestssyni, Guðmundi Karlssyni og Eggert Haukdal.*

Við 6. gr. Nýir liðir:

1. 3.12. Að ábyrgjast lán allt að 8 750 þús. kr. sem tekið yrði af Límtré hjá Norræna iðnþróunarsjóðnum og Iðnlánasjóði.
2. 4.18. Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem Límtré h/f gefur út til Norræna iðnþróunarsjóðsins og Iðnlánasjóðs vegna stofnlána límtrésverksmiðju á Flúðum.

Sþ. 239. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

	Þús. kr.	Þús. kr.
I. *Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.*		
Við 4. gr. 02 999 Nýir liðir (brtt. 214, II er tekin aftur):		
a. 0215 Samband norðlenskra kvenna		2
b. 0219 Samband austfirskra kvenna		2
c. 0220 Samband vestfirskra kvenna		2
d. 0227 Samband sunnlenskra kvenna		2
e. 0228 Til Kvenfélagasambands Vesturlands		2
II. Frá *fjárveitinganefnd.*		
Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Landspítalinn, fjárfestingar (08 3716).		
A. Yfirstjórn.		
1. Símstöð	2 450	
2. Sumargjöf	300	
3. Tækjakaup	3 500	
4. Stjórn og eftirlit	550	
5. Geðdeild	12 000	
6. Bygging W (T1)	4 200	
7. Bygging, lagnagangur	3 000	
8. Rannsóknastofa í ónæmisfræði	1 000	
		27 000
B. Stjórnnefnd.		
1. Almennar framkvæmdir og minni tækjakaup	6 000	
2. Endurbyggingar	7 200	13 200
		40 200

Ed. 240. Lög [55. mál]

um breyting á lögum nr. 87 1971, um orlof.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 218.

Nd. 241. Frumvarp til laga [158. mál]

um bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Bannað er að framleiða í landinu eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir, sbr. 2. mgr. Sala, dreifing og sýning mynda af þessu tagi er bönnuð í íslenskri lögsögu frá gildistöku laganna.

„Ofbeldiskvikmynd" merkir í lögum þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Bannið tekur ekki til kvikmynda, þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda, sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966. Ef ástæða þykir til, er skoðunarmönnum þó heimilt að meta að nýju sýningarhæfni kvikmynda, sem áður hafa verið metnar.

„Kvikmynd" merkir í lögum þessum myndefni af hvaða tæknibúnaði sem er, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

2. gr.

Skoðunarmenn kvikmynda, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, leggja mat á sýningarhæfi kvikmynda. Innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda greiða kostnað við skoðun þeirra samkvæmt reglum, sem ráðherra setur.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varðar sektum eða varðhaldi allt að 12 mánuðum. Gera skal upptækar ólöglegar kvikmyndir samkv. lögum þessum.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið á vegum menntamálaráðuneytisins og er flutt vegna þess að brýn þörf er á að herða reglur og eftirlit með því efni, sem tekið er að berast til landsins á myndböndum. (Með þessu orði er átt við það, sem á ensku er kallað „videotape" og á dönsku „videoband", en einnig er til erlenda heitið „videogram" og táknar það efni, sem varðveitt er á myndbandsspólu eða -snældu („videokasette") eða myndplötu („videodisc"). Áteknar myndbandasnældur eru seldar eða leigðar hverjum, sem hafa vill, og virðist rekstur myndbandaleiga vera eftirsóknarverður atvinnuvegur, ef dæma má af þeim mikla fjölda slíkra fyrirtækja, sem upp hefur risið víða um land á síðustu misserum. Margt af því efni, sem þar er á boðstólum, er af því tagi, sem sjá má í venjulegum kvikmyndahúsum, enda mjög oft

um að ræða myndir, sem áður hafa verið sýndar opinberlega hér á landi og hafa fengið venjulega meðferð hjá skoðunarmönnum kvikmynda, svo sem lög gera ráð fyrir. Ásamt þessu efni virðast vera veruleg brögð að því að boðnar séu til leigu myndbandasnældur, sem hafa að geyma efni með gegndarlausu ofbeldi gagnvart körlum, konum, börnum og dýrum. Ofbeldi þetta er með slíkum raunveruleikablæ að hinum smæstu atriðum er komið til skila, og jafnvel munu á stundum vera töluverð áhöld um, hvort ekki hafi verið framdar raunverulegar misþyrmingar og jafnvel morð fyrir framan upptökuvélarnar.

Ekki er að finna í núgildandi lögum ákvæði, er dugi til að stemma stigu fyrir dreifingu ofbeldiskvikmynda af því tagi, sem hér hefur verið lýst. Verður ekki hjá því komist að gera ráðstafanir í þá átt.

Í lögum um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966 er að finna ákvæði um hlutverk skoðunarmanna kvikmynda. Afskipti þeirra takmarkast við að ákveða, hvort myndir séu við hæfi barna innan 16 ára aldurs, en þeir hafa ekki heimild til að leggja algert bann við sýningu kvikmynda. Þessir skoðunarmenn, þ. e. Kvikmyndaeftirlit ríkisins, hafa þó ekki getað túlkað hlutverk sitt svo fram til þessa að þeim bæri að fylgjast með efni því, sem á boðstólum er í myndbandaleigum, og hefur eftirlit með þeim í raun ekkert verið.

Þessi mál hafa hlotið mikla umræðu á Norðurlöndum, sem leitt hefur til þess að sett voru lög í Svíþjóð hinn 1. júlí 1981 og breytt 17. júní 1982 um bann við dreifingu kvikmynda og myndbanda með ofbeldisefni, en í Noregi voru sett um þetta efni lög 11. júní 1982. Í Finnlandi liggur nú fyrir þinginu frumvarp, þar sem dreifing ofbeldisefnis á myndböndum eða kvikmyndum er gert að refsiverðu athæfi. Í Danmörku hefur ekki verið gripið til lagabreytinga, en þar í landi er starfandi svokölluð fjölmiðlanefnd (Medie-kommissionen"), sem er 60 manna sérfræðingahópur, og telur nefndin ekki rétt að leggja til að dreifing á vissum tegundum myndbandaefnis verði gerð að refsiverðu athæfi. („Kommissionen finder det betænkeligt hvis spredningen af visse former for videogrammer kriminaliseres"). Eigi að síður gefur nefndin vissar ábendingar um, hvernig megi með lagabreytingum vernda börn fyrir ofbeldisefni á myndböndum, og eru þær í sömu átt og hinar þjóðir Norðurlanda hafa gengið, þótt skemmra sé.

Umræðan um áhrif fjölmiðla á notendur sína hefur staðið lengi og má heita jafngömul fjölmiðlunum sjálfum. Rækilegar rannsóknir hafa einnig farið fram og hafa þær bæði beinst að áhrifum á börn og fullorðna og tekið til fræðsluefnis, stjórnmála- og stríðsáróðurs og ofbeldisefnis. Skemmst er frá því að segja að allir ábyrgir fræðimenn eru á einu máli um að gróft ofbeldisefni, einkum það sem sýnt er ofbeldisins vegna, en ekki sem ákveðinn og takmarkaður þáttur af heildargerð og söguþræði myndar, sé skaðvænlegt börnum, hættulegt andlegri heilsu þeirra, einkum ef þau eru mjög ung eða sérstaklega veikgeðja, og auk þess geti slíkt efni orðið sumum börnum beinlínis fyrirmynd að eigin hátterni. Þessar niðurstöður hafa stundum orðið aðstandendum fjölmiðla að nokkru leiðarljósi, og er þess skemmst að minnast að bandarískar sjónvarpsstöðvar drógu allverulega úr magni ofbeldisefnis eftir að birt var skýrsla landlæknisembættis þar í landi um sjónvarp, ofbeldi og börn.

Óhætt er að fullyrða að efni það, sem nú stendur til boða hverjum sem hafa vill og leggur leið sína í myndbandaleigur, sé langt fyrir utan öll velsæmismörk, sem opinberar sjónvarpsstöðvar flestra eða allra landa heims hafa sett sér. Að vísu hefur framboðið hér á landi ekki verið kannað svo vel sem skyldi, en nógu mikið er um það vitað til þess að hraða samþykkt þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, þar sem fullljóst er að margt af því myndbandaefni, sem skaðvænlegt hefur þótt í nágrannalöndum okkar, er þegar á markaði hér á landi.

Höfuðmarkmið frumvarpsins er verndun barna og ungmenna. Ekki verður séð að slíkri verndun verði við komið án þess að gengið sé í einhverjum mæli á „rétt" fullorðinna til að afla sér tiltekinnar tegundar afþreyingar. Óhugsandi er talið að bann, sem einungis tæki til

ákveðinna aldurshópa, gæti komið að tilætluðu gagni, einfaldlega vegna þess hversu auðvelt mundi reynast að fara í kringum slíkt bann.

Ekki er rétt að gera ráð fyrir að vilji foreldra, hversu mikill sem hann er, dugi til að stemma stigu fyrir notkun ofbeldiskvikmynda. Vísast í því efni m. a. til erlendra rannsókna, sem sanna að notkun myndbanda fylgir allt öðrum félagsháttum en venjuleg sjónvarpsnotkun. Sjónvarpið er fjölskyldufjölmiðill, en myndbandatækið er hópmiðill jafningja, sem jafnaldrarnir, börnin eða unglingarnir, safnast í kringum án íhlutunar eða vitneskju hinna fullorðnu. Verða þá gjarnan fyrir valinu heimili, þar sem foreldrar eru fjarverandi.

Á það ber að leggja áherslu að í þessu frumvarpi eru ekki farnar ótroðnar slóðir í íslenskri lagasmíð. Nærtækasta hliðstæðan er ákvæði hegningarlaganna um bann við klámi. Einnig er vert að benda á áfengislöggjöfina, sérstaklega ákvæði hennar um bann við bruggi, þar sem segja má að sé allnærri höggvið friðhelgi heimilanna í almannaþágu.

Engum dettur í hug að halda því fram að með ofangreindum lögum hafi endanlega verið komið í veg fyrir verslun með klám eða brugg í heimahúsum, en jafnfráleitt væri að halda fram gagnsleysi þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar felst í raun altækt bann við framleiðslu á, viðskiptum með, notkun á og eignarhaldi á ofbeldiskvikmyndum. Hér er gengið allmiklu lengra en t. d. Finnar gera í áður umræddu lagafrumvarpi, en í því er einungis lagt bann við dreifingu ofbeldiskvikmynda (gegn gjaldi til fullorðinna, en hvort heldur gegn gjaldi eða ókeypis til barna yngri en 16 ára).

Ástæða þess að hér er svo langt gengið er sú að talið er að verr sé af stað farið en heima setið með löggjöf, sem er svo rúm að illkleift reynist að framfylgja henni. Ef þessi altæka regla verður viðtekin, er sú krafa eðlileg að sjálf skilgreiningin á ofbeldisefni verði eins þröng og skýr og unnt er, þannig að ekki falli undir hana annað efni en það, sem ætla má að breið samstaða sé um meðal almennings hvað þetta varðar. Slík skilgreining getur þó aldrei orðið endanleg og nægir í því sambandi að vísa á ný til 210. gr. almennra hegningarlaga um klám. Engum getur dulist að inntak þeirrar greinar hefur breyst verulega með breyttum viðhorfum á umliðnum áratugum, og er henni nú beitt með allt öðrum hætti en áður. Þessi lagagrein, eins og hún er orðuð í frumvarpinu, á að taka af öll tvímæli um að lögin séu ekki sett til höfuðs venjulegum afþreyingarmyndum, þar sem myndbygging og söguþráður gefa til kynna eitthvað, sem líkist upphafi og endi, og ofbeldi er framið í tengslum við aðra þætti myndarinnar. Andstætt þessu myndu hiklaust falla undir þessa grein myndir, þar sem söguþráður, ef einhver er, hefur augljóslega engan tilgang annan en að tengja saman ofbeldisatriði, og þar sem ofbeldisatriði eru e. t. v. á annan tug í 90 mínútna kvikmynd, taka hvert um sig milli 5 og 10 mín. og lýsa í minnstu smáatriðum viðurstyggilegum morðum, mannáti, nauðgunum eða öðrum misþyrmingum. Ekki er ástæða til að ætla að erfitt muni reynast að greina fræðslumyndir um ofbeldi, samdar af ábyrgum aðilum, frá öðrum tegundum ofbeldiskvikmynda, en viðurkennt skal að mat á listrænu gildi kann að vefjast fyrir skoðunarmönnum skv. 2. gr. og verða umdeilt. Það er hins vegar ekki nýtt vandamál og ætti ekki að verða flóknara en nú er, þótt þetta frumvarp verði að lögum. Þá er skoðunarmönnum heimilt skv. frumvarpinu, telji þeir ástæðu til, að kalla inn til endurmats kvikmyndir, sem áður hafa verið metnar, og banna þær alveg, ef þeir telja ástæðu til.

Þessu frumvarpi fylgir yfirlit yfir þær kvikmyndir, sem bannaðar hafa verið alveg í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Margar af þeim kvikmyndum, sem á þessu yfirliti eru, hafa

verið sýndar hérlendis, og margar aðrar hafa verið afgreiddar frá Kvikmyndaeftirlitinu til sýningar samkvæmt þeim lögum, sem það starfar eftir. Nauðsynlegt er því að þessar kvikmyndir ásamt e. t. v. öðrum verði metnar að nýju, ef frumvarpið nær fram að ganga.

Sú skilgreining á „kvikmynd", sem lögð er til í þessari grein, ætti ekki að þarfnast skýringa.

Um 2. gr.

Í þessu lagafrumvarpi er gert ráð fyrir að auka vald Kvikmyndaeftirlits ríkisins til muna frá því, sem því er ætlað að gera, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966. Því er samkvæmt frumvarpinu heimilt að banna með öllu kvikmyndir, sem það telur ofbeldismyndir. Þá er Kvikmyndaeftirlitinu einnig falið að leggja mat á allar kvikmyndir, hvort sem þær eru ætlaðar til sýninga í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum, en hingað til hefur það einungis lagt mat á þær kvikmyndir, sem ætlaðar hafa verið til sýninga í kvikmyndahúsum.

Í þessu frumvarpi er lagt til að innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda greiði kostnað við skoðun þeirra. Er það nokkur breyting frá því sem áður hefur verið, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, en skv. þeim lögum greiðir „sá, sem skoðunar beiðist", kostnað vegna skoðunarinnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

Ályktun norrænna kvikmyndaeftirlitsmanna um ofbeldis- og fikniefnamyndir.

Eftirfarandi ályktun var samin og samþykkt af fulltrúum kvikmyndaftirlitsstofnana Norðurlanda og lögð fyrir alþjóðlega ráðstefnu kvikmyndaeftirlitsmanna í London 22.—26. mars 1982:

„Í fyrsta skipti í sögunni hittast kvikmyndaeftirlitsmenn 28 þjóðlanda og 4 kanadískra fylkja til ráðstefnu í London í boði breska kvikmyndaeftirlitsins. Meðal hinna fjölmörgu efna, sem við höfum rætt, olli eftirfarandi okkur sérstökum áhyggjum.

Vaxandi ofbeldi í heiminum gerir okkur órótt og einnig hversu fjölmiðlar fjalla um það á ágengan hátt og í smáatriðum. Þetta gildir bæði um raunverulegt ofbeldi í stríði, hryðjuverk og glæpi, og ofbeldi, sem sýnt er í afþreyingarskyni í kvikmyndum, á myndböndum og í sjónvarpi.

Þótt það sé fyrst og fremst „afþreyingarofbeldi", sem kvikmyndaeftirlitsmönnum er ætlað að fylgjast með, viljum við ekki loka augum fyrir því að tengsl geti verið milli þessara tveggja sviða ofbeldis.

Við teljum að við stöðuga fóðrun á afþreyingu af ofangreindu tagi geti almenningur sljóvgast svo gagnvart ofbeldi í ýmsum myndum að neikvæð viðbrögð hafi veikst, þegar staðið er frammi fyrir ofbeldi hins raunverulega lífs.

Þessi vandi er sérstaklega alvarlegur, þegar um er að ræða börn og ungmenni á því aldursskeiði, sem þau eru viðkvæmust fyrir utanaðkomandi áhrifum.

Annað atriði, sem veldur fulltrúunum áhyggjum, er vaxandi fjöldi kvikmynda, þar sem fíkniefnanotkun er sýnd.

Nýr þáttur þeirrar þróunar birtist í fjölda mynda, þar sem notkun þessara efna er sýnd undir „spaugilegum" kringumstæðum eða í „venjulegu" og viðurkenndu umhverfi.

Hvort sem um er að ræða ofbeldi eða fíkniefnanotkun, þá höfum við mestar efasemdir um atriði, sem gætu haft þau áhrif að hvetja til eftirlíkingar og mætti taka sem fordæmi til eftirbreytni. Og enn skal ítrekað að hér höfum við fyrst og fremst ungmenni í huga.

Þar til fyrir skömmu hafa „hörðu" fíkniefnin, sem svo eru stundum nefnd, valdið mönnum mestum áhyggjum, en nú eru kannabisefni (hass) í miðju umræðunnar um skaðleg áhrif fíkniefna.

Dæmi eru um það að aðhaldssemi í kvikmyndaeftirliti hafi leitt til þess að ekki hafi þótt svara kostnaði að flytja inn kvikmyndir með grófu ofbeldisefni. Ef fleiri lönd bætast í hóp þeirra, sem nú þegar beita takmörkunum gagnvart efni af þessu tagi, mun það leiða til þess að fjárhagslegur ávinningur af framleiðslu slíkra kvikmynda minnki.

Fulltrúarnir eru sammála um að beita sér fyrir því, eftir því sem starfssvið þeirra framast leyfir, að hamla gegn vaxandi ofbeldi og fíkniefnamisnotkun í heiminum."

Fylgiskjal II.

Skýrsla frá Kvikmyndaeftirliti ríkisins

Meðfylgjandi er yfirlit yfir 71 kvikmynd, sem bönnuð er í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Yfirlit þetta nær yfir árin 1980—1981, og það, sem af er árinu 1982.

Til upplýsinga má nefna að hingað til á þessu ári hafa verið skoðaðar 278 kvikmyndir í Noregi, 297 í Svíþjóð og 354 í Finnlandi. Á sama tíma hafa verið bannaðar með öllu sýningar á 21 kvikmynd (sjá meðf. yfirlit). Fjöldi kvikmynda, sem teknar eru til sýninga í hverju landi, er mjög svipaður frá ári til árs svo að þetta yfirlit frá árinu 1982 gefur raunhæfa mynd.

Þá má geta þess að margar af þeim myndum, sem nefndar eru á meðfylgjandi lista og hafa verið bannaðar í ofangreindum löndum, hafa verið teknar til sýninga í kvikmyndahúsum hérlendis auk annarra, sem þegar hafa verið afgreiddar til sýninga frá Kvikmyndaeftirlitinu samkv. þeim lögum, sem það starfar nú eftir. Þá er vitað að fjöldi mynda á meðfylgjandi yfirliti eða sambærilegar að efni er til útlána á myndbandaleigum víðs vegar um land.

Kvikmyndir, sem eru bannaðar í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Ár.	Heiti kvikmyndarinnar	Noregur	Svíþjóð	Finnland
1980	Frauen ohne unschuld			x
—	The New York Ribber			x
—	Crusing		x	
—	Sunnyside		x	x
—	Terror		x	
—	Mad Max		x	x

Ár.	Heiti kvikmyndarinnar	Noregur	Svíþjóð	Finnland
1980	Tourist trap		x	
—	The Last Hunter		x	
—	Den flygende sexbomben/ Ms. Magnificent		x	
—	Over the Edge			x
—	Day of the woman			x
—	The Octagon		x	x
—	The Warriors			x
—	Friday the 13th			x
—	The Unseen			x
—	Prostituzione			x
—	Death Ship	x		x
—	Penitentiary	x		
—	Slaves	x		
1981	Nice Dreams			x
—	Enter the Ninja	x	x	x
—	Prom Night		x	x
—	Rolling Thunder	x		
—	Seven	x	x	
—	The day of the Cobra	x		
—	Deadly Blessing	x		x
—	An eye for an eye	x	x	
—	Contes Imoraux / Umoralske fortellinger	x		
—	Halloween II	x		x
—	Day of the Assasins	x		
—	Anglar på hjul/ Angels Production		x	
—	Fight for your life		x	
—	Dead and Buried	x		
—	Eyes of a stranger	x		
—	Breaker — Breaker	x		
—	Vanessa	x		
—	Happy birthday to me		x	
—	Forced Entry		x	
—	Electric blue 003			x
—	Electric blue 002			x
—	Electric blue 001			x
—	The Unseen	x		x
—	The Exterminator	x	x	x
—	Fantasy Lane		x	
—	Monique — mein Heisser Schoss			x
—	Fortress in the sun / Borgen i solen		x	
—	Felicity		x	
—	Angel of Vengeance	x	x	
—	Keep it up			x
—	The Boogey man			x
1982	Love Camp			x
—	The Losers			x
—	Superstition		x	
—	Incubus		x	
—	Master with cracked fingers		x	
—	The Burning		x	
—	Nightmare City		x	
—	Inseminod		x	
—	Silent Rage		x	
—	Force Five		x	
—	Lolita am Scheideweg			x
—	Licensed to love and kill			x
—	Just before Dawn			x
—	Friday the 13th part II	x		
—	Scanners	x		

Ár.	Heiti kvikmyndarinnar	Noregur	Svíþjóð	Finnland
1982	The Howling	x		
—	Funhouse	x		
—	Game for vultures	x		
—	Warhols Frankenstein	x		
—	Fyre	x		
—	Sella Dragento	x		

Fylgiskjal III.

Yfirlit yfir reglur, sem gilda um ofbeldiskvikmyndir annars staðar á Norðurlöndum.

Noregur:

Þar voru sett lög (11. júní nr. 50 1982) sem viðauki við hegningarlög. Samkvæmt þeim skal refsa þeim, sem í atvinnuskyni gefur út eða býður til sölu eða leigu kvikmynd, þar sem í afþreyingarskyni eru notaðar á ótilhlýðilegan hátt grófar ofbeldislýsingar.

Svíþjóð:

Þar voru sett lög (1982: 563), sem banna dreifingu til almennings í atvinnuskyni eða hagnaðar og sýningu á myndefni, sem hefur nærgöngular eða langdregnar lýsingar, þar sem beitt er grófu eða kvalalostakenndu ofbeldi. Einnig banna lögin að afhentar séu barni undir 15 ára aldri ofbeldiskvikmyndir, sé slíkt gert í atvinnu- eða hagnaðarskyni. Einnig er bannað að sýna slíkar myndir, ef börn eru viðstödd.

Finnland:

Þar liggur nú fyrir þinginu til afgreiðslu frumvarp til breytingar á hegningarlögum. Í þessu frumvarpi er kveðið svo á að sala eða leiga á kvikmyndum, sem sýna gróft ofbeldi, varði sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. Sama gildir um ókeypis afhendingu slíks efnis til barna undir 16 ára aldri.

Danmörk:

Í Danmörku hafa farið fram umræður um ofbeldiskvikmyndir, en ekki hefur verið gripið til sérstakra lagasetninga ennþá.

Ed. 242. Lög [56. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku, sbr. lög nr. 25 22. maí 1979.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 57.

Ed. 243. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

4. gr. orðist svo:

Á eftir ákvæði til bráðabirgða IV komi nýtt bráðabirgðaákvæði, nr. V, er hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, er óheimilt að hækka fasteignamat milli áranna 1982 og 1983 um meira en 65%.

Sþ. 244. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Pétri Sigurðssyni, Sverri Hermannssyni og Jóni Helgasyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

3.13. Að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar Het Wapen frá Amsterdam, allt að 50 millj. kr., eða endurlána lán, sem tekið yrði í sama tilgangi, gegn samningum um tryggingu í verðmæti hins bjargaða, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.

Ed. 245. Lög [136. mál]

um breyting á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 211.

Sþ. 246. Þingsályktun [157. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 18. des.)

Samhljóða þskj. 232.

Sþ. 247. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1983.

(Afgreidd frá Sþ. 18. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur:		
Beinir skattar	2 422 500	
Óbeinir skattar	10 356 080	
Aðrar tekjur	228 735	13 007 315
Gjöld:		
Samneysla	5 421 072	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5 746 231	
÷ Sértekjur stofnana	255 676	
Rekstrarliðir samtals	10 911 627	
Stofnkostnaður, fjárfesting	850 531	
Fjármagnstilfærslur	1 210 800	12 972 958
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		34 357
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	200 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	381 000	
Önnur innlend fjáröflun	260 180	
Erlend lán	880 664	
Fjáröflun alls	1 721 844	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	21 000	
Fjáröflun til A- og B-hluta	1 700 844	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	1 175 844	
Ráðstafað til A-hluta	525 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	1 000	526 000
Lánahreyfingar út:		
Hlutafjárframlög	105 000	
Vegna aðstoðar við Flugleiðir hf.	34 383	
Afborganir af teknum lánum:		
Seðlabanki Íslands	60 000	
Aðrir	329 000	528 383
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		2 383
Viðskiptareikningar		
Útstreymi umfram innstreymi		15 000
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		16 974

2. gr.

Árið 1983 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		Gjöld:	Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**73 261**
01	**Forsætisráðuneyti**			**86 925**
101		Yfirstjórn	8 615	
102—902		Annað	78 310	
02	**Menntamálaráðuneyti**			**1 866 541**
101		Yfirstjórn	16 839	
201—885		Fræðslumál	1 682 710	
901—999		Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	166 992	
03	**Utanríkisráðuneyti**			**130 928**
101—102		Yfirstjórn	18 277	
201		Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	21 935	
301—313		Sendiráð	47 661	
399—401		Alþjóðastofnanir	43 055	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**			**573 500**
101—172		Yfirstjórn	9 686	
201—299		Búnaðarmál	538 270	
501—503		Skólar	25 544	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			**169 039**
101		Yfirstjórn	6 095	
201—299		Útvegsmál	154 895	
901		Annað	8 049	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			**517 597**
101—102		Yfirstjórn	8 719	
201—284		Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	455 039	
301—373		Þjóðkirkjan	53 839	
07	**Félagsmálaráðuneyti**			**492 747**
101		Yfirstjórn	5 055	
271—272		Húsnæðismál	299 564	
301—999		Önnur félagsmál	188 128	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**			**4 946 564**
101		Yfirstjórn	7 135	
271—274		Tryggingamál	3 615 545	
301—399		Heilbrigðismál	1 315 444	
471—502		Annað	8 440	
		Flutt		8 857 102

3. gr.

Árið 1983 er ætlast til að innheimtar tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
	Skattar			
	Beinir skattar			
	Eignarskattar			**354 100**
0 0100	Eignarskattur einstaklinga		155 000	
0 0110	Eignarskattur félaga		128 000	
0 0117	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði		49 500	
0 0140	Erfðafjárskattur		21 600	
	Tekjuskattar			**2 068 400**
0 0120	Tekjuskattur einstaklinga	2 350 000		
	Barnabætur og persónuafsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds	675 000		
			1 675 000	
0 0124	Sjúkratryggingagjald		80 000	
0 0130	Tekjuskattur félaga		285 000	
0 0175	Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra		28 400	
	Óbeinir skattar			
	Gjöld af innflutningi			**2 158 500**
0 0201	Tollafgreiðslugjald		62 700	
	Aðflutningsgjöld:			
0 0210	Aðflutningsgjöld	1 575 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	78 800		
			1 496 200	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald		3 000	
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni		406 800	
0 0270	Gúmmígjald		1 500	
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum		110 000	
0 0220	Gjald af gas- og brennsluolíu		5 300	
0 0230	Jöfnunargjald		65 000	
0 0250	Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex		1 000	
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna		7 000	
	Flutt			4 581 000

Gjöld:

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		Flutt		8 857 102
09	**Fjármálaráðuneyti**			**1 162 585**
	101—104	Yfirstjórn	24 187	
	201—282	Toll- og skattheimta	115 947	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	229 493	
	402—999	Annað	792 958	
10	**Samgönguráðuneyti**			**1 212 141**
	101	Yfirstjórn	4 152	
	211	Vegamál	838 000	
	321—672	Önnur samgöngumál	369 989	
11	**Iðnaðarráðuneyti**			**460 838**
	101	Yfirstjórn	5 624	
	201—299	Iðnaðarmál	99 425	
	301—399	Orkumál	355 789	
12	**Viðskiptaráðuneyti**			**884 645**
	101	Yfirstjórn	6 484	
	201	Niðurgreiðslur	839 000	
	202—999	Annað	39 161	
13	**Hagstofa Íslands**			**9 102**
14	**Ríkisendurskoðun**			**10 755**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**375 790**
	101—182	Yfirstjórn	10 790	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	365 000	
		Flutt		12 972 958

reikningur

Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		4 581 000
	Skattar af framleiðslu			**980 000**
0 0611	Vörugjald		53 000	
0 0600	Álgjald		17 000	
0 0641	Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu		90 000	
0 0642	Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum		820 000	
	Skattar af seldri vöru og þjónustu			**6 420 430**
	Gjöld byggð á söluskattsgrunni:			
0 0300	Söluskattur	4 945 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	335 000		
			4 610 000	
	Skemmtanaskattar:			
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs		1 400	
0 0622	Skemmtanaskattur		11 000	
	Skattar af launagreiðslum:			
0 0400	Launaskattur		590 000	
0 0410	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		280 000	
0 0420	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum		14 600	
0 0430	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		38 170	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:			
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR		830 000	
0 0540	Gjald af einkasöluvörum		440	
0 0681	Flugvallagjald		39 000	
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		5 400	
0 0672	Sérleyfisgjald		400	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		20	
	Aðrir óbeinir skattar			**797 150**
	Aukatekjur og stimpilgjald:			
0 0800	Stimpilgjald		240 000	
0 0810	Aukatekjur		38 600	
0 0820	Þinglýsingar		4 800	
		Flutt		12 778 580

Rekstrar-

Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		12 972 958

Gjöld samtals	12 972 958
Tekjur umfram gjöld	34 357
Samtals	13 007 315

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		12 778 580
	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
0 0720	Bifreiðaskattur	160 000	
0 0750	Skráningargjald bifreiða	18 200	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða	11 200	
	Ýmsir skattar af skipum:		
0 0831	Lestagjald	21	
0 0833	Vitagjald	5 300	
0 0832	Skipaskoðunargjald	1 380	
	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0 0841	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	65 000	
0 0842	Leyfisgjald	24 000	
0 0843	Gjald á ferðalög til útlanda	75 000	
	Aðrir óbeinir skattar:		
0 0884	Verðjöfnunargjald	120 000	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	13 000	
0 0891	Skipulagsgjald	5 872	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald	7 450	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	4 705	
0 0871	Prófgjald bifreiðastjóra	1 130	
0 0872	Prófgjald iðnema	1 060	
0 0895	Sérlyfjagjald	430	
0 0891	Hvalveiðigjald	2	
	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta		**24 040**
	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
0 1010	Afgjöld ríkisjarða	240	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	1 800	
0 1020	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	22 000	
	Ýmsar tekjur		**204 695**
	Vextir og arður af hlutabréfum:		
0 2010	Vextir	170 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum	400	
	Ýmsar tekjur:		
0 6991	Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	95	
0 2030	Sameignir ríkisins	2 500	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans	700	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	24 000	
0 1990	Ýmsar óvissar tekjur	7 000	
	Tekjur samtals		13 007 315

13

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	20	Laun	2 119	
	2	Önnur rekstrargjöld	806	
	4	Viðhald	650	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	20	
		Gjöld samtals		3 595
201	**Alþingi:**			
	20	Laun	39 995	
	2	Önnur rekstrargjöld	14 135	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 500	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	1 945	
		Gjöld samtals		57 575
		Viðfangsefni:		
	0102	Þingfararkaup alþingismanna	24 841	
	0103	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	24 645	
	0104	Rekstrarkostnaður fasteigna	1 761	
	0105	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	3 270	
	0106	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	160	
	0107	Hús Jóns Sigurðssonar	688	
	0108	Þingmannasamtök NATO	72	
	0109	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	1 945	
	0110	Þingmannafundir Evrópuráðs	193	
		Gjöld samtals	57 575	
301	**Ríkisstjórn:**			
	20	Laun	7 365	
	2	Önnur rekstrargjöld	600	
		Gjöld samtals		7 965
401	**Hæstiréttur:**			
	20	Laun	4 072	
	2	Önnur rekstrargjöld	54	
		Gjöld samtals		4 126
		Samtals		73 261

01 Forsætisráðuneyti

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	3 117	
	2	Önnur rekstrargjöld	2 361	
	4	Viðhald	453	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	30	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	2 654	
		Gjöld samtals		8 615
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	3 736	
	0102	Stjórnarráðshús	265	
	0103	Fálkaorðan	25	
	0106	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald	300	
	0107	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur	250	
	0109	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	160	
	0110	Til Hrafnseyrar	50	
	0111	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	2 309	
	0112	Öryggismálanefnd	1 000	
	0113	Gjöf Jóns Sigurðssonar	270	
	0114	Stjórnarskrárnefnd	250	
		Gjöld samtals	8 615	
102	**Þjóðhagsstofnun:**			
	20	Laun	6 269	
	2	Önnur rekstrargjöld	1 700	
	4	Viðhald	17	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	50	
		Gjöld samtals	8 036	
	0	Sértekjur	4 018	
		Mismunur		4 018
171	**Byggðasjóður, framlag:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	69 825	
		Gjöld samtals		69 825

			Þús. kr.	Þús. kr.
901	**Húsameistari ríkisins:**			
	20	Laun	4 491	
	2	Önnur rekstrargjöld	475	
	4	Viðhald	32	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	104	
		Gjöld samtals	5 102	
	0	Sértekjur	3 530	
		Mismunur		1 572
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	1 202	
	0102	Teiknistofa	3 405	
	0103	Byggingareftirlit	495	
		Gjöld samtals	5 102	
902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**			
	20	Laun	673	
	2	Önnur rekstrargjöld	420	
	4	Viðhald	370	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 700	
		Gjöld samtals	3 163	
	0	Sértekjur	268	
		Mismunur		2 895
		Samtals		86 925

02 Menntamálaráðuneyti

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	11 369	
	2	Önnur rekstrargjöld	5 300	
	4	Viðhald	100	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	70	
		Gjöld samtals		16 839
201	**Háskóli Íslands:**			
	20	Laun	114 915	
	2	Önnur rekstrargjöld	27 751	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	41 600	
		Gjöld samtals	184 266	
	0	Sértekjur	34 069	
		Mismunur		150 197
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	10 446	
	0102	Guðfræðideild	2 174	
	0103	Læknadeild	23 776	
	0104	Tannlæknadeild	5 310	
	0105	Lyfjafræði lyfsala	1 579	
	0106	Lagadeild	3 278	
	0107	Viðskiptadeild	5 173	
	0108	Heimspekideild	13 931	
	0109	Verkfræðideild	36 098	
	0110	Háskólabókasafn	3 981	
	0111	Íþróttakennsla	975	
	0112	Rekstur fasteigna	14 313	
	0113	Sameiginleg útgjöld	10 355	
	0114	Félagsvísindadeild	6 505	
	0115	Byggingaframkvæmdir og tækjakaup	41 600	
	0116	Mannfræðistofnun	549	
	0120	Reiknistofnun	4 223	
Í 2. gr. er kveðið á um að Olíusjóður fiskiskipa sé fjármagnaður með tekjum af sérstöku 4% útflutningsgjaldi. Gjaldhlutfallið er miðað við, að tekjur af gjaldinu svari til útgjalda af olíuniðurgreiðslum sem nemi 35% af olíuverði. Til samanburðar má nefna, að olía var greidd niður um 22% á síðustu mánuðum ársins 1982. Gert er ráð fyrir, að útflutningsgjald þetta sé lagt á með sama hætti og á sama gjaldstofn og hið almenna útflutningsgjald er nú. Hið sama gildir um útflutningsgjald af löndunum erlendis en þar er þó gert ráð fyrir, að gjaldið sé dregið frá söluverði áður en til skipta kemur. Þetta ákvæði er í fullkomnu samræmi við álagningu útflutningsgjaldsins að öðru leyti. Gjaldið er lagt á verðmæti afurða á síðasta stigi og er því utan skipta og eðlilegt er að svo sé einnig um álagningu gjaldsins við sölur erlendis. Þessu er jafnframt eins háttað hvað hið almenna útflutningsgjald varðar, þótt ekki séu um það ákvæði í lögum en til þess er tekið tillit í kjarasamningum. Þessi meðferð er ennfremur eins og sú sem kveðið er á um í lögum um stofnfjársjóðsgjald. Með þessu ákvæði er tryggt, að útflutningsgjaldið sé lagt á með samræmdum hætti.

Í 2. gr. er loks kveðið á um heimild Olíusjóðs til lántöku en um það er fjallað í almennum athugasemdum.

Um 3. og 4. gr.

Í 3. og 4. gr. eru ákvæði um olíugjald. Þessi ákvæði eru óbreytt frá því sem var í lögum nr. 25/1982, sem giltu á árinu 1982. Um olíugjald er nánar fjallað í almennum athugasemdum hér á undan.

Um 5. gr.

Sjá almennar athugasemdir hér á undan.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er kveðið á um að ákvæði frv. um Olíusjóð fiskiskipa og álagningu útflutningsgjalds taki til sjávarafurða framleiddra á árinu 1983 og ákvæði um olíugjald taki til fiskafla og hlutaskipta á árinu 1983.

Ed. 249. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna nr. 33/1915.

A. Í 1. málsl. 1. gr. komi í stað orðanna „sektum frá 500—5 000 krónum eða fangelsi“ orðin: Sektum eða varðhaldi.

B. 2. málsl. 1. gr. falli niður.

C. Í 2. gr. komi í stað orðanna „sektum frá 200—2 000 kr. eða fangelsi“ orðin: sektum eða varðhaldi.

D. Í 3. gr. falli niður orðin „allt að 2 000 kr.“.

E. Í 4. gr. falli niður orðin „allt að 2 000 kr.“.

2. gr.

Lög um hagfræðiskýrslur nr. 29/1895.

A. Í 8. gr. falli niður orðin „frá 10—200 króna“.
B. Í stað orðanna „1—5 kr.“ í sömu grein komi: allt að 1 000 kr.

3. gr.

Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur nr. 20/1903.

Í 4. gr. falli niður orðin „frá 10—200 kr.“.

4. gr.

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

A. Í 6. gr. breytist töluorðin „50—300“ í: allt að 1 000.
B. Í 7. gr. falli niður orðin „allt að 500 kr.“ á þremur stöðum í greininni.

5. gr.

Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi nr. 30/1956.

Í 8. gr. falli niður orðin „100—3 000 krónum“.

6. gr.

Lög um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1952.

17. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 15/1956 orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög um ríkisbókhald og endurskoðun nr. 61/1931, sbr. l. nr. 52/1966.

10. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 5 000 kr. á dag, uns úr er bætt.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum nr. 28/1952.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins skal hann sæta allt að 1 000 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum.

9. gr.

Lög um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938.

Í 70. gr. falli niður orðin „frá 50 —10 000 krónum.“.

10. gr.

Lög um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Í 11. gr., sbr. 3. gr. l. nr. 71/1969, falli niður orðin „allt að kr. 10 000,00.“.

11. gr.

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30/1970.

Í 32. gr. falli niður orðin „allt að kr. 25 000,00.“.

12. gr.

Lög um veitingu prestakalla nr. 32/1915.

A. 2. mgr. 20. gr. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum laganna varða sektum eða varðhaldi.
B. 3. mgr. 20. gr. falli niður.

13. gr.

Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur) nr. 3/1945.

Í 4. gr. falli niður orðin „frá 50—1 000 kr.“.

14. gr.

Lög um kirkjugarða nr. 21/1963.

Í 35. gr. falli niður orðin „frá 500—5 000 krónum.“.

15. gr.

Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, nr. 25/1921.

Í 7. gr., sbr. l. nr. 35/1958 1. gr., falli niður orðin „allt að 20 000 krónum.“.

16. gr.

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, tæknifræðinga og byggingafræðinga nr. 73/1968.

Í 10. gr. falli niður orðin „frá 1 000 til 10 000 krónum.“.

17. gr.

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

A. Í 54. gr. komi í stað töluorðanna „50—100“ orðin: allt að 1000.
B. Í 10. mgr. 58. gr. falli niður orðin „allt að 15 000 kr.“.

18. gr.

Berklavarnalög nr. 66/1939.

Í 22. gr. falli niður orðin „frá 25—1 000 krónum.“.

19. gr.

Lyfjalög nr. 49/1978.

Í 1. mgr. 58. gr. falli niður orðin „að fjárhæð frá 50 000 krónum til 5 000 000 króna“.

20. gr.

Lög um tannlækningar nr. 7/1929.

8. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.

21. gr.

Ljósmæðralög nr. 17/1933.

10. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar er rétt að svipta ljósmóður rétti til ljósmæðrastarfs um stundarsakir eða að fullu. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis nr. 30/1947.

Í 2. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“

23. gr.

Póstlög nr. 31/1940.

A. Í 1. mgr. 22. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 73/1954, falli niður orðin „frá 5 til 500 kr.“.

B. Í 4. mgr. 22. gr. falli niður orðin „5 til 500 kr.“.

C. Í lokamálsgrein 22. gr. falli niður orðin „þó ekki yfir 20 krónur.“.

24. gr.

Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna, o. fl. nr. 43/1947.

A. 27. gr. orðist svo:

Brot á lögum þessum varða sektum og skal farið með mál út af brotum á lögunum að hætti opinberra mála.

B. 2. mgr. 28. gr. orðist svo:

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði sektum.

25. gr.

Lög um Brunabótafélag Íslands nr. 9/1955.

Í 2. mgr. 25. gr. falli niður orðin „100—5 000 krónum eftir málavöxtum.“.

26. gr.

Lög um búfjártryggingar nr. 20/1943.

Í 15. gr., lokamálslið, falli niður orðin „10—500 kr., er renni í Búfjártryggingasjóð.“.

27. gr.

Lög um ófriðartryggingar nr. 2/1944.

40. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Skal farið með mál út af brotum á lögunum að hætti opinberra mála.

28. gr.

Lög um ávöxtun fjár tryggingarfélaga nr. 17/1964.

Í 8. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00.“

29. gr.

Lög um útgáfu og notkun nafnskírteina nr. 25/1965.

Í 7. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“.

30. gr.

Lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42/1913.

Í 12. gr. falli niður orðin „allt að 100 kr.“.

31. gr.

Lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. nr. 75/1917.

Í 2. mgr. 4. gr. breytist töluorðið „20“ í: allt að 5 000.

32. gr.

Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum nr. 44/1964.

Í 7. gr. falli niður orðin „allt að kr. 5 000,00.“.

33. gr.

Ábúðarlög nr. 64/1976.

Í 45. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00.“.

34. gr.

Jarðalög nr. 65/1976.

Í 61. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00.“.

35. gr.

Lög um afréttamálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969.

Í 73. gr., sbr. 4. gr. l. nr. 43/1976, falli niður orðin „frá kr. 5 000,00 til 50 000,00.“.

36. gr.

Jarðræktarlög nr. 79/1972.

Í 1. mgr. 22. gr. falli niður orðin „frá 1 000—10 000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming“.

37. gr.

Lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum nr. 7/1945.

Í 29. gr. falli niður orðin „frá 100—5 000 kr.“

38. gr.

Girðingarlög nr. 10/1965.

Í 25. gr., sbr. 1. gr. l. nr. 41/1971, falli niður orðin „allt að 100 þúsund krónum.“

39. gr.

Lög um skógrækt nr. 3/1955.

Í 30. gr. falli niður orðin „frá 200—10 000 kr.“.

40. gr.

Lög um landgræðslu nr. 17/1965.

Í 43. gr., sbr. 12. gr. l. nr. 54/1975, falli niður orðin „frá 2 000 til kr. 40 000.“.

41. gr.

Búfjárræktarlög nr. 31/1973.

Í 65. gr. falli niður orðin „kr. 1 000,00 til kr. 100 000,00.“.

42. gr.

Lög um berklaveiki í nautpeningi nr. 25/1923.

6. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerð sem um ræðir í 5. gr. varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

43. gr.

Lög um gelding húsdýra nr. 123/1935.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

44. gr.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar nr. 83/1936.

Í 5. gr. komi í stað orðanna „3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð“ þessi orð: sekt eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

45. gr.

Lög um afla- og útgerðarskýrslur nr. 55/1941.

Í 5. gr. breytist orðin „25—100“ í: allt að 1 000.

46. gr.

Lög um síldarverksmiðjur ríkisins nr. 1/1938.

Í 3. mgr. 12. gr. falli niður orðin „frá 1 000 til 10 000 kr.“

47. gr.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976.

Í 17. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 000 kr.“.

48. gr.

Lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969.

A. Í 1. mgr. 14. gr. komi í stað töluorðanna „100—1 000“ orðin: allt að 5 000.

B. Í 2. mgr. 14. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“.

C. Í 1. málsl. 15. gr. falli niður orðin „300—3 000 kr.“.

49. gr.

Lög um metramæli og vog nr. 33/1907.

6. gr. orðist svo:

Brot gegn næstsíðustu málsgrein 4. gr. varða sektum, og skulu mál út af þeim sæta meðferð opinberra mála.

50. gr.

Lög um mælitæki og vogaráhöld nr. 13/1924.

Í 9. gr. falli niður orðin „frá 5—200 kr.“.

51. gr.

Lög um vigt á síld nr. 36/1930.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

52. gr.

Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, bensíni og smurningsolíu nr. 21/1949.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

53. gr.

Lög um útflutning hrossa nr. 64/1958.

Í 9. gr. falli niður orðin „frá 2 000—20 000 kr.“.

54. gr.

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk nr. 88/1949.

A. 3. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum. Gera skal upptæka ólöglega innflutta mjólk, og rennur andvirði hennar í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

B. 4. gr. falli niður.

55. gr.

Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs nr. 78/1935.

A. 6. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Ólöglega innfluttar trjáplöntur skulu gerðar upptækar samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga. Mál út af brotum þessum sæta meðferð opinberra mála.

B. 7. gr. falli niður.

56. gr.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. nr. 32/1933.

13. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

57. gr.

Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum nr. 92/1935.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum, og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

58. gr.

Lög um útflutning saltaðrar síldar nr. 70/1933.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og sæta mál út af brotunum meðferð opinberra mála.

59. gr.

Lög um flokkun og mat ullar nr. 21/1976.

Í 7. gr. falli niður orðin „frá 5 000 til 100 000 krónum.“.

60. gr.

Lög um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961.

Í 25. gr. falli niður orðin „allt að kr. 10 000,00“.

61. gr.

Lög um skipströnd og vogrek nr. 42/1926.

A. Í 1. tl. 32. gr. falli niður orðin „10—1 000 kr.“.

B. 2. mgr. 33. gr. orðist svo:
Mál út af brotum á lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

62. gr.

Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi nr. 23/1955.

A. Í 3. mgr. 5. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 kr.“.
B. 14. gr. orðist svo:
Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða að brot gegn ákvæðum hennar varði sektum.

63. gr.

Lög um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi nr. 38/1951.

A. Í 3. mgr. 5. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 kr.“.
B. 14. gr. orðist svo:
Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða að brot gegn ákvæðum hennar varði sektum.

64. gr.

Lög um landshöfn í Þorlákshöfn nr. 61/1966.

A. Í 3. mgr. 5. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 kr.“.
B. 14. gr. orðist svo:
Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða að brot gegn ákvæðum hennar varði sektum.

65. gr.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi nr. 2/1917.

2. gr. orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

66. gr.

Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimamelum nr. 113/1945.

Í 9. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 kr.“

67. gr.

Lög um mannanöfn nr. 54/1925.

7. gr. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum. Með mál út af lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

68. gr.

Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972.

A. Í 4. mgr. 47. gr. breytist töluorðin „50—500“ í: allt að 1000.
B. Í 2. mgr. 76. gr. falli niður orðin „100—10 000 króna“.

69. gr.

Lög um samvinnufélög nr. 46/1937.

A. Í 2. mgr. 42. gr. falli niður orðin „allt að 2 000 kr.“.
B. Í 3. mgr. 42. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 kr.“.

70. gr.

Lög um bæjanöfn o. fl. nr. 35/1953.

Í 1. mgr. 10. gr. falli niður orðin „allt að kr. 1 000,00.“.

71. gr.

Landskiptalög nr. 46/1941.

Í 19. gr. falli niður orðin „allt að 1 000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.“.

72. gr.

Lög um almenn gæðamerki nr. 89/1935.

Í 2. mgr. 8. gr. falli niður orðin „frá 10—5 000 kr.“.

73. gr.

Lög um málflytjendur nr. 61/1942.

Í 3. mgr. 8. gr. breytist töluorðið „5 000“ í töluorðið 50 000.

74. gr.

Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi nr. 62/1978.

Í 1. mgr. 5. gr. falli niður orðin „allt að tíu milljónum króna.“.

75. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á sl. vori var samþykkt á Alþingi frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980 og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga. Lög þessi voru útgefin sem lög nr. 75 13. maí 1982. Með lögum þessum var breytt sektarákvæðum 52 laga. Áfram hefur síðan verið unnið að endurskoðun á sektarákvæðum sérrefsilaga og með frumvarpi þessu er lagt til að breytt verði sektarákvæðum 74 laga til viðbótar á sama hátt og gert var með fyrrgreindum lögum, þ. e. að í stað ákveðinnar krónutölu komi almenn sektarheimild sem markast af ákvæði 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og sú grein ákveður sektarmörk á hverjum tíma.

Þá er í 9 greinum frumvarpsins lagt til að jafnframt verði lagfærð ákvæði um dagsektarfjárhæðir. Um dagsektir gilda ekki almenn ákvæði á sama hátt og um almennar sektir þannig að ákveða þarf í hverjum einstökum lögum tiltekin krónutölumörk slíkra viðurlaga. Er lagt til að hámark dagsekta miðist nú við kr. 1000 eða 5000. Tekið skal fram að ekki hefur verið gerð almenn könnun á dagsektarákvæðum.

Er gerð var skrá yfir lagaákvæði sem hafa að geyma ákvæði þar sem sektir eru tilteknar í krónutölu voru á þeirri skrá um 200 lög. Eftir að unnið hefur verið úr þeirri skrá lög nr. 75/1982 og frumvarp þetta, sem breyta eða leggja til að breytt verði samtals 126 lögum, standa eftir um 70 lagaákvæði sem ekki hefur þótt ástæða til að breyta, í flestum tilvikum vegna þess að efni laganna hefur ekki lengur raunhæft gildi. Samráð hefur verið haft við viðkomandi ráðuneyti um hvaða lög skyldi taka upp í frumvarp þetta og hvaða lögum væri ekki ástæða til að hreyfa við.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með frumvarpi til fyrrgreindra laga nr. 75/1982.

Til glöggvunar er svo sem í fyrra frumvarpi tekinn upp í fylgiskjali texti lagagreina þeirra sem lagt er til að breytt verði.

Fylgiskjal.

Skrá yfir lagagreinar

sem hafa að geyma sektarákvæði og lagt er til að breytt verði með frv. til laga um breyting á sektarákvæðum nokkurra laga.

1. gr. frv.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna nr. 33/1915.

1. gr. Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta sektum frá 500—5 000 krónum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi, svo sem æska, upphvatning vandamanna eða yfirboðara, má færa sektina niður úr 500 kr. allt niður í 200 kr.

2. gr. Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta sektum frá 200—2 000 kr. eða fangelsi ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr. Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, allt að 2 000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr. Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, allt að 2 000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

5. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem sakamál.

2. gr. frv.

Lög um hagfræðiskýrslur nr. 29/1895.

8. gr. Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 króna. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1—5 kr. á dag.

3. gr. frv.

Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur nr. 20/1903.

4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðinga á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gert sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefur heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum.

4. gr. frv.

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

6. gr. Nú bregst það, að skýrslur, sem um ræðir í 4. og 5. gr., séu látnar í té, áður en fresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað hlutaðeigandi með dagsektum 50—300 kr. á dag, til að láta gögnin í té. Dagsektir skulu taka gildi 5 dögum eftir að Hagstofan tilkynnir hlutaðeigandi aðila þær með símskeyti eða bréfi afhentu sama dag og það er skrifað, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur. — Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar taka einnig til skila

sóknarpresta á dánarvottorðum, svo og til skila ljósmæðra á tilkynningum um barnsburði, samkvæmt reglugerð nr. 103/1933 eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 158/1942. — Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., og rennur það í ríkissjóð. Hlutaðeigandi skal inna greiðslu sektarfjárins af hendi ekki síðar en 7 dögum eftir að hann afhenti Hagstofunni hinar síðbúnu skýrslur eða setti þær í póst.

7. gr. Nú kemur það í ljós, að sóknarprestur hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Hagstofunnar um fæðingu, skírn, nafngift, hjónavígslu eða mannslát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr. Sama gildir, ef sóknarprestur framkvæmir líksöng án þess að hafa áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna. — Nú annast annar prestvígður maður en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri) skírn eða hjónavígslu, og skal hann þá tilkynna hana bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan 7 daga, en útfararathöfn, sem hann annast, skal hann tilkynna bæði hlutaðeigandi sóknarpresti og Hagstofunni áður en 3 dagar eru liðnir frá útförinni. Sé þetta vanrækt, varðar það sekt allt að 500 kr. — Nú vanrækir ljósmóðir að láta í té lögboðna tilkynningu um barnsburð eða tilkynning um hann er fyrst afhent að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr.

5. gr. frv.

Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi nr. 30/1956.

8. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, 100—3000 krónum.

6. gr. frv.

Lög um tilkynningar aðsetursskipta nr. 73/1952, sbr. 6. gr. l. nr. 15/1956.

17. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum 50—1 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála, nema kæra falli niður, sbr. 2. málsgr. þessarar gr. Sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir til dómara, rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, renna í ríkissjóð. — Sveitarstjórnum er heimilt að taka tilboði brotlegs aðila um greiðslu hæfilegrar sektar innan þess hámarks og lágmarks sektar, sem um ræðir í 1. málsgr. Skal þá kæra falla niður, enda sé greiðsla sektarfjárins innt af hendi tafarlaust.

7. gr. frv.

Lög um ríkisbókhald og endurskoðun nr. 61/1931, sbr. l. nr. 52/1966.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 200—2 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 50 kr. á dag, uns úr er bætt. — Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr. frv.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum nr. 28/1952.

5. gr. Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 500 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, allt að 10 000 krónum.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þesum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr. frv.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

70. gr. Brot á lögum þessum varða auk skaðabóta sektum frá 50—10 000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

10. gr. frv.

Lög um vinnumiðlun nr. 52/1956, sbr. 3. gr. laga nr. 71/1969.

11. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000,00 til ríkissjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

11. gr. frv.

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30/1970.

32. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 25 000,00 og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

12. gr. frv.

Lög um veitingu prestakalla nr. 32/1915.

20. gr. 2. og 3. mgr. Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 kr.

Önnur brot gegn lögum þessum varða allt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

13. gr. frv.

Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur) nr. 3/1945.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá 50—1 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

14. gr. frv.

Lög um kirkjugarða nr. 21/1963.

35. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5 000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

15. gr. frv.

Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks nr. 25/1921, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1958.

7. gr. Brot samkvæmt 5. gr. laganna varðar sektum allt að 20 000 krónum.

16. gr. frv.

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, tæknifræðinga eða byggingafræðinga nr. 73/1968.

10. gr. Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1 000 til 10 000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

17. gr. frv.

Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

54. gr. Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, beitt dagsektum, 50—100 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

58. gr. 10. mgr. Ef forráðamaður kvikmyndahúss brýtur gegn ákvæðum þessarar greinar eða ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það allt að 15 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

18. gr. frv.

Berklavarnarlög nr. 66/1939.

22. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 25—1 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

19. gr. frv.

Lyfjalög nr. 49/1978.

58. gr. Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum að fjárhæð frá 50 000 krónum til 5 000 000 króna nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr. frv.

Lög um tannlækningar nr. 7/1929.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1 000 kr., eða einföldu fangelsi, allt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sé brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr. frv.

Ljósmæðralög nr. 17/1933.

10. gr. Brot gegn lögum þessum og ljósmæðrareglugerðinni varða sektum, 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við brotinu að lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar (sbr. næstu grein) er rétt að svipta ljósmæður rétti til ljósmæðrastarfa um stundarsakir, og fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr. frv.

Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis nr. 30/1947.

2. gr. Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða allt að 10 000 kr. sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

23. gr. frv.

Póstlög nr. 31/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 73/1954.

22. gr. Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar varða sektum frá 5 til 500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Fyrir brot á 5. gr., um einkarétt póststjórnarinnar, skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefur verið ólöglega. — Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnarinnar. — Valdi misferli af hálfu þeirra, sem annast póstflutninga á landi eða sjó, póststjórninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi auk sektarinnar endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi. — Embættismenn eða sýslunarmenn, sem baka ríkissjóði meiri útgjöld fyrir burðargjöld en þeim ber, skulu sæta 5 til 500 kr. sektum. — Fyrir brot gegn ákvæðum 1. greinar c. skal greiða sekt, er sé fimmtungur af verði því, er leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

24. gr. frv.

Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. nr. 43/1947.

27. gr. Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

28. gr. Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir. — Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100 000,00 sekt. — Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

25. gr. frv.

Lög um Brunabótafélag Íslands nr. 9/1955.

25. gr. Brjóti vátryggjandi á móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til tjónþola eftir málavöxtum, svo sem reglu-

gerð nánar tiltekur. — Brjóti aðrir en vátryggjendur gegn lögum þessum eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 100—5 000 krónum eftir málavöxtum.

26. gr. frv.

Lög um búfjártryggingar nr. 20/1943.

15. gr. Brjóti vátryggjandi lög þessi eða reglugerð og skilyrði, sem sett eru samkv. þeim, varðar það réttindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 10—500 kr., er renni í Búfjártryggingarsjóð. —

27. gr. frv.

Lög um ófriðartryggingar nr. 2/1944.

40. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 1 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

28. gr. frv.

Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga nr. 17/1964.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

29. gr. frv.

Lög um útgáfu og notkun nafnskírteina nr. 25/1965.

7. gr. Brot gegn ákvæðum þessara laga og gegn reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 10 000 kr.

30. gr. frv.

Lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42/1913.

12. gr. Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sé við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

31. gr. frv.

Lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. nr. 75/1917.

4. gr. 2. mgr. Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld eða lendingartæki, sem hann hvorki á né hefur umráð yfir, og ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda eða umráðamann, þegar skip þeirra þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur fyrir farast að sleppa áhöldunum, og bæti þar að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann lét þau ekki laus þegar í stað.

32. gr. frv.

Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum nr. 44/1964.

7. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim varða sektum, allt að kr. 5 000,00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

33. gr. frv.

Ábúðarlög nr. 64/1976.

45. gr. Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2.—3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara, varðar það brot hans sektum, allt að kr. 100 000,00. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

34. gr. frv.

Jarðalög nr. 65/1976.

61. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

35. gr. frv.

Lög um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976.

73. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 5 000,00 til 50 000,00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

36. gr. frv.

Jarðræktarlög nr. 79/1972.

22. gr. Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 1 000—10 000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming. — Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr. frv.

Lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum nr. 7/1945.

29. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

38. gr. frv.

Girðingarlög nr. 10/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1971.

25. gr. Brot gegn lögum þessum svo og girðingarsamþykktum sýslu- og sveitarfélaga (sbr. 17. og 20. gr.) varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

39. gr. frv.

Lög um skógrækt nr. 3/1955.

30. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—10 000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

40. gr. frv.

Lög um landgræðslu nr. 17/1965, sbr. 12. gr. l. nr. 54/1975.

43. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá kr. 2 000 til kr. 40 000, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal fara með að hætti opinberra mála.

41. gr. frv.

Búfjárræktarlög nr. 31/1973.

65. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, kr. 10 000,00 til kr. 100 000,00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið. — Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

42. gr. frv.

Lög um berklaveiki í nautpeningi nr. 25/1923.

6. gr. Brot móti lögum þessum og reglugerð, sem ræðir um í 5. gr., varða sektum, frá 50—500 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

43. gr. frv.

Lög um gelding húsdýra nr. 123/1935.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

44. gr. frv.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar nr. 83/1936.

5. gr. Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt, að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. — Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

45. gr. frv.

Lög um afla- og útgerðarskýrslur nr. 55/1941.

5. gr. Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, 25—100 kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

46. gr. frv.

Lög um síldarverksmiðjur ríkisins nr. 1/1938.

12. gr. Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert.

Hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélaga ákveður ríkisstjórnin ár hvert, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. september það af síldarmjöli, sem þau telja sig þurfa og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar.

Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1 000 til 10 000 kr.

47. gr. frv.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976.

17. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varðar allt að 1 000 000 kr. sekt til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

48. gr. frv.

Lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969.

14. gr. Nú bregst það, að látnar séu í té upplýsingar samkvæmt 9. gr., áður en almennum skilafresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað aðila með dagsektum, 100—1 000 kr. á dag, til að láta upplýsingar í té. Dagsektir taka gildi 5 dögum eftir að aðili meðtekur símskeyti eða bréf um þær, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur. — Nú kemur það í ljós, að aðili, er skal veita upplýsingar samkvæmt 9. gr., hefur vanrækt að láta þær í té áður en skilafresti lauk, og varðar það þá sektum allt að 10 000 kr. — Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. Skal greiðsla þessi innt af hendi eigi síðar en 7 dögum eftir að hlutaðeigandi afhenti Hagstofu hina síðbúnu skýrslu eða setti hana í póst.

15. gr. Nú er ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 1. málsgr. 6. gr., og skulu þá brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu varða sektum 300—3 000 kr. Ákvæði 2. málsgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.

49. gr. frv.

Lög um metramæli og vog nr. 33/1907.

6. gr. Brot móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssjóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál.

50. gr. frv.

Lög um mælitæki og vogaráhöld nr. 13/1924.

9. gr. Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

51. gr. frv.

Lög um vigt á síld nr. 36/1930.

3. gr. Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum frá 20—2 000 kr. Sektir renna í ríkissjóð.

52. gr. frv.

Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, bensíni og smurningsolíu nr. 21/1949.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10 000 kr., er renna í ríkissjóð.

53. gr. frv.

Lög um útflutning hrossa nr. 64/1958.

9. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2 000—20 000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

54. gr. frv.

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk nr. 88/1949.

3. gr. Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5 000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð.

4. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

55. gr. frv.

Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs nr. 78/1935.

6. gr. Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins. — Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum. — Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr. — Sektarfé rennur í ríkissjóð.

7. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

56. gr. frv.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. nr. 32/1933.

13. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5 000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

57. gr. frv.

Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum nr. 92/1935.

2. gr. Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10 000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

58. gr. frv.

Lög um útflutning saltaðrar síldar nr. 70/1933.

3. gr. Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 50—1 000 kr., gegn 2. gr. 1000—10 000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

59. gr. frv.

Lög um flokkun og mat ullar nr. 21/1976.

7. gr. Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum frá 5 000 til 100 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

60. gr. frv.

Lög um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961.

25. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10 000,00, enda liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

61. gr. frv.

Lög um skipströnd og vogrek nr. 42/1926.

32. gr. Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hér segir: Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr., eða hafa í frammi einræði eða mótþróa við björgun eða tefja hana viljandi, þá varðar það 10—1 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — 2. Ef lögreglustjóri, sérstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum.

33. gr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum gegn ákvæðum laga þessara skal farið sem með almenn lögreglumál, nema sakamálameðferð skuli beitt.

62. gr. frv.

Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi nr. 23/1955.

5. gr. 3. mgr. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

14. gr. Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

63. gr. frv.

Lög um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi nr. 38/1951.

5. gr. 3. mgr. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

14. gr. Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

64. gr. frv.

Lög um landshöfn í Þorlákshöfn nr. 61/1966.

5. gr. 3. mgr. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

14. gr. Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

65. gr. frv.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi nr. 2/1917.

2. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 þús. til 200 þús. króna. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

66. gr. frv.

Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimamelum nr. 113/1945.

9. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, allt að 1 000 kr., og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

67. gr. frv.

Lög um mannanöfn nr. 54/1925.

7. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100—500 kr., og skulu þær sektir allar renna til ríkissjóðs. Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

68. gr. frv.

Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972.

47. gr. 4. mgr. Nú torveldar það hjóna, sem hefur forræði barns, að hitt hjóna fái að umgangast barnið, og er þá hægt að knýja það, að viðlögðum 50—500 kr. dagsektum, að láta af tálmunum. Öðrum réttarfarsúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

76. gr. Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur án leyfis beggja aðilja birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefur í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100—10 000 króna sekt til ríkissjóðs.

69. gr. frv.

Lög um samvinnufélög nr. 46/1937.

42. gr. Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til félagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum. — Sömuleiðis liggja sektir við, allt að 2 000 kr., ef þeir herma vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi rangt eða villandi frá öðrum skjölum, viðskiptabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag félags, er þeir stýra, eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr. — Ennfremur varðar það sektum, allt að 1 000 kr., að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

70. gr. frv.

Lög um bæjanöfn o. fl. nr. 35/1953.

10. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1 000,00, er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

71. gr. frv.

Landskiptalög nr. 46/1941.

19. gr. Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigandi liggi fyrir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt, allt að 1 000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.

72. gr. frv.

Lög um almenn gæðamerki nr. 89/1935.

8. gr. 2. mgr. Loks má ákveða í reglugerðinni sektir frá 10—5 000 kr. fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

73. gr. frv.

Lög um málflytjendur nr. 61/1942.

8. gr. Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samviskusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. — Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðsdómslögmenn. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður en það veitir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. — Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 5 000 króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. — Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.

74. gr. frv.

Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi nr. 62/1978.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að tíu milljónum króna.

Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

Nd. 250. Frumvarp til laga [161. mál]

um fjölskylduráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess að foreldrar eigi kost á fjölskylduráðgjöf er taki til fræðslu um uppeldi barna, leiðbeininga í sambúðar- og skilnaðarmálum og annarra málefna er varða hag og þroska barna og fjölskyldna þeirra. Félagsmálaráðuneytið skal starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og skal sálfræðingur veita henni forstöðu. Miðstöðin verði á höfuðborgarsvæðinu í fyrstu, en frekari útfærsla verði ákveðin þegar reynsla liggur fyrir af starfsemi miðstöðvarinnar í 3 ár. Félagsmálaráðuneytið setur reglugerð um hvernig háttað verði greiðslu fyrir þjónustu miðstöðvarinnar samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá árinu 1979 hefur Barnaverndarráð Íslands starfrækt foreldraráðgjöf, sem er sálfræðileg ráðgjöf fyrir foreldra varðandi ýmis þau vandamál sem upp kunna að koma í fjölskyldum og við uppeldi barna. Hefur þjónusta þessi talist til svonefndra „fyrirbyggjandi" aðgerða sem komið geta í veg fyrir alvarleg vandamál sem verði fjölskyldunum ofviða að leysa. Tveir sálfræðingar hafa sinnt þessari þjónustu í hlutastarfi, en aðsókn sýnir ótvírætt að nauðsynlegt er að þeir starfi að þessu að fullu. Unnið hefur verið við þjónustuna 15 klst. í viku, en á þeim tveim árum, sem hún hefur verið starfrækt, hafa leitað til hennar foreldrar vegna aðstoðar við 137 börn. Þar af eru 7 ungbörn innan 2 ára aldurs, 46 á aldrinum 2–5 ára, 53 yngri grunnskólabörn og 31 unglingur 13—19 ára.

Fjölmargar ástæður hafa legið að baki þjónustubeiðni, svo sem einkenni um öryggisleysi, kvíða, streituviðbrögð, samskiptaerfiðleika, unglingavandamál og ýmislegt annað. 56% þeirra sem ráðgjafarinnar leituðu voru úr Reykjavík, 28% úr nálægum byggðarlögum, 9% af Reykjanesi og 7% úr fjarlægari byggðarlögum.

Starfsemi foreldraráðgjafar þessarar hefur verið byggð á 60. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, en þar segir m. a. að Barnaverndarráði sé heimilt að efna til námskeiða og annarrar fræðslustarfsemi fyrir foreldra og aðra þá er sinna uppeldisstörfum. Eftir gildistöku barnalaga hafa orðið miklar breytingar á skyldum foreldra við börn sín, umgengnisréttur hefur gjörbreyst og er ljóst að fjölmargir munu þarfnast aðstoðar við stofnun og slit hjúskapar, svo að þörfum barna sé sinnt. Fjölmargir aðrir lagabálkar, sem tryggja skulu réttindi barna til farsæls uppeldis, hafa verið lögfestir á síðustu árum, en hætt er við að margt af því verði pappírsgagn eitt sé því ekki fylgt eftir með skipulagðri ráðgjöf. Nefna má að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett fram hugmyndir á ráðstefnum sínum um slíka ráðgjöf um allt land. Vissulega þjóna félagsmálastofnanir og aðrar opinberar þjónustustofnanir hluta af þessu starfi, en hér er oft um að ræða mál sem aðstandendum sýnist ekki vera á því stigi, að ástæða sé til að leita aðstoðar félagsmálastofnana eða sveitarstjórnarskrifstofa að svo komnu máli. En óhjákvæmilega hlýtur foreldraráðgjöf af þessu tagi að starfa í nánum tengslum við aðrar stofnanir, þegar þess gerist þörf. Hér er því á engan hátt verið að taka verkefni frá öðrum stofnunum, heldur fremur að létta af þeim minni háttar málum. Slíka foreldraráðgjöf er að finna á Norðurlöndum og víða í Vestur-Evrópu og hefur þótt gefast vel.

Margir þingmenn hafa þegar flutt tillögur í þessa veru. Má þar nefna tillögu til þingsályktunar frá Haraldi Ólafssyni og Alexander Stefánssyni um stefnumörkun í fjölskylduvernd. Þar er lögð áhersla á gildi fjölskyldunnar sem stofnunar í þjóðfélaginu og bent á leiðir til að tryggja öryggi barna og fjölskyldna þeirra. Á 100. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar um skipun samstarfsnefndar sem fjalli sérstaklega um málefni barna. Þar er meðal annars lagt til að sett verði löggjöf um foreldra- og fjölskylduráðgjöf í umsjá hins opinbera.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er að efni til samhljóða frumvarpi því sem alþingismennirnir Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Matthías Bjarnason og Níels Á. Lund lögðu fram á síðasta þingi sem frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 9/1981. Það frumvarp náði ekki fram að ganga.

Ástæða þess að frumvarpið er nú lagt fram sem frumvarp til sérstakra laga um fjölskylduráðgjöf er sú, að ekki þykir eðlilegt að fella þessi ákvæði inn í barnalögin, sem heyra alfarið undir dómsmálaráðuneytið, en fjölskylduráðgjöf sem slík mun heyra undir annað ráðuneyti, þ. e. félagsmálaráðuneytið.

Frumvarp þetta gerir einungis ráð fyrir að tveir starfsmenn verði í fullu starfi og reynslan sýni síðan hvort ástæða sé til að færa þessa þjónustu til annarra byggðarlaga. Hér er því ekki um mikið fjármagn að ræða, heldur miklu frekar tilraun til sparnaðar á opinberu fé, því að nái þau fjölskylduvandamál, sem hér um ræðir, að verða illleysanleg kosta þau samfélagið margfalt það fé sem hér er látið í té. Eðlilegt og sjálfsagt er talið að fólk greiði fyrir þessa þjónustu, ef fjárhagur þess leyfir það.

Ed. 251. Frumvarp til laga [85. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. jan.)

Samhljóða þskj. 87 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skal að því er varðar tímabilið 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52 gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.

Sþ. 252. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um sérstaka könnun á högum og aðstöðu öryrkja.

Flm.: Helgi Seljan, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara sérstaka könnun á högum og allri aðstöðu þeirra öryrkja sem við alvarlegasta fötlun búa.

Skal sérstaklega kannað hversu bætur almannatrygginga og önnur aðstoð hins opinbera dugi þessum þjóðfélagshóp sem vegna sérstöðu sinnar á erfiðara með að afla sér lífsviðurværis og skapa sér viðunandi aðstöðu á borð við aðra þjóðfélagsþegna.

Greinargerð.

Ekki fer á milli mála að miklir áfangar og stórir hafa náðst í baráttunni fyrir réttindamálum fatlaðra, og er frumvarp, sem nú liggur fyrir þingi um heildarlöggjöf, þar hvað mikilvægast þegar lögfest hefur verið.

En ástæður þessa tillöguflutnings eru þó auðsæjar þegar grannt er skoðað hversu mismunandi aðstaða er fyrir hendi hjá öryrkjum, og þó að ný löggjöf muni úr bæta til lengri tíma litið er þó ljóst að visst sérátak þarf gagnvart þeim lakast settu. Öryrkjasamtökin hafa oft ályktað um nauðsyn náinnar sérathugunar þessa máls, þar sem hin mikla sérstaða öryrkja hefur verið rækilega undirstrikuð.

Vissulega hafa mál þessi verið könnuð af hálfu stjórnvalda, og vafalítið liggur fyrir mikið af upplýsingum, m. a. frá ári fatlaðra, sem auðveldað gætu mönnum að komast að nokkurri niðurstöðu.

Meginmálið er það, að samtenging ellilífeyris og örorkulífeyris veldur því, að hæpið er, vægast sagt, að sérþarfir og séraðstaða þeirra öryrkja, sem við erfiðasta fötlun búa, séu teknar til greina sem skyldi. Aðeins skal það nefnt, að þrátt fyrir það, að ekki búi allir aldraðir við of góð kjör, hefur þó mestur hluti þeirra lífeyrisréttindi sem æ fleiri öðlast og

sífellt verða þýðingarmeiri afkomuþáttur og til öflugri stuðnings þeim sem á þurfa að halda. Flestir aldraðir hafa komið sér upp húsnæðisaðstöðu og margir lagt nokkuð til hliðar til efri ára.

Hið sama gildir eða svipað um mikinn hluta öryrkja, einkum þeirra er orðið hafa öryrkjar á efri hluta aldursskeiðs. Engan veginn vilja þó flutningsmenn gera of mikið úr kjörum og aðbúnaði þessa fólks, og mjög er þar misskipt gæðum.

En rækilega þarf að kanna hvort ekki er allstór, e. t. v. allt of stór hópur öryrkja sem er án allrar eigin aðstöðu, án allra tekjumöguleika, án allra áunninna lífeyrisréttinda og með örorkubæturnar einar, að vísu með tekjutryggingu og uppbótum öllum, til allra sinna lífsþarfa, sem eðlilega eru t. d. aðrar og oft meiri og fjölþættari en aldraðs fólks.

Í samvinnu við samtök öryrkja þarf að kanna þetta mál ýtarlega og vinna markvisst að úrbótum þeim til handa er sannanlega eiga fullan rétt þeirra úrbóta. Um leið þarf í heild að endurskoða réttmæti þess að tengja svo saman sem gert er bætur vegna elli og örorku.

Nánar um málið allt í framsögu.

Nd. 253. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Matthías Á. Mathiesen, Jósef H. Þorgeirsson, Ólafur G. Einarsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Steinþór Gestsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist 3. mgr., svohljóðandi:

Lögin taka ekki til þjónustu sveitarfélaga, sem greidd er niður með beinum framlögum úr sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa farið fram miklar umræður um verðlagningu opinberrar þjónustu.

Eftir að verðstöðvunarlög féllu úr gildi í árslok 1981 hafa sveitarstjórnir bent á það, að þeim beri allur réttur til verðlagningar á orku frá veitustofnunum sveitarfélaga, en staðfesting ráðherra á gjaldskrám í samræmi við orkulög sé formsatriði eitt sem tryggja eigi það, að rétt sé að gjaldskrárákvörðunum staðið.

Iðnaðarráðherra hefur hins vegar talið að með ákvæði um staðfestingu gjaldskrár beri sér réttur til íhlutunar um verðlagningu orku rétt eins og verðstöðvunarákvæðin hafi aldrei fallið úr gildi.

Lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti taka aðeins að litlu leyti til þjónustu sveitarfélaga, þ. e. til þeirrar þjónustu sem eigi er um fjallað í sérstökum lögum, s. s. þjónustu almenningsvagna og sundstaða. Flutningsmenn telja það fjarstæðu, að lögin taki til þjónustu sem greidd er niður með beinum framlögum úr sveitarsjóði.

Það er hlutverk kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn að ákvarða framlag til niðurgreiðslu þjónustunnar úr sveitarsjóði, en ekki verðlagsyfirvalda. Gildir sama um þetta atriði og rétt sveitarstjórnar til ákvörðunar um annað er að rektsri sveitarfélagsins og ráðstöfun fjármuna

úr sveitarsjóði lýtur. Ef verðlagsyfirvöld hafa ákvörðunarrétt um verðlag niðurgreiddrar þjónustu sveitarfélaga eru þau í raun að ákvarða fjárhæð niðurgreiðslna og þar með hvernig fjárhagsáætlun sveitarfélaga sé samin. Með því fara þau inn á verksvið sveitarstjórnarmanna. Einungis ef þjónustan er rekin án niðurgreiðslna geta verið rök fyrir afskiptum verðlagsyfirvalda af verðlagningu þjónustunnar og orkar það þó ávallt tvímælis.

Deila borgar- og verðlagsyfirvalda um fargjöld Strætisvagna Reykjavíkur er í raun deila um rétt ríkisvaldsins til þess að greiða niður vísitölu með fjármunum sem teknir eru úr borgarsjóði. Hér er því um að ræða deilu um grundvallaratriði — um sjálfsstjórn sveitarfélaga og valddreifingu í þjóðfélaginu.

Nd. 254. Frumvarp til laga [164. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

Aftan við 94. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Nú sameinast tvö eða fleiri sveitarfélög, og skal þá tala sýslunefndarmanna þeirra haldast óbreytt og vera eins og hún var fyrir sameininguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Þessi lagabreyting er m. a. gerð vegna eindreginna óska sveitarstjórna Dyrhólahrepps og Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, en samþykkt var við almenna atkvæðagreiðsu, sem fór fram hinn 14. nóvember 1982 í Dyrhóla- og Hvammshreppum, að þessir hreppar yrðu sameinaðir í einn hrepp.

Ríkisstjórnin fjallaði, að beiðni félagsmálaráðherra, um mál þetta á sínum tíma, og er meðmælt umræddri lagabreytingu, enda verður að telja óeðlilegt að hreppsfélag missi sýslunefndarmann sinn fyrir það eitt að sameinast öðrum hreppi eða hreppum.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 255. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. 5. tl. 4. gr. orðist svo:
   Krónur 40 milljónir renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.
2. Á eftir 5. tl. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tl., svohljóðandi:
   Eftirstöðvum, ásamt vöxtum, skal ráðstafað skv. nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.

Sþ. 256. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Alexander Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Skúli Alexandersson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún hlutist til um að Vegagerð ríkisins láti fara fram rannsókn á hagkvæmni vegar- og brúargerðar yfir Gilsfjörð. Gert verði ráð fyrir þessu verkefni við afgreiðslu vegáætlunar í ár.

Greinargerð.

Brú yfir Gilsfjörð er gömul hugmynd sem íbúar aðliggjandi héraða á sunnanverðum Vestfjörðum og í Dalasýslu hafa haft mikinn áhuga á. Gilsfjörðurinn hefur löngum verið erfiður farartálmi, þar er snjóþungt á vetrum og skriðuföll tíð. Umtalsverðar umbætur á vegi fyrir fjörðinn hafa ekki verið gerðar s. l. 15 ár utan lágmarksviðhalds. Vegurinn stenst því ekki þær kröfur sem gera verður til þjóðvega í dag. Á honum eru brýr sem orðnar eru lélegar og þarfnast endurnýjunar. Á fjörum fyrir botni fjarðarins að norðanverðu verða árlega skemmdir á veginum vegna sjávargangs. Þar þarf að byggja upp langa vegarkafla. Það er ljóst að þær umbætur, sem gera verður á vegi fyrir Gilsfjörð, verða mjög kostnaðarsamar.

Á s. l. ári fór fram undirskriftasöfnun meðal íbúa Dalasýslu og suðurhluta Vestfjarða, þar sem skorað er á stjórnvöld að þegar verði hafist handa við lagningu vegar og brúar milli Króksfjarðarness í Austur-Barðastrandarsýslu og Stórholtslands í Dalasýslu. Rúmlega fimm hundruð íbúar viðkomandi byggðarlaga skrifuðu nöfn sín undir þessa áskorun.

Í greinargerð heimamanna varðandi málið koma fram ýmis veigamikil rök. Þar er m. a. bent á að Austur-Barðstrendingar fá sína læknisþjónustu frá heilsugæslustöðinni í Búðardal eftir að embætti héraðslæknis á Reykhólum var flutt þangað. Á meðan samgöngum milli þessara tveggja héraða, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu er svo háttað sem raun ber vitni getur neyðarástand skapast án fyrirvara, og hefur raunar oft legið nærri. Á Reykhólum er fjölmennur vinnustaður, Þörungavinnslan h/f. Þar er unnið með stórvirk tæki og vélar. Slíku fylgir að sjálfsögðu slysahætta. Auk heilbrigðisþjónustunnar má benda á fleiri samskipti Austur-Barðstrendinga og Dalamanna, svo sem mjólkurflutninga, verslun og margvísleg félagsleg samskipti. Þessi brúargerð mundi stytta leið vegfarenda verulega, um 20 km. Hún tekur af alla erfiða staði í Gilsfirðinum og fjarlægðin milli landa er rúmir tveir km — milli Króksfjarðarness og Stórholtslands á norðurströnd Saurbæjarins.

Frá sjónarmiði náttúruverndar virðist Gilsfjörðurinn vel fallinn til brúargerðar. Vegagerð ríkisins lét á síðasta áratug gera forkönnun á lífríki fjarðanna sunnanvert á Vestfjörðum, frá Gilsfirði að botni Vattarfjarðar. Könnun þessi var gerð af Líffræðistofnun Háskólans, og árið 1976 voru birtar niðurstöður í skýrsluformi eftir Agnar Ingólfsson líffræðing. Þær niðurstöður benda ótvírætt til að lífríki Gilsfjarðar sé mun einhæfara en annarra fjarða er könnunin náði til og því líkur til að umrædd brúargerð mundi leiða til minni skaða eða röskunar á lífríki heldur en í hinum fjörðunum. Gerð mannvirkisins skiptir þó miklu máli í þessu tilliti.

Það fer ekki á milli mála að framkvæmd sú, er tillaga þessi fjallar um, felur í sér stórkostlega samgöngubót fyrir alla landsmenn. Hún hlýtur að skoðast sem hluti „hringvegarins“ svokallaða sem áhersla er lögð á að koma í viðunandi horf sem fyrst. Auk þess er hér annars vegar brýnt hagsmunamál viðkomandi byggðarlaga sem búa á margan hátt við erfiðar aðstæður í atvinnulegu og félagslegu tilliti.

Vafalaust yrði þetta dýr framkvæmd sem hlýtur að eiga sér nokkuð langan aðdraganda og undirbúning. Tillaga þessi beinist fyrst og fremst að því, að hafist verði handa við nauðsynlegar rannsóknir er fé verði veitt til við afgreiðslu vegáætlunar í ár. — Hálfnað er verk þá hafið er.

Nd. 257. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum um hreppstjóra nr. 32 26. apríl 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr. og skal þá sýslumaður leysa hann frá störfum. Ennfremur skal leysa hreppstjóra frá störfum, þegar hann er fullra 70 ára að aldri eða hann flyst brott úr hreppnum.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði og skulu þau greiðast mánaðarlega.

Launin skulu miðast við laun almennra lögreglumanna og úrskurðar fjármálaráðherra við hvaða launaflokk skuli miða á hverjum tíma. Launin ákveðast sem hundraðshluti af viðmiðunarlaununum sem hér segir:

Í hreppum með 100 íbúa eða færri greiðast 6.5% launa.
Í hreppum með 101—200 íbúa greiðast 8.0% launa.
Í hreppum með 201—300 íbúa greiðast 9.5% launa.
Í hreppum með 301—400 íbúa greiðast 11% launa.
Í hreppum með 401—500 íbúa greiðast 12.5% launa.
Í hreppum með 501 og fleiri íbúa greiðast 14% launa.

Í hreppum þar sem verkefni hreppstjóra eru sérstaklega umfangsmikil eða þar sem þeim er gert að hafa opna skrifstofu tiltekinn tíma í viku hverri og hin föstu laun hrökkva eigi fyrir áætluðu vinnuframlagi getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns, að greiða hreppstjóra viðbótarlaun.

Auk launa skulu hreppstjórar fá greiddan útlagðan kostnað vegna hreppstjórastarfsins. Heimilt er fjármálaráðherra að ákveða að starfskostnaður reiknist sem ákveðið hlutfall af launum.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af hreppstjóralaunum og um réttindi þeim tengd fer eftir reglum er fjármálaráðherra setur.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör, að undanskildum þeim atriðum sem fjármálaráðherra ber að ákveða, sbr. 7. og 8. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um hámarksaldur skulu þeir hreppstjórar sem eru í starfi þegar lög þessi taka gildi og eru orðnir 70 ára eða verða 70 ára fyrir 30. júní 1984 gegna starfi til 30. júní 1984 nema þeir óski að láta af starfi fyrr.

Nú lætur hreppstjóri af starfi vegna aldurs, sbr. 1. gr., á tímabilinu 1. júlí 1983 til 30. júní 1984 og skulu honum engu að síður greidd laun til 30. júní 1984.

Nú ber hreppstjóra lægri laun eftir ákvæðum laga þessara en honum hefði borið eftir eldri lögum og skal hann þá halda launum eftir hinum eldri lögum til 30. júní 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 18. nóvember 1980, fól dómsmálaráðherra þeim Þorleifi Pálssyni, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Rúnari Guðjónssyni, sýslumanni í Borgarnesi og Steingrími Pálssyni, lífeyrisskrárritara, starfsmanni fjármálaráðuneytisins, að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra. Steingrímur Pálsson óskaði eftir því að vera leystur undan þessu verkefni vegna anna. Hann hefur þó veitt ýmsar gagnlegar upplýsingar og gefið ráð við úrlausn þessa verkefnis.

Gerð hefur verið allítarleg könnun á störfum hreppstjóra, sbr. álit ofangreindra manna er þeir hafa sent dómsmálaráðherra.

Lagt er til að gildandi lögum um hreppstjóra nr. 32 frá 26. apríl 1965 verði breytt.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru þessi: Hreppstjórum er gert að hlíta almennum reglum um starfsaldurshámark opinberra starfsmanna, þ. e. miðað verði við 70 ár. Reglum um útreikning á launum þeirra verði breytt á þann veg að laun ákveðist sem tiltekinn hundraðshluti af launaflokki er fjármálaráðherra ákveður nánar. Launin miðast að nokkru við íbúatölu í viðkomandi hreppi líkt því sem nú er. Þó er sú meginbreyting gerð að hreppstjórar í hreppum með íbúa yfir 500 talsins fá sömu laun. Gert er ráð fyrir að greiða hreppstjórum, sem hafa umfangsmiklum störfum að gegna, viðbótarlaun umfram hin föstu, sem ákveðist af dómsmálaráðherra, að fenginni umsögn sýslumanns eftir áætluðu vinnumagni. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að fjármálaráðherra geti ákveðið að kostnaður sem hreppstjórar hafa af hreppstjórastarfinu greiðist með fastri fjárhæð er reiknast sem ákveðið hlutfall af launum. Loks er ákvæði um lífeyrisréttindi sem fjármálaráðherra er heimilað að setja nánari reglur um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er tekin upp sú regla að binda starfsaldur hreppstjóra við 70 ára aldursmarkið. Er það í samræmi við reglur er gilda almennt um ríkisstarfsmenn, sbr. 13. gr. laga nr. 38/1954.

Hreppstjórar eru 202 talsins. Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið eru nú 46 hreppstjórar í starfi eldri en 70 ára en 6 eldri en 80 ára. Aldursmarkið er miðað við 1. júlí 1982.

Um 2. gr.

Lagt er til að hreppstjórar fái greidd laun mánaðarlega í stað þess að greiða þeim tvisvar á ári.

Núverandi ákvæði um ákvörðun launa hreppstjóra eru óheppileg einkum þar sem allar verð- og launabreytingar eru örar vegna verðbólgu. Hér er lagt til að laun hreppstjóra miðist við tiltekinn hundraðshluta af launum almennra lögreglumanna samkvæmt launaflokki sem fjármálaráðherra ákveði nánar. Sé miðað við 12. l. fl. B.S.R.B. 3. þrep samsvara laun

hreppstjóra nú samanlagt 19,7 ársstöðugildum. Séu hins vegar laun reiknuð út eftir ákvæðum þessarar greinar og áfram miðað við 12. l. fl. 3. þrep þá nema samanlögð laun 18,4 ársstöðugildum.

Í nokkrum hreppum eru störf hreppstjóra talsvert umfangsmeiri en almennt er. Eru ýmis verkefni ákvarðandi um það svo sem lögskráning, löggæsla í einstaka tilfellum og ýmis umboðsstörf fyrir sýslumenn. Í þeim tilfellum er gert ráð fyrir að hreppstjórar geti fengið greidd viðbótarlaun. Gert er ráð fyrir að þau ákveðist fyrirfram af dómsmálaráðuneytinu, að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanns, í samræmi við þau verkefni er hreppstjóra er ætlað að sinna. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir að hreppstjórar hafi fastan viðverutíma á skrifstofu. Gert er þó ráð fyrir að svo geti verið í einstaka tilfelli.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra geti ákveðið að greiða hreppstjórum fastan starfskostnað. Ákveðist hann sem hlutfall af launum. Getur þetta verið til hagræðis, þar sem oft er erfitt að meta útlagðan kostnað, svo sem símakostnað, þar sem um sjálfvirkan síma er að ræða, skrifstofukostnað o. fl.

Um 3. gr.

Núverandi ákvæði 8. gr. laga um hreppstjóra fellur brott. Þess í stað kemur ákvæði um greiðslu lífeyrisiðgjalda af hreppstjóralaunum og réttindum þeim tengdum.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji um þetta reglur.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara ákvæðum 10. gr. núgildandi laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að umræddar breytingar hafi eins árs aðlögunartíma.

Fylgiskjal.

Álit starfshóps er falið var að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra.

1. Inngangur.

Með bréfi dags. 18. nóvember 1980 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp er var falið það verkefni að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan hreppstjóra.

Í starfshópinn voru skipaðir Þorleifur Pálsson deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem er formaður, Rúnar Guðjónsson sýslumaður í Borgarnesi og Steingrímur Pálsson lífeyrisskrárritari, starfsmaður fjármálaráðuneytisins. Vegna anna óskaði Steingrímur Pálsson eftir því að vera leystur frá störfum í nefndinni og stendur hann því eigi að áliti þessu. Þrátt fyrir það hefur hann veitt ýmsar gagnlegar upplýsingar og gefið ráð.

Haldnir hafa verið allmargir fundir og aflað hefur verið ýmissa gagna. Athuguð hafa verið gildandi lög um hreppstjóra með tilliti til hugsanlegra breytinga á þeim. Könnuð hafa verið gildandi lög þar sem hreppstjóri hefur einhverjum lagaskyldum að gegna. Öllum sýslumönnum var sent bréf ásamt spurningalista, þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum um störf hreppstjóra í viðkomandi umdæmi.

Rétt er að geta um þingsályktunartillögu er samþykkt var á Alþingi 1977. Ályktunin hljóðar þannig: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglur um launakjör hreppstjóra.“

Í greinargerð með tillögunni, svo og í umræðum er áttu sér stað um hana, eru störf hreppstjóra talin mjög breytileg eftir aðstæðum í hverjum hreppi. Á suma hreppstjóra

leggist þyngri störf en aðra og ráði þar ekki alltaf íbúafjöldi. Laun hreppstjóra miðast samkvæmt gildandi reglum alfarið við íbúafjölda. Í greinargerðinni segir m. a.: „Það virðist óeðlilegt að lögð sé vinnuskylda á þessa aðila frekar en aðra þegna þjóðfélgsins án þess að þeir fái einhver lágmarkslaun miðað við þann vinnutíma sem þeir verja til starfsins.“

Hér á eftir verður gerð grein fyrir upplýsingum er starfshópurinn hefur aflað og settar fram tillögur m. a. í frumvarpsformi.

2. Sögulegt yfirlit.

Samkvæmt Jónsbók áttu hreppstjórnarmenn að vera fimm í hverjum hreppi, kjörnir af hreppsbændum. Við hreppstjórnarmenn Jónsbókar festist síðan heitið hreppstjóri.

Talið er að sýslumenn konungs hafi fljótlega fengið hreppstjóra til að annast fyrir sig ýmis löggæslustörf og eru þeim jafnframt falin margvísleg störf í þágu landstjórnarinnar. Er fram líða stundir munu sýslumenn hafa talið sig vera yfirboðara hreppstjóra, jafnframt vex íhlutun sýslumanna um ráðningu þeirra.

Með konungsúrskurði 21. júlí 1808 voru hreppstjórar gerðir að stjórnskipuðum sýslunarmönnum ríkisins enda tók ríkið þá sveitarstjórnarmál í sínar hendur. Hreppstjórum var þá fækkað. Í hreppum með íbúum undir 400 átti aðeins að vera einn hreppstjóri, en í stærri hreppum skyldu vera tveir. Amtmenn skipuðu hreppstjóra samkvæmt hreppstjórareglugerð frá 1809.

Á skipan sveitarstjórnarmála verður algjör breyting með tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872.

Samkvæmt sveitarstjórnartilskipuninni var sveitarstjórnin falin kjörnum hreppsnefndum, sýslunefndum og amtsráði.

Á hreppstjórastarfinu verður sú meginbreyting að hreppstjórum er eingöngu ætlað að fara með störf á vettvangi stjórnsýslu ríkisins.

Í reglugerð um hreppstjóra frá 29. apríl 1880 er ítarlega greint frá störfum og starfsskyldum hreppstjóra.

Samkvæmt reglugerðinni er hreppstjóri umboðsmaður sýslumanns bæði gagnvart hreppsnefndinni og gagnvart almenningi. Hreppstjóri er löggæslumaður. Hann getur framkvæmt ýmsar réttargerðir að boði sýslumanns svo sem gert lögtak, annast ýmsar uppskriftargerðir og haldið uppboð á lausafé. Honum ber að framkvæma ýmsar úttektir og skoðunargerðir á jörðum, húsum og lausafé. Hreppstjóra bar að semja ýmsar skýrslur fyrir sýslumann.

Frá því reglugerðin frá 1880 var sett og fram til þessa tíma hafa störf hreppstjóra að ýmsu leyti breyst vegna breyttrar löggjafar og breyttra þjóðfélagshátta. Hér verður ekki farið nánar út í að rekja í hverju þessar breytingar eru fólgnar.

Heildarákvæði um störf hreppstjóra voru sett með lögum nr. 32 frá 26. apríl 1965. Samkvæmt ákvæðum laganna var gert ráð fyrir að sett yrði reglugerð er kvæði nánar á um störf og kjör hreppstjóra. Reglugerð þessi hefur ekki verið sett.

3. Yfirlit yfir lagaákvæði um störf hreppstjóra.

Í lögum um hreppstjóra nr. 32/1965 segir svo í 6. gr.: „Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald, annast innheimtu opinberra gjalda, fógetagerðir og fleiri störf, sem nánar kann að vera kveðið á um í lögum og reglugerðum.“

Í ýmsum lögum er að finna ákvæði, sem kveða á um tilteknar og margvíslegar starfsskyldur hreppstjóra. Fer hér á eftir skrá yfir lög þessi, þótt þau séu ekki tæmandi talin. Lögin eru sett upp í flokka eftir því hvers konar hlutverki hreppstjóra er ætlað að gegna.

I. Löggæsla

Lög nr. 10/1958	Farsóttalög.
Lög nr. 34/1954	Sóttvarnarlög.
Lög nr. 3/1898	um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum o. fl.
Lög nr. 55/1966	um brunavarnir og brunamál.
Lög nr. 8/1966	um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
Lög nr. 25/1965	um útgáfu og notkun nafnskírteina.
Lög nr. 42/1913	um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.
Lög nr. 9/1896	um viðauka við breyting á lögum 14. jan. 1886.
Lög nr. 42/1969	um afréttamálefni, fjallskil o. fl.
Lög nr. 17/1965	um landgræðslu.
Lög nr. 31/1973	Búfjárræktarlög.
Lög nr. 22/1977	um sauðfjárbaðanir.
Lög nr. 23/1956	um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma o. fl.
Lög nr. 25/1923	um berklaveiki í nautpeningi.
Lög nr. 33/1922	um rétt til fiskveiða í landhelgi.
Lög frá 1758	Konungsbréf til stiftamtmanns og amtmanns um fiskiútveg á Íslandi.
Lög nr. 13/1924	um mælitæki og vogaráhöld.
Lög nr. 1/1925	Tilskipun um mælitæki og vogaráhöld.
Lög nr. 42/1926	um skipströnd og vogrek.
Lög nr. 23/1911	um vita, sjómerki o. fl.
Lög nr. 35/1953	um bæjanöfn o. fl.
Lög nr. 82/1969	Áfengislög.
Lög nr. 74/1974	um meðferð opinberra mála.

II. Ýmis umboðsstörf

Lög nr. 30/1913	um umboð þjóðjarða.
Lög nr. 40/1978	um tekjuskatt og eignarskatt.
Lög nr. 46/1907	um laun sóknarpresta.
Lög nr. 7/1953	um hundahald og varnir gegn sullaveiki.
Lög nr. 65/1976	Jarðalög.
Lög nr. 3/1955	um skógrækt.
Lög nr. 12/1922	um verslunarskýrslur.
Lög nr. 60/1907	um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

III. Notarialgerðir

Lög nr. 93/1933	Víxillög.
Lög nr. 94/1933	Tékkalög.

IV. Réttargerðir

Lög nr. 29/1885	um lögtak og fjárnám án undangengins dóms.
Lög nr. 18/1949	um kyrrsetningu og lögbann.
Lög nr. 57/1949	um nauðungaruppboð.
Lög nr. 3/1878	um skipti á dánarbúum og félagsbúum.

V. Mat og úttektir

Lög nr. 64/1976	Ábúðarlög.
Lög nr. 65/1976	Jarðalög.
Lög nr. 10/1965	Girðingarlög.
Lög nr. 15/1923	Vatnalög.
Lög nr. 46/1941	Landskiptalög.

VI. Ýmislegt

Lög nr. 52/1959	um kosningar til Alþingis.
Lög nr. 58/1961	Sveitarstjórnarlög.
Lög nr. 63/1961	um lögskráningu sjómanna.
Lög nr. 52/1970	um eftirlit með skipum.
Lög nr. 94/1976	um fasteignamat og fasteignaskráningu.
Lög nr. 41/1919	um landamerki o. fl.

Upplýsingar sýslumanna um störf hreppstjóra.

Starfshópurinn sendi öllum sýslumönnum landsins svofellt bréf dags. 7. október 1981 ásamt spurningalista.

Til allra sýslumanna landsins.

Dómsmálaráðherra hefur skipað þrjá menn til þess að endurskoða ákvæði um starfskjör og skipan starfa hreppstjóra, þá Þorleif Pálsson, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem er formaður starfshópsins, Rúnar Guðjónsson, sýslumann í Borgarnesi og Steingrím Pálsson, starfsmann fjármálaráðuneytisins.

Starfshópurinn telur æskilegt að fá sem gleggstar upplýsingar um störf hreppstjóra og sendir yður því hér með spurningalista varðandi störf hreppstjóra, jafnframt því sem leitað er eftir tillögum yðar að breytingu á gildandi reglum um hreppstjóra.

Þess er óskað að svar verði sent Þorleifi Pálssyni, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir 25. október n. k.

Spurningar til sýslumanna um störf hreppstjóra.

I.

Lýsið störfum hreppstjóra í umdæmi yðar í samræmi við eftirfarandi sundurliðun:

1. Löggæsla.
2. Lögskráning sjómanna.
3. Fógetagerðir (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
4. Uppboð (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
5. Uppskriftar- og virðingargerðir dánarbúa. (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
6. Afsagnir víxla og tékka. (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
7. Úttektargerðir. (Tilgreinið fjölda, meðaltal 1979—1980).
8. Innheimta gjalda til ríkissjóðs.
9. Störf fyrir umboð Tryggingastofnunar ríkisins.
10. Störf í þágu sýslusamlags.
11. Ýmis önnur störf.

II.

Tilgreinið sérstaklega þá hreppa þar sem hreppstjórar hafa umfangsmiklum störfum að sinna og greinið frá því hvaða störf vega þyngst á hverjum stað.

III.

Hafa orðið breytingar á störfum hreppstjóra í umdæmi yðar á síðastliðnum árum?

IV.

Eru hreppstjórum greidd laun umfram þau föstu?

V.

Hver er kostnaður vegna hreppstjóra í yðar umdæmi að öðru leyti?

VI.

Teljið þér ástæðu til að breyta reglum hreppstjóra? Ef svo er, þá er þess óskað, að þér setjið fram ábendingar þar um.

Svör sýslumanna.

Svör við þeim spurningum, sem frá er greint hér að framan, bárust frá 10 sýslumönnum.

Hið helsta, sem fram kom í svörum þeirra, fer hér á eftir og í þeirri röð sem spurningarnar voru fram bornar.

I.

1. Löggæslustörf hreppstjóra eru víðast hvar mjög lítil nú orðið. Helst munu þau tengd búfjárhaldi, t. d. vegna ágangs búfjár, meðferð óskilafjár o. s. frv. Þó er almenn löggæsla falin hreppstjórum á einstaka stað, þar sem langur vegur er til lögreglustöðvar eða byggðir eru mjög afskekktar, eins og t. d. í Grímsey. Einnig er hreppstjórum víða í kauptúnum falin löggæsla, þar sem eigi starfa fastir lögreglumenn.
2. Lögskráning sjómanna fer víðast hvar fram á sýsluskrifstofum. Þó hafa hreppstjórar hana á hendi í þeim hreppum, þar sem útgerð er stunduð, og fjarri eru skrifstofu sýslumanns. Þó má geta þess, að á örfáum stöðum hafa verið ráðnir sérstakir menn til að annast þetta starf.
3. Nær óþekkt er að hreppstjórar annist fógetagerðir.
4. Hreppstjórar framkvæma ekki mörg uppboð. Þó mun víða tíðkast, að þeir selji við uppboð óskilafénað.
5. Hreppstjórar framkvæma víða uppskriftar- og virðingargerðir dánarbúa.
6. Hreppstjórar framkvæma allvíða víxilafsagnir í hreppum, þar sem bankar eru, en ekki sýsluskrifstofa.
7. Hreppstjórar framkvæma almennar úttektargerðir eftir þörfum.
8. Mjög er það misjafnt, hversu víðtæk og mikil innheimtustörf hreppstjórar hafa með höndum. Í sumum hreppum, sem fjarri eru sýsluskrifstofu, eru innheimtustörf hreppstjóra veruleg, þar innheimta þeir m. a. þinggjöld. Algengara er þó að hreppstjórar annist innheimtu ýmissa smærri gjalda, t. d. afgjalda ríkisjarða. Enda þótt margir hreppstjórar annist ekki mikil innheimtustörf, veita þeir oft veigamiklar upplýsingar um hagi gjaldenda og dvalarstaði sakir staðkunnáttu sinnar.
9. Hreppstjórar hafa á nokkrum stöðum innt af höndum störf í þágu umboða Tryggingastofnunar ríkisins. Með tilkomu nýrrar tilhögunar við útborgun bóta, þ. e. tölvuvæðingar og greiðslu beint inn á bankareikninga bótaþega, má telja víst, að þessi störf hreppstjóra nær hverfi.
10. Hreppstjórar hafa lítil afskipti af málefnum sýslusamlaganna. Á stöku stað eru þeir þó milligöngumenn um sendingu reikninga.
11. Hreppstjórar veita margs konar upplýsingar bæði sveitungum sínum og sýslumanni (sýsluskrifstofu). Þeir eru gjarnan tengiliðir milli fólksins og sýsluskrifstofunnar. Þeir gefa út vottorð í einstökum efnum, aðstoða við skráningu bifreiða og dráttarvéla og fleira þess háttar. Að lokum ber að nefna þann starfa hreppstjóra, sem ekki er hvað þýðingarminnstur, en það eru störf þeirra í alþingiskosningum. Hreppstjórar eru lögskipaðir formenn kjörstjórna við alþingiskosningar og eru kjörstjórar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu við allar almennar kosningar (til alþingis og sveitarstjórna).

II.

Svör við þessari spurningu hafa borist frá öllum sýslumönnum, en haft var símasamband við þá, sem ekki sendu skrifleg svör. Með því að eigi er til algilt mat á því hvað telja skuli umfangsmikil störf hreppstjóra, má búast við því að sýslumenn hafi lagt mismunandi vægi á þetta atriði.

Áður en hreppar þeir, sem sýslumenn nefndu til, verða taldir upp, er rétt að geta þeirra ályktana, sem helstar má draga af svörunum um umfang og breytileik hreppstjórastarfanna í þessum sömu hreppum.

a) Í kauptúnahreppum við sjávarsíðuna annast hreppstjórar að jafnaði lögskráningu sjómanna, nema þar sem sérstakir lögskráningarstjórar eru ráðnir. Þeir annast löggæslustörf, þar sem fastráðnir lögreglumenn eru ekki. Einnig annast þeir ýmis umboðsstörf fyrir sýslumenn í þeim hreppum, sem fjarri eru aðsetri sýslumanns, þ. á m. innheimtustörf og störf fyrir almannatryggingaumboðin.
b) Í öðrum kauptúnahreppum annast hreppstjórar sömu störf og að ofan getur, nema að sjálfsögðu ekki lögskráningu sjómanna.
c) Í dreifbýlishreppum (sveitahreppum) annast hreppstjórar einkum löggæslustörf, innheimtustörf og störf fyrir almannatryggingaumboðin svo og ýmsa fyrirgreiðslu.

Nú verða taldir upp þeir hreppar, sem hér um ræðir.

1. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:
   a) Neshreppur utan Ennis.
   b) Ólafsvíkurhreppur.
   c) Eyrarsveit (Grundarfjörður).

2. Barðastrandarsýslur:
   a) Geiradalshreppur.
   b) Reykhólahreppur.
   c) Suðurfjarðahreppur (Bíldudalur).

3. Ísafjarðarsýslur:
   a) Þingeyrarhreppur.
   b) Flateyrarhreppur.
   c) Suðureyrarhreppur.
   d) Súðavíkurhreppur.

4. Strandasýsla:
   a) Árneshreppur.
   b) Hólmavíkurhreppur.
   c) Óspakseyrarhreppur.
   d) Bæjarhreppur.

5. Húnavatnssýslur:
   a) Hvammstangahreppur.
   b) Höfðahreppur (Skagaströnd).

6. Skagafjarðarsýsla:
   a) Hofsóshreppur.

7. Eyjafjarðarsýsla:
   a) Hríseyjarhreppur.
   b) Grímseyjarhreppur.

8. Þingeyjarsýslur:
   a) Grýtubakkahreppur (Grenivík).
   b) Skútustaðahreppur (Mývatnssveit).
   c) Presthólahreppur (Kópasker).
   d) Raufarhafnarhreppur.
   e) Þórshafnarhreppur.

9. Norður-Múlasýsla:
   a) Vopnafjarðarhreppur.
   b) Skeggjastaðahreppur (Bakkafjörður).
   c) Borgarfjarðarhreppur.

10. Suður-Múlasýsla:
   a) Reyðarfjarðarhreppur.
   b) Búðahreppur (Fáskrúðsfjörður).
   c) Stöðvarhreppur.
   d) Breiðdalshreppur.
   e) Búlandshreppur (Djúpivogur).
   f) Egilsstaðahreppur.

11. Vestur-Skaftafellssýsla:
   a) Hörgslandshreppur.
   b) Kirkjubæjarhreppur.

III.

Sýslumenn telja ekki hafa orðið stórvægilegar breytingar á störfum hreppstjóra hin síðustu ár eða jafnvel allt frá því, að lögum um tekju- og eignarskatt var breytt á þann hátt, að skattanefndir í hreppum voru lagðar niður og stærri skattaumdæmi tekin upp, en hreppstjórar höfðu verið formenn skattanefnda. Í svörum sumra sýslumanna kemur þó fram, að störf hreppstjóra fari yfirleitt minnkandi. Þeim hreppstjórum fari fækkandi, sem hafi veruleg innheimtustörf á hendi, og einnig hafi breytt tilhögun á útborgun bóta almannatrygginga leyst þá alfarið undan þeim starfsþætti. Hins vegar hafa störf hreppstjóra aukist með auknum íbúafjölda og auknum umsvifum almennt, þar sem hreppstjórar hafa á annað borð veruleg störf með höndum, sbr. svör við II. spurningu hér að framan.

IV.

Hreppstjórar fá yfirleitt ekki greidd laun umfram þau föstu. Þó er til að hreppstjórar hafi fengið aukagreiðslur hjá einstaka sýslumönnum, ýmist fyrir sérstök verkefni eða sérlega umfangsmikil störf. Einn sýslumaður kveðst hafa látið lögskráningargjöld og gjöld fyrir endurrit ganga til viðkomandi hreppstjóra.

V.

Kostnaður vegna hreppstjóra, annar en launakostnaður, er víðast hvar óverulegur og í sumum sýslum enginn. Hreppstjórar fá þó yfirleitt greiddan útlagðan kostnað vegna pósts og síma og kaupa á ritföngum, allt í þágu starfsins. Nokkrir sýslumenn hafa vakið athygli undirritaðra á því, hversu erfitt er að meta endurgreiðslu símakostnaðar til hreppstjóra eftir tilkomu sjálfvirka símans.

VI.

Svör sýslumanna við þessari spurningu voru ærið misjöfn. Sameiginlegt álit þeirra flestra var þó, að ekki bæri að leggja niður hreppstjórastöðuna, enda væru hreppstjórar mikilsverðir sýslumönnum í starfi þeirra. Einn sýslumaður og raunar sá elsti komst svo að orði, að hreppstjórar væru „augu sýslumanns og eyru um margt, sem honum væri nauðsynlegt að vita, en mundi vera ókunnugt of lengi án þeirra.“ Þessi sami sýslumaður taldi, að þótt hreppstjórum væri t. d. ekki lengur ætlað einum að sjá um löggæslu á mannamótum, væri bæði lögreglustjóra og fastalögreglumönnum hans mikill styrkur í því — í sambandi við rannsókn mála — að eiga aðgang að trúnaðarmönnum, sem væru staðkunnugir, þekktu skyldur sínar og væri það metnaðarmál að rækja þær. Einn sýslumaður, raunar sá yngsti, taldi hins vegar, að með breyttum samgöngum og breyttri þjóðfélagsskipan, væri tími hreppstjóranna að líða undir lok.

Í máli sýslumanna kom fram, að breyta þyrfti ákvæðum um hámarksstarfsaldur hreppstjóra, til samræmis við reglur um aðra opinbera starfsmenn. Þá þyrfti að breyta reglum um launakjör þeirra, þannig að launin fari eftir umfangi starfanna, en ekki íbúafjölda alfarið eins og nú er. Setja þyrfti reglur um endurgreiðslur kostnaðar vegna starfa hreppstjóra og loks væri nauðsynlegt að skilgreina starfsskyldur þeirra.

5. Núverandi laun hreppstjóra.

Samkvæmt 7. gr. laga um hreppstjóra nr. 32/1965 eru laun hreppstjóra þannig ákveðin: „Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru þau 7 500 kr. á ári, í hreppi með 101—150 íbúa 8 400 kr. o. s. frv., þannig að launin hækki um 900 kr. fyrir hverja 50 íbúa.“ Hér er að sjálfsögðu átt við gamlar krónur.

Samkvæmt heimild í 8. gr. nefndra laga er fjármálaráðherra heimilt að breyta launum hreppstjóra til samræmis við almennar breytingar er verða á launum starfsmanna ríkisins.

Við ákvörðun launa hreppstjóra hefur verið miðað við ofangreindar fjárhæðir að viðbættum launahækkunum sem orðið hafa síðan lögin voru samþykkt. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins hafa breytingar á launum hreppstjóra verið miðaðar við launabreytingar hjá ákveðnum starfshópum. Fyrst var miðað við starfsheitið „sýsluskrifari“ en síðan miðað við starfsheitið „lögreglumaður I“.

Frá 1. júlí 1977 hefur starfsheitinu lögreglumaður I verið raðað í 11. l. fl. og að viðbættum einum launaflokki vegna 15 ára starfsaldurs, þ. e. 12. l. fl. Breytingar á launum hreppstjóra hafa þannig verið miðaðar við breytingar á 12. l. fl. 3. þrepi.

Launin eru greidd tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Launin eru miðuð við vegið meðaltal næstliðinna 6 mánaða.

Í töflu hér á eftir er gerð grein fyrir útreikningi á launum hreppstjóra.

Íbúatala hrepps	Fjöldi hreppa miðað við 1. júlí 1980	Launin reiknuð sem hundraðshluti af mánaðarlaunum skv. 12. l. fl. 3. þrepi (3 aukastafir)		Hundraðshluti af ársstöðugildi (1 = ársstöðugildi)
1. 001—100	49	6,500	49 × 6,500 =	318,5
2. 101—150	44	7,284	44 × 7,284 =	320,5
3. 151—200	27	8,066	27 × 8,066 =	217,8
4. 201—250	11	8,834	11 × 8,834 =	97,2
5. 251—300	19	9,616	19 × 9,616 =	182,7
6. 301—350	10	10,400	10 × 10,400 =	104,0
7. 351—400	5	11,183	5 × 11,183 =	55,9
8. 401—450	3	11,966	3 × 11,966 =	35,9
9. 451—500	7	12,750	7 × 12,750 =	89,3

10.	501—550	3	13,516	3 × 13,516 =	40,5
11.	551—600	4	14,300	4 × 14,300 =	57,2
12.	601—650	2	15,083	2 × 15,083 =	30,2
13.	650—700	0	15,866		
14.	701—750	3	16,650	3 × 16,650 =	50,0
15.	751—800	2	17,416	2 × 17,416 =	34,8
16.	801—850	0	18,200		
17.	851—900	0	18,983		
18.	901—950	3	19,767	3 × 19,767 =	59,3
19.	951—1000	0	20,617		
20.	1001—1050	1	21,250	1 × 21,250 =	21,3
21.	1051—1100	0	22,100		
22.	1101—1150	2	22,834	2 × 22,834 =	45,7
23.	1151—1200	1	23,667	1 × 23,667 =	23,7
24.	1201—1250	1	24,450	1 × 24,450 =	24,5
25.	1251—1300	1	25,233	1 × 25,233 =	25,2
26.	1301—1350	1	26,017	1 × 26,017 =	26,0
27.	1351—1400	0	26,800		
28.	1401—1450	0	27,583		
29.	1451—1500	1	28,367	1 × 28,367 =	28,4
30.	1501—1550	0	29,150		
31.	1551—1600	0	29,933		
32.	1601—1650	1	30,716	1 × 30,716 =	30,7
33.	1651—1700	0	31,500		
34.	2901—2950	1	51,933	1 × 51,933 =	51,9

Alls 1.971,2 =
19,7 ársstöðugildi

Heildarlaun hreppstjóra á landinu nema 19,7 ársstöðugildum skv. 12. l. fl. 3. þrepi. Hreppar landsins eru 202 talsins. Meðaltalslaun hreppstjóra nema því 9,8% af launum skv. 12. l. fl. 3. þrepi.

6. Álit starfshópsins.

Á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem starfshópurinn hefur aflað og rakið hefur verið hér að framan, hefur hann reynt að gera sér sem gleggsta grein fyrir þeim meginatriðum, sem að störfum hans lúta samkvæmt skipunarbréfi, og skal nú á þau drepið.

Gildi hreppstjórastarfsins.

Starfshópurinn hefur talið sér skylt að leita svara við þeirri spurningu, hvort nauðsynlegt sé að viðhalda þeirri skipan, sem nú er á, að hafa hreppstjóra í hverjum hreppi landsins, eða hvort hreppstjóra sé yfirleitt þörf eins og nú er háttað. Ljóst er að störf hreppstjóra hafa dregist saman að ýmsu leyti. Ýmis verkefni hreppstjóra eru fyrirferðarminni nú en þau voru fyrir einum til tveimur áratugum síðan, hvað þá ef litið er lengra aftur í tímann. Ýmsar skýrslugerðir er hreppstjórum var áður skylt að gera og senda sýslumönnum eru ekki lengur í verkahring þeirra. Löggæslustörf hafa minnkað með fjölgun fastra löggæslumanna við sýslumannasembættin og víða eru þau engin. Innheimtustörf hreppstjóra fara víðast hvar minnkandi með breyttri tilhögun innheimtunnar (mánaðargreiðslur o. fl.). Umboðsstörf fyrir umboð almannatrygginga munu leggjast af með breyttri tilhögun þess kerfis. Sjálfsagt er og að nefna að samgöngur hafa stórbatnað og þjóðfélagsmyndin er öll önnur en áður var.

Þrátt fyrir þetta, sem hér hefur verið nefnt, telja undirritaðir alls ekki fært að mæla með því að hreppstjórastarfið verði lagt niður.

Má fyrst til nefna sögulegar ástæður og þá virðingu, sem starf hreppstjóra nýtur. Í öðru lagi hafa hreppstjórar enn umfangsmikil störf með höndum í allmörgum hreppum landsins. Í þriðja lagi eru hreppstjórum falin mörg verkefni og margvísleg í hinum ýmsu lögum og verður eigi séð að þau verði með auðveldum hætti falin öðrum a. m. k. sum hver. Í fjórða lagi eru hreppstjórar afar þýðingarmiklir umboðsmenn sýslumanna fyrir margra hluta sakir, enda hafa hvarvetna valist til hreppstjórastarfa sómamenn, sem hafa kappkostað og lagt metnað sinn í að rækja hreppstjóraskyldur sínar.

Starfsaldur.

Samkvæmt núgildandi lögum um hreppstjóra eru engin ákvæði um starfsaldurshámark. Er það undantekning frá þeirri almennu reglu, sem mörkuð er í 13. gr. laga nr. 38 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að starfsaldur opinberra starfsmanna miðist við 70 ára aldursmarkið.

Undirritaðir sjá ekki ástæðu til að hafa sérreglur um hreppstjóra og leggja því til að starfsaldur þeirra miðist við 70 ár.

Gerð hefur verið könnun á aldri hreppstjóra og er niðurstaðan þessi:

Aldur hreppstjóra	Fjöldi hreppstjóra í hreppum með 500 íbúa eða færri	Fjöldi hreppstjóra í hreppum með fleiri en 500 íbúa
Innan við 50 ár	50	4
Milli 50—60 ára	54	6
Milli 60—70 ára	44	8
Milli 70—80 ára	33	7
Yfir 80 ára	4	2

Launakjör.

Miðað við að störf hreppstjóra hafa frekar farið minnkandi er ekki ástæða til að hækka laun hreppstjóra almennt. Í nokkrum stærstu hreppunum eru störf hreppstjóra minni en í mörgum hinum fámennari. Það er því eigi réttlátt að laun miðist alfarið við íbúafjölda hrepps.

Í nokkrum hreppum hafa hreppstjórar það miklum störfum að gegna að núverandi laun eru bersýnilega of lág.

Lagt er til að almenn laun hreppstjóra taki mið af íbúafjölda viðkomandi hrepps með eftirgreindum hætti:

Lágmarkslaun miðist við 100 íbúa í hreppi og fari stighækkandi við hvert eitt hundrað sem bætist við íbúatölu allt að 500. Laun hreppstjóra í fjölmennari hreppum hækki ekki úr því.

Að viðbættum þessum almennu launum er lagt til að hreppstjórum sem hafa umfangsmiklum störfum að gegna og þar sem hin almennu hreppstjóralaun hrökkva bersýnilega ekki til þess að greiða vinnuframlag þeirra, verði greidd vinnulaun til viðbótar. Verði viðbótarlaunin ákveðin fyrirfram miðað við áætlaðan vinnustundafjölda sem hreppstjóra er ætlað að skila umfram eðlilega vinnuskyldu miðað við hin almennu laun þeirra.

Í 5. kafla hér að framan er greint frá svörum sýslumanna við þeirri spurningu hvar hreppstjórar hafi umfangsmiklum störfum að gegna. Ekki er hér lagt neitt heildarmat á svör þessi eða tekin afstaða til þess hvaða hreppstjórum skuli greiða viðbótarlaun. Það verður að metast hverju sinni eftir aðstæðum.

Lagt er til að hreppstjórar fái laun greidd mánaðarlega. Sé miðað við að hreppstjórar fái greidd laun í samræmi við tillögur hér að framan, yrði niðurstaðan sú að heildarlaun hreppstjóra nemi 18,4 stöðugildum.

Lífeyrisréttindi.

Á hinum síðari árum hefur orðið stórfelld breyting á tækifærum fólks til þess að afla sér lífeyrissjóðsréttinda með rýmkuðum lagaskilyrðum um öflun slíkra réttinda. Með nýskipan kjaramála hreppstjóra er óeðlilegt að leita ekki eftir leiðum fyrir þá til kaupa á lífeyrissjóðsréttindum að því marki, sem unnt er fyrir slíkt hlutastarf, og er því lagt til að svo verði gert. Lagt er til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til þess að útfæra nánar reglur þar að lútandi.

Útlagður kostnaður.

Nokkrir sýslumenn hafa vakið athygli á því að oft sé erfiðleikum bundið fyrir hreppstjóra að gera grein fyrir kostnaði er þeir hafa af hreppstjórastarfinu. Í því sambandi hefur símakostnaður einkum verið tilgreindur. Í flestum tilfellum notar hreppstjóri einkasíma sinn í þágu starfsins. Með tilkomu sjálfvirks síma eykst kostnaður vegna notkunar síma innan hrepps. Er oft erfitt að meta kostnað þennan, þar sem símtöl þessi fara ekki í gegnum símstöð og því eigi unnt fyrir hreppstjóra að leggja fram greiðslukvittanir. Annan kostnað er einnig oft óhægt að meta.

Því er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að ákveða hreppstjórum fastan starfskostnað, sem ákveðist sem tiltekið hlutfall af launum viðkomandi hreppstjóra.

Þetta fyrirkomulag á sér a. m. k. eina hliðstæðu í lögum. Samkvæmt lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra er sóknarprestum ákvarðaður skrifstofukostnaður.

Breyting á lögum um hreppstjóra.

Með vísun til þess sem rakið hefur verið hér að framan er lagt til að núverandi lögum um hreppstjóra verði breytt. Hafa undirritaðir samið frumvarp til laga um breyting á lögum um hreppstjóra nr. 36 26. apríl 1965 er fylgir hér með ásamt greinargerð.

Setning reglugerðar.

Samkvæmt gildandi lögum er dómsmálaráðherra heimilt að setja í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeira og kjör. Reglugerð þessi hefur ekki verið sett.

Til glöggvunar er hér drepið á nokkur atriði sem æskilegt væri að kveðið væri nánar á um í reglugerð.

1. Nánari ákvæði um starfsskyldur hreppstjóra.

Í lögum um hreppstjóra svo og í ýmsum lögum öðrum, svo sem rakið hefur verið hér að framan, eru verkefni hreppstjóra tilgreind. Auk lögboðinna starfa fara hreppstjórar með ýmis umboðsstörf fyrir sýslumenn, sbr. 6. gr. laga um hreppstjóra. Í einstaka tilfellum hefur sýslumaður falið einum hreppstjóra að annast tiltekin umboðsstörf í fleiri hreppum án þess að gengið væri inn á lögbundið starfssvið annars hreppstjóra. Æskilegt væri að nánar væri kveðið á um starfsskyldur hreppstjóra í reglugerð.

2. Samskipti lögreglu og hreppstjóra.

Meðan hreppstjórar fara með lögregluvald væri e. t. v. rétt að setja nánari reglur um samskipti lögreglumanna og hreppstjóra. Ekki er þó vitað um nein tilfelli þar sem skortur á reglum hér að lútandi hafi valdið árekstrum. Hér er um stjórnunaratriði að ræða sem er í höndum viðkomandi sýslumanns.

3. Skipunarbréf, erindisbréf o. fl.

Samkvæmt gildandi ákvæðum skipa sýslumenn hreppstjóra. Lögin tilgreina ekki nánar skipunarform.

Æskilegt væri að tiltaka nánar í reglugerð um skipun svo og undirritun drengskaparheits og útgáfu erindisbréfs fyrir hreppstjóra a. m. k. í þeim tilfellum þar sem hreppstjóra er ætlað að sinna verulegum verkefnum.

4. Bækur hreppstjóra.

Tiltaka þarf hvaða bækur hreppstjórar skuli nota. Einnig þarf að ákveða hvernig fari um skil á notuðum bókum og öðrum embættisgögnum.

5. Embættistákn.

Í reglugerð um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæslumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæslumanna nr. 145 frá 1946 eru ákvæði um einkennisbúning fyrir hreppstjóra.

Um notkun einkennisfatnaðar segir m. a. í nefndri reglugerð: „Hreppstjórum öllum skal heimilt að bera einkennishúfu. Hreppstjórar í kauptúnum, sérstaklega þeir sem hafa á hendi afgreiðslu erlendra skipa, skulu bera einkennisbúning við störf sín eftir því sem dómsmálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns."

Í seinni tíð heyrir það til hreinna undantekninga að hreppstjórar noti umgetin embættistákn.

Þörf er á að taka umgetnar reglur um einkennisfatnað hreppstjóra til endurskoðunar.

6. Handbók.

Nokkrir sýslumenn hafa bent á nauðsyn þess að teknar verði saman leiðbeiningar fyrir hreppstjóra um starfsskyldur þeirra, nokkurs konar handbók. Undirritaðir telja hugmynd þessa athyglisverða.

Með framlagningu þessa álits og meðfylgjandi frumvarps ásamt greinargerð, teljum við störfum okkar, samkvæmt skipunarbréfi, lokið.

Reykjavík, 17. apríl 1982.

Þorleifur Pálsson. Rúnar Guðjónsson.

Nd. 258. Frumvarp til laga [167. mál]

um þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda.

Flm.: Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

Hvarvetna þar sem atvinnurekendum er með lagaboði gert skylt að innheimta opinber gjöld eða aðrar greiðslur hjá starfsfólki sínu eða kaupendum vöru þeirra eða þjónustu skal greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila, enda sé það gert innan þeirra tímamarka sem lögboðið er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt frá síðasta þingi.

Þess sér víða stað í lögum, að atvinnurekendum er gert að skyldu að innheimta opinber gjöld og aðrar lögbundnar greiðslur af starfsfólki sínu eða viðskiptamönnum vegna sölu vöru eða þjónustu og skila því fé til innheimtumanna hins opinbera, sjóða eða stofnana. Lagaheimildum og lagaboðum um slíka innheimtuskyldu atvinnurekenda hefur fjölgað hin síðari ár og þeim er nú beitt í ríkum mæli, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil og vaxandi vinna og ábyrgð og verður að telja mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu án þess að nokkur greiðsla komi fyrir til þess að mæta óhjákvæmilegum kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar, meðan aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir störf sín. Útlagður kostnaður atvinnurekenda vegna umsýslu er auk þess skattlagður í formi aðstöðugjalda. Hér þarf að taka upp nýjan og betri sið, og því er lagt til í þessu frumvarpi að þeir atvinnurekendur, sem gert er skylt með lagaboði að innheimta slík gjöld í rekstri sínum, fái þóknun fyrir þau störf er nemi 3% af innheimtufénu til þess að mæta kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar. Það kann að vera álitamál, hvort sú þóknun, sem hér er lagt til að ákveðin verði, sé hæfileg eða hversu mikil hún skuli vera, og er íhugunarefni þeirrar þingnefndar sem fjallar um málið. Í þessu sambandi þykir þó rétt að vekja athygli á því, að í frumvarpi til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem lagt var fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981, er einmitt gert ráð fyrir því í niðurlagi 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins, að ofangreindum hundraðshluta, 3%, skuli haldið eftir vegna innheimtu- og álagningarkostnaðar þeirra gjalda er frumvarpið tekur til. Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er að því stefnt, að eðlileg og sanngjörn borgun komi fyrir unnin störf. Þess skal getið, að Skúli Guðmundsson alþingismaður flutti á 88. löggjafarþinginu frumvarp um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, svohljóðandi:

„Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknun greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.“

Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar 16. apríl 1968, en ekkert hefur gerst í málinu síðan.

Að lokum skal til fróðleiks getið helstu gjalda, þeirra er atvinnurekendum er í dag ætlað að innheimta í rekstri sínum:

1. Tekjuskattur launþega.
2. Útsvar launþega.
3. Söluskattur, 10/1960.
4. Launaskattur, 14/1965.
5. Iðnaðargjald, 64/1965.
6. Iðnlánasjóðsgjald, 45/1963.
7. Slysatrygging I, 27.—29. gr. laga um almannatryggingar.
8. Slysatrygging II, 27.—29. gr. laga um almannatryggingar.
9. Atvinnuleysistryggingagjald, 57/1973.
10. Lífeyrissjóðsgjald, 1974 (4. mars).
11. Lífeyristryggingagjald, skv. 20. gr. laga um almannatryggingar.
12. Sjúkrasjóðsgjald, 19/1979.
13. Orlofsfé, 87/1971.

Auk þessara gjalda, sem frumvarpið nær til, innheimta atvinnurekendur m. a. félagsgjald til launþegasamtaka og orlofsheimilasjóðsgjald.

Í bréfi til fyrri flutningsmanns frá Hólmfríði Árnadóttur, framkvæmdastjóra Sambands veitinga— og gistihúsa, er bent á að til eru fleiri greiðslur en þær sem áður hafa verið tíundaðar. Má þar nefna innheimtugjöld eins og **skemmtanaskatt** og **menningarsjóðsgjald** og álögð gjöld á fyrirtæki svo sem **eftirlitsgjald með vínveitingahúsum** og **Stefgjald**, auk annarra gjalda. Í bréfinu er einnig til gamans bent á að skv. 5. gr. laga 58/1970 fær lögreglustjóri 2% innheimtulauna af skemmtanaskatti.

Sþ. 259. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um, að þjónustustofnunum ríkisins verði skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands.

Greinargerð.

Tillögu þessari er ætlað að styrkja eftirlitshlutverk Neytendasamtakanna og Verslunarráðs með efnislegum gjaldskrárbreytingum ríkisstofnana. Með „efnisbreytingum“ er átt við aðrar breytingar en þær gjaldbreytingar sem beinlínis leiðir af almennri verðlagsþróun í landinu.

Þegar þessi tillaga var fyrst lögð fram á 102. löggjafarþinginu var aðeins lagt til að Neytendasamtökin yrðu umsagnaraðili. Þá fylgdi tillögunni svofelld greinargerð:

„Ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilfellum einokunarrétt á framleiðslunni. Það er því eðlilegt, að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrám og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Slíkt aðhald á að sjálfsögðu að vera að meginstofni til hjá Alþingi, en öllum er ljóst að það hlýtur ávallt að vera nokkuð takmarkað. Alþingi setur lög um ríkisstofnanir, en starfsemi þeirra er í mörgum atriðum stakkur sniðinn með reglugerðum ráðuneyta og stofnana.

Verðlagsyfirvöld fá til umsagnar og samþykktar hækkunarbeiðnir á gjaldskrám opinberra stofnana. Hins vegar er minna hugað að samsetningu gjaldanna og tilfærslu milli gjaldaliða gjaldskránna. Nýlegt dæmi um slíka breytingu eru áform Pósts og síma um breytingar á skrefatalningu símtala.

Neytendasamtökin eru frjáls félagsamtök sem hafa unnið sér rétt til að koma fram fyrir hönd neytenda á ýmsum sviðum. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni falið að láta ríkisstofnanir leita umsagnar samtakanna á gjaldskrárbreytingum, en slíkt stuðlar að sterkari stöðu Neytendasamtakanna almenningi til hagsbóta.“

Skömmu eftir að tillagan var lögð fram, nánar tiltekið 23. apríl 1980, barst flutningsmanni svofellt bréf frá Verslunarráði Íslands, undirritað af Árna Árnasyni framkvæmdastjóra:

„Þann 18. júní 1979 skipaði framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands nefnd til að kanna gjaldskrá og þjónustu Póst og síma. Skilaði nefndin niðurstöðum sínum nú í ársbyrjun og voru þær þá kynntar fréttamönnum. Fylgja þær hér með.

Þegar þessi vinna var unnin, var sú hugmynd rædd, m. a. við Neytendasamtökin, að æskilegt væri, að samtökin fyrir hönd neytenda og Verslunarráð Íslands fyrir hönd

atvinnulífsins ættu aðild að undirbúningi gjaldskrár Pósts og síma hverju sinni. Verslunarráðið fagnar því fram kominni tillögu til þingsályktunar um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana.

Það skiptir atvinnulífið miklu máli, hvernig gjaldskrám opinberra þjónustustofnana er háttað. Má þar einkum nefna rafveitur og póst- og símaþjónustu. Eðlilegt má telja, að við slíkar gjaldskrárákvarðanir sé fylgt ákveðnum meginreglum:

1. Starfsemin í heild standi undir kostnaði.
2. Hver þjónustuþáttur standi einungis undir þeim kostnaði, sem þeirri þjónustu er samfara, ásamt þátttöku í heildarkostnaði.

Á þessu hefur hins vegar verið töluverður misbrestur.

Í Bandaríkjunum má nefna, að neytendasamtök og verslunarráð eiga þess kost að kanna við gjaldskrárbreytingar, hvort notendum sé mismunað í gjaldskrá, og gagnrýna tilkostnað við þjónustuna. Er mjög æskilegt að koma slíku fyrirkomulagi á hér. Þar sem fyrirtæki úr flestum greinum atvinnulífsins eiga aðild að Verslunarráði Íslands gæti það verið hlutlaus aðili gagnvart atvinnulífinu til að koma fram fyrir þess hönd við gjaldskrárbreytingar. Eðlilegast er að Neytendasamtökin túlki hins vegar sjónarmið neytenda eins og lagt er til. Að lokum er rétt að undirstrika, að gjaldskrá opinberra stofnana markist ekki af framfærsluskyldu við einstaka hópa, heldur komi slíkur stuðningur fram á fjárlögum hverju sinni."

Með tilliti til þessa bréfs þótti flutningsmanni rétt að breyta tillögunni í núverandi horf, og var það gert þegar hún var endurflutt á 103. löggjafarþinginu.

Tillagan er nú flutt í þriðja sinn og þess freistað að fá hana samþykkta á þessu þingi, enda hefur hún fengið góðar undirtektir þingmanna úr öllum flokkum.

Þess skal að lokum getið, að forráðamenn Neytendasamtakanna höfðu á sínum tíma samband við flutningsmann og lýstu yfir stuðningi við efni tillögunnar.

Sþ. 260. Fyrirspurnir. [169. mál]

I. Til menntamálaráðherra um hljóðvarpsskilyrði eystra.

Frá Helga Seljan.

Hvað veldur þeim afleitu hljóðvarpsskilyrðum, sem hvað tilfinnanlegust eru á suðurfjörðum Austfjarða?

Hverjar úrbætur eru fyrirhugaðar í þessum efnum og hvenær er þeirra að vænta?

II. Til menntamálaráðherra um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 1978 um tónmenntafræðslu í grunnskóla?
2. Er komin til framkvæmda tónmenntafræðsla í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem slíkri fræðslu verður ekki við komið með venjulegum lögboðnum hætti?
3. Hefur ræst úr skorti á tónmenntakennurum?
4. Hve margir grunnskólar á landinu njóta í dag engrar tónmenntafræðslu?

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um brúargerð á Kúðafljót.

Flm.: Siggeir Björnsson, Egill Jónsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að hraðað verði undirbúningi að brúargerð á Kúðafljót þannig að framkvæmdir geti hafist árið 1984.

Greinargerð.

Þegar hringvegurinn um Skeiðarársand og aðrar framkvæmdir í sambandi við hann voru gerðar vannst ekki tími til þess að ljúka lagfæringum á slæmum köflum á Austurlands- og Suðurlandsvegi á þeim stutta tíma sem var til þjóðhátíðarárs, en þá var ákveðið að vegurinn yrði opnaður. Þeir vegarkaflar, sem nauðsyn bar til að endurbæta um leið, eða sem fyrst, vegna aukinnar umferðar, en voru látnir bíða, voru vegirnir um Hvalnesskriður og um Breiðamerkursand og ný brú á Kúðafljót í Vestur-Skaftafellssýslu og vegarkafli í sambandi við hana. Nú hefur verið lokið við tvö fyrrnefndu verkefnin. En brú á Kúðafljót hefur ekki verið gerð enn. Nauðsyn ber til að brúa Kúðafljót sem fyrst. Samhliða brúargerð á söndunum í Skaftafellssýslum hafa verið gerðar fyrirhleðslur sem hafa reynst mikilvæg vörn gegn landbroti. Svo yrði einnig við Kúðafljót. Er því nauðsynlegt að það viðfangsefni verði metið í heild samhliða undirbúningi og framkvæmd við brúargerðina. Um þessa leið, landveginn, fara nú fram miklir þungaflutningar til Austurlands, sem af augljósum ástæðum vegna opnunar hringvegarins hafa aukist stórlega á síðari árum.

Vegurinn um Skaftártungu er erfiður, einkum að vetrarlagi. Þá má á það benda, að brúin á Eldvatni hjá Ásum er byggð á fremur ótraustri undirstöðu að austan þar sem vatnið liggur á hrauninu. Þá gerast nú Skaftárhlaup æ tíðari, og ef brúin á Eldvatni laskaðist verulega mætti búast við alllangri samgönguteppu.

Til þess að hraða þessu brýna hagsmuna- og öryggismáli Skaftfellinga og Austurlands er þessi tillaga fram borin.

Nd. 262. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

3. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Örorka skal metin af örorkumatsnefnd. Í nefndinni eiga sæti 3 starfsmenn Tryggingastofnunarinnar. Skal einn vera læknir og tilnefndur af tryggingayfirlækni, forstjóri tilnefnir einn og heilbrigðis- og tryggingaráðherra tilnefnir einn. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsháttu nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumata hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til bóta, m. a. þá, sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þ. á m. flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir þeir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumata, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra, þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slík möt yrði að taka mið af a. m. k. þremur ákvarðandi atriðum, þ. e. a. s. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1) og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklings þ. á m. fjárhagslegri þörf m. v. fjölskyldubyrði, heimilisástæður o. fl. o. fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. greinar laga 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur (örorkulífeyri og örorkustyrki), er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg, eigi að reyna hér nýjar leiðir.

Sþ. 263. Fyrirspurn [172. mál]

til félagsmálaráðherra um varnir vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að frumvarpi til laga um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla, sem ríkisstjórninni var falið að gera með þingsályktun 2. apríl 1981?
2. Hvenær er gert ráð fyrir að frumvarp þetta verði lagt fram á Alþingi?

Ed. 264. Frumvarp til laga [173. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Niðurlag 2. gr. umferðarlaga orðist svo:

Ljósatími: a) Bifreiðar, bifhjól og vélhjól skulu aka með ljósum allan sólarhringinn árið um kring. b) Önnur ökutæki, sem talin eru upp í þessari grein: Ljósatími frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Jafnan skal aka með ljósum sé birtuskilyrði slæm.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að hafa nokkur áhrif til bóta á öryggi í umferðinni.

Um alllangt skeið hefur umferðaróhöppum fjölgað hér á landi ár frá ári. Meiðslum og dauðaslysum hefur fjölgað og eignatjón er geysilegt. Þrátt fyrir aukna löggæslu og bætta umferðarlöggjöf næst ekki sá árangur sem vænst var.

Oft verða óhöppin vegna þess að gangandi vegfarandi verður þess ökutækis, sem óhappinu veldur, ekki var í tæka tíð eða stjórnendur ökutækja, sem rekast á, gera sér hættuna ekki ljósa fyrr en of seint.

Í nokkrum löndum hefur ökutækjum verið gert að aka með ljósum allan sólarhringinn árið um kring. Víða eru ökumenn hvattir til þess að aka með ljósum á daginn ef skyggni er ekki gott. Margir verða við þeirri áskorun en aðrir ekki. Þá verður jafnvel enn erfiðara að forðast hættu, þegar á eftir 3—4 bifreiðum með ljósum kemur ein ljóslaus.

Allir, sem reynslu hafa af akstri, vita að t. d. þeirrar bifreiðar, sem kemur á móti í umferðinni, verður mun fyrr vart, ef hún ekur með ljósum, þó albjartur dagur sé.

Af þessum ástæðum hafa „Greyhound" langferðabifreiðarnar í Bandaríkjum Norður-Ameríku ekið með ljósum allan sólarhringinn í meira en hálfa öld.

Svíar hafa ekið með ljósum allan sólarhringinn í allmörg ár og eru eina Norðurlandaþjóðin sem náð hefur því marki að fækka umferðaróhöppum. Finnar hafa fylgt fast á eftir með mjög góðum árangri. Bifreiðar, framleiddar í Svíþjóð, eru nú þannig gerðar að þar koma ljósin á um leið og bifreiðin er ræst.

Öldruðum í umferðinni fer fjölgandi, og þótt kannanir sýni að aldraðir ökumenn valdi ekki slysum öðrum fremur, nema síður sé, þá er þó ljóst að þetta ákvæði í umferðarlögum mundi auka öryggi allra sjóndapurra í umferðinni, bæði ökumanna, en þó einkum gangandi vegfarenda.

Einn af hverjum fjórtán körlum, sem aka bifreið, er samkvæmt erlendum skýrslum haldinn svonefndri „rautt-grænt" litblindu, þannig að þessir ökumenn eiga erfitt með að greina rauða og græna hluti við vissar aðstæður, en bifreið með ljósum sjá þeir vel.

Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferð, kemur fram sú hörmulega staðreynd, að í ungu aldurshópunum, 7—20 ára, eru slysin algengasta dánarorsökin hjá okkur og á aldrinum 17—25 ára eru umferðarslysin ein algengari dánarorsök en nokkur önnur.

Vitað er að umferðarlögin eru í heildarendurskoðun, en ástandið hjá okkur er svo slæmt að við megum ekki bíða.

Ákvæðið, sem þetta frumvarp fjallar um, er einfalt, getur tekið gildi strax eftir samþykkt laganna og það má vænta árangurs.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um viðurlög.

Nú er norrænt umferðaröryggisár. Ljósatími allan sólarhringinn, allt árið, væri verðugt byrjunarákvæði.

Nd. 265. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um langt skeið um frv. til l. um efnahagsaðgerðir. Fyrst í stað starfaði nefndin ásamt fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. að málinu. Í málsskjölum, er voru lögð fram í Ed., má glöggt sjá eðli og umfang þeirrar athugunar.

Að undanförnu hefur nefndin kallað til fundar ýmsa aðila. Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. hefur fylgst með þeim störfum.

Starfsmenn fjármálaráðuneytisins hafa lagt fram upplýsingar um láglaunabætur. Fulltrúar ASÍ og BSRB komu til fundar og lýstu sjónarmiðum sínum varðandi láglaunabæturnar. Starfsmenn Seðlabanka lögðu fram upplýsingar um innkominn gengismun samkv. bráðabirgðalögunum, ráðstöfun fjárins og áætlun um óinnkominn gengismun. Fulltrúar LÍÚ, Sambands skreiðarframleiðenda og Framkvæmdastofnunar svöruðu fyrirspurnum um gengismun og ráðstöfun hans.

Ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins svaraði fyrirspurnum um sama mál.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og leggja undirritaðir nefndarmenn til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 255. Guðmundur J. Guðmundsson hefur á þessu stigi fyrirvara um breytingartillöguna.

Alþingi, 27. jan. 1983.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðm. J. Guðmundsson.

Ed. 266. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til laga um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. jan. 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Egill Jónsson.

Ed. 267. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um mál þetta á fundum sínum og leitað umsagna um það.

Nefndin er sammála um afgreiðslu frumvarpsins með þessari

BREYTINGU:

Við 3. gr. bætist: og taka ákvæði þeirra til landaðs afla á árunum 1982, 1983 og 1984.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Karl Steinar Guðnason og Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 27. jan. 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Egill Jónsson.

Guðm. Karlsson. Geir Gunnarsson.

Ed. 268. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lyfjalögum nr. 49/1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

1. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd (sbr. VIII. kafla), lyfjaverðlagsnefnd (sbr. IX. kafla), stjórn lyfsölusjóðs (sbr. X. kafla), Lyfjaeftirlit ríkisins (sbr. XI. kafla), landlæknir og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Vítamín til inntöku teljast ekki lyf, nema magn þeirra (í einingu, g eða ml, eða dagskammti) sé umfram mörk, er kveða skal nánar á um í reglugerð. Taka skal mið af ákvörðun Manneldisráðs (sbr. lög nr. 45/1978) um hver sé sá dagskammtur vítamína, sem ráðlagður er við íslenskar aðstæður. Heimilt er þó að kveða svo á í reglugerð, að ákveðin vítamín teljist ávallt lyf, enda sé talið líklegt, að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni. Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um skráningargjöld og árgjöld.

3. gr.

6. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra, um staðla fyrir lyfjaform, gæði og hreinindi lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða því sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að selja eða afhenda, að þau megi fella undir flokkun 1., 2. og 3. hér á eftir:

1. **Stöðluð forskriftalyf** framleidd af viðurkenndum framleiðanda samkvæmt staðfestri forskrift, sbr. 9. gr., og nefnd gildandi samheiti. Ráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum lyfjanefndar nánari ákvæði um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar þeirra og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftalyfja.
2. **Skráð sérlyf** framleidd af viðurkenndum framleiðanda, sbr. 10. gr., og nefnd sérheiti eða í sérstökum tilvikum samheiti. Þau skal skrá á Sérlyfjaskrá, er ráðherra gefur út, og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um skráningu og afskráningu lyfja, um skráningargjöld og árgjöld slíkra lyfja.

3. **Forskriftalyf lækna** framleidd í lyfjabúðum, samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrá eða lyfjastöðlum, sbr. 6. gr., enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.
Um innflutning gildir hið sama og um afhendingu og sölu nema um sé að ræða stöðluð forskriftalyf, sbr. flokk 1, en þó getur ráðherra heimilað slíkan innflutning í einstaka tilvikum að fengnum tillögum lyfjanefndar.

5. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og hljóði svo:
Heimilt er að hafna umsókn um skráningu sérlyfs, ef ekki telst nauðsyn að mati lyfjanefndar að hafa lyfið á Sérlyfjaskrá.

6. gr.

14. gr. 1. málsgrein orðist svo:
Lyfjagerðir skulu framleiða stöðluð forskriftalyf og sérlyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl. Einnig er þeim heimilt að framleiða forskriftalyf lækna handa einstökum sjúklingum. Sé um meira magn að ræða, þarf að koma til heimild ráðherra, enda mæli lyfjanefnd og Lyfjaeftirlit ríkisins með því.

7. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgr., er verði 11. mgr. og hljóði svo:
Ef fyrirtæki eða rannsóknarstofnun fæst eingöngu við framleiðslu á ónæmisefnum handa mönnum eða dýrum, má víkja frá ákvæðum 1. tl. 3. málsgr., enda sé tryggt að mati landlæknis eða yfirdýralæknis, ef um dýralyf er að ræða, og Lyfjaeftirlits ríkisins, að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.

8. gr.

15. gr. 3. málsgrein orðist svo:
Um eftirlit með lyfjaávísunum lækna fer samkvæmt ákvæðum 50. gr. 7. töluliðs.

9. gr.

16. gr. 1. málsgrein orðist svo:
Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins og landlækni.

10. gr.

26. gr. orðist svo:
Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga, er um ræðir í þessum kafla. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

11. gr.

27. gr. orðist svo:
Ráðherra skipar 5 menn í lyfjanefnd til fjögurra ára í senn.
Þeir skulu vera læknar (2—3) með sérfræðimenntun í mismunandi greinum læknisfræðinnar, s. s. lyfjafræði, lyflæknisfræði, og lyfjafræðingar (2—3) með sérfræðimenntun í lyfjafræði, s. s. lyfjaefnafræði, lyfjagerðarfræði.

Tveir dýralæknar skipaðir af ráðherra taka sæti tveggja lækna í lyfjanefnd, þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar.

Þegar fjallað er um málefni er varða töluliði 1., 2., 4., 6., 7., 8. og eftir atvikum 10. í 28. gr. og tölulið 1.—2. í 29. gr. taka sæti í lyfjanefnd: Lyfsali samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, starfandi lyfjafræðingur samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands og læknir samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og skal hann vera heimilislæknir eða starfandi sérfræðingur.

Heimilt er að kalla til sérfræðinga í tilteknum greinum læknisfræði og lyfjafræði lyfsala til þess að vera lyfjanefnd til ráðuneytis, ef þurfa þykir.

Fastir nefndarmenn í lyfjanefnd sem fjalla um skráningu og afskráningu lyfja mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.

Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjanefnd jafnóðum nýjar upplýsingar, er varða ábendingar, frábendingar, skömmtun og hjáverkanir skráðra lyfja og lyfja, sem eru í skráningarmeðferð.

12. gr.

28. gr. 9. töluliður hljóði svo:

Reglugerð um tilraunir með óskráð lyf (klíniskar prófanir), er skilgreini nánar hvernig að slíkum prófunum skuli staðið og taki m. a. til heimildar, framkvæmdar, ábyrgðar og bótaskyldu þeirra, er þær annast.

13. gr.

29. gr. 1. töluliður orðist svo:

1. Tillögur að lyfjastöðlum, sbr. 6. gr.

14. gr.

29. gr. 4. töluliður orðist svo:

Að vera landlækni til ráðuneytis við skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

15. gr.

Við 50. gr. bætist nýr töluliður er verði 7. tl. og orðist svo:

7. Að hafa eftirlit með lyfjanotkun og lyfjaávísunum. Lyfjaeftirlitið skal hafa samráð við landlækni (yfirdýralækni, ef um dýralækni er að ræða) varðandi lyfjaávísanir einstakra lækna og lyfjanotkun einstakra sjúklinga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49/1978 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú hefur verið starfað eftir gildandi lyfjalögum í rúm 4 ár, en þau leystu af hólmi lyfsölulög nr. 30/1963 að hluta. Á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku lyfjalaga hafa komið í ljós nokkur atriði, sem betur mættu fara og er þessu frumvarpi ætlað að lagfæra þau.

Veigamestu breytinguna er að finna í 7. gr. þar sem lagt er til, að veita megi undanþágu frá ákvæðum um hver skuli veita lyfjagerðum forstöðu, en í gildandi lögum er krafist sömu menntunar og af handhöfum lyfsöluleyfis.

Aðrar breytingar eru helstar, að lagt er til að lyfjanefndarmenn verði fimm í stað þriggja og með því horfið að verulegu leyti til fyrra fyrirkomulags. Þá eru einnig ákvæði um að setja skuli reglugerð um prófanir á lyfjum, sem m. a. taki til ábyrgðar og bótaskyldu, en slík ákvæði hefur vantað í lögin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Yfirdýralækni er bætt við í upptalningu þeirra aðila, er ráðherra eru til aðstoðar og ráðuneytis við framkvæmd laga þessara. Hér er um sjálfsagt mál að ræða, því yfirdýralæknir hefur sömu stöðu gagnvart dýralæknum og landlæknir gagnvart læknum en lög þessi taka jafnt til dýralækna sem lækna.

Um 2. gr.

Hér er gerð tillaga um breytingu frá því, að öll vítamín skuli teljast lyf, ef magn þeirra í hverri mældri einingu er umfram 1,5 venjulegan dagskammt og skulu mörkin nú nánar ákveðin í reglugerð. Álitamál er hvort rétt sé að gildandi hámark, 1,5 dagskammtur, eigi að gilda ótvírætt fyrir öll vítamín. Með reglugerðinni skapast aukið svigrúm og unnt er að taka afstöðu til hvers einstaks vítamíns. Skráningargjöldin eru nýmæli, en þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við mat umsókna og útgáfu skrár, er tekur til þeirra vörutegunda, er falla innan leyfilegra marka téðrar reglugerðar og heimilt er að flytja inn og selja.

Um 3. gr.

Hér er gerð sú breyting frá gildandi lögum að lyfjanefnd gerir nú tillögur til ráðherra um staðla fyrir lyfjaform, í stað þess að ákveða þá. Eðlilegt verður að teljast, að nefnd sem skipuð er af ráðherra geri tillögur til hans, sem hefur umsjá með framkvæmd laganna.

Um 4. gr.

Breyting þessarar greinar felur í sér, að nú þarf leyfi ráðherra til innflutnings staðlaðra forskriftalyfja. Flest þessara lyfja má hæglega framleiða innanlands, enda gert í stórum stíl og er innflutningur þeirra því óþarfur í flestum tilvikum.

Um 5. gr.

Heimildarákvæði þess efnis, að hafna megi skráningu sérlyfs á Sérlyfjaskrá, sé ekki talin nauðsyn að hafa það á markaði hérlendis, var í lyfsölulögunum frá 1963, en féll niður við gerð lyfjalaga.

Með ákvæði þetta í lögunum er hægt að hafna skráningu sérlyfs, ef hið virka efni þess er það sama eða svo líkt fáanlegu lyfi, að það sem að skilur getur ekki haft teljandi þýðingu að mati lyfjanefndar, jafnvel þótt lyfið að öllu öðru leyti uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru til sérlyfja. Dæmi er þess, að á Sérlyfjaskrá séu 5 sérlyf, sem öll innihalda sama virka efnið.

Um 6. gr.

Samkvæmt gildandi lögum, er aðeins lyfjabúðum heimilt að framleiða forskriftalyf lækna, en ella útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimildarákvæði þess efnis, að lyfjagerðum sé heimilt að framleiða þessi lyf, hefur vantað. Í greininni felst sú breyting að lyfjagerðir megi framleiða forskriftalyf lækna, vegna þarfa einstakra sjúklinga, sem lyfjabúðum er um megn að framleiða, t. d. vegna sérhæfðra tækja.

Um 7. gr.

Heimildarákvæði þetta veitir möguleika til undanþágu frá skilyrðum þeim, er forstöðumenn lyfjagerða almennt þurfa að uppfylla, sé um að ræða framleiðslu á ónæmisefnum handa mönnum eða dýrum og má í þessu sambandi nefna framleiðslu tilraunastofnunar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir við 15. gr. þessa frumvarps.

Um 9. gr.

Hér er lagt til, að Lyfjaeftirlit ríkisins sé gert að samráðsaðila ásamt landlækni, við gerð reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, sem lyfjanefnd gerir tillögur um, lögum samkvæmt. Hér er um eðlilega ráðstöfun að ræða því lyfjaeftirlitið er sá aðili, sem fylgist með framkvæmd reglugerðarinnar ásamt landlækni.

Um 10. gr.

Í lögunum segir, að ráðherra sé heimilt, að fengnum tillögum lyfjaeftirlits og landlæknis, að kveða nánar á um gerð auglýsinga þeirra, er um ræðir í þessum kafla. Tillaga þessa frumvarps er sú, að inn í sömu reglugerð verði sett ákvæði um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna. Á þessu hefur verið misbrestur, sýnishornum hefur verið ótæpilega dreift, jafnvel af aðilum sem litla eða enga þekkingu hafa á lyfjum.

Um 11. gr.

Með þessari grein er horfið aftur til þess fyrirkomulags, er var fyrir gildistöku laganna, en það er að hafa fleiri menn í lyfjanefnd. Samkvæmt lyfsölulögum voru 6 menn skipaðir í lyfjaskrárnefnd (nú lyfjanefnd), en samkvæmt lyfjalögum aðeins 3 menn. Það er fyrir ítrekaða beiðni lyfjanefndarmanna að tillaga þessi er lögð fram, en þeir telja að eldra fyrirkomulagið hafi gefist mun betur. Jafnframt er horfið frá því fyrirkomulagi að binda setu manna í nefndinni við tiltekna sérfræðimenntun, því reynslan hefur sýnt, að erfitt getur reynst að framfylgja þessu ákvæði. Í þess stað skal leitast við að skipa í nefndina menn með mismunandi sérfræðiþekkingu sem samanlagt spannar sem víðast svið læknis- og lyfjafræði.

Um 12. gr.

Í lögin hefur vantað ákvæði um framkvæmd tilrauna með ný og/eða óskráð lyf og er greininni ætlað að lagfæra það.

Um 13. gr.

Sjá athugasemd við 3. gr. þessa frumvarps.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða lagfæringu á misfellu í lögunum, sbr. 54. gr. Eðlilegra er, að einn aðili annist skráningu hjáverkana lyfja hér á landi og það sé landlæknir, sem það geri með aðstoð lyfjanefndar, í stað þess að lyfjanefnd vinni einnig að því, eins og ákvæði gildandi laga segja til um.

Um 15. gr.

Það mælir allt með því, að einn liður í daglegri starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins sé eftirlit með lyfjaávísunum og lyfjanotkun. Lyfjaeftirlitið annast m. a. eftirlit með lyfjaávísunum lækna, er hljóða á eftirritunarskyld lyf, einnig eftirlit með lyfjabúðum, lyfjabúrum sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva o. fl. Verði eftirlitið vart misferlis í lyfjaávísunum einstakra lækna eða lyfjanotkun sjúklinga skal það hafa samráð við landlækni (yfirdýralækni).

Um 16. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Nd. 269. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginefni frumvarps þessa má skipta í fernt:

1. Helmingslækkun verðbóta á laun, sem tók gildi 1. desember s. l.
2. Láglaunabætur að upphæð fimmtíu milljónir króna, sem út voru greiddar í sama mánuði.
3. Hækkun vörugjalds á ýmsum innfluttum nauðsynjum, svo sem matvælum, sem ætlað er að skila á sex mánaða gildistíma fimm- til sexfalt hærri tekjum í ríkissjóð en nemur samanlagðri fjárhæð láglaunabótanna sem úthlutað var í desember.
4. Ráðstöfun gengismunar vegna gengislækkunar ríkisstjórnarinnar í ágústmánuði á s. l. hausti — næstsíðustu gengisfellingar að þessu sinni.

Lækkun verðbóta.

Launalækkunin, sem kom til framkvæmda 1. desember s. l. skv. ákvæðum bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar, reyndist nema röskum 7%. Laun alls launafólks í landinu voru þann dag lækkuð um þennan hundraðshluta frá ákvæðum gildandi kjarasamninga — jafnt laun hinna launalægstu sem laun hinna launahæstu. Vegna bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar héldu launagreiðendur á Íslandi þennan dag eftir af launagreiðslum starfsmanna sinna 135 milljónum króna sem ella hefði borið að greiða launafólki, ef ríkisstjórnin hefði ekki tekið í taumana. Vegna bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar mun launafólk á yfirstandandi ári þannig missa rúmlega 1600 milljón króna launatekjur sem því ber skv. kjarasamningum.

Þessi aðgerð — launalækkun með lögum — er gamalkunnug og einasta ráðstöfun í samanlögðum bráðabirgðalögum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar sem einhver tímabundin áhrif hefur á verðbólguþróunina. Engar aðrar ráðstafanir, sem ríkisstjórnin hefur gert eða boðað, hvorki í bráðabirgðalögunum né í yfirlýsingunni sem bráðabirgðalögunum fylgdi, hafa nokkur minnstu áhrif á verðbólgu. Einasta verðbólguúrræði ríkisstjórnarinnar var sem sé að lækka laun fólks með lögum.

Það er einnig gamalkunnugt, að slík ráðstöfun skilar tímabundnum árangri til lækkunar verðbólgu, en jafngömul er sú reynsla, að þótt slík aðgerð skili árangri til skamms tíma eru áhrif hennar á verðbólguþróun til lengri tíma nákvæmlega engin. Til fjölmargra slíkra aðgerða hefur verið gripið á undanförnum árum. Þær hafa ekki forðað því, að verðbólga hefur samt sem áður farið árvaxandi. Með öðrum orðum: Aðgerð af þessu tagi, sem skilar skammvinnum árangri til lækkunar á verðbólgu, hefur nákvæmlega engin áhrif á verðbólguþróun til lengri tíma.

Þessi reynsla hefur hlotið nýja staðfestingu nú. Strax eftir setningu bráðabirgðalaganna í ágústmánuði á s. l. hausti gaf ríkisstjórnin út þá yfirlýsingu, að vegna setningar laganna hefði tekist að hafa þau áhrif á verðbólguna, að hún mundi á árinu 1983 ekki fara yfir 50% frá upphafi árs til ársloka, en án laganna hefði hún sennilega farið yfir 70%. Þetta væri sem sé hinn mikli árangur þeirrar fórnar, sem launþegum var ætlað að færa með lækkun launa 1. desember.

Nú, rétt um fimm mánuðum eftir setningu bráðabirgðalaganna og aðeins tæpum tveimur mánuðum eftir að launalækkunin skv. þeim tók gildi, er hins vegar áætlað af

Þjóðhagsstofnun að um mitt árið 1983 verði verðbólgan yfir 70% og verðbólgan frá upphafi til loka ársins verði um 65%.

Með öðrum orðum: Við stöndum nú í nákvæmlega sömu sporum og við stóðum áður en bráðabirgðalögin voru sett á s. l. hausti. Verðbólgulækkunaráhrifin af launaskerðingunni 1. desember s. l. eru nú þegar runnin út í sandinn. Sú fórn er nú þegar orðin árangurslaus. Ætli menn að ná þeim markmiðum í verðbólgumálum, sem ríkisstjórnin setti sér í ágústmánuði s. l., og ætli menn að beita sömu aðferðum til þess og ríkisstjórnin beitti, þá liggur fyrir að 1. mars n. k. ætti að skerða laun um sama hundraðshluta og þau voru skert aðeins þremur mánuðum fyrr. Svo gjörsamlega árangurslaus er þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar. Svo algerlega tilgangslaus hefur sú fórn orðið sem launafólk var neytt til þess að færa í sjálfum jólamánuðinum fyrir tilstuðlan bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar.

Láglaunabætur.

Til þess að vega upp á móti launalækkun, sem á einu ári mun svipta íslenskt launafólk röskum 1600 milljónum króna á desemberverðlagi 1982 sem það ekki mundi hafa fengið, ákvað ríkisstjórnin í bráðabirgðalögunum að verja 50 milljónum króna í láglaunabætur. Þessi fjárhæð nemur þremur prósentum af launasviptingunni og að mati Alþýðusambands Íslands um 0,7% af launaupphæðinni á þeim tíma er hvort tveggja átti sér stað: útgreiðsla láglaunabótanna og verðbótaskerðing launanna.

Fram hefur komið, einkum og sér í lagi eftir að láglaunabæturnar komu til greiðslu, að ýmsir forsvarsmenn launþegasamtaka hafa gagnrýnt framkvæmd bótagreiðslnanna mjög harkalega og ekki viljað við kannast að samráð hafi verið við þá haft um tilhögun og framkvæmd greiðslnanna, eins og skylt er þó skv. ákvæðum bráðabirgðalaganna. Vegna þessara yfirlýsinga beitti undirritaður sér fyrir því í nefndarstörfum, að sérstaklega yrði kannað, hver aðild forsjármanna stærstu launþegasamtaka í landinu hefði verið að ákvörðuninni um tilhögun láglaunabóta, og jafnframt, hvort gagnrýni margra þeirra eftir á hefði við rök að styðjast.

Nefndin fékk til viðræðu við sig um þessa hluti fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og auk þess aðstoðarmann fjármálaráðherra og þá sérfræðinga sem unnu með honum að ítarlegri könnun og skoðunum á framkvæmd láglaunabótagreiðslnanna skv. ýmsum mismunandi útfærslum. Þær viðræður og athuganir leiddu eftirfarandi í ljós:

Samráð við BSRB. Við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var af hálfu fjármálaráðuneytis og ríkisstjórnar nær ekkert samband haft í tengslum við ákvarðanir um tilhögun greiðslna láglaunabóta. Þá fyrst þegar margir fundir höfðu verið haldnir milli fulltrúa fjármálaráðuneytis og forustumanna ASÍ og margar sameiginlegar athuganir gerðar af þessum aðilum um ýmsa tilhögun láglaunabótagreiðslnanna voru fulltrúar BSRB tilkvaddir og þá aðeins til eins fundar. Á þeim fundi voru fulltrúum BSRB t. d. ekki afhentar ítarlegar upplýsingar um útfærslur sem fulltrúar Alþýðusambandsins höfðu haft með höndum og unnið með.

Þessum eina „samráðsfundi" við BSRB lauk án nokkurrar sameiginlegrar niðurstöðu og annar fundur var ekki boðaður.

Samráð ríkisstjórnarinnar við BSRB um láglaunabæturnar var sem sé nánast ekki neitt, upplýsingamiðlun ríkisstjórnarinnar til BSRB var nánast engin og aðstaða BSRB til tillagnagerðar eða áhrifa á niðurstöðuna var ekki fyrir hendi.

Samráð við ASÍ. Samráð við forustumenn Alþýðusambands Íslands um tilhögun láglaunabótanna var hins vegar mikið og náið um alllangt skeið. Þær upplýsingar voru veittar í fjárhags- og viðskiptanefnd, að forustumenn Alþýðusambandsins voru til samráðs kvaddir strax upp úr mánaðamótum október/nóvember á s. l. hausti, eftir að fjármálaráðu-

neytið hafði lagt fram sínar fyrstu grunnhugmyndir um greiðslu láglaunabóta á grundvelli skattaframtala fyrir árið 1981 og keyrt þær hugmyndir út í tölvu. Fulltrúum Alþýðusambandsins voru fengnar allar þessar upplýsingar, þ. á m. tölvukeyrslan, og hófust síðan tíðir fundir milli forráðamanna Alþýðusambands Íslands og starfsmanna og sérfræðinga fjármálaráðuneytisins. Stóð það samráð í tvær til þrjár vikur. Á þeim tíma voru miklar breytingar gerðar á hugmyndum fjármálaráðuneytisins um tilhögun bótagreiðslnanna. Fjölmargar útkeyrslur í tölvu voru jafnframt gerðar á þessu tímabili til þess að sýna áhrif hverrar breytingahugmyndar fyrir sig sem fram kom í viðræðum ASÍ-fulltrúanna og fulltrúa fjármálaráðuneytisins. Meðal athyglisverðustu breytinga frá fyrstu hugmyndum fjármálaráðuneytisins um tilhögun bótagreiðslnanna, sem verða meðan þetta samráð á sér stað, eru eftirfarandi:

1. Skv. upphaflegum hugmyndum fjármálaráðuneytisins var ráð fyrir því gert, að fólk með tekjur undir 10—15 þúsund krónum fengi ekki láglaunabætur.

   Eftir fundarhöld og viðræður við Alþýðusamband Íslands breytast þessi mörk í 25 þúsund krónur. M. ö. o.: Fólk með tekjur á bilinu 15—25 þúsund krónur á árinu 1981 hefði átt að fá láglaunabætur skv. upphaflegum hugmyndum fjármálaráðuneytisins, en fékk þær ekki skv. þeim hugmyndum sem komust á blað í viðræðum og samráði við ASÍ og fulltrúa fjármálaráðuneytis.
2. Skv. upphaflegum hugmyndum fjármálaráðuneytisins var gert ráð fyrir að hámarkstekjur þeirra, sem láglaunabóta nytu, væru röskar 51 þúsund krónur. Á meðan á samráði fjármálaráðuneytisins við Alþýðusamband Íslands stóð var þessari fjárhæð leyfilegra hámarkstekna breytt úr 51 þúsund í 75 þúsund.

Þessar breytingar höfðu m. a. þau áhrif, að hjón með tekjur á bilinu 10—30 þúsund krónur á árinu 1981, sem áttu að fá láglaunabætur skv. upphaflegum tillögum fjármálaráðuneytisins er numið hefðu um 9% af tekjum þeirra, hlutu skv. þeim hugmyndum, sem festar voru á blað að loknu samráði við ASÍ, láglaunabætur sem voru ígildi u. þ. b. tveggja prósenta af tekjum þeirra. Á sama tíma hafði hlutur fólks með tekjur á bilinu 80—120 þúsund krónur skánað verulega.

Í þessu sambandi voru eftirfarandi spurningar lagðar sérstaklega fyrir aðstoðarmann fjármálaráðherra sem þátt hafði tekið í umræddu samráði af hálfu fjármálaráðuneytisins:

1. Hvaða fulltrúar Alþýðusambands Íslands sátu á samráðsfundum við starfsmenn fjármálaráðuneytisins um þessi mál? Svar: Ásamt forseta og varaforseta Alþýðusambands Íslands sátu þessa fundi yfirmenn á skrifstofu Alþýðusambandsins og ýmsir verkalýðsforingjar, svo sem eins og Guðmundur J. Guðmundsson o. fl. Sumir komu aðeins á einn samráðsfund, aðrir voru á þeim öllum.
2. Voru einhverjar af hinum fjölmörgu útfærsluhugmyndum og tölvukeyrslum, sem gerðar voru í sambandi við athugun málsins, sem fulltrúar Alþýðusambandsins fengu ekki í hendur til skoðunar? Svar: Nei.
3. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur, sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands komu með um útfærslu kerfisins, ekki kannaðar og skoðaðar? Svar: Nei.
4. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur um fyrirkomulag láglaunabótanna, sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands settu fram, sem ekki var fallist á? Svar: Nei.
5. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur um útfærsluna, sem fulltrúar Alþýðusambandsins andæfðu eða mótmæltu, sem engu að síður voru framkvæmdar? Svar: Nei.

Ástæðulaust er að orðlengja þetta frekar, en ljóst er af þeim upplýsingum, sem fjárhags- og viðskiptanefnd hlaut, að ítarlegt og náið samband var milli fjármálaráðuneytisins og forustu Alþýðusambands Íslands um alla tilhögun málsins og stóð það samráð í tvær til þrjár vikur. Allar hugmyndir og breytingar á upphaflegu kerfi, sem urðu til á þessum tíma, urðu til í þessu samráði. Og aðferðin, sem loks var notuð við greiðslu bótanna, var að mjög

verulegu leyti byggð á hugmyndum sem fram komu í viðræðum ASÍ og fjármálaráðuneytisins.

Hins vegar kom einnig fram á þessum fundum að við ákveðin atriði höfðu fulltrúar Alþýðusambandsins gert alvarlegar athugasemdir:

1. Samþykktu þeir ekki, að greiðslur bótanna ættu sér stað á grundvelli tekna ársins 1981. Hins vegar var þeim ljóst, að ef af greiðslum ætti að verða í desembermánuði væri þetta eina leiðin sem til greina gæti komið.
2. Skv. tillögu Alþýðusambands Íslands var á það fallist, að sjálfstæðir atvinnurekendur sem ættu kröfu á að njóta greiðslu láglaunabóta á grundvelli skattaframtala ársins 1981, yrðu að sækja um það sérstaklega. Þær umsóknir áttu að berast í janúarmánuði. Engin slík umsókn hefur borist. Skv. upplýsingum, sem fram komu í nefndinni, féllust fulltrúar Alþýðusambands hins vegar á „til samkomulags" að bændur, sem teljast sjálfstæðir atvinnurekendur, fengju engu að síður bótagreiðslur byggðar á skattframtalsgrunni 1981.
3. Þá komu einnig fram hjá Alþýðusambandinu alvarleg andmæli við því, að hlutafjáreigendur, sem störfuðu sem launþegar við fyrirtæki sem þeir eiga hlutafé í, skuli njóta láglaunabótanna. Fram kom hjá fjármálaráðuneyti að eins og skattframtöl væru uppbyggð væri ekki hægt að einangra þennan hóp manna frá öðrum launþegum.

Vegna þess, hversu mikil gagnrýni hefur komið fram, m. a. frá forustumönnum í Alþýðusambandi Íslands, á framkvæmd láglaunabótagreiðslnanna, þykir nauðsynlegt að hér komi fram hvaða samráð var haft við þá við undirbúning málsins og hvaða breytingar áttu sér stað á grundvallaratriðum í útfærslukerfinu á meðan á þeim samræðum stóð.

Að nota skattframtöl til þess að reyna að jafna kjör fólks er hugmynd ekki ný af nálinni. Slíkt hefur ekki áður verið reynt í þeim mæli sem gert var við útgreiðslu láglaunabótanna. Sú tilraun er því að mörgu leyti mjög merk, og þótt ýmsir ágallar hafi komið í ljós nú í fyrsta skipti sem það hefur verið reynt telur undirritaður að úr þeim megi bæta og nauðsynlegt sé að nota tímann vel til þess að kanna nánar hvernig sníða megi af ýmsa annmarka á þessu kerfi, því að það er skoðun undirritaðs, að með því að beita skattakerfinu frekar en gert er megi bæta mjög mikið kjör þess þjóðfélagshóps sem hefur raunverulega lægstu launin í landinu og við lökust lífskjörin býr. Sú háværa gagnrýni, sem komið hefur á þessa framkvæmd, er ekki að öllu leyti sanngjörn og þá síst ef hún er sett fram af hálfu þeirra sem samráð var haft við um undirbúning málsins og verulegt tillit virðist hafa verið tekið til.

Undirritaður vekur athygli á því, að í frumvarpi til laga um efnahagsaðgerðir er aðeins gefin heimild til greiðslu láglaunabóta að upphæð 50 milljónir króna sem þegar er búið að greiða. Í þessu frumvarpi — bráðabirgðalögunum — er engin lagaheimild til reglugerðarútgáfu af hálfu fjármálaráðuneytisins vegna þeirra bótagreiðslna tveggja, sem skv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eiga eftir að fara fram. Engu að síður telur fjármálaráðuneytið sig hafa nægilega stoð til þess að ákveða þá hluti með reglugerð, en undirritaður hefði talið æskilegra að ráðuneytið óskaði eftir því við Alþingi, að Alþingi gæfi nokkru nákvæmari fyrirmæli um hvernig að bótagreiðslunum skyldi staðið í löggjöf.

Hækkun vörugjalds.

Eins og áður sagði er ráð fyrir því gert, að sú hækkun á vörugjaldi, sem í frumvarpinu felst og verður til þess að hækka verðlag á ýmsum nauðsynlegum neysluvörum, svo sem matvörum, muni á gildistímanum — sex mánuðum — skila ríkissjóði í tekjur um fimm- til sexföldum þeim láglaunabótum, sem út voru greiddar í desember, eða hartnær tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ráð er fyrir gert í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og bráðabirgðalögunum að samtals verði greiddar í láglaunabætur á árinu 1982 og árinu 1983.

Þessi aðgerð vinnur gegn yfirlýstum tilgangi bráðabirgðalaganna, sem átti að vera að draga úr verðbólgu og verðhækkunum. Þessi þáttur bráðabirgðalaganna er því í mótsögn við sjálfan tilganginn og er sennilega gleggsta dæmið um hvernig eitt rekur sig á annars horn í ráðstöfun ríkisstjórnarinnar.

Ráðstöfun gengismunar.

Aðgerð af þessu tagi hefur verið fylgifiskur margra gengisbreytinga. Um hana er deilt og má vissulega deila — bæði hvort yfirleitt eigi að taka gengismun og eins hvernig honum er ráðstafað. Verða þær deilur ekki gerðar að frekara umræðuefni hér.

Við fyrstu umræðu í neðri deild flutti sjávarútvegsráðherra tillögu um breytingu á þessu ákvæði þar sem hann m. a. leggur til að Alþingi fallist á að heimila honum að fá hluta af gengismun til ráðstöfunar að höfðu samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Áður hafði ráðherrann lýst opinberlega að hann mundi flytja tillögu um að hluta af gengismun yrði ráðstafað fyrir milligöngu Byggðasjóðs til tiltekinna fyrirtækja sjávarútvegs og fiskvinnslu sem eiga við rekstrarerfiðleika að etja. Sú reyndist samt ekki vera tillaga hans, heldur eins og fyrr segir, að hann sjálfur fái fjármunina til ráðstöfunar þótt látið sé í veðri vaka að hann hyggist ráðstafa þeim sjálfur með þeim hætti sem hann hafði áður lýst opinberlega að ætti að vera efni tillögu sinnar.

Það er mál út af fyrir sig, hvort og þá hvernig eigi að veita tilteknum fyrirtækjum sérstaka fjárhagsaðstoð svo þau geti haldið áfram rekstri. Þingmenn Alþýðuflokksins eru reiðubúnir til þess að taka afstöðu til slíks máls eða tillögu þar um ef hún kæmi fram á Alþingi. Eins og frá tillögu sjávarútvegsráðherra er gengið er Alþingi hins vegar ekki gefinn kostur á að taka ákvörðun um það atriði, heldur aðeins að sjávarútvegsráðherra fái tiltekna fjármuni til úthlutunar án nokkurra sérstakra fyrirmæla frá Alþingi um hvernig með skuli fara. Þingmenn Alþýðuflokksins eru á móti slíkri tilhögun og munu því greiða atkvæði á móti tillögunni, en lýsa sig hins vegar reiðubúna til þess að taka efnislega afstöðu til tillagna frá ríkisstjórninni um hvernig mæta eigi rekstrarerfiðleikum tiltekinna atvinnufyrirtækja ef slík tillaga kæmi fram á Alþingi.

Í sambandi við það er þó nauðsynlegt að eitt komi fram: Því hefur verið haldið fram á opinberum vettvangi, að þau fyrirtæki, sem nú er sérstaklega rætt um að þurfi sérstakrar aðstoðar við, séu einhverjar „eftirlegukindur" sem hafi ekki fengið sérstaka fyrirgreiðslu eða lánsfjáraðstoð úr Byggðasjóði eða öðrum sjóðum á síðustu mánuðum, eins og önnur fyrirtæki hafi fengið. Skv. þeim upplýsingum, sem fjárhags- og viðskiptanefnd fékk, er þessi fullyrðing byggð á alvarlegum misskilningi. Mjög mörg þeirra fyrirtækja, sem nú er rætt um að veita sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu, eru í hópi þeirra sem slíka fyrirgreiðslu fengu á árinu 1982, bæði með sérstökum lánveitingum af hálfu Byggðasjóðs, skuldbreytingum við olíufélög og með skuldbreytingum við Byggðasjóð. Sum þessara fyrirtækja eru jafnvel í hópi þeirra sem hæstu fjárhæðirnar fengu í þessu sambandi. Eru þess jafnvel dæmi um einstök þeirra, að þau hafi fengið með þessum hætti á árinu 1982 fjárhagsaðstoð sem nemur margföldu eigin fé þeirra.

Til frekari upplýsinga um þessi mál eru birt með nefndaráliti þessu í fylgiskjölum upplýsingar um lánveitingar úr Byggðasjóði til þessara fyrirtækja, sem sérstakar athuganir hafa nú átt sér stað á, og þar á meðal sérstök lán veitt úr Byggðasjóði á árunum 1981 og 1982. Eru þá ótaldar fyrirgreiðslur þær, sem fengist hafa vegna skuldbreytingar við olíufélögin, og fyrirgreiðsla, sem þau hafa væntanlega fengið frá Seðlabanka Íslands vegna skuldbreytingar við viðskiptabanka.

Tillögur Alþýðuflokksins.

Alþýðuflokkurinn telur að gersamlega þýðingarlaust sé að halda áfram á þessari braut sífelldra bráðabirgðalausna. Algert meginatriði er að menn láti þeim lokið, en stígi í þeirra stað fyrsta skrefið í átt til gerbreyttrar stefnu og stjórnunar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í samræmi við það telur flokkurinn að nú eigi að samþykkja eftirtaldar ráðstafanir:

1. Með **breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt** verði komið á **afkomutryggingu heimilanna** þar sem þjóðfélagið ábyrgist öllum þegnum þjóðfélagsins tiltekið lágmarks lífskjarastig sem verðbólga, skattahækkanir, tekjumissir vegna sjúkdóma, aldurs og örorku, atvinnumissir og aðrar slíkar óviðráðanlegar aðstæður fyrir einstaklinginn fái ekki hróflað við. Jafnframt verði með breytingum á sömu lögum tryggð jöfnun á orkukostnaði.

2. Með **breytingum á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins og fjárlögum** verði stigið **fyrsta skrefið** í **afnámi útflutningsbóta** á landbúnaðarafurðir með því að lækka þá fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum, **um ¼ hluta.** Í staðinn verði landbúnaðinum veittur **tímabundinn framleiðslu- og framleiðnistyrkur** til stuðnings við **nýjar** og **ábatasamar búgreinar og uppbyggingu iðnaðar** í dreifbýlinu.

3. Samþykkt verði **frumvarp um tímabundna stöðvun á innflutningi fiskiskipa** og hagkvæmni í endurnýjun fiskiskipastólsins. Áhersla verði lögð á að efla **hagræðingu** og **tækniframfarir** í **fiskvinnslu** og **breytingar** í þá átt gerðar á lögum og reglum um lánveitingar stofnlánasjóða.

4. Kosin verði á Alþingi nefnd til þess að gera **í samráði við sjómenn og útvegsmenn** tillögur um **veiðileyfastjórn á fiskveiðum** þannig að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og **hagstæðustu útgerðaraðstæður** fái að njóta sín.

5. Allt sparifé verði **samstundis verðtryggt** til þess að tryggja hag sparifjáreigenda og skapa á ný **nægilegt framboð á lánsfé.** Jafnframt verði samþykkt frumvarp um **breytingu** á **útreikningsreglum lánskjaravísitölu** þannig að greiðslubyrði af verðtryggðum lánum aukist **aldrei** umfram hækkun verðbóta á laun.

6. Til þess að mæta sérstaklega áhrifum verðtryggingastefnunnar gagnvart húsbyggingum verði **samþykkt frumvarp um sérstök viðbótarlán** úr bankakerfinu til húsnæðisöflunar.

7. Á næstu þremur árum verði **ný erlend lán** takmörkuð við **skuldbreytingar** og **erlenda kostnaðarþætti arðbærra framkvæmda,** en önnur erlend lántaka verði **bönnuð.**

8. **Framkvæmdastofnunin verði lögð niður** í núverandi mynd, en byggðastefna verði mörkuð með afgreiðslu Alþingis á **fjármögnunar- og framkvæmdaáætlun í byggðamálum** til fjögurra ára í senn. Framkvæmd slíkra áætlana verði í höndum aðila, sem lúti sameiginlegri stjórn ríkisvalds og sveitarfélaga.

Með þessum aðgerðum vill Alþýðuflokkurinn að stigið verði fyrsta skrefið í átt til kerfisbreytingar í efnahagsmálum og gerbreyttra stjórnarhátta. Þingflokkur Alþýðuflokksins er reiðubúinn til samstarfs við hverja þá aðila á Alþingi sem vilja taka þátt í aðgerðum á ofangreindum grundvelli. Komi fram meirihlutavilji á Alþingi fyrir lagasetningu um efnahagsmál samkvæmt þessari stefnumörkun er þingflokkur Alþýðuflokksins fús að standa að henni með öðrum þingflokkum.

Það frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem hér er til afgreiðslu, gerir á hinn bóginn einungis ráð fyrir kaupskerðingu hjá launafólki. Slík ráðstöfun ein sér er ósanngjörn, og hún mun ekki skila árangri. Alþýðuflokkurinn er því andvígur frumvarpinu og munu þingmenn Alþýðuflokksins greiða atkvæði gegn 1. gr. þess.

Alþingi, 27. jan. 1983.
Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal I.

Lán úr Byggðasjóði 1972—1981 á verðlagi hvers árs.

Fyrirtæki í sérstakri athugun í jan. 1983.		1972 Þús. nýkr.	1973 Þús. nýkr.	1974 Þús. nýkr.	1975 Þús. nýkr.	1976 Þús. nýkr.	1977 Þús. nýkr.	1978 Þús. nýkr.	1979 Þús. nýkr.	1980 Þús. nýkr.	1981 Þús. nýkr.
7473-3743	Samtog s.f., Vestmannaeyjum										2 000*)
4295-7968	Hraðfrystistöð Eyrarbakka hf.	25		35	97	42	550*)	390*)	559*)		1 090*)
0412-3727	Árborg hf., Selfossi				176					300	
6574-3086	Miðnes hf., Sandgerði				88				260*)	117	
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	53							385		6 000*)
5579-5169	Keflavík hf., Keflavík				88				150		
1489-6562	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar							150			550*)
8134-6720	Sjóli hf., Reykjavík									80	20
3523-9324	Haförn hf., Akranesi										
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturl. hf., Akranesi										1 800*)
9038-8034	Útver hf., Ólafsvík										
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfj. hf.	38*)	45	25		50	333	270	458	1 292*)	850
4295-7763	Hraðfrystihús Tálknafj. hf.		9		50		300*)		450		
2342-8652	Fiskvinnslan hf., Bíldudal				60*)	481	439*)	669	275*)	400	1 745*)
2377-6081	Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri	50	26		50	52			604*)	380	925*)
4237-9697	Hlaðsvík hf., Suðureyri										1 300*)
2342-8083	Fiskiðja Sauðárkróks hf.			53					185		300
8165-1884	Skjöldur hf., Sauðárkróki	10		30				40			
9032-7208	Útgerðarfélag Skagfirðinga hf.	105	140	20	380*)	10	330	500*)			
4295-7907	Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi			30	20		150	250	130		750*)
9704-6948	Þormóður rammi hf., Siglufirði	53	58			30	279		1 144*)	400	5 800*)
9032-7054	Útgerðarfélag KEA, Hrísey				100						
5979-0471	Langanes hf., Húsavík			98*)	188						300*)
5423-7529	Jökull hf., Raufarhöfn	158*)				170*)		215*)	71*)	1 050*)	
2342-8792	Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	10	20	15	50		520	100	318*)	50	200
1489-2907	Búlandstindur hf., Djúpavogi		25	31	302*)	117	263*)	357	1 300	150	7 980
5579-2763	KASK, Hornafirði	50		150	350	130	270		1 340*)		1 500*)

*) Að einhverju eða öllu leyti skuldbreyting eða fjárhagsleg endurskipulagning.

Fylgiskjal II.

Listi yfir fyrirtæki, sem fengið hafa lán vegna sérstaks vanda haustið 1981 og á árinu 1982 — alls kr. 73 milljónir. Lánin eru til 10 ára, verðtryggð með 2% vöxtum og afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

		Sérstök lán BS:
0412-3727	Árborg h.f., Selfossi	1 000
2342-8121	Fiskiðjan h/f, Vestmannaeyjum	1 000
2342-8652	Fiskvinnslan á Bíldudal h/f	2 000
2528-9595	Garðskagi h/f, Garði	1 000
3100-2125	Fiskiðja Sauðárkróks	500
4295-7178	Hraðfrystihús Eskifjarðar h/f	5 000
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur h/f	5 000
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f	3 000
4295-7658	Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f	1 000
4295-7682	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h/f	1 000
4295-7844	Hraðfrystihús Þórkötlustaða	1 000
4295-7907	Hraðfrystihúsið h/f, Hofsósi	1 200
4295-7968	Hraðfrystistöð Eyrarbakka h/f	1 750
4295-8042	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f	1 000
4295-8123	Hraðfrystistöðin í Reykjavík	1 500
4814-6001	Ísbjörninn h/f, Reykjavík	2 000
5423-7529	Jökull h/f, Raufarhöfn	3 700
5579-5169	Keflavík h/f, Keflavík	300
5975-3339	Krossvík h/f, Akranesi	1 000
6145-3644	Lýsi og Mjöl h/f, Hafnarfirði	750
6566-2760	Meitillinn h/f, Þorlákshöfn	6 000
6574-3086	Miðnes h/f, Sandgerði	1 000
8110-7785	Síldarv. h/f, Neskaupstað	2 000
8134-6526	Sjófang h/f, Reykjavík	870
8805-2382	Sæblik h/f, Kópaskeri	300
8806-5018	Sæfang h/f, Grundarfirði	2 000
8859-0244	Tangi h/f, Vopnafirði	3 000
9032-7100	Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f	1 000
9032-7232	Útgerðarfélag Skagfirðinga h/f	2 500
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands h/f	1 000
	Hraðfrystihús Ólafsvíkur	3 750
	Skjöldur h/f, Sauðárkróki	800
	Þormóður rammi, Siglufirði	4 400
	Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1 500
	Stemma h/f, Hornafirði	930
	Íshúsfélag Bolungarvíkur	2 000
	Söltunarfélag Dalvíkur h/f	750
	Magnús Gamalíelsson h/f, Ólafsvík	1 000
	Kaldbakur h/f, Grenivík	1 000
	Sjöstjarnan h/f, Njarðvík	500
	Kópanes, Patreksfirði	1 500

Fylgiskjal III.

Listi yfir þau fyrirtæki, sem fengu í Byggðasjóði skuldbreytingalán 1981—82 til viðbótar lánum vegna sérstaks vanda (sbr. fyrri lista).

		Þús kr.
2342-9121	Fiskiðjan h. f., Vestmannaeyjum	100
2342-9652	Fiskvinnslan h.f., Bíldudal	500
4297-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur h.f.	500
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar h.f.	1 200
4205-7658	Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f.	1 200
4295-7682	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	600
4295-7907	Hraðfrystihúsið h.f., Hofsósi	480
4295-8042	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f.	250
4295-8085	Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	280
4295-8123	Hraðfrystistöðin í Reykjavík	200
4252-8166	Ísbjörninn, Rvk	2 000
5423-7529	Jökull h.f., Raufarhöfn	600
5579-5169	Keflavík h.f., Keflavík	700
6566-2760	Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	2 400
6574-3086	Miðnes h.f., Sandgerði	100
8110-7785	Síldarv. h.f., Neskaupstað	1 000
8805-2382	Sæblik, h.f., Kópaskeri	240
8806-5018	Sæfang h.f., Grundarfirði	100
8859-0244	Tangi h.f., Vopnafirði	1 000
9032-6929	Útgerðarfélag Dalvíkinga h.f.	680
9032-7100	Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h.f.	200
9032-7232	Útgerðarfélag Skagfirðinga h.f.	2 400
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands h.f.	2 100
	Hraðfrystihús Ólafsvíkur	500
	Skjöldur h.f., Sauðárkróki	190
	Þormóður rammi, Siglufirði	500
	Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1 500
	Stemma h.f., Hornafirði	70
	Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	550
	Magnús Gamalíelsson h.f., Ólafsfirði	850
	Kaldbakur h.f., Grenivík	160
	Sjöstjarnan h.f., Njarðvík	200
	Hraðfrystihús Breiðdælinga h.f.	1 400

Fylgiskjal IV.

Greiðsluerfiðleikar loðnuverksmiðja, vegna loðnuleysis.

Loðnuverksmiðjur, sem Loðnuleysisnefnd leggur til að fái fyrirgreiðslu (án S.R.)	Tillögur um skiptingu 15 m. kr. styrks og 25 m. kr. láns til verksmiðjanna, fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar[1]) Lán	Styrkur	Alls
1. Síldar- og fiskimjölsverksm. Akraness h.f.	2 043	1 225	3 268
2. Svalbarði h.f., Patreksfirði	296	178	474
3. Einar Guðfinnsson h.f., Bolungarvík	1 781	1 069	2 850
4. Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	1 466	880	2 346
5. Ísbjörninn h.f., Seyðisfirði	1 573	943	2 516
6. Síldarvinnslan h.f., Neskaupstað	3 405	2 043	5 448
7. Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	2 915	1 749	4 664
8. Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar h.f.	369	221	590
9. Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	357	215	572
10. Búlandstindur h.f., Djúpavogi	135	81	216
11. Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar h.f.	346	208	554
12. Fiskimjölsverksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum	2 711	1 627	4 338
13. Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f., FES	1 438	862	2 300
14. Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	964	578	1 542
15. Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík	935	561	1 496
16. Njörður h.f., Sandgerði	681	409	1 090
17. Lýsi og Mjöl h.f., Hafnarfirði	1 186	712	1 898
18. Síldar- og fiskimjölsverksm. h.f., Rvík.	2 399	1 439	3 838
Samtals þús. kr.	25 000	15 000	40 000

1) Fénu er skipt á fyrirtæki, að hálfu eftir meðalfastakostnaði þeirra 1979—1981 á verðlagi 1981, skv. úrvinnslu Endurskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar h.f. og að hálfu eftir mótteknu magni loðnu til vinnslu 1979—1981, skv. uppl. loðnunefndar.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneytið.
28. janúar 1983.

Hr. alþingismaður
Sighvatur Björgvinsson.

Sem svar við fyrirspurn yðar, sem fram kom á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis í gær, vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Ráðuneytið telur enga lagalega fyrirstöðu á því að greiða bætur til láglaunafólks á grundvelli þeirra heimilda sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 veitir. Ráðuneytið minnir á að mörg dæmi eru þess, að Alþingi hafi veitt framkvæmdavaldinu svipaðar heimildir, og tilgreinir þar sérstaklega liðinn „niðurgreiðslur á vöruverði", sbr. lið 12-201 í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1983.

Ragnar Arnalds.
Höskuldur Jónsson.

Fylgiskjal VI.

Seðlabanki Íslands.
Reykjavík, 28. janúar 1983.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Neðri deildar,
Hr. form. Halldór Ásgrímsson,
Alþingi, Austurvelli.

Seðlabankinn hefur móttekið bréf yðar, dags. 27. janúar s. l., þar sem óskað er upplýsinga um þann gengismun, sem væntanlega mun koma fram í Gengismunarsjóð af skreiðarbirgðum tiltekinna fyrirtækja, sbr. lista frá Framkvæmdastofnun ríkisins sem móttekinn var sama dag.

Seðlabankinn hefur ekki tök á að svara nákvæmlega þeirri spurningu sem að ofan er greind, heldur verður að áætla út frá þeim tölum, sem tiltækar eru, hver gengismunur umræddra fyrirtækja yrði væntanlega. Til þess að veita nákvæmar upplýsingar yrðu að liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um birgðir fyrirtækjanna, gæði birgðanna, hvort um er að ræða þorsk eða aðrar tegundir eða þorskhausa, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Hjálagt er listi, sem sýnir endurkeypt skreiðarlán vegna umræddra fyrirtækja, eins og þau voru 26. janúar s. l., skipt á framleiðslutímabil. Gengismun ber að greiða af framleiðslu ársins 1981 og framleiðslutímabili 1982/1. Endurkeypt lán vegna skreiðarbirgða þessara fyrirtækja, sem greiða ber gengismun af, nema samtals kr. 56 948 970 og er sú upphæð 15,9% af heildarendurkeyptum lánum vegna skreiðarframleiðslu umræddra tímabila. Miðað við það, að tegundir og gæði skreiðarbirgðanna séu hin sömu alls staðar, má ætla að sá gengismunur, sem þessi fyrirtæki ættu að greiða, væri sama hlutfall og að ofan greinir. Áætlaður ógreiddur gengismunur vegna skreiðarbirgða er 54 millj. kr., og 15,9% af þeirri upphæð er kr. 8 586 þús., sem umrædd fyrirtæki ættu að standa skil á miðað við gefnar forsendur.

Rétt er að það komi fram í þessu sambandi, að mikill óvissa er um sölu skreiðarinnar að því er varðar sölumöguleika og ekki síður um það verð, sem fyrir hana kann að fást að lokum. Eru því allar áætlanir um hugsanlegan gengismun afar óvissar.

28. janúar 1983.

Seðlabanki Íslands.
Lánadeild.

Endurkeypt skreiðarlán eftirtalinna fyrirtækja vegna framleiðslu fyrir 23.08.1982.

		Framleiðslutímabil		
Nafn fyrirtækis:		1981 (1)	1982/1 (2)	Alls (1+2)
7473-3743	Samtog sf., Vestmannaeyjum	ekki í viðsk		
4295-7968	Hraðfrystist. Eyrarbakka hf.	628 450	2 970 360	3 598 810
0412-3727	Árborg hf., Selfossi	ekki í viðsk.		
6574-3086	Miðnes hf., Sandgerði	811 030	2 602 340	3 413 370
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	1 316 460	2 476 960	3 793 420
5579-5169	Keflavík hf., Keflavík	76 340	3 736 090	4 497 430
1489-6562	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	3 814 910	4 929 270	8 744 180
6134-6720	Sjóli hf., Reykjavík	ekki í viðsk.		
3523-9324	Haförn hf., Akranesi	119 200	1 743 690	1 862 890
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands hf., Akran.	ekki í viðsk.		
9038-8034	Útver hf., Ólafsvík	ekki í viðsk.		
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf.	582 460	1 416 750	1 999 210
4295-7763	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	275 870	22 700	298 570
2342-8652	Fiskvinnslan hf., Bíldudal	1 252 990	764 700	2 017 690
2377-6081	Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri	0	919 020	919 020
4237-9697	Hlaðsvík hf., Suðureyri	ekki í viðsk.		
2342-8083	Fiskiðja Sauðárkróks hf.	0	667 220	667 220
8165-1884	Skjöldur hf., Sauðárkróki	555 360	764 460	1 319 820
9032-7208	Útgerðarfélag Skagfirðinga hf.	ekki í viðsk.		
4295-7907	Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi	660 790	765 060	1 425 850
9704-6948	Þormóður rammi hf., Siglufirði	940 900	1 173 340	2 122 240
9032-7054	Útgerðarfélag KEA, Hrísey	(finnst ekki í viðsk.)		
5979-0471	Langanes hf., Húsavík	ekki í viðsk.		
5423-7529	Jökull hf., Raufarhöfn	731 690	444 030	1 175 720
2342-8792	Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	4 017 680	4 317 380	8 335 060
1489-2908	Búlandstindur hf., Djúpavogi	1 119 650	649 300	1 768 950
5579-2763	KASK, Hornafirði	0	8 989 520	8 989 520
	Alls	17 596 780	39 352 190	56 948 970

Nd. 270. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

(Lagt fram á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Á eftir B-lið 1. mgr. 1. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

C. Við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum skal auk fulltrúa samkvæmt 1. mgr. 3. gr. einn fulltrúi af hálfu seljenda og einn fulltrúi af hálfu kaupenda taka sæti í Fiskideild. Sjávarútvegsráðherra skipar fulltrúa þessa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Leitast skal við að ná sem víðtækastri samstöðu viðkomandi hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa samkvæmt þessum lið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í 1. grein frumvarpsins er lagt til að við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum taki fulltrúar frá kaupendum og seljendum þessa afla sæti í Verðlagsráði. Þessi breyting er gerð vegna þess að með núgildandi skipan Verðlagsráðs telja kaupendur og seljendur rækju, hörpudisks og grásleppuhrogna sig ekki hafa möguleika á að hafa áhrif við verðlagsákvarðanir, vegna þess hvernig Fiskideild sé skipuð lögum samkvæmt.

Í grein þessari segir, að ráðherra skipi fulltrúa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Ákvæði þetta er sett vegna þess að mjög er mismunandi hvernig samtökum innan þessara greina vinnslu og veiða er háttað. Verði frumvarp þetta að lögum gæti það orðið til þess að viðkomandi aðilar skipulegðu samtök sín þannig að tilnefning þessara nýju fulltrúa yrði ekki vandamál.

Lögð er áhersla á að í breytingu þessari felst í raun það eitt að fulltrúum í Fiskideild er fjölgað úr sex í sjö við ákvörðun verðs á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum. Ekki verða stofnaðar nýjar deildir eða starfsemi yfirnefndar breytt.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 271. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur og starfssvið félagsins er að reka vátryggingarstarfsemi, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum og lögum um vátryggingarstarfsemi.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi Brunabótafélags Íslands og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Hann skipar félaginu 5 manna stjórn til 4 ára í senn.

Stjórn félagsins ræður því forstjóra.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Félaginu ber að greiða opinber gjöld til ríkis og sveitarfélaga eftir sömu reglum og gilda um önnur vátryggingarfélög á hverjum tíma.

4. gr.

5. gr. laganna falli niður.

5. gr.

6. gr. laganna falli niður.

6. gr.

7. gr. laganna falli niður.

7. gr.

8. gr. laganna falli niður.

8. gr.

9. gr. laganna falli niður.

9. gr.

10. gr. laganna falli niður.

10. gr.

11. gr. laganna falli niður.

11. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt 7. gr.“ í l. málslið 12. gr. komi: samkvæmt 2. gr.

12. gr.

13. gr. laganna falli niður.

13. gr.

14. gr. laganna falli niður.

14. gr.

15. gr. laganna falli niður.

15. gr.

16. gr. laganna falli niður.

16. gr.

18. gr. laganna falli niður.

17. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna falli niður.

18. gr.

20. gr. laganna falli niður.

19. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Um arðgreiðslu af stofnfé félagsins gilda ákvæði 12. gr. laga um vátryggingarstarfsemi, nr. 50 frá 16. maí 1978.

Jafnframt er félaginu heimilt, að frádreginni arðgreiðslu, að greiða tryggingartökum félagsins tekjuafgang í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra, eftir útkomu viðkomandi tryggingargreinar.

20. gr.

Orðið „virðingar“ í 22. gr. laganna falli niður og í stað orðsins „brunatjón“ komi orðið: tjón.

21. gr.

Upphaf 2. mgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að verja varasjóði...

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Þá er og heimilt að nota fé varasjóðs, ef öruggt þykir að áliti stjórnar, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingagreina, sem félagið kynni að reka, enda hafi þær aðgreint bókhald og reikningsfærslu.

22. gr.

25. gr. laganna falli niður.

23. gr.

26. gr. laganna falli niður.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1984. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 9/1955 og gefa lögin út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildandi samninga sveitarfélaga og vátryggingarfélaga um brunatryggingar fasteigna eru tryggingatakar frjálsir að því að tryggja fasteignir sínar frá og með 1. janúar 1984 hjá hverju því vátryggingarfélagi sem þeir óska og til þess hefur starfsleyfi.

Greinargerð.

Samtímis frumvarpi þessu flytur flutningsmaður tvö önnur frumvörp. Annars vegar frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir og brunamál og hins vegar frumvarp til laga um breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna.

Þær meginbreytingar, sem frumvarp þetta felur í sér á lögunum um Brunabótafélag Íslands, eru eftirfarandi:

Numin eru brott úr lögunum:

1) Öll ákvæði er lúta að einkarétti Brunabótafélags Íslands á brunatryggingum húsa.
2) Ákvæði um forráðarétt sveitarfélags á brunatryggingum allra fasteigna í hverju sveitarfélagi.
3) Ákvæði um meðferð á vanskilum iðgjalda og skylduábyrgð vátryggingarfélags.
4) Ákvæði um brunabótamat og hvernig það skuli gert og hverjir skuli meta hús.
5) Öll ákvæði sem lúta að almennum brunavörnum í landinu og ráðgjöf fyrir ríkisstjórn.

Megintilgangur þessa lagafrumvarps er að losa um þær viðjar, sem brunatryggingar húsa í landinu eru nú í. Hér er um tvenns konar bindingu að ræða. Annars vegar hafa sveitarstjórnir forræði á því, hvar hús í umdæminu eru brunatryggð, og hins vegar nýtur Brunabótafélag Íslands nokkurs konar einokunarréttar á þessum tryggingum.

Þá eru felld niður nokkur ákvæði í lögum um Brunabótafélag Íslands, sem úrelt eru orðin, og önnur, sem komin eru annars staðar í nýrri lögum.

Lögin um Brunabótafélag Íslands eru að stofni til frá árinu 1917. Enginn vafi er að þau bættu á sínum tíma úr brýnni þörf, þegar ekkert tryggingarfélag var starfandi á Íslandi. Segja má að við höfum þá fylgt fordæmi nágrannaþjóða okkar með því að fá sveitarstjórnum forræði brunatrygginga húsa.

Með þróun í tryggingamálum og fjölgun tryggingafélaga hefur þetta forræði sveitarfélaga verið afnumið svo til alls staðar nema hér á landi.

Það hlýtur að teljast þáttur í eðlilegri þróun vátrygginga að leysa brunatryggingar húsa úr fyrrnefndum viðjum.

Frjálsar húsatryggingar.

Svo sem fyrr segir hafa nágrannalönd okkar í flestum tilvikum horfið frá forræði sveitarfélaga í brunatryggingum húsa. Hér á landi hafa frjálsar vátryggingar verið að þróast og batna á undanförnum árum, en húsatryggingar setið eftir vegna ákvæða í lögum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, geta einstaklingar í eftirtöldum löndum brunatryggt hús sín hjá hvaða tryggingafélagi sem þeir sjálfir velja, án afskipta sveitarfélags eða ríkisvalds:

Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland, Bretland, Holland, Belgía, Frakkland, Austurríki, Ítalía, Spánn og Portúgal.

Forræði sveitarfélags um brunabótatryggingar húsa er hins vegar enn í nokkrum ríkjum V-Þýskalands og í Sviss.

Svo sem fyrr segir hafa brunatryggingar húsa ekki þróast á Íslandi sem önnur vátryggingarstarfsemi vegna þessa lögboðna kerfis.

Fjöldinn treystir á hið lögboðna kerfi án þess að kynna sér hvers eðlis það er. Tryggingartakinn á litla aðild að tryggingartökunni og viðhaldi tryggingar.

Segja má að þessum viðskiptum hafi verið ofstýrt með lögum, frjálst val fólksins heft, og afleiðingin er lakari þjónusta en í nágrannaríkjunum.

Einkaréttur í viðskiptum sem þessum heldur öllum framförum í fjötrum. Til þessa einkaréttar má rekja að lítið hefur verið gert til þess að brunatryggingar húsa séu raunveruleg vátryggingavernd.

Raunin hefur hins vegar orðið sú, að menn hafa misst eignir sínar verulega vantryggðar í brunatjónum.

Á undanförnum árum hefur orðið veruleg breyting á brunaáhættu húsa á Íslandi. Breyting sem þessi ætti að leiða jafnharðan til endurskoðunar á verðlagi brunatrygginga og mundi án efa gera það, ef brunatryggingar húsa væru frjálsar og samkeppni ríkti á markaðnum.

Varðandi breytingar á brunaáhættu húsa má nefna:

a) Stóraukin notkun jarðhita til húshitunar hefur minnkað líkur á bruna.
b) Bættur og öruggari búnaður rafkerfa í húsum hefur minnkað líkur á bruna.
c) Bættar eldvarnir, bæði opinberar og einkabrunavarnir, auka öryggi.
d) Eldþolnari byggingarefni minnka líkur á tjóni.

Erlendis hafa brunatryggingar húsa þróast mikið á síðustu árum eins og aðrar vátryggingar. Brunatryggingar húsa eru í eðli sínu ekki frábrugðnar öðrum tryggingum. Fólkið á að hafa frjálst val um tryggingarfélag. Samkeppni tryggingarfélaganna ætti að tryggja eðlilega þróun og besta verð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Brunabótafélag Íslands verði ekki lengur sérstakt brunatryggingafélag, heldur taki að sér alhliða vátryggingaþjónustu.

Skylda til brunatrygginga fasteigna.

Í frumvarpi þessu eru ákvæði um skyldu til brunatrygginga fasteigna numin brott úr lögum um Brunabótafélag Íslands, en felld inn í lög um brunavarnir og brunamál samkvæmt frumvarpi sem flutt er jafnhliða þessu.

Áfram verður því skylda að brunatryggja fasteignir, sbr. skýringar með því frumvarpi.

Ýmis önnur atriði.

Felld eru úr lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um brunabótamat og hversu það skuli framkvæmt. Samkvæmt öðru frumvarpi, sem flutt er jafnhliða þessu, er gert ráð fyrir að brunabótamat verði eftirleiðis framkvæmt af Fasteignamati ríkisins.

Þá eru felld niður í lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um ábyrgð vátryggingarfélags þrátt fyrir vanskil á greiðslu iðgjalds af brunatryggingu á húsi og ákvæði um lögveðrétt fyrir iðgjaldi sem í vanskilum er.

Þessi ákvæði eru almenns eðlis um brunatryggingar á fasteignum og eðlilegt að þau séu í lögum sem gilda almennt um brunatryggingar, svo sem lögum um brunavarnir og brunamál. Með frumvarpi, sem flutt er jafnhliða þessu, eru þau ákvæði tekin inn í lögin um brunavarnir og brunamál.

Þá eru felld niður úr lögum um Brunabótafélag Íslands ákvæði um refsingar og viðurlög, enda kveðið á um þau í almennum lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

1. tl. er breytt þannig að engin sérstök áhersla er lögð á brunatryggingar í starfsemi félagsins, enda er fyrirtækinu ekki ætlað að hafa neinn einkarétt á slíkri starfsemi og fyrirtækið mun nú reka alhliða vátryggingarþjónustu.

Ákvæði 2., 3. og 4. tl. eru felld niður, þar sem Brunamálastofnun ríkisins er með lögum nr. 74/1982 falið að annast þessi verkefni.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði um fulltrúaráð félagsins verði felld úr gildi. Gerðar eru tillögur um að reglur um yfirstjórn félagsins verði í samræmi við samsvarandi reglur um önnur ríkisfyrirtæki. Félagsmálaráðherra er fengin yfirumsjón með félaginu og skipar hann því 5 manna stjórn, sem ræður því forstjóra. Þar sem gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir og sýslufélög hafi ekki framvegis forræði á, hvar tryggingar innan viðkomandi sveitarfélags séu teknar, og fari þar af leiðandi ekki lengur með umboð tryggingartaka að þessu leyti, þykja ekki lengur efni standa til að ofangreindir aðilar myndi fulltrúaráð félagsins.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir að Brunabótafélagi Íslands sé gert að greiða opinber gjöld til jafns við önnur vátryggingarfélög í landinu, þar sem sérstaða sú, sem því var fengin í gildandi lögum, er afnumin með frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Í 2. gr. í frumvarpi þessu er lagt til að fulltrúaráð Brunabótafélagsins verði lagt niður, og af því leiðir að ákvæði 5. gr. núgildandi laga eru óþörf.

Um 5. gr.

Niðurfelling 6. gr. laganna er afleiðing af því, að fulltrúaráð félagsins verður lagt niður með 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í þessari grein er veigamesta ákvæði frumvarps þessa. Ekki er gert ráð fyrir að niður verði felld skylda til að brunatryggja allar húseignir, en ákvæði þar um er lagt til að verði tekið í lög nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, nánar tiltekið 28. gr. þeirra, sbr. samhliða frumvarp um það efni. Hins vegar er gert ráð fyrir að einkaréttur Brunabótafélagsins og ákvörðunarvald sveitarstjórna sé fellt niður og hverjum húseiganda í sjálfsvald sett hjá hvaða vátryggingarfélagi hann tryggir.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, sbr. 1. gr., að félaginu verði heimilt að taka að sér brunatryggingar á einstökum húseignum í Reykjavík jafnt og annars staðar á landinu og reyndar allar vátryggingar, með þeim takmörkunum sem felast í almennum ákvæðum laga um vátryggingarstarfsemi eins og þau eru á hverjum tíma.

Um 8. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir almennum ákvæðum um brunabótamat og tryggingarskyldu í frumvörpum þeim, sem lögð eru fram samhliða þessu frumvarpi, sbr. 1. gr. frumvarpsins til laga um breytingu á lögum nr. 94/1976 og 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/1982, þykir þessi grein óþörf og er því lagt til að hún verði felld niður.

Um 9. gr.

Í lögum nr. 50 frá 16. maí 1978, um vátryggingarstarfsemi, og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru ákvæði sem fjalla um samræmd reikningsskil vátryggingarfélaga, og er því 10. gr. laganna óþörf.

Um 10. gr.

Í IV. kafla laga nr. 50 frá 16. maí 1978, um vátryggingarstarfsemi, er fjallað um eftirlit með vátryggingarfélögum. Þau ákvæði, ásamt ákvæðum í reglugerð nr. 482/1981, eru miklu ítarlegri en ákvæði 11. gr. laganna, og því er lagt til að afnema hana.

Um 11. gr.

Breytingu þessa leiðir af breytingu á 2. gr. laganna og niðurfellingu 7. gr. laganna um Brunabótafélag Íslands.

Um 12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna er óþörf, enda leiðir það sama af almennum reglum. Ákvæði 2. mgr. er tekið upp í 4. gr. frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 74/1982 sem flutt er samhliða frumvarpi þessu.

Um 13. gr.

Þar sem efni 14. gr. laganna er almennt skilmálaákvæði er óþarft að lögbinda það, enda eru samsvarandi ákvæði í almennum brunatryggingaskilmálum vátryggingafélaga. Þeir eru háðir lögum um vátryggingarsamninga og samþykki Tryggingaeftirlits ríkisins. Þá má í þessu sambandi minna á 4. gr. laga nr. 52 frá 14. maí 1975, um Viðlagatryggingu Íslands.

Um 14. gr.

Sömu rök hníga að því, að 15. gr. laganna verði felld úr gildi, og færð eru fram fyrir niðurfellingu 14. gr. laganna hér að framan. Þá er og fjallað um efni 15. gr. í 23. gr. laga nr. 74 frá 12. maí 1982, um brunarvarnir og brunamál.

Um 15. gr.

Ekki þykir lengur vera ástæða til að binda bótagreiðslu félagsins við það, að fasteign, sem brunnið hefur, verði endurreist eða við hana gert. Því síður þykir rétt að skerða bótagreiðslur þegar hús eru ekki endurreist.

Um 16. gr.

Lagt er til að ákvæði 18. gr. laganna verði felld niður, en hliðstætt ákvæði er tekið upp að meginstefnu til í 4. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Um 17. gr.

5. gr. laga nr. 58/1960 fjallar um dráttarvexti og skal leysa 3. mgr. 19. gr. laganna af hólmi.

Um 18. gr.

Þessa breytingu leiðir af þeirri grundvallarbreytingu, sem í frumvarpi þessu felst, að brunatryggingar húsa verði frjálsar, þannig að húseigendur geti ráðið því, hvar þeir kaupi hinar lögboðnu brunatryggingar á húseignir sínar.

Um 19. gr.

Í lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, eru ákvæði um greiðslu arðs af stofnfé hjá gagnkvæmum vátryggingarfélögum. Þá er jafnframt sett regla í frumvarpi þessu um greiðslu tekjuafgangs til tryggingartaka í samræmi við útkomu viðkomandi tryggingagreinar. Eðlilegt þykir að fella þessi ákvæði að reglum laga um vátryggingarstarfsemi um gagnkvæm vátryggingarfélög.

Um 20. gr.

Í meðfylgjandi frumvarpi til breytinga á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, eru gerðar tillögur um að Fasteignamat ríkisins annist brunabótamat húseigna, og leiðir þessar breytingar af þeim tillögum.

Þá telur flutningsmaður eðlilegt að reglugerð, sem sett kynni að verða eftir þessari grein laganna, nái ekki aðeins til brunatjóna, heldur til tjóna almennt.

Um 21. gr.

Með fyrri hluta breytingartillögunnar er verið að leggja áherslu á að heimilt sé að fjárfesta í einstökum útlánum, þó að það sé með engu móti skylt.

Um síðari hluta tillögunnar til breytingar á 23. gr. laganna er það að segja, að hana leiðir af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 4. og 5. gr. laganna, þ. e. a. s. ákvæðunum um fulltrúaráð og framkvæmdastjórn.

Um 22. og 23. gr.

Almenn ákvæði í lögum kveða á um viðurlög við þeim brotum sem um er fjallað í þessum greinum, og þykir óþarfi að hafa sérákvæði um Brunabótafélagið að þessu leyti.

Um 24. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Nd. 272. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingar á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

18. gr. A orðist svo:

Allar húseignir í landinu skal meta brunabótamati þegar þær eru fullbúnar, eða þegar þær eru teknar í notkun sé það gert fyrr.

Brunabótamatsverð miðist við byggingarkostnað húseignarinnar á þeim tíma, sem mat fer fram. Séu eldri hús metin skal taka tillit til aldurs og ástands þeirra þegar matsverð er fundið.

Áður en fokheldisvottorð um húseign er gefið út skal fara fram bráðabirgðamat.

Matsverð húseigna skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar út, og breytast í samræmi við breytingar á þeirri vísitölu jafnóðum og þær verða.

2. gr.

19. gr. 1. mgr. orðist svo:

Fasteignamat ríkisins annast mat fasteigna og brunabótamat húseigna samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 94/1976 og gefa síðan lögin út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samtímis tveim öðrum frumvörpum, annars vegar frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Brunabótafélag Islands og hins vegar frumvarpi til laga um breytingar á lögum um brunavarnir og brunamál.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Aðalinntak frumvarps þessa er að færa mat á húseignum til brunabótaverðs frá hinum dómkvöddu matsmönnum í sérhverju sveitarfélagi, eins og nú er, til Fasteignamats ríkisins. Fasteignamat er nú unnið upp úr svokölluðu grunnmati, sem Fasteignamat ríkisins leggur á allar fasteignir í landinu. Lagt er til að Fasteignamat ríkisins vinni brunabótamat upp úr þessu grunnmati eftir að upplýsingar til grunnmats hafa borist frá byggingafulltrúum viðkomandi byggðarlags. Er ljóst að Fasteignamat ríkisins er miklu betur til þess fallið með þeirri sérþekkingu, sem það ræður yfir, en hinir lögskipuðu virðingamenn að koma á samræmingu í brunabótamati í landinu, en verulega hefur á skort að svo væri.

Rétt þykir að tryggja að allar húseignir verði skyldutryggðar, að fokheldisvottorð verði ekki afhent húsbyggjendum nema húseignin hafi áður verið tryggð gegn bruna.

Þá er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að brunabótamat sé bundið byggingarvísitölu Hagstofu Íslands, en þó þannig að það taki breytingum á 3ja mánaða fresti, við útreikning nýrrar vísitölu.

Um 2. gr.

Með þessari grein er Fasteignamati ríkisins fengið það verkefni, til viðbótar við fyrri verkefni, að meta allar húseignir til brunabótaverðs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 273. Frumvarp til laga [178. mál]

um breytingar á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

Í 24. gr. laganna komi nýr stafliður, sem verði d-liður, svohljóðandi:

d. Allar brunatryggingar og samsettar tryggingar, sem fela í sér brunatryggingu, skulu bera brunavarnagjald, er nemi 5% af heildariðgjaldi tryggingarinnar og reiknað út með sama hætti og söluskattur.

Ekki skal reikna söluskatt af gjaldi þessu. Brunavarnagjald þetta skal renna til Lánasjóðs sveitarfélaga og mynda sjálfstæða deild innan hans.

Hlutverk Brunavarnadeildar Lánasjóðs sveitarfélaga skal vera að lána sveitarfélögum til vatnsveitna, til kaupa á slökkvibílum og öðrum tækjakosti og búnaði til eldvarna, eftir umsögn brunamálastjóra.

Með reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir lánveitingum frá deildinni og lánakjör.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi nýr kafli, er verði VI. kafli, með fjórum greinum og fyrirsögninni: **Húsatryggingar:**

25. gr. orðist svo:

Skylt er að brunatryggja allar húseignir í landinu samkvæmt brunabótamati, sem Fasteignamat ríkisins gefur út. Jafnframt er skylt að brunatryggja hús í smíðum eftir skýrslu eiganda.

Húseiganda er skylt að tryggja hús sitt í beinu framhaldi af bráðabirgðamati, sbr. 18. gr. A laga nr. 94/1976. Ekki skal afhenda fokheldisvottorð fyrr en slík trygging hefur sannanlega verið keypt.

3. gr.

26. gr. orðist svo:

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín. Greiðir hún þá mismun þann sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telur brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafist endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917.

4. gr.

27. gr. orðist svo:

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu svo og skírteinisgjöld hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Séu gjöld eigi greidd innan fjögurra mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt að sölu hafi verið beiðst. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar. Uppboð skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en fjórum vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

5. gr.

28. gr. orðist svo:

Enga húseign má fella úr skylduábyrgð fyrir þá sök, að iðgjald sé ógreitt.

Vátryggingarfélag, sem tekið hefur að sér brunatryggingar á húseign, má ekki fella þá tryggingu úr gildi, nema annað tveggja komi til: að keypt hafi verið brunatrygging á húsið hjá öðru vátryggingarfélagi eða húsið hefur sannanlega verið rifið eða á annan hátt jafnað við jörðu.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 59 frá 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, og lög nr. 25 frá 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella þau inn í meginmál laga nr. 74/1982 og gefa lögin síðan út svo breytt. VI. kafli núgildandi laga verði þá VII. kafli og fái greinar nr. 25—32 í núgildandi lögum númerin 29—36.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samtímis tveim öðrum frumvörpum, þ. e. frumvarpi til breytinga á lögum um Brunabótafélag Íslands og frumvarpi til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna. Flutningur frumvarpa þessara miðar að því að gefa brunatryggingar húsa frjálsar, þ. e. leysa þær undan forræði sveitarfélaga og afnema einkarétt Brunabótafélags Íslands.

Þetta frumvarp er flutt vegna þess að flutningsmaður telur nauðsynlegt að ákvæði um skyldutryggingar húseigna séu færð úr lögum um Brunabótafélag Íslands í þessi lög og samræmd séu ákvæði um tryggingaskyldu, rétt sveitarfélaga, þegar brunar verða, og meðferð vanskila á iðgjöldum.

Er með frumvarpi þessu og hliðarfrumvörpum þeim, sem fyrr er getið, verið að færa þessi mál til nútímalegri vegar, en þessi ákvæði hafa verið lítt breytt í 25 ár.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982, ber sveitarfélögum að halda uppi eldvörnum í byggðarlögunum og kosta þær. Mikið álag er á öllum tekjustofnum sveitarfélaga, sem leiðir til þess, að sveitarfélög verða að raða verkefnum sínum í forgangsröð.

Tæknilegar framfarir á sviði eldvarna hafa verið miklar á s. l. árum. Vaxandi möguleikar eru á að veita stærri hluta landsbyggðarinnar viðunandi eldvarnir með betri samgöngum. Kaup á brunavarnartækjum (slökkvibílum o. fl.) hafa ekki verið ofarlega á framkvæmdalista sveitarfélaga. Af þessum ástæðum hefur ekki verið sú áhersla á brunamálum sem æskilegt væri, og mörg sveitarfélög þyrftu að gera betur í þessum efnum.

Af ofanrituðum ástæðum er nú gerð tillaga um að sveitarfélögum verði skapaður sérstakur tekjustofn til að mæta skyldum sínum á sviði brunamála. Óheimilt verði að nota þennan tekjustofn til annarra hluta.

Drög hafa nú verið gerð að reglugerð um lágmarksbúnað slökkvibíla. Er hér um mjög þarfar reglur að ræða og því nauðsynlegt að framfylgja þeim. Sem dæmi um þetta má nefna að mörg fjölmenn sveitarfélög hafa ekki yfir að ráða nothæfum reykköfunartækjum. Slökkvilið þessara staða geta því ekki gert leit að fólki í húsum sem ófær eru orðin af völdum

reyks. Ekki þarf fleiri orð um það ástand, sem ríkir í þeim þætti brunamála hér á landi sem að tækjakosti slökkviliða snýr.

Með umræddri tillögu er lagt til að opinbert gjald verði innheimt samhliða brunatryggingaiðgjöldum og að gjald þetta myndi sjálfstæðan sjóð innan Lánasjóðs sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að fjármagni þessu verði varið til kaupa á tækjum til opinberra eldvarna í landinu, með lánveitingum eða framlögum, eftir því sem samtök sveitarfélaganna ákveði og nánar verði ákveðið með reglugerð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að 5% gjald verði lagt á brunatryggingaiðgjöldin í landinu.

Gera má ráð fyrir að brunatryggingaiðgjöld ársins 1982 nemi um 140—145 milljónum króna.

Tekjustofn þessi hefði því numið á því ári um 7 millj.kr.

Er hér um umtalsverða hjálp að ræða málaflokki til handa sem vill gleymast í dagsins önn.

Um 2. gr.

Hér er lögð skylda á eigendur allra húseigna, að þeir kaupi brunatryggingar fyrir hús sín, jafnt íbúðarhús sem útihús, hvort sem þau eru fullgerð eða í smíðum.

Þá er lagt til að áður en byggingafulltrúi gefi húsbyggjanda fokheldisvottorð, sem húsbyggjandi þarf að hafa m. a. til veðsetningar, sé gengið úr skugga um það, að húsið hafi verið brunatryggt.

Um 3. gr.

Grein þessi er efnislega að mestu samhljóða 4. gr. laga 59/1954 og 5. gr. laga 25/1954, en þessi tvenn lög er lagt til að felld verði úr gildi með frumvarpi um breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands, sem lagt er fram á Alþingi samtímis frumvarpi þessu.

Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 18. gr. laga nr. 9/1955, 5. gr. laga nr. 59/1954 og 6. gr. laga nr. 25/1954, en lagt er til að þær verði allar felldar úr gildi í frumvarpi til breytinga á lögum um Brunabótafélag Íslands, sem lagt er fram samtímis frumvarpi þessu.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 5. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er samhljóða 2. mgr. 13. gr. laga nr. 9/1955, og þarfnast hún ekki skýringa.

Síðari málsgrein er ný. Þar er skýrt kveðið á um það, hvernig brunatrygging á fasteign getur fallið niður, en samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar verður það ekki við vanskil iðgjalda. Hins vegar er vátryggingarfélagi heimilað að fella niður tryggingu ef hús er sannanlega tryggt annars staðar svo og ef hús hefur farist eða verið rifið.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar leiðir beinlínis af lögfestingu þessa frumvarps og þeirra tveggja, sem flutt eru samtímis því og getið er hér að framan.

Um 7. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Ed. 274. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 31. jan.).

1. gr.

Í framhaldi af 2. gr. laga nr. 20/1982 um breytingu á og viðauka við 3. gr. laga nr. 5/1976 komi ný setning og verði niðurlag 2. mgr. 3. gr. svohljóðandi:

Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða að útflutningsgjald, samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr., skuli ekki innheimt af afurðum, sem unnar eru úr kolmunna til manneldis.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og gefa lögin út þannig breytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði þeirra til landaðs afla á árunum 1982, 1983 og 1984.

Sþ. 275. Fyrirspurn [179. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál.

Frá Helga Seljan.

Hvenær má vænta lokaskýrslu frá nefnd þeirri, er nú starfar á vegum ráðuneytisins og fjallar um úrbætur í geðheilbrigðismálum?

Hvað hyggst ráðuneytið gera í framhaldi af áfangaskýrslu nefndarinnar í sambandi við bráðaþjónustu fyrir geðsjúka?

Sþ. 276. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um gistiþjónustu á landsbyggðinni.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þeim aðilum, er veita þjónustu á landsbyggðinni með gistingu og greiðasölu, sem bestan grundvöll til uppbyggingar og rekstrar.

Ríkisstjórnin skal í þessu efni leita samráðs við þá, er helst eiga hagsmuna að gæta, svo sem Ferðamálaráð, sveitarfélög og rekstraraðila.

Greinargerð.

Ekki þarf langa greinargerð til rökstuðnings þessari tillögu.

„Ísland sem ferðamannaland“ er oft á orði haft. Vissulega hefur margt verið gert á því sviði, að gera það að staðreynd, en flest hefur þó miðast við einmitt það að búa erlendum ferðamönnum aðstöðu og þá að sjálfsögðu á ferðamannatímanum.

Má nefna hina ágætu nýtingu heimavistarskóla okkar til þessa hlutverks og er þar um lofsverða starfsemi að ræða.

En hvað um okkur sjálf, hvað um þann tíma þegar veður og færð setja oft strik í ferðareikning okkar, hvað um ýmsa þéttbýlisstaði þar sem umferð er lítil um háveturinn, gestakomur stopular, en staðreynd þó?

Á hverjum þéttbýlisstað er ákveðin þörf, sem kallar á að þar sé viðunandi aðstaða allt árið um kring bæði til gistingar og matsölu.

Mismikil er sú þörf eftir legu og aðstæðum, en knýjandi víðast hvar. Rekstraraðstaða er hins vegar vægast sagt takmörkuð og fáir einir hafa bolmagn til að byggja upp viðunandi aðstöðu í húsnæði og öðru sem til þarf. Oft eru fyrirtæki með annan rekstur, sem halda uppi lágmarksþjónustu, eða þá að sveitarfélögin grípa með einhverjum hætti inn í, af eðlilegum vanefnum þó.

Sjálfstæður rekstur á þess lítla von að skila öðru en tapinu á velflestum stöðum.

Tvímælalaust þarf að gera hér visst átak, sem eðlilegt er að hið opinbera stuðli að sem best, því vansalaust er það ekki, að ekki sé unnt á hverjum stað að bjóða vetrargestum mat og húsaskjól.

Í öllum aðgerðum til þess að laða erlenda ferðamenn til ferðalaga hingað býður okkur flutningsmönnum í grun, að þessi þáttur hafi orðið býsna mikið útundan. Sannleikurinn er einnig sá, að málið er síður en svo auðleyst, og víða má segja að vart sé unnt að leysa þetta eftir hefðbundnum leiðum, en þá er að leita annarra.

Hugmyndir þar um verða reifaðar í framsögu, svo og rakin einstök dæmi þar sem ferðamannaþjónusta er óhjákvæmileg nauðsyn, en rekstrargrundvöllur enginn, þó við árið allt sé miðað. Kanna þarf möguleika þeirra sjóða, sem fyrir eru, til sérátaks í þessu efni, möguleika sveitarfélaga og rekstraraðila að koma með nýjum hætti inn í þessa mynd og síðast en ekki síst með hvaða hætti hið opinbera gæti létt róðurinn, þó í engu yrði um beinar styrkveitingar eða gjafir að ræða.

Margt annað og heilbrigðara kemur til greina, sem fjallað verður um í framsögu, þó allar ívílnanir séu vandmeðfarnar. En jafnhliða því, sem við gerum Ísland að ferðamannalandi, svo sem réttlætanlegt er, t. d. gagnvart náttúru landsins, skulum við ekki síður huga að sem eðlilegastri þjónustu við okkur sjálf og aðra hvarvetna þar sem þess telst þörf.

Til að ýta þessu máli úr vör er tillaga þessi flutt.

Nd. 277. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

1. 5. töluliður 4. gr. orðist svo:
   Krónur 30 milljónir renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.
2. Á eftir 5. tölul. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tölul., svohljóðandi:
   Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, fari til greiðslu fjármagnskostnaðar vegna skreiðarbirgða skv. reglum sem Seðlabankinn setur í samráði við viðskiptabanka skreiðarframleiðenda.

Nd. 278. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. minni hl. leggur til að frv. verði samþykkt, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 1. febr. 1983.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Páll Pétursson. Halldór Ásgrímsson.

Nd. 279. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá Garðari Sigurðssyni, Pétri Sigurðssyni, Karvel Pálmasyni og Páli Péturssyni.

3. málsgrein 2. gr. falli niður.

Ed. 280. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með breytingu sem birt er á sérstöku þingskjali.

Lárus Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. febr. 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm. Egill Jónsson, fundaskr. Stefán Jónsson.

Jón Helgason. Guðm. Karlsson. Stefán Guðmundsson.

Ed. 281. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 21. maí 1962, um loftferðir.

Frá samgöngunefnd.

1. gr. orðist svo:

141. gr. 3. mgr. laganna breytist þannig að í stað orðanna „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið“ komi:

Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í flugslysanefnd. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða

miklu tjóni á munum. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún kannar. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins, eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til.

Flugslysanefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað, ef könnunin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 282. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd fékk frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá því 21. ágúst s. l. til meðferðar s. l. mánudag, 24. janúar. Nefndin fjallaði um málið á fimm fundum. Áður hafði nefndin fjallað um málið á sameiginlegum fundum nefnda beggja deilda.

Vinnubrögð.

Þegar 2. umr. fór fram í efri deild hafði úthlutun láglaunabóta farið fram og hlotið mikla gagnrýni, svo mikla að þingmenn deildarinnar töldu óverjandi annað en fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar fengi tækifæri til skoðunar á málinu á ný.

Þá hafði sjávarútvegsráðherra í fjölmiðlum gert grein fyrir tillögu sinni um breytingu á ráðstöfun gengismunar vegna gengisfellingarinnar í ágúst s. l., og töldu þingmenn efri deildar eðlilegt að ráðherrann gerði grein fyrir tillögunni og flytti hana sem breytingartillögu við frv. við meðferð þess í efri deild.

Því var þá lýst yfir, að ítarleg athugun skyldi fram fara á framkvæmd láglaunabóta og hvað mætti verða til úrbóta. Auk þess var frá því skýrt, að sjávarútvegsráðherra væri ekki reiðubúinn til þess að leggja fram breytingartillögu sína fyrr en við 1. umræðu málsins í neðri deild.

Það hlaut öllum að vera ljóst, að slík vinnubrögð voru til þess að tefja fyrir málinu. Eðlilegast hefði verið að efri deild hefði fengið tækifæri til þess að ljúka þeim athugunum, sem ástæða var til að fram færu vegna fenginnar reynslu, og þeim breytingum komið fram í efri deild sem ráðherrar höfðu á prjónunum.

Þessu var öðruvísi farið, eins og áður er nefnt. Því hlaut afgreiðsla neðri deildar svo og fjárhags- og viðskiptanefndar deildarinnar að taka nokkurn tíma, og sýnist ein vika ekki ýkjalangur tími fyrir 40 alþingismenn að fjalla um mál þetta, en 5 mánuðir liðu frá því bráðabirgðalögin voru gefin út þar til neðri deild Alþingis fékk þau til meðferðar.

Ummæli hagsmunaaðila.

Við umfjöllun málsins í nefndinni komu til viðræðna fjölmargir þeir aðilar, sem unnið höfðu að gerð þess eða náið samráð var haft við og hagsmuna höfðu að gæta.

Verður ekki sagt að þær umræður og upplýsingar, sem fram komu, hafi verið hvetjandi til samþykktar frv., nema síður væri.

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins gerðu grein fyrir undirbúningi þess hluta frv., er fjallaði um láglaunabætur, og létu í té tölvulista með heildarúthlutunum. Gerðu þeir grein fyrir ýmsum athugunum sem gerðar höfðu verið vegna þeirrar miklu gagnrýni sem fram hafði komið. Tillögur til úrbóta og leiðréttinga eða upplýsingar, hvernig ráðuneytið hygðist haga næstu greiðslu, voru engar.

Fulltrúar ASÍ og BSRB komu til viðræðna, en bráðabirgðalögin gera ráð fyrir samráði við samtök launþega.

Það kom glögglega fram, að samstarf við BSRB hafði nánast ekkert verið og forustumenn BSRB ekkert um láglaunabætur fjallað, aðeins formlega mótmælt bráðabirgðalögunum.

Fulltrúar ASÍ virtust hafa haft meira með málið að gera þegar það var í undirbúningi. Það mátti hins vegar glögglega heyra, að menn vildu nú gera eins lítið úr því samráði og hægt var, jafnvel ekki ræða þær breytingar sem gerðar voru skv. þeirra tillögum.

Ljóst mun vera t. d. að upprunalegar tillögur fjármálaráðuneytisins hafi verið að fólk með tekjur undir 10—15 þús. kr. 1981 fengi ekki láglaunabætur, en fulltrúar ASÍ hafi fengið hámarkið hækkað í 25 þús. kr. Í annan stað mun ASÍ hafa fengið hámarkið hækkað úr 51 þús. kr. í 75 þús. kr.

Það sýndist ekki hafa verið ýkjamikil hagsmunagæsla þegar ákvæði um láglaunabætur voru sett í lög. Ekki virtust menn heldur hafa áhyggjur af því, hvort ríkisstjórnin hefði aflað sér lagaheimildar til áframhaldandi greiðslna á árinu 1983.

Í nefndinni komu fram efasemdir um að svo væri, og leitað var álits lagaprófessors á því, en svör ekki borist vegna hraða á afgreiðslu málsins.

Þá komu til viðræðna við nefndina fulltrúar LÍÚ svo og Sambands skreiðarframleiðenda. Lýstu þeir andstöðu sinni við þá breytingartillögu, sem sjávarútvegsráðherra hefur flutt, og bentu á að þegar væri búið að semja við aðila um ráðstöfun gengismunar og því um brigð á samkomulagi að ræða.

Formaður LÍÚ tjáði nefndinni að hann hefði gert sjávarútvegsráðherra grein fyrir þessari skoðun sinni.

Framkvæmdastjóri Skreiðarsamlagsins benti á að sú upphæð, sem ríkisstjórnin hygðist ráðstafa skv. tillögunni af gengismun, væri svipuð upphæð og allur gengismunur af skreiðarbirgðum, milli 50 og 60 millj. kr. Benti hann á þá gífurlegu erfiðleika, sem skreiðarframleiðendur hefðu við að glíma vegna söluerfiðleika, og væri ástæða fyrir stjórnvöld að bregðast við með öðrum hætti en þessum. Benti hann m. a. á hvað ríkisstjórn Norðmanna hefði gert til að létta undir með skreiðarframleiðendum til þess að tryggja áframhaldandi skreiðarframleiðslu og koma í veg fyrir erfiðleika á mörkuðunum.

Fulltrúar Seðlabanka og Framkvæmdastofnunar mættu og á fundum nefndarinnar og gáfu þar upplýsingar um ráðstöfun gengismunar, Verðjöfnunarsjóð svo og þá athugun sem gerð hefur verið vegna erfiðleika einstakra sjávrútvegsfyrirtækja á s. l. ári og í ár. Það kom fram hjá fulltrúa Seðlabankans, að ráðstöfun gengismunar skv. tillögum ríkisstjórnarinnar, sem samþykkt á breytingartillögu sjávarútvegsráðherra er ætlað að tryggja, sé einsdæmi, ráðstöfun gengismunar út fyrir sjóði og stofnanir sjávarútvegsins og fiskframleiðslu hefði ekki áður gerst.

Af því, sem að framan er getið, gáfu umræður á fundum nefndarinnar ástæðu til ítarlegri umfjöllunar og athugunar á ýmsum breytingum. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var ekki um slíkt að ræða, og fulltrúar hennar á fundum nefndarinnar höfðu þar af leiðandi engar tillögur fram að færa til úrbóta.

Bráðabirgðaráðstafanir.

Allar ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar í efnahags- og atvinnumálum eru bráðabirgðaráðstafanir, meira að segja ráðstafanir gerðar með bráðabirgðalögum. Gjarnan hafa fylgt yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra um betri tíð og blóm í haga, þegar tími hefði gefist til að vinna að heildartillögum til lausnar aðsteðjandi vandamálum.

Nú er svo komið, þegar nálgast alþingiskosningar og ríkisstjórnin hefur setið í þrjú ár, að aldrei hefur útlitið verið eins dökkleitt og nú.

Enda þótt ytri aðstæður hafi verið okkur óhagstæðar að undanförnu er öllum ljóst að stefnuleysi og fálmkenndar bráðabirgðaráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru höfuðorsök þess, hvernig komið er.

Frá því vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum í september 1978 hafa efnahagsráðstafanir ríkisstjórna verið **launaskerðing, skattahækkanir, auknar erlendar lántökur, aukin ríkisumsvif.**

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki legið á liði sínu í þessum efnum, og blasir nú við yfir 70% verðbólga og að erlendar skuldir muni nema um 55% af þjóðarframleiðslu yfirstandandi árs vegna óhóflegrar notkunar stjórnvalda á erlendu lánsfé og mikils viðskiptahalla.

Eins og áður sagði hefur ríkisstjórnin með bráðabirgðaráðstöfunum síðan reynt að bjarga einhverju, en það hefur, eins og ráðherrar sjálfir hafa sagt, verið of lítið og komið of seint.

Mergurinn málsins er hins vegar sá, að engar raunhæfar tillögur hafa verið lagðar fram vegna ósamstöðu stjórnaraðila.

Það skorti ekki upptalningu loforða með þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til umræðu. Hvorki meira né minna en 21 atriði er talið upp sem átti að verða til þess að lagfæra ástand mála, auk meginatriða bráðabirgðalaganna sjálfra.

Það sýnir best hvernig ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa reynst, að við stöndum ekki aðeins í sömu sporum og við stóðum fyrir 6 mánuðum, heldur hefur okkur miðað aftur á bak.

Hvað staðfestir betur **stjórnleysið** og **stefnuleysið** en staðreyndir þær sem við blasa.

Kjaraskerðing.

Í 13 skipti hefur verið gripið til verðbótaskerðinga frá því 1978. Þeir aðilar, sem höfðu hvað hæst um „**samninga í gildi**", hafa nú staðið fyrir um 50% verðbótaskerðingu frá 1978, en grunnkaupshækkanir hafa numið innan við 30%.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarsinnum, að þessar ráðstafanir væru svipaðs eðlis og þær ráðstafanir er ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar beitti sér fyrir vorið 1978.

Því fer víðs fjarri, að svo sé. Þær ráðstafanir voru samræmdar efnahagsaðgerðir, en það skiptir öllu máli. Þær ráðstafanir voru afleiðingar samninga um mjög miklar grunnkaupshækkanir á skömmum tíma. Þegar í ljós kom, að í óefni stefndi með slíkar grunnkaupshækkanir, var gripið inn í af stjórnvöldum með takmarkaðri skerðingu verðbóta. Ekki var það gert með bráðabirgðalögum, heldur málið lagt fyrir Alþingi og rætt þar. Komu þær ráðstafanir ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hafði haft þær til meðferðar og þingmenn fengið tækifæri til þess að afla allra gagna og tíma til umræðna. Nú eru gefin út bráðabirgðalög þegar ekkert knúði til þeirrar útgáfu og vitað var að ríkisstjórnin hafði ekki lengur meiri hluta í neðri deild Alþingis. Þá má benda á að verðbótaauki var í gildi 1978, til viðbótar venjulegum verðbótum á laun.

Nú hefur þróunin leitt í ljós að þrátt fyrir mótmæli launþegasamtakanna 1978 hafa launþegasamtökin nú sætt sig við niðurfellingu verðbótaaukans, sætt sig við efnahagslögin frá 1979, með skerðingarákvæðum, eða 13 sinnum skerðingu á verðbótum frá því í september 1978.

Þrátt fyrir þessa breyttu stefnu launþegasamtakanna sýnir sig að efnahagslífið og atvinnulífið hafa aldrei verið verr komin en nú.

Til þess að bæta þeim lægst launuðu þeirra kjaraskerðingu var ákveðið að verja 175 millj. kr. til láglaunabóta. Eins og fram hefur komið er mikil gagnrýni á þær reglur og þá framkvæmd sem við hefur verið höfð við greiðslur láglaunabóta. Mjög vafasamt er að þær hafi komið að tilætluðu gagni og lagastoð vegna greiðslna 1983 alveg óviss.

Skattahækkanir.

Á sama tíma og lögfest er helmingslækkun verðbóta 1. desember til þess að draga úr verðbólguhraðanum hækkar ríkisstjórnin vörugjaldið sem leiðir af sér verðhækkun á ýmsum almennum neysluvörum. Er það gert undir því yfirskini að afla tekna til greiðslu láglaunabóta.

Hér er enn einu sinni á fölskum forsendum verið að afla ríkissjóði tekna til þess að auka enn á ríkisumsvifin.

Sú fjárhæð, sem hækkun vörugjalds skilar ríkissjóði, mun á gildistímanum skila tvöfaldri þeirri upphæð sem bráðabirgðalögin gera ráð fyrir að greidd verði í láglaunabætur á árunum 1982 og 1983.

Þessi þáttur bráðabirgðalaganna er í algerri mótsögn við þann tilgang sem sagður er vera með lögunum, enda hefur árangurinn berlega sýnt sig þegar horfurnar í dag eru metnar og við stöndum verr en í ágústmánuði.

Gengismunur.

Þegar slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar hefur ráðstöfun gengismunar gjarnan verið ákvörðuð í lögum. Hvort það er rétt eða röng ráðstöfun, hvort rétt getur verið í eitt skipti en ekki annað, skal ósagt látið. Það, sem mestu máli skiptir, er að slík ráðstöfun er allajafna með sæmilegu samkomulagi við þá sem telja sig eiga tilkall til gengismunar.

Ráðstöfun gengismunar hefur ætíð verið innan atvinnugreinarinnar eða sjóða hennar, svo sem til Fiskveiðasjóðs, Stofnfjársjóðs, Verðjöfnunarsjóðs og Lífeyrissjóðs sjómanna. Í þessum bráðabirgðalögum er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Þá gerist það við 1. umræðu í síðari þingdeild, að sjávarútvegsráðherra lýsir samþykkt ríkisstjórnarinnar og flytur breytingartillögu við frv. sem felur í sér að nokkrum hluta gengismunar verði ráðstafað til Byggðasjóðs (50—60 millj. kr.) er endurláni sjávarútvegsfyrirtækjum sem eigi í miklum erfiðleikum.

Við endurgreiðslu lána renni helmingur til Fiskveiðasjóðs, en helmingurinn verði eign Byggðasjóðs.

Hér er um að ræða að taka gengismun frá sjávarútvegi og ráðstafa til einstakra fyrirtækja sem eiga í rekstrarerfiðleikum. Ekki eru neinar upplýsingar fyrir hendi um að þau fyrirtæki séu í stakk búin til þess að endurgreiða væntanleg lán, og meðan svo er sýnist eiga að taka gengismun og gefa Byggðasjóði og einstökum fyrirtækjum.

Sjálfstæðismenn hafa lýst andstöðu sinni við bráðabirgðalögin, sem þeir telja að síður en svo leysi aðsteðjandi vanda, svo og alla málsmeðferð. Þá eru sjálfstæðismenn andvígir breytingartillögu sjávarútvegsráðherra.

Alþingi, 31. jan. 1983.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. | Albert Guðmundsson. | Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið 12. janúar 1983

Samanburður á láglaunabótum

Allar upphæðir í nýkr.

Tilr.kerfi: EL
Viðm.kerfi: Engar láglaunabætur
Tilr.skrá: RAGNAR5 Viðm.skrá:

Hjón samtals

Vergar tekjur þús. kr.	Meðal-tekjur þús. kr.	Fjöldi framt.	Fjöldi bóta-þega	Bætur að meðaltali Viðm.-kerfi kr.	Tilr.-kerfi kr.	Breyting bóta frá viðmiðun kr.	Hlutfall breytingar af tekjum %	Fjöldadreifing bótaþega 1000	1000 / 2000	2000 / 3000	3000 / 4000	4000 / 6000	6000 / 8000	8000 / 10000	10000 / 12000	12000
20	5.2	230	0	0	0	0	0.0									
40	31.8	270	20	0	956	956	2.7	*	*							
60	52.0	560	170	0	1 538	1 538	2.7	*	*	*	*					
80	72.6	1 930	840	0	3 530	3 530	4.8	*	*	170	210	270	*			
100	90.0	3 200	1 660	0	4 891	4 891	5.4	*	180	*	170	670	390	110		
120	110.6	3 440	2 580	0	6 321	6 321	5.7	*	*	170	160	480	1 060	540	*	
140	130.2	4 400	3 230	0	6 446	6 446	5.0	*	220	260	220	530	710	920	310	
160	150.2	5 950	4 130	0	6 832	6 832	4.6	140	350	310	430	560	650	640	820	280
180	169.7	5 790	3 090	0	6 318	6 318	3.7	200	320	270	240	550	540	340	260	370
200	189.8	5 830	2 110	0	4 171	4 171	2.2	150	430	390	290	340	230	140	*	*
220	209.7	4 570	850	0	2 859	2 859	1.4	170	230	150	*	140	*	*	*	
250	234.4	5 270	280	0	2 522	2 522	1.1	*	*	*	*	*	*			
300	271.2	4 340	30	0	1 997	1 997	0.8		*		*					
350	322.2	1 610	0	0	0	0	0.0									
400	371.5	760	0	0	0	0	0.0									
→	483.2	830	10	0	9 506	9 506	1.1							*		
Samt.	183.3	48 980	19 050	0	5 704	5 704	4.3	1 010	2 060	1 920	1 840	3 570	3 710	2 710	1 530	700

Heildarupphæð láglaunabóta í millj. kr.

	Bætur skv. viðmiðunarkerfi	Bætur skv. tilraunakerfi	Breyting bóta
Láglaunabætur	0.0	108.7	108.7

Einhleypir

Vergar tekjur þús. kr.	Meðal-tekjur þús. kr.	Fjöldi framt.	Fjöldi bóta-þega	Bætur að meðaltali Viðm.-kerfi kr.	Bætur að meðaltali Tilr.-kerfi kr.	Breyting bóta frá viðmiðun kr.	Hlutfall breytingar af tekjum %	Fjöldadreifing bótaþega 1000	1000 / 2000	2000 / 3000	3000 / 4000	4000 / 6000	6000 / 8000	8000 / 10000	10000 / 12000	12000
20	10.0	7 810	0	0	0	0	0.0									
40	31.1	12 690	1 560	0	1 200	1 200	3.4	640	820	*						
60	49.8	13 200	5 410	0	2 560	2 560	5.0	890	1 210	1 240	1 130	940				
80	69.6	10 730	0	4 014	4 014	5.8	570	950	570	800	4 410	*				
100	89.6	8 210	3 810	0	2 725	2 725	3.2	480	950	760	790	810	*			
120	109.6	4 710	70	0	1 831	1 831	1.7	*	*	*	*					
140	128.8	3 070	10	0	3 862	3 862	3.1				*					
160	149.2	2 100	0	0	0	0	0.0									
180	168.3	830	0	0	0	0	0.0									
200	189.0	680	0	0	0	0	0.0									
220	208.6	220	0	0	0	0	0.0									
250	235.8	480	0	0	0	0	0.0									
300	274.0	140	10	0	3 840	3 840	1.5									
350	329.1	30	0	0	0	0	0.0									
400	375.0	20	0	0	0	0	0.0									
→	571.9	20	0	0	0	0	0.0									
Samt.	66.7	64 990	18 250	0	3 065	3 065	4.8	2 600	3 950	2 690	2 750	6 160	100	0	0	0

Heildarupphæð láglaunabóta í millj. kr.

	Bætur skv. viðmiðunarkerfi	Bætur skv. tilraunakerfi	Breyting bóta
Láglaunabætur	0.0	55.9	55.9

Einstæðir foreldrar samtals

Vergar tekjur þús. kr.	Meðal-tekjur þús. kr.	Fjöldi framt.	Fjöldi bóta-þega	Bætur að meðaltali Viðm.-kerfi kr.	Tilr.-kerfi kr.	Breyting bóta frá viðmiðun kr.	Hlutfall breytingar af tekjum %	Fjöldadreifing bótaþega 1000	1000 / 2000	2000 / 3000	3000 / 4000	4000 / 6000	6000 / 8000	8000 / 10000	10000 / 12000
20	12.0	360	0	0	0	0	0.0								
40	30.5	510	130	0	1 291	1 291	3.6	*	*	*					
60	50.7	760	520	0	2 690	2 690	5.1	*	*	170	190	*			
80	70.0	1 050	840	0	4 686	4 686	6.7	*	*	*	*	540	140		
100	90.0	940	730	0	5 202	5 202	5.9		*	*	110	230	320		
120	109.6	660	310	0	2 796	2 796	2.6	*	*	*	*	*	*		
140	128.5	530	10	0	3 167	3 167	2.5				*				
160	147.5	130	0	0	0	0	0.0								
180	167.2	60	0	0	0	0	0.0								
200	185.6	60	0	0	0	0	0.0								
220	210.5	20	0	0	0	0	0.0								
250	235.4	10	0	0	0	0	0.0								
300	0.0	0	0	0	0	0	0.0								
350	0.0	0	0	0	0	0	0.0								
400	0.0	0	0	0	0	0	0.0								
→	416.4	10	0	0	0	0	0.0								
Samt.	80.0	5 100	2 540	0	4 015	4 015	5.5	160	280	360	390	880	470	0	0	0

Heildarupphæð láglaunabóta í millj. kr.

	Bætur skv. viðmiðunarkerfi	Bætur skv. tilraunakerfi	Breyting bóta
Láglaunabætur	0.0	10.2	10.2

Allir framteljendur

Vergar tekjur þús. kr.	Meðal-tekjur þús. kr.	Fjöldi framt.	Fjöldi bóta-þega	Bætur að meðaltali Viðm.-kerfi kr.	Bætur að meðaltali Tilr.-kerfi kr.	Breyting bóta frá viðmiðun kr.	Hlutfall breytingar af tekjum %	Fjöldadreifing bótaþega 1000	1000 / 2000	2000 / 3000	3000 / 4000	4000 / 6000	6000 / 8000	8000 / 10000	10000 / 12000	12000
20	7.7	23 140	0	0	0	0	0.0									
40	30.8	25 730	3 800	0	1 155	1 155	3.3	1 630	2 050	120						
60	49.8	27 260	10 330	0	2 547	2 547	5.0	1 320	2 200	2 940	2 650	1 220				
80	69.6	21 800	12 210	0	4 134	4 134	5.9	810	1 410	890	1 230	7 210	660			
100	90.1	18 120	9 020	0	4 572	4 572	5.1	640	1 230	1 090	1 150	1 710	2 370	830		
120	109.7	13 710	5 390	0	5 873	5 873	5.4	170	280	430	560	1 220	1 440	1 150	140	
140	129.6	11 210	4 060	0	3 959	3 959	3.1	130	770	610	710	1 080	580	150	*	
160	149.5	8 760	1 830	0	2 329	2 329	1.6	410	450	550	190	190	*	*		
180	169.4	5 740	190	0	1 579	1 579	0.9	*	*	*		*				
200	189.6	4 040	0	0	0	0	0.0									
220	209.6	2 500	0	0	0	0	0.0									
250	234.2	2 650	0	0	0	0	0.0									
300	272.8	1 840	10	0	3 840	3 840	1.5				*					
350	322.0	760	0	0	0	0	0.0									
400	373.9	370	0	0	0	0	0.0									
→	487.0	420	10	0	3 730	3 730	0.5				*					
Samt.	81.6	168 050	46 850	0	3 731	3 731	4.8	5 160	8 490	6 660	6 510	12 640	5 080	2 140	170	0

Heildarupphæð láglaunabóta í millj. kr.

	Bætur skv. viðmiðunarkerfi	Bætur skv. tilraunakerfi	Breyting bóta
Láglaunabætur	0.0	174.8	174.8

Fylgiskjal II.

Lán úr Byggðasjóði 1972—1981 á verðlagi hvers árs.

Fyrirtæki í sérstakri athugun í jan. 1983.		1972 Þús. nýkr.	1973 Þús. nýkr.	1974 Þús. nýkr.	1975 Þús. nýkr.	1976 Þús. nýkr.	1977 Þús. nýkr.	1978 Þús. nýkr.	1979 Þús. nýkr.	1980 Þús. nýkr.	1981 Þús. nýkr.
7473-3743	Samtog s.f., Vestmannaeyjum										2 000*)
4295-7968	Hraðfrystistöð Eyrarbakka hf.	25		35	97	42	550*)	390*)	559*)		1 090*)
0412-3727	Árborg hf., Selfossi				176					300	
6574-3086	Miðnes hf., Sandgerði				88				260*)	117	
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	53							385		6 000*)
5579-5169	Keflavík hf., Keflavík				88				150		
1489-6562	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar							150			550*)
8134-6720	Sjóli hf., Reykjavík									80	20
3523-9324	Haförn hf., Akranesi										
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturl. hf., Akranesi										1 800*)
9038-8034	Útver hf., Ólafsvík										
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfj. hf.	38*)	45	25		50	333	270	458	1 292*)	850
4295-7763	Hraðfrystihús Tálknafj. hf.		9		50		300*)		450		
2342-8652	Fiskvinnslan hf., Bíldudal				60*)	481	439*)	669	275*)	400	1 745*)
2377-6081	Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri	50	26		50	52			604*)	380	925*)
4237-9697	Hlaðsvík hf., Suðureyri										1 300*)
2342-8083	Fiskiðja Sauðárkróks hf.			53					185		300
8165-1884	Skjöldur hf., Sauðárkróki	10		30				40			
9032-7208	Útgerðarfélag Skagfirðinga hf.	105	140	20	380*)	10	330	500*)			
4295-7907	Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi			30	20		150	250	130		750*)
9704-6948	Þormóður rammi hf., Siglufirði	53	58			30	279		1 144*)	400	5 800*)
9032-7054	Útgerðarfélag KEA, Hrísey				100						
5979-0471	Langanes hf., Húsavík			98*)	188						300*)
5423-7529	Jökull hf., Raufarhöfn	158*)				170*)		215*)	71*)	1 050*)	
2342-8792	Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	10	20	15	50		520	100	318*)	50	200
1489-2907	Búlandstindur hf., Djúpavogi		25	31	302*)	117	263*)	357	1 300	150	7 980
5579-2763	KASK, Hornafirði	50		150	350	130	270		1 340*)		1 500*)

*) Að einhverju eða öllu leyti skuldbreyting eða fjárhagsleg endurskipulagning.

Fylgiskjal III.

Listi yfir fyrirtæki, sem fengið hafa lán vegna sérstaks vanda haustið 1981 og á árinu 1982 — alls kr. 73 milljónir. Lánin eru til 10 ára, verðtryggð með 2% vöxtum og afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

		Sérstök lán BS:
0412-3727	Árborg h.f., Selfossi	1 000
2342-8121	Fiskiðjan h/f, Vestmannaeyjum	1 000
2342-8652	Fiskvinnslan á Bíldudal h/f	2 000
2528-9595	Garðskagi h/f, Garði	1 000
3100-2125	Fiskiðja Sauðárkróks	500
4295-7178	Hraðfrystihús Eskifjarðar h/f	5 000
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur h/f	5 000
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f	3 000
4295-7658	Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f	1 000
4295-7682	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h/f	1 000
4295-7844	Hraðfrystihús Þórkötlustaða	1 000
4295-7907	Hraðfrystihúsið h/f, Hofsósi	1 200
4295-7968	Hraðfrystistöð Eyrarbakka h/f	1 750
4295-8042	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f	1 000
4295-8123	Hraðfrystistöðin í Reykjavík	1 500
4814-6001	Ísbjörninn h/f, Reykjavík	2 000
5423-7529	Jökull h/f, Raufarhöfn	3 700
5579-5169	Keflavík h/f, Keflavík	300
5975-3339	Krossvík h/f, Akranesi	1 000
6145-3644	Lýsi og Mjöl h/f, Hafnarfirði	750
6566-2760	Meitillinn h/f, Þorlákshöfn	6 000
6574-3086	Miðnes h/f, Sandgerði	1 000
8110-7785	Síldarv. h/f, Neskaupstað	2 000
8134-6526	Sjófang h/f, Reykjavík	870
8805-2382	Sæblik h/f, Kópaskeri	300
8806-5018	Sæfang h/f, Grundarfirði	2 000
8859-0244	Tangi h/f, Vopnafirði	3 000
9032-7100	Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f	1 000
9032-7232	Útgerðarfélag Skagfirðinga h/f	2 500
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands h/f	1 000
	Hraðfrystihús Ólafsvíkur	3 750
	Skjöldur h/f, Sauðárkróki	800
	Þormóður rammi, Siglufirði	4 400
	Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1 500
	Stemma h/f, Hornafirði	930
	Íshúsfélag Bolungarvíkur	2 000
	Söltunarfélag Dalvíkur h/f	750
	Magnús Gamalíelsson h/f, Ólafsvík	1 000
	Kaldbakur h/f, Grenivík	1 000
	Sjöstjarnan h/f, Njarðvík	500
	Kópanes, Patreksfirði	1 500

Fylgiskjal IV.

Listi yfir þau fyrirtæki, sem fengu í Byggðasjóði skuldbreytingalán 1981—82 til viðbótar lánum vegna sérstaks vanda (sbr. fyrri lista).

		Þús kr.
2342-9121	Fiskiðjan h. f., Vestmannaeyjum	100
2342-9652	Fiskvinnslan h.f., Bíldudal	500
4297-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur h.f.	500
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar h.f.	1 200
4205-7658	Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f.	1 200
4295-7682	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	600
4295-7907	Hraðfrystihúsið h.f., Hofsósi	480
4295-8042	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f.	250
4295-8085	Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	280
4295-8123	Hraðfrystistöðin í Reykjavík	200
4252-8166	Ísbjörninn, Rvk	2 000
5423-7529	Jökull h.f., Raufarhöfn	600
5579-5169	Keflavík h.f., Keflavík	700
6566-2760	Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	2 400
6574-3086	Miðnes h.f., Sandgerði	100
8110-7785	Síldarv. h.f., Neskaupstað	1 000
8805-2382	Sæblik, h.f., Kópaskeri	240
8806-5018	Sæfang h.f., Grundarfirði	100
8859-0244	Tangi h.f., Vopnafirði	1 000
9032-6929	Útgerðarfélag Dalvíkinga h.f.	680
9032-7100	Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h.f.	200
9032-7232	Útgerðarfélag Skagfirðinga h.f.	2 400
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands h.f.	2 100
	Hraðfrystihús Ólafsvíkur	500
	Skjöldur h.f., Sauðárkróki	190
	Þormóður rammi, Siglufirði	500
	Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1 500
	Stemma h.f., Hornafirði	70
	Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	550
	Magnús Gamalíelsson h.f., Ólafsfirði	850
	Kaldbakur h.f., Grenivík	160
	Sjöstjarnan h.f., Njarðvík	200
	Hraðfrystihús Breiðdælinga h.f.	1 400

Fylgiskjal V.

Greiðsluerfiðleikar loðnuverksmiðja, vegna loðnuleysis.

Loðnuverksmiðjur, sem Loðnuleysisnefnd leggur til að fái fyrirgreiðslu (án S.R.)	Tillögur um skiptingu 15 m. kr. styrks og 25 m. kr. láns til verksmiðjanna, fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar[1]) Lán	Styrkur	Alls
1. Síldar- og fiskimjölsverksm. Akraness h.f.	2 043	1 225	3 268
2. Svalbarði h.f., Patreksfirði	296	178	474
3. Einar Guðfinnsson h.f., Bolungarvík	1 781	1 069	2 850
4. Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	1 466	880	2 346
5. Ísbjörninn h.f., Seyðisfirði	1 573	943	2 516
6. Síldarvinnslan h.f., Neskaupstað	3 405	2 043	5 448
7. Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	2 915	1 749	4 664
8. Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar h.f.	369	221	590
9. Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	357	215	572
10. Búlandstindur h.f., Djúpavogi	135	81	216
11. Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar h.f.	346	208	554
12. Fiskimjölsverksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum	2 711	1 627	4 338
13. Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f., FES	1 438	862	2 300
14. Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	964	578	1 542
15. Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík	935	561	1 496
16. Njörður h.f., Sandgerði	681	409	1 090
17. Lýsi og Mjöl h.f., Hafnarfirði	1 186	712	1 898
18. Síldar- og fiskimjölsverksm. h.f., Rvík.	2 399	1 439	3 838
Samtals þús. kr.	25 000	15 000	40 000

1) Fénu er skipt á fyrirtæki, að hálfu eftir meðalfastakostnaði þeirra 1979—1981 á verðlagi 1981, skv. úrvinnslu Endurskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar h.f. og að hálfu eftir mótteknu magni loðnu til vinnslu 1979—1981, skv. uppl. loðnunefndar.

Fylgiskjal VI.

VERÐHÆKKANAREIKNINGUR II 1982.

Áætlun um gengismun skv. bráðabirgðalögum nr. 79 frá 21. ágúst 1982.

Samtals inngreiddur gengismunur þ. 20. janúar 1983 ásamt vöxtum fyrir árið 1982		kr.	123 500 000
Áætlaður óinnkominn:			
1) Freðfiskur:			
S.H. 20 000 000			
S.Í.S. 5 000 000			
	25 000 000		
2) Saltfiskur (S.Í.F.)	6 000 000		
3) Skreið	54 000 000		
		kr.	85 000 000
Samtals áætlaður gengismunur		kr.	208 500 000

1+2) Skv. áætlun sölusamtakanna.
3) Hér er miðað við birgðir þ. 22/8 1982 skv. upplýsingum Fiskifélagsins reiknaðar á gengi (18,490) dagsins í dag að frádr. þeim gengismun, sem hefur skilað sér nú þegar.

Óinngreiddur gengismunur af öðrum afurðum eða frá öðrum söluaðilum en að framan greinir er áætlaður lítill og myndi því í engu breyta þessari áætlun.

20.01.1983.

Yfirlit um ráðstafaðan gengismun þ. 20/1 1983.

Skv. 1. tl. 4. gr. (Aflatryggingasjóður)	kr.	80 000 000
Skv. 2. tl. 4. gr. (Byggðasjóður)	kr.	15 000 000
Skv. 3. tl. 4. gr. (Fiskimálasjóður)	kr.	5 000 000
Skv. 4. tl. 4. gr. (Lífeyrissjóður sjómanna)	kr.	2 500 000
Samtals ráðstafað 20/1 1983	kr.	102 500 000
Enn óráðstafað:		
Skv. 3. tl. 4. gr. (Fiskimálasjóður)	kr.	5 000 000
Skv. 4. tl. 4. gr. (Lífeyrissjóður)	kr.	2 500 000
Samtals til ráðstöfunar skv. tl. 1—4	kr.	110 000 000

VERÐJÖFNUNARSJÓÐUR FISKIÐNAÐARINS

Upplýsingar um stöðu sjóðsins þ. 1. janúar 1983 teknar saman að ósk fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. Alþingis. Sent formanni nefndarinnar, Halldóri Ásgrímssyni.

Áætlun um stöðu Verðjöfnunarsjóðs þ. 1. janúar 1983.
(í þús. kr.)

Deild fyrir frystar fiskafurðir:		
Freðfiskur	518	
Rækja	254	
Hörpudiskur	15 765	
Humar	35 380	
		51 917
Deild fyrir saltfiskafurðir:		
Óverkaður og söltuð ufsaflök	85 200	
Verkaður (þurr)	22	
		85 222
Deild fyrir saltsíldarafurðir		290
Deild fyrir skreiðarafurðir		125 000
Deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja:		
1) Loðnumjöl og -lýsi	÷70 000	
Fiskmjöl	62	
Spærlings- og kolmunnamjöl	667	
Síldarmjöl og -lýsi	3 388	
		÷65 883
	Samtals	196 546

1) Staða lánsins, sem tekið var til þess að gera deildinni kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. október til 31. desember 1981, sbr. lög nr. 81 frá 1981, 3. gr. Lánsfjárhæðin var kr. 42 000 000.

Fylgiskjal VII.

Seðlabanki Íslands.
Reykjavík, 28. janúar 1983.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Neðri deildar,
Hr. form. Halldór Ásgrímsson,
Alþingi, Austurvelli.

Seðlabankinn hefur móttekið bréf yðar, dags. 27. janúar s. l., þar sem óskað er upplýsinga um þann gengismun, sem væntanlega mun koma fram í Gengismunarsjóð af skreiðarbirgðum tiltekinna fyrirtækja, sbr. lista frá Framkvæmdastofnun ríkisins sem móttekinn var sama dag.

Seðlabankinn hefur ekki tök á að svara nákvæmlega þeirri spurningu sem að ofan er greind, heldur verður að áætla út frá þeim tölum, sem tiltækar eru, hver gengismunur umræddra fyrirtækja yrði væntanlega. Til þess að veita nákvæmar upplýsingar yrðu að liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um birgðir fyrirtækjanna, gæði birgðanna, hvort um er að ræða þorsk eða aðrar tegundir eða þorskhausa, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Hjálagt er listi, sem sýnir endurkeypt skreiðarlán vegna umræddra fyrirtækja, eins og þau voru 26. janúar s. l., skipt á framleiðslutímabil. Gengismun ber að greiða af framleiðslu ársins 1981 og framleiðslutímabili 1982/1. Endurkeypt lán vegna skreiðarbirgða þessara fyrirtækja, sem greiða ber gengismun af, nema samtals kr. 56 948 970 og er sú upphæð 15,9% af heildarendurkeyptum lánum vegna skreiðarframleiðslu umræddra tímabila. Miðað við það, að tegundir og gæði skreiðarbirgðanna séu hin sömu alls staðar, má ætla að sá gengismunur, sem þessi fyrirtæki ættu að greiða, væri sama hlutfall og að ofan greinir. Áætlaður ógreiddur gengismunur vegna skreiðarbirgða er 54 millj. kr., og 15,9% af þeirri upphæð er kr. 8 586 þús., sem umrædd fyrirtæki ættu að standa skil á miðað við gefnar forsendur.

Rétt er að það komi fram í þessu sambandi, að mikill óvissa er um sölu skreiðarinnar að því er varðar sölumöguleika og ekki síður um það verð, sem fyrir hana kann að fást að lokum. Eru því allar áætlanir um hugsanlegan gengismun afar óvissar.

28. janúar 1983.

Seðlabanki Íslands.
Lánadeild.

Endurkeypt skreiðarlán eftirtalinna fyrirtækja vegna framleiðslu fyrir 23.08.1982.

Nafn fyrirtækis:		Framleiðslutímabil 1981 (1)	1982/1 (2)	Alls (1+2)
7473-3743	Samtog sf., Vestmannaeyjum	ekki í viðsk		
4295-7968	Hraðfrystist. Eyrarbakka hf.	628 450	2 970 360	3 598 810
0412-3727	Árborg hf., Selfossi	ekki í viðsk.		
6574-3086	Miðnes hf., Sandgerði	811 030	2 602 340	3 413 370
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	1 316 460	2 476 960	3 793 420
5579-5169	Keflavík hf., Keflavík	76 340	3 736 090	4 497 430
1489-6562	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	3 814 910	4 929 270	8 744 180
6134-6720	Sjóli hf., Reykjavík	ekki í viðsk.		
3523-9324	Haförn hf., Akranesi	119 200	1 743 690	1 862 890
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands hf., Akran.	ekki í viðsk.		
9038-8034	Útver hf., Ólafsvík	ekki í viðsk.		
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf.	582 460	1 416 750	1 999 210
4295-7763	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	275 870	22 700	298 570
2342-8652	Fiskvinnslan hf., Bíldudal	1 252 990	764 700	2 017 690
2377-6081	Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri	0	919 020	919 020
4237-9697	Hlaðsvík hf., Suðureyri	ekki í viðsk.		
2342-8083	Fiskiðja Sauðárkróks hf.	0	667 220	667 220
8165-1884	Skjöldur hf., Sauðárkróki	555 360	764 460	1 319 820
9032-7208	Útgerðarfélag Skagfirðinga hf.	ekki í viðsk.		
4295-7907	Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi	660 790	765 060	1 425 850
9704-6948	Þormóður rammi hf., Siglufirði	940 900	1 173 340	2 122 240
9032-7054	Útgerðarfélag KEA, Hrísey	(finnst ekki í viðsk.)		
5979-0471	Langanes hf., Húsavík	ekki í viðsk.		
5423-7529	Jökull hf., Raufarhöfn	731 690	444 030	1 175 720
2342-8792	Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	4 017 680	4 317 380	8 335 060
1489-2908	Búlandstindur hf., Djúpavogi	1 119 650	649 300	1 768 950
5579-2763	KASK, Hornafirði	0	8 989 520	8 989 520
	Alls	17 596 780	39 352 190	56 948 970

Fylgiskjal VIII.

Hr. alþingismaður,
Matthías Á. Mathiesen.

Sem svar við fyrirspurn yðar, sem fram kom á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis í gær, vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Ráðuneytið telur enga lagalega fyrirstöðu á því að greiða bætur til láglaunafólks á grundvelli þeirra heimilda sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 veitir. Ráðuneytið minnir á að mörg dæmi eru þess, að Alþingi hafi veitt framkvæmdavaldinu svipaðar heimildir, og tilgreinir þar sérstaklega liðinn „niðurgreiðslur á vöruverði", sbr. lið 12-201 í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1983.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Fylgiskjal IX.

Greinargerð Sigurðar Líndal prófessors 9. des. 1983.

I.

Formaður fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar alþingis, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur farið þess á leit, að ég svaraði þeirri spurningu, eftir hvaða reglum reikna ætti út verðbætur á laun, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, ef frumvarp til staðfestingar þeirra, sem nú hefur verið lagt fyrir efri deild Alþingis, næði ekki samþykki á tímabilinu desember 1982 til febrúar 1983.

Ákvæði það, sem hér er til skoðunar, hljóðar svo:

„Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981."

Kemur það til viðbótar skerðingarákvæðum í 51.—52. gr. laga nr. 13/1979.

Ef Alþingi fellir frumvarpið til staðfestingar á bráðabirgðalögunum afnemur það meðal annars 1. gr. þeirra. Ákvæðin í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981, haldast þá fyrir lög án ofangreinds viðbótarákvæðis. Hér skiptir raunar ekki máli hvort í hlut eiga bráðabirgðalög eða almenn lög sem Alþingi hefur áður samþykkt. Niðurstaðan yrði sú sama.

Til frekari áréttingar skal hér minnt á sérstöðu bráðabirgðalaga. Um það efni segir Ólafur Jóhannesson í ritinu Stjórnskipun Íslands:

„Afleiðingin af afnámi bráðabirgðalaga er yfirleitt hin sama og af ógildingu annarra laga. Þau eru úr sögunni að því er til framtíðarinnar tekur, stofna hvorki rétt né skyldu frá því augnabliki, er þau ganga úr gildi. Hins vegar stendur óhaggað það réttarástand, er þau hafa áður skapað. Gildir það eins þótt Alþingi hafi beinlínis fellt lögin ... Gildi bráðabirgðalaga er því alveg hið sama og annarra laga, á meðan það helst, enda þótt því ljúki með sérstökum hætti. Rétt er þó að vekja athygli á einu atriði. Þegar almenn lög fella

önnur eldri lög úr gildi, er sú brottfelling hinna eldri laga endanleg, og þau ganga ekki aftur í gildi, þó að yngri lögin séu svo aftur niður felld. Þessi regla gildir sennilega ekki um almenn lög, sem bráðabirgðalög fella niður. Verði bráðabirgðalögin ekki útrædd eða séu felld, verður að ætla, að hin eldri almennu lög rakni aftur við." (2. útgáfa 1978, bls. 327.)

Ákvæði bráðabirgðalaga, sem fela í sér breytingu á almennum lögum, hljóta að vera undir sömu sök seld. Ef bráðabirgðalögin nr. 79/1982 næðu ekki samþykki yrði afleiðingin samkvæmt þessu hin sama og áður er lýst: Ákvæðin í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. l. nr. 10/1981, haldast þá óbreytt eins og fyrir gildistöku bráðabirgðalaganna.

Þá kemur til álita, hvort ákvörðun kauplagsnefndar frá 17. nóvember s. l., sem miðuð var við 1. desember, standi óhögguð til loka verðbótatímabilsins, 28. febrúar 1983, þótt bráðabirgðalögin féllu úr gildi fyrir þann tíma.

Eins og áður er getið hafa bráðabirgðalög að ýmsu leyti sérstöðu sem óþarft er að lýsa í smáatriðum. Mestu máli skiptir að Alþingi á ekki hlut að setningu þeirra. Það væri andstætt meginreglum íslenskrar stjórnskipunar um lagasetningarvald ef sú skipan, sem komið hefur verið á með bráðabirgðalögunum, yrði látin haldast gegn vilja Alþingis.

Þá er það enn fremur mat mitt, að brottfelling bráðabirgðalaganna feli í sér svo gagngera breytingu á þeim lagaákvæðum um verðbótahækkun launa, sem kauplagsnefnd lagði til grundvallar við síðasta útreikning sinn, að forsendur fyrir honum séu brostnar, Kauplagsnefnd eigi þá að reikna út verðbætur á laun að nýju og birta tilkynningu þar að lútandi. Þær greiðist síðan launþegum frá þeim degi sem lögin ganga úr gildi. Verðbótaskerðingu þeirri, sem þá er þegar orðin, verður á hinn bóginn ekki haggað nema sett séu sérstök lagafyrirmæli um það.

II.

Á fundi nefndarinnar 7. desember s. l. var um það spurt, hvernig bæri að standa að verðbótahækkun launa næstu verðbótatímabil ef bráðabirgðalögin giltu fram yfir 1. mars 1983.

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaganna nr. 79/1982 segir að helmingur verðbótahækkunarinnar skuli felldur niður „frá 1. desember 1982". Lýsti ég þeim skilningi að orðalag ákvæðisins yrði ekki skilið á annan veg en þann, að verðbótahækkanir skertust sem þessu næmi öll verðbótatímabil sem lögin héldu gildi. Öðrum kosti hefði verið nauðsynlegt að kveða á um það berum orðum, til hvaða verðbótatímabila lögin tækju.

Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar hafa ekki viljað fallast á þessa túlkun og talið að orðalag hliðstætt þessu hefði ávallt verið skilið svo að það tæki einungis til eins verðbótatímabils. Þá hafa bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra lýst því yfir að aldrei hafi verið til annars ætlast en verðbótaskerðingin næði einungis til tímabilsins 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983.

Slíkar yfirlýsingar geta verið til leiðbeiningar við lögskýringu en binda dómstóla ekki. Ég tel því rétt að orða ákvæðið þannig að taki af öll hugsanleg tvímæli. Ella gæti hlotist af málarekstur þar sem engin vissa væri fyrir því, að skilningur sérfræðinga eða yfirlýsingar ráðherra fengju staðfestingu.

III.

Eftir fundinn 7. desember var þeirri beiðni komið til mín, að ég segði álit á því, hvort í 2. gr. bráðabirgðalaganna nr. 79/1982 fælist framsal valds umfram það sem stjórnlög leyfðu.

Þetta málefni hef ég ekki haft aðstöðu til að kanna séstaklega á þeim tíma sem mér er ætlaður, en vil þó taka þetta fram:

Alkunnugt er að Alþingi hefur iðulega samþykkt lagagreinar sem fela í sér víðtækt valdaframsal til handhafa framkvæmdavalds. Ég tel að með þessu ákvæði sé í sjálfu sér ekki gengið lengra en fordæmi eru fyrir.

Við ákvæðið er það helst að athuga, að þar er enga vísbendingu að finna um það, við hvað sé átt með orðinu „láglaunafólk". Rétt hefði verið að skilgreina það.

Hitt er svo annað mál að nauðsynlegt er að Alþingi taki til sérstakrar umfjöllunar stöðu sína gagnvart framkvæmdavaldinu og marki þar stefnu.

Fylgiskjal X.

Hr. prófessor,
Sigurður Líndal,
Lagadeild,
Háskóla Íslands.

31. janúar 1983.

Sú ósk hefur verið borin fram í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. Alþingis, að þér, í framhaldi af greinargerð yðar frá 9. des. s. l., létuð nefndinni í té skoðun yðar á því, hvort fyrir hendi séu næg lagafyrirmæli til greiðslu bóta til láglaunafólks á árinu 1983, að upphæð 125 m. kr., en lagafyrirmæli til greiðslu láglaunabóta 1982 er að finna í 2. gr. bráðabirgðalaga frá 12. ágúst 1982.

Ákvæði um láglaunabætur 1983 er ekki að finna, að dómi fyrirspyrjanda, en á hefur verið bent, að í fjárlögum 1983, 4. gr. lið 09-990, er greiðsluheimild til efnahagsaðgerða að upphæð 130 m. kr.

Nefndarmenn eru að sjálfsögðu reiðubúnir til viðræðna um þetta atriði og nánari útskýringa, ef þörf er á að yðar dómi.

Þá er yður sent bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 28. jan. s. l., varðandi efnisatriði þetta.

Með ósk um skriflegt svar yðar við fyrsta hentugt tækifæri.

Virðingarfyllst,
f. h. fjárhags- og viðskiptanefndar Nd.
Guðmundur J. Guðmundsson,
varaform.

Ed. 283. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu sem birt er á sérstöku þingskjali.

Lárus Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. febr. 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Stefán Jónsson.
Guðm. Karlsson.	Jón Helgason.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 284. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

34. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini, megi stjórna vélknúnum ökutækjum hér. Hann setur og reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem hafa erlend ökuskírteini, geti fengið íslensk ökuskírteini.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur öðlast lögheimili hér.

Ed. 285. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem birt er á sérstöku þingskjali.

Lárus Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. febr. 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Stefán Jónsson.
Jón Helgason.	Stefán Guðmundsson.	Guðm. Karlsson.

Ed. 286. Breytingartillaga [120. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr. orðist svo:

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum áhafnanefndar skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

Ed. 287. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

11. gr. orðist svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Egill Jónsson og Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 1. febr. 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Karl Steinar Guðnason.

Geir Gunnarsson. Guðm. Karlsson.

Ed. 288. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 1. febr. 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. gr. orðist svo:
   1. mgr. 2. gr. laga nr. 29 1981 falli niður.
2. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og er heimilt að greiða bætur úr sjóðnum vegna aflabrests á grásleppuvertíð 1982.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Egill Jónsson og Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 1. febr. 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Guðm. Bjarnason, fundaskr. | Karl Steinar Guðnason.

Geir Gunnarsson. | Guðm. Karlsson.

Sþ. 289. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um rannsóknir á hvalastofnum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að rannsóknir á hvalastofnunum hér við land verði stóreflda frá því sem nú er, í þeim tilgangi að auðvelda allar ákvarðanir um nýtingu þeirra og verndun á komandi árum.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa umræður um hvalveiðar Íslendinga verið ofarlega á baugi. Skiptar skoðanir eru um það, hvort veiðar á hvölum séu réttlætanlegar og hvort nægjanleg vitneskja sé um hvalastofnana. Afstaða stjórnvalda hefur hins vegar verið sú, að hvalir séu endurnýjanleg auðlind hafsins sem nýta beri af skynsemi, m. a. með tilliti til veiðiþols stofnanna.

Á undanförnum áratugum hafa hvalrannsóknir hérlendis verið að töluverðu leyti í höndum erlendra samstarfsaðila Hafrannsóknastofnunarinnar. Auk eigin athugana hefur stofnunin því stuðst við niðurstöður þessara aðila við mat á ástandi hvalastofnanna hér við land. Einnig hefur verið fjallað um gögn um hvalveiðarnar í Vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem hefur lagt til árlega veiðikvóta með tilliti til vitneskju um ástand stofnanna hverju sinni.

Íslensk stjórnvöld hafa hvatt til aukinna hvalrannsókna, m. a. með skuldbindingum um að veita 7 erlendum vísindamönnum á sviði hvalrannsókna aðstöðu til ýmiss konar athugana við Hvalstöðina í Hvalfirði.

Haldi veiðar áfram verður það að teljast skylda Íslendinga að annast sem ítarlegastar rannsóknir á ástandi þeirra þriggja hvalastofna (langreyðar, sandreyðar og hrefnu), sem hér eru veiddir, svo hæfileg nýting stofnanna verði sem best tryggð. Síðastliðin ár hafa rannsóknir á ástandi hvalastofnanna færst nær alveg í hendur Íslendinga og hafa helstu verkefni Hafrannsóknastofnunar verið þessi:

1. Rannsóknir á sambandi sóknar og veiða.
2. Rannsóknir á almennri líffræði (aldur, vöxtur og viðkoma) þeirra hvalategunda sem hér eru veiddar.
3. Merkingar og talning hvala hér við land.

Öllum þessum rannsóknum er ætlað að varpa ljósi á raunverulegt veiðiþol stofnanna. Best hefur miðað rannsóknum á langreyði, þó meira þurfi til ef vel á að vera. Sandreyðar- og hrefnuathuganir eru hins vegar styttra á veg komnar og því úrbóta þörf. Við Hafrannsóknastofnunina starfar einn sérfræðingur að staðaldri við hvalrannsóknir, auk annars starfsfólks við tímabundin verkefni, m. a. sýnatöku að sumri til.

Brýnustu verkefnum, sem vinna þarf að í náinni framtíð, verður því aðeins sinnt að mun meira fjármagn verði veitt til hvalrannsókna en verið hefur. Þó hvalmerkingar séu kostnaðarsamar (útgerð rannsóknaskipa) er mikilvægt að þær verði stórefldar. Fyrstu merkingar Íslendinga á langreyði voru gerðar árið 1965, en hafa einkum verið framkvæmdar eftir 1979, og þarf enn að auka þar við svo þær skili marktækum niðurstöðum um stofnstærð í náinni framtíð. Sandreyðar- og þó einkum hrefnumerkingar eru mun styttra á veg komnar, eins og fyrr segir. Hvað varðar aðra þætti rannsóknanna er kostnaður mun minni. Hér er fyrst og fremst þörf aukins mannafla, sem eingöngu fengist við gagnaöflun og úrvinnslu.

Ed. 290. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um þjóðsöng Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem birt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. febr. 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Stefán Guðmundsson.
Stefán Jónsson.	Egill Jónsson.	Jón Helgason.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 291. Breytingartillögur [97. mál]

við frv. til laga um þjóðsöng Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

1. 3. gr. orðist svo:
   Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upphaflegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.
2. 4. gr. falli niður.

Nd. 292. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Vilmundur Gylfason, Ólafur G. Einarsson og Friðjón Þórðarson voru fjarrverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. febr. 1983.

Ingólfur Guðnason, form.	Guðrún Helgadóttir, frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Halldór Blöndal.

Sþ. 293. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um þjónustutíma Landssímans.

Flm.: Stefán Jónsson, Guðmundur Karlsson, Árni Gunnarsson, Helgi Seljan.

1. Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað færa þjónustutíma Landssímans í það horf, að símstöðvar verði opnar til þjónustu fyrir almenning eigi skemur virka daga en frá kl. 9—20 og helga daga eigi skemur en frá kl. 11—19, og að símstöðvum í kaupstöðum og kauptúnum verði fengin fyrri verkefni, svo sem upplýsingaþjónusta hvers konar innan viðkomandi bæja og héraða.
2. Alþingi skorar á ríkisstjórnina að sjá til þess að samdráttur eða tilfærsla á þjónustuþáttum Pósts og síma verði framvegis í samráði við viðkomandi sveitarfélög.

Greinargerð.

Landssíminn er eign þjóðarinnar allrar. Póst- og símamálastofnuninni hefur verið falið að annast rekstur hans í umboði Alþingis og ríkisstjórnar.

Það er ekki óeðlilegt að á tímum mikilla tæknibreytinga komi upp misræmi á milli kapps og forsjár. Í opinberum rekstri er það hlutverk Alþingis og ríkisstjórnar að gæta forsjárinnar — og meta kappið.

Við leggjum áherslu á að tillögur okkar um opnunartíma símstöðva til fyrra horfs nái fram að ganga þegar í stað.

Við viljum benda þingmönnum og ráðherrum á þann athyglisverða hlut, að símstöðvar í sumum stærstu kaupstöðum landsins hafa ekki lengur skráð símanúmer í Símaskránni, sbr. Keflavík, Akranes og Selfoss.

Í tillögum okkar gerum við ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélög og þeirra samtök verði framvegis ævinlega höfð með í ráðum varðandi breytingar á þjónustu Pósts og síma. Einnig teljum við að varðandi hugmyndir um bætta eða breytta þjónustu sé frumkvæði þeirra samtaka bæði æskilegt og tímabært.

Sþ. 294. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um mótmæli gegn hvalveiðibanni.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur að undanförnu fjallað ýtarlega um hvort samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins varðandi bann við hvalveiðum skuli mótmælt.

Nefndin hefur kallað til fundar fjölmarga aðila sem hafa veitt margvíslegar upplýsingar.

Að athuguðu máli er það niðurstaða meiri hluta nefndarinnar, að ekki sé ráðlegt að bera fram mótmæli.

Undirritaðir nefndarmenn telja að mikilvægt sé að auka enn rannsóknir á hvalastofnunum, þannig að ávallt sé til staðar besta möguleg vísindaleg þekking, sem liggi til grundvallar umræðum og ákvörðunum um veiðar í framtíðinni.

Með tilliti til ofangreindra sjónarmiða leggur meiri hluti nefndarmanna fram

BREYTINGARTILLÖGU:

TIllögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu.

Alþingi, 2. febr. 1983.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Ólafur Ragnar Grímsson. Ey. Kon. Jónsson.

Albert Guðmundsson.

Sþ. 295. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um mótmæli gegn hvalveiðibanni.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar 1. febr. s. l., að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algert bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986 verði mótmælt.

Jafnframt beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar að auka enn rannsóknir á hvalastofnum hér við land, í samvinnu við vísindaráð Alþjóðahvalveiðiráðsins, í því skyni að fyrir liggi sem fullkomnust þekking á þessum hvalastofnum við frekari meðferð málsins.

Alþingi, 2. febr. 1983.

Geir Hallgrímsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Kjartan Jóhannsson.

Nd. 296. Frumvarp til laga [183. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal.

1. gr.

Í 9. gr. laganna falli niður 5. og 6. málsliður í 1. mgr.

2. gr.

a) Í 2. tl. B-liðar 30 gr. laganna falli niður 2. og 3. málsliður.
b) Við B-lið 30. gr. bætist nýr tl., 4. tl., sem orðist svo:

Fé það, sem varið er til hlutabréfakaupa á árinu, að hámarki 10 000 kr. hjá einstaklingi og 20 000 kr. hjá hjónum. Hlutabréfakaup barns innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri foreldra sinna (þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar), teljast með hlutabréfakaupum foreldris, sbr. 1. mgr. 65. gr., og gilda framangreindar hámarksfjárhæðir um samanlögð hlutabréfakaup foreldris og barns.

3. gr.

a) 8. tl. 31. gr. laganna falli niður. Nýr 8. tl. orðist svo:

Helming þeirrar fjárhæðar sem gjaldfærð hefur verið sem stofnkostnaður á rekstrarárinu, sbr. 5. tl. 32. gr. og 1. tl. þessarar greinar.

b) 9. tl. 31. gr. laganna orðist svo:

Þá fjárhæð, er félög, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða eða úthluta í arð. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

c) Núverandi 12. tl. verði 13. tl., en nýr 12. tl. orðist svo:

Framlag í fjárfestingarsjóð í varðveislu félagsins, sem nemur allt að 15% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—11 tl. þessarar málsgreinar. Fjárfestingarsjóði og arði af honum er einungis heimilt að ráðstafa til fjárfestinga í fasteignum, vélum og tækjum, sem tilheyra rekstri félagsins.

4. gr.

Í stað „10%“ í 4. tl. 74. gr. laganna komi: 15%.

5. gr.

78. gr. laganna hljóði svo:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innistæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, svo og skuldabréfalán veitt atvinnufyrirtækjum, hlutabréf, stofnsjóðseignir og stofnfé að því marki sem innistæður þessar og verðbréf eru umfram skuldir, enda séu eignir þessar ekki hluti af eignum atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi.

6. gr.

Í stað „2. tl. B-liðs“ í 121. gr. komi: 2. og 4. tl. B-liðs.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII falli niður í stað nýs ákvæðis til bráðabirgða VIII, sem orðist svo:

Skattaðila skal heimilt að telja aukningu innborgaðs hlutafjár, greiðslur í stofnsjóði og aðra aukningu innborgaðs eigin fjár á árinu 1983 með eigin fé í byrjun árs 1983 þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. 53. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1983 vegna tekna ársins 1982 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Staða íslenskra atvinnufyrirtækja er nú með þeim hætti, að brýna nauðsyn ber til að draga úr erlendri skuldasöfnun, efla innlendan sparnað og opna láns- og áhættufé greiðari leið að arðsömum atvinnurekstri í landinu. Slíkt er nauðsynlegt, ef takast á að byggja upp atvinnulífið og veita komandi kynslóðum ný atvinnutækifæri. Til að ná þessu markmiði er óhjákvæmilegt að breyta lögum um tekju- og eignarskatt eins og þetta frumvarp miðar að.

Á undanförnum árum hafa erlendar skuldir vaxið og komist á hættulegt stig. Talið er að í lok þessa árs nemi erlendar skuldir 40 til 50% af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði vaxta og afborgana af þeim nærri 30% af útflutningstekjum. Þá er 8—9% viðskiptahalla spáð á yfirstandandi ári. Vegna mikillar verðbólgu og óraunhæfra vaxta hafa innlán banka og sparisjóða hins vegar dregist verulega saman í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á s. l. 10 árum. Þetta tímabil hefur einnig verið tími rekstrarerfiðleika í innlendum atvinnurekstri, sem hafa rýrt eiginfjárstöðu fyrirtækja. Af þessum sökum er brýnt að efla innlendan sparnað og breyta skattalögum svo, að innlendur atvinnurekstur geti bætt eiginfjárstöðu sína og fjármagnað rekstur sinn með innlendu láns- og áhættufé.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að:

1. Treysta undirstöður atvinnu í landinu með því að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins, auðvelda stofnun nýrra fyrirtækja og opna innlendu láns- og áhættufé greiðari leið til að örva fjárfestingu í atvinnulífinu og skapa þannig ný atvinnutækifæri í landinu.
2. Efla innlendan sparnað og draga úr erlendri skuldasöfnun með því að gera áhættufé í atvinnurekstri jafnrétthátt öðru sparifé í skattalegu tilliti.
3. Skapa verulegan hvata fyrir allt launafólk til að leggja nokkurt fé í atvinnurekstur og gefa því þannig tækifæri til frekari áhrifa á starfsumhverfi sitt og atvinnu.

Í hnotskurn leggur frumvarpið til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt:

1. Réttur til útgáfu jöfnunarhlutabréfa miðist við árlega stöðu og breytingar á hreinni eign félags.
2. Almenn þátttaka í atvinnurekstri er örvuð með því að veita takmarkaðan frádrátt frá tekjum vegna hlutabréfakaupa.
3. Sérstakur frádráttur verði heimilaður frá tekjum vegna stofnkostnaðar og rannsókna- og þróunarstarfsemi.
4. Arður verði að fullu frádráttarbær hjá greiðanda eins og vextir, en skattfrjáls hjá viðtakanda eins og vaxtatekjur af öðru sparifé.
5. Sérstakt framlag verði heimilað í fjárfestingarsjóð til að örva fjárfestingu í atvinnurekstri og þar með ný atvinnutækifæri.
6. Eignarhlutir í atvinnurekstri (hlutafé, stofnfé o. s. frv.) í eigu einstaklinga svo og skuldabréfalán verði undanþegin eignarskatti eins og annað sparifé.
7. Með sérstakri heimild verði hvatt til þess, að fyrirtæki auki eigið fé sitt á árinu 1983.

Allar þessar breytingar mynda heild. Þær hafa það markmið að efla atvinnureksturinn í landinu og fjölga avinnutækifærum á komandi árum og vera þannig vörn gegn atvinnuleysi. Á fáu er nú brýnni þörf í efnahagsmálum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með niðurfellingu þessara tveggja málsliða úr 9. gr. laganna miðast útgáfa jöfnunarhlutabréfa að hámarki við hreina eign. Þeirri breytingu, ásamt öðrum síðari breytingum, sbr. 2. gr., a- og b-lið 3. gr. og 5. gr. þessa frumvarps, er ætlað að skapa jafnræði með hlutabréfum og verðbréfum ríkissjóðs. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að vísitala til notkunar við útgáfu jöfnunarhlutabréfa hefur ekki að fullu fylgt innlendum verðlagsbreytingum. Hjá einstökum fyrirtækjum breytist hrein eign ekki heldur í takt við breytingar meðalverðlags. Af þessum ástæðum er eðlilegast að miða útgáfu jöfnunarhlutabréfa við raunverulega stöðu hreinnar eignar, enda takmarkast útgáfa bréfanna skv. gildandi lögum ávallt af hreinni eign, þótt vísitala sé notuð.

Um 2. gr.

a) Vaxtatekjur eru undanþegnar tekjuskatti, sbr. 1. tl. B-liðs 30. gr., en skattfrelsi arðs eru settar þröngar skorður. Við venjulegar aðstæður kann að vera rétt að bæði arður og vaxtatekjur séu skattlögð eins og aðrar tekjur. Til þess að örva innlendan sparnað er þó nauðsynlegt á næstu árum að halda þessu skattfrelsi og kynna það rækilega meðal sparifjáreigenda. Vegna jafnræðis og til að örva fjárfestingu í atvinnurekstri og treysta eiginfjárstöðu hans þarf sama regla að gilda um arð af hlutafé og gildir um vexti af öðru sparifé. Er því lagt til að fella niður þá takmörkun á skattfrelsi arðs, sem felst í 2. og 3. málslið.

b) Ákvæði sem þessu hefur áður verið beitt erlendis með mjög góðum árangri. Frægasta dæmið er sennilega frá Þýskalandi á árunum 1950—1960, en þar átti þessi regla mikilvægan þátt í þeirri atvinnuuppbyggingu, sem síðar var nefnd þýska efnahagsundrið. Svipuð regla og þessi er nú í norskum skattalögum. Þar er einstaklingi heimilað að draga sem svarar 570 Bandaríkjadölum frá tekjum fyrir skatta. Féð þarf að vera óhreyft í ár, en ekki er skylda að kaupa hlutabréf árlega, þótt heimildin sé notuð. Áætlað er að Norðmenn hafi lagt fyrir sem samsvarar jafnvirði 14 milljóna dollara fram til síðustu áramóta, en þessi heimild kom til í júní 1982.

Um 3. gr.

a) Hér er um að ræða nýmæli í íslenskum skattalögum síðari ára, að leitt sé í lög almennt ákvæði til að örva fyrirtæki að verja fé til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Slík ákvæði eru algeng víða erlendis og okkur Íslendingum því nauðsynlegt að fara inn á sömu braut, ef atvinnuvegir okkar eiga ekki að verða eftirbátar erlendra keppinauta og undir í samkeppni við þá.

Á árunum 1976—1980 vörðum við Íslendingar aðeins um 0.7% af þjóðartekjunum árlega til rannsókna- og þróunarstarfsemi, á meðan ýmsar þjóðir innan OECD, sem okkur er tamt að bera okkur saman við, vörðu á þessum sama tíma frá 1—2.4%: Danmörk um 1%, Finnland um 1.2%, Noregur og Belgía 1.4%, Svíþjóð, Holland og Japan um 2% og Bretland, Vestur-Þýskaland, Bandaríkin og Sviss 2.2—2.4%. Ákvæðið felur einnig í sér að kostnaður við stofnun nýrra fyrirtækja njóti sömu fríðinda. Auðveldar það stofnun nýrra fyrirtækja. Ný fyrirtæki skapa atvinnu, en hennar er einmitt brýn þörf á næstu árum.

b) Hér er aflétt hámarki á frádráttarbærni arðs til að koma í veg fyrir tvísköttun. Reglur laganna óbreyttar leiða til umfangsmikillar tvísköttunar á arði. Þess vegna er fellt niður í 8. tl. 31. gr., sbr. 3. gr. þessa frumvarps, að arður til félaga frá sams konar félögum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr., sé að hálfu frádráttarbær.

Í atvinnurekstri eru allar vaxtagreiðslur að sjálfsögðu að fullu frádráttarbærar. Eðlilegt er að sama regla gildi um arð. Að öðrum kosti er tilhneigingin sú, að atvinnurekstur sé í of miklum mæli fjármagnaður með lánsfé, en nú er einmitt brýnt að bæta eiginfjárstöðu atvinnurekstrar.

c) Slíkur fjárfestingarsjóður er nokkurt nýmæli í íslenskum skattalögum og er ætlað að koma í stað núverandi framlaga og skattalagningar til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna. Fjárfestingarsjóði ber að halda aðgreindum í bókhaldi og þegar honum er ráðstafað má einungis verja því fé til fjárfestinga í fasteignum, vélum og tækjum sem tengjast rekstri félagsins.

Um 4. gr.

Reglur um 30% niðurfærslu vörubirgða voru lögleiddar á árinu 1971 í tengslum við aðild Íslands að EFTA til samræmis við svipaðar reglur í EFTA-löndunum. Á því ári var verðlag mjög stöðugt og t. d. hækkaði vísitala vöru og þjónustu einungis um 2.7% yfir árið. Verðlagsbreytingar á árunum 1961—1970 voru hins vegar til jafnaðar að meðaltali 11%. Þessa niðurfærslu birgða var atvinnurekstri heimilt að nýta, hvort sem vörubirgðir voru fjármagnaðar með eigin fé eða með lánum.

Engin efnisleg rök styðja þessa skerðingu á þessari niðurfærslu, úr 30% í 10%, en hún var lögleidd með lögum nr. 7/1980. Þvert á móti er mjög nauðsynlegt að halda þessu ákvæði og örva þar með að birgðir verði fjármagnaðar með eigin fé í stað innlends og erlends lánsfjár, eins og orðið hefur í vaxandi mæli vegna verðbólgunnar á síðustu árum. Í 4. gr. þessa frumvarps er þó ekki lagt til að færa ákvæðið í fyrra horf, heldur einungis að láta síðustu skerðinguna, 5%, ekki koma til framkvæmda. Niðurfærsla vörubirgða verði því 15% eins og var í árslok 1981, en lækki ekki í 10% eins og lögin gera ráð fyrir.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að eignir manna í hlutabréfum, stofnsjóði og stofnfé verði undanþegnar eignarskatti með sama hætti og gildir um annað sparifé. Einnig er lagt til að skuldabréfalán veitt atvinnufyrirtækjum séu undanþegin eignarskatti þegar slík verðbréf eru í eigu einstaklinga. Með þessu er stefnt að því, að atvinnurekstur geti boðið út láns- og áhættufé á almennum markaði, en eignarskattsskyldan stendur í vegi fyrir slíkum útboðum. Hún hefur einnig leitt til þess, að jöfnunarhlutabréf hafa ekki almennt verið gefin út. Eftir þessa breytingu hindrar ekkert útgáfu jöfnunarhlutabréfa og þar með fæst betri og auðveldari samanburður milli fjárfestinga í atvinnurekstri og annarra ávöxtunarmöguleika á sparifé.

Um 6. gr.

Hér er bætt við tilvísun, svo að hámark frádráttar vegna hlutabréfakaupa fylgi skattvísitölu eins og aðrar fjárhæðir laganna.

Um 7. gr.

Núverandi ákvæði til bráðabirgða VIII kom að fullu til framkvæmda í árslok 1982 og þjónar því ekki tilgangi lengur. Í þess stað kemur nýtt ákvæði sem er ætlað að skapa nokkra aðlögun að þeirri miklu breytingu á tekjuhugtakinu, sem 53. gr. boðar, milda íþyngjandi afturvirkni þess og opna heimild til að auka eigið fé atvinnurekstrar á árinu 1983. Með þessari breytingu er opnuð áhrifarík leið til að auka eigið fé fyrirtækja í ár. Vegna langvinnrar verðbólgu og erfiðra rekstrarskilyrða á undanförnum árum er brýnt að auka

eigið fé í atvinnurekstri og draga þannig úr þeim áhrifum, sem tekjufærsla vegna skulda skapar, sbr. 53. gr. laganna. Þetta ákvæði, ásamt öðrum ákvæðum frumvarpsins, mun væntanlega hafa mikil áhrif í þá átt.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 297. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. það, sem hér um ræðir, er í reynd tvíþætt að efni til. Annars vegar er um að ræða framlengingu hins margumtalaða og rangláta olíugjalds og hins vegar að leggja á sérstakt 4% útflutningsgjald og stofna með því olíusjóð fiskiskipa er greiði niður olíu til fiskiskipa.

Að því er olíugjaldið varðar hefur það legið fyrir frá upphafi, að það hefur verið mjög umdeilt og að flestra mati röng aðferð til að snúast við þeim vanda sem verðhækkun olíu undangenginna ára hafði í för með sér. Sérstaklega hefur gjald þetta verið þyrnir í augum sjómannastéttarinnar, enda haft í för með sér umtalsverða kjaraskerðingu sjómanna þann tíma sem gjaldið hefur verið við lýði. Öllum hefur verið ljóst að við þeim vanda, sem gífurleg hækkun olíuverðs hafði á sínum tíma, varð að snúast, en það var og er ranglátt, að sá vandi bitni fyrst og fremst svo til einvörðungu á sjómönnum.

Sjómannasamtökin hafa frá upphafi verið andvíg gjaldtöku sem þessari, sem tekin er fram hjá skiptum, og telja að vanda sem þennan eigi þjóðin öll að axla, en ekki sjómenn einir, og undir það sjónarmið hefur undirritaður tekið og tekur enn og telur réttlátt.

Þá skal athygli á því vakin, að sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, hefur margítrekað lýst þeirri skoðun sinni, að gjaldið beri að afnema, og raunar lofað sjómönnum því oftar en einu sinni að beita sér fyrir afnámi gjaldsins, en loforð og efndir í þessu tilviki sem og fleiri hafa ekki farið saman, því ýmist hefur gjaldið verið margfaldað eða framlengt óbreytt í 7% tölunni í ráðherratíð núverandi sjávarútvegsráðherra.

Að því er varðar 4% útflutningsgjaldið og olíusjóðinn, sem frv. gerir ráð fyrir og ríkisstjórnin ætlar að stofna, skal á það minnt, að á árinu 1976 var í raun samkomulag um að leggja niður það sjóðakerfi sjávarútvegsins sem verið hafði við lýði lengi. Með þeirri aðgerð tóku sjómenn á sig með einum eða öðrum hætti kjararýrnun í trausti þess, að stjórnvöld meintu það, að með því væri stigið skref í þá átt að koma rekstri í sjávarútvegi á réttari og raunhæfari grundvöll en verið hafði, og í ljósi þess því trúað af hálfu sjómannasamtakanna, að stjórnvöld stæðu við þáverandi líklegan ásetning sinn að hefja ekki að nýju leik fjármagnstilfærslu, sjóðakerfisstofnunar og beint eða óbeint ógildingu gerðra kjarasamninga sjómanna.

Með því frv., sem hér er til umræðu og gerir ráð fyrir stofnun olíusjóðs fiskiskipa með 4% útflutningsgjaldi, er enn á ný farið inn á braut þess óheilbrigða sjóðakerfis, sem lagt var niður 1976, og tilgangur þessa nú augljóslega sá að láta sjómenn innan ekki langs tíma kaupa afléttingu þessa sjóðakerfis með kjaraskerðingu í einu eða öðru formi.

Vinnubrögð stjórnvalda af því tagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og þær leiðir, sem þar eru valdar, eru ekki til þess líklegar að auka traust sjómanna eða samtaka þeirra á fyrirheitum, loforðum eða fjálglegum yfirlýsingum ráðherra við hentug tækifæri.

Sú stefnumörkun, sem þetta frv. ríkisstjórnarinnar leggur til, gengur þvert á áður yfirlýstan vilja stjórnvalda sjómönnum til handa til að leiðrétta og bæta aðstöðu þeirra og kjör.

Sjómannasamtökin hafa margítrekað lýst vilja sínum til þess að leita í samráði við aðra hlutaðeigandi aðila nýrra og farsælli leiða til að sjá farborða rekstri þess undirstöðuatvinnuvegar, sem sjávarútvegurinn er Íslendingum, og um leið bæta svo stöðu sjómanna að hún sé samboðin þeirri stétt sem framar öðrum leggur grunninn að því lífi sem íslenska þjóðin lifir hverju sinni, sé þeim grunni ekki raskað og spillt með ákvörðunum misviturra stjórnvalda.

Undirritaður hefur áður lýst þeirri skoðun Alþýðuflokksins, að fráleitt sé að leggja nú aftur inn á braut þess sjóðakerfis sem nauðsynlegt var talið 1976 að leggja niður, og tekur undir þau sjónarmið sjómannasamtakanna, að leitað sé og farið inn á aðrar og farsælli leiðir til lausnar þeim vanda, sem við er að etja, og slíkrar lausnar leitað og hún fundin í fullu samstarfi við samtök sjómanna. Til þess hafa samtök sjómanna lýst sig reiðubúin, og undir það sjónarmið skal heils hugar tekið hér.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Karvel Pálmason.

Nd. 298. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Halldóri Blöndal.

Aftan við frv. bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi kýs fimm manna nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Nefndin skal hafa samráð við þá hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli, og eiga aðgang að öllum upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun, Fiskifélag Íslands, Aflatryggingasjóður og Kjararannsóknarnefnd geta veitt.

Þessir aðilar skulu einnig veita þá aðstoð sem nefndin biður um vegna starfa sinna.

Þá skal nefndin kanna og gera tillögur um hvernig draga megi úr vaxandi rekstrarkostnaði fiskiskipa, sem stafar m. a. af æ tíðari gengisfellingum, en í kjölfar þessa fylgja endurtekin afskipti ríkisvaldsins af kjarasamningum sjómanna.

Einnig verði kannað hvort og á hvern hátt olíujöfnunarsjóður geti orðið að liði í þessu sambandi, svo og hvort hljómgrunnur sé fyrir breyttu og bættu launafyrirkomulagi fiskimanna.

Nefndin skili áliti sínu og tillögum í upphafi næsta reglulegs þings.

Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 299. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði fellt.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Kjartan Jóhannsson.

Nd. 300. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Megineinkenni stjórnarstefnu núverandi ríkisstjórnar hafa verið bráðabirgðalausnir og skammtímaráðstafanir.

Ytri aðstæður efnahagsmála hafa aldrei verið hagstæðari neinni ríkisstjórn en þessari fyrstu tvö stjórnarár hennar.

Yfirlýsingar einstakra ráðherra eru athyglisverðar, t. d. að **„við séum að sökkva í óskyggilega skuldasöfnun“**, að **„ á sé skollin mesta efnahagskreppa á síðustu áratugum“**, og einn þeirra hefur sagt að það, sem einkenni störf hennar við stjórn efnahagsmála, sé: **„of lítið — of seint.“**

Þegar verðbótaskerðingin á laun 1. des. s. l. er meðtalin, en hún reyndist 7.71%, auk hækkunar vörugjalds, hafa verðbætur á laun verið skertar á öllum verðbótareikningsdögunum fjórum á s. l. ári, eða sem hér segir:

1. mars	2.19%	vegna Ólafslaga
1. júní	0.60%	vegna Ólafslaga
1. sept.	4.30%	vegna Ólafslaga og samninga ASÍ (2.9%)
1. des.	2.09%	vegna Ólafslaga og
1. des.	7.71%	vegna bráðabirgðalaganna.

Samanlagt er þetta tæplega 18% skerðing verðbóta á árinu 1982.

Auk þess var vísitalan greidd niður um 6 prósentustig fyrri hluta ársins. Samt var verðbólgan 1982 frá ársbyrjun til ársloka 64—65% miðað við byggingarvísitölu.

Þegar bent er á þennan feril ríkisstjórnarinnar á árinu 1982 þarf engan að undra þótt hún leitaði ekki að bestu leið þegar afla þurfti fjármuna til að endar næðu saman við ákvörðun fiskverðs.

Á margar fjáröflunarleiðir hefur verið bent, bæði beina fiskuppbót til útgerðarmanna fram hjá skiptum og kjarasamningum sjómanna, öflun fjármuna með hækkun söluskatts, og á fleiri leiðir hefur verið bent, eins og að verður vikið hér á eftir.

Ef ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hefðu orðið við kröfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins, að þing kæmi saman eigi síðar en 4. janúar, hefði mátt skoða og ræða þessar tillögur og velja bestu leiðina.

Í stað þessa lýsti sjávarútvegsráðherra því yfir fyrir áramót, **að hann hefði lagt tillögu fyrir Verðlagsráð um hækkun fiskverðs, sem það hefði samþykkt.**

Í þessum orðum ráðherrans má einna best merkja inn á hvaða villigötur Verðlagsráð hefur borist, því engum er kunnugt um að lagafyrirmæli kveði á um að **sjávarútvegsráðherra eigi neinn tillögurétt í Verðlagsráði sjávarútvegsins.**

Ríkisstjórnin valdi þá leið að bjóða 14% fiskverðshækkun til útgerðar og sjómanna og tókust um þetta samningar milli útgerðar og ríkisstjórnar, auk fleiri atriða sem þessir aðilar sömdu um.

Ekki er kunnugt um að sjómönnum hafi verið boðið upp á samninga, og voru þó fjölmörg félög þeirra með sína kjarasamninga lausa. Samkvæmt frv. um Olíusjóð fiskiskipa o. fl. er ákvæði um að 7% olíugjald framlengist, en það kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna („tekið af óskiptu"), og nær þetta ákvæði að sjálfsögðu einnig yfir 14% fiskverðshækkunina sem framangreindir aðilar sömdu um á gamlársdag.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um starfrækslu Olíusjóðs fiskiskipa á árinu 1983 og fjármögnun hans með 4% útflutningsgjaldi af sjávarafurðaframleiðslu ársins 1983. Er gjaldið miðað við að olía til fiskiskipa verði greidd niður um 35% af olíuverði, en slík niðurgreiðsla er talin kosta um 400 milljónir króna á þessu ári.

Um fleiri atriði hefur verið „samið", jafnvel atriði, sem ekki komu upp fyrr en **eftir að samningaviðræðum** að viðstöddum fulltrúum Þjóðhagsstofnunar **lauk, fyrir áramót,** sbr. ákvæði 3. málsgr. 2. gr. um útflutningsgjald af sölu fiskiskipa í erlendri höfn.

Tilboð ríkisstjórnarinnar var gylliboð til þess að ná fram **einhverri** niðurstöðu fyrir áramót og til þess um leið að telja sjómönnum trú um að þær kjaraskerðingar, sem sjómenn hafa orðið fyrir umfram aðra launþega á liðnum árum, væru með þessu bættar að fullu. Fyrir þessu féllu nokkrir forustumenn sjómannasamtaka, en sjómenn sjálfir eru í æ ríkara mæli að vakna til meðvitundar um að blekkingin haldi áfram, sem best sést á því, að þessi fiskverðshækkun, sem greiðist af fyrirhuguðu útflutningsgjaldi, á lögum samkvæmt að takast til greina við **næstu** fiskverðsákvörðun sem aukinn kostnaður. Til sanns vegar má færa að þessi leið sé ekki jafntilfinnanleg og ef höggvið hefði verið strax á óskipta hlutinn og af honum tekið beint til styrktar útgerðinni í formi hlutdeildar í rekstrarkostnaði eða til sérstakra uppbóta á fisk til útgerðarmanna.

En á þessu sviði sem flestum öðrum er um skammtímalausn að ræða og styttist nú óðum í milli þess, að henni þurfi að beita. Þolendur njóta stundarvarma vegna þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar — það gera þeir líka sem pissa í skó sinn.

Í frv. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl. eru birtar tvær athyglisverðar töflur sem eiga að sýna höfðingsskap og stórmennsku ríkisstjórnarinnar í garð sjómanna. Önnur er með yfirskriftinni: **„Breytingar fiskverðs og kauptaxta 1977—1983"**, og hin: **„Lauslegar áætlanir um breytingar tekna sjómanna (á botnfiskveiðum), verkamanna og iðnaðarmanna 1977—1982."**

Þegar hafðar eru í huga fullyrðingar, sem komu fram eftir síðustu fiskverðsákvörðun um að nú væri að fullu bætt sú kjaraskerðing sem sjómenn hefðu orðið fyrir í tíð vinstri stjórna frá 1978—1983, og þessar töflur skoðaðar, sést hversu alvarlegar blekkingar er um að ræða, enda sjá höfundar grg. frv. sér ekki annað fært en að feta sig nær sannleikanum, því þar segir m. a.: **„Fiskverðshækkunin nú réttir verulega hlut sjómanna í samanburði við launþega."**

Í síðari töflunni er hreinum blekkingum beitt. Annars vegar eru tekjur verkamanna og iðnaðarmanna samkvæmt árlegri úrtaksathugun Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar **úr skattframtölum** kvæntra launþega. Í athugasemdum segir svo m. a.:

„Fyrir október 1982 og **janúar 1983** eru sýnd dæmi um breytingar á tekjum sjómanna. Er **miðað við áætlað aflamagn** 1982 og tekið tillit til aukinnar sóknar vegna fjölgunar togara. Hér er um meðaltal að ræða fyrir báta og togara, en **aflasamdrátturinn er nokkru meiri en meðaltalið sýnir hjá togurunum."**

Hér eru til að ná girnilegri samanburði fyrir sjómenn annars vegar **áætlaðar tekjur fyrir sjómenn** og hefur ekki verið til sparað í áætlun þess aflamagns, sem til grundvallar er lagt. Hins vegar eru skattaframtöl þeirra, sem í landi vinna og hafa fjölmargar leiðir til að drýgja tekjur sínar, án þess að það sé talið fram til skatts, og geta unnið heimili sínu margvíslega, sem sjómaðurinn getur ekki. Sérstaklega ber að benda á þann hópinn sem sjómenn eiga að vera yfir skv. þessari áætlun, þ. e. iðnaðarmenn.

Forustumenn landssamtaka þessarar stéttar eru þeir einu sem hafa haft hug og þor til að kveða upp úr um það mein, sem grafið hefur um sig í þeirra röðum vegna „svartrar

efnahagsstarfsemi", sem þýðir að ómældar fúlgur tekna koma ekki fram í skattframtölum. Ekki er að undra þótt slík stétt verði undir í viðmiðun við þá sem verða að leggja allar sínar tekjur undir mælistiku skattyfirvalda. Því voru t. d. kennarar, flugfólk og verslunarfólk ekki tekin til samanburðar og þá ekki aðeins laun, heldur vinnutími líka?

Sá dómarinn, sem marktækastur er þegar skattframtöl eru rædd, má ætla að sé sjálfur fjármálaráðherrann. Í umræðum á Alþingi fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var um láglaunabætur, sagði hann að **„skattframtöl væru hæpnari grundvöllur fyrir greiðslum úr ríkissjóði en ætlað var".**

Þessi dómur ráðherra sýnir best hvert mark er takandi á slíkum útreikningum reiknimanna. Það er athugunarvert fyrir sjómenn, að aldrei heyrist frá þeim forustumönnum annarra launþegasamtaka og öðrum, sem láta sig varða tekjur sjómanna, þegar vel aflast, neitt um það, hvort réttmætt sé að sjómenn beri eitthvað meira úr býtum en aðrir. Ríkisstjórnin gerir það ekki, sbr. þá áherslu sem er lögð á að ná meðaltekjum sjómanna hið næsta verkamönnum og iðnaðarmönnum og hika ekki við að beita blekkingum til að svo megi verða. Vísast í fylgiskjal I varðandi röksemdir fyrir launamismun þessara hópa sjómönnum í hag.

En til viðbótar því, sem hér hefur verið sagt um þá fullyrðingu, að með 14% fiskverðshækkun um áramót **hafi loks verið bætt fyrir kjaraskerðingar sjómanna umfram aðra,** sem hófust í stjórnartíð Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks og hafa staðið linnulaust síðan, ber að undirstrika eftirfarandi:

Nú viðurkennir ríkisstjórnin að á þessu árabili hafi verið teknar stórkostlegar fjárupphæðir af réttmætum hlut sjómanna án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Það, sem er verra, er **að sjómenn borguðu eins og aðrir sína félagsmálapakka, en hafa ekki fengið nema óverulegan hluta af því sem þeir borguðu fyrir.** Þá má benda á offjölgun fiskiskipastólsins, sem er alfarið mál ríkisstjórnarinnar, en þessu hafa fylgt fleiri skrapdagar, lengra veiðibann og minni tekjur.

Við sjálfstæðismenn höfum á liðnum áratug nokkrum sinnum orðið að grípa inn í gerða kjarasamninga. Þær aðgerðir hafa fært okkur þann lærdóm, að slíkt megi ekki gera nema þjóðarnauðsyn krefjist.

Síendurteknar aðgerðir ríkisstjórnar okkar á þessu sviði jafngilda því í raun, að hún hafi tekið sér alræðisvald í kjaramálum og þannig kippt stoðum undan samningsfrelsi launþega og atvinnurekenda. Þessi ráðandi þáttur í gerðum ríkisstjórnarinnar er því til þess fallinn að leysa aðila vinnumarkaðarins undan ábyrgð á gerð og efndum kjarasamninga. Sjálfstæðismenn eru í grundvallaratriðum andvígir þessum vinnubrögðum og telja að ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á efni gerðra kjarasamninga sé ein af veigameiri forsendum þess, að árangurs sé að vænta í baráttunni við verðbólguna. Afskipti ríkisstjórnarinnar af ákvörðun fiskverðs nú, með þeim hætti sem þetta frv. boðar, hljóta því að auka enn á þá efnahagslegu upplausn er einkennt hefur allt vinstristjórnartímabilið frá 1978 og fram á þennan dag.

Alþingismenn hljóta að gera sér fulla grein fyrir því, að með samþykkt þessa frv. er verið að taka upp að nýju í sjávarútveginum það millifærslukerfi sem afnumið var fyrir um sex árum. Til þess að það tækist var miklu fórnað og miklu til kostað, en allir aðilar málsins voru sammála um að slíkt millifærslukerfi væri með öllu óhafandi.

Nú ætlar ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar að endurreisa Olíusjóð fiskiskipa, sem allir aðilar að fiskverðsákvörðun, sjómenn, útgerðarmenn og fiskkaupendur og Alþingi sjálft, voru sammála um að hverfa frá fyrir 6 árum.

Enn einu sinni á að breyta hlutaskiptasamningi sjómanna og útgerðarmanna vitandi um það stríð sem á eftir að fylgja, sem ekki er óeðlilegt þegar taka á stórar fjárupphæðir fram hjá skiptum af þeim aðilanum sem minna má sín.

Alvarleg tilraun til að leita nýrra leiða út úr þeim vanda, sem óneitanlega er við að glíma, virðist fjarri ríkisstjórninni, enda er hennar meginmál nú að gera sem flestum til

hæfis, móðga engan, hvergi að draga saman og spara, en stíga verðbólgudansinn fastar en áður, ef eitthvað er.

Við 1. umræðu málsins sagði sjávarútvegsráðherra að öll þjóðin tæki á sig áhrif gengislækkunar og gengissigs, sem þessar „aðgerðir“ byggðust á, í hækkuðu vöruverði. Orðrétt sagði hann: „Þetta er gjaldtaka sem öll þjóðin ber“. Hvorki hann né aðrir, sem að þessu standa, hafa séð ástæðu til að undirstrika að þar í eru sjómenn og fjölskyldur þeirra einnig. Og svo hefur verið við allar gengisfellingar sem gerðar hafa verið sjávarútveginum „til aðstoðar“, eins og það er kallað.

Ráðherra vildi ekki hækkun söluskatts, taldi það vafasama leið, því þá væri verið að leggja það beint á neysluvörur almennings að greiða niður olíu til fiskiskipa.

Hver er efnismunur þessara leiða gagnvart almenningi, gagnvart neytendum hér á landi? Ef söluskattsleiðin hefði verið farin var engin goðgá að taka áhrif þeirrar hækkunar út úr væntanlegum verðbótagreiðslum, eins og brennivínið, því í þessu tilfelli áttu **allir að skila til baka** nokkru af því sem búið var að **oftaka** frá útgerð og sjómönnum.

Til viðbótar má benda á að alþingismenn hafa um árabil verið sammála um að innheimta á þennan hátt fé til að greiða niður olíuhitunarkostnað hjá hluta þjóðarinnar. Sá aukni kostnaður er að sjálfsögðu viðurkenndur, enda stafar hann af óviðráðanlegum ástæðum, hækkun olíuverðs erlendis. Útgerð og sjómenn ráða heldur engu um hækkun olíuverðs erlendis, enda meginvandi þessa þáttar þaðan kominn. En vandamál undirstöðuatvinnuvegar Íslendinga er vandamál allrar þjóðarinnar, og því skyldi maður ætla að þjóðin öll ætti að taka þátt í að leysa þann vanda.

Það þykir hvergi goðgá í heiminum, nema máske hér á Íslandi, hjá kreddufólki, að verja efnahagslíf viðkomandi þjóðar gegn slíkri vá með sameiginlegu átaki og fjármagna úr sameiginlegum sjóði stórfellda sérstaka verðhækkun af erlendum uppruna.

Auðvitað kemur að því, að efnahagslífið verður að taka mið af þessum vanda eða þeim hluta hans sem eftir stendur þegar allar hugsanlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr áhrifum hans á efnahagskerfið og einstaka þætti atvinnulífsins og séð er að vandinn er varanlegur.

Öllum er ljóst, sem fylgjast með, að vandamál okkar gegn hugsanlegum stórhækkunum á olíu verður alltaf til staðar.

Það er að sjálfsögðu engin goðgá þótt þjóðin eigi sinn olíujöfnunarsjóð fyrir atvinnuvegina, sem í safnist þegar olíuverð er í lágmarki, en úr honum greitt þegar skyndilegan verðhækkunarvanda ber að. Er þetta raunar í samræmi við stefnu okkar sjálfstæðismanna varðandi ýmsa verðtryggingar- og verðjöfnunarsjóði.

Ekki hefði það átt að letja ríkisstjórnina að fylgja slíkri stefnu þegar haft er í huga að stofn að slíkum sjóði er þegar til og starfandi í raun og er í vörslu fjármálaráðherra.

Orkujöfnunargjald er innheimt með 1½ söluskattsstigi. Á svipuðu verðlagi og lagt er til grundvallar við ákvörðun um 400 millj. kr. þörf útgerðar í olíuniðurgreiðslu er ætlað að **þessi skattur gefi samtals 340 millj. kr. Af þessari upphæð eru aðeins notaðar um 80 millj. kr. til orkujöfnunar.** Þótt þessi orkujöfnun yrði aukin í 130 millj. kr., eða sem næst því sem við sjálfstæðismenn lögðum til við afgreiðslu síðustu fjárlaga, **er um 210 millj. kr. afgangur af þessari skattheimtu, sem nú rennur til almennrar eyðslu ríkisstjórnarinnar.**

Þegar haft er í huga, að útflutningsgjaldið innheimtist miklu síðar en söluskattur og að samkvæmt spá tímaritsins Economist má ætla að markaðsverð olíu lækki um 30% á næstu mánuðum, má gera ráð fyrir að umræddar 210 millj. kr., sem nú fara í verðbólgueyðslu ráðherranna, hefðu dugað fram á haust til að mæta þörf útgerðar fyrir lækkun olíukostnaðar.

Fjölmargir útgerðarmenn og enn fleiri sjómenn eru þeirrar skoðunar, að þessa leið hefði átt að fara til nauðsynlegrar fjáröflunar, og engin goðgá hefði verið að ganga markvisst

fram í því að létta kostnaði af útgerðinni eða auka tekjur hennar á annan hátt. Meginmál útgerðar hlaut að vera að hún fengi þá fjármuni sem þurfti til að tryggja rekstur.

Á fylgiskjölum, sem fylgja með nefndaráliti þessu um olíumál, má sjá ýmsa pinkla sem útgerðinni eru búnir í gegnum olíuverðið, og virðist ekki vanþörf á að kryfja til mergjar ýmsa þeirra.

Sjálfsagt er að skoða fleiri slíka þætti. Má t. d. benda á það útflutningsgjald sem í gildi er, nýtingu þess og þörf þeirra sem það rennur til. Er einhvers staðar hægt að draga úr? Ber sameiginlegum sjóði landsmanna að taka við einhverjum þeirra útgjaldaliða sem útflutningsgjaldið stendur undir? Við þessum spurningum og fleirum hafa engin svör fengist. Því er sú brtt., sem við sjálfstæðismenn berum fram á sérstöku þingskjali um „ákvæði til bráðabirgða", m. a. fram komin.

En til þessa liggja fleiri ástæður.

Um nokkurt skeið hefur nefnd verið að störfum sem átti að kanna möguleika þess, að hlutaskiptafyrirkomulaginu yrði breytt. Af lítt skiljanlegum ástæðum er nefnd þessi látin hætta störfum og engar skýringar sendar til þeirra fjölmörgu sjómannafélaga sem eru með kjarasamninga sína lausa.

Nú liggur fyrir að helstu samningsaðilar úr röðum sjómanna hafa lýst áhuga sínum á þessu máli.

10. janúar s. l. ályktaði framkvæmdastjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands m. a. á þessa leið:

„Stöðug íhlutun hins opinbera í fiskverð hvetur sjómenn til að huga að því, hvernig þeir geta með öðrum hætti sótt laun sín heldur en í gegnum hlutaskipti. Hlýtur þar annað launafyrirkomulag, t. a. m. eins og tíðkast á stóru togurunum, að koma sterklega til greina."

Sunnudaginn 30. janúar var haldinn formannafundur Sjómannasambands Íslands. Þar var m. a. samþykkt „að kjósa nefnd manna er falið verði að kanna möguleika á annars konar launakerfi fyrir sjómenn en nú gildir".

Ef ekki næst samkomulag í Verðlagsráði fyrir tilskilinn tíma, þ. e. 20 dögum fyrir upphaf hvers verðlagstímabils, er ágreiningsatriðum vísað til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin er skipuð 5 mönnum. Eru tveir tilnefndir af fiskseljendum, annar fulltrúi úr hópi sjómanna, en hinn fulltrúi úr Landssambandi íslenskra útvegsmanna, og má hann ekki eiga neina aðild að fiskkaupum. Fiskkaupendur í Verðlagsráði tilnefna tvo menn, en oddamaður er forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Úrskurðir yfirnefndar eru fullnaðarúrskurðir og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum, eins og segir í lögunum. Verðákvarðanir Verðlagsráðs verða að taka mið af fjölmörgum atriðum. Hér verða talin fimm helstu atriðin:

Í fyrsta lagi: **Markaðsverð sjávarafurða erlendis og það verð, sem framleiðendur hér á landi fá í hendur, að teknu tilliti til sölu, flutnings og tryggingakostnaðar, auk útflutningsgjalda og greiðslna úr eða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.**

Í öðru lagi: **Framleiðslukostnaður og afkoma fiskvinnslunnar.**

Í þriðja lagi: **Útgerðarkostnaður og afkoma útgerðarinnar.**

Í fjórða lagi: **Tekjur sjómanna og launaþróun í landinu yfirleitt**

Og í fimmta lagi: **Almennar aðstæður í þjóðarbúskapnum.**

Mörgum finnst síðasta fiskverðsákvörðun yfirnefndar tekin með nokkuð einkennilegum hætti, þ. e. tveir samþykkja fiskverð, einn á móti og tveir sitja hjá. Sé litið til ákvarðana Verðlagsráðs um almennt fiskverð á tímabilinu 1962—1977 kemur í ljós að samkomulag í Verðlagsráði hefur orðið 7 sinnum. Í 26 skipti hefur orðið að vísa málum til yfirnefndar og hafa ákvarðanir þá verið teknar þannig, þ. e. atkvæðagreiðsla hefur verið með eftirtöldum hætti: Í átta skipti hefur orðið samkomulag yfirnefndarmanna. Í tvö skipti hafa oddamaður, kaupendur og einn seljandi samþykkt verðið. Í eitt skipti hafa oddamaður og seljendur, án

mótatkvæða kaupenda, samþykkt kaupverð, í níu skipti oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda, í þrjú skipti oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda og í eitt skipti oddamaður, einn kaupandi og einn seljandi, en í tvö skipti hefur verið um hreinan oddamannsúrskurð að ræða.

Nokkuð eru deildar meiningar um ágæti Verðlagsráðs, og sýnist þar sitt hverjum. Samtök sjómanna og einstök stéttarfélög þeirra hafa ályktað um Verðlagsráð, og þótt þær séu ekki allar í sömu átt ber þó öllum saman um nauðsyn þess, að endurskoðun fari fram á verðlagsgrundvellinum og skipan yfirnefndar.

Þegar svo er komið, að oddamaður er nánast sem „jó-jó" í höndum ráðherra og hann sjálfur veður fram og blandar sér í störf yfirnefndar og brýtur lög um leið, virðist tímabært að gera nokkra breytingu á.

Ekki væri óeðlilegt að hugsa sér sáttasemjara ríkisins eða aðstoðarmann hans í þessu starfi. Embætti hans er lögverndað, og má því ætla að ráðherrar hiki við að grípa fram fyrir hendur hans.

Auk þeirrar brtt., sem við sjálfstæðismenn flytjum um ákvæði til bráðabirgða, áskiljum við okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Pétur Sigurðsson, frsm. Halldór Blöndal. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fylgiskjal I.

„SKATTFRÍÐINDI SJÓMANNA"
grein úr Sjómannadagsblaðinu 1982.

Þeir, sem fylgjast með skrifum og ræðuflutningi talsmanna helstu atvinnuvega okkar, hafa sjálfsagt veitt því athygli, að oft hefur verið um lítt eða ódulbúnar árásir að ræða hvers í annars garð.

Ýmsum framámönnum í íslenskum sjávarútvegi hefur stundum þótt sem jöfrar íslensks iðnaðar hafi ekki kunnað sér hóf í árásum sínum á útgerðina, sem hefur m. a. komið fram í tillögum, og fylgni við þær, um að þrengja hag hennar.

Mörgum þykir þetta furðulegt þegar þess er gætt, að allir atvinnuvegir okkar, sem við framleiðslu fást, hafa búið við þröngan kost þótt fleiri greinar megi sjálfsagt telja til.

Samtök iðnrekenda virðast hafa komið ríkisstjórninni á þessar skoðanir sínar, því fylgdi sú ákvörðun forsætisráðherra að setja á stofn nefnd til að kanna aðstöðumun atvinnuveganna.

Fyrir nokkru barst frá þessari nefnd skýrsla um niðurstöður hennar.

Nefndin tók sér sjálf nafnið „Starfsskilyrðanend", en hún var skipuð af forsætisráðherra og verður því af mér kennd við hann. Ekki ætla ég að drepa efnislega nema á einn þátt þessarar skýrslu, um skattfríðindi sjómanna, aðrir hafa ritað og rætt um hana í heild og einn, sem gott vit hefur á öllum meginþáttum þessara mála, hefur komist að eftirfarandi meginniðurstöðu:

Þessi nefnd forsætisráðherra hefur ekki treyst sér að gera samanburð við sjávarútveg þeirra landa sem standa í samkeppni við okkur um markaði. Þó er vitað og viðurkennt að sjávarútvegur sumra þessara landa byggir beinlínis tilveru sína á aðgerðum stjórnvalda viðkomandi lands, og eru þessar aðgerðir oftast í formi opinberra styrkja, beinna og óbeinna. Virðist erfitt að sjá hvernig nefndin telur sig ná fram réttum samanburði á

starfsskilyrðum íslenskra atvinnuvega öðruvísi en að taka tillit til stöðugrar glímu íslensks sjávarútvegs um markaði og markaðsverð við ríkisstyrktan atvinnuveg okkur ríkari þjóða.

Sumir þeirra, sem um hafa fjallað, telja, enda þótt innlendi samanburðurinn sé eingöngu notaður, að staða fiskiðnaðarins sé verri en samkeppnisiðnaðar. Öllum má vera ljóst, að erfitt er að gera samanburð milli samkeppnisiðnaðar og útgerðar, vegna þess hve greinarnar eru ólíkar, og er þá komið að því sem nefnd forsætisráðherra telur veigamikinn þátt í betri starfsskilyrðum útgerðar en samkeppnisiðnaðar, en það eru skattfríðindi sjómanna.

Að öllum líkindum hefði ég ekki hreyft þessu máli hér og nú, ef ég teldi ekki tímabært að sjómenn og samtök þeirra færu að huga að sér varðandi þetta mál í ljósi þess sem þegar er komið fram, létu af stétta- og landshlutaríg sín í milli, en snerust til varnar allir sem einn, þegar sótt er að sameiginlegum hagsmunum þeirra eins og nú virðist að stefnt.

Um leið og þetta er sagt eru hafðar í huga markvissar aðgerðir af hendi einstakra ráðherra til að kljúfa samstöðu sjómanna á síðastliðnum vetri og brjóta þannig á bak aftur verkfall þeirra.

Þá hef ég einnig í huga aðra aðalfréttina á forsíðu annars aðalmálgagns ríkisstjórnarinnar 9. febrúar s. l. á tveggja ára afmæli hennar, en þar segir m. a. og er vitnað í framangreinda skýrslu:

„Með afnámi skattfríðinda sjómanna mætti lækka tekjuskatt annarra um 5—6%."

Og aftur er vitnað í skýrsluna, það sem hér segir:

„Fjárhagsleg og félagsleg rök voru færð fyrir lögbindingu þessara frádráttarliða. Þau rök voru grundvölluð á aðstæðum, sem síðan hafa breyst í veigamiklum atriðum. **Að athuguðu máli verður að telja forsendur frádráttanna hæpnar nú"** (undirstrikun mín).

Það, sem kemur fram í þessum orðum nefndarinnar og víðar í skýrslu hennar, lýsir vel hversu fjarlægir nefndarmenn virðast allri þekkingu á félagslegri þróun síðustu áratuga, a. m. k. þegar launþegar viðkomandi samanburðarhópa eiga í hlut, því mér virðist nauðsynlegt að því dæmi sé einnig stillt upp.

Átakanleg vanþekking er til staðar á starfsskilyrðum íslenskrar sjómannastéttar.

Sóknarþungi og afköst þeirra, sem ryðja eigin heimsmetum svo oft að ekki telst fréttnæmt lengur, á erfiðustu og hættulegustu fiskimiðum heims, verða ekki eingöngu þökkuð góðum skipum, búnaði og gjöfulum miðum.

Við, sem þekkjum til þessa atvinnuvegar, til sjómanna og sjósóknar hjá öðrum þjóðum, vitum að íslenskir sjómenn eru með þeim best gerðu og harðduglegustu sem finnast og eiga oft ekki annað sameiginlegt í starfsheitinu með erlendum sjómönnum en að sigla saltan og votan sjó.

Þessi nefnd forsætisráðherra sækir sem rök fyrir afnámi skattfríðindanna nú það sem lagt var fram þeim til stuðnings fyrir nær 30 árum.

Þá eins og nú voru til sjómenn m. a. með þeim eiginleika sem hér er lýst, en þeir fengust ekki um borð í togarana því kjör alls þorra landverkafólks voru miklu betri. Þegar gripið var til þessara fríðinda var svo komið íslenskri togaraútgerð að oft þurfti að grípa til örþrifaráða til að fullmanna skipin og koma þeim úr höfn. Vissulega hefur orðið breyting frá þessu ástandi, en annað er enn til staðar og mun því miður verða meðan sjór er sóttur frá Íslandi, en var einnig notað sem röksemd fyrir slíkum fríðindum frá því fyrsta að þau voru orðuð, og kem ég að því síðar.

Um leið og nefndin bendir réttilega á að sumt, sem þá var notað sem rök fyrir veitingu slíkra fríðinda, er ekki lengur til staðar, gerist hún sek um að líta fram hjá þeirri félagslegu þróun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu s. l. 30 ár. Og að sjálfsögðu telur hún enga ástæðu til að vega hvernig sú þróun, sérstaklega sú sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir, hefur dreifst til hinna ýmsu starfsgreina.

Meðal þess, sem finna má í félagslegum umbótum allra síðustu ára, eru lög um 40 stunda vinnuviku landverkafólks, á sama tíma sem „lög um 84 stunda hámarksvinnuviku togarasjómanna“ eru brotin „reglulega“ með vitund og vilja þeirra ráðherra sem eiga að halda vöku sinni í þessum málum sem öðrum og gæta þess, að lög séu ekki brotin á þegnunum.

Einnig má benda á lög um starfskjör og lög um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum. Hafa sum þeirra laga, sem samþykkt hafa verið á síðustu árum á hinu félagslega sviði, sérstök ákvæði þess efnis, að viðkomandi lög nái ekki til sjómanna!

Það er vissara að vera viss og fyrirbyggja hættuna í tíma.

Ekki skal þess látið ógetið, að í hlut sjómanna hafa komið félagslegar umbætur á sama tímabili, en þeim hefur fylgt sá böggull, að sjómenn hafa orðið að borga þær sjálfir í nær öllum tilfellum margföldu verði, með þátttöku í vísitöluleik ríkisstjórnarinnar með lægra fiskverði, með fjölgandi dögum á skrapi, og í veiðibanni, sem stafar að langmestu leyti af offjölgun fiskiskipastólsins.

Sú fjölgun er nær alfarið háð leyfisveitingum ráðherra og því út í hött hjá nefnd forsætisráðherra að ætla sjómönnum að borga þessi „viðvik“ ráðherranna oftar en einu sinni.

Umrædd nefnd er ekki fyrsti aðilinn til að benda á að það eru margir launþegar í okkar þjóðfélagi í dag, sem vegna vinnu sinnar fara á mis við margt af því sem tekið er af þeim gjald fyrir í sameiginlegri skattheimtu, en þeir fá ekki notið vegna atvinnu sinnar og fjarveru, en aðrir landsmenn hafa að sjálfsögðu full not af.

Á þetta hafa samtök sjómanna sjálf bent, auk þeirra aðila sem í hlut eiga. En viðkomandi atvinnugreinar hafa í flestum tilfellum verið svo sterkar að þær hafa getað bætt starfsmönnum sínum þetta með hækkuðum launum og/eða fríðindum, eins og virkjunarverktakar. Fjármálaráðherra hefur gengið á undan með góðu fordæmi í sínum samningum og bætt úr smáagnúum, eins og einmanaleik og fjarvist frá fjölskyldu, með allt upp í 100% álagsgreiðslu!

Hér á landi hefur átt sér stað almenn þróun í átt aukinna frístunda og lengra orlofs. Þessu hefur fylgt aukin þátttaka ríkis og sveitarfélaga í að gera borgurunum kleift að njóta sinna frístunda á fjölbreytilegan hátt við leik, íþróttir og nám, og er kostnaður þessu samfara greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Þetta er öllum landsmönnum kunnugt og mun ég ekki tíunda það frekar, en nefni eitt dæmi.

Nám með starfi er auðvelt að komast í og njóta þar með svokallaðrar fullorðinsfræðslu, og munu öldungadeildir menntaskólanna vera einna þekktastar. Slíks náms er sjómönnum með öllu útilokað að njóta.

Á allra síðustu árum hefur sú staðreynd verið viðurkennd, enda vísindalega sönnuð, að mun erfiðara er að standa að störfum til sjós en í landi. Með rannsóknum hefur verið fundið að þetta aukna framlag sjómanna til vinnunnar nemi um 25—30% fram yfir þá sem hafa fast land undir fótum.

Ég minntist á það hér að framan, að meðal þeirra atriða, sem sjómenn hafa alltaf bent á þegar þeir hafa barist fyrir viðurkenningu stjórnvalda á sérstöðu sinni, væri vosbúð í starfi, erfið vinnuaðstaða, fjarveran, óhæfilega langur óverndaður vinnutími, stutt og óörugg starfsævi margra starfshópa og mikil slysatíðni.

Ljóst er að sambærilegar slysaskýrslur við hinar ýmsu starfsgreinar í landi munu ekki liggja fyrir frá skipunum um langan aldur, minni háttar slys eru einfaldlega ekki skráð, auk þess sem þar er unnið, þótt um skeinur og kaun sé að ræða, þótt sambærilegur áverki yrði talinn gildi veikindafrídags í landi.

Að ein starfsstétt þjóðfélags þurfi að standa upp eftir hvert starfsár og telja jafnvel í prósentum þann hluta stéttarinnar, sem hefur látið lífið í slysförum í starfi, mun einstakt í heiminum.

Nú eftir tuttugu ára formennsku í Sjómannadagsráði **hef ég fyrir framan mig þessar tölur í 18 ár og meðaltalið verður 20 mannslíf á ári.**

Öll þau atriði, sem ég hef hér drepið á, eru þess eðlis að þau yrðu að takast upp sem þýðingarmiklir þættir í kerfisbundnu starfsmati, ef það væri til staðar, og væru þar metnir til stórhækkunar launa, enda nú þegar viðurkennd um allan hinn vestræna heim sem forsendur sérstakrar kauphækkunar, og sumt, eins og hið síðastnefnda, mundi vega ótrúlega þungt.

Þótt ég hafi hér nær einhliða dregið fram þætti úr lífi og starfi sjómanna okkar mun það auðvelda þeim sem vilja gera samanburð milli starfsmanna í þeim starfsgreinum sem nefnd forsætisráðherra hefur sérstaklega dregið fram. Ég tel að allir þessir þættir séu í sjálfu sér skattfríðinda virði. En um suma er hægt að semja og hefur þegar verið gert, m. a. að forgöngu ríkisstjórnarinnar og iðnrekenda. Yfir aðra verður erfitt að finna tölulegt gildi og enn aðrir eru ómetanlegir, eins og mannslífin, og verða umsamdar tryggingar ekkert viðmiðunardæmi þegar ákveðin dauðsfallatíðni vegna slysa í starfi er orðin fastur þáttur þess.

Nú er ljóst að nefnd forsætisráðherra telur að skattafrádrátt sjómanna beri að leggja niður því upprunalegar forsendur þeirra fríðinda séu ekki lengur fyrir hendi, auk þess sem aðstöðumunur útgerðar og annarra samanburðargreina skekkist.

Nefndin gerir sér ljóst að í kjölfar þessa munu óhjákvæmilega fylgja kröfur sjómanna um laun eða launaígildi, að minnsta kosti á jafnvirðisgrundvelli. Enginn vafi er heldur á að útgerðin axlar ekki þá byrði ein, og ljóst er að stjórnvöld verða að grípa til sérstakra ráðstafana þess vegna og er ekkert sem bendir til þess, að þá verði komist hjá hefðbundnum leiðum, þ. e. stórgengisfellingu.

Þá yrði því náð, sem að er stefnt, að undirlagi þeirra sem fengu nefnd forsætisráðherra setta til starfa, að jafna starfsskilyrði þeirra atvinnuvega sem standa of veikt gagnvart gengisskráningu á hverjum tíma, því „útgerðarfríðindin“ (skattfríðindi sjómanna) haldi gengi of háu!

Í viðtölum mínum að undanförnu við fjölmarga forustumenn launþegasamtaka hef ég rætt þessi mál og spurt hvort skattfríðindi sjómanna væru ósanngjörn, hvort þau væru ástæða kröfugerðar annarra. Enginn þeirra taldi svo vera, en voru hins vegar sammála um að sjómenn ættu að snúast hart til varnar gegn fram komnum hugmyndum og skýra aðstöðu sína betur en gert hefur verið til þessa.

Ég talaði við einn forustumann iðnverkafólks. Hann kvað fjarri því, að kröfur iðnrekenda ættu uppruna sinn úr þeirra röðum, þeir skildu mætavel sérstöðu sjómannastéttarinnar og teldu sig ekki losna frekar af láglaunastiginu þótt aðrir væru færðir niður á það líka.

Margir þessara aðila töldu að skattfríðindi sjómanna yrðu ekki ástæða fyrir samanburðarkapphlaupi milli stétta og félaga. Hins vegar yrði svo tvímælalaust, ef þessi fríðindi kæmu fram í beinum launagreiðslum.

Flestir töldu það firru kerfismanna, að ekki mætti nota skattfríðindi jafnvel frekar en gert er til margs konar jöfnunar í þjóðfélagi, sbr. það sem ríkisstjórnin sjálf hefur gert — réttilega — fyrir trésmiði og hljóðfæraleikara nýverið.

Meginniðurstaða mín er sú, að ef skattfríðindi sjómanna verða afnumin muni við taka hörð viðbrögð samtaka þeirra, sem að líkindum mundu enda í gengisfellingu. Nýir samningar með kauphækkun fram yfir aðrar stéttir, sem næðu a. m. k. jafngildi fyrri skattfríðinda, mundu enda í skefjalausu samanburðarstríði sem gengi yfir allt þjóðfélagið.

Þetta sjá forustumenn launþega, en þetta virðist nefnd forsætisráðherra ekki sjá. En sjá þeir, sem að baki standa, þetta fyrir?

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Samanburður á verðreikningi gasolíu 28/8/82 og á verði, sem tók gildi 5/8/82.

	Verð, sem tók gildi 5/8/82	%	Verð 28/8/82	%	Mismunur kr. pr. tonn	Hlutdeild í hækkun %
C.i.f.	3,21	70,54	3,60	69,22	0,39	60,00
Opinber gj. excl. landsútsvar	0,08	1,76	0,09	1,73	0,01	1,54
Landsútsvar	0,06	1,32	0,07	1,35	0,01	1,54
Dreifingarkostnaður	0,56	12,30	0,63	12,12	0,07	10,77
Verðjöfnunargjald	0,18	3,96	0,18	3,46	0,00	0,00
Tillag v/ríkisábyrgðarláns	0,12	2,64	0,14	2,69	0,02	3,08
Tillag til innkaupajöfnunar-reiknings	0,19	4,18	0,29	5,58	0,10	15,38
Tillag v/ gengisbr.	0,15	3,30	0,20	3,85	0,05	7,69
	4,55	100,00	5,20	100,00	0,65	100,00

Fylgiskjal III.

Opinber gjöld af gasolíu og svartolíu.

	Áætlun um fjárhæð á heilu ári m. v. núgildandi verð Gasolía M. kr.	Svartolía M. kr.	Lög
Magntollur			Tollskrá
Innflutningsgjald	2,7	2,1	Lög nr. 6/1976.
Skattur af umboðsþóknun gjaldeyrisbanka	4,5	2,5	Lög um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbanka nr. 40/1969 og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 65/1982.
Leyfisgjald[1])	0,5	0,3	Reglugerð nr. 519/1979.
Landsútsvar[2])	16	8	Lög um tekjustofna sveitarfélaga.
Samtals	23,7	12,9	
Hluti af útsöluverði	2,0%	2,3%	

[1]) Sá hluti sem rennur í ríkissjóð.

[2]) 25% af landsútsvari renna beint til þeirra sveitarfélaga, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram, en 75% renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Af þeim 24 milljónum, sem hér um ræðir, fara þannig 6 milljónir króna til einstakra sveitarfélaga, en 18 milljónir fara í jöfnunarsjóð. Þetta eru um 5% af tekjum jöfnunarsjóðsins á þessu ári. Alls þýða 24 milljónir um 1% heildartekjutap sveitarfélaganna.

Fylgiskjal IV.

Samanburður á verðreikningi svartolíu 28/8/82 og á verði, sem tók gildi 5/8/82.

	Verð, sem tók gildi 5/8/82	%	Verð 28/8/82	%	Mismunur kr. pr. tonn	Hlutdeild í hækkun %
C.i.f. verð	2 466,72	76,85	2 807,23	75,67	340,51	68,10
Opinber gj. excl. landsútsvar	71,18	2,21	78,67	2,12	7,49	1,49
Landsútsvar	42,24	1,32	48,82	1,32	6,58	1,32
Dreifingarkostnaður	288,40	8,98	310,44	8,37	22,04	4,41
Verðjöfnunargjald	130,00	4,05	130,00	3,50	0,00	0,00
Tillag til innkaupajöfnunarreiknings	116,30	3,62	212,97	5,74	96,67	19,33
Tillag v/ gengisbr.	95,16	2,97	121,87	3,28	26,71	5,35
	3 210,00	100,00	3 710,00	100,00	500,00	100,00

Fylgiskjal V.

Vísitölur olíuvara og framfærslu frá byrjun til loka árs 1981.

	Bensín kr./ltr		Gasolía kr./ltr		Svartolía kr./tonn		Vísitala
1981	Verð kr./ltr	Vísitala jan. = 100	Verð kr./ltr.	Vísitala jan. = 100	Verð kr./tonn	Vísitala jan. = 100	Framfærslukostnaðar
janúar	5,95	100,0	2,35	100,0	1 710,0	100,0	100,0
febrúar	5,95	100,0	2,35	100,0	1 710,0	100,0	101,6
mars	5,95	100,0	2,60	110,6	2 070,0	121,1	104,7
apríl	5,95	100,0	2,60	110,6	2 070,0	121,1	109,4
maí	5,95	100,0	2,60	110,6	2 070,0	121,1	109,8
júní	6,85	115,1	2,60	110,6	2 070,0	121,1	115,7
júlí	6,85	115,1	2,60	110,6	2 070,0	121,1	118,3
ágúst	6,85	115,1	2,80	119,1	2 070,0	121,1	119,6
september	7,85	131,9	2,80	119,1	2 070,0	121,1	124,3
október	8,00	134,4	2,90	123,4	2 070,0	121,1	127,5
nóvember	8,00	134,4	2,90	123,4	2 070,0	121,1	131,5
desember	8,45	142,0	3,10	131,9	2 200,0	128,7	138,7
	42,0%	42,0%	31,9%	31,9%	28,7%	27,7%	42,5%

NB Verð á olíuvörum í lok hvers mánaðar í þessum útr.

Fylgiskjal VI.

Vísitölur olíuvara og framfærslu frá byrjun til septemberloka 1982.
Allar vísitölur jan. 1981 = 100.

1981	Bensín kr./ltr Verð kr./ltr	Vísitala jan. = 100	Gasolía kr./ltr Verð kr./ltr.	Vísitala jan. = 100	Svartolía kr./tonn Verð kr./tonn	Vísitala jan. = 100	Vísitala Framfærslu-kostnaðar
janúar	8,95	150,4	3,65	155,3	2 470	144,5	141,1
febrúar	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	144,3
mars	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	152,0
apríl	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	158,8
maí	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	159,9
júní	10,70	179,8	4,20	178,7	2 960	173,2	— *
júlí	10,70	179,8	4,20	178,7	2 960	173,2	—
ágúst	12,20	205,0	5,20	221,2	3 710	217,1	179,0
september	12,20	205,0	5,20	221,2	3 710	217,1	192,7**
		105,0%		121,2%		117,1%	92,7% áætl.

* Milli-vísitölur fyrir júní og júlí liggja enn þá ekki fyrir.
** Áætluð vísitala þar sem gert er ráð fyrir 17% hækkun ágúst—nóv. 1982. Sbr. Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal VII.

Línurit af vísitölu bensínverðs og framfærsluk. frá 1981—sept. 1982.



Fylgiskjal VIII.

Línurit af vísitölu gasolíuverðs og framfærsluk. frá jan. 1981—sept. 1982.



Fylgiskjal IX.

Línurit af vísitölu svartolíuverðs og framfærsluk. frá jan. 1981—sept. 1982.



Fylgiskjal X.

September 1982

Verð í gildi árin 1981 og 1982

Dags.	Bensín kr./ltr.	Gasolía kr./ltr.	Svartolía kr./tonn.
31/12'80	595.00 gkr. (34/12'80)	234.05 gkr. (23/12'80)	171 000.00 gkr. (24/12'80)
31/01'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.35 nýkr. (01/01'81)	1 710.00 nýkr. (24/12'80)
28/02'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.35 nýkr. (01/01'81)	1 710.00 nýkr. (24/12'80)
31/03'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/04'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/05'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/06'81	6.85 nýkr. (02/06'81)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/07'81	6.85 nýkr. (02/06'81)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/08'81	6.85 nýkr. (02/06'81)	2.80 nýkr. (21/08'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/09'81	7.85 nýkr. (02/09'81)	2.80 nýkr. (21/08'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/10'81	8.00 nýkr. (16/10'81)	2.90 nýkr. (16/10'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/11'81	8.00 nýkr. (16/10'81)	2.90 nýkr. (16/10'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/12'81	8.45 nýkr. (02/12'81)	3.10 nýkr. (02/12'81)	2 200.00 nýkr. (02/12'81)
30/01'82	8.95 (5.9%)	3.65 (17.74%)	2 470.00 (12.3%)
06/02'82	9.45 (5.6%)	3.65 (17.74%)	2 470.00 (12.3%)
12/06'82	10.70 (13.2%)	4.20 (15%)	2 960.00 (19.8%)
05/08'82	11.20 (4.6%)	4.55 (8.4%)	3 210.00 (8.4%)
27/08'82	12.20 (8.9%)	5.20 (14.3%)	3 710.00 (15.6%)

Ed. 301. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. febr.)

Samhljóða þskj. 74 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.

Ed. 302. Frumvarp til laga [74. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. febr.)

1. gr.

141. gr. 3. mgr. laganna breytist þannig að í stað orðanna „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið“ komi:

Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í flugslysanefnd. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún kannar. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins, eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til.

Flugslysanefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað, ef könnunin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 303. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 4 1. febr. 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. febr.)

1. gr.

7. gr. laga nr. 4/1980 orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga nr. 29 1981 falli niður.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau ásamt öðrum gildandi breytingum á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins inn í þau lög og gefa lögin út þannig breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er heimilt að greiða bætur úr sjóðnum vegna aflabrests á grásleppuvertíð 1982.

Ed. 304. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. febr.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum áhafnanefndar skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 305. Frumvarp til laga [159. mál]

um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. febr.)

Samhljóða þskj. 248 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Auk almenns útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt 4% útflutningsgjald er renni í Olíusjóð fiskiskipa.

Útreikningur og innheimta þessa sérstaka útflutningsgjalds skal fara eftir ákvæðum laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum. Kolmunnaafurðir til manneldis skulu undanþegnar innheimtu þessa útflutningsgjalds.

Um aðrar undanþágur frá innheimtu þessa útflutningsgjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 5/1976 með síðari breytingum.

Olíusjóði fiskiskipa er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna til að standa straum af niðurgreiðslu olíuverðs meðan tekjur af útflutningsgjaldi hrökkvi ekki fyrir útgjöldum sjóðsins. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu og skal það undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

Nd. 306. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir tveggja aðila, dómsmálaráðuneytisins og Barnaverndarráðs Íslands.

Þrátt fyrir að umsögn dómsmálaráðuneytisins sé ekki jákvæð er það álit nefndarinnar að samþykkja beri frumvarpið.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson og Vilmundur Gylfason.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Ingólfur Guðnason, form., frsm. Guðrún Helgadóttir. Halldór Blöndal.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 307. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Halldóri Blöndal.

Aftan við frv. bætist svohljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi kýs fjóra menn í nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sjávarútvegsráðherra skipar samkvæmt tilnefningu þrjá fulltrúa sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu, einn frá hverjum. Nefndin skal hafa samráð við þá hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli, og eiga aðgang að öllum upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun, Fiskifélag Íslands, Aflatryggingasjóður og Kjararannsóknarnefnd geta veitt.

Þessir aðilar skulu einnig veita þá aðstoð sem nefndin biður um vegna starfa sinna.

Nefndin skal eiga aðgang að athugun þeirri, sem fram mun fara á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á leiðum til að bæta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins.

Einnig verði kannað hvort og á hvern hátt olíujöfnunarsjóður geti orðið að liði í þessu sambandi, svo og hvort hljómgrunnur sé fyrir breyttu og bættu launafyrirkomulagi fiskimanna.

Nefndin skili áliti sínu og tillögum í upphafi næsta reglulegs þings.

Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 308. Þingsályktun [91. mál]

um hvalveiðibann.

(Afgreidd frá Sþ. 2. febr.)

Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu.

Ed. 309. Frumvarp til laga [159. mál]

um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. febr.)

Samhljóða þskj. 248 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Auk almenns útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt 4% útflutningsgjald er rennur í Olíusjóð fiskiskipa.

Útreikningur og innheimta þessa sérstaka útflutningsgjalds skal fara eftir ákvæðum laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum. Kolmunnaafurðir til manneldis skulu undanþegnar innheimtu þessa útflutningsgjalds.

Um aðrar undanþágur frá innheimtu þessa útflutningjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 5/1976 með síðari breytingum.

Olíusjóði fiskiskipa er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna til að standa straum af niðurgreiðslu olíuverðs meðan tekjur af útflutningsgjaldi hrökkva ekki fyrir útgjöldum sjóðsins. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu og skal það undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi kýs fjóra menn í nefnd til að endurskoða lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Sjávarútvegsráðherra skipar samkvæmt tilnefningu þrjá fulltrúa sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu, einn frá hverjum. Nefndin skal hafa samráð við þá hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli, og eiga aðgang að öllum upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun, Fiskifélag Íslands, Aflatryggingasjóður og Kjararannsóknarnefnd geta veitt.

Þessir aðilar skulu einnig veita þá aðstoð sem nefndin biður um vegna starfa sinna.

Nefndin skal eiga aðgang að athugun þeirri, sem fram mun fara á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á leiðum til að bæta rekstrargrundvöll sjávarútvegsins.

Einnig verði kannað hvort og á hvern hátt olíujöfnunarsjóður geti orðið að liði í þessu sambandi, svo og hvort hljómgrunnur sé fyrir breyttu og bættu launafyrirkomulagi fiskimanna.

Nefndin skili áliti sínu og tillögum í upphafi næsta reglulegs þings.

Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 310. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur meiri hlutinn til að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson.

Gunnar Thoroddsen.

Nd. 311. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis nr. 52 14. ágúst 1959 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

2. málsl. d-liðar 1. mgr. 13. gr., sbr. lög nr. 15 5. apríl 1974, orðist svo: Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Við 2. mgr. 62. gr. bætist: svo og þeir, sem af trúarástæðum geta ekki sótt kjörfund á kjördegi.

3. gr.

65. gr. orðist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

4. gr.

Við 1. mgr. 68. gr. bætist: þar skal og greina nafnnúmer kjósanda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 24. apríl 1982 og nr. 97 31. desember 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á nokkrum ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, sem nánar er gerð grein fyrir við hverja grein.

Um 1. gr.

Lagt er til, að ekki þurfi að leita heimildar utanríkisráðuneytis til að sendierindrekar geti annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Jafnframt er lagt til að aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa geti annast atkvæðagreiðslu eftir ákvörðun ráðuneytis. Er hér um að ræða hliðstætt fyrirkomulag og í a-lið greinarinnar.

Um 2. gr.

Eftir að kjördagur var fluttur á laugardag hefur komið í ljós að það er eigi talið samrýmast trúarskoðun sumra manna að neyta kosningarréttar á laugardegi fyrir sólsetur. Á þetta hér fyrst og fremst við um Sjöunda dags aðventista. Er talið rétt að koma til móts við þessa kjósendur og heimila þeim að greiða atkvæði utan kjörfundar, en óbreytt ákvæði 62. gr., sbr. 66. gr., eru nú talin standa í vegi fyrir því.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 15 1982 var ákveðið að kjósandi skuli frá byrjun þessa árs að telja stimpla á kjörseðil bókstaf þess lista er hann vill kjósa, þegar kosning fer fram utan kjörfundar. Notkun stimpla fór fyrst fram við sveitarstjórnarkosningar á síðasta ári hjá 51 kjörstjóra af um 300. Talið er rétt að fengin verði frekari reynsla af stimplanotkun áður en endanlega verður kveðið á um að einungis skuli nota stimpla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Er því lagt til að ákvæðið verði orðað með sama hætti og gilti við kosningarnar á síðasta ári.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvæði um nafnnúmer, sbr. lög nr. 97 1982, flytjist í 68. gr.

Sþ. 312. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um undirbúning og skipulag fíkniefnafræðslu.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Salome Þorkelsdóttir, Árni Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að nú þegar verði hafinn á vegum menntamálaráðuneytisins skipulegur undirbúningur að fræðslu í grunnskólum landsins um áfengi, ávana- og fíkniefni.

Í upphafi verði sérstök áhersla lögð á:

a) Átak í grunnmenntun og endurmenntun kennara varðandi þessa fræðslu.
b) Útgáfu námsgagna á þessu sviði.

Jafnframt verði tryggt við afgreiðslu næstu fjárlaga nægilegt fjármagn til þessara verkefna.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar er borin fram í tengslum við annað mál, sem nú liggur fyrir Alþingi, þ. e. lagafrumvarp sem felur í sér ákvæði er fellt skuli inn í 42. gr. grunnskólalaga um áfengis- og fíkniefnafræðslu. Frumvarpið hefur verið afgreitt ágreiningslaust frá menntamálanefnd neðri deildar og má vænta þess, að efri deild afgreiði málið jákvætt innan skamms.

Fram að þessu hefur sú litla fræðsla, sem farið hefur fram innan skólanna á sviði áfengis- og fíkniefna, verið framkvæmd samkvæmt reglugerð með áfengislögum frá árinu 1954. Reglugerðin tekur einungis til bindindisfræðslu að því er varðar áfengi, en ekki tóbak eða önnur fíkniefni, sem komið hafa hér til sögunnar á síðari árum. Framkvæmd reglugerðarinnar innan skólanna hefur þar að auki verið ærið brotakennd, að mestu komin undir áhuga einstakra kennara og skólastjóra. Það er mjög svo óeðlilegt, að lagaákvæði um skólastarf séu aðeins í áfengislöggjöf, en ekki jafnframt í fræðslulöggjöf, og athyglisvert er, að í viðamikilli skýrslu, sem fyrir nokkru er komin fram frá sérstakri nefnd, sem falið var að endurskoða grunnskólalögin, er hvergi að finna tillögu um að ákvæði um áfengis- og fíkniefnafræðslu verði fellt inn í lögin. Áðurnefnt lagafrumvarp, ef að lögum verður, er því í sjálfu sér nokkur áfangi og er þessari þingsályktunartillögu ætlað að fylgja nú málinu frekar eftir.

Svo margþætt og vandasamt verkefni sem hér er annars vegar þarf vandlegan undirbúning. Beinist þessi tillaga fyrst og fremst að þeim þætti. Ýmsir aðilar, einstaklingar og starfshópar á vegum menntamálaráðuneytisins hafa að undanförnu unnið að því að móta hugmyndir og stefnu í þessum málum og hafa verið flutningsmönnum þessarar tillögu hjálplegir um ýmis gögn og upplýsingar. Sitthvað hefur þannig verið gert nú þegar til athugunar og undirbúnings, en heildstæða stefnumörkun varðandi þessa fræðslu, innan skóla sem utan, vantar. Hún þyrfti m. a. að fela í sér aukið samstarf allra þeirra aðila, sem að þessum málum vinna, og jafnframt gleggri verkaskiptingu. Niðurstöður viðamikilla erlendra rannsókna, m. a. á vegum UNESCO, eru tiltækar og koma okkur að sjálfsögðu að miklu gagni.

Þeir aðilar, sem að þessum málum vinna hér heima, leggja megináherslu á að við verðum að byrja á að gera stórátak í grunnmenntun og endurmenntun kennara, sbr. a-lið þessarar tillögu, í samráði og samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Það er talið í alla staði eðlilegra og æskilegra, að hinn almenni kennari fái menntun og starfsþjálfun til að inna þessa fræðslu af hendi innan skólans, fremur en að fá til þess utanaðkomandi sérfróða aðila. Fræðslan á að falla sem eðlilegast inn í daglegt skólastarf og beinast að einstaklingnum sjálfum og umhverfi hans, fremur en að fíkniefnin sjálf verði miðpunktur fræðslunnar. Að byggja upp ábyrgðartilfinningu nemandans, dómgreind og sjálfstæði gagnvart áhrifum ríkjandi tískuviðhorfa er talið mikilvægt markmið.

Útgáfa námsgagna á sviði fíkniefnafræðslu, sbr. b-lið tillögunnar, er annað meginatriði hennar. Gert er ráð fyrir að fræðslan verði felld inn í ýmsar almennar námsgreinar, fyrst og fremst **samfélagsfræði og líffræði.** Engu að síður er nauðsynlegt að til sé sérstakt námsefni og námsgögn um einstaka þætti. Vandað erlent námsefni, þýtt á íslensku og staðfært, kemur þar vissulega til greina.

Hér þarf að ganga beint til verks, svo að unnt sé að taka myndarlega á þessari fræðslu og skipulagi hennar í framtíðinni. Til hennar þarf að vanda í hvívetna svo sem framast er kostur, ella kynni að vera verr af stað farið en heima setið. Ljóst er að til þess þarf bæði mannafla og fjármagn. Því er í niðurlagi tillögunnar farið fram á að tryggt verði við afgreiðslu næstu fjárlaga nægilegt fjármagn til þeirra verkefna, sem í tillögunni felast. Engum blandast hugur um hve mikilvægt það er og viðurhlutamikið, að okkur takist að bægja frá íslenskum ungmennum því mikla böli sem áfengis- og fíkniefnaneysla er orðin meðal ýmissa grannþjóða okkar. Í þeim efnum má einskis láta ófreistað, og óhæfa er að íslenskir skólar fyrir sitt leyti leiði lengur hjá sér að takast á við þennan mikla vanda. Það væri hins vegar óraunhæft að ætla að skólarnir einir geti valdið þeim vanda. Skal í því sambandi vitnað í sjónvarpsviðtal fyrr í vetur við Sigurð Pálsson, sem starfar í skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins að fíkniefnamálum:

„Mér finnst rétt að leggja áherslu á að ég tel óvarlegt að binda of miklar og þá óraunhæfar vonir við skólann í þessum efnum. Hér er við flókinn vanda að etja og allir þeir, sem hafa með börn og ungmenni að gera, verða að leggjast á eitt: heimilin, æskulýðsleiðtogar, fjölmiðlar o. s. frv. Skólinn er aðeins einn hlekkur í þessari keðju.“

Nd. 313. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðmundur J. Guðmundsson og Eggert Haukdal.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir form. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Alexander Stefánsson,
Friðrik Sophusson. Steinþór Gestsson.

Sþ. 314. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

(Lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

Með hliðsjón af líklegum breytingum á atvinnulífi landsmanna á næstu árum og nauðsyn þess að stuðla að farsælum efnahagslegum og félagslegum framförum, ályktar Alþingi að efla beri rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. Að auka þekkingu á náttúru landsins, einkum til að meta hvernig nýta megi auðlindir landsins til hagsbóta fyrir landsmenn og hvernig best verði brugðist við þeim sérstöku aðstæðum sem mótast af náttúruskilyrðum landsins og íslenskum þjóðfélagsháttum.
2. Að þróa innlenda tækniþekkingu og aðhæfa erlenda tækni til að styrkja stöðu atvinnuvega landsmanna, m. a. í ljósi harðnandi samkeppnisskilyrða á alþjóðavettvangi.
3. Að auka innlenda þekkingu á sem flestum sviðum vísinda og tækni með framtíðarþarfir þjóðarinnar í huga.
4. Að stuðla að bættum upplýsingum og ráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda um mál er varða framfarir í atvinnuvegunum.

Í þessu skyni ályktar Alþingi að langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna 1982—1987 skuli höfð til hliðsjónar við mótun langtímastefnu í þessu efni.

Rannsóknaráði ríkisins verði falið að móta tillögur er lúta að framkvæmd þessarar stefnu í samvinnu við ráðuneyti, stofnanir og samtök atvinnuveganna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í nóvember 1982 samþykkti Rannsóknaráð ríkisins og sendi ríkisstjórninni langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna tímabilið 1982—1987. Áætlun þessi er samin í samræmi við ályktun Alþingis frá 21. maí 1979 og samþykkt ríkisstjórnarinnar 6. ágúst 1980 um mótun langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og endurskoðun fyrri langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins í því skyni. Tildrög áætlunarinnar og þau meginsjónarmið sem í henni koma fram eru rakin í greinargerð frá Rannsóknaráði ríkisins sem birt er á fylgiskjali. Eintak af áætluninni hefur verið sent alþingismönnum.

Fylgiskjal.

Greinargerð frá Rannsóknaráði ríkisins.

Forsaga.

Rannsóknaráð ríkisins birti fyrstu langtímaáætlun sína um rannsóknir í þágu atvinnuveganna árið 1978[1]), en þá hafði undirbúningur hennar staðið í nær fimm ár. Náði áætlunin til tímabilsins 1976—1981, en fyrsta gerð hennar tók mun lengri tíma en ætlað var.

Ákvörðunin um gerð langtímaáætlunarinnar var tekin í kjölfar athugunar OECD á stöðu vísinda og rannsóknamála á Íslandi á árunum 1970 og 1971[2]), og eftir miklar umræður um skipulag rannsóknastarfseminnar hérlendis á sama tíma. Hafði þá um skeið ríkt nokkur óánægja með skilyrði rannsóknastarfseminnar og skilning stjórnvalda á málefnum vísinda í landinu og var ágreiningur um skipulag starfseminnar, þar á meðal um þátt Rannsóknaráðs innan þess. Athugun OECD leiddi í ljós að skipulagi og lögum um íslenska rannsóknastarfsemi væri í litlu áfátt, en hins vegar lægi vandinn í stjórnun og starfsháttum stofnananna, ákvörðunum um verkefnaval og skorti á fjármagni og starfsliði. Áform um skipulagsbreytingar, sem þá voru á prjónunum á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og menntamálaráðuneytisins, voru því lögð til hliðar, en ákveðið þess í stað að leggja áherslu á eflingu starfseminnar og endurbætur á starfsháttum, bæði innan rannsóknastofnananna sjálfra og í umfjöllun ríkisvaldsins um málefni þeirra. Teknar yrðu upp hentugri stjórnunaraðferðir með það fyrir augum að auka árangur og afköst rannsóknastarfseminnar og tengja hana betur þörfum þjóðfélagsins.

Frá því hafist var handa um gerð langtímaáætlunarinnar um 1973, hafa orðið verulegar breytingar á rannsóknastarfseminni. Sjálf áætlunargerðin hafði mikil áhrif á skoðanir manna á málefnum atvinnuveganna og starfsaðferðum rannsóknastofnananna. Spár voru gerðar um þróunarhorfur í atvinnuvegunum og þær kynntar opinberlega. Sumar þeirra komu af stað mikilli umræðu um málefni atvinnuveganna og hafa átt þátt í stefnumótun á síðari árum. Gerð áætlunar innan hverrar stofnunar hefur haft veruleg áhrif á vinnubrögð og verkefnaval.

Á tímabilinu 1973—1981 hefur starfsliði rannsóknastofnana atvinnuveganna fjölgað um 5,3% á ári að meðaltali. Með fjölgun starfsliðs og möguleikum á aukinni sérhæfingu og samstarfi hefur betri árangur náðst og unnt hefur verið að taka viðameiri mál til rannsókna en áður gerðist. Mikil áhersla hefur einnig verið lögð á að koma niðurstöðum rannsókna á framfæri við fyrirtæki, starfslið og samtök atvinnuveganna.

Viðurkenning langtímaáætlunar.

Opinbera viðurkenningu fékk langtímaáætlunin með því að Alþingi ályktaði árið 1979 um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnar, að mörkuð verði langtímastefna í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og lögð til grundvallar langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni. Verði langtímaáætlun síðan endurskoðuð reglulega og höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárveitingar og önnur málefni er varða rannsóknastarfsemi í landinu."

Um svipað leyti voru samþykkt lög nr. 13, 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., en í 25. grein þeirra, undir kafla „um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri", segir:

---

1) Rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna — Langtímaáætlun. Rannsóknaráð ríkisins, R.r. 2-'78. Reykjavík maí 1978.

2) Reviews of National Science Policy — Iceland. OECD, París 1972.

„Til stuðnings áætlanagerð um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.“

Með hliðsjón af ályktun þingsins og umræddri lagagrein gerði ríkisstjórnin svohljóðandi samþykkt á fundi sínum 6. ágúst 1980:

„Ríkisstjórnin samþykkir að mótuð verði langtímastefna í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Til grundvallar verði lögð langtímaáætlun Rannsóknaráðs frá maí 1978 um það efni. Æskilegt er að hún verði tekin til endurskoðunar í ljósi fenginnar reynslu. Felur ríkisstjórnin Rannsóknaráði ríkisins að hafa frumkvæði um slíka endurskoðun og hafa samvinnu við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, þar á meðal Iðntæknistofnun Íslands, svo og Orkustofnun og Háskóla Íslands um þær rannsóknir sem tengjast almennri tækniþróun og þróun orkumála. Þá verði jafnframt haft samráð við viðkomandi ráðuneyti og samtökum launafólks og atvinnurekenda gefinn kostur á að tjá sig um forsendur áætlana í þágu hvers atvinnuvegar og þeim kynntar niðurstöður áætlunarinnar.

Með samþykkt þessari er lýst stuðningi við almenn stefnumið langtímaáætlunarinnar, þ. e. þjóðhagsleg markmið og starfshætti, en ekki tekin afstaða til einstakra viðfangsefna, sem mótast þurfa við árlegan undirbúning fjárlaga. Í þeim efnum þarf að koma til samráð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fjárveitinganefndar, Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi stofnunar og ráðuneytis. Ríkisstjórnin felur þessum aðilum að leita hagkvæmra starfsaðferða í þessu skyni.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að reynt verði að auka samstarf fyrirtækja og opinberra stofnana um rannsókna- og þróunarstarf og nýsköpun í atvinnulífinu og óskar eftir tillögum Rannsóknaráðs ríkisins í því efni.“

Með bréfi 9. febrúar 1981 fól menntamálaráðherra Rannsóknaráði ríkisins formlega að framfylgja þessari samþykkt og hefur langtímaáætlunin nú verið endurskoðuð og jafnframt verið tekið upp náið samráð við Fjárlaga- og hagsýslustofnun og fulltrúa fjárveitinganefndar við umfjöllun um fjárveitingabeiðnir þeirra stofnana, sem undir áætlunina falla.

Markmið langtímaáætlunar 1982—1987.

Markmið þessarar endurskoðunar langtímaáætlunar eru í grundvallaratriðum þau sömu og réðu fyrri áætlun, þ. e.:

1. Að tengja betur rannsóknir og þróunarstarfsemi við þjóðfélagsmarkmið.
2. Að skilgreina þau vandamál og tækifæri sem rannsóknastarfsemin þarf að fást við.
3. Að leggja grundvöll að efnislegri meðferð á tillögum rannsóknastofnana um fjárveitingar.
4. Að bæta nýtingu fjármagns og starfsliðs með
   — betri tengslum starfs við markmið
   — betri skilgreiningu verkefna
   — skýrara mati á árangri.
5. Að auka og efla rannsóknir og þróunarstarfsemi á þeim sviðum sem talin eru þjóðfélagslega hagkvæm eða gagnleg.
6. Að stuðla að bættum stjórnunaraðferðum innan rannsóknastarfseminnar og að auknu samstarfi innan stofnana og milli stofnana.
7. Að bæta miðlun upplýsinga og stuðla að auknum samskiptum rannsóknastarfseminnar og þeirra sem um málefni hennar fjalla og þeirra sem árangurs hennar eiga að njóta.

Áætlun sú sem hér fer á eftir nær eingöngu til raunvísindarannsókna og skyldrar þjónustu- og ráðgjafastarfsemi í þágu þeirra greina þar sem þegar eru starfandi opinberar rannsóknastofnanir. Hún varðar rannsóknir í þágu

— sjávarútvegs
— landbúnaðar

— iðnaðar
— byggingariðnaðar
— orkuvinnslu

ennfremur starfsemi Rannsóknaráðs ríkisins sjálfs og sameiginlegrar skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Áætluninni er fyrst og fremst ætlað að vera leiðarvísir um þróun rannsóknastarfseminnar á næstu árum. Jafnframt á hún að gefa glöggt yfirlit um helstu verkefnasvið sem ætla má að störf beinist að. Þá er henni sérstaklega ætlað að veita leiðsögn þegar ákvarðanir um fjárveitingar til rannsóknastarfseminnar eru í undirbúningi.

Áætlunin er gerð í framhaldi af hliðstæðri langtímaáætlun fyrir tímabilið 1976—1981, sem orðið hefur grundvöllur stefnumótunar í málefnum rannsóknastarfseminnar á síðustu þrem árum, m. a. í eftirfarandi efnum:

1. Rannsóknastarfsemin hefur verið aukin nokkuð umfram þjóðarframleiðslu á tímabilinu 1976—1981, eða rúmlega 5% á ári, hvort sem miðað er við fjölda starfsmanna eða fjármagn á föstu verðlagi.
2. Stofnanirnar hafa fengið hvatningu til að auka tekjur sínar eftir öðrum leiðum en opinberum fjárveitingum, með því að þær fái að halda þeim tekjum án þess að fjárveitingar séu rýrðar að sama skapi.
3. Stofnanirnar hafa fengið aukið svigrúm til að ráða starfsmenn til verkefna sem fjármagnast af tekjum utan fjárlaga.
4. Reynt hefur verið að gera kostnaðar- og tekjuáætlanir stofnana þannig að fjárhagsáætlanir verði í meira samræmi við raunveruleikann en áður var.
5. Málefni einstakra stofnana hafa verið skoðuð sérstaklega og stefna mótuð um meðferð þeirra.
6. Afköst við vinnslu gagna hafa aukist hröðum skrefum með tölvuvæðingu innan rannsóknastofnana. Þörf á aðstoðarfólki hefur því orðið minni en ráð var fyrir gert í fyrri langtímaáætluninni.

Staða íslenskrar rannsóknastarfsemi.

Í kjölfar efnahagsvandamála á síðustu árum hafa farið fram víðtækar umræður og athuganir, m. a. á vegum OECD, á forsendum efnahagsframfara og hagvaxtar. Niðurstöður benda til þess að vísindi og tækni geti sem fyrr greitt götu hagrænna og félagslegra framfara og að grundvallaratriði sígildrar hagfræði séu enn í fullu gildi fyrir mótun efnahagsstefnu, þar með talinn þáttur hins frjálsa markaðar. Hins vegar er bent á nauðsyn þess að tengja betur en áður nýskapandi hlutverk vísinda og tækni við hina ýmsu þætti þjóðlífsins til að stuðla að jafnvægi í efnahagslegum og félagslegum framförum og hindra óæskileg hliðaráhrif þeirra.

Margar þjóðir hafa nú ákveðið að hækka framlög sín til rannsókna og þróunar og tekið upp virka framfara- og nýjungastefnu til að ýta undir frumkvæði atvinnufyrirtækja um rannsóknir og þróunarstarfsemi og við að koma á nýjungum í atvinnulífi.

Að beiðni Rannsóknaráðs ríkisins var á árunum 1980—1981 gerð athugun á vísinda- og tæknistefnu Íslendinga á vegum OECD. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

— Íslensk rannsóknastarfsemi svarar vel til hagnýtra þarfa landsins, fjármagn hefur í meginatriðum nýst vel, tengsl eru góð við umhverfið, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.
— Of litlu fé og starfsliði er varið til rannsókna og þróunar. Skortur er á sérþekkingu á ýmsum sviðum.
— Skammtímaþarfir atvinnuveganna ráða mestu um verkefnaval.
— Ekki er nægilega hugað að öflun tækniþekkingar og færni með langtímaþarfir í huga, t. d. enginn undirbúningur í gangi til að geta stýrt þeirri tækniþróun sem nýting orkulindanna byggir á og leiðir af sér.

— Fjármögnun rannsóknastarfseminnar er talin einhæf.
— Æskilegt er að auka hlut atvinnuveganna í fjármögnun rannsókna. Ennfremur þarf að sjá fyrir fjármagni til áhættuverkefna, t. d. í rafeindaiðnaði og öðrum þekkingariðnaði.

Að mati Rannsóknaráðs ríkisins eru allar þessar ábendingar á rökum reistar. Flest þessi atriði varða stýringu á fjármagni til rannsókna og þróunarstarfsemi og til eflingar tækniþekkingar og er tekið mið af þeim í áætlun þessari.

Stefna áætlunarinnar.

Almennt.

Fyrri langtímaáætlun lagði fyrst og fremst áherslu á **breytta starfshætti** í rannsóknastarfseminni og þá einkum bætta stjórnun innan stofnana og betri vinnubrögð við stefnumótun og ákvarðanir um málefni þeirra. Í þessari áætlun er jafnframt boðuð stefna í eftifarandi atriðum:

1. **Rannsóknastofnanir leiti í auknum mæli eftir eigin tekjum utan fjárlaga til að fjármagna starfsemi sína án þess að fjárveitingar verði rýrðar. Komið verði upp rannsóknasjóði til að styrkja einstök verkefni.**
2. **Atvinnufyrirtæki taki aukinn þátt í framkvæmd og fjármögnun rannsókna. Umbótasjóðir atvinnuveganna verði efldir til að styðja og hvetja fyrirtækin í þessu efni.**
3. **Tengsl rannsóknastofnana við atvinnuvegi og atvinnufyrirtæki verði efld.**
4. **Sjálfstæði og ábyrgð stofnananna í rekstrarlegum efnum verði aukið, m. a. í ráðningu starfsliðs** og stefnt verði að því að gera nokkrar rannsóknastofnananna að sjálfseignarstofnunum undir sameiginlegri stjórn ríkis og samtaka atvinnuveganna.
5. **Aukin verði áhrif og virkni stjórna stofnananna í stefnumótun og í því að bæta tengsl við atvinnuvegi og ráðuneyti.**
6. **Meiri gaumur verði gefinn að öflun grundvallarþekkingar og hæfni vegna framtíðarþarfa.**
7. **Vaxandi áhersla verði lögð á rannsóknir í þágu úrvinnslugreina atvinnulífsins.**

Fjármögnun.

Einn helsti annmarkinn á skipulagi íslenskrar rannsóknastarfsemi samanborið við það sem tíðkast í öðrum löndum er að mikill meiri hluti rannsókna er kostaður með fjárveitingum á fjárlögum án þess að fram fari mat á verkefnum og án þess að áhrif frá notendum rannsóknaniðurstaðna komi nægilega vel til greina. Þessu þyrfti að breyta og að því lúta fyrstu þrjú stefnuatriðin.

Lagt er til að þetta verði gert með eftirgreindum hætti:

1. Atvinnufyrirtæki verði hvött til að leggja meira til rannsókna og þróunar, bæði á eigin vegum og með því að kosta verkefni sem unnin eru á opinberum stofnunum eða taka þátt í þeim með öðrum hætti, m. a. með skattaívilnunum og stefnu um innkaup fyrir hið opinbera.
2. Efldir verði opinberir sjóðir sem styrkt geti einstök rannsóknaverkefni í samræmi við mat á gagnsemi og faglegum forsendum þeirra. Um þrenns konar sjóði verði að ræða:
   — **Vísindasjóður** er styrki grundvallarrannsóknir og byggi mat sitt á vísindalegu gildi og eðli verkefna, hæfni rannsóknamanna og mikilvægi verkefna fyrir þekkingaröflun í landinu og líkindum fyrir árangri.
   — **Rannsóknasjóður** (tæknisjóður), sem styrki hagnýt rannsóknaverkefni og þróunarstarf og byggi mat sitt á gagnsemi verkefnis, gildi fyrir framvindu tækniþekkingar og möguleika á hagkvæmri nýtingu á niðurstöðum, auk hæfni rannsóknamanna og líkindum fyrir árangri.
   — **Atvinnuvegasjóðir** (Iðnrekstrarsjóður, Iðnþróunarsjóður, Fiskimálasjóður og Framleiðnisjóður landbúnaðarins), sem fyrst og fremst styrki þróunarverkefni og

umbótastarf í atvinnuvegunum innan einstakra fyrirtækja eða greina og byggi mat sitt á hagkvæmni og líkindum fyrir meiri og betri framleiðslu eða sterkari samkeppnisstöðu.

Með þessum hætti gætu fjármögnunarleiðir rannsókna og þróunarstarfsemi færst í auknum mæli yfir á styrki og samninga um einstök verkefni, en opinberar fjárveitingar gætu þá greitt almennan rektrarkostnað, yfirstjórn og grunnfjárfestingu og eigin þekkingaröflun stofnananna.

Aukinn hlutur eigin tekna hefur á hinn bóginn með sér ný vandamál fyrir rekstur stofnananna, bæði vegna sveiflna í eftirspurn eftir þjónustu þeirra og vegna breytinga á fjármagnsflæði þeirra þar sem greiðslur fyrir unnin verk innheimtast ekki eins reglubundið og fjárveitingar úr ríkissjóði. Ekki er talið ráðlegt að hlutur eigin tekna fari almennt mikið yfir 40—45% af rekstrarkostnaði stofnananna á næstu árum.

Stjórnun og stefnumótun.

Í fyrri langtímaáætlun var ítarlega fjallað um atriði er áhrif hafa á árangur vísinda- og tæknirannsókna og jafnframt skýrt frá þeim aðstæðum, sem íslensk rannsóknastarfsemi hefur búið við og hvernig þær hafa dregið úr æskilegum árangri. Í framhaldi af því var lagt til að tekin yrðu upp ný vinnubrögð í umfjöllun um málefni rannsóknastarfseminnar og mótuð stefna, sem miðaði annars vegar að því að styrkja innviði rannsóknastofnananna, skilgreina verkefni þeirra betur og breyta stjórnunarháttum inn á við. Á hinn bóginn var reynt að bæta tengsl stofnananna út á við og m. a. í tengslum við langtímaáætlun tekin upp ný vinnubrögð um meðferð fjárveitingabeiðna stofnananna, svo sem áður er greint. Þessi stefna hefur þegar borið verulegan árangur, þótt langt sé frá að nýir starfshættir séu orðnir rótgrónir eða fullmótaðir. Einn af þeim þáttum, sem enn ber að styrkja, er hlutverk stjórna og ráðgjafanefnda stofnananna, sem oft hafa ekki verið eins virkar og efni standa til. Leggja þarf áherslu á að stjórnir beri ábyrgð á heildarstefnumótun stofnana, samþykki endanlegt verkefnaval og fjárhags- og starfsáætlanir, ásamt reikningum stofnananna, en að ráðgjafanefndir geri tillögur um verkefni og láti í ljós álit sitt á verkefnum sem eru í undirbúningi og fjalli um niðurstöður meiri háttar verkefna, sem lokið er. Með þessum hætti mætti bæta tengsl stofnananna við atvinnuvegi og ráðuneyti og samræma stefnu í rannsóknamálum við stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum í hverri grein.

Verkefnaval — langtímaverkefni.

Rannsóknastarfesmi á Íslandi hefur hingað til fyrst og fremst beinst að aðkallandi vandamálum, sem atvinnuvegirnir hafa átt við að glíma á hverjum tíma. Hafa rannsóknir þessar ásamt aðhæfingu á innfluttri tækni gert kleift að nýta innlendar náttúruauðlindir og stuðlað að miklum efnahagsframförum og stórbættum lífskjörum á undanförnum áratugum. Líklegt er að á komandi árum verði skjóttekinn fengur af nýtingu auðlinda ekki eins sterkur þáttur í efnahagsvexti og verið hefur, en þáttur hugvits, þekkingar og mannlegrar færni mikilvægari. Því er nauðsynlegt að unnið verði markvissara en verið hefur að öflun færni á ýmsum sviðum, sem þörf er fyrir í framtíðinni. Af þeim tæknisviðum sem líkleg eru til að verða mikilvæg má m. a. nefna:

— Raf- og rafeindatækni
— Tölvu- og upplýsingatækni
— Orkunýtingartækni
— Lífefnatækni
— Vatns- og sjávareldistækni
— Fóður- og matvælatækni.

Á næstu árum mun Rannsóknaráð ríkisins beita sér fyrir könnun á þessum sviðum með það fyrir augum að gera tillögur að stefnumótun og mun leita samvinnu við stjórnvöld, stofnanir og atvinnuvegi í því efni.

Forgangsröðun.

Í áætlun þessari er enn gert ráð fyrir umtalsverðri aukningu á rannsóknastarfseminni umfram þjóðarframleiðslu á næstu árum. Flest bendir til að þjóðarframleiðslan dragist saman við byrjun tímabilsins og jafnvel þótt úr rættist á síðari hluta þess, verður vöxturinn í heild að líkindum mun minni en verið hefur frá stríðslokum. Við þessar aðstæður er knýjandi nauðsyn á að leggja grundvöll að nýjum vaxtarsviðum fyrir atvinnu- og efnahagsframfarir og jafnframt aðlaga eldri atvinnugreinar þeim erfiðu skilyrðum, sem þær nú búa við. Það er meginhlutverk rannsóknastarfseminnar að greiða götu slíkra umbóta og er því lögð áhersla á að ekki verði dregið úr framlögum af opinberri hálfu til rannsóknastarfseminnar, en jafnframt verði avinnuvegir hvattir til að leggja meira af mörkum á komandi árum, þannig að áætlun þessi fái staðist.

Rannsóknaráð leggur til að aukning rannsóknastarfseminnar verði hlutfallslega mest á sviði iðnaðar og tækni er lýtur að úrvinnslugreinum atvinnulífsins. Áherslubreyting verði í rannsóknum í þágu frumvinnslugreina sem miði að því að auka samkeppnishæfni þeirra með lækkuðum tilkostnaði, betri og hagkvæmari nýtingu auðlinda, svo og nýjungum í þessum greinum. Lagt er til að aukningin verði sem mest fjármögnuð með þátttöku atvinnulífsins og ráðstafanir gerðar til að hvetja til þess.

Þjóðfélagsleg markmið.

Við gerð þessarar langtímaáætlunar hafa aðalmarkmið þjóðfélagsins verið skilgreind með eftirgreindum hætti:

— **Heildarmarkmið þjóðfélagsstarfseminnar er að auka farsæld og hagsæld með þjóðinni og möguleika hennar til lífsfyllingar.**

Í hugtökunum farsæld og hagsæld eiga að rúmast öll þau tækifæri til að njóta efnislegra, félagslegra og huglægra gæða, sem einstaklingar kunna að óska sér. Þessar einstaklingsbundnu óskir má síðan setja fram sem markmið fyrir þjóðfélagið að vinna að og orða þau þannig:

1. **Styrkja efnahag þjóðarinnar,** en í því felst m. a. að auka þjóðartekjur og neyslu á mann, tryggja fullnægjandi atvinnutækifæri, fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og jafnvægi í efnahagsmálum og tryggja sambærilega hagsæld við það sem gerist í nágrannalöndunum.
2. **Stuðla að jafnvægi í þróun byggðar og búsetu í landinu** með því að fjölga tækifærum til arðbærrar atvinnu, bæta samgöngur og efla þjónustu sem víðast og sporna gegn óeðlilegri röskun og misvægi á högum fólks í efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu tilliti.
3. **Bæta sambúð lands og þjóðar** með verndun og viðhaldi óspillts náttúrulegs umhverfis, fegrun þess umhverfis, sem maðurinn sjálfur mótar, og fjölþættri og skipulegri nýtingu íslenskra auðlinda.
4. **Efla félagslega samhjálp og jafnrétti** til viðbúnaðar gegn hvers konar áföllum og erfiðleikum, til aukinnar heilbrigðisgæslu, til bættrar menntunar og til jafnræðis meðal þjóðfélagsþegna.
5. **Auka og efla menningarlíf í landinu** með varðveislu íslenskrar tungu, ástundun lista, vísinda og mennta og þátttöku í alþjóðlegum menningarsamskiptum.
6. **Vernda sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar** með þátttöku í alþjóðaviðskiptum og alþjóðasamstarfi á grundvelli viðskiptafrelsis, alþjóðlegrar verkaskiptingar, þjóðlegs fullveldis og fullra yfirráða yfir loft- og landhelgi og auðlindalögsögu í sjó.

Svo sem vænta má eru þessi þjóðfélagslegu markmið ekki alltaf samræmanleg. Þannig getur sókn að hagvexti rekist á markmið byggðaeflingar, umhverfisverndar eða aukinnar félagslegrar þjónustu. Óhjákvæmilega hlýtur að koma til mats á innbyrðis mikilvægi markmiða á hverjum tíma. Bæði hér og erlendis hefur farið fram umræða, sem annars vegar

mótast af eindregnum óskum um örar efnahagsframfarir og bætt lífskjör, en hins vegar af breyttum hugmyndum um gildismat og forsendur lífsfyllingar og lífshamingju. Hér á landi, þar sem ókostir tæknivædds iðnaðarsamfélags hafa lítil áhrif haft á lífsskilyrði fólks, virðast hin hagrænu sjónarmið sitja í fyrirrúmi.

Það er álit Rannsóknaráðs að megináherslan á næstu árum verði lögð á að **styrkja efnahag þjóðarinnar,** en einnig verði jafnvægi í **byggðaþróun** og aukin **félagsleg þjónusta og jafnrétti** til að njóta hennar ofarlega á baugi.

Mótandi viðhorf.

Líklegt er að eftirgreind meginviðhorf skipti mestu fyrir þróun atvinnuveganna og þar með verkefnaval og ráðstöfun fjármagns til rannsóknastarfseminnar á næstu árum:

1. **Meginviðhorf í sjávarútvegi.**

Það tímabil aflaaukningar, sem varað hefur frá því fiskveiðilögsagan var færð út, er nú á enda og getur heildarafli tæplega aukist og raunar hefur orðið samdráttur í veiðum að undanförnu. Fjárfesting í fiskveiðiflota landsmanna er nú of mikil miðað við afrakstur af veiðunum. Leggja ber áherslu á að ná aflanum með minni tilkostnaði og betri afkomu fiskveiða. Samkeppni í helstu markaðslöndum fyrir sjávarafurðir fer harðnandi. Mikla áherslu verður að leggja á vöruvöndun og gæði og vöruþróun til að halda markaðsstöðu okkar. Framfarir á þessu sviði mega þó ekki leiða til aukins framleiðslukostnaðar og verður því um leið að hagræða og auka framleiðni svo sem kostur er. Vaxandi fjöldi sérmenntaðra manna hefur komið til starfa í sjávarútvegi á undanförnum árum og skapar það ný viðhorf. Meðal annars af þeim sökum er líklegt að framfarir í sjávarútvegi geti haldið áfram þrátt fyrir þrengri ytri skilyrði. Þá er líklegt að áhugi fari vaxandi á að rækta eða ala nytjastofna hafsins, bæði í þeim tilgangi að hafa áhrif á ástand og afkomu einstakra fiskstofna og til að ala nýjar tegundir til frálags. Örtölvutækni opnar stórfellda nýja möguleika til tæknivæðingar í fiskvinnslunni með betri nýtingu hráefnis og betri stjórnun á vinnsluferlinum og nýjum möguleikum til sjálfvirkni. Líklegt er að eins miklar breytingar verði á vinnslusviðinu af þessum sökum á næstu árum eins og af hertum hreinlætiskröfum og tilkomu skuttogaranna á síðasta áratug.

2. **Meginviðhorf í landbúnaði.**

Íslenskur landbúnaður hefur að undanförnu átt í vaxandi erfiðleikum vegna offramleiðslu miðað við þarfir innlends markaðar og samdráttar á útflutningsmörkuðum. Þurft hefur að daga úr framleiðslu í hefðbundnum greinum landbúnaðar og eru horfur á að hlutur landbúnaðar fari minnkandi í þjóðarbúskapnum, nema til komi nýjar búgreinar sem ekki eru háðar sömu markaðstakmörkunum og hinar hefðbundnu. Vaxandi áhersla er nú lögð á að finna landbúnaðinum nýja framleiðslumöguleika til að mæta samdrætti í hefðbundinni búvöruframleiðslu.

Óskir neytenda um fjölbreytni og hollustu matvæla samhliða breytingum á neysluvenjum munu hafa veruleg áhrif á þróun markaðar fyrir landbúnaðarvörur og þar með vaxtarmöguleika einstakra greina.

Þar sem framleiðsla hefðbundinna búgreina er háð miklum takmörkunum felast aðalmöguleikarnir til umbóta í sparnaði á aðföngum, aukinni áherslu á heimafengið fóður, hagkvæmni í áburðarnotkun og hagsýni í vali á tækni- og vélvæðingu. Líklegt er að gefa þurfi meiri gaum að gildi landbúnaðarhráefna fyrir úrvinnsluiðnað. Fyrirsjáanlega verður reynt að mæta samdrætti hefðbundinna búgreina með eflingu annarra búgreina, svo sem loðdýraræktar, fiskeldis og fiskræktar, garð- og ylræktar, kornræktar og hlunnindanýtingar og þjónustu við útivist og ferðamennsku. Við mótun landbúnaðarstefnu er rétt að gefinn sé gaumur að óvissuástandi í alþjóðamálum og hugað að hvernig innlend matvælaframleiðsla

geti orðið sem mest óháð erlendum aðföngum, að teknu tilliti til nauðsynlegrar kröfu um hagkvæmni.

3. **Meginviðhorf í iðnaði.**

Vegna þess að framleiðsla getur ekki aukist í öðrum hefðbundnum greinum má ætla að hlutverk iðnaðar muni vaxa á níunda áratugnum. Aukin vöruframleiðsla og ekki síst útflutningsframleiðsla er talin forsenda alhliða efnahagsvaxtar, m. a. vegna þeirra margfeldisáhrifa sem hún hefur á sviði viðskipta og þjónustu.

Iðnaður hefur hingað til ekki búið við sömu starfsskilyrði og aðrir undirstöðuatvinnuvegir. Tillögur liggja fyrir um breytingu á þessu í átt til meira jafnræðis og skilningur á málefnum hans fer vaxandi, m. a. liggur fyrir einróma samþykkt Alþingis um stefnumótun í iðnaði. Með fullri aðild að EFTA og samningi EBE hafa samkeppnisskilyrði harðnað fyrir flestar greinar iðnaðar. Tengslin við markaðsbandalögin hafa orðið mikil hvatning til endurbóta í iðnaði hér á landi. Samkeppnishæfni heimamarkaðsiðnaðar og útflutningsiðnaðar er háð því að öflug viðleitni verði til umbóta á eftirtöldum sviðum:

— aukningu í framleiðni
— þróun nýrra og endurbættra vörutegunda og framleiðsluaðferða
— eflingu á markaðs- og sölustarfsemi.

Þjónustuiðnaður eða stoðiðnaður hefur löngum horfið í skuggann af hreinum framleiðsluiðnaði og ekki notið sömu fyrirgreiðslu og samkeppnis- og útflutningsiðnaður. Hann á þó í vaxandi samkeppni við innflutning og ber jafnframt í sér margvíslega möguleika til nýframleiðslu. Líklegt er að skilningur á þessu eðli stoðiðnaðar fari vaxandi.

Um þessar mundir fer sérmenntuðu fólki fjölgandi í stjórnunarstöðum hjá fyrirtækjum í iðnaði. Jafnframt þessu fer skilningur og áhugi á vöruþróun og rannsóknum vaxandi. Þannig opnast nýjar leiðir til breytinga á grunngerð iðnaðar til að bregðast við harðnandi alþjóðlegri samkeppni.

Framleiðnistig íslensks iðnaðar er enn langt undir því sem annars staðar gerist þrátt fyrir ágætan árangur í einstaka fyrirtækjum. Reynslan sýnir þó að tiltölulega auðvelt er að auka framleiðnina verulega með skipulegu átaki.

Almenn samstaða virðist nú um að beisla skuli orkulindir landsins svo hratt sem hagkvæmt þykir og byggja efnahagsvöxt næstu áratuga á þeim. Beislun orkulinda, vatnsafls og jarðgufu felur í sér ýmsa möguleika til iðnþróunar. Má nefna fyrirtæki sem hagnýta orkuna eða iðngreinar sem annast smíði á fjárfestingar- og rekstrarvörum fyrir iðju- og orkuver og þróun úrvinnsluiðnaðar í tengslum við orkufrekan iðnað. Eðlilegt er að lögð verði áhersla á uppbyggingu þeirra greina sem njóta staðarkosta sem tryggt geta samkeppnisstöðu í harðri alþjóðlegri samkeppni. Leggja verður áherslu á fjölbreytilegt mynstur iðnfyrirtækja smárra og stórra sem nýta mismunandi aðstöðu og möguleika og veita fjölbreytni í störfum.

4. Meginviðhorf í byggingariðnaði.

Byggingariðnaður og mannvirkjagerð er veigamikill þáttur í íslenskum þjóðarbúskap og horfur á að svo verði áfram ef stefnumótun um nýtingu orkulindanna sem nýlega var samþykkt á Alþingi nær fram að ganga. Líklegt er að hlutur stórframkvæmda aukist en hlutur atvinnuhúsnæðis og íbúðabygginga standi í stað eða dragist saman að hlutfalli.

Á síðustu árum hafa rannsóknir leitt í ljós orsakir stórfelldra og mjög dýrra byggingaskemmda, sem stafa af samverkan veðurfars, byggingarefna og þeirrar tækni sem notuð er. Vegna breytinga sem standa yfir á byggingaraðferðum og skipulagi byggingariðnaðarins er nauðsyn á að auka rannsóknir á nýjum byggingaraðferðum, innlendum og innfluttum byggingarefnum og skipuleggja fræðslu um nýja tækni, ný efni, viðhald og viðgerðir með hliðsjón af þeim náttúruskilyrðum sem hér ríkja.

Örar breytingar á þjóðfélagsgerð, atvinnuþróun og samgöngum svo og vaxandi kröfur fólks til umhverfis síns hafa leitt í ljós nauðsyn á vönduðum undirbúningi skipulags sem væntanlega verður tekið tillit til á komandi árum. Meðal annars mun þörf fyrir upplýsingasöfnun og gagnavinnslu um fjölmarga þætti er varða forsendur skipulagsgerðar fara stórlega vaxandi. Breytingar á fjármögnun bygginga, m. a. verðtrygging lána og aukinn þáttur félagslegra bygginga, munu hafa veruleg áhrif á val húsagerða og jafnframt örva breytingar á grunngerð byggingariðnaðar og verktakastarfsemi í mannvirkjagerð. Iðnaðarframleiðsla byggingarefna og byggingarhluta og einingahúsa fer vaxandi. Þörfin fyrir rannsóknir, aðstoð við vöruþróun, stöðlun, prófanir og eftirlit með vörugæðum vex og samfara því skilningur á gildi rannsókna og þróunarstarfsemi á þessu sviði.

5. Meginviðhorf í orkumálum.

Stórfelldar breytingar hafa átt sér stað í orkumálum heimsins í kjölfar olíukreppu síðasta áratugar. Olíu- og gasbirgðir jarðar eru fyrirsjáanlega takmarkaðar og mönnum er ljós nauðsyn þess að þróa tækni til að nýta nýjar orkulindir er komi í þeirra stað. Til lengri tíma litið er talið að horfur séu á nægri orku, en næstu 40 ár verða hins vegar tími mikillar óvissu og erfiðrar aðlögunar að breyttum aðstæðum. Flestir spá hækkun á raunverði orku þegar til lengri tíma er litið, þótt í svipinn hafi dregið úr orkuverðshækkunum.

Íslendingar hafa brugðist við þessum alþjóðlegu aðstæðum í orkumálum með því að auka notkun innlendra orkugjafa í stað innfluttra þar sem því verður við komið og með því að hagnýta þær samkeppnisaðstæður sem hagkvæm orka leyfir. Kanna þarf hvernig hagkvæmast er að nýta íslenskar orkulindir til að styðja efnahagsframfarir í landinu með hliðsjón af viðskiptum og verkaskiptingu á milli þjóða.

Orkulindir landsins eru miklar við núverandi nýtingu og skapa svigrúm til aukinnar orkuvinnslu sem orðið getur undirstaða efnahagsframfara á komandi árum. Sem stendur á orkufrek stóriðja í miklum erfiðleikum vegna alþjóðlegs markaðssamdráttar og getur þetta valdið óvissu og áhættu fyrir áform um orkunýtingu. Mikilvægt er að vandað verði til nýrra iðnaðarkosta og þeir aðeins valdir sem hagkvæmir virðast og geta gefið þjóðarbúinu góðan arð. Í því efni þurfa landsmenn að forðast að taka meiri áhættu en þeir geta með góðu móti borið. Gæta þarf vel að áhrifum slíks iðnaðar á félagslegt og náttúrulegt umhverfi.

Þegar til lengri tíma er litið er líklegt að jarðvarminn bjóði upp á mesta vaxtarmöguleika, en nú er talið að vinnanlegur jarðvarmi á Íslandi í vergri varmaorku jafngildi 80 milljörðum tonna af olíu, sem er nálægt vinnanlegum olíuforða heimsins. Mestur hluti þessarar orku er í háhitasvæðum landsins og því eðlilegt að gefinn sé gaumur að því hvernig nýta megi þessar miklu auðlindir. Í verulegum mæli mun það byggjast á þekkingu sem þróuð er og aðhæfð hér á landi.

Því er spáð að fram til aldamóta muni raforkunotkun tvöfaldast án nýs orkufreks iðnaðar, en með viðbót í orkufrekum iðnaði geti raforkunotkunin rúmlega þrefaldast. Samsvarandi spá fyrir notkun jarðhita gerir ráð fyrir þreföldun um aldamótin miðað við verga varmaorku úr jörð. Spáð er að olíunotkun landsmanna muni standa nokkurn veginn óbreytt á tímabilinu til aldamóta.

Tækniþekking — sérþekking — hlutverk rannsókna og þróunarstarfsemi.

Það sem hér hefur verið rakið bendir til verulegra breytinga á atvinnuháttum í landinu á komandi árum. Nýir atvinnuvegir munu ryðja sér til rúms um leið og þrengist um vaxtarmöguleika í þeim eldri. Sérmenntuðum mönnum í stjórnunarstörfum hjá atvinnuvegunum mun fjölga stórlega. Tekin verður upp og aðhæfð ný tækni í ýmsum greinum, tæknistig atvinnuveganna hækkar og aukin áhersla verður lögð á rannsóknir og þróunarstarfsemi.

Íslensk rannsóknastarfsemi hefur löngum beinst að þjónustu og aðstoð við fyrirtæki og einstaklinga við lausn vandamála daglegs rekstrar. Hlutur eiginlegra rannsókna og

þróunarverkefna hefur þó farið vaxandi á síðari árum þótt áherslan sé enn á lausn aðkallandi vandamála eða hagnýtingu tækifæra, sem bjóðast á hverjum tíma. Með breyttum atvinnuháttum verður æ mikilvægara að hugsa fyrir þörfum á þekkingu og færni til lengri tíma litið. Hlutur grundvallarrannsókna og hagnýtra rannsókna með langtímamarkmið í huga verður æ mikilvægari og er nauðsyn að stefna í vísinda- og tæknimálum á Íslandi verði endurskoðuð með þetta í huga. Tillögur liggja fyrir um skipulagsbreytingar er varða Rannsóknaráð og Vísindasjóð, sem taka þarf til gaumgæfilegrar athugunar.

Á síðari árum hefur áhugi á alþjóðlegu samstarfi um vísindi og rannsóknir farið vaxandi og hafa Íslendingar tekið æ ríkari þátt í því. Með samvinnu landa í milli hefur reynst unnt að taka fyrir stærri og dýrari rannsóknaverkefni en ella, spara útgjöld og auka afkastagetu rannsóknastarfseminnar með skynsamlegri verkaskiptingu. Ákveðin hefur verið stofnun norræns vísindaráðs er hafi það hlutverk að efla norrænt samstarf á sviði vísinda og rannsókna.

Efnahags- og framfarastofnunin í París, OECD, stuðlar að framförum og stefnumótun á sviði vísinda og tækni innan aðildarríkjanna. Beinist það starf nú í vaxandi mæli að verkefnum sem eru áhugaverð fyrir smærri aðildarlönd. Ástæða er til að gefa meiri gaum að samstarfi á þessum vettvangi en áður.

Áætlun um starfslið og fjármagn.

Í köflum 5—11 í langtímaáætluninni er gerð grein fyrir áformum um rannsóknir á einstökum sviðum atvinnuveganna, en hér á eftir er gefið samandregið yfirlit um áætlað starfslið og fjármagn til rannsókna á þessum sviðum.

Á mynd 1 er sýnt heildaryfirlit um þróun starfsliðs samanlagt á öllum stofnunum, sem hér er fjallað um, frá árunum 1970—1981 og jafnframt sýnd áætlun um þróunina fram til 1987. Fram kemur að aukningin verður sem næst línuleg og svipuð og verið hefur undanfarinn áratug. Í yfirlitinu um þróun fjármagns á mynd 2 kemur fram að ef ekki er reiknað með kostnaði vegna háhitaborana, sem felast í áætlun Orkustofnunar, eru áformin um þróun fjármagns svipuð og fyrir starfslið.

Á töflum 1 og 2 er gerð grein fyrir þróuninni á einstökum stofnunum og þær jafnframt flokkaðar eftir atvinnuvegum. Kemur þar fram að reiknað er með að starfslið vaxi í heild um 26% á tímabilinu 1982—1987, en fjármagn vaxi um 37% frá árinu 1981, ef kostnaður vegna háhitaborana er ekki reiknaður með, en 54,6% ef kostnaður af borunum er meðtalinn. Að meðaltali svarar þetta til 4,7% vaxtar á ári í starfsliði og 5,4% í fjármagni (ef kostnaður af háhitaborunum er ekki meðtalinn). Áformin um vöxt stofnana sem þjóna úrvinnslugreinum (Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins) liggja yfir þessu meðaltali, mest hjá Iðntæknistofnun Íslands 9%. Nokkru lægri vöxtur er fyrirhugaður hjá þeim stofnunum sem þjóna frumvinnslugreinunum (Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Tilraunastöð háskólans að Keldum og Orkustofnun). Áformin um Veiðimálastofnun eru sértilvik vegna tilkomu fiskræktarráðunauta í landshlutunum. Þar er horft fram á heildaraukningu upp á 65%, eða 10,5% á ári að meðaltali. Hjá Rannsóknaráði ríkisins er reiknað með tiltölulega mikilli aukningu á næstu árum vegna upplýsingaþjónustunnar, en hjá Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna er gert ráð fyrir tiltölulega vægri aukningu, þrátt fyrir verulega aukið umfang í þjónustu skrifstofunnar. Tölvuvæðing á hér mikinn þátt í hagræðingu.

Þróun starfsliðs og fjármagns til rannsókna í þágu hinna einstöku sviða atvinnuveganna er sýnd á myndum 3 og 4. Af myndum þessum sést að þótt gert sé ráð fyrir hlutfallslega mestum vexti hjá stofnunum, sem þjóna úrvinnslugreinum, er ekki þar með sagt að aukning í fjölda ársverka við rannsóknastarfsemi verði í heildina meiri hjá úrvinnslugreinunum en frumvinnslugreinunum. Kemur þar til að þær stofnanir sem þjóna frumvinnslugreinunum

eru nú þegar nálægt tvöfalt stærri en þær sem úrvinnslugreinunum þjóna og hlutfallslega lítil aukning gefur samt umtalsverða aukningu á starfsliði og fjármagni.

Spyrja má hvort hér sé tekið of lítið skref í þágu úrvinnslugreinanna og raunveruleg breyting verði of lítil. Því má svara með eftirgreindum hætti:

1. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir meiri aukningu í heild en hér er sýnt, og aukin áhersla á úrvinnslugreinarnar yrði þá að byggjast á tilfærslu frá frumvinnslugreinum. Ekki er talið mögulegt að ganga lengra í því efni en þegar er gert.
2. Vafasamt er að ætla stofnunum að stækka of ört og jafnframt er gert ráð fyrir verulegri skipulagsbreytingu á Iðntæknistofnun, sem hefði í för með sér árangursríkari og öflugri starfsemi í þágu iðnaðar, sem þannig styddi þá stefnu, sem hér er gert ráð fyrir.
3. Hluti af áherslu Rannsóknaráðs ríkisins á úrvinnslugreinar verður að koma fram í rannsóknum á vegum háskólans, svo og á vegum atvinnufyrirtækjanna sjálfra. Tekið verður tillit til þessa í langtímaáætlun fyrir rannsóknir í verk- og raunvísindum, sem gerð verður í framhaldi af þessari langtímaáætlun.

Á töflu 2 er sýndur hluti sértekna í fjármögnun rannsóknastarfseminnar á hverri stofnun fyrir sig. Sést þar að í áætlun til 1987 er reiknað með að eigin tekjur vaxi umtalsvert hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veiðimálastofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Rannsóknaráði ríkisins. Hins vegar er gert ráð fyrir að hlutur eigin tekna hjá Hafrannsóknastofnun verði óverulegur vegna eðlis starfseminnar þar. Þá verði hlutur eigin tekna á Tilraunastöð háskólans að Keldum svipaður og verið hefur, eða um helmingur kostnaðar.

Að því er Iðntæknistofnun varðar kemur fram að hlutur eigin tekna verður hinn sami og verið hefur, eða um 40%. Þetta er nokkuð misvísandi, þar sem eigin tekjur Iðntæknistofnunar hafa aukist mjög ört síðustu þrjú árin, en dregið úr opinberum fjárveitingum að sama skapi á föstu verðlagi reiknað. Ekki er talið unnt að ná þeirri aukningu á starfi Iðntæknistofnunar sem hér er gert ráð fyrir, nema stuðningur hins opinbera vaxi í hlutfalli við heildarumsvifin og eigin tekjur verði ekki látnar standa undir auknum hluta af starfseminni frá því sem var árið 1981.

Að því er Orkustofnun varðar sýnir áætlunin samdrátt í sértekjum frá því sem var árið 1981. Að hluta er hér um skilgreiningaratriði að ræða, þar sem framlög Orkusjóðs og sérframlög á fjárlögum til hitaveituframkvæmda á ýmsum stöðum á landinu hafa verið reiknuð sem sértekjur, en í áætlun Orkustofnunar er gert ráð fyrir að þessi verkefni jafngildi í rauninni fjárveitingu til stofnunarinnar og renni þær til stofnunarinnar í framtíðinni. Jafnframt er reiknað með að hlutur söluverkefna dragist nokkuð saman við þær skipulagsbreytingar sem orðið hafa á orkusviðinu þegar Landsvirkjun tekur við rekstri allra helstu orkuvera og stofnlína orkukerfisins. Mun Landsvirkjun þá væntanlega sjálf leysa mörg þau verkefni sem Orkustofnun hefur unnið fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, Laxárvirkjun og fleiri aðila á undanförnum árum.

Ályktun Rannsóknaráðs ríkisins.

Áætlun þessi hefur verið send til umsagnar nokkurra aðila, m. a. Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, sem styðja almennt þá stefnu sem boðuð er með áætluninni. Sjávarútvegsráðuneytið, iðnaðarráðunetyið og landbúnaðarráðuneytið veita henni einnig stuðning sinn en þó telur iðnaðarráðuneytið að hún stefni tæplega nógu hátt að því er vöxt rannsóknastarfseminnar í heild varðar og sérstaklega ekki í úrvinnslugreinunum. Fjármálaráðuneytið dregur í efa þá stefnu að unnt sé að auka þátt atvinnufyrirtækja í fjármögnun og veita stofnunum aukið sjálfstæði, en flestir aðrir umsagnaraðilar hvetja eindregið til þess.

Með hliðsjón af umsögnum og því að áætlun þessi er í samræmi við þróun undanfarin ár og að áform hverrar stofnunar eru einskorðuð við brýnustu verkefni, að undangengnum ítarlegum umræðum innan stofnana, hjá stjórnum og starfsliði, telur Rannsóknaráð ríkisins að áætlun þessi sé raunhæfur vegvísir fyrir eflingu rannsóknastarfseminnar á næstu árum og leggur til að henni verði fylgt. Hefur ráðið gert um hana svofellda ályktun á fundi sínum 5. nóvember 1982:

„Ályktun Rannsóknaráðs ríkisins um langtímaáætlun 1982—1987 til ríkisstjórnar Íslands.

Rannsóknaráð ríkisins samþykkir meðfylgjandi langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna fyrir tímabilið 1982—1987. Jafnframt mælir Rannsóknaráð ríkisins með því að ríkisstjórn Íslands staðfesti áætlunina og leggi hana til grundvallar við ákvarðanir um málefni rannsóknastarfseminnar á næstu árum, m. a. um fjárveitingar og starfsmannahald.

Ráðið telur mikilvægt að haldið verði þeirri stefnu um aukningu á rannsóknastarfsemi, sem fram kemur í áætluninni, og þeirri áherslu sem lögð er á rannsóknir í þágu úrvinnslugreina.

Rannsóknaráð telur nauðsynlegt að atvinnufyrirtæki taki aukinn þátt í framkvæmd og fjármögnun rannsóknaverkefna. Stuðlað verði að því m. a. með eftirgreindum hætti:

1. Rannsóknastofnanir auki eigin tekjur sínar með verkefnum sem viðskiptavinir greiði fyrir, enda verði framlög á fjárlögum ekki rýrð að sama skapi.
2. Með auknum eigin tekjum fái stofnanirnar aukið sjálfstæði og ábyrgð í rekstrarlegum efnum, m. a. í ráðningu starfsliðs.
3. Mótuð verði starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina er hvetji til nýjunga og umbóta í atvinnulífinu.
4. Aukinn verði fjárhagslegur stuðningur opinberra sjóða við rannsóknir, vöru- og aðferðaþróun á vegum fyrirtækja og stofnana.

Ráðið vekur athygli á því að knýjandi nauðsyn er að leggja grundvöll að nýjum vaxtarskilyrðum fyrir atvinnu- og efnahagsframfarir og jafnframt aðlaga eldri atvinnugreinar breyttum skilyrðum. Meginhlutverk rannsóknastarfseminnar er að greiða götu slíkra umbóta og leggur ráðið því áherslu á að mikilvægi starfseminnar fari vaxandi þegar erfiðleikar steðja að í þjóðarbúskapnum.“

TAFLA 1.

Áætlun um starfslið til rannsókna í þágu atvinnuveganna.

	1982 Ársverk	1987 Ársverk	Breyting 1982—1987 Ársverk	%	Árleg meðalaukning
Sjávarútvegur	**155,7**	**186,9**	**31,2**	**20**	**3,7**
Hafrannsóknastofnun	110,2	126,4	16,2	14,7	2,8
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	45,5	60,5	15,0	33,0	6,0
Landbúnaður	**133,4**	**164,9**	**31,4**	**23,6**	**4,4**
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	90	107,5	17,4	19,4	3,6
Veiðimálastofnun	10,7	17,7	7,0	65,0	10,5
Tilraunast. háskólans að Keldum	32,7	39,7	7,0	21,4	3,9
Iðnaður					
Iðntæknistofnun Íslands	**47,0**	**72,0**	**25,0**	**53,0**	**9,0**
Byggingariðnaður					
Rannsóknast. byggingariðnaðarins	**43**	**59,5**	**16,5**	**38,0**	**6,7**
Orkuvinnsla					
Orkustofnun	**135,4**	**163,8**	**28,4**	**21,0**	**3,9**
Annað	**22,5**	**29,0**	**6,5**	**28,9**	**5,2**
Skrifst. rannsóknast. atvinnuv.	15,5	18,0	2,5	16,0	3,0
Rannsóknaráð ríkisins	7,0	11,0	4,0	57,0	9,5
Alls	**537,0**	**676**	**139**	**26**	**4,7**

TAFLA 2.

Áætlun um fjármagn til rannsókna í þágu atvinnuveganna (verðlag 1981).

	1981 Fjármagn alls m.kr.	1981 Sértekjur %	1987 Fjármagn alls m.kr.	1987 Sértekjur %	Breyting 1981—1987 Hlutfall %	Árleg meðalaukning %
Sjávarútvegur	**42,0**		**55,7**		**32,6**	**4,8**
Hafrannsóknastofn.	34,7	4,3	43	3,4	24	3,7
Ranns. fiskiðn.	7,3	25	12,7	40	74	9,7
Landbúnaður	**23,8**		**31,2**		**31**	**4,6**
Ranns. landbún.	15,3	19	19,3	25	26	4,0
Veiðimálastofnun	2,2	12	3,7	20	68	9,0
Tilr. hásk. Keldum	6,3	50	8,2	50	30	4,5
Iðnaður						
Iðntæknist. Íslands	**10,7**	**40**	**18,0**	**40**	**68**	**9,0**
Byggingariðnaður						
Ranns. byggingariðn.	**8,6**	**38,7**	**12,0**	**45**	**39**	**5,7**
Orkuvinnsla						
Orkustofnun	**47,2**	**41,5**	**89,8**	**15**	**90**	**11,3**
— án háhitaborana	–	–	64,6	24	22	3,3
Annað	**6,5**		**8,9**		**37**	**5,4**
Skrifst. ranns. atv.v.	4,5	5	5,2	5	16	2,5
Rannsóknar. ríkisins	2,0	15	3,7	27	85	10,8
Alls	**138,8**	**22,9**	**215,6**	**20,2**	**54,6**	**7,6**
— án háhitaborana	–	–	190,4	23,8	37,2	5,4

Mynd 1


HEILDARYFIRLIT UM STARFSLIÐ
TIL RANNSÓKNASTARFSEMI
Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA 1970-1987
(Verðlag 1981)
Árs-verk
700
600
500
400
300
200
100
ÁÆTLUN
1970 '71 '72 '73 '74 '75 '76 '77 '78 '79 '80 '81 '87

Mynd 2


Millj. kr.
HEILDARYFIRLIT UM FJÁRMAGN
TIL RANNSÓKNASTARFSEMI
Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA 1970-1987
MEÐ HÁHITA-BORUNUM
ÁN HÁHITA-BORANA
ÁÆTLUN
200
150
100
50
1970 '71 '72 '73 '74 '75 '76 '77 '78 '79 '80 '81 '87

Mynd 3

STARFSLIÐ VIÐ RANNSÓKNIR Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA 1970-1987



Mynd 4


Millj. kr.
FJÁRMAGN TIL RANNSÓKNASTARFSEMI
Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA 1970-1987
(Verðlag 1981)
SJÁVARÚTVEGSRANNSÓKNIR
LANDBÚNAÐARRANNSÓKNIR
IÐNAÐARRANNSÓKNIR
BYGGINGARRANNSÓKNIR
ORKUVINNSLURANNSÓKNIR
ANNAÐ
MEÐ HÁHITA-BORUNUM
ÁN HÁHITA-BORANA
ÁÆTLUN
80
70
60
50
40
30
20
10
1970 '71 '72 '73 '74 '75 '76 '77 '78 '79 '80 '81 '87

Ed. 315. Frumvarp til laga [187. mál]

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

1. gr.

Leyfi samgönguráðuneytisins þarf til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri eru en svo að þær rúmi 8 farþega.

Leyfi þarf og til að hafa á hendi reglubundna fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma 3 til 8 farþega.

Með reglubundnum fólksflutningum er í lögum þessum átt við fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirfram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess.

Með óreglubundnum fólksflutningum er átt við aðra fólksflutninga en reglubundna.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. eru þrenns konar:

1. Sérleyfi felur í sér leyfi til reglubundinna fólksflutninga.
2. Leyfi til hópferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga, þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess.
3. Leyfi til sætaferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga á ákveðinni leið, þar sem seld eru einstök sæti.

3. gr.

Leyfi þarf ekki til ferða með starfsfólk að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda með eigin bifreiðum hans og til aksturs skólabarna úr og í skóla.

4. gr.

Sjö manna nefnd, Skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál, sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, tveimur fulltrúum tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin kýs sér sjálf varaformann og ritara. Þóknun fyrir störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Umferðarmáladeild hefur með höndum yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd þessara laga í nánu samstarfi við Skipulagsnefnd og undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

6. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

a) Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.
b) Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.
c) Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum samkv. a)-lið, séu til þess rökstuddar ástæður, að mati Skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

Ennfremur er heimil endurskoðun b)- og c)-liða, svo oft sem þurfa þykir.

Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum, ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga.

Við veitingu sérleyfis til nýs aðila er ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda sérleyfið því skilyrði, að hinn nýi sérleyfishafi skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi sérleyfisleið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð, skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

7. gr.

Sveitarfélög skulu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt og þessir aðilar sækja um þau, enda standi meirihluti sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga, sem sérleyfisleiðin aðallega þjónar, að umsókninni og ekki sé um endurveitingu að ræða, enda hafi viðkomandi sveitarfélag/sveitarfélög sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

8. gr.

Skipulagsnefnd skal gera tillögur til samgönguráðherra um veitingu réttinda til hópferðaaksturs.

Réttindin skulu hljóða á nafn eiganda bifreiðar eða bifreiða. Tilgreina skal skráningarnúmer, stærð, gerð og aldur bifreiðar. Bifreið, sem hópferðaleyfi hefur verið gefið út fyrir, má eingöngu nota til fólksflutninga meðan leyfið gildir.

Við veitingu slíkra leyfa í fyrsta sinn skulu þau gilda í eitt ár. Við endurveitingu mega leyfin gilda í allt að fimm ár.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni frá heildarsamtökum eigenda hópferðabifreiða og/eða sérleyfishafa að setja með reglugerð ákvæði um starfsemi og fjölda slíkra bifreiða til hópferðaflutninga, enda liggi fyrir rökstutt álit Skipulagsnefndar fólksflutninga.

Hópferðaleyfi skulu gefin út af samgönguráðuneytinu og eru óframseljanleg.

Þeir hópferðaleyfishafar, er hópferðaleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði fá endurveitingu, ef þeir sækja um hana og hafa áður rækt hópferðastarfsemi sína vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga.

9. gr.

Að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar flólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við ferðafólk, leyfi til að auglýsa og starfrækja sætaferðir, þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar, þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Um gildistíma

slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við Skipulagsnefnd.

Umsóknir um slíkt leyfi skulu vera skriflegar, þar sem tilgreind er starfsemi þess sem sækir um leyfið og rökstudd nauðsyn slíkra ferða í tengslum við hana. Ennfremur skal tilgreina fyrirhugaðar leiðir, brottfararstaði, brottfarartíma, ferðatíðni og annað er máli skiptir.

Setja skal reglur um hvaða skyldur slíkir leyfishafar skulu uppfylla.

Við umfjöllun beiðnanna skal Skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði.

Auk ofangreindra sætaferða er heimilt að veita leyfi til einstakra ferða, og gilda sömu reglur um slíkar leyfisveitingar, eftir því sem við á. Þessi leyfi skulu veitt af Umferðarmáladeild.

10. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga að binda einkaleyfið því skilyrði, að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

11. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Skipulagsnefndar fólksflutninga og Umferðarmáladeildar skal greiða gjald af hverju farþegasæti í leyfisskyldum bifreiðum eða annað sambærilegt gjald samkvæmt tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í áðurnefndum tilgangi. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

Gjaldið skal ákveðið í reglugerð að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga, svo og annað það er snertir innheimtu gjaldsins.

12. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum skulu sett með reglugerð að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga.

Í reglugerðinni skal m. a. kveðið á um eftirlit með framkvæmd þessara laga, svo og um merkingu bifreiða.

Reglugerðin skal gefin út eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

13. gr.

Brjóti leyfishafar á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga, að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1983. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 83 15. ágúst 1966 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, lög nr. 90 5. júní 1947 um áætlunarbifreiðar, og lög nr. 35 23. október 1903 um áfangastaði.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Gildistími leyfa, sem gefin hafa verið út samkvæmt lögum nr. 83 15. ágúst 1966, helst óbreyttur.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Fulltrúar Félags hópferðaleyfishafa og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Skipulagsnefnd fólksflutninga skulu í fyrsta sinn skipaðir til ársloka 1986.

Að öðru leyti skulu skipunarbréf annarra nefndarmanna, sem skipaðir voru samkvæmt lögum nr. 83 15. ágúst 1966, og út voru gefin 31. desember 1981, halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almenn greinargerð.

Fumvarp það, sem hér liggur fyrir, er endurskoðuð útgáfa af gildandi lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, nr. 83 15. ágúst 1966. Þá hafa verið höfð til hliðsjónar lög nr. 90 5. júní 1947 um áætlunarbifreiðar og lög nr. 35 23. október 1903 um áfangastaði.

Nefnd til þessarar endurskoðunar var skipuð með bréfi samgönguráðherra, dags. 16. október 1981, og áttu í henni sæti þeir Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri, formaður nefndarinnar, Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri, Einar Ögmundsson, forstöðumaður, Leifur Karlsson, bifreiðastjóri, Skarphéðinn D. Eyþórsson, framkvæmdastjóri og Ölvir Karlsson, oddviti. Ritari nefndarinnar var Birgir Guðjónsson, deildarstjóri.

Gildandi lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum eru að stofni til frá árinu 1935, en var síðast breytt árið 1966. Augljóst er, að á þessu tímabili hefur orðið gerbylting á bifreiðasamgöngum á Íslandi og fer því varla hjá því, að full þörf var á endurskoðun laganna og gagngerðum raunhæfum endurbótum. Hefur slík endurskoðun raunar staðið til um mörg undanfarin ár og var m. a. skipuð þriggja manna nefnd til endurskoðunar á lögunum árið 1973. Ekki náðist samstaða í nefndinni um raunhæfar úrbætur og komu því tillögur hennar eða meirihluta hennar aldrei til framkvæmda.

Megintilgangur þessara laga er að stuðla að sem bestum og hagkvæmustum fólksflutningum með almenningsbifreiðum, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Enginn dregur í efa þýðingu þessarar flutningagreinar og þá ekki einungis fyrir íbúa landsins vegna ýmissa erinda sem þeir eiga í þéttbýli eða dreifbýli, heldur einnig fyrir almennt ferðafólk. Lögum þessum er ætlað að skipuleggja þessa flutningagrein sem best, annars vegar með tilliti til þess að hagkvæmni ríki í rekstri og að sem minnst verði um árekstra að ræða milli flutningaaðila, og hins vegar til þess að þjónusta flutningaaðila við neytendur verði sem best.

Nefndin gerir ráð fyrir, að sett verði ítarleg reglugerð til frekari skýringar og fyllingar á einstökum lagagreinum. Það yrði af augljósum ástæðum verkefni Skipulagsnefndar fólksflutninga og Umferðarmáladeildar að semja tillögur að slíkri reglugerð, sem síðan yrði endanlega afgreidd af samgönguráðuneytinu. Nefndinni hefur þótt rétt að ætla fastákveðinn tíma til samninga á reglugerð, eða sex mánuði, sbr. 12. gr.

Í reglugerðinni þurfa m. a. að vera ítarleg ákvæði um verksvið Skipulagsnefndar fólksflutninga, verksvið Umferðarmáladeildar, svo og um samstarf þessara tveggja aðila og stöðu þeirra gagnvart samgönguráðuneytinu.

Þær breytingar, sem aðallega eru gerðar með tillögum nefndarinnar eru sem hér segir:

1. Þær tegundir fólksflutninga, sem fjallað er um í lögunum, eru skilgreindar frekar en verið hefur, sbr. 1. og 2. gr. Sérstök skilgreining er gerð á sætaferðum og fjallað um þær sérstaklega í lögunum (9. gr.), en ekkert er fjallað um sætaferðir í gildandi lögum.
2. Úthlutun hópferðaleyfa er breytt á þann veg að leyfin eru veitt til fimm ára í stað eins árs samkvæmt gildandi lögum, nema þau leyfi sem veitt eru í fyrsta sinn. Eðlilegt er að gildistími leyfanna sé lengdur verulega frá því sem nú er, þar sem hér er um dýr atvinnufyrirtæki að ræða og óeðlilegt að fá aðeins tryggingu fyrir starfrækslu fyrir svo skamman tíma í einu og nú er raunin.
3. Numin eru úr gildandi lögum ýmis skilyrði, sem sett eru fyrir veitingu sérleyfa og nefndin telur vera úrelt.
4. Felld er niður heimild samgönguráðuneytisins til þess að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða.
5. Felld er niður heimild samgönguráðuneytisins til að fela póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum með bifreiðum, er sérleyfi, undanþágu eða réttindi til hópferðaaksturs þarf fyrir, en ákveðið í frumvarpinu að Umferðarmáladeild skuli hafa þessa umsjón og eftirlit með höndum. Þessi skipan hefur raunar gilt nú um hríð samkvæmt reglugerðarbreytingu, en verður með þessum tillögum lögfest.
6. Fjölgað er um tvo fulltrúa í Skipulagsnefnd fólksflutninga. Annar þeirra skal vera frá Félagi hópferðaleyfishafa, en félagið er tilkomið eftir að gildandi lög voru sett og löngu orðið aðkallandi að það ætti fulltrúa í nefndinni. Sama gildir um hinn fulltrúann sem skal vera frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.
7. Í stað þrenns konar gjalda, þ. e. farmiðagjalds á sérleyfisleiðum, hópferðaréttindagjalds og gjalds af hópferðaleyfum leggur nefndin til, að eitt gjald skuli lagt á leyfisskyldar bifreiðar. Gjald þetta skal greitt árlega af hverju farþegasæti. Þó þótti nefndinni rétt að heimilað yrði að gjaldstofninn yrði annar, ef Skipulagsnefnd fólksflutninga legði það til. Um gjaldstofninn, innheimtu og önnur atriði varðandi gjaldið þurfa að koma nánari ákvæði í reglugerð.
8. Með tillögum sínum stefnir nefndin að því, að Skipulagsnefnd fólksflutninga geti orðið virkari í störfum sínum en unnt er samkvæmt gildandi lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr.

Efnislega samhljóða 1. málslið 1. gr. gildandi laga.

2. mgr.

Efnislega samhljóða 2. málslið 1. gr. gildandi laga.

3. mgr.

Hér er notað hugtakið „reglubundnir fólksflutningar“ í stað „fastra ferða“ og „áætlunarferða“ sem skilgreind eru í 3. og 4. málslið 1. gr. gildandi laga, og má segja að það sé myndað með samruna hinna tveggja í eitt.

4. mgr.

Hugtakið „óreglubundnir fólksflutningar“ er ekki notað í gildandi lögum, en er hér skilgreint með gagnályktun frá „reglubundnum fólksflutningur“ og er ætlað að ná yfir hópferðir og sætaferðir, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Hér er um nýja grein að ræða, því að slíka skilgreiningu hugtaka er ekki að finna í gildandi lögum, þó að auðvitað megi lesa úr lögunum og reglugerðinni leiðbeiningar, sem leiða til sömu niðurstöðu.

Um 3. gr.

Efni greinar þessarar er að nokkru leyti að finna í niðurlagi 3. málsliðar 3. mgr. 1. gr. gildandi laga, en er hér þrengt þannig að slíkir flutningar verða að fara fram með eigin bifreiðum vinnuveitandans. Skipulegir flutningar skólabarna hafa rutt sér til rúms hin seinni ár, og er þeirra því hér getið. Nefndin taldi ekki ástæðu til að leyfisbinda þá.

Um 4. gr.

Sbr. 6. lið í almennu greinargerðinni.

Um 5. gr.

Í 7. gr. gildandi laga er ráðuneytinu heimilað að fela póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með leyfisbundnum fólksflutningum með bifreiðum. Þetta var gert á sínum tíma og mynduð umferðarmáladeild innan póst- og símamálastofnunar. Síðar var deildin skilin frá þeirri stofnun og sett beint undir ráðuneytið.

Þessi grein er því ekki ný að efni til heldur staðfesting á gildandi skipulagi.

Nefndin gerir ráð fyrir, að frekari ákvæði um samstarf deildarinnar og Skipulagsnefndar verði sett í reglugerð.

Um 6. gr.

1. mgr.

Sambærileg við 1. mgr. 3. gr. gildandi laga, en hefur verið einfölduð verulega, þar sem talið er að mörg atriði núverandi ákvæða eigi betur heima í reglugerð.

2. og 3. mgr.

Þessi ákvæði eru ný, en eru sett í frumvarpið til að skapa sveigjanleika við framkvæmd laganna.

4. mgr.

Sækir fyrirmynd sína í 1. málslið 1. gr. gildandi laga, en er í samræmi við ríkjandi orðalag, þ. e. ráðuneyti í stað ríkisstjórnar.

5. mgr.

Er samhljóða gildandi 4. mgr. 1. gr. utan að skotið er inn orðunum „að jafnaði".

6. mgr.

Er efnislega samhljóða síðasta staflið 1. mgr. 3. gr., en er að sumu leyti skýrar orðuð.

Um 7. gr.

Þessi grein er aukin útgáfa síðasta málsliðar 3. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Þessi grein sækir að nokkru fyrirmynd sína í 2. mgr. 3. gr. gildandi laga, en 4. mgr. hennar er nýmæli þar sem gert er ráð fyrir ákveðinni stýringu á starfsemi og fjölda bifreiða til hópferðaflutninga og þá með sérstakri reglugerð. Einnig er 6. mgr. nýmæli.

Um 9. gr.

Efni greinar þessarar er nýtt að því leyti að ekki er sætaferða getið í gildandi lögum, en þetta form fólksflutninga hefur gilt um langt árabil.

Greinin skiptist í tvennt. Fyrstu 4 mgr. fjalla um sætaferðir til ákveðins tíma, en lokamálsgreinin víkur að einstökum sætaferðum.

Í 4. mgr. segir að við umfjöllun beiðna um sætaferðir skuli Skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði. Vegna þessarar mgr. vill nefndin vekja athygli á, að nauðsynlegt er að setja skýr ákvæði um það í reglugerð, að veiting leyfa til sætaferða feli ekki í sér óeðlilega samkeppni við sérleyfishafa, sem aka á sömu leiðum.

Um 10. gr.

Efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga, að viðbættu ákvæði, sem sækir fyrirmynd sína í síðasta staflið 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Sbr. 7. lið almennu greinargerðarinnar.

Um 12. gr.

Efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga. Nefndin er sammála um, að eftirlit með því, að ákvæði þessara laga verði haldin, þurfi að auka mjög verulega frá því sem nú er.

Um 13. gr.

Efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Efnislega samhljóða 10. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ekki er ætlast til þess, að gildandi leyfi verði felld niður, þrátt fyrir lagasetningu þessa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 316. Frumvarp til laga [188. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stefáni Jónssyni jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stefán Jónsson hefur byggingarbréf fyrir jörðinni. Hann tók við ábúð hennar af föður sínum, sem bjó þar um áratugi.

Stefán keypti nýtt íbúðarhús af föður sínum og önnur nothæf hús jarðarinnar. Hann hyggst byggja ný útihús og m. a. þess vegna hefur hann áhuga á að fá jörðina keypta.

Hreppsnefnd Holtahrepps mælir með sölunni og fylgja þau meðmæli hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Hreppsnefnd Holtahrepps mælir með því, að Stefán Jónsson, n.nr. 8350-8663, fái keypta ábúðarjörð sína, Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, en hún er ríkiseign. Stefán rekur búskap á jörðinni og hefur þar fasta búsetu.

F. h. hreppsnefndar,
Hermann Sigurjónsson
oddviti.

Ed. 317. Frumvarp til laga [97. mál]

um þjóðsöng Íslendinga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. febr.)

1. gr.

Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó Guð vors lands“, ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

2. gr.

Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar, og fer forsætisráðuneytið með umráð yfir útgáfurétti á honum.

3. gr.

Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

4. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr. Getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæðum 3. gr., þegar sérstaklega stendur á.

5. gr.

Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins, ef þörf þykir.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 318. Breytingartillaga [97. mál]

við frv. til l. um þjóðsöng Íslendinga.

Frá Eiði Guðnasyni, Stefáni Jónssyni og Þorv. Garðari Kristjánssyni.

4. gr. orðist svo:
Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr.

Ed. 319. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og kvatt til funda við sig þá Ingólf Stefánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Jón Júlíusson frá viðskiptaráðuneytinu og Gunnar Þorsteinsson frá Verðlagsstofnun. Á fundi nefndarinnar kom einnig Jón L. Arnalds ráðuneytisstjóri.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kemur breytt frá neðri deild.

Alþingi, 9. febr. 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Nd. 320. Frumvarp til laga [97. mál]

um þjóðsöng Íslendinga.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. febr.)

Samhljóða þskj. 317 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr.

Sþ. 321. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt um þingsályktunartillögu Eyjólfs Konráðs Jónssonar o. fl. um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri á mörgum fundum. Í samráði við utanríkisráðherra kom Hans G. Andersen sendiherra hingað til lands til fundar með nefndinni og lagði hann fram greinargerð um málið.

Utanríkismálanefnd varð sammála um að flytja svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yfirráð á Hatton-Rockall hafsbotnssvæðinu í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans.

Alþingi felur utanríkismálanefnd að starfa með ríkisstjórninni að framgangi málsins.

Alþingi, 7. febr. 1983.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Albert Guðmundsson.
Halldór Ásgrímsson.	Kjartan Jóhannsson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 322. Nefndarálit [34. mál]

um till. til þál. um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt á mörgum fundum þingsályktunartillögu Péturs Sigurðssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg. Í samráði við utanríkisráðherra kom Hans G. Andersen sendiherra hingað til lands til fundar með nefndinni.

Utanríkismálanefnd varð sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með orðalagsbreytingu.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjaneshrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkvæmt 76. grein Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi, 7. febr. 1983.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Ólafur Ragnar Grímsson, með fyrirvara.	Albert Guðmundsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 323. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin hlutist til um að komið verði á fót lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi ásamt tilheyrandi búnaði og fjölgun í lögregluliði sýslumannsembættis Kjósarsýslu, svo að unnt verði að þjóna Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi auk Mosfellshrepps.

Greinargerð.

Með ört vaxandi byggð og auknu þéttbýli hefur þörfin fyrir sérstaka lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi stóraukist á undanförnum árum. Íbúar Mosfellshrepps eru í dag liðlega 3300 og býr meiri hluti þeirra í þéttbýlinu við Varmá, en byggð í dreifbýli er einnig allnokkur. Þá ber að hafa í huga að í Kjalarnes- og Kjósarhreppi búa nú milli 500 og 600 manns, þannig að samanlagður íbúafjöldi þessara hreppa nálgast 4 þúsund.

Umferðarmál og slysahætta eru ein meginástæða fyrir brýnni þörf á virkri löggæslu á þessu svæði. Vesturlandsvegur liggur um þéttbýlasta hluta Mosfellshrepps og sker raunar byggðina í tvennt með þeim hætti, að samgangur milli hverfa er ógerlegur án umferðar yfir veginn. Opinber þjónusta, svo sem skólar, barnaheimili, íþróttasvæði o. fl., er öll staðestt öðrum megin vegarins, og sama gildir um verslanir. Af þessu leiðir að innansveitarumferð um og yfir Vesturlandsveg er mjög mikil, hvort heldur er um að ræða ökutæki eða gangandi vegfarendur, börn jafnt sem fullorðna. Þetta ástand hefur í för með sér mikla og vaxandi slysahættu eins og dæmin sanna, og ber brýna nauðsyn til að bæta þar úr.

Íbúar og sveitarstjórn Mosfellshrepps hafa vaxandi áhyggjur af þessu ástandi og telja að ein mikilvirkasta vörnin gegn umferðarslysum hvers konar á þessu svæði sé virk löggæsla á og við Vesturlandsveginn.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur ítrekað ályktað um þetta mál og leggur þunga áherslu á að löggæsla á þessu svæði verði efld til muna, sbr. m. a. eftirfarandi bókun nefndarinnar frá 30. júní 1982:

„Vesturlandsvegur er í hópi fjölförnustu þjóðvega landsins, sérstaklega kaflinn frá Reykjavík og upp fyrir Mosfellshrepp. Eins og nú háttar liggur vegurinn um þéttbýli Mosfellshrepps, sem hefur í för með sér mikla umferð um og yfir veginn, ekki síst af börnum og unglingum, gangandi eða á hjólum.

Þungaflutningar um þennan veg eru eðlis hans vegna mjög miklir. Aðstæðum hagar þannig til við Brúarland, að þar liggur vegurinn í kvos, sem leiðir af sér mikinn umferðarhraða, sérstaklega stórra og þungra bifreiða. En það er einmitt við Brúarland, sem er fjölfarnasta gangbraut barna og unglinga yfir veginn þar sem þau fara í skóla eða til íþróttaiðkana að Varmá. Það dylst engum, sem til þekkja, sérstaklega í ljósi nýlegrar reynslu, að verði umferðarslys á þessum stað, er um líf að tefla.

Með hraðvaxandi byggð í Mosfellshreppi hefur ástand mála á Vesturlandsvegi orðið æ alvarlegra og er nú með öllu óþolandi að óbreyttu. Hreppsnefndin telur að til þess að bæta núverandi ástand sé brýnt að einkum tvennt komi til:

1. Stóraukin löggæsla við Vesturlandsveg í þéttbýli Mosfellshrepps.
2. Greinargóðar gangbrautarmerkingar ásamt þverlínum til að draga úr hraða eða öðrum merkingum með sama tilgangi.

Hreppsnefndin telur brýnt að bætt verði úr þessum atriðum hið fyrsta og gerð með því tilraun til að skapa íbúum Mosfellshrepps þolanlegt ástand á Vesturlandsvegi uns varanleg lausn fæst á þessum vanda með færslu á veginum í samræmi við tillögur skipulagsyfirvalda. Hreppsnefndin telur, að sú framkvæmd þoli ekki bið úr þessu, og álítur eðlilegt að hún verði næsta stórverkefni í vegamálum í Reykjaneskjördæmi."

Þá hafa hreppsnefndir Kjalarnes- og Kjósarhrepps ályktað um nauðsyn á efldri löggæslu á svæðinu og bent á varðstöð í Mosfellshreppi í því sambandi.

Auk þess hefur margoft verið fjallað um málið á öðrum vettvangi, og nægir að minna á fjölmennan borgarafund sem haldinn var 2. desember 1982 um umferðarmál í Mosfellssveit, en þar var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

„Almennur borgarafundur, haldinn í Hlégarði, Mosfellssveit, 2. desember 1982, skorar á þingmenn kjördæmisins og yfirvöld í löggæslu- og vegamálum að vinna af öllum mætti að eftirfarandi ... að komið verði upp svo fljótt sem verða má lögreglustöð í Mosfellssveit ... að vinna með öllum ráðum að því, að Vesturlandsvegur, frá Höfðabakka upp að Þingvallavegi, verði lýstur upp með einfaldri lýsingu. Lýsing í þéttbýli hafi forgang ... að gerðar verði ráðstafanir, sem duga til þess að lækka umferðarhraða, sem nú tíðkast, gegnum Mosfellssveit."

Auk þeirrar sérstöku löggæslu, sem að framan greinir, er löngu orðið tímabært að efla til muna alhliða löggæslu í þéttbýlinu við Varmá sem og í hreppnum í heild.

Löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi er í dag sinnt frá lögreglustöðinni í Hafnarfirði. Það er ljóst, að með núverandi mannafla og tækjakosti er mjög erfitt fyrir stöðina að sinna lágmarksþjónustu við Mosfellshrepp og upphreppana, hvað þá að nokkur möguleiki sé á virkri löggæslu, eins og brýna þörf ber þó til. Efling á lögregluliði Hafnarfjarðar og tækjakosti þess leysir þó ekki þetta mál, þar sem vegalengdir eru slíkar að svæðinu verður aldrei þjónað svo vel sé með útgerð mannafla frá Hafnarfirði né heldur frá t. d. lögreglustöðinni í Árbæ, sem stundum hefur verið nefnd sem möguleg lausn í þessu sambandi. Því er ljóst að til að tryggja virka löggæslu í Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi þarf að koma á fót sérstakri lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi, sem hafi á að skipa nægjanlegum mannafla og tækjakosti til sólarhringsvaktar á þessu svæði. Þannig er unnt að veita íbúum þessara byggðarlaga þá alhliða löggæslu sem þörf er á og ekki verður veitt með núverandi fyrirkomulagi.

Ed. 324. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Enn einu sinni mælir hæstvirtur sjávarútvegsráðherra fyrir lögum um olíugjald án þess að standa við margítrekuð loforð sín um endurskoðun þess eða afnám í núverandi mynd. Sitt er hvað loforð og efndir hjá hæstvirtum ráðherra, en vilji er allt sem þarf.

Nú fylgir böggull skammrifi, því vakinn er upp sá draugur sem allir sanngjarnir menn héldu að kveðinn hefði verið niður fyrir fullt og allt fyrir 6 árum, þ. e. sjóða- og millifærslukerfi sjávarútvegsins, sem drepur niður heilbrigðan rekstur, metnað og sjálfsbjargarvitund. Stofnun olíusjóðs til niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa teljum við óheillaspor sem ekki eigi að stíga.

Miklu væri það heilbrigðara og heilladrýgra, að fiskkaupendur greiddu seljendum kostnaðarhlutdeild í veiðunum.

Sú breyting, sem gerð var á 2. gr. frumvarpsins í neðri deild, teljum við að geri illt verra og að hún skapi óviðunandi misræmi í gjöldum á útflutningi af fullunnum fiskafurðum og ferskfiski sem seldur er á erlendum markaði.

Við flytjum breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. febr. 1983.

Guðm. Karlsson, frsm. Egill Jónsson.

Ed. 325. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

02	Þverárfj.v. — Skagav.		10,0	
03	Skagav. — Skagaströnd	0,7		
75	Sauðárkróksbraut:			
02	Norðurlandsv. — Sæmundarhl.v.	11,2		
03	Sæmundarhl.v. — Sauðárkrókur	14,1		
06	Flugvöllur — Siglufj.v		37,3	
76	Siglufjarðarvegur:			
01	Norðurlandsv. — Framnes	7,6		10,0
02	Framnes — Sauðárkróksbr.			11,9
03	Sauðárkr.br. — Sleitustaðir			26,3
04	Sleitustaðir — Hofsós		12,2	8,6
06	Hofsós — Höfði		1,4	12,4
07	Höfði — Reykjarhóll			18,6
08	Reykjarhóll — Ólafsfj.v.			18,1
10	Almenningsnöf — Gangamunni	2,4		10,0
11	Gangamunni — Siglufjörður		8,6	
82	Ólafsfjarðarvegur:			
02	Knappsstaðir — Siglufj.v.			8,3
1	Norðurlandsvegur:			
01	Sýslumörk — Öxnadalsá		7,8	
02	Öxnadalsá — Þverá		30,6	
03	Þverá — Hörgárdalsvegur	6,8	18,8	
04	Hörgárdalsv. — Ólafsfj.v.		31,6	
09	Eyjafj.br.v. — Eyjafj.br. ey.	73,5	3,7	
10	Eyjafj.br. ey. — Vaðlaheiðarv.	27,8		
11	Vaðlaheiðarv. — Svalbarðseyri	5,4		
12	Svalbarðseyri — Grenivíkurv.	20,0		
13	Grenivíkurv. — Illugast.v.	35,7		
14	Illugast.v. — Fnjóskadalsv. ey.	0,9		
15	Fnjóskad.v. ey. — Norðausturv.	12,5	10,0	
16	Norðausturv. — Bárðardalsv. ey.		3,9	
17	Bárðard.v. — Aðaldalsv.			20,0
18	Aðaldalsv. — Brún		10,7	
19	Brún — Mývatnssveitarvegur		19,8	
20	Mývatnssveitarv. — Mývatnsv.		17,3	14,2
21	Mývatnsv. — Mývatnssveitarv.	0,7		
22	Mývatnssveitarv. — Ráðhús	0,7		
23—27	Austarasel — Syðri-Vatnsleysa		4,9	29,5
821	Eyjafjarðarbraut vestri:			
01	Hvammur — Kristnes	1,9	12,4	
845	Aðaldalsvegur:			
01	Norðurlandsv. — Norðausturv.		14,7	
82	Ólafsfjarðarvegur:			
03	Hámundarstaðir — Dalvík	10,5		
05	Hóll — Ripill		5,9	
06	Ólafsfjarðarmúli	5,3	49,0	150,3
08	Innan Ólafsfjarðar	7,1	7,8	
85	Norðausturvegur:			
01—02	Norðurlandsv.—Aðaldalsv.	11,5		
03	Aðaldalsv.—Mývatnsvegur	2,4		
06	Húsavík—Hallbjarnarstaðir		9,0	5,1

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
07—09	Um Tjörnes			17,3
09	Auðbjargarstaðir—Hólsfjallav.		8,8	16,1
13—14	Núpur—Kópasker		3,7	10,7
15	Kópasker—Flugvöllur		3,2	
16—17	Flugvöllur—Núpskatla			1,7
19	Harðbaksvík—Raufarhöfn		5,6	
21	Raufarhöfn—Kollavíkurá	1,9	3,9	3,9
24	Hermundarfell—Svalbarðssel			6,8
25	Brúarland—Hafralónsá			7,5
25	Um Hölkná og Laxá	11,7		
26	Hafralónsá—Langanesvegur		6,3	
27	Langanesvegur—Sýslumörk		2,2	15,6
1	Austurlandsvegur:			
08	Um Teigará		4,2	
10	Hlíðarvegur—Skóghlíð			55,7
11	Skóghlíð—Upphéraðsvegur		14,6	20,5
14	Kollur—Upphéraðsvegur	19,8		
15	Upphéraðsv.— Stóra-Sandfell		3,4	4,7
16	Litla-Sandfell — Skriðdalsv.			9,3
17—18	Haugar—Sel		14,7	6,6
19	Sel — Innri-Kleif			14,4
20	Innri-Kleif — Suðurfjarðav.	17,3		6,9
21	Suðurfj.v.—Djúpadalsá		21,9	
22	Skrúðskambur—Fossgerði	14,7		
23—24	Fagrihvammur—Skolhólalækur		4,6	4,6
25	Lindarbrekka—Fossá			8,1
27	Djúpavogsv.—Hamar	4,1	11,2	
28	Hamar—Blábjörg		12,4	6,8
29	Blábjörg—Hof	7,6		
30	Hof—Þvottá	11,5		
31	Þvottá—Krossanes	10,2		4,9
32	Krossanes—Össurá	16,1	6,1	
33	Össurá—Brekka		5,3	
34—36	Brekka—Friðsæld		7,3	21,5
38	Mánagarður—Þveit		9,5	
38—39	Þveit—Hólmur	19,1	9,8	
40	Hólmur—Smyrlabjörg		5,8	12,2
41	Smyrlabjörg—Kálfafellsst.	10,0		15,8
42	Kálfafellsst.—Reynivellir		11,7	
43	Reynivellir—Jökulsá			11,7
46	Hnappavellir—Mýri			9,0
47—48	Hofsnes — Stóri-Lækur	4,9		6,1
85	Norðausturvegur:			
01	Sýslumörk—Finnafjarðará			11,7
02	Miðfjarðarnes—Saurbæjarháls			8,5
03	Merkilækur—Hrafnsvík	3,7		
06—07	Ytri-Nýpur— Vopnafjörður	23,5		
10	Hlíðarvegur—Sunnudalsv.		7,8	2,5
11—12	Sunnudalsv.—Burstafell		17,8	
15	Jökulkinn—Austurlandsv.	5,4		
92	Norðfjarðarvegur:			
01—03	Egilsstaðir—Neðstabrú	19,0		
04	Neðstabrú—Melshorn	22,9		
07	Hólmanes—Eskifjörður	3,9		9,7
09—10	Eskifjörður—Skuggahlíð		26,8	13,7
11	Ormsstaðir—Neskaupstaður	0,9		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
93	Seyðisfjarðarvegur:			
01	Norðfjarðarv.—Borgarfj.v.		20,0	
02	Steinholt—Langahlíð		9,1	
03	Efri-Stafur — Seyðisfjörður	12,7	4,1	
96	Suðurfjarðavegur:			
01	Norðfjarðarv. — Götuhjalli	2,2	21,0	4,7
02—04	Eyri—Staðarskriða	0,7		13,9
01—05	Norðfjarðarv.—Brimnes			32,4
05	Brimnes—Búðir	9,1		
07	Búðir—Víkurgerði	5,4	18,5	
08	Hafnarnes—Stöðvarfjörður	6,4		
10—11	Stöðvarfjörður—Breiðdalsv.v.		28,5	
12	Breiðadalsvíkurv.—Austurl.v.		11,2	
		1504,3	1695,7	1914,2
	Óskipt fjármagn til stofnbrauta	114,4	398,6	464,2
	Samtals:	1618,7	2094,3	2378,4
	Þar af til brúa á stofnbrautum:	− 30,2	− 37,3	− 42,4
	Fjármagn til stofnbrauta:	1588,5	2057,0	2336,0

3.2. NÝBYGGING ÞJÓÐBRAUTA.

	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
Þjóðbrautafé	283,8	392,2	432,5
Til brúa á þjóðbrautir	60,0	74,5	84,7
Samtals	343,8	466,7	517,2

3.4. NÝBYGGINGAR BRÚA

	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
Til brúa á stofnbrautum	30,2	37,3	42,4
Til brúa á þjóðbrautum	60,0	74,5	84,7
Til brúa á öðrum vegum og óskipt	60,7	76,6	82,5
Samtals	150,9	188,4	209,6

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR.

Tillaga um þetta efni var lögð fram til kynningar á síðasta þingi. Var þá boðað að hún yrði flutt aftur á því þingi sem nú stendur yfir. Tillagan nú er lítið eitt breytt frá hinni fyrri. Stafa þær breytingar nær eingöngu af breyttum spám um þróun þjóðarframleiðslu, og er gerð nánari grein fyrir þeim breytingum í kaflanum um fjárþörf hér á eftir. Breytingar á útgjöldum eru skýrðar í kafla 2.

Verðlagsgrundvelli tillögunnar hefur einnig verið breytt. Nú er miðað við áætlað verðlag 1983 í stað áætlaðs verðlags 1982, sem reiknað var með í vor. Vísitala vegagerðar reiknast nú 847, en var 500 í fyrri tillögu.

0.1. ALMENNT.

Vorið 1981 samþykkti Alþingi svohljóðandi tillögu til þingsályktunar um gerð langtímaáætlunar um vegagerð:

> Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.
>
> Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2,4% innan 3 ára, og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða, ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m. a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.
>
> Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður á 3 tímabil, 4 ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni, hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár, og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.
>
> Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:
>
> 1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 t) allt árið.
> 2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
> 3. Bundið slitlag sé lagt á vegi, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið, þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Ennfremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því, að bundið slitlag verði lagt á a. m. k. 1/4 hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar í vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
> 4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.
>
> Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982.

Í samræmi við þingsályktun þessa hefur verið unnið að undirbúningi langtímaáætlunar. Í vinnunefnd, sem sett var á laggirnar, sátu fulltrúar Vegagerðar ríkisins og eftirtaldir fulltrúar þingflokka: Guðmundur Bjarnason (Frams.fl.), Magnús H. Magnússon (Alþ.fl.), Matthías Bjarnason (Sjálfst.fl.) og Skúli Alexandersson (Alþ.bl.). Hefur nefndin haldið marga fundi. Á þessum fundum hefur einkum verið fjallað um innihald áætlunar og markmið. Ennfremur skiptingu fjár á helstu liði, viðhald, nýjar framkvæmdir o. þ. h., svo og skiptingu nýbyggingafjár á milli kjördæma. Um sum þessara atriða hefur verið haft samráð við fjárveitinganefnd. Þá hefur nefndin einnig fjallað um almenna stefnumótun í vegagerðarframkvæmdum.

Fljótlega varð ljóst, að verkefni þetta er viðamikið og var því ákveðið að leggja áherslu á stofnbrautir. Þar lá fyrir úttekt á ástandi og þörfum fyrir úrbætur. Var farið yfir þá úttekt og markmið hennar endurskoðuð nokkuð. Framkvæmdum var síðan raðað á tímabil. Hafa þingmenn einstakra kjördæma annast þá röðun innan sinna kjördæma ásamt starfsmönnum Vegagerðarinnar.

Samtímis hefur verið unnið að úttekt á ástandi þjóðbrauta og þörfum þeirra fyrir úrbætur. Ekki hefur þótt tiltækt á þessu stigi, að setja fram tillögu um skiptingu fjár á milli kjördæma eða áætlanir um röðun verkefna o. þ. h. fyrir þjóðbrautir, heldur er einungis um að ræða tillögu um heildarfjármagn til þess verkefnaflokks.

0.2. LAGABREYTINGAR.

0.2.1. Almennt.

Við vinnu nefndarinnar að langtímaáætlun hefur orðið ljóst, að æskilegt er að gera breytingar á vegalögum. Koma hér einkum tvö atriði til álita, þ. e. framlag til þjóðvega í þéttbýli og flokkun vega í þjóðbrautir og stofnbrautir.

Hér á eftir er gerð nokkur grein fyrir hugmyndum nefndarinnar um þessi efni. Umræddar breytingar hafa nokkur áhrif á uppsetningu áætlunar og röðun framkvæmda, og þótti því ekki annað fært en að taka tillit til þeirra nú þegar í áætluninni. Er þá haft í huga að tillögur um lagabreytingar yrðu fluttar áður en langtímaáætlun kæmi til afgreiðslu. Gæfist þá svigrúm til að leiðrétta langtímaáætlunina ef lagabreytingar ná ekki fram að ganga, eða yrðu í öðru formi en hér er miðað við.

0.2.2. Þjóðvegir í þéttbýli.

Samkvæmt lögum fara 12,5% af mörkuðum tekjum vegasjóðs til þjóðvega í þéttbýli. Undanfarin ár hafa þessi framlög verið sem hér segir á áætluðu verðlagi 1983 (vísitala vegagerðar 847 stig).

(Upphæðir í m.kr.)

1971	68,7
1972	73,7
1973	89,6
1974	68,7
1975	62,8
1976	50,1
1977	48,6
1978	59,4
1979	70,0
1980	68,0
1981	72,9
1982	67,9

Meðalfjárveiting 1971 — 1982 66,7 m.kr.

Þjóðvegir í þéttbýli hafa tekið miklum stakkaskiptum síðan ákvæðin um framlag til þeirra voru tekin upp í vegalög. Í töflu kemur fram lengd þessara vega og ástand, eins og það var í árslok 1981. Þar sést að tæpir 3/4 hlutar þeirra hafa fengið bundið slitlag, og eru þá taldir með óakfærir vegir, en þar er í flestum tilvikum um að ræða vegi, sem hafa verið teknir inn í aðalskipulag, en vart er tímabært að byggja ennþá.

Þjóðvegir í þéttbýli lengd og ástand 1. janúar 1982.

	Lengd alls km	Bundið slitlag km	Malar-slitlag km	Óakfært km
Suðurland	14,5	11,1	3,3	0,1
Reykjanes	30,1	27,4	0,8	1,9
Reykjavík	36,1	25,1	—	11,0
Vesturland	13,3	9,5	3,8	—
Vestfirðir	14,9	9,2	5,6	0,1
Norðurland vestra	13,8	8,1	4,9	0,8
Norðurland eystra	15,2	9,3	5,6	0,3
Austurland	24,4	19,9	4,2	0,3
Samtals	162,3	119,6	28,2	14,5

Með tilliti til þess, hve þetta verkefni er almennt vel á vegi statt miðað við önnur verkefni í vegagerð, þykir eðlilegt að þak sé sett á framlag til þéttbýlisvega. Er þá einnig haft í huga, að þegar fyrirhugað er að gera sérstakt átak í vegagerð vegna brýnnar nauðsynjar, er óeðlilegt að ákveðinn hluti fjár, sem til þess er ætlað, renni til annars verkefnis vegna lagaákvæða þar um, sem sett voru við allt aðrar aðstæður.

Alþingi hefur þegar sett þak á framlag ársins 1982, þ. e. 43 m.kr., en það svarar til um 68 m.kr. á verðlagi 1983. Í framhaldi af því er eðlilegt að breyta ákvæðum vegalaga um þetta efni. Nefndin hefur rætt þetta og telur eðlilegast að Alþingi ákveði hverju sinni fjárveitingar til þessa viðfangsefnis.

Við skiptingu fjár á viðfangsefni hefur verið miðað við samsvarandi upphæð til þjóðvega í þéttbýli og ákveðið var fyrir 1982.

Jafnframt því sem sett er þak á framlag til þjóðvega í þéttbýli þykir þó rétt að gera átak til að koma bundnu slitlagi á þá þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, sem nú eru malarvegir. Mest af þessum vegum er í fámennari þéttbýlisstöðum, sem fá tiltölulega lítið fjármagn eftir höfðatölureglu. Verkefni þetta mætti leysa með hjálp 25% sjóðsins, en tæki 8–10 ár ef ekki kæmi annað til. Til að flýta framkvæmdum er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu af nýbyggingu vega til þessa verkefnis. Með þeirri fjárveitingu ásamt framlagi til viðkomandi staða skv. höfðatölureglu og þátttöku 25% sjóðs má ætla að þetta verkefni taki 5 ár.

0.2.3. Flokkun vega.

Flokkunarreglur vega í stofnbrautir og þjóðbrautir eru ekki að öllu leyti heppilegar. Þetta kemur m. a. í ljós þegar svo háttar til að kauptún með minna en 1000 íbúa liggja skammt frá stofnbraut. Vegurinn að þéttbýlinu er þjóðbraut í þessum tilvikum, þó að tilvist þéttbýlisins sé aðaluppspretta umferðar á nærliggjandi stofnbrautum. Framkvæmdir á þjóðbrautinni að þéttbýlinu þurfa að fylgja framkvæmdum á aðliggjandi stofnbrautum ef vel á að vera, einkum á þetta við um bundin slitlög. Sú staðreynd, að hér er um tvo vegflokka að ræða, torveldar hins vegar þessa samræmingu.

Nefndin telur að breyta þurfi reglunum, og hefur miðað vinnu sína við eftirfarandi breytingartillögu.

Aftan við skilgreiningu stofnbrauta í 12. gr. vegalaga komi eftirfarandi viðbót.

> „Við það stofnbrautakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu.“

Sé miðað við þessa viðbótarskilgreiningu, tengjast eftirfarandi þéttbýli við stofnbrautakerfi landsins með stofnbraut (sem áður var þjóðbraut).

Vogar, Gullbringusýslu
Innri-Njarðvík, Gullbringusýslu
Álftanes, Kjósarsýslu
Tálknafjörður, V.-Barðastrandarsýslu
Flateyri, V.-Ísafjarðarsýslu
Suðureyri, V.-Ísafjarðarsýslu
Hofsós, Skagafjarðarsýslu
Litli-Árskógssandur, Eyjafjarðarsýslu (Hrísey)
Breiðdalsvík, S.-Múlasýslu
Djúpivogur, S.-Múlasýslu

Þeir vegir, sem færast milli vegflokka samkvæmt þessu, eru alls 38,4 km að lengd.

0.3. ÚTTEKT VEGAKERFISINS.

Til undirbúnings við gerð langtímaáætlunar var gerð úttekt á þjóðvegakerfinu. Tilgangur með því var að fá samræmdar upplýsingar um ástand vega og tölur um kostnað við endurbætur þær, sem gera þarf á vegakerfinu til að fullnægt sé þeim markmiðum, sem greind eru í ályktun Alþingis.

Leggja ber áherslu á að endurbætur þær, sem hér um ræðir, miða að því að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið nú, þ. e. í það horf sem það ætti að vera við upphaf langtímaáætlunar. Við mat á endurbótum hefur verið viðhöfð sú vinnuregla að taka því aðeins inn kostnað við meiriháttar breytingar á núverandi vegum, ef fyrir lægi tillaga um ákveðna lausn. Sé slík tillaga ekki fyrir hendi er miðað við endurbætur á núverandi vegi.

Til skýringar má nefna, að kostnaður við Ó.Ó.Ó.-vegi (Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla) er tekinn með í heildarkostnað úrbóta, og þá miðað við tillögu Vegagerðarinnar um lausnir. Sama á við um Ölfusá í Óseyrarnesi, veg um Leirur í Eyjafirði o. m. fl. staði.

Á hinn bóginn er ekki tekinn með kostnaður við jarðgöng eða aðra varanlega lausn á Breiðadalsheiði, brúargerð á Dýrafjörð né nýja veglínu um Mýrdalssand, það eð ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur um lausnir, þó að þessi mál hafi verið á dagskrá undanfarið. Á sama hátt er farið með tengingu Vopnafjarðar við Fljótsdalshérað, en þar mæla einnig veigamikil rök með færslu vegarins milli vegflokka. Enn fleiri dæmi mætti nefna um þetta í flestum eða öllum kjördæmum landsins, að einungis er tekinn með kostnaður við endurbætur núverandi vegar, þó að næsta víst megi telja, að endanleg lausn feli í sér miklar breytingar, og þar með í flestum tilvikum aukinn kostnað.

Þessi vinnuregla á engan veginn að útiloka þessar lausnir. Þær kæmu inn við endurskoðun langtímaáætlunar, eftir því sem þær lægju fyrir. Sum þessara verkefna hafa þegar fengið fjárveitingu í vegáætlun til athugana og undirbúnings og verður unnið að könnun þeirra samkvæmt því. Geta þau þá verið fljótlega til ákvörðunar.

Eitt atriði í markmiðum ályktunar Alþingis hefur þó ekki þótt fært að taka með í þessa fyrstu langtímaáætlun. Þetta er það ákvæði að leggja skuli bundið slitlag á umferðarminni vegarkafla, sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Til að fá fullt yfirlit yfir alla slíka vegarkafla þarf sérstaka úttekt, sem yrði allumfangsmikil, og hefur ekki unnist tími til að gera hana. Þessir kaflar ættu að koma inn við fyrstu endurskoðun langtímaáætlunar. Þá væri einnig komin reynsla á mun ódýrari útfærslur á bundnu slitlagi en reiknað er með í áætluninni. Tilraunir með slíkar útfærslur eru þegar hafnar, og er árangur góður enn sem komið er.

Úttekt stofnbrauta fór fram 1978 og 1979, og er úrvinnslu úttektarinnar lokið fyrir nokkru. Við mat á ástandi vega er tillit tekið til burðarþols, snjóþyngsla, ferils vegar í hæð og fleti, breiddar, afvötnunar, brúa og slysa. Er hverjum vegarkafla gefin einkunn fyrir hvert þessara atriða.

Atriðin vega þó mjög misþungt í þeirri einkunn. Þyngst á metum eru burðarþol, snjóþyngsli og slys, en samtals gefa þessi atriði 20 stig af 32 mögulegum, en það er sú stigatala, sem fullgerður vegur án slysa getur fengið.

Metið var hverjar úrbætur þyrfti að gera á hverjum vegarkafla og gerð kostnaðaráætlun fyrir þær. Síðan var reiknuð arðsemi úrbóta á hverjum vegarkafla, og þá tekið tillit til kostnaðar annars vegar og sparnaðar Vegagerðarinnar og umferðar hins vegar.

Í meðfylgjandi töflu koma fram nokkrar helstu niðurstöður úttektar stofnbrauta, að því er varðar ástand vega, lengd bundinna slitlaga, svo og kostnað og arðsemi úrbóta. Á korti (mynd 1) er sýnt það stofnbrautakerfi, sem úttektin nær til, og tegund slitlags, sem kostnaður miðast við.

Tölur þær, sem sýna kostnað og ástand vega nú, eru miðaðar við árslok 1980. Til að fá þessar tölur réttar við upphaf langtímaáætlunar verður að taka tillit til framkvæmda áranna 1981 og 1982. Breytingar vegna þessa hafa í nokkrum tilvikum verið settar inn sem viðbætur við upphaflegar töflur. Tafla, sem sýnir slitlag, er miðuð við árslok 1982.

Allar kostnaðartölur á fskj. eru á áætluðu verðlagi í ágúst 1983 (vísitala vegagerðar 847).

Sambærileg úttekt hefur verið gerð á helstu þjóðbrautum og er úrvinnsla hennar langt komin. Í töflu eru sýndar helstu niðurstöður um kostnað. Hafa verður nokkurn fyrirvara á um þessar tölur, það eð úrvinnslu er ekki að fullu lokið og tölur geta tekið breytingum. Rétt þótti þó að sýna tölurnar til að gefa hugmynd um stærð verkefnisins.

Slitlag á stofnbrautum í árslok 1982 skv. athugun og eftir úrbætur skv. áætluninni.

Svæði		Möl km	Skipting vega eftir slitlagsgerð Lengd vega í hverjum flokki. Kl. km	Ol. km	Ma. km	St. km
Suðurland	Skv.ath.	297,87	49,30	105,80	4,40	0
Suðurland	Skv.áætl.	37,19	302,12	110,11	4,40	0
Reykjanes	Skv.ath.	29,96	7,00	52,50	43,30	46,70
Reykjanes	Skv.áætl.	0	12,44	72,95	52,09	46,70
Vesturland	Skv.ath.	458,49	41,80	15,20	1,90	0
Vesturland	Skv.áætl.	125,50	351,69	34,19	1,94	0
Vestfirðir	Skv.ath.	764,07	25,80	0	9,10	0
Vestfirðir	Skv.áætl.	464,12	334,26	6,73	9,07	0
Norðurland.ve.	Skv.ath.	285,20	78,80	0	0	0,80
Norðurland.ve.	Skv.áætl.	9,85	345,86	7,24	0	0,80
Norðurl.ey.	Skv.ath.	505,47	58,30	0	11,00	0
Norðurl.ey.	Skv.áætl.	156,90	385,33	2,50	12,67	0
Austurland	Skv.ath.	807,89	46,60	6,80	0	0,65
Austurland	Skv.aætl.	400,21	422,90	20,93	0,31	0,65
Landið	Skv.ath.	3 148,95	307,60	180,30	69,70	48,15
Landið	Skv.áætl.	1 193,77	2 154,60	254,65	80,48	48,15

Kl. = Klæðing
Ol. = Olíumöl
Ma. = Malbik
St. = Steinsteypa

Ástand stofnbrauta í árslok 1980 skv. athugun og eftir úrbætur skv. áætluninni.

Svæði		Ástand mælt í punktum (p). Lengd vega í hverjum flokki. 0-8p km	9-16p km	17-24p km	25-32p km	Samtals km
Suðurland	Skv.ath.	7,56	32,90	91,32	325,79	457,57
Suðurland	Skv.áætl.	0	0	0	454,17	454,17
Reykjanes	Skv.ath.	0,77	18,62	19,57	140,57	179,53
Reykjanes	Skv.áætl.	0	0	1,48	183,07	184,55
Vesturland	Skv.ath.	11,39	109,69	210,22	186,31	517,61
Vesturland	Skv.áætl.	0	0	0	513,32	513,32
Vestfirðir	Skv.ath.	84,96	167,88	227,75	316,77	797,36
Vestfirðir	Skv.áætl.	0	0	9,77	804,57	814,34
Norðurl.ve.	Skv.ath.	20,78	85,94	110,32	151,42	368,46
Norðurl.ve.	Skv.áætl.	0	0	0	363,36	363,36
Norðurl.ey.	Skv.ath.	66,16	105,89	103,89	298,88	574,82
Norðurl.ey.	Skv.áætl.	0	0	10,02	546,80	556,82
Austurland	Skv.ath.	56,05	159,73	229,14	417,87	862,79
Austurland	Skv.áætl.	0	0	0	845,72	845,72
Landið	Skv.ath.	247,67	680,65	992,21	1 837,61	3 758,14
Landið	Skv.áætl.	0	0	21,27	3 711,01	3 732,28

Kostnaður við úrbætur þær á stofnbrautum, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Áætlað verðlag 1983 (vísitala).

Svæði	Undirb. m.kr.	Yfirb. m.kr.	Brýr m.kr.	Samtals m.kr.
Suðurland	183,0	293,6	224,1	700,7
Reykjanes	395,2	119,1	128,9	643,2
Vesturland	703,7	335,9	138,4	1 178,0
Vestfirðir	785,7	355,1	121,1	1 261,9
Norðurland vestra	302,7	275,6	102,7	681,0
Norðurland eystra	587,5	344,7	141,3	1 073,5
Austurland	573,6	433,0	152,1	1 158,7
Samtals	3 531,4	2 157,0	1 008,6	6 697,0

Kostnaður miðað við árslok 1980	6 697 m.kr.
Framkvæmdir 1981 og 1982 (áætlaðar)	784 m.kr.
Kostnaður við upphaf langtímaáætlunar	5 913 m.kr.

Arðsemi framkvæmda (í km) á stofnbrautum samkvæmt áætluninni.

Svæði	≤0% km[x]	1-6% km	7-10% km	11-20% km	21-30% km	>30% km
		Arðsemi framkvæmda í % Lengd vega í hverjum flokki				
Suðurland	120,24	20,77	47,42	119,85	25,94	123,35
Reykjanes	127,69	4,25	10,67	10,50	7,80	18,62
Vesturland	211,74	62,66	46,80	93,98	51,08	51,35
Vestfirðir	480,41	88,87	89,92	83,71	51,88	2,57
Norðurl.ve.	55,91	45,04	67,62	72,67	28,42	98,80
Norðurl.ey.	162,56	79,32	60,71	132,90	63,02	76,31
Austurland	293,41	185,45	100,91	189,16	55,25	38,61
Landið	1 451,96	486,39	424,05	702,77	283,39	409,61

x) Fullgerðir vegir eru taldir með þessum flokki.

Arðsemi fjárfestinga (í m.kr.) á stofnbrautum samkvæmt áætluninni (vísitala vegagerðar 847).

Svæði	≤0% m.kr.	1-6% m.kr.	7-10% m.kr.	11-20% m.kr.	21-30% m.kr.	>30% m.kr.
		Arðsemi fjárfestinga í % m.kr. í hverjum flokki				
Suðurland	175,4	51,2	99,2	216,2	35,1	128,7
Reykjanes	0,3	18,6	199,5	62,8	305,9	57,5
Vesturland	537,0	175,7	140,6	195,8	45,1	82,2
Vestfirðir	944,2	139,7	53,4	44,9	73,3	3,4
Norðurl.ve.	111,7	108,4	136,2	182,0	40,0	102,7
Norðurl.ey.	432,4	126,5	84,2	303,4	57,7	68,2
Austurland	489,9	272,9	148,2	172,7	40,0	34,1
Landið	2 690,9	893,0	861,3	1 177,8	597,1	476,8

Kostnaður við úrbætur á þjóðbrautum skv. langtímaáætlun (vísitala 847).

Kostnaður miðað við árslok 1980.		m.kr.
Vegagerð		3 034
Brúargerð		432
	Samtals	3 466
1981 og 1982 (áætl.)		÷ 171
Kostnaður við upphaf langtímaáætlunar		3 295

Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing). 236

1. ÁÆTLUN UM FJÁRÞÖRF.

Í ályktun Alþingis segir að verja skuli 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu til vegagerðar, og þetta hlutfall skuli aukið í 2,4% innan 3 ára. Hér er gert ráð fyrir að á fyrsta ári áætlunarinnar sé hlutfallið 2,2%, 2,3% á öðru ári og síðan 2,4% eftir það. Miðað er við, að þjóðarframleiðsla 1983 verði 46 300 m.kr., og að hún aukist í 48 700 m.kr. árið 1986. Þessi spá um þróun þjóðarframleiðslu er gerð í samráði við Þjóðhagsstofnun. Samkvæmt því verða 4 411,5 m.kr. til ráðstöfunar á fyrsta tímabili (1983–86). Á öðru tímabili er reiknað með 5 390 m.kr. og 5 950 m.kr. á þriðja tímabili. Tölur á fyrsta tímabili hafa nokkuð lækkað frá í vor í samræmi við nýjustu spár um þróun þjóðarframleiðslu. Þær gera ráð fyrir 2,7% samdrætti 1983, en úr því verði aukning, 1% 1984 og 2% árin 1985–1986. Í ljósi þeirrar óvissu, sem er í spám um þróun þjóðarframleiðslu, þótti ekki rétt að breyta forsendum að því er varðar tvö seinni tímabil langtímaáætlunar, og er þar reiknað með óbreyttum tölum frá í vor.

Fjármagn til vegáætlunar hefur einkum átt sér þrenns konar uppruna, þ. e. markaðir tekjustofnar, ríkisframlag og lánsfé. Hér er ekki tekin afstaða til þess, hvaðan fjármagn kemur til langtímaáætlunar. Það verður ákveðið með vegáætlun hverju sinni, hvernig fjár skuli aflað, til að uppfylla þær forsendur sem langtímaáætlun byggir á.

2. SKIPTING ÚTGJALDA.

Skipting útgjalda á liði er með sama hætti og tíðkast hefur í vegáætlun.

Allar tölur eru á áætluðu verðlagi 1983, vísitala vegagerðar 847. Er sú tala grundvöllur kostnaðartalna.

Minnkun fjármagns á fyrsta tímabili áætlunarinnar frá þeirri tillögu, sem lögð var fram s.l. vor, er einkum látin koma fram á þremur liðum, þ. e. sumarviðhaldi, nýjum framkvæmdum og vélakaupum og áhaldahúsum, en þetta eru einu liðirnir sem ekki eru bundnir. Nokkrir aðrir liðir breytast einnig nokkuð, vegna breyttra forsendna í tekjum og/eða verðlagsþróun samkvæmt þeim lagaákvæðum og reglum, sem um þessa liði gilda.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

Fjármagn til þessa liðar vex um 1,5% á ári á 1. tímabili, en síðan um 2%. Gefur þetta svigrúm til að halda áfram þeirri stefnu í starfsmannahaldi, sem mörkuð hefur verið undanfarið í vegáætlun.

Hið stóraukna fjármagn til vegagerðar, sem kemur með langtímaáætlun, kallar á enn aukinn tæknilegan undirbúning. Einkum ef það er haft í huga, að aukning fjár fer að verulegu leyti í bundin slitlög annars vegar, og í stór vandasöm verkefni hins vegar. Að einhverju leyti má kaupa tækniþjónustu að í þessu skyni, en þó verður ekki komist hjá fjölgun tæknimanna umfram það sem verið hefur. Verður það mál að afgreiðast með vegáætlun. Framkvæmdir þær, sem eru á dagskrá á hverjum tíma, verða að bera þann kostnað, sem leiðir af auknum tæknilegum undirbúningi.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

2.2.1. Sumarviðhald.

Undanfarin ár hefur sumarviðhald jafnan setið á hakanum, og hefur það verið minna en 70% af þörf vegakerfisins fyrir viðhald. Gert er ráð fyrir aukningu viðhaldsfjár, þannig að 1988 verði það komið í 95% af þörf. Eftir það er reiknað með 2% aukningu á ári og er það hugsað til að mæta vaxandi umferð og auknum kröfum um ýmiss konar þjónustu.

Viðhaldsþörf sú, sem hér er miðað við, tekur til vegakerfisins eins og það er í dag, þ. e. einungis um 8% þjóðvega hafa bundið slitlag. Ekki hefur þótt tiltækt að gera áætlun um viðhaldsþörf, þegar bundin slitlög aukast, til þess skortir reynslu af endingu klæðingar o. fl. Þó að viðhaldskostnaður einstakra umferðarmeiri vega kunni að minnka nokkuð, er vart við að búast að þörf fyrir viðhaldsfé minnki í heild. Er þá litið til þess að kröfur til vega, viðhalds þeirra og þjónustu við vegfarendur munu aukast mjög á næstunni.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á núverandi snjómokstursreglum. Reiknað er með 1,5% aukningu fjármagns á ári á 1. tímabili, en síðan með 2% aukningu úr því. Gefur þetta nokkurt svigrúm til aukinnar vetrarþjónustu, einkum þegar haft er í huga, að með vaxandi uppbyggingu vega úr snjó munu aðstæður breytast verulega til hins betra og vetrarþjónusta nýtast betur.

2.3. — 2.4. NÝBYGGINGAR VEGA OG BRÚA.

Þessi verkefni fá í sinn hlut mest fjármagn eða um helming heildarfjárupphæðar. Brýr eru hér tilgreindar með sérstakri fjárupphæð í samræmi við vegáætlun. Af ýmsum ástæðum er þó hentugra í langtímaáætlun að fella fjármagn til brúa að fjármagni stofnbrauta annars vegar og þjóðbrauta hins vegar. Er það gert í sundurliðun og nánari grein gerð fyrir því þar. Við skiptingu nýbyggingafjár milli stofnbrauta og þjóðbrauta haldast í aðalatriðum hlutföll þau, sem verið hafa milli þessara liða í vegáætlun. Eins og rakið var í inngangi athugasemda þessara er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

2.5. FJALLVEGIR.

Fjallvegir fá svipað fjármagn og verið hefur. Í yfirstandandi vegáætlun varð nokkur aukning á fjallvegafé, þar sem veitt var af þjóðvegafé til byggingar nýs Bláfjallavegar af Krýsuvíkurvegi. Hér er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki á 1. tímabili og verður eftir það nokkur lækkun á fjallvegafé. Að öðru leyti er reiknað með 2% aukningu þess á ári.

2.6. SÝSLUVEGIR.

Miðað er við núgildandi ákvæði vegalaga um framlag til sýsluvegasjóða. Fyrsta tímabil er í samræmi við tillögu að vegáætlun, en eftir það er reiknað með 2% aukningu á ári.

2.7. ÞJÓÐVEGIR Í ÞÉTTBÝLI.

Eins og rakið var í inngangi athugasemda þessara, er framlag til þessa verkefnis á fyrsta tímabili miðað við að það verði óbreytt frá 1982 (68 m.kr.). Á seinni tímabilum er síðan reiknað með sömu aukningu og til sýsluvega.

2.8. — 2.9. VÉLAKAUP OG ÁHALDAHÚS OG TILRAUNIR.

Eins og áður er getið er nokkuð dregið úr fjárfestingum til vélakaupa og áhaldahúsa á fyrsta tímabili frá því sem áætlað var í vor. Á seinni tímabilum er reiknað með sömu aukningu og til sýsluvega. Tilraunir eru á fyrsta tímabili í samræmi við tillögu að vegáætlun, en eftir það fá þær sömu aukningu og sýsluvegir.

3. SUNDURLIÐUN.

3.1. Stofnbrautir.

Röðun verkefna tekur hér einungis til tímabila, en þess ekki nánar getið hvenær á tímabilinu viðkomandi framkvæmd er á dagskrá. Verður það ákveðið með vegáætlun hverju sinni.

Við skiptingu fjár á verkefni áttu einungis 80% af heildarfé til stofnbrauta að koma til úthlutunar. Þar við skyldi bætt 20% af fjármagni til brúa, enda er kostnaður við brýr á stofnbrautum innifalinn í tilgreindum kostnaði þeirra. Samkvæmt úttekt má ætla, að heildarkostnaður við að ljúka þeim úrbótum, sem úttektin nær til, sé 5 913 m.kr. Fjármagn til skipta á einstök verkefni innan stofnbrauta er 5 114 m.kr. Skortir því einungis um 800 m.kr. til að ljúka megi umræddum úrbótum á 12 árum, fyrir það fé sem skipt er á verkefni.

Til að mæta ófyrirséðu, vanreiknuðum áætlunum, nýjum þörfum og sveiflum í fjármögnun skyldi skilið eftir 20% af stofnbrautafé. Nemur sá hluti nú um 977 m.kr. á áætlunartímanum. Þetta fé mætti einnig nýta til að flýta fyrir einstökum framkvæmdum, svo og til að ljúka verkefnum, sem orðið hafa útundan við röðunina.

Sú minnkun í þjóðarframleiðslu nú um sinn, sem gerð var grein fyrir hér á undan, kemur m. a. fram í lækkun framlaga til nýrra framkvæmda. Röðun verkefna hafði hins vegar farið fram miðað við fyrri forsendur. Til að mæta minnkun fjármagns hefur hér verið valinn sá kostur að draga úr óskipta hlutanum á fyrsta tímabilinu, og verður hann um 9% samkvæmt tillögunni nú. Er þá haft í huga að ella þyrfti að endurraða verkefnum á tímabil og yrði það erfitt viðfangs. Einnig má benda á, að í vegáætlun er fjármagni skipt á verkefni fyrstu þrjú árin og er alls skipt um 90% af fénu. Munar því ekki ýkja miklu á því sem haldið er eftir þar og hér. Ef breyta þarf röðun verkefna kemur það í ljós við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1985–86. Yrði að fresta einhverjum framkvæmdum frá fyrsta tímabili langtímaáætlunar til ársins 1987.

3.1.1. Verkefnaskipting, bundin slitlög.

Í vegáætlun er verkefnum á stofnbrautum skipt í þrjá flokka, þ. e. almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. Á undanförnum árum hefur verið lögð mjög aukin áhersla á bundin slitlög. Er það mjög að vonum, því að lagning bundins slitlags hefur í för með sér mestar breytingar til hins betra fyrir hinn almenna vegfarenda og þar með fyrir þjóðfélagið í heild. Er þá sama hvort litið er til hagrænna hliða málsins, eða vellíðanar þeirra, sem um vegina fara eða nærri þeim búa.

Við röðun framkvæmda í langtímaáætlun hefur þótt rétt að halda þessari stefnu áfram. Hún hefur það í för með sér, að fjármagn til almennra verka fer að miklu leyti til að búa vegi undir bundið slitlag.

Sé eingöngu reiknað með því fé, sem skipt er til ákveðinna verkefna, er áætlað að komið verði bundið slitlag á um 2 200 km af þeim 2 537 km af stofnbrautum, sem úttektin gerir ráð fyrir að fái bundið slitlag samkvæmt umferðarforsendum, eins og þær eru í dag. Í báðum þessum tölum eru meðtaldar þær stofnbrautir, sem hafa bundið slitlag við upphaf langtímaáætlunar, um 620 km.

Sé reiknað með að hluti hins óskipta fjár sé notaður til að sinna þeim verkefnum, sem orðið hafa útundan við röðunina, má ætla að bundin slitlög verði farin mjög að nálgast hærri töluna, sem nefnd var hér á undan.

Hér er eingöngu rætt um bundin slitlög á stofnbrautum, en ætla má, að um 600 km af þjóðbrautum eigi að fá bundið slitlag, ef miðað er við sömu forsendur og gert er við stofnbrautir. Umtalsverður hluti þessara slitlaga verður væntanlega lagður á áætlunartímanum.

Jafnframt því átaki í bundnum slitlögum, sem hér er drepið á, er sinnt sérstökum verkum í vega- og brúagerð, þar með töldum Ó.Ó.Ó.-vegum, eins og röðunin ber með sér.

Ekki hefur þótt tiltækilegt að greina fjármagn í verkefnaflokka í þessari langtímaáætlun, en það yrði gert í vegáætlun, eftir því sem efni standa til hverju sinni.

Á meðfylgjandi kortum (myndir 2-4) er í grófum dráttum sýndur sá árangur, sem næst í uppbyggingu stofnbrauta á hverju tímabili.

3.2. ÞJÓÐBRAUTIR.

Svo sem áður var getið er úrvinnslu úttektar þjóðbrauta ekki lokið enn. Er því einungis tilgreindur heildarkostnaður við uppbyggingu allra þjóðbrauta landsins. Hafa verður nokkurn fyrirvara á þessari tölu.

Samkvæmt úttekt má ætla, að heildarkostnaður við úrbætur þjóðbrauta sé um 3 300 m.kr. Sé reiknað með að 20% af fjármagni sé haldið eftir til að mæta ófyrirséðu, eins og gert er í stofnbrautum, koma til skipta 80% af þjóðbrautafé og 40% af brúafé. Samtals yrðu það um 1 106 m.kr. á áætlunartímanum. Sé sú tala borin saman við heildarkostnað má ætla, að framkvæmdatími endurbóta á þjóðbrautum sé um 28 ár, eða u. þ. b. tvöfalt lengri en fyrir stofnbrautir.

3.4. BRÝR.

Vegna vinnuhagræðingar í langtímaáætlun hefur fjármagni til brúa verið skipt upp og hluti þess felldur að fjárveitingum til stofnbrauta og hluti til þjóðbrauta.

Til brúa á stofnbrautum hafa farið um 20% af fjármagninu, en 40% til brúa á þjóðbrautum. Þetta fé rennur til byggingar brúa á viðkomandi vegum svo langt sem það hrekkur, en þær verða að öðru leyti fjármagnaðar af vegafé.

Þau 40%, sem þá eru eftir af brúafé, fara til brúa á öðrum vegum (sýsluvegum, fjallvegum, þjóðvegum í þéttbýli eða einkavegum) eða verða til ráðstöfunar síðar í vegáætlun.


Mynd nr. 1
Áætlaðar framkvæmdir
á stofnbrautum samkvæmt
markmiðum Þingsályktunar
um langtímaáætlun í
vegagerð.
Bundið slitlag 2520 km.
Uppbyggðir malarvegir


Mynd nr. 2
Bundið slitlag í árslok 1982 u.þ.b. 650 km.
Uppbyggðir malarvegir í árslok 1982


Mynd nr. 3
Áætlað bundið slitlag í árslok 1986, u.þ.b. 1140 km.
Áætlaðir uppbyggðir malarvegir í árslok 1986


Mynd nr. 4
Áætlað bundið slitlag í árslok 1990, u.þ.b. 1750 km
Áætlaðir uppbyggðir malarvegir í árslok 1990


Mynd nr 5
Á ætlað bundið slitlag á stofnbrautum og þjóðbrautum skv. markmiðum þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð. u.þ.b. 3140 km.

Nd. 331. Frumvarp til laga [193. mál]

um smíði eða kaup og rekstur sérstaks Vestfjarðaskips.

Flm.: Karvel Pálmason, Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hefja undirbúning að smíði eða kaupum á sérstöku Vestfjarðaskipi. Skal skipið byggt bæði fyrir fólks- og vöruflutninga.

2. gr.

Skip það, sem hér um ræðir, skal rekið á leiðinni Vestfjarðahafnir — Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Til framkvæmda þessara er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, svo sem þurfa þykir, til að tryggja framgang málsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál það, sem hér er flutt, er ekki nýtt af nálinni. A. m. k. þrisvar áður hafa verið flutt frumvörp svipaðs efnis og hér um ræðir og a. m. k. einu sinni tillaga til þingsályktunar.

Engum getum þarf að því að leiða, að Vestfirðir eru sá landshluti sem býr við hvað erfiðastar samgöngur á Íslandi, og enda þótt vestfirskar byggðir hafi að hluta til verið tengdar aðalakvegakerfi landsins part úr árinu á langt í land að Vestfirðir verði samgönguleg séð sambærilegir við aðra landshluta, hvort sem talað er um á landi, í lofti eða á legi.

Auk þess sem landshlutinn sem heild er þannig mjög svo einangraður frá öðrum landshlutum stóran part ársins bætist það við, að akvegir milli byggða á Vestfjörðum eru lokaðir sökum snjóa hartnær hálft árið eða meir. Allan þann tíma verða Vestfirðingar að treysta einvörðungu á samgöngur á sjó eða í lofti, og er væntanlega öllum ljóst, sem til þekkja, hversu vart er að treysta samgöngum við Vestfirði í lofti yfir hávetrartímann, þegar það gerist æðioft, að í lognblíðum kyrrum sumardagsins er ófært til flugs, t. d. á Ísafjörð. Og þó undangengin ár og áratugi hafi þessar staðreyndir blasað við Vestfirðingum, þeir á þær minnt og bent á nauðsyn úrbóta, hefur vissulega hægt miðað.

Á yfirstandandi vetri hefur þó keyrt um þverbak í þessum efnum, þegar dagar og vikur hafa liðið án þess að Vestfirðir væru í raun og veru í sambandi við umheiminn og innansvæðis sökum stöðugra illviðra.

Það má því segja, að yfirstandandi vetur hafi fyllt svo mælinn að því er varðar einangrun og samgönguleysi Vestfirðinga að þeir uni vart lengur því ástandi, að lítil sem engin aðstaða sé til að flytja vörur og fólk svo langtímum skiptir milli staða innan Vestfjarða, hvað þá út fyrir það svæði.

Margoft hefur verið á það bent af fjölmörgum aðilum á Vestfjörðum, svo sem sveitarstjórnum og Fjórðungssambandi Vestfirðinga, hver nauðsyn er á öruggum samgöngum á sjó, bæði innan Vestfjarðasvæðisins og að því og frá. Ein af forsendum vaxandi byggðaþróunar á Vestfjörðum er auknar og tryggari samgöngur, og eru góðar samgöngur á sjó sá öryggisventill sem hvað síst má vanta í þeirri þróun.

Í ljósi þess er þetta frumvarp flutt.

Nd. 332. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Á framboðslista í kjördæmi skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Nöfn frambjóðenda skulu sett upp í stafrófsröð, en yfirkjörstjórn hlutar um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum framboðslista.

2. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Yfirkjörstjórn gerir þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og Lögbirtingablaði, og auk þess í dagblöðum eða vikublöðum í viðkomandi kjördæmi, á þann hátt, að greindur sé bókstafur hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálaflokk hann er í kjöri, að hann sé utan flokka, ef því er að skipta, og svo nöfn frambjóðenda á hverjum lista í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr.

3. gr.

2. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr., ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm breitt bil vera fyrir framan nöfn á hverjum lista.

4. gr.

2. mgr. 84. gr. laganna orðist svo:

Vilji kjósandi raða frambjóðendum á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill ráða röð frambjóðenda.

5. gr.

110. gr. laganna orðist svo:

Til að finna, hverjir frambjóðenda hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi, skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á eftirfarandi hátt:

Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista til að ákveða hvort og þá hve marga þingmenn hver framboðslisti fær.

Síðan raðar yfirkjörstjórn frambjóðendum á lista þannig, að efstur er sá, sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. sæti; annar sá, sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. og 2.

sæti (að atkvæðum efsta manns frátöldum); þriðji sá, sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1., 2. og 3. sæti (að atkvæðum 1. og 2. manns á lista frátöldum) o. s. frv.

Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnháa tölu, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 113. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi að loknum næstu kosningum til Alþingis.

Greinargerð.

Meginmarkmið frumvarpsins er að veita kjósendum sem allra mest valfrelsi við kosningar til Alþingis; veita þeim kost á að ráða alfarið röðun frambjóðenda á viðkomandi framboðslista um leið og kosning fer fram.

Á síðari árum hefur kröfunni um persónuval í kosningum aukist mjög fylgi, og er það vel. Reynt hefur verið að koma til móts við þessa kröfu með prófkjörum í ýmsum myndum og skoðanakönnunum eða forvali. Ýmsir gallar hafa komið í ljós við þessar aðferðir, og má t. d. nefna eftirfarandi:

1. Í mörgum tilvikum hafa of fáir verið í framboði og í of fá sæti til að kjósendur fái umtalsvert valfrelsi.
2. Prófkjörunum fylgir gjarnan verulegt umstang og umtalsverður kostnaður, sem betur væri varið á öðrum sviðum stjórnmálastarfseminnar.
3. Mikil sárindi á milli samherja hafa hlotist af prófkjörunum og undirbúningi þeirra.
4. Ýmsir, sem alls ekki ætla sér að styðja viðkomandi flokk í kosningum, og eru jafnvel flokksbundnir í öðrum flokkum, hafa í vaxandi mæli reynt að áhrif á röðun frambjóðenda annarra flokka.

Samþykkt þessa frumvarps veitir kjósendum margfalt meira valfrelsi en prófkjörin, hversu opin sem þau eru, um leið og flestir þeir annmarkar, sem að framan er getið, eru sniðnir af.

Flutningsmenn halda því ekki fram, að sú leið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, leysi allan vanda, en ókostir þess eru smávægilegir í samanburði við þá galla, sem prófkjörunum eru samfara, og þá annmarka, sem fylgja því að hafa engin prófkjör.

Í Danmörku hafa stjórnmálaflokkarnir um nokkurt skeið ráðið því, hvort þeir bjóða fram raðaða eða óraðaða lista. Allir stærri flokkarnir hafa valið þá leið að hafa óraðaða lista, og engum þeirra dettur í hug að breyta til fyrra horfs. Reynslan þar sýnir að um það bil helmingur kjósenda nýtir sér réttinn til að raða frambjóðendum á lista.

Árið 1977 flutti Jón Skaftason frumvarp, sem gekk í svipaða átt og hér er lagt til. Það frv. fékk mikla umræðu á Alþingi veturinn 1977—'78, en hlaut ekki afgreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrri mgr. er óbreytt frá gildandi lögum, en sú seinni er ný. Þar er gert ráð fyrir því, að flokkarnir skili framboðslistum sínum í stafrófsröð til viðkomandi yfirkjörstjórnar, en hún hluti til um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum lista.

Um 2. gr.

Í stað orðanna „í réttri röð“ í gildandi lögum komi: í stafrófsröð, sbr. 2. mgr. 30. gr.

Um 3. gr.

Sama og um 2. gr.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum hefur kjósandi heimild til að „breyta nafnaröð“ á viðkomandi lista og til útstrikana. Í reynd er þetta þó marklaus heimild vegna þess hve vægi breytinganna er lítið.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að kjósendur viðkomandi framboðslista, og þeir einir, ráði alfarið röðun listans.

Kjósendur hafa algerlega óbundnar hendur um það, hvort og að hve miklu leyti þeir vilja ráða röðun listans. Þeir þurfa ekki að gera það, þeir mega velja efsta mann, efstu tvo, efstu þrjá o. s. frv., og þeir mega raða öllum nöfnum á listanum.

Um 5. gr.

Greinin segir til um það, hvernig viðkomandi yfirkjörstjórn finnur út þingmannatölu hvers lista og hvernig hún raðar frambjóðendum á listana að kosningum loknum.

Reglurnar eru bæði einfaldar og skýrar.

Um 6. gr.

Vegna þess, hve undirbúningur fyrir næstu kosningar er víða langt á veg kominn, er **ekki** lagt til að þessi lagabreyting taki gildi fyrir þær kosningar, en allar kosningar þar á eftir.

Nd. 333. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, og mælir meiri hluti nefndarinnar með samþykkt þess.

Alþingi, 10. febr. 1983.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Guðm. J. Guðmundsson.
	Ingólfur Guðnason.	

Nd. 334. Frumvarp til laga [195. mál]

um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun o. fl.

Frá forsætisráðherra.

1. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt niðurstöðum neyslukönnunar, sem gerð var á árunum 1979 og 1980. Grunntala hinnar nýju vísitölu skal miðuð við verðlag í byrjun nóvembermánaðar 1982 og síðan skal reikna hana þrisvar sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna mars, júlí og nóvember eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Óski stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, skal Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

2. gr.

Greiða skal verðbætur á laun hinn 1. apríl 1983 og síðan á fjögurra mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagsnefnd reiknar á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

Verðbætur á laun samkvæmt þessum lögum skulu reiknaðar með tveimur aukastöfum. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega hverju sinni, hvaða verðbætur skuli greiddar á laun.

Á tímabilinu 1. til 31. mars 1983 skal greiða sömu verðbætur á laun og gilda á greiðslutímabilinu 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983.

Breytingar á búvöruverði innan hvers verðlagsárs samkv. 9. gr. framleiðsluráðslaga nr. 95/1981 skulu eiga sér stað frá 1. apríl og 1. ágúst, en eigi frá 1. mars og 1. júní eins og þar er mælt fyrir um. Gildistökutími verðbreytinga 1. desember samkv. téðri lagagrein helst óbreyttur. — Sexmannanefnd getur komið sér saman um flutning gildistökutíma 1. ágúst til september.

Verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningum Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1, 2 og 3/1983 sem gildir fyrir tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1983, skal haldast óbreytt til 31. mars 1983.

3. gr.

Verðbótavísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar með þeim breytingum, sem leiðir af 4. og 5. gr., og hefur grunntöluna 100 miðað við nóvember 1982.

4. gr.

Við útreikning verðbótavísitölu samkvæmt 3. gr. skal breyta frá framfærsluvísitölu til lækkunar eða hækkunar í samræmi við þau áhrif, er leiðir af eftirtöldum breytingum sem verða milli tveggja síðustu útreikningstíma hennar:

1. Breytingum á búvöruverði, er leitt hefur af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins, þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu.
2. Breytingum á áfengis- og tóbaksverði.
3. Breytingum á gjaldskrám raf- og hitaveitna.
4. Breytingum á óbeinum sköttum og gjöldum.
5. Breytingum á niðurgreiðslum vöruverðs.

Leiðréttingar samkvæmt þessari grein eru gerðar sérstaklega hverju sinni og safnast ekki upp sem sérstakur vísitöluliður.

5. gr.

Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma þessara laga þannig, að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. apríl ár hvert skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir síðasta fjórðung fyrra árs að tveimur þriðju en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan febrúar sama árs; við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. ágúst skal byggt á hliðstæðum upplýsingum fyrir fyrsta fjórðung sama árs að tveimur þriðju en að einum þriðja á dagverðum eftir miðjan júní sama árs, og við ákvörðun verðbóta frá 1. desember ár hvert skal byggt á hliðstæðum upplýsingum fyrir annan og þriðja fjórðung sama árs að tveimur þriðju en að einum þriðja á dagverðum eftir miðjan október sama árs.

Á sama hátt og í 1. málsgrein segir skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu við verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkvæmt þessari málsgrein, nema breytingin nemi 1% eða meira hverju sinni milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar.

6. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 í byrjun janúar 1968, sbr. fyrri málsgr. 2. gr. l. nr. 70 1967, skal reiknuð í síðasta sinn eftir verðlagi í nóvemberbyrjun 1982.

7. gr.

Forsætisráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi VIII. kafli laga nr. 13 10. apríl 1979, 4. og 6. gr. laga nr. 10 13. apríl 1981, svo og önnur ákvæði laga, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur fátt verið eins ofarlega á baugi í umræðum um efnahagsmál og vísitölukerfið og á það jafnt við um útreikning vísitalna og tengingu launa við vísitölu.

Í janúarmánuði 1982 ákvað ríkisstjórnin samhliða efnahagsaðgerðum að taka viðmiðunarkerfið til gagngerðrar endurskoðunar í samráði við hagsmunaaðila atvinnulífsins. Í skýrslu frá ríkisstjórninni á þessum tíma segir svo:

„Ríkisstjórnin mun nú þegar boða til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis, sem nú gildir. M. a. verði reynt að finna leið til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu.“

Í kjölfarið skipaði ríkisstjórnin þriggja manna nefnd til að annast viðræður við aðila vinnumarkaðarins og gera tillögur um nýtt viðmiðunarkerfi. Í nefndinni voru Þórður Friðjónsson, formaður, Halldór Ásgrímsson og Þröstur Ólafsson. Bolli Þór Bollason, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, hefur starfað með nefndinni.

Nefndin hóf störf í byrjun febrúar 1982 og hélt hún fyrstu viðræðufundi með aðilum vinnumarkaðarins skömmu síðar. Síðar voru haldnir fjölmargir fundir með sömu aðilum. Í þessum viðræðum var farið yfir hugsanlega möguleika til að nálgast það markmið að finna nýtt viðmiðunarkerfi fyrir tengsl launa við verðlag, sem dregið gæti úr víxlhækkunum núverandi kerfis og jafnframt tryggt lífskjör. Vitað var fyrirfram, að verkefnið yrði á engan hátt auðvelt, enda var það staðfest fljótlega í viðræðunum. Margvísleg sjónarmið komu fram hjá viðræðuaðilum og varð fljótt ljóst að mikillar varfærni gætti hjá einstökum aðilum varðandi breytingar. Almennt var þó álitið að núverandi kerfi væri á ýmsan hátt gallað. Viðræðurnar voru þýðingarmikill vegvísir fyrir störf og tillögugerð nefndarinnar.

Í ágústmánuði voru ákveðnar hugmyndir lagðar fyrir hagsmunasamtökin. Þessar hugmyndir voru í eftirfarandi fimm liðum:

„1. Miðað verði við hinn nýja grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar.
2. Ný vísitala, lífskjaravísitala, verði grunnur að nýju viðmiðunarkerfi fyrir laun. Þessi vísitala reiknast út frá vísitölu framfærslukostnaðar, auk þess sem tekið yrði tillit til breytinga á félagslegri þjónustu, útgjöldum til vegamála og tekjusköttum ríkisins á einstaklinga.
3. Búvörufrádráttur og meðferð áfengis- og tóbaksverðsbreytinga við útreikning verðbóta haldist óbreytt. Auk þess verði tekinn upp orkufrádráttur, þar sem breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna verði dregnar frá hækkun eða lækkun framfærsluvísitölu við ákvörðun verðbóta.
4. Meðferð viðskiptakjara við útreikning verðbóta verði óbreytt.
5. Verðbætur greiðist á fjögurra eða sex mánaða fresti. Búvöruverð og fiskverð ákvarðist á sömu dagsetningum."

Í framhaldi af umræðum um ofangreind atriði ákvað ríkisstjórnin með efnahagsráðstöfunum í ágústmánuði að taka upp nýtt viðmiðunarkerfi með hliðsjón af framangreindum hugmyndum og skyldi það taka gildi við verðbótaútreikning eftir 1. desember 1982. Á þessum grundvelli starfaði nefndin síðan.

Nefndin lauk störfum 6. desember s. l., er hún skilaði niðurstöðum sínum til ríkisstjórnarinnar. Nefndin skiptist í afstöðu sinni til breytinga á vísitölukerfinu. Meiri hluti hennar, Þórður Friðjónsson og Halldór Ásgrímsson, lagði fram frumvarpsdrög, sem voru byggð á fyrrgreindum hugmyndum sem samkomulag náðist um, þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar í ágústmánuði. Álit meiri hlutans var í grundvallaratriðum fullmótaðar tillögur í samræmi við það samkomulag, sem vitnað var til í 1. lið yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá sama tíma um fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir. Sá valkostur var þó nefndur, að í stað svonefndrar lífskjaraviðmiðunar væri um margt einfaldara og aðgengilegra að taka óbeina skatta og niðurgreiðslur út úr viðmiðuninni.

Þröstur Ólafsson skilaði séráliti. Frávik frá tillögum meiri hlutans fólust í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi taldi Þröstur að fresta bæri að koma á fjögurra mánaða kerfi um einn mánuð, þannig að verðbætur greiddust næst 1. mars samkvæmt gamla kerfinu, en síðan yrði fjögurra mánaða kerfið tekið upp. Í öðru lagi lagði hann til, að í stað tilgreindra frádráttarliða kæmi fastur hlutfallslegur frádráttur. Um önnur atriði var í meginatriðum samkomulag í nefndinni.

Í bréfi vísitölunefndarinnar til ríkisstjórnarinnar 6. desember s. l. kemur m. a. eftirfarandi fram:

„Meðfylgjandi frumvarpsdrög eru því byggð á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem mótaðist af málamiðlun, sem gerð var milli ólíkra sjónarmiða við mörkun efnahagsstefnunnar fyrir þremur mánuðum. Þó að ýmislegt hafi breyst, bæði hvað varðar sjónarmið einstakra nefndarmanna og eins hitt, að verðlagshorfur fara enn á ný versnandi, telur meiri hluti nefndarinnar mikilvægt að framfylgja fyrrnefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar er ljóst að þær breytingar á vísitölukerfinu sem tillögur eru gerðar um eru einar sér á engan hátt fullnægjandi til að leysa þann mikla jafnvægisvanda sem þjóðarbúið stendur nú frammi fyrir. Í því sambandi kemur m. a. til greina að gera róttækari breytingar á vísitölukerfinu og draga enn frekar úr víxlgangi verðlags og kaupgjalds."

Sjálfvirk tenging launa við verðlagsbreytingar er einn rótgrónasti þátturinn í hinu íslenska hagkerfi. Upphaf þessarar tilhögunar, sem allajafna gengur undir nafninu vísitölukerfi, má rekja allt til áranna um og eftir 1920, en þá voru í gildi ákvæði um greiðslu dýrtíðaruppbótar á laun í nokkrum kjarasamningum, svo og í launalögum ríkisstarfsmanna. Víðtæk formleg vísitölubinding launa var hins vegar fyrst tekin upp með lögum árið 1939.

Frá þeim tíma má segja að vísitölukerfið hafi verið meira og minna í gangi. Gangurinn hefur á hinn bóginn verið ærið skrykkjóttur og langt því frá eins samfelldur og oft hefur verið látið í veðri vaka. Þótt laun hafi lengst af á þessu tímabili verið tengd verðlagsvísitölu, þá hefur sú tenging oft verið rofin, ýmist með beinu lagaboði um lengri eða skemmri tíma, þar sem vísitölugreiðslur hafa verið skertar almennt, eða þær takmarkaðar við ákveðna hópa eða ákveðin launamörk, eða samið hefur verið um tímabundnar skerðingar eða takmarkanir af einu eða öðru tagi. Á árunum 1960—1964 var vísitölutenging launa bönnuð með lögum.

Þegar horft er til baka yfir þau rösklega 43 ár, sem liðin eru frá því vísitölukerfið komst formlega á laggirnar, kemur í ljós, að sitthvað hefur verið við kerfið fengist. Raunar má segja, að rauði þráðurinn í sögu vísitölukerfisins sé fólginn í aðgerðum, sem miða að því að draga með einum eða öðrum hætti úr þeim sjálfvirka víxlgangi verðlags og launa, sem vísitölukerfið stuðlar að. Vísitöluafskiptunum má til einföldunar skipa í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru frádráttarliðir, sem kalla má hefðbundna. Þessir liðir eru búvörufrádráttur, sem tekinn var upp með lögum árið 1950, og áfengis- og tóbaksfrádráttur, sem tekinn var upp í samningum 1974. Þessir tveir frádráttarliðir hafa verið nær óslitið í gildi frá því þeir voru fyrst teknir upp og teljast því varla til sérstakra skerðingarþátta. Í seinni flokknum eru allir aðrir frádráttarliðir. Dæmi um þessa liði eru ákvæði í nýgerðum samningum ASÍ og VSÍ um 2,9% frádrátt frá verðbótavísitölu 1. september síðastliðinn og ákvæði bráðabirgðalaga frá 21. ágúst síðastliðnum um helmingun verðbóta 1. desember síðastliðinn. Þessu til viðbótar má svo nefna viðskiptakjaraviðmiðunina, sem tekin var upp 1979, en hún getur raunar bæði orkað til hækkunar og lækkunar á verðbótum.

Athyglisvert er, að á árunum 1939—1982 eru aðeins þrjú tímabil, sem ná yfir lengri tíma en eitt ár, þar sem ekki hefur verið um að ræða sérstök afskipti af vísitölukerfinu, nefnilega 1945—1947, 1964—1967 og september 1981—ágúst 1982. Við lauslega skoðun kemur ennfremur í ljós, að talið í mánuðum á öllu þessu tímabili hefur vísitölukerfið einungis verið afskiptalaust í tæplega 3 ár, á árunum 1945—1947, en þá voru verðbætur óskertar með öllu. Samanlagður tími hefðbundinnar skerðingar eingöngu telst tæplega 8 ár. En viðbótarskerðingar hafa hins vegar verið við lýði í samtals 32 ár.

Þessi lauslega skoðun á vísitölukerfinu sýnir vel, hversu skrykkjóttur ferill þess er, og er um leið vísbending um, að kerfið hefur vafasamt gildi sem sjálfvirkur launasetjari og til að vernda kaupmátt launa. Með hliðsjón af þessu er ekki að undra, þótt endurskoðun á vísitölukerfinu hafi oft borið á góma á síðustu árum og raunar áratugum. Skýringin á því hversu erfiðlega hefur gengið að ná samkomulagi um endurbætur á vísitölukerfinu felst vitaskuld í þeirri einföldu staðreynd, að afstaða launþega, atvinnurekenda og stjórnvalda hefur ekki fallið saman í þessu efni.

Frá sjónarhóli launþega hefur verið litið á vísitölukerfið sem nauðsynlegan þátt í því að tryggja og viðhalda kaupmætti launa í verðbólgu. Vísitölukerfið er talið tryggja sjálfkrafa launahækkanir í kjölfar verðhækkana og þannig hefur kerfið verið talið beinlínis stuðla að lengra samningstímabili en ella. Þessi skoðun á vitaskuld rétt á sér, en þó verður að hafa fyrirvara um réttmæti hennar, meðal annars með hliðsjón af því, sem rakið var hér að framan.

Frá sjónarhóli stjórnvalda hefur vísitölukerfið hins vegar þann ótvíræða ágalla, að með því hefur reynst erfiðara en ella að brjótast út úr víxlgangi launa og verðlags. Þessari skoðun hafa stjórnvöld oft fylgt eftir á undanförnum áratugum eins og sést best af því sögulega yfirliti, sem dregið var upp hér að framan.

Það vísitölukerfi, sem nú er í gildi, er í megindráttum byggt á ákvæðum laga nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. Í stuttu máli má lýsa kerfinu þannig, að verðbætur á laun eru greiddar á þriggja mánaða fresti samkvæmt breytingum sérstakrar verðbótavísitölu. Verðbótavísitalan reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar, en við útreikning verðbótavísitölu skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, sem leiðir af eftirtöldum breytingum milli útreikningsdaga verðbótavísitölu.

1. Breytingar búvöruverðs, er leitt hefur af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af hækkun á almennum vinnumarkaði, þ. e. hækkun búvöruverðs vegna hækkunar á launum.
2. Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til að draga úr áhrifum olíuverðshækkunarinnar 1979/80 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu.
3. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði.

Ennfremur er í þessum lögum ákvæði um sérstaka viðskiptakjaraviðmiðun, þannig að viðskiptakjararýrnun komi til frádráttar verðbótum en viðskiptakjarabati til viðbótar.

Það atriði, sem oftast hefur borið á góma í umræðum um endurskoðun á vísitölukerfinu, er meðferð beinna og óbeinna skatta í vísitölunni. Eins og nú háttar eru allir óbeinir skattar inni í vísitölunni en beinir skattar hins vegar utan hennar. Frá sjónarhóli stjórnvalda er þetta einmitt megingalli kerfisins auk sjálfvirkni þess og ósveigjanleika án tillits til þess hvernig árar í þjóðarbúskapnum.

Af hálfu hins opinbera eru augljós rök fyrir því, að breytingar á óbeinum sköttum hafi ekki áhrif á verðbætur á laun. Öðruvísi hafa stjórnvöld í raun ekkert svigrúm til breytinga á óbeinum sköttum án þess að með þeim sé hrundið af stað skriðu víxlhækkana verðlags og kauplags, sem ónýta árangur slíkra hagstjórnaraðgerða á skömmum tíma. Það er mótsagnakennt, að kaupgjald hækki, ef óbeinir skattar eru hækkaðir til þess að draga úr umframeftirspurn. Eftirspurnaráhrifin verða þá engin og einu áhrifin eru þau að herða á verðbólgunni. Ef óbeinir skattar væru teknir út úr vísitölunni, þyrfti einnig að fjarlægja niðurgreiðslur úr henni.

Af hálfu launþega hefur verið bent á, að í núverandi kerfi — beinir skattar utan við en óbeinir með — séu töluverðar líkur á því, að hlutfall beinna skatta verði hærra en ella. Úr þessari hættu megi draga með því að taka beina skatta inn í vísitöluna. Ef litið er á skattheimtu hins opinbera undanfarinn áratug, verður ekki séð, að hlutur beinna skatta í heildartekjum hins opinbera hafi farið vaxandi. Vísitölubindingin virðist einkum hafa leitt til þess, að skattar eru fremur lagðir á þær vörur, sem vega tiltölulega lítið í vísitölunni — eða á aðföng og fjárfestingu atvinnuveganna — og skattheimtan lendir því á tiltölulega fáum vörum. Þetta er vitaskuld auðveldara fyrir það, hvað vísitölugrundvöllurinn er orðinn gamall. Það hlýtur að vera óheppilegt, að álagning skatta ráðist af vísitölukerfinu. Þeirri spurningu verður ekki svarað, hvaða áhrif það hafi á verðbótavísitöluna, þegar til lengdar lætur, hvort tekið er tillit til skattbreytinga eða ekki. Meginmálið er það, að ríkisvaldið geti brugðist við snöggum hagsveiflum og breytt óbeinum sköttum, þegar þurfa þykir, án þess að það hafi áhrif á laun með sjálfvirkum hætti. Hvort þau áhrif standa til frambúðar, hlýtur alltaf að ráðast í kjarasamningum. Sama gildir um það, þegar hið opinbera vill auka hlutdeild sína í þjóðartekjunum. Það á ekki að ráðast af vísitölukerfinu.

Annað atriði, sem nokkuð hefur verið rætt um í sambandi við vísitöluna, er verð á innlendri orku. Um þetta gildir í reynd það sama og sagt var um skattana. Miklar raforkuframkvæmdir hafa verið á döfinni undanfarin ár og mun meiri framkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstu árum. Vegna þessara miklu framkvæmda hefði verið nauðsynlegt og verður fyrr eða síðar nauðsynlegt að hækka raforkuverð talsvert umfram almennar verðbreytingar. Að öðrum kosti verða erlendar lántökur óeðlilega miklar. Hér verður einnig að hafa í huga, að orkuverð í heiminum hefur hækkað verulega á síðasta áratug vegna olíuverðshækkana 1973/74 og 1979/80. Verð á annarri orku hefur yfirleitt hækkað í kjölfar olíuverðshækkananna, þótt hækkunin hafi ekki verið nærri því eins mikil og hækkunin á olíuverðinu. Stjórnvöld hér hafa hins vegar ekki treyst sér til þess að taka það skref, sem nauðsynlegt væri, vegna þeirrar vísitöluhækkunar, sem því fylgdi, og þar með sjálfkrafa launahækkunar mánuði seinna og áframhaldandi víxlgangs. Þetta dæmi um orkuverð er alls ekki einstætt. Þetta gildir alltaf, þegar verð á einhverju hækkar umfram almennt verðlag, af

hvaða ástæðu sem er. Slík hlutfallsleg verðhækkun getur auðvitað valdið verðbólgu, hvort sem um vísitölubindingu er að ræða eða ekki, en í vísitölukerfi gerist það sjálfkrafa án þess að nokkur þurfi að hræra legg né lið.

Hér að framan hafa einkum verið nefndir ýmsir þættir, sem dregnir eru frá hækkun framfærsluvísitölu við ákvörðun verðbóta — eða ekki eru reiknaðir með í vísitölunni — eða rætt hefur verið um að taka út úr. Tilgangur vísitölubindingar frá sjónarhóli launþega er sem fyrr segir að tryggja kaupmátt þeirra launa, sem samið er um í kjarasamningum. Ennfremur hlýtur það að vera kappsmál stjórnvalda, að vísitölukerfið setji efnahagsstjórninni ekki stólinn fyrir dyrnar. Nú er það svo, að kaupmáttur launa verður ekki tryggður fyrir fram, á hverju sem gengur. Kaupmáttur ræðst að lokum af afkomu þjóðarbúsins og framleiðni þess og afkoma þjóðarbúsins getur breyst verulega á gildistíma kjarasamninga, eins og dæmin sanna. Við slíkar aðstæður, eða þegar efnahagsþróunin virðist stefna þvert á markmið stjórnvalda — t. d. að verðbólga fari ört vaxandi — hljóta stjórnvöld að grípa til aðgerða til þess að hamla á móti. Þær aðgerðir geta þá meðal annars verið í því formi að breyta fyrirkomulagi vísitölubindingar eða afnema hana alveg, að minnsta kosti um sinn. Um þetta eru ótalmörg dæmi frá liðnum árum og ríkisstjórnum. Þetta mun örugglega endurtaka sig í framtíðinni, ef svipuð staða kemur upp. Vísitölukerfi, sem ekki tekur tillit til rýrnunar viðskiptakjara og undanskilur ekki opinbera skattlagningu, þrengir mjög svigrúm stjórnvalda til að ná settum markmiðum í efnahagsmálum við breytilegar aðstæður. Aðrir frádráttarliðir, svo sem búvörufrádráttur eða aðrir hliðstæðir liðir, eru hins vegar annars eðlis. Þá er hægt að meta nokkurn veginn fyrirfram og þeir geta því tengst beint samningum um önnur atriði, þ. m. t. um grunnlaun. Þessum liðum er ætlað að slæva víxlgang verðlags og launa — eða launa og verðlags — og draga þannig úr verðbólguáhrifum vísitölubindingarinnar.

Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er leitast við að sníða nokkra ágalla af núgildandi vísitölukerfi. Sú kerfisbreyting, sem hér er gerð tillaga um, felur í sér annars vegar viðleitni í þá átt að draga úr víxlgangi launa og verðlags og hins vegar að auka svigrúm stjórnvalda til árangursríkrar hagstjórnar.

Kerfisbreytingin er í meginatriðum fjórþætt:

Í fyrsta lagi er lagt til, að tekin verið upp viðmiðun við nýjan grundvöll framfærsluvísitölu. Með því ættu breytingar á framfærsluvísitölu, sem liggja til grundvallar breytingum á verðbótum, að gefa réttari mynd af raunverulegum breytingum á framfærslukostnaði heimilanna heldur en sá grundvöllur, sem notaður hefur verið undanfarin 15 ár.

Í öðru lagi er lagt til, að gerð verði sú grundvallarbreyting á núgildandi verðbótatilhögun, að breytingar á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum hafi ekki áhrif á greiðslu verðbóta á laun. Með þessu væri svigrúm hins opinbera til hagstjórnar aukið að mun frá því sem nú er.

Í þriðja lagi er lagt til, að tekinn verði upp sérstakur orkufrádráttur. Þessi tillaga er í samræmi við þá áherslu, sem lögð hefur verið á það, að ráðstafanir til jöfnunar orkukostnaðar og uppbyggingar í orkumálum örvi ekki víxlgang launa og verðlags.

Í fjórða lagi er lagt til, að verðbætur greiðist á fjögurra mánaða fresti í stað þriggja. Með þessu verður dregið úr víxlgangi verðlags og launa og meira svigrúm gefst til þess að beita almennum hagstjórnartækjum á árangursríkan hátt.

Rétt er að leggja áherslu á, að sú kerfisbreyting, sem hér er gerð tillaga um, felur ekki í sér takmarkanir á verðbótagreiðslum umfram það, sem er að finna í núgildandi tilhögun. Þannig vegur orkufrádrátturinn í raun upp á móti minni búvörufrádrætti samkvæmt nýja framfærsluvísitölugrundvellinum. Á móti lengingu verðbótatímabilsins kemur minni verðbólga og þar með minni kaupmáttarrýrnun milli útreikningsdaga vísitölunnar. Má ætla, að kerfisbreytingin ein sér leiði til þess, að verðbólgan frá upphafi til loka þessa árs verði a. m. k. um 5—6% lægri en að óbreyttu vísitölukerfi.

Um raunveruleg kjör launafólks í landinu koma til skjalanna ótalmörg önnur atriði vegna áhrifa minni verðbólgu. Þannig má til dæmis nefna vaxtamálin. Lækkun verðbólgu leiðir til lækkunar vaxta og þar með minni greiðslubyrði af lánum en annars hefði orðið að óbreyttu kerfi. Snertir það mjög það launafólk, sem ber þunga greiðslubyrði vegna lána, til dæmis vegna húsbygginga.

Þessu til viðbótar má nefna, að með þeirri breytingu, sem hér er gert ráð fyrir, er mjög dregið úr víxlgangi verðlags og launa og þar með úr verðbólgu, þannig að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna — og þar með atvinnuástandið í heild — verður þeim mun tryggari. Þetta er í raun kjarni málsins.

Að öllu þessu samanlögðu verður því að telja, að kerfisbreytingin feli í sér verulegar lagfæringar á vísitölukerfinu með tilliti til aukins svigrúms til hagstjórnar, auk þess sem dregið yrði úr víxlgangi verðlags og launa og þar með úr verðbólgu, án þess að röskun verði á kaupmætti tekna heimilanna. Þetta er megintilgangur þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að tekinn verði í notkun nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt niðurstöðum neyslukönnunar, sem gerð var á árunum 1979 og 1980. Sá vísitölugrundvöllur, sem gilt hefur frá 1968, er byggður á niðurstöðum búreikninga 100 fjölskyldna í Reykjavík á árunum 1964—1965. Hann sýnir því útgjöld fjölskyldna til kaupa á vöru og þjónustu samkvæmt neysluvenjum þess tíma, alls á sjötta hundrað mismunandi liðir. Þessi útgjöld eru síðan færð fram til verðlags á hverjum tíma samkvæmt upplýsingum um verðbreytingar á hinum einstöku liðum í vísitölugrundvellinum. Framfærsluvísitalan er þannig miðuð við neysluvenjur eins og þær voru 1964—1965, á því verðlagi sem er í gildi þegar upplýsingum er safnað um verð á einstökum liðum vísitölunnar hverju sinni. Á undanförnum tveimur áratugum hafa orðið verulegar breytingar á neysluvenjum fólks, eins og glögglega kemur fram við samanburð við nýju neyslukönnunina, sem fór fram á árunum 1979—1980. Núgildandi grundvöllur gefur því engan veginn rétta mynd af raunverulegri neyslu heimilanna eins og hún er nú. Auk þess kann úreltur vísitölugrundvöllur að valda efasemdum um, að opinberar verðmælingar séu réttar og þær gerðar á viðunandi hátt. Jafnframt er viss hætta á, að innbyggð skekkja þróist í hagkerfinu, þar sem verðbreytingar á einstökum liðum vísitölunnar hafa ekki sömu áhrif á hækkun framfærsluvísitölu og í raunveruleikanum, þótt ekki sé unnt að segja fyrir um, hvort slíkar misvísanir feli í sér, að hlutfallslegar verðbreytingar mælist öðruvísi, þegar á heildina er litið. Af þessum sökum er hér lagt til, að tekin verði upp viðmiðun við hinn nýja grundvöll.

Ákvæði 2. málsgr. eru óbreytt frá því, sem nú er í lögum.

Um 2. gr.

Miðað er við að verðbætur verði óbreyttar frá desemberbyrjun 1982 til marsloka 1983. Síðan er gert ráð fyrir, að greiðsla verðbóta á laun miðist við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu og að verðbætur séu greiddar þrisvar sinnum á ári. Tillagan um breytingu verðbótatímabilsins grundvallast á þeim forsendum meðal annars, að með þessu fyrirkomulagi yrði dregið úr hraða verðbólgu og meira svigrúm gefið til undirbúnings efnahagsaðgerða á breiðum grundvelli til viðnáms gegn verðbólgu. Örar víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds gera beitingu almennra hagstjórnaraðferða, sem byggja á heildstæðri ríkisfjármála- og peningamálastefnu, torvelda í framkvæmd og viðureignin við verðbólguna verður því erfiðari en ella. Þess vegna er brýnt, að viðmiðunarkerfi launa sé þannig úr garði gert, að nægjanlegt svigrúm sé til að beita almennum hagstjórnartækjum á árangursríkan hátt. Annað atriði þessu nátengt er, að komið verði á samræmingu allra mikilvægustu verðákvarðana, þannig

að fiskverð og búvöruverð verði ákveðið á sama tíma og verðbætur eru greiddar. Þessi samræming ætti einnig að auðvelda að koma á samræmi í kjaraþróun hjá hópum, sem njóta verðbóta, og hópum, sem ekki njóta þeirra sjálfkrafa. Þannig gæti verið bót að þessari breytingu frá sjónarmiði friðsamlegra samskipta á vinnumarkaðnum í heild, því mikilvægt er að eitt gangi yfir alla í þessum efnum.

Ákvæði 2. málsgr. eru þau sömu og í núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í þessari grein er að finna þá grundvallarbreytingu á núgildandi verðbótatilhögun að lagt er til, að breytingar á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum hafi ekki áhrif á greiðslu verðbóta á laun. Sem dæmi um slíka óbeina skatta og gjöld má nefna söluskatt, aðflutningsgjöld, innflutningsgjöld og vörugjöld, en gert er ráð fyrir, að um nánari framkvæmd þessara ákvæða verði kveðið á í reglugerð. Eins og fram kemur í greinargerðinni hér að framan eru af hálfu hins opinbera augljós rök fyrir því, að breytingar á óbeinum sköttum hafi ekki áhrif á verðbætur á laun, þar sem stjórnvöld hafa að óbreyttu kerfi í raun ekkert svigrúm til breytinga á óbeinum sköttum án þess að með þeim sé hrundið af stað skriðu víxlhækkana verðlags og kaupgjalds, sem ónýta árangur slíkra hagstjórnaraðgerða á skömmum tíma. Þeirri spurningu verður ekki svarað, hvaða áhrif það hafi á verðbótavísitöluna, þegar til lengdar lætur, hvort skattar eru með í viðmiðuninni eða ekki. Meginmálið er það, að ríkisvaldið geti brugðist við snöggum hagsveiflum og breytt óbeinum sköttum, þegar þurfa þykir, án þess að það hafi áhrif á laun með sjálfvirkum hætti. Hvort þau áhrif standa til frambúðar, hlýtur alltaf að ráðast í kjarasamningum. Sama gildir um það, þegar hið opinbera vill auka hlutdeild sína í þjóðartekjunum. Það á ekki að ráðast af vísitölukerfinu. Þetta er grundvallarsjónarmiðið að baki þessarar tillögu.

Þá er einnig í þessari grein það nýmæli, að tekinn er upp nýr frádráttarliður, orkufrádráttur. Eins og nú háttar eru í gildi tveir frádráttarliðir, annars vegar búvörufrádráttur og hins vegar áfengis- og tóbaksfrádráttur. Báðir þessir þættir hafa verið liður í því að draga úr víxlhækkunum verðlags og launa þar sem þær eru hvað augljósastar og var búvörufrádrátturinn tekinn upp 1950 en áfengis- og tóbaksfrádrátturinn 1974.

Á það hefur verið lögð áhersla, að ráðstafanir til jöfnunar orkukostnaðar og uppbyggingar í orkumálum örvi ekki víxlgang launa og verðlags. Meðal annars með hliðsjón af þessu sjónarmiði er hér lagt til, að tekinn verði upp nýr frádráttarliður, orkufrádráttur, sem skilgreinist þannig, að breytingar á gjaldskrám raf- og hitaveitna verði dregnar frá hækkun eða lækkun framfærsluvísitölu við ákvörðun verðbóta. Vægi frádráttarliða samkvæmt þessari tillögu yrði því svipað og verið hefur á undanförnum árum eða 12—13%.

Um 5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á meðferð viðskiptakjara við útreikning verðbóta að öðru leyti en því, sem leiðir af lengingu verðbótatímabilsins.

Um 6. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð út í febrúarbyrjun 1983.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 335. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Í stað 2.—6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Um meðferð áfengis í skipi, er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsiglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit (118. mál). Er þar gert ráð fyrir að breytt verði reglum um meðferð varnings í skipum og öðrum farkostum er til landsins koma, þannig að ekki verði skylt að innsigla tollskyldan varning, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota. Er þess í stað lögð á skipstjóra skylda til að setja slíkan varning undir lás, og afhenda tollgæslu skrá yfir varninginn. Með ákvæði 1. gr. er lagt til að um áfengi gildi sams konar reglur og um annan tollskyldan varning samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. ákvæði áður nefnds frumvarps um breytingu á 25. gr. þeirra laga.

Með 2. gr. þessa frumvarps er lagt til að fellt verði úr gildi sérákvæði 2. mgr. 6. gr. áfengislaga um víðáttu landhelgi. Er landhelgi þar ákveðin 4 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði. Landhelgi samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit er og ákveðin með sama hætti. Með breytingunni verður landhelgin samkvæmt áfengislögum hin sama og ákveðin er í lögum nr. 41 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þ. e. 12 sjómílur frá grunnlínu, sem dregin er milli ystu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit er og gert ráð fyrir því að tollalögsagan fylgi landhelgi.

Sþ. 336. Nefndarálit [67. mál]

um till. til þál. um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur tekið til meðferðar þingsályktunartillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. febr. 1983.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Sverrir Hermannsson.	Friðrik Sophusson.
	Jón Baldvin Hannibalsson.	

Nd. 337. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

Við 3. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi, sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil. Að öðru leyti kveður ríkisstjórnin nánar á um til hvaða annarra afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Nd. 338. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

Við 7. gr.

1. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:
   Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt frá og með 1. mars 1983 til og með 31. desember 1983.
2. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:
   Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald.
3. Stafliður c falli brott.
4. Efnismálsgrein d-liðar orðist svo:
   Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald.

Sþ. 339. Fyrirspurn [197. mál]

til iðnaðarráðherra um sykurverksmiðju.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

1. Hvað veldur því, að frumvarp um sykurverksmiðju í Hveragerði, sem lagt var fram í lok síðasta þings, en hlaut ekki afgreiðslu þá, hefur ekki verið lagt fram á þessu þingi?
2. Hefur verið unnið áfram að athugunum á hagkvæmni sykurvinnslu í Hveragerði, og hvað hefur komið í ljós í þeim athugunum?

Nd. 340. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá Halldóri Blöndal og Albert Guðmundssyni.

Við 7. gr., c-lið. Niður falli eftirtalin tollskrárnúmer:

17.01.23	18.06.02	21.04.09	33.04.01
17.02.04	19.02.02	21.05.19	
17.04.02	21.04.02	21.07.01	

Nd. 341. Frumvarp til laga [85. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 87 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skal að því er varðar tímabilið 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr. hljóðar svo:

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 23. ágúst 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6,5% gengismun.

Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi, sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil. Að öðru leyti kveður ríkisstjórnin nánar á um til hvaða annarra afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.

7. gr. hljóðar svo:

1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, breytist með svofelldum hætti:

a) 1. og 2. málsliður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1983 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

b) Upphaf A-liðar 1. gr. laganna orðist svo:
Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:

c) Upphaf B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:
Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:

Nd. 342. Breytingartillögur [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. 5. tl. 4. gr. orðist svo:
   Krónur 38 milljónir renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.
2. Á eftir 5. tl. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tl., svohljóðandi:
   Eftirstöðvum, ásamt vöxtum, skal ráðstafað skv. nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.

Nd. 343. Breytingartillaga [85. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá sjávarútvegsráðherra.

2. málsgr. 3. gr. orðist svo:
Af útfluttum skreiðarafurðum skal þó aðeins draga 5½% gengismun. Að öðru leyti kveður ríkisstjórnin nánar á um til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Ed. 344. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta með hefðbundnum hætti og mælir með samþykkt þess með þeim breytingartillögum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.
Stefán Jónsson og Egill Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febr. 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm.
Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.
Stefán Guðmundsson,
Jón Helgason.
Salome Þorkelsdóttir.

Ed. **345. Breytingartillaga** [154. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

1. Åsberg, Berne Gunnar, nemi í Reykjavík, f. 5. apríl 1955 í Svíþjóð.
2. Bache, Mary Suzanne, kennari í Reykjavík, f. 6. júlí 1947 í Englandi.
3. Baran, Tadeusz, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1948 í Póllandi. Fær réttinn 27. ágúst 1983.
4. Blanco, Hugo Roberto, nemi í Reykjavík, f. 16. maí 1953 í Argentínu.
5. Cates, James Michael, verkamaður í Hafnarfirði, f. 29. mars 1964 á Íslandi.
6. Ericson, Sandra May, húsmóðir á Dalvík, f. 29. nóvember 1953 í Bandaríkjunum.
7. Eriksen, Liv Synnöve, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. febrúar 1935 í Noregi.
8. Fernandez, Danièle, kennari í Reykjavík, f. 5. apríl 1950 í Marokkó.
9. Garðar Ragnvaldsson, rafvirki í Kópavogi, f. 6. nóvember 1955 á Íslandi.
10. Grimm, Karl Heinz, hjúkrunarmaður í Reykjavík, f. 25. júlí 1949 í Vestur-Þýskalandi.
11. Guillemette, Robert Charles Eugène, kennari í Reykjavík, f. 3. október 1948 í Frakklandi.
12. Henriksen, Rosa Kristiane Jakobine, verkakona í Keflavík, f. 11. febrúar 1961 á Grænlandi.
13. Hentze, Amy Evarda, húsmóðir á Skagaströnd, f. 5. febrúar 1939 í Færeyjum.
14. Hovgaard, Jacob Pauli Frimodt, verkamaður í Reykjavík, f. 17. mars 1922 í Færeyjum.
15. Jablonkay, Andras Daniel, kennari í Reykjavík, f. 13. júlí 1945 í Austurríki.
16. Jacobsen, Turid Egholm, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. júní 1935 í Noregi.
17. Joelsen, Sofie Katrine Deodora, húsmóðir á Kjalarnesi, f. 12. maí 1953 á Grænlandi.
18. Kashima, Miyako, prestur í Reykjavík, f. 3. febrúar 1947 í Japan.
19. Krajacic, Marijan, verkamaður í Reykjavík, f. 26. febrúar 1948 í Júgóslavíu.
20. Lozanov, Krsto, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 28. nóvember 1937 í Búlgaríu.
21. Maciaszek, Jadwiga Maria, saumakona í Reykjavík, f. 20. maí 1949 í Póllandi.
22. Mahmood, Pirshing Karim, nemi í Kanada, f. 26. apríl 1950 í Írak.
23. Munasinghe, Dulatirathna, rafmagnsverkfræðingur í Reykjavík, f. 24. júlí 1940 í Sri Lanka.
24. Ojeda, Fernando Sabido y, línumaður í Reykjavík, f. 22. apríl 1951 á Spáni.
25. Plédel, Hervé Jean Louis, kennari í Reykjavík, f. 16. apríl 1950 í Frakklandi. Fær réttinn 14. október 1983.
26. Suarez, Maria Emma, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. apríl 1954 á Filipseyjum.
27. Szebesta, Krzysztofa Maria, snyrtifræðingur í Reykjavík, f. 23. mars 1930 í Póllandi.
28. Tetzschner, Kamma Agnete, fóstra í Garðabæ, f. 28. ágúst 1939 í Danmörku.
29. Thepchai, Nareumon, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. mars 1952 í Thailandi.
30. Wahed, Faisal Abdul Malek, verkamaður í Reykjavík, f. 11. nóvember 1949 í Yemen.
31. Wallewik, Paal Ólafur, nemi í Reykjavík, f. 10. mars 1958 á Íslandi.
32. Wilkinson, Janine Ruth, kennari í Hafnarfirði, f. 16. ágúst 1955 í Englandi.
33. Zanoria, Priscilla, verkfræðingur í Reykjavík, f. 16. janúar 1955 á Filipseyjum.

Sþ. 346. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og fengið til fundar Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra og Jón Viðar Jónmundsson ráðunaut.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig betur mætti haga tölvuvæddri upplýsingaöflun og nýtingu upplýsinga varðandi bújarðir, bústofn og framleiðslu landbúnaðarins. Nefndin skal skipuð þremur mönnum: einum tilnefndum af Hagstofu Íslands, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands og Framleiðsluráði og einum tilnefndum af Fasteignamati ríkisins.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um könnun á tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun varðandi landbúnaðinn.

Alþingi, 15. febr. 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundarskr.	Páll Pétursson, frsm.
Halldór Blöndal.	Guðm. G. Þórarinsson.	Steinþór Gestsson.
	Guðrún Helgadóttir.	

Ed. 347. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafaþingi 1982-83.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af öllum bifreiðum og bifhjólum skal frá og með árinu 1983 greiða árlegt gjald, veggjald, sem skal renna óskipt til vegagerðar. Skal gjaldið nema 1,00 kr. af hverju kílógrammi eigin þyngdar bifreiðar.

Veggjald samkvæmt 1. mgr. skal vera grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið í réttu hlutfalli við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxti veggjalds er miðaður við vísitölu 1. janúar 1983, þ. e. 1482 stig.

2. gr.

1., 2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi gjalds samkvæmt 2. gr. og þungaskatts samkvæmt a- og b-lið 5. gr. er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skulu gjöldin innheimt fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 7. gr. Gjaldskyldan telst frá afhendingu

skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár sem gjöldin eru greidd. Gjöldin teljast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Gjöldin skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða gjöldin að réttri tiltölu hafi gjaldskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Innheimtu bensíngjalds, veggjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

4. gr.

10. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni allt það veggjald og allur sá þungaskattur sem gjaldfallið er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu gjaldanna.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema veggjald skv. 2. gr. eða þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um að ræða þungaskatt samkvæmt ökumæli.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, stöðva bifreiðina hvar sem hún hittist, og taka skráningarmerki hennar til geymslu, sbr. 1. mgr.

Sé veggjald eða þungaskattur ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Veggjald, þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1983 skal gjalddagi veggjalds vera 1. apríl og eindagi 1. maí.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði upp árlegt gjald — veggjald — eftir þyngd bifreiða. Gjald þetta verði lagt á allar bifreiðar.

Í áliti og niðurstöðum starfshóps um fjáröflun til vegaframkvæmda, sem birt var í nóvember 1981, var lagt til að innflutningsgjald af bifreiðum yrði lækkað, en í þess stað tekið upp gjald það er hér um ræðir.

Í röksemdum starfshópsins fyrir þessu nýju gjaldi kom m. a. fram, að með því er skattlagningin færð frá bifreiðakaupum yfir á eignarhald bifreiða og ætti það að auðvelda almenningi kaup og endurnýjun bifreiða.

Með þessari tilfærslu eru gjöld bifreiðaeiganda jafnframt færð frá ríkissjóði í vegasjóð og því til framkvæmda á sviði vegamála. Einnig benti starfshópurinn á, að með því að tengja þetta gjald þyngd bifreiða samrýmdist þessi tillaga orkusparnaðarsjónarmiðum.

Fjármálaráðherra hefur að hluta til tekið mið af þessum tillögum starfshópsins, fyrst með því að lækka innflutningsgjald af litlum og sparneytnum bifreiðum og síðar með því að gera grundvallarbreytingu á gjaldstofni, sbr. reglugerð nr. 255/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, og reglugerð nr. 466/1982 um breytingu á þeirri reglugerð.

Áætlað er að með þessari breytingu á innflutningsgjaldinu dragi úr útgjöldum bifreiðaeigenda um 120 millj. kr. á ári (verðlag 1983). Er þá miðað við 8 000 bíla innflutning.

Síðast liðin fjögur ár hefur innflutningur bíla verið eins og hér segir:

1979:	7 500
1980:	8 900
1981:	10 400
1982:	11 500
Meðaltal:	9 500

Lækkun innflutningsgjaldsins samsvarar nokkurn veginn þeim tekjuauka sem áætlað er að hið nýja gjald gefi. Fjármagn, sem fæst með þessari gjaldtöku, yrði notað til að efla að mun lagningu bundins slitlags á næstu árum. Þá er með frumvarpi þessu lagt til að gúmmígjald, sem lagt er á innflutta hjólbarða, verði fellt niður. Er það gert á þeim forsendum að ekki sé rétt að leggja háa sérskatta á rekstrarvöru sem hefur mikil áhrif á umferðaröryggi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 2. gr. gildandi laga um fjáröflun til vegagerðar er kveðið á um innheimtu gúmmígjalds sem er 45 aurar af hverju kílógrammi. Í frumvarpi þessu er lagt til að gúmmígjald verði fellt niður en þess í stað kveðið á um greiðslu árlegs veggjalds er skuli vera ein króna af hverju kílógrammi eigin þyngdar bifreiðar. Gjaldið skal innheimt af öllum bifreiðum og bifhjólum óháð því hvaða eldsneyti er notað. Þá verði heimilt að hækka gjaldið í samræmi við verðþróun á sama hátt og bensíngjald og þungaskatt.

Um 2. — 4. gr.

Hér er um að ræða breytingar á gjalddaga, innheimtu- og lögverndar- og viðurlagaákvæðum gildandi laga til samræmis við hina nýju gjaldtöku skv. 1. gr. og þarfnast greinar þessar því ekki nánari skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þess hve frumvarp þetta er síðbúið þykir ekki verða hjá því komist að hafa gjalddaga á þessu ári hinn 1. apríl og eindaga 1. maí.

Nd. 348. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Vilmundur Gylfason.

1. gr.

65. gr. laganna hljóði svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar bókstaf þess lista, eða nafn eða nöfn þeirra frambjóðenda af listum, sem hann vill kjósa, allt upp í tölu kjörinna þingmanna í viðkomandi kjördæmi.

2. gr.

84. gr. laganna hljóði svo:

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru, eða setur kross fyrir framan eitt nafn á lista eða fleiri nöfn á lista eða listum allt upp í tölu kjörinna þingmanna í viðkomandi kjördæmi.

Hver kjósandi hefur eitt atkvæði. Skipti hann atkvæði sínu á fleiri en einn frambjóðanda, hljóta þeir sama brot atkvæðis, reiknað með þremur aukastöfum.

3. gr.

109. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna út, hve marga einstaklinga listi fær kjörna í kjördæmi, skal reikna listum atkvæði með eftirfarandi hætti:

Atkvæði, sem merkt eru listabókstaf, eru lögð við atkvæði eða brot úr atkvæði, reiknuð með þrem aukastöfum, greidd einstaklingum á listum, og er þá fundin atkvæðatala listans í viðkomandi kjördæmi.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista, skal leggja saman atkvæðatölur listanna og atkvæðatölur eða brot úr atkvæðatölum þeirra einstaklinga á lista, sem atkvæði hljóta. Fyrir neðan bókstaf skal rita atkvæðatöluna, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv. eftir því hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

4. gr.

110. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna hvaða frambjóðendur hafa náð kjördæmakosningu af hverjum framboðslista skal þeim raðað innbyrðis eftir atkvæðamagni. Atkvæðamagn hvers frambjóðanda er fundið með því að leggja saman persónulegt atkvæðamagn hans og hlutdeild hans í atkvæðum greiddum viðkomandi framboðslista. Reikna skal með að atkvæði greidd listanum skiptist jafnt, á jafnmörg efstu sæti hans og **kjördæmakosinn** þingmannafjöldi listans segir til um. Við þessa skiptingu skal reikna með þremur aukastöfum. Þeir frambjóðendur hvers lista, sem mest atkvæðamagn fá, skulu hljóta kosningu.

Við reikning á atkvæðamagni frambjóðenda til landskjörs skiptast atkvæði greidd listanum á jafnmörg efstu sæti hans og heildarþingmannafjöldi listans í kjördæminu segir til um.

Hljóti listi landskjörna þingmenn, hljóta þeir frambjóðendur landskjör, sem mest atkvæðamagn hafa, að frágengnum kjördæmakosnum þingmönnum listans.

5. gr.

Í stað „Því næst.... 109. gr.“ í 22. gr. laganna komi: Því næst skal skrá við nafn hvers frambjóðanda það atkvæðamagn, er honum ber skv. 110. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að kosningalögum verði svo breytt, að kjósandi eigi möguleika á því að merkja við listabókstaf, enda fellir hann sig þá við þá röð, sem fram hefur verið sett á röðuðum lista; að kjósandi eigi möguleika á að merkja við einn einstakling, og nýtist þá atkvæðið þeim lista, sem sá frambjóðandi, sem atkvæðið hlýtur, á sæti á; og að kjósandi eigi rétt á að skipta atkvæði sínu á svo marga frambjóðendur sem fjöldi þingmanna í viðkomandi kjördæmi segir til um **og geti hann þá kosið einstakling af hvaða lista sem vera skal.** Kjósi menn með þeirri aðferð skiptast atkvæði milli lista í þeim hlutföllum, sem kjósandi hefur ákveðið.

Dæmi I.

A	B	X C	D

Hér er um að ræða kjördæmi sem hefur fimm þingmenn. Hér hefur kjósandi kosið lista, og þar með fellt sig við röðun hans. Setjum svo að samanlögð tala atkvæða greiddra lista (t. d. 1 000) og atkvæða (t. d. 1 300) greiddra einstaklingum á lista sé 2 300. Þá er reiknað hversu mörg þingsæti sú tala gefur. Niðurstaða gæti verið að hún gæfi tvö þingsæti. Eitt þúsund atkvæði greidd lista skiptust sem persónuleg atkvæði á hina tvo efstu. Þeir gætu hafa fengið persónuleg atkvæði að auki. Hafi hins vegar einstaklingur annars staðar á lista fleiri persónuleg atkvæði, þá flyst hann eða hún (þeir eða þau) ofar sem því nemur.

Dæmi II.



Hér hefur kjósandi kosið einstakling á lista. Sá hlýtur þá heilt atkvæði, og jafnframt hlýtur B-listi þetta atkvæði.

Dæmi III.



Hér hefur kjósandi kosið að skipta atkvæði sínu í fimm staði, sem er hámark þar sem þingmenn eru fimm; og enn fremur kosið að dreifa því milli lista. Listarnir hljóta þá þau brot úr atkvæði (í þessu tilfelli hlýtur C ⅖ og A, B og D ⅕ = 1) og kjósandi hefur jafnframt kosið fimm einstaklinga.

Þetta er tillaga um **kosningaaðferðina** við óbreyttar aðstæður að öðru leyti, og verður að taka mið af því. **Þessa aðferð má fella að nýjum kosningalögum, þó svo þeim verði breytt að öðru leyti.**

Þessar tillögur eru hluti af stefnumörkun **Bandalags jafnaðarmanna.** Áður hefur verið lagt til að stjórnkerfinu verði svo breytt, að (a) framkvæmdavald verði kosið beinni kosningu með jöfnum atkvæðisrétti, í tvöfaldri umferð hljóti enginn helming greiddra atkvæða í þeirri fyrri; að (b) algerlega verði skilið milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds; og að (c) löggjafarvaldið verði, að þessum breytingum gjörðum, kosið með óbreytta kjördæmaskipan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kosning utan kjörstaðar er löguð að þeirri almennu reglu, sem verið er að leggja til.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að kjósandi geti merkt X við lista; við einstakling á lista; og við einstaklinga á einum eða fleiri listum, allt upp í svo marga einstaklinga sem fjöldi kjördæmakjörinna þingmanna í viðkomandi kjördæmi segir til um.

Felld eru út ákvæði um útstrikanir og endurröðun, enda verða þau óþörf og hafa auk þess ekki haft neina þýðingu í raun.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar gera ráð fyrir því, að lögð séu saman atkvæði greidd lista og atkvæði eða brot úr atkvæðum greidd einstaklingum. Sú summa er heildaratkvæði viðkomandi lista í viðkomandi kjördæmi. Listum eru reiknuð þingsæti miðað við þá tölu, með sama hætti og nú er gert (með því að deila fyrst með 1, þá með 2, þá 3 o. s. frv.).

Atkvæði greidd lista eru jafnframt persónuleg atkvæði þess eða þeirra, sem skipa efstu sæti lista, og skiptast þau jafnt, ef heildarfjöldi þeirra hefur fleiri en eitt þingsæti.

Hljóti annar eða aðrir einstaklingar fleiri persónuleg atkvæði flytjast þeir ofar á lista, áður en þingsætum er útdeilt til einstaklinga.

Felld eru niður ákvæði um útstrikanir og breytta röðun, enda verða þau óþörf.

Fái listi jafnframt landskjörinn þingmann í kjördæmi, reiknast atkvæði greidd lista persónuleg atkvæði þess einstaklings, sem næstur er á lista án þess að hafa náð kjöri, og er þá deilt í tölu greidda lista með tölu kjörinna þingmanna að viðbættum einum. M. ö. o.: hafi listi í kjördæmi fengið tvo kjörna þingmenn, þá eru atkvæði greidd listanum jafnframt persónuleg atkvæði hinna þriggja efstu.

Ed. 349. Frumvarp til laga [200. mál]

um búfjárhald í þéttbýli.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Slík samþykkt öðlast gildi, þegar hún hefur verið staðfest af ráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Með búfé í lögum þessum er átt við nautgripi, hross, svín, sauðfé, alifugla, loðdýr, kanínur og geitur.

3. gr.

Í samþykkt skv. 1. gr. má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í sveitarfélaginu, að búfjárhald verði takmarkað við tiltekin svæði í sveitarfélaginu eða að búfjárhald verði takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar búfjár og fjölda búfjár hvers leyfishafa, sbr. 4. gr.

4. gr.

Ákveða má í samþykkt skv. 1. gr., að búfjárhald í kaupstað eða kauptúni sé óheimilt án leyfis og að hver sá, sem búfjárhald vill stunda í sveitarfélaginu, skuli sækja um leyfi til sveitarstjórnar. Leyfi til búfjárhalds skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda búfjár. Í samþykkt má ákveða, að búfjárleyfi sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara, eða binda það við ákveðinn tíma.

Í samþykkt um búfjárhald má setja ákvæði um almenn skilyrði fyrir veitingu búfjárleyfa, s. s. um gripahús, vörslu búfjár, fóðrun og meðferð, beit, hagagöngu og fjallskil.

5. gr.

Heimilt skal sveitarstjórn að láta handsama búfé, sem haldið er í óleyfi í sveitarfélaginu, og láta selja það eða slátra því.

Fylgi leyfishafi ekki reglum eða skilyrðum í búfjárleyfi um búfjárhald, er sveitarstjórn heimilt að svipta hann búfjárleyfi og fara svo með fé hans sem um ræðir í 1. mgr.

6. gr.

Sá, sem verður sannanlega fyrir atvinnutjóni vegna takmörkunar eða banns á búfjárhaldi þannig að bótum varði, á rétt á bótum úr sveitarsjóði.

7. gr.

Sá, sem heldur búfé í óleyfi eða brýtur ákvæði laga þessara, samþykktar settrar skv. þeim eða skilyrði, sem sett eru í búfjárleyfi, skal sæta sektum. Skal með slík mál farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Í samþykkt skv. 1. gr. eða sérstakri gjaldskrá staðfestri af ráðherra má ákveða, að leyfishafi greiði árlega gjald, búfjárgjald, fyrir leyfi til búfjárhalds og sé gjaldið tiltekin fjárhæð á hvern grip skv. búfjárleyfi. Skal gjald þetta renna í sveitarsjóð og verði því varið til að standa undir kostnaði sveitarfélags vegna búfjárhalds í sveitarfélaginu.

9. gr.

Búfjárhald tilraunastöðva landbúnaðarins er undanþegið ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1983. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum var sveitarstjórnum í kaupstöðum og kauptúnum með 1000 íbúa og fleiri heimilað að setja reglugerð með samþykki ráðherra um búfjárhald. Með lögum nr. 38 frá 23. maí 1980 var heimild þessi rýmkuð, þannig að hún nær nú til allra kauptúna auk kaupstaðanna.

Í lögum nr. 44/1964 fólust heimildir til að ákveða í reglugerð

a) að búfjárhald skyldi algerlega bannað í sveitarfélaginu,
b) að búfjárhald skyldi bundið við tiltekið eða tiltekin svæði í sveitarfélaginu,
c) að einstakar tegundir búfjár í sveitarfélaginu skyldu takmarkaðar.

Gert var ráð fyrir, að takmarkað búfjárhald skyldi bundið við leyfi sveitarstjórnar, þar sem tilgreindur væri hámarksfjöldi búfjár. Í lögunum var heimiluð gjaldtaka fyrir búfjárleyfi og ákveðin viðurlög við búfjárhaldi án leyfis og öðrum brotum á lögunum og reglugerðum settum skv. þeim.

Flestallar bæjarstjórnir og hreppsnefndir í kauptúnahreppum hafa neytt heimildar búfjárhaldslaganna um setningu búfjárreglugerða til að takmarka búfjárhald og setja reglur um það, en ekkert sveitarfélag hefur bannað búfjárhald algerlega. Reglugerðir sveitarfélaganna eru flestar svipaðar að efni og formi, sbr. þó reglugerð nr. 141/1977 um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem er þeirra ítarlegust og geymir auk þess ákvæði um fjallskil og meðferð jarðeignamála í kaupstaðnum.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um búfjárhald í þéttbýli landsins eða reynsluna af setningu reglugerða um takmörkun þess.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1980 var samþykkt að skora á sveitarstjórnir í þéttbýli að setja samræmdar reglur um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Ályktun þessi var send Sambandi ísl. sveitarfélaga með bréfi í október 1980. Stjórn sambandsins lýsti samþykki sínu við efni ályktunarinnar og óskaði tillagna Stéttarsambandsins og Búnaðarfélags Íslands um samræmdar reglur um búfjárhald, sem orðið gætu fyrirmynd að samræmdum reglugerðum eða samþykktum einstakra sveitarfélaga. Varð að ráði, að einn fulltrúi frá hverjum framangreindra aðila tæki sæti í starfshópi, sem gerði tillögur að slíkum reglum og breytingum á lögum um búfjárhald, ef nauðsyn yrði á því talin. Í starfshópnum áttu sæti: Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Ólafur Dýrmundsson frá Búnaðarfélagi Íslands. Starfshópurinn aflaði sér gagna um þessi mál og ræddi þau á nokkrum fundum. Gerði hann tillögur um fyrirmynd að samþykktum um búfjárhald, sem þéttbýlissveitarfélög gætu haft til hliðsjónar við gerð samþykkta. Við samningu fyrirmyndarinnar var leitast við að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Þar er miðað við, að búfjárhald utan lögbýla verði fyrst og fremst tómstundaiðja, en frávik frá þeirri reglu yrðu einkum varðandi alifugla-, svína- og loðdýrarækt. Gengið er út frá því, að búfjárhald verði í samræmi við aðstæður í hverju sveitarfélagi. Lausaganga búfjár verði bönnuð í þéttbýli. Beitilönd verði hóflega nýtt og uppbygging gripahúsa verði í samræmi við skipulag. Þá verði tekið tillit til almennra markaðsaðstæðna landbúnaðarins á hverjum tíma. Þá er athygli vakin á félagslegu gildi búfjárhalds í þéttbýli.

Starfshópurinn taldi nauðsynlegt, að lögum nr. 44/1964 yrði breytt eða öllu heldur að ný lög kæmu í stað þeirra. Í frumvarpi því til laga um búfjárhald í þéttbýli, sem hér er fram lagt, felast eftirtaldar breytingar frá gildandi lögum:

a) gjaldtaka fyrir veitt búfjárleyfi miðist við tiltekna fjárhæð **fyrir hvern grip,** sbr. 8. gr.
b) ákvæði laganna ná til fleiri tegunda búfjár en skv. gildandi lögum, þ. e. einnig til loðdýra, kanína og geitna, sbr. 2. gr.
c) sömu ákvæði um heimild til takmörkunar búfjár gilda um allar tegundir búfjár, þ. e. undanþáguheimild varðandi reiðhesta er felld niður sbr. 3. mgr. 1. gr. gildandi laga, enda ástæðulaust að sérreglur gildi um þessa einu tegund búfjár.
d) í 7. gr. frv. er ekki tilgreint hámark sektar, svo sem er í 7. gr. gildandi laga.

Í 10. gr. frv. er ákvæði um gildistökutíma laganna þ. e. 1. september 1983. Virðist sá árstími vera heppilegur gildistökutími slíkra lagaákvæða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sérákvæði í 1. gr. gildandi laga um undanþágu tilraunastöðva er flutt í 9. gr. frv. Sérákvæði um reiðhestahald í 3. mgr. 1. gr. gildandi laga er fellt niður og skilgreining á búfjárhaldi í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga er flutt í 2. gr. frv.

Um 2. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Hér er bætt við í upptalningu alifuglum, loðdýrum, kanínum og geitum. Talið er rétt, að sveitarstjórn í þéttbýli hafi möguleika á lagaheimild til takmörkunar slíks búrekstrar í sveitarfélaginu eigi síður en til takmörkunar á haldi nautgripa, hrossa, svína og sauðfjár.

Um 3. gr.

Í greininni felast ekki breytingar á ákvæðum gildandi laga að öðru leyti en því, að heimilað er að takmarka fjölda búfjár hvers leyfishafa, sbr. 4. gr. frv.

Um 4. gr.

Ákvæði um búfjárleyfi eru í meginatriðum í samræmi við ákvæði gildandi laga. Þó er það nýmæli í greininni, að heimilað er að binda búfjárleyfi við tiltekinn fjölda búfjár hvers leyfishafa, svo og að binda leyfið skilyrðum varðandi aðbúnað, vörslu og fóðrun búpenings.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvarar ákvæði 4. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 5. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Sektarhámark er fellt niður.

Um 8. gr.

Í þessari gr. felst sú breyting frá ákvæðum gildandi laga að búfjárgjald er miðað við fjölda gripa skv. búfjárleyfi og að tekjum sveitarsjóðs af búfjárgjaldi skuli varið til að standa undir kostnaði sveitarfélags vegna búfjárhalds í sveitarfélaginu.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæði er í 1. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 350. Nefndarálit [121. mál]

um till. til þál. um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókunar 1978.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókunar 1978.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 14. febr. 1983.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Albert Guðmundsson.	Karl Steinar Guðnason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 351. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 14. febr. 1983.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Karl Steinar Guðnason.	Albert Guðmundsson.	Ey. Kon. Jónsson.
	Ólafur Ragnar Grímsson.	

Nd. 352. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1976.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. febr. 1983.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Páll Pétursson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Pálmi Jónsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.
	Jósef H. Þorgeirsson.	

Nd. 353. Breytingartillögur [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a) Í stað „Fella skal niður“ komi: Eigi skal innheimta.
   b) Í stað „jarðhitaborana“ komi: orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðvarma.
2. Við 2. gr. Í stað „jarðfræðilegum yfirborðsrannsóknum“ komi: jarðvísindalegum forrannsóknum.
3. Við 3. gr.
   a) Í stað „Þegar“ í 2. mgr. komi: Áður en.
   b) 3. mgr. orðist svo:

      Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir skv. áætlunum sérfræðinga, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum, er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr.

Nd. 354. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

1. málsliður 24. gr. laganna orðist svo:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og enn fremur orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á 103. löggjafarþingi 1980—81 en varð ekki útrætt.

Frumvarpið er nú flutt aftur í því formi, sem var á því eftir 2. umræðu í efri deild, en þar var gerð svohljóðandi breyting að í stað orðanna í 1. gr. „orlofsheimili í eigu stéttarfélaga, launþega eða starfsmannafélaga“ komi „orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi“.

Að öðru leyti fylgdu frumvarpinu svohljóðandi athugasemdir. Bent er á að fjárhæðir í frumvarpinu miðast við fyrra myntkerfi:

„Frumvarp þetta er flutt til efnda því fyrirheiti, sem ríkisstjórnin gaf í sambandi við launakjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, að ríkisstjórnin myndi á yfirstandandi Alþingi leggja fram frumvarp til laga um breyting á vegalögum, þess efnis að orlofshúsnæði verkalýðsfélaga yrðu undanþegin gjaldi því, sem um ræðir í frumvarpi þessu.

Ekki er unnt að segja nákvæmlega, hve mikið tekjutap sýsluvegasjóðanna yrði af frumvarpi þessu, ef að lögum verður. Veldur því einkum óvissa um til hve margra orlofsbústaða undanþága frumvarpsins nær. Við vegalagabreytingu 1975 var talið, að sumarbústaðir væru 2522, en fjöldi orlofsheimila launþegasamtaka og landssamtaka launþega var ekki áætlaður sérstaklega. Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir fjölda þessara orlofsheimila en talið er að þau séu á bilinu 250—500.

Ef miðað er við hærri töluna, og greitt sé lágmarksgjald, sem á þessu ári er 24 800 kr., er ljóst að af 500 húsum yrði skatturinn 12 400 000 kr., en á móti því greiðir ríkissjóður 250%, og yrði því tekjumissir sýsluvegasjóðanna alls 31 millj. kr. á ári, nái þessi breyting fram að ganga.

Tekið skal fram að kostnaður sýsluvegasjóða við þá vegi, sem beinlínis hafa verið lagðir vegna þessara orlofshúsahverfa, hefur yfirleitt verið hverfandi hingað til og í flestum tilvikum enginn, þar sem vegir milli eldri umferðaræðar og húsahverfa þessara hafa oftast verið lagðir af byggjanda og á hans kostnað, en síðar að byggingu lokinni sótt til sýslunefndar um, að þeir væru teknir í tölu sýsluvega og það þá gert.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa."

Nd. 355. Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 76. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga fasteignamatsverð íbúðarhúsnæðis, sem eigandi notar til eigin íbúðar, þó eigi hærri upphæð en 900 þúsund krónur miðað við fasteignamat 31. desember 1982. Hámarksupphæð þessi skal breytast árlega samkvæmt meðaltali framreikningsstuðla fyrir skráð fasteignamatsverð íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts á árinu 1984 vegna eigna í árslok 1983.

Greinargerð.

Árlega fjölgar þeim, sem tekst að eignast þak yfir höfuðið fyrir sig og fjölskyldu sína. Íbúðarkaup eða íbúðarbygging er mörgum fjárhagslega erfið og gengur nærri fjölmörgum fjölskyldum efnalega um langan tíma. Það tekur menn oft mörg ár að jafna sig eftir að hafa eignast þak yfir höfuðið.

Fasteignamatsverð íbúða, sem lagt er til grundvallar eignarskatti, hækkar nú árlega um eða yfir 50% og eignarskattur hækkar jafnhliða. Nemur nú eignarskattur af skuldlausri ca. 125 m² íbúð verulegri upphæð og hækkar árlega eftir því sem fasteignamatsverð hækkar í krónum, án tillits til þess, hvort íbúðareigandi hefur aukið greiðslugetu sína að sama skapi.

Þeir, sem hafa komið sér upp íbúð, hafa greitt skatta og skyldur af því fé, sem í íbúðina hefur verið lagt. Er því ekki nema sanngjarnt, að verðmæti íbúðar af hóflegri stærð í góðu fjölbýlishúsi sé frádráttarbært frá eignarskatti. Þeir, sem búa í stærra og dýrara húsnæði en skattfrádrættinum nemur, greiða eignarskatt af mismuninum.

Húsnæðismál verða meðal annars leyst með því að hvetja fólk til að koma sér upp eigin íbúðum. Eignarskattsfrádráttur sá, sem hér um ræðir, ætti að stuðla að auknum átökum einstaklinga til eigin íbúðarkaupa eða íbúðarbyggingar.

Nd. 356. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. febr. 1983.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Garðar Sigurðsson.
Friðrik Sophusson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Eggert Haukdal.
	Vilmundur Gylfason.	

Nd. 357. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um þjóðsöng Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. febr. 1983.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Garðar Sigurðsson, með fyrirvara.
Friðrik Sophusson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Eggert Haukdal.
	Vilmundur Gylfason, með fyrirvara.	

Nd. 358. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 1. febr. 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. febr. 1983.

Garðar Sigurðsson, form.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Páll Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
	Halldór Blöndal.	

Nd. 359. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um mál þetta á fundum sínum.
Nefndin er sammála um afgreiðslu frumvarpsins eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 16. febr. 1983.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Halldór Ásgrímsson.	Páll Pétursson.	Pétur Sigurðsson.
	Halldór Blöndal.	

Nd. 360. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:
Í stað orðanna „af hálfu seljenda“ í 1. gr. komi: af hálfu félaga seljenda.

Alþingi, 16. febr. 1983.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Halldór Blöndal.	Halldór Ásgrímsson.	Páll Pétursson.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 361. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leitað umsagnar fjármálaráðuneytisins.
Telur nefndin, að hér sé um sanngirnismál að ræða, og leggur til að frv. verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Matthías Bjarnason.

Alþingi, 14. febr. 1983.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm.	Matthías Á. Mathiesen.
Sighvatur Björgvinsson.	Albert Guðmundsson.	Guðm. J. Guðmundsson.

Sþ. 362. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla.

Flm.: Árni Gunnarsson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla. Verði við það miðað, að göngin verði tilbúin til umferðar eigi síðar en í árslok 1987.

Greinargerð.

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla er einn hættulegasti bílvegur landsins. Þar hafa orðið yfir 20 alvarleg umferðarslys á síðustu 7 árum. Í þessum slysum hafa fjórir látið lífið og margir slasast. Þá hefur eignatjón orðið mikið.

Oft hefur litlu munað að enn frekari stórslys yrðu á þessum vegi, og vitað er að ekki eru til skýrslur um öll óhöpp sem þar hafa orðið, enda lögreglu ekki alltaf tilkynnt um þau. Slysin hafa oftast orðið í hálku og snjó og af völdum grjóthruns, en á þessum vegi má ekkert út af bregða vegna þess, hve mjór hann er og víðast hvar þverhnípt í sjó fram.

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla er eina samgönguleiðin á landi við Ólafsfjörð mestan hluta ársins, þar eð Lágheiði lokast í fyrstu snjóum og opnast ekki fyrr en langt er liðið á vor og jafnvel ekki fyrr en komið er fram á sumar. Vegurinn um múlann er snjóþungur og oft erfitt og jafnvel lífshættulegt að ryðja hann. Vegurinn hefur á snjóþungum vetrum verið lokaður svo dögum skiptir, og vitað er að hann hefur lengst verið lokaður í 14 daga. Þá er kostnaður við snjómokstur mjög mikill og þungur baggi á skattgreiðendum. — Af framantöldu fer ekki hjá því, að menn veigri sér við að aka veginn í misjöfnum veðrum.

Þessar aðstæður hafa tvímælalaust mikil áhrif á allt mannlíf á Ólafsfirði. Þær valda öryggisleysi um allar samgöngur, og þótt áætlunarflug hafi breytt högum manna í þessu tilliti er það hvergi nóg. Eina lausnin á þessum vanda eru jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla.

Um þetta ástand segir bæjarstjóri Ólafsfjarðar, Jón E. Friðriksson: „Íbúafjölgun hér hefur stöðvast og íbúum í raun fækkað, þrátt fyrir að atvinna hefur verið mikil, en að vísu fábreytt. Ég tel það undantekningartilfelli ef menn flytja héðan vegna Múlavegar, en hins vegar er mjög líklegt að slíkur Ó-vegur dragi mikið úr að aðkomufólk setjist hér að. Jarðgöng í gegnum Ólafsfjarðarmúla eru því lykilatriði hvað varðar alla íbúafjölgun og framþróun á staðnum.“

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að vegurinn um Ólafsfjarðarmúla hafi átt sinn þátt í því, að fólk hafi flutt frá Ólafsfirði. Umræður um þessi mál urðu miklar eftir hörmulegt slys, sem varð á veginum í lok októbermánaðar á síðasta ári, þegar tveir ungir menn létu lífið.

Það liggur í augum uppi, að vegur af þessu tagi hefur mjög neikvæð áhrif á alla framþróun staðarins, sérstaklega þegar þess er gætt, að lítið hefur verið gert til að auka og bæta aðrar samgöngur. Sú einangrun, sem þetta getur skapað, er ekki í neinu samræmi við þær kröfur sem nú eru gerðar um öruggar og góðar samgöngur.

Nokkrar lausnir hafa verið nefndar til að bæta samgöngur við Ólafsfjörð. Um tíma var mikið rætt um svokallaðar „vegsvalir“, en sú hugmynd hefur verið lögð á hilluna. Í allmörg ár hefur verið rætt um jarðgöng, en lítið verið aðhafst. Nú hefur hins vegar verið gerð úttekt á nokkrum stöðum sem til greina koma. Einkum hafa verið nefnd göng á milli Kúhagagils og Tófugjár.

Á liðnu sumri lét Vegagerðin bora í bergið svo kanna mætti heppilegasta staðinn hvað varðar hæð og jarðlög. Þessar athuganir gefa góðar vonir um það, að gerð jarðganga sé ekki eins erfið og áður hafði verið talið. Eftir er að vinna úr ýmsum gögnum áður en staður verður endanlega ákveðinn. Þetta verkefni er á vegáætlun, en samkvæmt henni munu líða æðimörg ár áður en göngin verða tilbúin. Það er því ósk flutningsmanna, að verkefninu verði hraðað að mun. Löng bið getur orðið dýru verði keypt.

Fylgiskjöl:
1. Bréf bæjarstjórans á Ólafsfirði.
2. Yfirlit lögreglunnar á Ólafsfirði um umferðarslys á Múlavegi.

Fylgiskjal I.

Ólafsfirði, 24. nóv. 1982.

Hr. alþingismaður,
Árni Gunnarsson,
Gullteigi 12,
105 Reykjavík.

Í framhaldi af símtölum sendi ég meðfylgjandi yfirlit um umferðarslys frá og með 1976 til og með október 1982.

Íbúafjölgun hér hefur stöðvast og íbúum í raun fækkað, þrátt fyrir að atvinna hefur verið mikil, en að vísu fábreytt. Ég tel það undantekningartilfelli ef menn flytja héðan vegna Múlavegar, en hins vegar er mjög líklegt að slíkur Ó-vegur dragi mikið úr að aðkomufólk setjist hér að. Jarðgöng í gegnum Múlaveg eru því lykilatriði hvað varðar alla íbúafjölgun og framþróun á staðnum.

Kveðja,

Jón E. Friðriksson,
bæjarstjóri.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um umferðarslys á Múlavegi
frá og með 1976 til og með október 1982.

12.10.'76
Fólksbíll lendir á steini í Kúhagagili. Talsvert eignatjón. Slys urðu ekki á fólki.
01.12.'76
Jeppi vegaeftirlitsmanns fer fram af veginum í Ytra-Drangsgili er snjóflóð lendir á bílnum. Ökumaðurinn náði að komast út áður en bíllinn hrapaði um 180 m í sjó fram.

20.09'76
Fólksbíll lendir á grjótskriðu við Flag. Bíllinn stórskemmdur. Ökumaður einn í bílnum, slapp ómeiddur.
25.05.'76
Fólksbíll rennur til í hálku í Ófærugjá, stöðvast á snjóruðningi á vegarbrún.
22.05'76
Fólksbíll og létt bifhjól lenda í árekstri í Bríkargili þegar ökumenn ökutækjanna voru að kræka fyrir grjótskriðu á veginum. Ökumaður hjólsins slasaður en ekki alvarlega.
14.02.'77
Fólksbíll og sendibíll lenda í árekstri í þröngum snjógöngum í Ófærugjá. Slys urðu ekki á fólki en talsvert eignatjón.
21.04.'77
Rútubíll og jeppi lenda í árekstri á blindhorni norðan Ófærugjár. Þarna lá við stórslysi. Vegurinn aðeins 7 m breiður og nær þverhnípt um 250 m fram í sjó.
11.06.'78
Fólksbíll lendir á steini, á miðjum vegi, norðan við Kúhagagil. Lítið eignatjón.
29.07.'78
Fólksbíll lendir á stórum steini í Syðra-Drangsgili. Talsvert eignatjón.
23.11.'78
Árekstur tveggja fólksbíla í þröngum snjógöngum í Voghólsbrekku. Lítið eignatjón.
13.06.'79
Fólksbíll með þremur mönnum veltur út af veginum í Syðra-Drangsgili. Tveir létust en ungur drengur slasaðist nokkuð.
13.09.'79
Fólksbíll veltur út af veginum við Bríkargil. Hálka var á veginum. Ökumann sakaði ekki. Bíllinn ónýtur.
31.07.'80
Fólksbíll ekur á harðan snjóruðning sunnan Bríkargils. Eignatjón lítið.
02.04.'81
Snjóruðningstæki fer fram af veginum í Syðra-Drangsgili og um 180 m niður í fjöru. Ökumaður náði að komast út en tækið var gjörónýtt.
18.07.'81
Fólksbíll veltur á veginum við Voghól. Tveir menn í bílnum sluppu ómeiddir, en bíllinn ónýtur.
03.08.'81
Fólksbíll veltur á veginum sunnan Ófærugjár. Ökumaður einn í bílnum slapp ómeiddur.
15.08.'81
Árekstur tveggja bíla sunnan Kúhagagils. Eignatjón lítið.
31.12.'81
Jeppi veltur á veginum sunnan Kúhagagils. Ökumaður slapp ómeiddur. Eignatjón talsvert.
30.10.'82
Fólksbíll með fimm mönnum veltur út af veginum norðan við Kúhagagil. Tveir menn létust. Tveir talsvert slasaðir og einn slapp ómeiddur.

Til viðbótar þessari upptalningu er vitað um allmörg tjón sem hafa orðið á bílum vegna grjóthruns og annarra óhappa, er lögregluskýrslur hafa ekki verið gerðar um.

Nd. 363. Frumvarp til laga [204. mál]

um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins h.f.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.

1. gr.

Verð á raforku frá Landsvirkjun til Íslenska álfélagsins h.f. samkvæmt rafmagnssamningi dags. 28. júní 1966 með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975 skal vera 12,5 mill á kWst (0.0125 bandaríkjadalir/kWst).

2. gr.

Ákvæði í 13. gr. rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins h.f. um orkuverð svo og önnur ákvæði í samningnum, sem fara í bága við ákvæði 1. gr. laganna, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi, þegar samningar hafa tekist milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um endurskoðun raforkuverðákvæðis rafmagnssamningsins, sem að framan greinir.

Sú endurskoðun skal byggjast á eftirfarandi:

a) Þeirri grundvallarstefnu, sem lögfest er í 11. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið;
b) Raforkuverði því, sem álver annars staðar í heiminum greiða;
c) Framleiðslukostnaði raforku hér á landi;
d) Heimsmarkaðsverði á áli.

4. gr.

Fari svo, að ekki náist samningar um endurskoðun raforkuverðákvæðis samkvæmt 3.gr. fyrir árslok 1983, skal stjórn Landsvirkjunar með stoð í þessum lögum ákvarða með gjaldskrá raforkuverðið til álversins í Straumsvík á bilinu 15—20 mill á kWst (0,015—0,020 bandaríkjadalir/kWst) frá og með 1. janúar 1984 og breytist verðið eftir það í samræmi við breytingar á skráðu heimsmarkaðsverði á áli, eins og það er skilgreint í ákvæðum 26.02 í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. dags. 28. mars 1966 með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Aðdragandinn að framlagningu frumvarpsins.

Á fundi sínum 9. desember 1980 samþykkti ríkisstjórn Íslands að óska eftir því við Swiss Aluminium Ltd. (hér eftir nefnt Alusuisse) að endurskoðaðir yrðu gildandi samningar milli aðila m a. með það fyrir augum að hækka raforkuverðið til álversins í Straumsvík. Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin á þessum fundi sínum að óska eftir skýringum Alusuisse á tölulegum upplýsingum, sem staðfestar voru af hinu alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki, Coopers & Lybrand, í London, og gáfu til kynna mjög mikið yfirverð á súráli, sem álverið keypti af Alusuisse.

Mikil nauðsyn var á því fyrir Ísland, að raforkuverðið til álversins yrði hækkað, enda höfðu almenningsveiturnar í landinu um langan tíma orðið að taka á sig allan kostnaðarauka við raforkuframleiðsluna, og fyrirsjáanlegt var að svo yrði áfram, ef álverið í Straumsvík, sem notar um helming af seldri raforku Landsvirkjunar, tæki engan þátt í kostnaðaraukanum. Jafnframt stóðu öll rök til þess, að leiðrétta bæri raforkuverðið til álversins til samræmis við þær forsendur, sem lágu fyrir ríkisstjórn og Alþingi, þegar samningarnir við Alusuisse voru gerðir 1966 og endurskoðaðir 1975.

Forráðamenn Alusuisse voru mjög tregir til viðræðna við íslensk stjórnvöld, en þó tókst að koma á fyrsta viðræðufundi aðilanna í ágúst 1981. Þar mætti af Íslands hálfu álviðræðunefnd, sem skipuð hafði verið af iðnaðarráðherra, en í henni voru sérfræðingar og fulltrúar allra stjórnmálaflokka landsins. Á þessum viðræðufundi neitaði aðalsamningamaður Alusuisse, dr. Edwin Weibel, að ræða breytingar á raforkuverðinu til álversins. Samþykktu aðilar að hittast aftur um haustið, en sá fundur dróst til desember 1981.

Á þeim viðræðufundi aðila í desember 1981 neitaði dr. E. Weibel afdráttarlaust að ræða breytingar á raforkuverðinu. Á desember-fundinum var hins vegar ákveðið að aðilar hefðu samband í janúar 1982, en þannig fór að fulltrúar Alusuisse komu til Íslands 1. febrúar 1982 og vildu þá hvorki ræða við iðnaðarráðherra né álviðræðunefnd. Fulltrúar Alusuisse höfðu meðferðis bréf til ríkisstjórnar Íslands og ræddu það við formenn vissra stjórnmálaflokka og höfðu þar með að engu leiðbeiningarreglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París um samskipti ríkja og fjölþjóðafyrirtækja.

Þrátt fyrir þessa þróun mála tókst að ná samkomulagi um að aðilar hittust í Kaupmannahöfn í byrjun mars 1982. Álviðræðunefnd undirbjó sig af kappi og við þennan fund voru m. a. nokkrar vonir bundnar um að takast mætti að fá Alusuisse til viðræðna um raforkuverðið. Þessar vonir urðu að engu, þegar Alusuisse tilkynnti formlega seinni hluta febrúarmánaðar, að fulltrúar fyrirtækisins myndu ekki koma til þessa fundar.

Við þessi tíðindi var gerð ítarleg ríkisstjórnarsamþykkt um samskiptamál Íslands og Alusuisse og um raforkuverðið, en samþykktinni lauk með þessum orðum:

„Ef ekki reynist unnt að fá samþykki Alusuisse og hefja án tafar viðræður á ofangreindum grundvelli, áskilur íslenska ríkisstjórnin sér allan rétt til að fara eigin leiðir til þess að ná fram nauðsynlegum breytingum á gildandi samningum."

Þegar hér var komið sögu sendi iðnaðarráðherra formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, dr. Paul Müller, áskorun um að koma til fundar við sig í því skyni að koma viðræðum aftur af stað. Ræddu þeir saman í mars og maí 1982, en á seinni fundinum slitnaði upp úr viðræðunum. Á báðum þessum fundum lýsti dr. Paul Müller því yfir, að Alusuisse gæti ekki samþykkt neina hækkun á raforkuverðinu til álversins, en Alusuisse var gerð ítarleg grein fyrir framangreindri samþykkt ríkisstjórnarinnar.

Jafnframt þessari viðleitni til að fá Alusuisse til raunhæfra samningaviðræðna hélt rannsókn og endurskoðun á skattskyldum tekjum Ísal áfram. Þann 7. okt. 1982 lagði hið alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki, Coopers & Lybrand, fram endanlegar niðurstöður sínar um yfirverð á forskautum þeim, sem Alusuisse seldi Ísal á tímabilinu 1975—1981. Endanlegt

mat Coopers & Lybrand á yfirverði súráls á sama tímabili hafði hins vegar verið lagt fram 6. júlí 1981. Þar með hafði verið lagður grundvöllur að endurákvörðun skattgreiðslna Ísal öll þessi ár frá 1975 til 1981. Ennfremur er þess að geta að í júlí 1982 var lokið gerð ítarlegrar skýrslu um raforkuverð til Ísal. Niðurstöður þessarar skýrslu (Fylgiskjal nr. I) voru að núgildandi raforkuverð til Ísal væri innan við þriðjung af meðalverði til álvera í heiminum og að eðlilegt væri að gera kröfu um hækkun í 15—20 mill/kwst.

Hinn 10. nóvember 1982 barst svo bréf frá Alusuisse, þar sem lagður var fram nýr viðræðugrundvöllur og í framhaldi af þessu bréfi fóru fram tveir viðræðufundir í nóvember og desember 1982. Dr. Paul Müller kvaðst enn á ný ekki geta samþykkt neina hækkun raforkuverðsins. Á hinn bóginn lýsti hann sig nú reiðubúinn til þess að leggja til við stjórn Alusuisse hækkun raforkuverðsins að uppfylltum þremur skilyrðum. Í fyrsta lagi mætti Alusuisse stækka Ísal um einn kerskála samkvæmt nánara samkomulagi. Í öðru lagi mætti Alusuisse taka inn í Ísal nýjan 50% eignaraðila og í þriðja lagi yrði kaupskyldan á raforku lækkuð í 50%. Þetta var með öllu óaðgengilegt af Íslands hálfu, þegar af þeirri ástæðu, að öll samningsaðstaða hlaut að tapast í málinu við slíkar yfirlýsingar. Þetta var ekki síður óaðgengilegt vegna þeirrar fullyrðingar Alusuisse, sem síðar kom fram um að það orkuverð, sem Ísal greiðir nú, sé sambærilegt við raunhæft viðmiðunarverð og eigi því ekki að hækka að neinu ráði. Nokkru seinna kom fram í skeyti frá Alusuisse, að fyrirtækið gæti hugsað sér að fresta í bili þriðja skilyrði sínu um kaupskyldu rafmagns.

Hér hefur verið stiklað mjög á stóru í sögu samningamála Íslands og Alusuisse á síðustu tveimur árum. Augljóst er, að Alusuisse hefur mikinn fjárhagslegan ávinning af að draga samningaviðræður á langinn. Með því að forsendur samninganna við Alusuisse um raforkuverðið eru gersamlega brostnar og verð raforku til almenningsnota af þeim sökum nær óbærilegt hlýtur íslenska ríkið nú að grípa til nauðvarnaraðgerða.

Íslenska ríkisstjórnin ákvað að óska lögfræðilegra álitsgerða bæði innanlands og utan um hugsanlegan rétt Íslendinga til að breyta samningi aðila með einhliða aðgerðum, t. d. löggjöf. Leitað var til Þorgeirs Örlygssonar, lögfræðings, fulltrúa yfirborgardómara, til að rita greinargerð um íslenskan rétt og rétt annarra norrænna þjóða að þessu leyti. Leitað var til Þorgeirs m. a. vegna þess, að hann hefur aflað sér framhaldsmenntunar í alþjóðarétti við Harward Law School í Bandaríkjunum, þar sem hann kynnti sér m. a. samninga milli fjölþjóðafyrirtækja og ríkisstjórna um fjárfestingu í náttúruauðlindum.

Greinargerð Þorgeirs fylgir með frumvarpi þessu og eru meginniðurstöður hans sem hér skipta máli þær, að ætla verði, að Alþingi geti leiðrétt orkuverðið í samningi Ísal og Landsvirkjunar, ef það er mat löggjafans, að forsendur verðákvæðisins séu brostnar.

Leitað var jafnframt til Charles J. Lipton, sem er starfandi lögmaður í New York. Hann er jafnframt prófessor í alþjóðarétti við Háskólann í New York og fjallar í fyrirlestrum um samninga milli erlendra fjárfestingaraðila og ríkisstjórna um langtímanýtingu á auðlindum ríkja. Hann er og hefur verið ráðgjafi fjölmargra ríkja og alþjóðastofnana á þessu sviði. Hann er meðal lögfræðiráðgjafa Center on Transnational Corporations, sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Meginniðurstaðan í greinargerð Liptons er sú, að það sé nú viðurkennd grunnregla í rétti flestra þjóða, að reglan um helgi samninga og óbreytanleika verði að víkja, þegar aðstæður breytast verulega frá því sem séð var fyrir við samningsgerð, og eigi þetta einkum við í samningum til langs tíma um nýtingu náttúruauðlinda.

Frumvarp þetta miðar að þrennu. Í fyrsta lagi er raforkuverðið til álversins í Straumsvík hækkað hóflega með einhliða lagaboði af hálfu Alþingis við þær aðstæður, að samningsforsendur um núverandi orkuverð eru gersamlega brostnar. Í öðru lagi er Alusuisse boðið upp á samningaviðræður um raunhæft raforkuverð með því að hækkun sú, sem gerð yrði með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, myndi standa óbreytt til ársloka 1983. Í þriðja lagi gerir frumvarp þetta ráð fyrir því, að náist ekki samningar milli aðila, sem báðir mega við

una, hljóti íslenska ríkið að ákveða með löggjöf raforkuverðið til frambúðar í samræmi við það verð, sem aðrir raforkunotendur í landinu greiða fyrir raforkuna.

2. Aðdragandi að gerð raforkusölusamningsins við Íslenska álfélagið h.f.

Í lögum um Landsvirkjun nr. 59, 29. maí 1965 eru ákvæði um verðlagningu orku, sem voru nýmæli á þeim tíma er frumvarp til Landsvirkjunarlaga var lagt fram á Alþingi. Um verðlagningu á orku var þá ákvæði í 11. gr. raforkulaga nr. 12/1946 þess efnis, að ráðherra setti gjaldskrá um raforkusölu frá Rafmagnsveitum ríkisins að fengnum tillögum frá raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra. Tekjum skyldi varið til greiðslu rekstrarkostnaðar og ennfremur skyldi leggja árlega hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum. Í frumvarpi til laga um Landsvirkjun var að finna almennt ákvæði og sérákvæði um verðlagningu raforku í 11. grein 1. og 2. mgr. og er almenna ákvæðið svohljóðandi:

„Stjórn Landsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku."

Sérákvæðið fjallar um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar samkvæmt sérstökum orkusölusamningum til langs tíma, sem ekki falla undir gjaldskrá Landsvirkjunar, og er svohljóðandi:

„Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra, valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið."

Vegna þeirra nýmæla, sem fram komu í ákvæði þessu, vakti það allmiklar umræður á Alþingi, bæði vegna þess að sumir alþingismenn þóttust sjá að almenna ákvæðið myndi verða til þess að raforkuverð til almennings hækkaði verulega, ef leggja ætti til hliðar verulegt fjármagn til að fjármagna næstu stórvirkjun að verulegum hluta. Þá vildu og sumir alþingismenn að Alþingi eitt samþykkti samninga þá, sem um var fjallað í sérákvæðinu um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar. Er frumvarpið var til meðferðar á Alþingi í maí 1965 hafði ríkisstjórnin þá þegar lagt fram skýrslu um viðræður við Swiss Aluminium Ltd. um fyrirhugaða álbræðslu og kom fram að stefnt myndi vera að samningi um 60—66 þúsund tonna álbræðslu, sem myndi greiða 2.5 mill/kwst fyrir raforkuna í 25 ár með þeim frávikum að verðið yrði 3 mill/kwst fyrstu árin og yrðu skattar til ríkissjóðs lægri sem því næmi á sama tímabili. Þá var og vitað að gert væri ráð fyrir mjög takmarkaðri endurskoðun raforkuverðsins til álbræðslunnar að loknum fyrstu 15 árum starfstímans. Þótti augljóst að sérákvæðinu í 11. gr. væri ætlað að ná til fyrirhugaðs samnings við Swiss Aluminium Ltd. um orkusölu og vildu sumir þingmenn tryggja að slíkir samningar yrðu lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar. Ráðherra raforkumála lýsti því yfir í umræðum um frumvarpið, að samningur um orkusölu til svissneska félagsins yrði lagður fyrir Alþingi til afgreiðslu þar.

Það mun einkum hafa verið tilefni óska um þá breytingu á 11. gr. 2. mgr. að Alþingi staðfesti orkusölusamninga við orkufrek iðnfyrirtæki, að þegar höfðu heyrst þær gagnrýnisraddir, að fyrirhugað rafmagnsverð til bræðslunnar — 3 mill/kwst og síðar 2,5 — væri of lágt og jafnvel lægra en kostnaðarverð framleiðslu orkunnar. Væri því ekkert til að mæta breyttum forsendum, svo sem því, að fjárfestingarkostnaður Búrfellsvirkjunar yrði hærri en áætlað var eða framleiðslukostnaður framtíðarinnar. Þá var og á það bent, að í heimildarákvæði um virkjun við Búrfell í frumvarpi til Landsvirkjunarlaga var lagt til að felld yrðu niður öll aðflutningsgjöld á fjárfestingarvörum til virkjunarinnar, en það var

nýmæli og var ætlað að gera það kleift að halda verði til álbræðslunnar í lágmarki. Þessi niðurfelling leiddi að sjálfsögðu til samsvarandi tekjutaps ríkissjóðs. Framangreind ákvæði voru samþykkt óbreytt á Alþingi og eru óbreytt enn.

Árið 1966 var gerður orkusölusamningur milli Landsvirkjunar og dótturfélags Swiss Aluminium Ltd., Íslenska álfélagsins h.f., um sölu á orku og var hann til 25 ára með heimild fyrir hvorn aðila um sig til framlengingar í 10 ár og síðan önnur 10 ár með litlum breytingum. Verð það sem ákveðið var í byrjun fyrir raforkuna skyldi því að meginstefnu gilda óbreytt í 45 ár með þeim breytingum, sem leiddi af leiðréttingum vegna breytts rekstrarkostnaðar eftir fyrstu 15 árin og með leiðréttingu eftir raforkuverðshækkunum í Noregi eða verði á áli á heimsmarkaði að liðnum fyrstu 25 árunum. Samningi þessum var breytt árið 1975 á þann veg að orkuverðið var hækkað lítillega og tengt að hluta verðhækkunum á áli á heimsmarkaði.

3. Efnahagslegar og hagfræðilegar forsendur raforkuverðshækkunar til Ísal.

Verð á raforku til álbræðslu Swiss Aluminium Ltd. í Straumsvík var upphaflega 3 mill/kwst og hélst óbreytt til 1976, en það ár nam það 3.80 mill/kwst og smáhækkaði síðan í 6.45 mill/kwst árið 1980 og hefur haldist óbreytt síðan. Árið 1969 var hlutfall orkuverðs til álbræðslunnar í Straumsvík u. þ. b. 55% af heildsöluverði Landsvirkjunar til almenningsrafveitna. Hlutfall þetta lækkaði síðan í u. þ. b. 20% árið 1975, hækkaði í u. þ. b. 28% árið 1976 við endurskoðun raforkuverðsins, hækkaði í u. þ. b. 34% árið 1978 en hefur síðan farið lækkandi sem hlutfall af verðinu til almenningsveitna. Þannig var verðið til álbræðslunnar á árinu 1981 u. þ. b. 24.5% af meðalverði til almenningsveitna en um 20% í árslok 1982.

Verð á raforku frá Landsvirkjun til álbræðslunnar hefur einnig lækkað sem hlutfall af skráðu verði á áli á heimsmarkaði úr 8% árið 1969 í 5.9% árið 1981. Annars staðar hefur þetta kostnaðarhlutfall hækkað úr 5—10% í 20—25% á sama tíma.

Þá er rafmagnsverðið nú aðeins um 79% af upprunalegu verði 1969 ef miðað er við heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum. Sé hins vegar miðað við byggingarvísitölu á Íslandi, er raforkuverðið u. þ. b. helmingur af upphaflegu raunvirði, þ. e. hefur lækkað um helming. Meðalraforkuverð það sem Alusuisse greiddi í álbræðslum sínum um mitt ár 1982 var um 20 mill/kwst.

Þrátt fyrir tiltölulega hátt heildsöluverð til almenningsveitna hefur rekstrarafkoma Landsvirkjunar verið bágborin undanfarin ár. Til dæmis var greiðsluhalli fyrirtækisins um 90 Mkr. 1982, og er áætlaður um 320 Mkr. 1983, miðað við óbreytt orkuverð frá 1. nóvember 1982 og áætlað meðalgengi dollars kr. 20,46 á árinu 1983. Til að vega á móti greiðsluhalla ársins 1982 og áætluðum halla 1983 samanlagt telur Landsvirkjun nauðsynlegt að hækka orkuverð til almenningsveitna um 125,9 prósent á tímabilinu 1. febrúar til 1. nóvember 1983.

Í áætlunum Landsvirkjunar fyrir árið 1983 er gengið út frá 50% verðbólgu og að gengi Bandaríkjadollars verði kr. 25,06 í árslok. Samkvæmt þeim forsendum myndi orkuverð til almenningsveitna hækka um 51% umfram almennt verðlag á árinu. Þá myndi raforkuverð til almenningsveitna hafa hækkað um 1468% á 4 árum (1980—1983), sem er 178% umfram almennt verðlag miðað við byggingarvísitölu. Miðað við framangreindar gengisforsendur mun orkuverð til almenningsveitna í árslok 1983 samsvara 45,6 mill/kWst, sem er 7 sinnum hærra en núgildandi (febrúar 1983) verð til Ísal.

Þar eð Ísal hefur keypt nálægt 50% af seldri orku frá Landsvirkjun undanfarin ár, er ljóst að orkuverð til Ísal getur ráðið úrslitum um afkomu Landsvirkjunar og þar með hækkunum á verði til almenningsveitna. Ef orkuverð til Ísal hefði hækkað í 12,5 mill/kWst frá og með 1. janúar 1983 hefðu áætlaðar tekjur Landsvirkjunar aukist um 181,1 Mkr. á árinu. Þessi tekjuaukning myndi lækka áætlaðan heildargreiðsluhalla Landsvirkjunar fyrir 1983 og 1982 um 38%. Þar með myndi áætluð þörf á hækkun orkuverðs til almenningsveitna á tímabilinu 1. febrúar 1983 til 31. desember 1983 lækka úr 125,9% í 51,3%. Hækkun til

almenningsveitna gæti komið til framkvæmda sem 29% 1. febrúar 1983 og 17,3% 1. maí 1983. Frekari hækkana myndi þá ekki vera þörf á árinu til að jafna greiðslustöðu Landsvirkjunar.

Hlutdeild Landsvirkjunar í erlendum skuldum og greiðslubyrði þjóðarinnar er mikil. Í árslok 1981 námu erlendar skuldir Landsvirkjunar til langs tíma um 28% allra slíkra skulda landsmanna. Upplýsingar um þetta hlutfall í árslok 1982 liggja ekki fyrir, en ósennilegt er, að það hafi lækkað. Mikinn hluta þessara erlendu skulda má rekja til hins lága raforkuverðs sem Ísal hefur greitt Landsvirkjun.

Það varpar nokkru ljósi á stærðir í þessu samhengi, að hækkun raforkuverðs til Ísal í 12,5 mill/kWh frá 1. mars og út þetta ár og síðan 20 mill/kWh næstu þrjú ár myndi nægja til að lækka erlendar skuldir Landsvirkjunar til langs tíma um því sem næst 40% og erlendar skuldir þjóðarinnar í heild um 11%.

Bilið milli Ísal og almenningsveitna í orkuverði er orðið allt of mikið hvort heldur miðað er við 1) gjaldskrá Landsvirkjunar, 2) áætlaðan meðalframleiðslukostnað raforku og eðlilega skiptingu kostnaðar milli notenda eða 3) kostnað við öflun viðbótarorku.

1) Stóriðjufyrirtæki, sem keypti raforku samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar fyrir 220 kV og 8200 klst. nýtingartíma, hefði þurft að greiða þann 1. janúar 1983 34,6 aura/kWst, eða 20,7 mill/kWst. Ef 125,9 prósent hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar kemur til framkvæmda á árinu 1983, að óbreyttum gjaldskrárhlutföllum, myndi verð til stóriðju sem keypti orku samkvæmt gjaldskrá vera 78,2 aurar/kWst í árslok, eða 31,2 mill/kWst miðað við 50% hækkun Bandaríkjadollars á árinu.
2) Rekstrargjöld (fjármagnsgreiðslur ekki meðtaldar) Landsvirkjunar á árinu 1982 voru 295,0 Mkr. Hrein meðaleign í rekstri var 3793,3 Mkr., þannig að 8 prósent arðgjöf af eignum í rekstri (samkvæmt viðmiðun Alþjóðabankans) jafngildir 305,5 Mkr. Heildarframleiðslukostnaður í samræmi við arðgjafarkröfu nam því á árinu 1982 598,5 Mkr. Heildarorkusala á árinu nam 3020 GWh, þannig að meðalframleiðslukostnaður á seldri orku hefði numið 19,8 aurum á kWst eða 16,2 mill/kWst (miðað við meðalgengi 1982, 1US$ = 12,22 kr). Þess má geta að til að tryggja hallalausan rekstur Landsvirkjunar árið 1982 hefði arðgjöf af eignum í rekstri orðið að vera 11,2%. Samkvæmt því var raunverulegur meðalframleiðslukostnaður á seldri orku 23,7 aurar/kWst á árinu 1982.

   Í flestum löndum greiðir stóriðja raforkuverð sem nær a. m. k. meðalframleiðslukostnaði raforku hjá viðkomandi orkuveitu. Ef eingöngu er um vatnsorkuver að ræða, þar sem framleiðslukostnaður er fyrst og fremst fastur fjármagnskostnaður, getur lágmarksverð til stórnotenda þó verið nokkuð undir meðalkostnaði þegar miðað er við nýtingartíma (nýtingarstuðul). Það er almenn skoðun sérfræðinga, að miðað við vatnsorkuver, hallalausan rekstur orkuveitu, og orkuverð í samræmi við nýtingarstuðul, þá skuli verð til stóriðju, eins og álvera, vera a. m. k. um 65 prósent af verði til almenningsveitna. Er þá miðað við nýtingarstuðul 0,60 fyrir almenningsveitur en 0,95 fyrir stóriðju. Sé þeirri viðmiðun um lágmarksverð ekki fylgt, ber stóriðjan ekki eðlilegan hlut kostnaðar við orkuframleiðslu, og má þá segja að almenningur greiði niður orku til stóriðju með óeðlilega háu rafmagnsverði. Samkvæmt ofangreindri kostnaðarskiptingu hefði orkuverð Landsvirkjunar átt að vera 21,04 mill/kWst til almenningsveitna og 13,25 mill/kWst til stóriðju að meðaltali árið 1982. Raunverulegt meðalorkuverð á árinu 1982 var aftur á móti 29,8 mill/kWst til almenningsveitna en 6,45 mill/kWst til Ísal. Það er því ljóst að hátt orkuverð til almenningsveitna og áformaðar hækkanir má túlka að verulegum hluta sem niðurgreiðslu rafmagns til Ísal. Það þýðir jafnframt, eins og greint hefur verið frá að framan, að mun minni hækkana væri þörf til almenningsveitna ef Ísal greiddi í samræmi við lágmarksskiptingu kostnaðar á framleiddu rafmagni.

3) Samkvæmt útreikningum og áætlunum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f. mun framleiðslukostnaður orku fyrir stóriðju í nýjum virkjunum á Íslandi vera 18—22 mill/kWst. Er þá miðað við 6—8% ávöxtunarkröfu og verðlag í júní 1982. Orkuverð til almenningsveitna hér á landi var sumarið 1982 um 50% **hærra** en sem nam áætluðum kostnaði við öflun viðbótarorku vegna þeirra. Aftur á móti greiðir Ísal raforkuverð sem er um 65% **undir** áætluðum kostnaði við öflun viðbótarorku til stóriðju.

Í skýrslu starfshóps á vegum iðnaðarráðuneytisins, sem birt var í júlí 1982, og ber titilinn „Athugun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins h.f.", er ítarlega fjallað um þróun raforkuverðs til Ísal á tímabilinu 1969—1981. Meginniðurstaða starfshópsins er, að gjörbreyttar forsendur frá því að samningurinn við Alusuisse var gerður árið 1966 og endurskoðaður 1975 réttlæti kröfur um að raforkuverð til Ísal hækki í 15—20 mill/kWst, miðað við verðlag sumarið 1982. Niðurstaða þessi byggðist fyrst og fremst á framleiðslukostnaði raforku hjá Landsvirkjun, þróun raforkuverðs til álvera annars staðar í heiminum og áætlaðri samkeppnisstöðu álverksmiðju á Íslandi samanborið við verksmiðjur í V-Evrópu og N-Ameríku. Þá er í skýrslunni vakin athygli á því, að með orkusölusamningnum við Ísal var ætlunin að stuðla að því, að framvegis yrði unnt að fjármagna allt að helming af byggingarkostnaði nýrra virkjana með eigin fé Landsvirkjunar en þessi von hafi brugðist og meira en 90% framkvæmda hafi síðan verið fjármagnaðar með lánum. Þetta telja höfundar skýrslunnar stafa m. a. af:

a) að stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar hafi reynst hærri en ætlað var, þegar verð á orku til Ísal var ákveðið,
b) verðbólga hafi orðið mikil hvarvetna og ekki fengist bætt nema að hluta,
c) gengisbreytingar hafi verið óhagstæðar, einkum vegna þess að dollar hafi veikst gagnvart öðrum gjaldmiðlum,
d) fjármagnskostnaður hafi aukist við seinni virkjanir og tengd mannvirki.

Um þetta og fleiri atriði verður að vísa til framangreindrar skýrslu, sem dreift hefur verið til alþingismanna og er eitt af fylgiskjölum með frumvarpi þessu.

Í greinargerð Landsvirkjunar frá september 1982, sem ber titilinn „Greinargerð um rafmagnsverð til stóriðju", er komist að svipaðri niðurstöðu og í skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins. Í niðurlagi greinargerðarinnar segir orðrétt: „Þegar á allt er litið, virðist raunhæft að fara fram á tvö- til þreföldun á núverandi orkuverði til Ísal."

Samkvæmt skýrslum Stóriðjunefndar og Landsvirkjunar virðist að menn hafi gert sér ljóst áður en gengið var til samninga við Alusuisse að umrætt raforkuverð væri ekki mikið umfram kostnaðarverð. Önnur markmið en beinn arður af raforkusölu til Ísal voru talin réttlæta samninginn:

1) Að veita almenningsveitum viðbótarorku á lægra meðaltalsverði á kWst en mögulegt hefði verið án samnings við stóriðju.
2) Að gera Búrfellsvirkjun fjárhagslega viðráðanlegt fyrirtæki, með góðum lánakjörum, og án þess að skerða lánstraust (credit rating) ríkisins til annarra framkvæmda.
3) Að veita ný atvinnutækifæri, efla iðnþróun og auka gjaldeyristekjur þjóðarbúsins.

Fyrsta markmiðið var talið þýðingarmest, og grundvallaði Landsvirkjun mat sitt og afstöðu til orkusölusamnings við Alusuisse á niðurstöðum útreikninga á þeirri meintu hagkvæmni fyrir almenna notendur sem slíkur samningur hefði í för með sér. Þeir útreikningar gáfu til kynna, að meðalorkuverð til almenningsveitna myndi vera talsvert lægra með þeim samningi en án fyrstu 5—6 árin, en síðan myndi lítill munur vera á þessu verði, þ. e. hvort sem gerður yrði samningur um álvinnslu eða ekki. Þessar niðurstöður byggðust algerlega á þeirri forsendu að meðalkostnaður orku í næstu virkjunum á eftir Búrfellsvirkjun yrði ekki hærri en í Búrfelli. Þetta atriði var þó lítið sem ekkert rannsakað. Sterkar líkur má nú leiða að því, að ef Búrfell hefði verið virkjað fyrir innlendan

orkumarkað eingöngu hefði meðalkostnaðarverð til almenningsveitna verið um 10 mill/kWst á tímabilinu 1970—1980, í stað u. þ. b. 14 mill/kWst, og jafnframt farið lækkandi á föstu verðlagi. Mismuninn á því verði og raunverulegu orkuverði til almenningsveitna á þessu tímabili má túlka sem tap þjóðarinnar af því að hafa orðið að standa við rafmagnssamninginn við Ísal.

Kröfum Íslendinga um endurskoðun raforkusamningsins í ljósi breyttra forsendna hefur af hálfu Alusuisse iðulega verið svarað með fullyrðingum um takmarkaða greiðslugetu Ísal. Samkvæmt bókhaldi hefur afkoma Ísal verið afar bágborin miðað við sambærileg fyrirtæki annars staðar. Í aðeins 3 ár af þeim 13 sem fyrirtækið hefur verið starfrækt (1970, 1979 og 1980) hafa hreinar tekjur verið verulegar, eða um 6% af veltu. Öll önnur ár hafa hreinar tekjur aldrei verið meiri en 3% af veltu, og stórfellt rekstrartap var yfirlýst fyrir árin 1971, 1972, 1975, 1981 og 1982. Þegar tillit er tekið til heildargreiðslna Ísal til Alusuisse og áætlaðs yfirverðs á súráli og rafskautum árin 1976–1980, virðist arður Alusuisse af hlutafé í Ísal á tímabilinu 1970—1980 þó hafa verið mjög hár. Samkvæmt mati má álykta, að Alusuisse hafi við lok þessa tímabils endurheimt alla fjárfestingu sína í Ísal ásamt mjög góðum vöxtum. Þetta mat á arði Alusuisse af fjárfestingu sinni í Ísal er þó álitið vera í neðri mörkum, þar eð hugsanlegt yfirverð á súráli og rafskautum á árunum fyrir 1975 er ekki tekið með í reikninginn. Þannig má leiða rök að því, að samhengi sé milli bágborinnar rekstrarafkomu Landsvirkjunar og áætlaðs hagnaðar Alusuisse af Ísal, sem flyst nær alfarið úr landi. Yfirlit um áætlað yfirverð á aðföngum Ísal 1975—1981, samanborið við raforkugreiðslur fyrirtækisins á sama tímabili, er fylgiskjal nr. 6 með frumvarpi þessu.

Til samanburðar má geta þess, að þróun raforkuverðsins til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði hefur verið sú að í byrjun, árið 1979, var verðið 5.6 norskir aurar/kwst, en er nú frá 1. júlí 1982 að telja 8.64 norskir aurar/kwst, eða sem svarar 14 mills/kwst á gengi í júlí 1982 og er þá miðað við forgangsorku.

Verð á raforku til Áburðarverksmiðjunnar fylgir verðinu til álbræðslunnar, en ákvæði 11. gr. 2. mgr. laga um Landsvirkjun eiga ekki við fleiri fyrirtæki á sviði orkufreks iðnaðar.

Af öllu framangreindu er ljóst, að samræmi í orkuverði til almenningsrafveitna og álbræðslu hefur raskast meira en unnt var að sjá fyrir. Hið lága orkuverð til álbræðslunnar í Straumsvík hefur leitt til meiri hækkana á verði raforku til almenningsveitna en ella hefði orðið og fer það í bága við fortakslaust ákvæði 11. gr. 2. mgr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun um að: „Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið."

4. Samningsákvæði um orkusölu til Íslenska álfélagsins h.f.

Upphaflegur rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Ísal var gerður hinn 28. júní 1966 en við hann hafa verið gerðir viðaukar hinn 28. október 1969 og 10. desember 1975. Upphaflegi samningurinn var einungis undirritaður af Landsvirkjun og Íslenska álfélaginu h.f., en viðaukarnir hafa einnig verið áritaðir til samþykkis af íslensku ríkisstjórninni og Alusuisse.

Samningurinn um orkusölu er gerður á grundvelli svonefnds aðalsamnings milli íslensku ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, sem gerður var 28. júní 1966, og viðaukum við hann dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975. Aðalsamningi og viðaukum við hann hefur verið veitt lagagildi á Íslandi með sérstökum lögum.

Þau ákvæði í **aðalsamningi,** sem lúta að orkusölusamningi aðila beint eða óbeint og hér skipta máli, eru þessi:

Gr. 3.01. a) Um ábyrgð ríkisstjórnarinnar á réttum og skilvísum efndum Landsvirkjunar.

Gr. 3.02. Um skyldu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir Landsvirkjun.

Gr. 3.03. a) og b) Um ábyrgð Alusuisse á réttum og skilvísum efndum á loforðum og skuldbindingum Ísal, þ. á m. gagnvart Landsvirkjun.

Gr. 3.04. Um skyldu Alusuisse til að greiða fyrir Ísal.

Gr. 7. Um skyldu Ísal til að kaupa og greiða fyrir tilskilið lágmarksrafmagn, hvort sem það er notað eða ekki.

Gr. 10.03. Um að lágmarksframleiðsla Ísal minnki vegna þess að Landsvirkjun hafi ekki tiltækt samningsbundið rafmagn.

Gr. 25.01. Um að á Ísal skuli leggja og Ísal greiða framleiðslugjald í stað allra skatta nú eða síðar, venjulegra eða sérstakra, sem greiða ber skilyrðislaust eða í sérstökum tilgangi, þó með undantekningum, sem greini í 31. gr. samningsins.

Gr. 31.02. b) Um að Ísal skuli ekki háð innlendum söluskatti eða svipuðum veltu- og framleiðsluskatti vegna rafmagns samkvæmt rafmagnssamningnum.

Gr. 33.01. Um að ákvæði aðalsamningsins ásamt ákvæðum fylgiskjalanna, þ. m. t. rafmagnssamningsins, skuli ein vera ráðandi um gjaldskyldu í skiptum milli ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og kaupstaðarins annars vegar og Alusuisse og Ísal hins vegar og að sérstaklega skuli ekki leggja neina aðra skatta né gjöld á Alusuisse og Ísal vegna rekstrar bræðslunnar.

Gr. 33.02. Um að undanskildu því sem greint sé í aðalsamningi og rafmagnssamningi skuli eigi leggja á neins konar skatt né gjöld í sambandi við öflun, flutning, spennubreytingu, afriðlun, notkun eða eyðslu á rafmagni, sem bræðslunni er látin í té samkvæmt rafmagnssamningnum.

Gr. 36. Um að ekki sé Landsvirkjun eða ríkisstjórn heimilt að bjóða neinum erlendum álframleiðanda hagstæðara rafmagnsverð fyrir álbræðslu en verð það og skilmála, sem greinir í rafmagnssamningnum.

Gr. 38. Um að hækki eða lækki byggingar- og rekstrarkostnaður m. a. Búrfellsvirkjunar eða annarra skyldra mannvirkja af hvaða ástæðu sem er, hvort sem fyrirsjáanlegt var eða ekki, skuli slíkar breytingar ekki verða forsenda að breytingum aðalsamnings eða fylgisamninganna.

Gr. 41.01. Um að vanefnd á aðalsamningi eða fylgisamningi heimili ekki riftun nema sérstaklega sé kveðið á um það.

Gr. 41.02. a) ii) Um að vanefnd á greiðslu fjár sem Ísal skuldar m. a. skv. rafmagnssamningi teljist riftunarvanefnd.

Gr. 41.02. b) ii) Um vanefnd af hálfu Landsvirkjunar að hafa tiltækt samningsbundið rafmagn.

Gr. 46. Um að deilu milli aðila rafmagnssamningsins skuli ríkisstjórnin eða Alusuisse vísa til alþjóðlegs gerðardóms nema þeir komi sér saman um annað.

Ákvæði þau í **rafmagnssamningi** frá 1966, sem einkum skipta máli hér, eru þessi:

13.—14. gr. Um að verð á samningsbundnu rafmagni skuli vera 3 mill/kwst frá gangsetningardegi bræðslunnar þar til bræðslan væri fullbyggð, en þó skyldi verðið lækka í 2.5 mill/kwst og skyldi þetta verð gilda fyrstu 15 starfsár bræðslunnar. Síðan var gert ráð fyrir leiðréttingu vegna sveiflna í breytilegum kostnaði Búrfellsvirkjunar og þá átt við vinnulaun og viðhaldskostnað.

15. gr. Um endurskoðun að liðnum 25 árum, sem taki tillit til annaðhvort hlutfallslegrar hækkunar á rafmagni til álbræðslu í Husnes í Noregi, eign Alusuisse, eða raforkuverðs í mill/kwst sem er jafnt 1% af meðalverði áls á enskt pund síðustu 3 ár fyrir endurskoðunarár, hvort sem lægra er.

26. gr. Um að með deilur milli Landsvirkjunar og Ísal skuli farið sem deilur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

27. gr. Um að rafmagnssamningurinn skuli gilda uns gildistími aðalsamningsins er útrunninn.

28. gr. Um að breytingar á samningi þessum skuli einungis gerðar með skriflegum og löglega undirrituðum viðbótarsamningi milli Landsvirkjunar og Ísal, svo og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

Með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn 1969 voru ekki gerðar aðrar breytingar en þær sem leiddi af því, að samið var um stækkun bræðslunnar og aukna orkusölu á óbreyttu verði. Jafnframt var ákveðið að flýta framkvæmdum, en láta verðið 3 mill gilda jafnlengi og upphaflega var ákveðið, jafnvel þótt framkvæmdum væri flýtt.

Með öðrum viðauka við rafmagnssamninginn árið 1975 var enn samið um aukna orkusölu til álversins og er hluti viðbótarorkunnar afgangsorka. Jafnframt var verðákvæðum samningsins breytt og fallið frá lækkun orkuverðsins 1. október 1975 í 2.5 mill/kwst. Var samið um óbreytt orkuverð — 3 mill — til 31. desember 1975, en síðan stighækkandi í lágmarksverðið 4.0 mill/kwst frá 1. júlí 1976 til 30. júní 1977, en 4—4.5 mill 1. júlí 1977 til 31. des. 1977, en frá 1. janúar 1978 tók við verðformúla sú, sem skilgreind er í 14. gr. rafmagnssamningsins. Hið nýja verð er þannig ákveðið, að það skal vera 4 mill/kwst miðað við heimsmarkaðsverð á áli að fjárhæð 40 cent fyrir enskt pund og er þá átt við skráð útflutningsverð Alcan. Lækki verðið á áli niður fyrir 40 cent lækkar orkuverðið samsvarandi, en verður þó aldrei lægra en 3.5 mill/kwst. Hækki álverð á heimsmarkaði upp fyrir 40 cent á pund endurspeglast hluti þeirrar verðhækkunar í orkuverðinu, en hlutfallsleg áhrif hækkunar álverðs á orkuverð fara þó minnkandi eftir því sem verðið hækkar meira og þegar það hefur náð 70 centum á pund og þaðan af hærra endurspeglast 40% hækkunarinnar í verði orkunnar.

Engar breytingar voru gerðar á ákvæðum rafmagnssamningsins um endurskoðun að loknum fyrstu 25 starfsárum bræðslunnar.

Auk breytinganna sem gerðar voru á orkusölusamningnum 10. des. 1975 var samið um að létta af Ísal skattgreiðslum til ríkissjóðs, en ákvæði um skattstiga, skattinnheimtu og skattinneign höfðu reynst Ísal þungbær og var Alusuisse brýn nauðsyn að fá aflétt þessari byrði. Jafnframt var samið um ráðstöfum á skattinneign í lok samningstíma Alusuisse í hag.

5. Samanburður við samningsákvæði um orkusölu til Íslenska járnblendifélagsins h.f.

Íslenska járnblendifélagið h.f. var upphaflega stofnað af íslensku ríkisstjórninni og Union Carbide Corporation hinn 28. apríl 1975. Union Carbide gekk úr hlutafélaginu hinn 30. júní 1976 og við hluta þess í félaginu tók Elkem-Spigerverket A/S.

Járnblendifélagið gerði upphaflega rafmagnssamning við Landsvirkjun hinn 28. maí 1975, en honum var síðan breytt hinn 31. desember 1976 vegna aðilaskipta í hlutafélaginu og þar með nýrra heimildarlaga og nýs aðalsamnings milli ríkisstjórnarinnar og hins erlenda fjárfestingaraðila.

Í samningnum við Union Carbide var í upphafi gert ráð fyrir að verð forgangsorku yrði 9.5 mill/kwst í tvö ár og hækkaði síðan í 10 mill á þriðja ári. Orkuverð skyldi endurskoðað fjórða hvert ár og það hækkað hlutfallslega jafnt og orkuverð norsku ríkisrafveitnanna til norsks iðnaðar. Samningur þessi var endurskoðaður og honum breytt eins og fyrr segir hinn 31. desember 1976. Samkvæmt hinum nýja samningi sem enn er í gildi skyldi upphaflega ákveðið lágmarksverð miðað við 8—10 mill/kwst gilda áfram óbreytt, en verðhækkunarreglur samningsins voru felldar niður og tekið upp rafmagnsverð í norskum aurum, sem skyldi sæta leiðréttingu fimmta hvert ár eftir sömu reglum og verð til orkufreks iðnaðar í Noregi til samræmis við samninga, sem gerðir höfðu verið þar í landi á tímabilinu 1962—1972 við norsku ríkisrafveiturnar.

Orkuverð þetta var í byrjun norskir aurar 5.6 á kwst sem samsvaraði ca. 10.55 mill árið 1977. Verð þetta breyttist hinn 1. júlí 1982 og hækkaði þá úr 5.6 norskum aurum í 8.64 norska aura fyrir forgangsorku. Það jafngilti u. þ. b. 14 mill í júlí 1982. Verðið skal síðan leiðréttast á fimm ára fresti eins og fyrr segir.

Ennfremur er mikilvægt ákvæði um verðákvörðun í 21. gr. 2. mgr. samningsins um áhrif breyttra aðstæðna og brostinna forsendna. Segir þar m. a., að verði verulegar breytingar á afstöðu milli orkuverðs á Íslandi og erlendis til orkufreks iðnaðar eða gengisskráningu gjaldmiðla er máli skipta um starfsemi aðila eða á samkeppnisstöðu bræðslunnar á erlendum mörkuðum hennar, að því er tekur til orkuverðs, og ef ákvæði samningsins verða bersýnilega ósanngjörn gagnvart öðrum hvorum aðilanum vegna breytinganna, þá getur sá aðili krafist þess, að samningaviðræður verði teknar upp um breytingu á verðákvæðum.

Samanburður á samningsákvæðum um raforkusölu til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði og álbræðslunnar í Straumsvík sýnir, að hagsmuna orkuseljandans er betur gætt í rafmagnssamningnum við járnblendiverksmiðjuna að því er varðar tengingu verðsins við verð á orku til stóriðju annars staðar. Sú tenging er að vísu einungis við Noreg, en því til viðbótar koma endurskoðunarákvæðin, sem heimila Landsvirkjun að krefjast breytinga til hækkunar í þessum tilvikum:

a) Þegar verð á orku á erlendum mörkuðum til stóriðju hefur hækkað meira en á Íslandi getur Landsvirkjun krafist hækkunar í réttu hlutfalli.
b) Ef norska krónan veikist meira en aðrir gjaldmiðlar, þannig að leiðrétta þarf verðið í norskum aurum gagnvart öðrum gjaldmiðlum.
c) Samkeppnisstaða bræðslunnar á erlendum mörkuðum breytist að því er tekur til orkuverðs.

Framangreind atriði geta að sjálfsögðu þróast bræðslunni í óhag og á hlutafélagið þá kröfu um leiðréttingu á orkuverði. Orkuseljandinn og orkukaupandinn deila því að nokkru með sér áhættunni.

Sambærileg ákvæði er ekki að finna í rafmagnssamningi Landsvirkjunar og Ísal. Ríkisstjórnin leitaðist við að fá slíkt ákvæði inn í samninga sína við Alusuisse árið 1975, en því var alfarið hafnað. Þó hafði Alusuisse í alfyrstu frumdrögum að rafmagnssamningi frá 1961 sjálft gert tillögu um endurskoðunarákvæði við breyttar aðstæður.

Orkuverðið til álversins endurspeglar því nú aðeins hækkanir á álverði að ⅖ hlutum, en

almennar hækkanir á orkuverði til áliðnaðar á erlendum mörkuðum hafa engin áhrif á orkuverðið, né heldur hækkaður framleiðslukostnaður orkunnar.

6. Lagarök.

Fram hefur komið í viðræðum ríkisstjórnarinnar við Alusuisse, að félagið telur að því sé alls óskylt að þola nokkra hækkun á raforkuverðinu til álbræðslunnar, og virðist félagið styðja þá afstöðu með því einu að vísa til þess, að félagið eða öllu heldur dótturfélagið Ísal hafi samning um tiltekið orkuverð við Landsvirkjun skv. samningi frá 1975 og sá samningur sé ónæmur fyrir öllum breytingum á aðstæðum eða brostnum forsendum. Er líklegt að félagið muni bera fyrir sig þá almennt viðurkenndu réttarreglu í landsrétti flestra ríkja sem og alþjóðarétti, er segir að samninga skuli halda (pacta sunt servanda), en hafna sambærilegri og jafnalmennt viðurkenndri réttarreglu um áhrif breyttra aðstæðna á samningsskuldbindingar (rebus sic stantibus). Þá er líklegt að Alusuisse muni og bera fyrir sig að samkeppnisaðstaða bræðslunnar í Straumsvík leyfi ekki neinar orkuverðshækkanir og vísi því til stuðnings til ársreikninga Ísal á síðustu árum og reyndar allt frá upphafi. Er líklegt að Alusuisse hafni þeim sjónarmiðum, að Alusuisse hafi hag af því að selja bræðslunni súrál og anóður frá dótturfyrirtæki sínu á verði, sem Alusuisse ákveður nánast einhliða, svo og að það hafi hag af kaupum á áli af Ísal til notkunar eða endursölu á verði sem félagið ákveður einnig nánast einhliða. Ennfremur er ólíklegt að Alusuisse viðurkenni að það hafi hag af því að fá 1.5% sölulaun af áli, sem það kaupir fyrir sjálft sig af Ísal, og 2.2% þóknun fyrir tækniaðstoð og fyrir að útvega Ísal hráefni „á bestu fáanlegum kjörum". Ennfremur er líklegt að Alusuisse geri lítið úr þeim hagsmunum sem fólgnir eru í skattgreiðslum dótturfélagsins Ísal hér á landi og því, að Ísal greiðir hvorki aðflutningsgjöld né útflutningsgjöld hér á landi, og ennfremur er líklegt að Alusuisse telji það litlu varða hagsmuni sína, að það þarf sjálft ekki að greiða neina skatta af tekjum sem samsteypan aflar hér á landi, hvorki af söluþóknun, tækniaðstoðarþóknum, vaxtatekjum né arði af hlutafé Ísal.

Líklegt er að Alusuisse bendi á að skv. 38. gr. aðalsamnings aðila séu hækkanir á byggingar- og rekstrarkostnaði virkjana Íslendinga ekki forsenda að breytingum, umskiptum eða undanþágu frá neinu ákvæði aðalsamnings eða fylgisamninga, þ. m. t. rafmagnssamnings. Alusuisse mun líklega og benda á ákvæði 51. gr. aðalsamnings og 28. gr. rafmagnssamnings um að breytingar á samningunum skuli einungis gerðar með viðbótarsamningum undirrituðum af aðilum.

Um þessi sjónarmið vísast til greinargerðar Þorgeirs Örlygssonar, lögfræðings, um endurskoðun álbræðslusamninganna með lagasetningu, en greinargerðin fylgir frumvarpi þessu. Ennfremur vísast til greinargerðar Charles J. Lipton, prófessors, um grundvöll þess að krefjast endurskoðunar fjárfestingarsamninga til langs tíma eða til þess að grípa til einhliða aðgerða, en greinargerðin er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Meginniðurstöður þessara tveggja fræðimanna eru þær, að heimilt sé að breyta einhliða ákvæðum í slíkum samningum, sem samningi Alusuisse við íslensku ríkisstjórnina, og lýsir sá fyrrnefndi sjónarmiðum í íslenskum rétti og rétti annarra norrænna þjóða, en sá síðarnefndi almennri alþjóðlegri réttarþróun á þessu sviði.

Til að varpa ljósi á álitaefnið er rétt að taka í greinargerð þessa nokkrar tilvitnanir í greinargerð Þorgeirs Örlygssonar.

1) Um fordæmi þess að gripið sé inn í samninga með íslenskri löggjöf segir á bls. 13:

„Þess var áður getið, að það væri eigi fordæmislaust að ríkisvaldið grípi inn í gerða samninga með lagasetningu. Þannig má t. d. finna þess dæmi, að umsamdar verðbótahækkanir launa í samningum vinnuveitenda og samtaka launafólks hafi verið skertar og á það einnig við um kjarasamninga, sem ríkisvaldið er aðili að. Nýjasta dæmi þessa eru bráðabirgðalög nr. 79/1982 frá 21. ágúst sl. um efnahagsaðgerðir. Segir í 1. gr.

bráðabirgðalaga þessara, að vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skuli frá 1. desember 1982 fella niður helming þeirra verðbóta á laun, er ella hefðu orðið vegna ákvæða í 48.–52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Þær aðgerðir, sem bráðabirgðalögin gera ráð fyrir að framkvæmdar verði, eru í 1. gr. laganna réttlættar með því að þjóðartekjur hafi dregist saman og því væntanlega gert aðgerðir þessar nauðsynlegar, og tilgangi lagasetningarinnar lýst svo, að þær séu framkvæmdar til þess að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags."

2) Um sérreglur í íslenskum lögum sem heimila ógildingu ósanngjarnra samningsákvæða segir á bls. 19:

„Eins og nánar verður gerð grein fyrir í þætti 5.0. hér á eftir má finna þess dæmi í íslenskri löggjöf, að ákvæði í samningum, sem eru bersýnilega ósanngjörn í garð annars samningsaðilja, er heimilt að meta ógild. Má hér sem dæmi nefna ákvæði í höfundalögum, vátryggingasamningalögum, húsaleigulögum, ábúðarlögunum frá 1961, þ. e. a. s. ýmsum lögum um einstakar samningstegundir. Eins og nánar verður rakið í þætti 5.0. eru lagaákvæði þessi viss vísbending um almenna heimild dómstóla til þess að virða að vettugi ósanngjörn samningsákvæði, enda má og finna þess dæmi úr íslenskri réttarframkvæmd, eins og nánar verður skýrt í 5.0., að íslenskir dómstólar hafa vikið til hliðar samningsákvæðum, sem að þeirra mati hafa verið ósanngjörn í garð annars samningsaðilja."

3) Um dæmi úr íslenskri dómaframkvæmd um heimildir til að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum segir á bls. 32:

„Finna má þess dæmi úr íslenskri dómaframkvæmd, að dómstólar hér á landi hafa tekið sér það vald að heimila öðrum samningsaðilja einhliða hækkun umsamins verðs samkvæmt samningi, jafnvel þó svo að rétti til þess að krefjast leiðréttingar samningsverðsins hafi ekki verið til að dreifa samkvæmt viðkomandi samningum. Virðast sanngirnissjónarmið fyrst og fremst hafa legið til grundvallar niðurstöðunum í dómum þessum og athyglisvert er, að ágreiningsefni í öllum þeim málum, sem um ræðir, fellur utan sviðs þeirra einstöku laga um tilteknar samningstegundir, sem getið var í 5.4. hér að framan.

Í þremur af þessum dómum var réttur til einhliða hækkunar viðurkenndur, en í fjórða málinu, þ. e. **Hrd. 1940,478,** var dómur héraðsdóms ómerktur vegna galla á málsmeðferð, en eigi að síður tekið fram í dómi Hæstaréttar, þó svo að sakarefnið hlyti þar ekki efnisúrlausn, að ákvæði leigusamnings þess, er um var deilt í málinu, um endurgjald fyrir lóðarafnot hafi ekki getað bundið lóðareiganda um ófyrirsjáanlega framtíð, þar sem samningurinn hafi verið óuppsegjanlegur. Skal nú gerð grein fyrir dómum þessum, en áður er vikið að dómi Hæstaréttar í **Hrd. 1955,691,** þar sem brostnar forsendur samningsákvæðisins leiddu til þeirrar niðurstöðu að lóðareigandi gat krafist hækkunar lóðarverðsins, sbr. 5.3. hér að framan."

4) Um ólögfesta meginreglu í íslenskum rétti er heimilar að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum segir á bls. 41–42:

„Eins og rakið var í 5.5. hér að framan má víst telja, að til sé í íslenskum rétti ólögfest meginregla, er heimilar að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum. Regla þessi felur það í sér, eins og Karsten Gaarder bendir á og rakið er í 5.6. hér að framan, að dómstólar þurfa ekki að veita lögvernd samningsákvæðum, sem eru bersýnilega ósanngjörn í garð annars samningsaðilja. Það er eitt af megineinkennum eignarréttinda (fjárverðmæta), að eigandi þeirra hefur aðild til þess að leita aðstoðar dómstóla og yfirvalda til verndar rétti sínum (sbr. Ólafur Lárusson, Eignaréttur, MCML, bls. 12."

5) Um setningu laga um leiðréttingu orkuverðs segir á bls. 26:

„Þess er áður getið (bls. 12–14), að ætla verði, að löggjafinn geti gripið inn í gerða samninga, jafnvel samninga sem ríkið sjálft er aðili að, þegar lagasetning hefur það að markmiði að leiðrétta samningsákvæði, þegar slíkt er nauðsynlegt vegna brostinna forsendna eða breyttra aðstæðna eftir gerð samnings.

Áður hefur og verið greint frá því sjónarmiði fræðimanna (bls. 21), að ríkið eins og aðrir samningsaðiljar geti borið fyrir sig reglurnar um brostnar forsendur og afleiðingar þeirra, ef skilyrði þess eru fyrir hendi á annað borð. Virðast fræðimenn eins og t. d. Andenæs gera ráð fyrir því, að með lagasetningu sé þá hægt að ná fram leiðréttingu viðkomandi samningsákvæðis vegna brostinna forsendna. Hefur verið á það bent af sömu fræðimönnum, að löggjafinn geti þá að nokkru metið það, hvort skilyrðum þess að bera fyrir sig brostnar forsendur sé fullnægt. Í ljósi þessa verður að ætla, að Alþingi geti leiðrétt orkuverðið samkvæmt rafmagnssamningi ÍSALs og Landsvirkjunar til samræmis við upphaflegt samningsmarkmið, ef það er mat löggjafans, að forsendur verðákvæðisins séu brostnar. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi, að dómstólar hafa vald til þess að meta það, hvort hinum efnislegu skilyrðum þess að bera fyrir sig brostnar forsendur hafi í raun verið fullnægt, og þá jafnframt, hvort einhliða leiðrétting hafi verið lögmæt."

7. Um brostnar forsendur.

Eins og fyrr er getið eru ekki önnur ákvæði í aðalsamningi og rafmagnssamningi sem fjalla um breytingar á samningunum en 51. gr. í aðalsamningi og 28. gr. í rafmagnssamningi, en báðar segja greinar þessar, að breytingar á viðkomandi samningi verði ekki gerðar nema með viðbótarsamningi. Um aðalsamning er sagt að Alþingi skuli staðfesta breytingu á honum, en í rafmagnssamningi er sagt að viðbótarsamningur skuli vera löglega undirritaður.

Einnig er áður vikið að 38. gr. aðalsamnings, sem segir að hækkanir eða lækkanir á byggingar- og rekstrarkostnaði bræðslu, virkjunar, hafnar og skyldra mannvirkja skuli ekki vera forsenda að breytingum, umskiptum eða undanþágu frá (modification or reformation of or relief from) neinum ákvæðum samnings þessa eða neins fylgisamninganna og skulu engin áhrif hafa á skuldbindingar aðila hans og þeirra. Líklegast er að ákvæði þetta, sem mun mega rekja til fulltrúa Alusuisse, vísi til hinna almennu reglna um brostnar forsendur og breyttar aðstæður. Talsmenn félagsins, sem fyrst og fremst sóttust eftir lágu orkuverði hér á landi, hafa að líkindum gert sér grein fyrir að teflt var á tæpasta vað af hálfu Íslendinga með orkuverðið, sem var ákveðið lítið eitt fyrir ofan kostnaðarverð orkunnar, en kostnaðarverðið var byggt á áætlunum um væntanlegan stofnkostnað Búrfellsvirkjunar. Hefur Alusuisse viljað reyna að tryggja sig fyrir áhrifum þess á raforkuverðið, að framleiðslukostnaður reyndist hærri en áætlað var, vegna þess að stofnkostnaður virkjunarinnar yrði hærri en reiknað hafði verið með. Verður að álykta að Alusuisse hafi með þessu viðurkennt að það hafi verið ein af forsendum Íslendinga, að raforkuverðið yrði nægilega hátt til að greiða framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá Búrfelli og Alusuisse hafi með þessu ákvæði viljað tryggja að áhættuna af þessari forsendu bæru Íslendingar einir og áhættan væri Alusuisse óviðkomandi. En með þessu viðurkennir Alusuisse gildi reglunnar um brostnar forsendur og breyttar aðstæður. Alusuisse var ljóst, að margar forsendur lágu að baki ákvörðun Íslendinga um að semja á þann hátt við Alusuisse sem gert var aðrar en að áætlaður stofnkostnaður virkjana yrði ekki hærri en svo að umsamið orkuverð yrði lítið eitt hærra en kostnaðarverð orkunnar. Nefna má sem dæmi ytri tolla Efnahagsbandalags Evrópu, raforkuverð til álvera í Bandaríkjunum og Evrópu, stöðugleika bandaríkjadollars o. fl. Þá var það og forsenda að tekjur ríkissjóðs af skattgreiðslum frá bræðslunni yrðu verulegar og nálægt 50% af tekjum af raforkusölu hið minnsta. Slíkar tekjur hafa að

verulegu leyti brugðist. Hlutfall orku og skatta af framleiðslukostnaði hafa orðið miklu lægri en byggt var á, en áætlanir þar að lútandi voru byggðar á upplýsingum frá Alusuisse um fyrirhugaðan rekstur. Augljóst er að Íslendingar höfðu þess lítinn kost að meta upplýsingarnar frá Alusuisse um arðsemi hinnar fyrirhuguðu bræðslu og urðu alfarið að treysta á þá útreikninga og hagkvæmnispár sem Alusuisse lagði fyrir íslensk stjórnvöld. Að svo miklu leyti sem þær upplýsingar hafa brugðist hlýtur það að vera á áhættu Alusuisse.

Margvíslegar forsendur aðrar en forsendan um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar hafa brostið og aðstæður hafa breyst á marga lund á ófyrirsjáanlegan hátt. Alusuisse hefur ekki reynt að flytja áhættuna af þeim forsendum yfir á Íslendinga í aðalsamningi eða öðrum samningum og því er nú unnt af Íslendinga hálfu að bera fyrir sig þessar breyttu aðstæður og brostnu forsendur og breyta samningum aðila til samræmis við breyttar aðstæður og nýjar forsendur m. a. með vísan til 38. gr. aðalsamnings.

Meðal ákvæða sem heimila Alusuisse að breyta skuldbindingum sínum sér í hag má nefna 10. gr., en samkvæmt henni má félagið draga úr framleiðslu í bræðslu Ísal niður fyrir lágmarksframleiðslumagn, ef framleiðsla annarra bræðsla félagsins er skert um sem svarar ¼ af meðalframleiðslugetu á þremur mánuðum samfleytt, hvort sem er vegna söluvandkvæða eða skorts á hráefnum eins og súráli eða anóðum.

Í skattakafla aðalsamnings er gerð tilraun til að ákvarða skattalega stöðu Ísal í landinu í eitt skipti fyrir öll. Er samið um eitt framleiðslugjald sem komi í stað allra annarra skatta að undanteknum þeim sem sérstaklega eru upp taldir. Þeir skattar og gjöld, sem Ísal greiðir samkvæmt 31. gr., eru nákvæmlega skilgreindir og sagt að Ísal sé skylt að greiða „skatta og gjöld, sem núgildandi lög gera ráð fyrir, að því marki og í þeim mæli, sem segir í þessari málsgrein (svo og aðra svipaða skatta og gjöld, sem almennt eru þau sömu að upphæð og síðar kunna að verða lögleidd)". Skattar þessir og gjöld eru minniháttar og flestir eins konar endurgjald fyrir framlag af hálfu hins opinbera. Verður að ætla að hugsunin sé sú að Ísal greiði þessi gjöld eða samsvarandi gjöld meðan félagið starfar og einnig þau gjöld, sem felld eru niður með nýrri löggjöf, ef ekki kemur gjald eða skattur í staðinn. Sem dæmi má nefna iðnaðarrannsóknargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, en lögin hafa verið felld úr gildi án þess að nýtt gjald væri ákveðið í staðinn. Gjald samkvæmt lögunum virðist Ísal eiga að greiða áfram, enda þótt lögin séu felld úr gildi, til að skattaleg staða félagsins breytist ekki. Í samningnum er því gerð tilraun til að semja um það að Alþingi afsali sér skattlagningarvaldinu gagnvart Ísal og skuli staða þess félags vera sú hér á landi, en það beri ekki nýja skatta og nýjar álögur til jafns við önnur fyrirtæki í landinu. Alusuisse óskaði eftir sambærilegri stöðu fyrir dótturfyrirtæki sitt í Husnes í Noregi við stofnun þess nokkru áður en Ísal var stofnað, en fékk ekki, enda talið óheimilt í Noregi og ógilt að stjórnskipunarlögum að semja á þann veg.

Í 33. gr. aðalsamnings er enn fjallað um skattalega stöðu Ísal og sagt að ákvæði aðalsamnings og annarra samninga skuli ein ráða gjaldskyldu Alusuisse og Ísal og eigi skuli leggja neina aðra skatta og gjöld á Alusuisse og Ísal vegna starfsemi og athafna hér á landi á samningstímanum og allt að tíu árum til viðbótar. Þá er og sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að leggja neins konar skatt á Ísal í sambandi við öflun, flutning, spennubreytingu, afriðlun, notkun eða eyðslu á rafmagni sem bræðslunni er látið í té samkvæmt rafmagnssamningnum að undanskildu því, sem greinir í aðalsamningi og rafmagnssamningnum.

Um gildi slíkra samningsákvæða er fjallað í greinargerð Þorgeirs Örlygssonar og vísast til hennar þar um.

Sérstakt endurskoðunarákvæði er að finna í öðrum viðauka við aðalsamning frá 1975 og er það nú í gr. 26.02 í aðalsamningi, en þar er skilgreint hugtakið heimsmarkaðsverð áls eins og það er notað í samningnum að því er varðar framleiðslugjald. Síðan segir að ef annar hvor aðili telji þannig auglýst heimsmarkaðsverð á áli ekki sýna rétta mynd af markaðnum, þá skuli aðilar taka upp samningaumleitanir í því skyni að reyna að ná samkomulagi um

sanngjarnari mælikvarða á rétt markaðsverð. Í ákvæði þessu er því lögð skylda á aðila til að breyta samningi þegar tilteknar aðstæður eða forsendur breytast. Af þessu ákvæði má e. t. v. ályktа sem svo, að almennt geti aðilar krafist breytinga á samningi þegar aðstæður breytast, en ástæða hafi þótt til að setja sérstakt ákvæði um þetta eina atriði, en það sé aðeins til sérstakrar áherslu.

Í 35. gr. 1. mgr. segir, að ríkisstjórnin skuli ekki á neinn hátt skerða meðferð fjárfestinga Alusuisse og Ísal með ósanngjörnum eða hlutdrægum aðgerðum. Í 35. gr. 2. og 3. mgr. eru áréttuð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar (67. gr.). Ekki er unnt að túlka þá grein öðruvísi en þannig, að verið sé að ítreka að Alusuisse hafi sömu vernd eigna sinna á Íslandi og aðrir útlendingar, en félagið mun hafa viljað tryggja sig gegn hugsanlegum breytingum á stjórnarskránni með ákvæði þessu.

Um deilumál er ákvæði í 46. gr. aðalsamnings og þar lögð sú skylda á aðilana að reyna að jafna ágreining sín á milli í góðri trú á vinsamlegan hátt.

Af framangreindu er ljóst, að ekki er að finna í aðalsamningi eða rafmagnssamningi nein bein almenn ákvæði um skyldu aðila til samningsgerðar, annaðhvort við tilteknar aðstæður eða á vissu árabili. Þar er heldur ekki að finna neitt bann við því að breyta ákvæðum samninganna og beinlínis gert ráð fyrir slíkum breytingum í 51. gr. aðalsamnings og 28. gr. rafmagnssamnings. Einna helst er að finna vísbendingu um þetta í ákvæði í 38. gr., sem ætlað er að koma í veg fyrir að brostnar forsendur á alveg sérstaklega afmörkuðu sviði leiði til breytinga á samningum aðila. Af þeirri grein má gagnálykta að breyttar aðstæður og brostnar forsendur á öðrum sviðum geti heimilað öðrum aðilanum leiðréttingu. Á réttinn til endurskoðunar hefur einkum reynt eftir orkuverðshækkunina í heiminum eftir olíuverðshækkunina 1973, en þá vildi svo til að Íslendingar þurftu að fá hækkun á orkuverði, en Alusuisse þurfti að fá skattgjald sitt lækkað, en það stefndi í margfalda hækkun vegna örra hækkana á heimsmarkaðsverði á áli. Um áhrif brostinna forsendna á samningana mátti stjórnendum og lögmönnum Alusuisse vera ljóst. Svissnesk lög eru t. d. ótvíræð að þessu leyti en í greinargerð Charles J. Lipton er þeim ákvæðum lýst þannig:

„Í Sviss hefur úrlausn verið veitt sökum breyttra kringumstæðna með skírskotun til 2. greinar lögbókar þeirra og greina 119 og 373 í lagabálki um kröfurétt. Í áðurnefndum greinum segir ef um „contrat d'enterprise“ er að ræða:

> „Ef framkvæmd verksins er hindruð eða verður sérstaklega erfið vegna óvenjulegra kringumstæðna sem ómögulegt er að sjá fyrir eða eru ekki taldar upp meðal atvika sem aðilar hafa talið upp yfir kringumstæður sem sjá mætti fyrir má dómari hækka samningsverð eða fella úr gildi samninginn.“

Í 119. gr. lagabálks um kröfur segir:

„1. Krafan fellur niður þegar efndir verða ómögulegar vegna kringumstæðna sem ekki varða skuldara.

2. Sé um tvíhliða samning að ræða, skal skuldari, ef hann losnar undan efndum á fyrrgreindan hátt, greiða samkvæmt reglum um ólögmæta auðgun það sem hann hefur þegar fengið og má ekki krefja um það sem eftir stendur.

3. Undanþegin þessu ákvæði eru tilvik þar sem lög eða samningar mæla svo fyrir, að kröfuhafi skuli bera áhættu jafnvel áður en krafan er efnd.“

Með því að beita þessum reglum og stundum með vísan til meginreglna laga hafa svissneskir dómstólar að fullu viðurkennt kenningar um imprévision:

„Ójafnvægi sem verður milli greiðslu og gagngreiðslu vegna breyttra kringumstæðna verða að leiða til endurskoðunar eða breytinga á samningi ef slíkt ójafnvægi er meiri háttar, augljóst og óhóflegt.“ “

8. Endurskoðun samninga.

Upphaf endurskoðunar aðalsamnings og rafmagnssamningsins árið 1975 má m. a. rekja til samningaviðræðna fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar við Alþjóðabankann árið 1973 um lán til Sigölduvirkjunar, en í bréfi Landsvirkjunar til bankans 20. des. 1973 segir m. a., að með hliðsjón af viðræðum við bankann og með það í huga að uppfylla arðsemiskröfur bankans staðfesti Landsvirkjun að hún hafi í hyggju m. a. að grípa til þeirra aðgerða að leita eftir endurskoðun á aðalsamningi og rafmagnssamningi í samvinnu við ríkisstjórnina og Alusuisse að því er varðar gildandi gjaldskráruppbyggingu og semja við Ísal um gjald fyrir viðbótarorku, sem skili Landsvirkjun hæfilegum arði. Ennfremur að afla framvegis í samningum um orkusölu samþykkis kaupenda við verðbreytingarákvæðum til að vega á móti hækkuðum framleiðslukostnaði og verulegum sveiflum í verðmæti gjaldmiðla.

Á árunum 1974–1975 fóru síðan fram viðræður milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse og óskaði ríkisstjórnin eftir hækkuðu orkuverði og verðbreytingarákvæði. Alusuisse óskaði eftir hagstæðari skattgjaldsreglum og stækkun bræðslunnar, svo og viðurkenningu á skilningi sínum á meðferð skattinneignar félagsins hjá íslensku ríkisstjórninni.

Í aðfararorðum viðaukasamnings aðila dagsetts 10. desember 1975 er forsendum aðila m. a. lýst þannig:

> Ríkisstjórnin og Alusuisse óska að gera verulegar breytingar á framleiðslugjaldi ÍSALs, og greiðsluháttum þeim, er um það gilda, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í áliðnaði og á efnahagsástandi í heiminum síðan aðalsamningurinn var gerður, og til að halda því markmiði að tryggja reglulegar skattgreiðslur úr hendi ÍSALs, en sneiða hjá sveiflum á þeim, er bersýnilega séu úr samhengi við raunverulega efnahagsstöðu fyrirtækisins.
>
> Landsvirkjun og ÍSAL óska að gera verulegar breytingar á verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar, með samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í orkumálum og á efnahagsástandið í heiminum síðan rafmagnssamningurinn var gerður, og til þess að veita kost á aðlögun að síðari þróun með hæfilegri stigbreytingu á verðinu.

Enda þótt fulltrúar Alusuisse hafi jafnan haldið því fram í viðræðum, að ekki kæmi til álita að gera annars konar samkomulag en það, að Alusuisse fengi í sinn hlut jafnmikið og það léti af hendi, þá fer ekki á milli mála að Alusuisse hefur með fyrrgreindum aðfararorðum viðurkennt að breyttar aðstæður, sem felast í þróun í áliðnaði, orkumálum og efnahagsástandi í heiminum, leiði til þess að óhjákvæmilegt geti orðið að breyta samningum aðila. Í þessu dæmi árið 1975 vildi svo til að báðir aðilar höfðu hagsmuni af því að ráðast í endurskoðun samninganna, en réttmæti og nauðsyn leiðréttingar hefði verið jafnmikil, enda þótt aðeins annar aðilinn hefði orðið fyrir tjóni af þróuninni.

Ekki er ástæða til að meta það hér, hvort öðrum hvorum aðilanum var meiri nauðsyn en hinum á endurskoðun 1975, en augljóst er að nauðsyn beggja var veruleg. Ekki verður heldur lagt á það mat hvort öðrum hvorum tókst að fá meiri hagsmuni út úr samningsgerðinni en hinum. Það sem skiptir máli er að báðir aðilar viðurkenndu í raun að leiðrétting á samningi við breyttar aðstæður er lögvarinn réttur samningsaðila.

9. Sérstaða langtímasamninga um nýtingu náttúruauðlinda

Samningar sem varða nýtingu náttúruauðlinda hafa sérstöðu meðal alþjóðlegra fjárfestingarsamninga til langs tíma. Sú sérstaða er grundvölluð á þeim nánu tengslum sem eru milli nýtingar á náttúrulegum auðlindum ríkja og beitingu á fullveldisrétti þeirra:

Í þjóðarétti hafa á undanförnum árum þróast almennar reglur um meðferð fullveldisréttar yfir náttúruauðlindunum. Í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um ævarandi

fullveldi ríkja yfir náttúruauðlindunum, sem samþykkt var 14. desember 1962, er því lýst yfir:

„1. Að réttindi þjóða og ríkja til ævarandi fullveldis yfir náttúruauðlegð og náttúruauðlindum skuli nýta til framfara fyrir þjóðarheildina og til góðs fyrir þegna viðkomandi ríkis.
2. Að rannsóknir, þróun og nýting slíkra auðlinda, svo og innflutningur fjármagns í þeim tilgangi, skuli vera í samræmi við þær reglur, og með þeim skilyrðum, sem þjóðir og ríki telja nauðsynleg eða æskileg, hvað varðar leyfi til, höft á eða bann við slíkri starfsemi.
3. Að þegar leyfi til fjárfestingar eru veitt skal um hið innflutta fjármagn, og tekjur af því, fara samkvæmt gildandi löggjöf í viðkomandi ríki og samkvæmt alþjóðalögum. Arður af slíkri fjárfestingu skal skiptast milli fjárfestingaraðilans og ríkisins, sem í hlut á, í hlutföllum sem samkomulag næst um hverju sinni. Gæta skal þess þó að óskorað fullveldi ríkja yfir náttúruauðlindum verði aldrei skert.
4. Að þjóðnýting, eignarnám eða eignarupptaka skuli vera grundvölluð á almenningsheill, þjóðaröryggi, eða öðrum þjóðarhagsmunum sem viðurkennt er að eru hafnir yfir persónulega hagsmuni og einkahagsmuni, innlenda sem erlenda. Í slíkum tilvikum skulu eigandanum greiddar sanngjarnar bætur samkvæmt þeim réttarreglum sem í gildi eru í því ríki, sem grípur til slíkra aðgerða í krafti fullveldis síns og samkvæmt reglum þjóðaréttar. Þegar deilt er um bótaskyldu samkvæmt þessari grein skulu úrræði viðkomandi ríkis til lausnar slíkum deilum reynd til hins ítrasta til að útkljá deiluna. Hafi fullvalda ríki og fjárfestingaraðili samið svo um skal skera úr ágreiningnum með gerð eða fyrir alþjóðlegum dómstól.
5. Að frjáls og þjóðrækin beiting fullveldisréttar þjóðar yfir náttúruauðlindunum skuli framkvæmd með gagnkvæmri virðingu milli ríkja, sem grundvölluð skal á fullvalda jafnrétti allra ríkja.
6. Að alþjóðleg samvinna, er miði að efnahagslegum framförum þróunarríkja, hvort sem um er að ræða fjárfestingu opinberra eða einkaaðila, tækniaðstoð eða skipti vísindalegra upplýsinga, skal hafa það að markmiði að þróa aukið efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og skal vera grunduð á virðingu fyrir fullveldi ríkis yfir náttúruauðlindum þess og auðlegð.
7. Að brot á rétti þjóða og ríkja til fullveldis yfir náttúruauðlindum þess er gagnstætt anda og meginreglum stofnskrár hinna Sameinuðu þjóða, og hindrar þróun alþjóðasamstarfs og friðsamlega sambúð ríkja.
8. Að alþjóðasamninga um erlendar fjárfestingar, sem gerðir eru við eða milli fullvalda ríkja, skuli virða; ríki og samtök þeirra skulu vandlega og samviskusamlega virða fullveldi þjóða og ríkja yfir náttúruauðlegð og auðlindum í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og þær meginreglur sem settar eru fram í þessari ályktun."

Telja verður að með ofangreindri ályktun hafi allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna verið að skrá alþjóðlegan venjurétt á þessu sviði. Síðari réttarframkvæmd ríkja hefur fest reglur þessar í sessi. Jafnframt hefur réttarþróunin á þessu sviði verið staðfest af síðari ákvörðunum Sameinuðu þjóðanna, svo sem yfirlýsingu um nýskipan efnahagsmála í heiminum, sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1974, og stofnskrá um efnahagslegan rétt og skyldur ríkja sem einnig var samþykkt á allsherjarþinginu 1974.

Tveir alþjóðasamningar sem gerðir voru á vegum Sameinuðu þjóðanna skapa grundvöllinn að alþjóðlegri mannréttindavernd samtímans. Það er samningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi annars vegar og samningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi hins vegar. Báðir voru samningar þessir samþykktir af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 16. desember 1966. Flest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru aðilar að samningunum. Í 1. gr. 2. mgr. samninganna eru samhljóða ákvæði er staðfesta helgi reglunnar um ævarandi fullveldi ríkja yfir náttúruauðlindum, en þar segir:

„Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum brjóti það ekki í bága við neinar skuldbindingar sem leiðir af alþjóðlegri efnahagssamvinnu, byggðri á grundvallarreglunni um gagnkvæman ábata og þjóðarétti. Aldrei má svipta þjóð ráðum sínum til lífsviðurværis."

Á grundvelli meginreglna um fullveldi yfir náttúruauðlindunum hafa fjölmargir samningar til langs tíma, milli ríkisstjórna og erlendra fjárfestingaraðila, um nýtingu náttúruauðlinda verið endurskoðaðir, í vissum tilvikum einhliða með löggjöf eða á annan hátt.

Ennfremur er rétt að minna á að samkvæmt ofangreindum meginreglum er það ekki einasta réttur heldur skylda ríkisstjórna að beita fullveldisrétti ríkis til að tryggja þegnunum réttláta hlutdeild í arði af nýtingu náttúruauðlindanna. Með hliðsjón af því að Alusuisse hefur neitað að taka upp raunhæfar viðræður við stjórnvöld um leiðréttingu orkuverðsákvæða samninganna er því lagt til að tryggt verði með löggjöf að hlutdeild þjóðarinnar rýrni ekki frá því sem fyrirhugað var 1966 er samningarnir voru gerðir.

Að lokum er rétt að minna á ályktun Alþingis sem samþykkt var 15. febrúar 1972 um landhelgismál, en markmiðin með þeirri ályktun og því frumvarpi til laga sem hér er lagt fram eru þau sömu: að tryggja óskorað fullveldi íslenska ríkisins yfir náttúruauðlindum þess.

Í þingsályktuninni segir:

„Alþingi ítrekar þá grundvallarstefnu Íslendinga, að landgrunn Íslands og hafsvæðið yfir því sé hluti af íslensku yfirráðasvæði, og ályktar eftirfarandi:

1. Að fiskveiðilandhelgin verði stækkuð þannig, að hún verði 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1972.
2. Að ríkisstjórnum Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands verði enn á ný gerð grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningar þeir um landhelgismál, sem gerðir voru við þessi ríki 1961, ekki lengur átt við og séu Íslendingar ekki bundnir af ákvæðum þeirra.
3. Að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar.
4. Að unnið verði áfram í samráði við fiskifræðinga að ströngu eftirliti með fiskistofnum við landið og settar, eftir því sem nauðsynlegt reynist, reglur um friðun þeirra og einstakra fiskimiða til þess að koma í veg fyrir ofveiði.
5. Að haldið verði áfram samstarfi við aðrar þjóðir um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar og heimilar ríkisstjórninni að lýsa einhliða yfir sérstakri mengunarlögsögu á hafinu umhverfis Ísland."

10. Er leiðrétting orkuverðs með löggjöf dulið eignarnám?

Hugsanlegt er, að því verði haldið fram, að aðgerðir íslenskra stjórnvalda, sem leiða til hækkaðs raforkuverðs til Ísal án þess að samþykki Alusuisse liggi fyrir, megi jafna til eignarnáms að hluta og að fullar bætur eigi að koma fyrir.

Á slíkar röksemdir er erfitt að fallast. Raforkuverðið var ekki óeðlilegt árið 1966, þegar upphaflega var um það samið, hvort sem miðað var við raforkuverð, sem þá var algengt að álver greiddu, eða annan mælikvarða. Ennfremur skerti það samkeppnisstöðu álversins, að greiða þurfti toll af áli frá Íslandi, sem selt var til ríkja Efnahagsbandalags Evrópu. Færðu fulltrúar Alusuisse að því rök, að félagið gæti greitt verulega hærra verð fyrir orkuna, ef Ísland fengi tollfrjálsan aðgang að markaði ríkja EBE.

Síðan hefur það gerst, að verð á raforku til álvera hefur stórhækkað og er nú að meðaltali 3 til 4 sinnum hærra en til álversins í Straumsvík. Þetta á einnig við um raforkuverð til til álvera í eigu Alusuisse, því meðalverð sem fyrirtækið greiðir nú er um það bil 3 sinnum

hærra en verðið til álversins í Straumsvík. Þá hefur Ísal fengið tollfrjálsan aðgang að markaði ríkja EBE.

Alusuisse gat ekki búist við því árið 1966 eða síðar, að raforkuverðið á Íslandi lækkaði sífellt miðað við orkuverð til álvera annars staðar og það fengi staðist að Alusuisse bæri fyrir sig að Ísland yrði að taka áhættuna eitt af því að raforkuverðið til Ísal yrði því æ hagstæðara, jafnframt því sem orkuverð til almenningsveitna yrði æ hærra til að unnt yrði að standa við afhendingu á orku til Ísal.

Leiðrétting á orkuverði til Ísal, sem tæki tillit til forsendna samningsaðila og breyttra aðstæðna, hefði það í för með sér að Ísal myndi greiða ámóta orkuverð og samkeppnisaðilar bræðslunnar og með því myndi ekki vera talið að verið væri að ganga á eignir Ísal hér á landi. Slík leiðrétting yrði því ekki metin jafngild eignarnámi, sem heimilaði Ísal eða Alusuisse bótarétt.

Jafnframt er augljóst, að Alusuisse verður að viðurkenna rétt ríkisins til að beita fullveldi sínu með því að skipa málum með lögum og telji Alusuisse slíka löggjöf brjóta gegn lögvernduðum rétti sínum verður félagið að leggja þann ágreining fyrir dómstól. Alusuisse getur ekki neitað að fara að íslenskum lögum hér á landi.

11. Lögbundinn fyrirvari um lágmarksverð í 11. gr. 2. mgr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun.

Aðeins hefur verið vikið að því, að í gildi hafi verið árið 1966 það ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga um Landsvirkjun sem mælir fyrir um lágmarksverð orku til stóriðju, sem ráðherra getur samþykkt, svo bindandi sé að lögum. Á það var og bent, að um þetta ákvæði laga var Alusuisse kunnugt. Rafmagnssamningurinn milli Landsvirkjunar og Ísal var gerður eftir að lögin um Landsvirkjun voru samþykkt og ákvæðið í 11. gr. 2. mgr. var einkum sett vegna fyrirhugaðs samnings um stórfellda sölu á orku til álvers og vegna þess að samningurinn átti að gilda um langa hríð. Rafmagnssamningurinn var ekki lagður fyrir Alþingi til samþykktar árið 1966 né heldur síðar er samið var um breytingar á honum. Hann hefur því ekki lagagildi á Íslandi.

Sú forsenda fyrir rafmagnssamningnum að hann mætti ekki leiða til hækkunar á verði á orku til almenningsveitna var skv. framansögðu kunn Alusuisse og má líta svo á, að hún hafi verið viðurkennd af Alusuisse, þar sem félagið óskaði ekki sérstaklega eftir að vera óháð þeirri reglu, sem þó var sett sérstaklega vegna samningsviðræðna við Alusuisse árið 1965.

Af þessu verður ályktað, að það myndi hafa fullt gildi að lögum, að ráðherra orkumála afturkallaði samþykki sitt við orkuverðinu og tilkynnti Landsvirkjun og Alusuisse hvert væri það lágmarksverð til Ísal, sem ekki hefði í för með sér hærra orkuverð til almenningsveitna en ella.

Það gæti talist ókostur við þessa leið að draga mætti í efa að ákvæðið væri nógu skýrt um það, hvernig meta skyldi hvenær verð á raforku til stóriðju telst hafa í för með sér meiri hækkun á orkuverði til almenningsveitna en ella.

Af þeirri ástæðu er lagt til að löggjafarleiðin verði farin og lagt til skv. 1. gr. að lágmarksverð verði skilgreint í lagatextanum sjálfum til bráðabirgða í stað þess að ráðherra einn meti hækkunarþörfina.

12. Meginniðurstöður.

Meginniðurstöður af framansögðu eru þessar:

a) Íslenskar réttarreglur eru því ekki í vegi, að leiðrétting á verðákvæðum á langtímasamningum geti verið lögmætar.

b) Skilyrði þess eru, að upphaflegar forsendur standist ekki eða verulegar breytingar verði á öðrum sviðum.
c) Forsendur rafmagnssamnings aðila um verð fyrir orku eru löngu brostnar og ekki tókst að leiðrétta þær árið 1975, er samningnum var breytt. Þá hafa aðstæður á þessu sviði gjörbreyst bæði hér og annars staðar.
d) Heimilt er skv. íslenskum rétti að setja almenn lög, sem hafa í för með sér breytingar á raforkuverðinu til Ísal, enda sé sú breyting innan hæfilegra marka miðað við upphaflegar forsendur og breyttar aðstæður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að orkuverð til Ísal hækki í 12.5 mill/kWst frá og með gildistöku laga þessara. Tekið skal fram að ef orkuverð til Ísal hefði hækkað í 12.5 mill/kWst frá og með 1. janúar 1983, myndu áætlaðar tekjur Landsvirkjunar aukast um 181.1 Mkr. fyrir yfirstandandi ár. Þessi tekjuaukning myndi lækka áætlaðan heildargreiðsluhalla Landsvirkjunar fyrir 1983 og 1982 um 38%. Þar af leiðandi myndi áætluð þörf á hækkun orkuverðs til almenningsveitna á tímabilinu 1. febrúar 1983 til 31. desember 1983 lækka úr 125.9% í 51.3%. Eftir 29% hækkun til almenningsveitna, sem tók gildi 1. febrúar 1983, myndi 17.3% hækkun 1. maí 1983 tryggja greiðslujöfnuð fyrir 1982 og 1983 samanlagt. Frekari hækkana myndi þá ekki vera þörf á árinu til að jafna greiðslustöðu Landsvirkjunar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni er sett fram almenn viðmiðun vegna áframhaldandi viðræðna við Alusuisse um endurskoðun raforkuverðákvæðis rafmagnssamningsins. Lagt er til að endurskoðun skuli byggjast á þeirri grundvallarstefnu að raforkuverð í samningum til langs tíma við stóriðjufyrirtæki megi ekki valda hærra raforkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. En það er sú viðmiðun sem samþykki ráðherra orkumála við upphaflegum samningi um raforkusölu til Ísal byggðist á. Orðalag greinarinnar er að þessu leyti samhljóða 11. gr. 2. mgr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun.

Auk þessarar viðmiðunar er lagt til að tekið verði mið af heimsmarkaðsverði á áli, framleiðslukostnaði á raforku og raforkuverði til álvera í heiminum. Samkvæmt niðurstöðu starfshóps iðnaðarráðuneytisins sem skilaði áliti í ágúst 1982 var meðalverð á raforku til álvera í heiminum í júlí 1982 rúmlega 22 mill/kWst. Heildarniðurstaða starfshópsins er að eðlilegt raforkuverð til álversins sé 15—20 mill/kWst.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að sá fyrirvari verði á, að orkuverðið hækki miðað við 1. janúar 1984 ef samningar takast ekki fyrir þann tíma. Jafnframt er lagt til að orkuverðið breytist upp frá því í samræmi við breytingar á heimsmarkaðverði á áli samkvæmt viðmiðun sem notuð er í samningunum við Alusuisse, eftir endurskoðun 1975, en þó án þeirrar skerðingar sem felst í gildandi verðtryggingarákvæði.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

FYLGISKJÖL MEÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM LEIÐRÉTTINGU Á ORKUVERÐI TIL ÍSAL.

Efnisyfirlit:

I. Orkuverðið.

Nr. I. Athugun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins h.f., skýrsla starfshóps. ..... 1—158

Nr. II. Umsögn Landsvirkjunar um „athugun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins h.f.“, dags. 30. sept. 1982. ..... 159—160

Nr. III. Greinargerð um raforkuverð til stóriðju, Landsvirkjun. ..... 161—230

Nr. IV. Bréf Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands til iðnaðarráðuneytisins, dags. 27. jan. 1983, um hagkvæmni raforkusamnings við ÍSAL, með fylgiskjölum ..... 231—233

Nr. V. Samanburður á þróun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins h.f. og almenningsrafveitna 234

II. Framleiðslugjaldið.

Nr. VI. Yfirlit um yfirverð á aðföngum Íslenska álfélagsins h.f., samkvæmt niðurstöðu Coopers og Lybrand 235

Nr. VII. Bréf Álviðræðunefndar til iðnaðarráðherra um endurákvörðun framleiðslugjaldsins, dags. 21. nóvember 1982 ..... 236—238

Nr. VIII. Álitsgerð Benedikts Sigurjónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara og Ragnars Aðalsteinssonar, hrl. um álagningu framleiðslugjalds á Íslenska álfélagið h.f. ..... 239—241

III. Skattamál, almennt.

Nr. IX. Skattgreiðslur Íslenska álfélagsins h.f., álit starfshóps iðnaðarráðuneytisins ..... 243—304

IV. Leiðrétting á orkuverðinu með löggjöf.

Nr. X. Greinargerð um endurskoðun álbræðslusamninganna með lagasetningu, Þorgeir Örlygsson, lögfræðingur ..... 305—352

Nr. XI. Greinargerð um grundvöll þess að krefjast endurskoðunar á samningum um efnahagsþróun til langs tíma eða grípa til einhliða aðgerða, Charles J. Lipton, lögfræðingur ..... 353—360

STARFSHÓPUR UM RAFORKUVERÐ TIL ÍSAL

ATHUGUN Á RAFORKUVERÐI

TIL ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS H. F.

Júlí 1982

STARFSHÓPUR UM
RAFORKUVERÐ TIL ÍSAL

Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Iðnaðarráðuneytinu
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK

4. ágúst 1982

Með bréfi yðar dagsettu 9. janúar 1981 voru undirritaðir skipaðir í starfshóp til að gera athugun á þróun raforkuverðs til Íslenska álfélagsins h.f. og afla gagna og röksemda fyrir hækkun raforkuverðs til ÍSAL.

Starfshópurinn hefur nú lokið störfum og sendir yður hér með hjálagða skýrslu. Starfið hefur tekið lengri tíma en í upphafi var áætlað, en ástæða þess er m.a. sú að gagnaöflun reyndist mun umfangsmeiri en áætlað hafði verið.

Meginniðurstaða starfshópsins er sú, að gjörbreyttar forsendur frá því að raforkusamningurinn var gerður árið 1966 og endurskoðaður árið 1975 réttlæti kröfur um að raforkuverðið hækki í 15-20 mill/kWh miðað við núgildandi verðlag.

Niðurstaða þessi tekur fyrst og fremst mið af breyttum forsendum varðandi framleiðslukostnað á raforku innanlands, þróun raforkuverðs til álvera annars staðar í heiminum og samkeppnisstöðu álverksmiðju á Íslandi samanborið við verksmiðjur í V-Evrópu og N-Ameríku.

Starfshópurinn hefur ekki tekið mið af því sérstaka ástandi sem nú ríkir á álmörkuðum enda gert ráð fyrir að þar sé um tímabundinn vanda að ræða. Í skýrslunni er heldur ekki fjallað um hugsanlegar breytingar á öðrum ákvæðum álsamninganna, sem til umræðu kunna að koma við endurskoðun þeirra og áhrif hefðu á mat á endanlegum samningum, enda starfshópnum ekki falið að gera athugun á öðrum þáttum en orkuverðinu.

Virðingarfyllst,

Finnbogi Jónsson

Gunnlaugur Jónsson

Jóhann Már Maríusson

Kristján Jónsson

(2)

E F N I S Y F I R L I T

		Bls.
	EFNISYRIRLIT	3
	TÖFLUSKRÁ	6
	MYNDASKRÁ	8
Kafli 1.	INNGANGUR	9
	1.1 Skipun starfshópsins	9
	1.2 Störf starfshópsins	9
Kafli 2.	FORSENDUR OG ÁKVÆÐI SAMNINGA ÍSLANDS OG ALUSUISSE UM RAFORKUVERÐ TIL ÍSAL	11
	2.1 Yfirlit	11
	2.2 Grundvallarákvæði upphaflegs raforkusamnings.	12
	2.3 Grundvallarforsendur raforkusamningsins	14
	2.3.1 Hugmyndir um þróun á orkuverði í heiminum.	14
	2.3.2 Raforkuverð til álvera annars staðar í heiminum	15
	2.3.3 Framleiðslukostnaður á raforku á Íslandi	17
	2.3.4 Hlutfall raforkukostnaðar og tolla af framleiðsluverðmæti	19
	2.3.5 Samkeppnisstaða Íslands í áliðnaði.	20
	2.4 Grundvallarákvæði núgildandi raforkusamnings	21
	2.5 Grundvallarforsendur endurskoðunarinnar 1975	22
	2.5.1 Breyttar forsendur réttlæta endurskoðun	23
	2.5.2 Forsendur varðandi verðbólguþróun	24
	2.5.3 Forsendur samninganna 1975, um raforkuverð til álvera annars staðar í heiminum.	24
Kafli 3.	RAFORKUSALA TIL ÍSAL 1969-1981	33
	3.1 Uppsett afl Landsvirkjunar og orkusala 1969-1981	33
	3.2 Rekstrarafkoma Landsvirkjunar 1971-81.	34

Bls.

Kafli 4. ÞRÓUN RAFORKUVERÐS TIL ÍSAL 1969-1981 47

4.1 Raungildi raforkuverðsins miðað við fast verðlag í Bandaríkjunum 47

4.2 Raungildi raforkuverðsins miðað við fast verðlag á Íslandi 47

4.3 Raforkukostnaður Ísal sem hlutfall af skráðu markaðsverði 48

4.4 Raforkuverð til Ísal miðað við raforkuverð til almenningsveitna 48

4.5 Raforkuverð til Ísal miðað við verðþróun á raforku til álvera annars staðar. 51

4.6 Hlutfallslegur kaupmáttur seldrar raforku til Ísal gagnvart innfluttri olíu . 53

Kafli 5. LÍKLEG ÞRÓUN RAFORKUVERÐS TIL ÍSAL 1982-2014 MIÐAÐ VIÐ ÓBREYTTA SAMNINGA 67

Kafli 6. FRAMLEIÐSLUKOSTANÐUR Í NÝJUM VIRKJUNUM Á ÍSLANDI .:..... 75

6.1 Spá um raforkuþörf 1980-2000 75

6.2 Framleiðslukostnaður á raforku fyrir almenningsveitur og stóriðju í nýjum virkjunum 76

6.3 Arðsemiskröfur og orkuverð 78

Kafli 7. ALÞJÓÐLEG STAÐA OG HORFUR Í VERÐLAGNINGU Á RAFORKU TIL ÁLIÐNAÐAR 84

7.1 Orkugjafar álframleiðslu og helstu framleiðslusvæði. 84

7.2 Norður Ameríka 87

7.2.1 Bandaríkin 87
7.2.2 Kanada 87

7.3 Evrópa 95

7.3.1 Noregur 95
7.3.2 Þýskaland 98
7.3.3 Frakkland 99
7.3.4 Bretland 99
7.3.5 Spánn 100
7.3.6 Ítalía 100
7.3.7 Yfirlit um Evrópu 101

7.4 Japan 102

7.5 Ástralía og Nýja Sjáland 103

7.5.1 Ástralía 103
7.5.2 Nýja Sjáland 104

Bls.

7.6 Afríka 106
7.6.1 Ghana 106
7.6.2 Suður Afríka 108
7.6.3 Zaire 109
7.7 Mið Austurlönd 110
7.8 Suður Ameríka 111
7.8.1 Brasilía 111
7.8.2 Venezuella 112
7.9 Raforkuverð í álverksmiðjum Alusuisse .. 112
7.10 Yfirlit yfir raforkuverð til álvera í heiminum 114

Kafli 8. SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS Í FRAMLEIÐSLU HRÁÁLS. 115
8.1 Framleiðslukostnaður á áli 115
8.1.1 Stofnkostnaður 115
8.1.2 Rekstrarkostnaður 118
8.1.3 Heildarframleiðslukostnaður 120
8.2 Áhrif flutningskostnaðar 121
8.3 Helstu markaðssvæði og áhrif tolla 122
8.4 Samanburður við helstu samkeppnislönd .. 125
8.5 Samkeppnisfært raforkuverð á Íslandi til álframleiðslu 126
8.6 Hagnaður Ísal 1970-1981 og áhrif hækkaðs raforkuverðs á afkomuna 128
8.7 Almennar horfur í áliðnaði 132

Kafli 9 RÖK FYRIR HÆKKUN RAFORKUVERÐSINS TIL ÍSAL Á GRUNDVELLI GJÖRBREYTTRA FORSENDNA 135
9.1 Breyttar forsendur um almennt orkuverð í heiminum 135
9.2 Breyttar forsendur um raforkuverð til áliðnaðar almennt 137
9.3 Breyttar forsendur um framleiðslukostnað raforku á Íslandi 137
9.4 Breyttar forsendur um aðgang að tollfrjálsum álmörkuðum 140
9.5 Endurmat á forsendum Alusuisse frá því í endurskoðuninni 1975 141

Bls.

Kafli 10. VERÐTRYGGING RAFORKUVERÐSINS

10.1 Tenging við skráð verð 145
10.2 Tenging við markaðsverð 146
10.3 Tenging við þróun orkuverðs til stóriðju erlendis 146
10.4 Tenging við framleiðslukostnað í nýjum virkjunum á Íslandi 147
10.5 Tenging við gjaldskrá Landsvirkjunar ... 148
10.6 Tenging við vísitölu 148

Kafli 11. NIÐURSTÖÐUR 149

II. HEIMILDIR 152

III. TÖFLUSKRÁ

Tafla 2.1 Skráð verð á áli 1954-1981 27
" 2.2 Cost comparison energy/freight/duty for aluminium in US ¢ / lb 28
" 3.1 Orkusala Landsvirkjunar 1969-1981 38
" 3.2 Framkvæmdir Landsvirkjunar 1965-1981 í milj. dala á ári hverju (verðlag hvers árs)..... 39
" 3.3 Framkvæmdir Landsvirkjunar 1965-1981 í miljónum dala á föstu verðlagi 40
" 4.1 Raforkuverð til ÍSAL og almenningsveitna 1969-1981 54
" 4.2 Raforkukostnaður hjá ÍSAL sem hlutfall af skráðu heimsmarkaðsverði 55
" 4.3 Framleiðslugjald Íslenska álfélagsins h.f. .. 56
" 4.4 Þróun raforkuverðs frá almenningsveitum í Bandaríkjunum 1973-1980 57
" 4.5 Þróun raforkuverðs til álvera í Bandaríkjunum 1974-1981 58
" 4.6 Hlutfallslegur kaupmáttur seldrar raforku til ÍSAL gagnvart innfluttri gasolíu 59
" 6.1 Áætlun Orkustofnunar (aðferð I) um framleiðslukostnað raforku miðað við mismunandi virkjanaleiðir og staðsetningu 150 MW iðjuvers 80
" 6.2 Áætlun Orkustofnunar (aðferð II) um framleiðslukostnað raforku til almenningsveitna og stóriðju 81

Bls.

Tafla	6.3	Áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f. um framleiðslukostnað raforku í næstu virkjunum	82
"	7.1	Framleiðslugeta áliðnaðarins í heiminum 1982 og áætlun fyrir 1984	85
"	7.2	Meðalverð til álfyrirtækja í Bandaríkjunum á seinni hluta árs 1981	91
"	7.3	Álverksmiðjur í Noregi árið 1981	96
"	7.4	Yfirlit um álframleiðslugetu einstakra landa í Evrópu og meðalverð til áliðnaðar í einstökum löndum	101
"	7.5	Raforkuverð í álverksmiðjum Alusuisse í júlí 1982	113
"	7.6	Raforkuverð til álvera í heiminum 1981 og áætlað verð árið 1990	114
"	8.1	Áætlaður stofnkostnaður álvera eftir stærð og staðsetningu miðað við verðlag 1980	116
"	8.2	Áhrif stærðar álverksmiðju á stofnkostnað	117
"	8.3	Hráefnisnotkun á hvert tonn í álframleiðslu	118
"	8.4	Áætlað raforkuverð til nýrra álvera, verðlag 1982	119
"	8.5	Áætlun Alþjóðabankans um launakostnað í nokkrum löndum	119
"	8.6	Lauslega áætlaður framleiðslukostnaður í nýju 100 þúsund tonna álveri	120
"	8.7	Notkun hrááls á árinu 1979 eftir markaðssvæðum	122
"	8.8	Lauslegt mat á samkeppnishæfni nýrra álvera miðað við sölu til Vestur-Evrópu	126
"	8.9	Reiknuð afkoma Ísal 1970-1981 í bandaríkjadölum	129
"	8.10	Framleiðslukostnaður í 8-10 ára gömlum álverum á árinu 1980	131
"	8.11	Heimsmarkaðsverð á áli skv. verðskráningu Alcan á föstu verðlagi 1981	134
"	9.1	Áætlaður stofnkostnaður starfræktra og nokkurra nýrra vatnsorkuvera	139
"	9.2	Cost comparison energy/freight/duty for aluminium in US ¢ /lb	142

IV. MYNDASKRÁ

			Bls.
Mynd	2-1	Skráð verð á áli 1954-1981	29
"	2-2	Hydro-electric energy resources for the aluminium industry	30
"	2-3	Cost comparison energy/freight/duty for aluminium in US ¢ / lb Basis Iceland: Energy cost 3 mills/kWh ...	31
"	2-4	Cost comparison energy/freight/duty for aluminium in US ¢ / lb Basis Iceland: Energy Cost 4 mills/kWh ...	32
"	3-1	Orkusala Landsvirkjunar 1969-1981	41
"	3-2	Orkusala og tekjur	42
"	3-3	Rekstrarafkoma Landsvirkjunar 1971-82	43
"	3-4	Rekstrarafkoma Landsvirkjunar 1971-81 Arðgjöf á föstu verðlagi	44
"	3-5	Rekstrarafkoma Landsvirkjunar 1971-1981 Arðgjöf á verðlagi hvers árs	45
"	3-6	Raforkuverð Landsvirkjunar 1971-1980	46
"	4-1	Raforkuverð á föstu verðlagi frá 1969	60
"	4-2	Raforkukostnaður og nettó framleiðslugjald hjá Ísal sem hlutfall af framleiðsluverðm.	61
"	4-3	Raforkuverð til Ísal og almenningsveitna .	62
"	4-4	Samanburður á orkuverði til Ísal	63
"	4-5	Dæmi um raforkukostnað á tonn sem hlutfall af skráðu álverði 1981	64
"	4-6	Eldsneytiskostnaður í raforkuframleiðslu og raforkuverð til iðnaðar í Bandaríkjunum	65
"	4-7	Hlutfallslegur kaupmáttur seldrar raforku til Ísal gagnvart innfluttri gasolíu	66
"	5-1	Frjálst markaðsverð í Evrópu og Alcan-verð á áli 1973-1983	70
"	5-2	Hlutdeild raforkukostnaðar hjá Ísal í söluverði áls miðað við skráð verð Alcan	71
"	5-3	Orkuverð til Ísal á 40 ára tímabili skv. upphaflegum orkusölusamningi	72
"	5-4	Áætlað raforkuverð til Ísal 1980-2014 samkvæmt núgildandi orkusölusamningi	73
"	5-5	Raforkuverð til Sör-Norge Aluminium A/s 1966-1982	74
"	6-1	Framleiðslukostnaður og raforkuverð 1981 .	83
"	9-1	Cost comparison energy/freight/duty for aluminium in US ¢ / lb Basis Iceland: Energy cost 6.5 mills/kWh .	143
"	9-2	Cost comparison energy/freight/duty for aluminium in US ¢ / lb Basis Iceland: Energy cost 17.5 mills/kWh	144

1. INNGANGUR

1.1 Skipun starfshópsins

Með bréfi dagsettu 9. janúar 1981 skipaði iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, starfshóp til að athuga raforkuverð til Íslenska álfélagsins h.f. Starfshópurinn var þannig skipaður:

Finnbogi Jónsson, deildarstjóri, iðnaðarráðuneyti, formaður
Gunnlaugur Jónsson, deildarstjóri, Orkustofnun
Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur, Landsvirkjun
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Í skipunarbréfi starfshópsins segir m.a.: „Starfshópnum er ætlað það verkefni að afla gagna og upplýsinga fyrir ráðuneytið um atriði, er varða raforkuverð til Íslenska álfélagsins h.f., eins og það verð hefur þróast, og taka saman greinargerð fyrir ráðuneytið um gögn og röksemdir, sem einkum kemur að haldi í fyrirhuguðum samningaviðræðum við Alusuisse um hækkun raforkuverðsins til Íslenska álfélagsins h.f. Starfshópnum er í þessu sambandi m.a. ætlað að hafa í huga þróun orkuverðs í heiminum almennt, framleiðslukostnað á raforku frá nýjum virkjunum hér á landi, svo og raforkuverð í nýjum og endurskoðuðum samningum við álfyrirtæki annars staðar í heiminum."

Starfshópnum var upphaflega ætlaður mjög stuttur tími til að ljúka störfum, en þar sem verkið reyndist umfangsmeira en í fyrstu var áætlað og þar sem dráttur varð á svari Alusuisse við óskum íslensku ríkisstjórnarinnar um viðræður um endurskoðum álsamningana, fékk starfshópurinn lengri tíma til ráðstöfunar en honum var ætlaður í skipunarbréfi.

1.2 Störf starfshópsins

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn um miðjan janúar 1981, en samtals hefur hann haldið um 50 fundi.

Fyrsta verk starfshópsins var að leita aðstoðar utanríkisráðuneytisins og sendiráða Íslands erlendis við öflun upplýsinga um gildandi raforkuverð til álvera í einstökum löndum. Fengust með þessum hætti ýmsar mikilsverðar upplýsingar. Það gerði hins

vegar sendiráðunum viða erfitt fyrir að upplýsingar um raforkuverð voru ekki opinberar og varð því að leita annarra leiða til að fá upplýsingar um slíka raforkusamninga.

Starfshópurinn aflaði margvíslegra gagna erlendis frá sem tiltæk voru um þetta efni, m.a. frá Noregi, Bandaríkjunum, Ástralíu og Nýja Sjálandi, og beint samband var haft við raforkusölufyrirtæki, ráðuneyti og aðra aðila í ýmsum löndum. M.a. heimsótti einn nefndarmanna, Kristján Jónsson, helstu raforkusölufyrirtækin í Bandaríkjunum, en Bandaríkin hafa um langt skeið verið langstærstu framleiðendur áls í heiminum og framleitt um 30% heimsframleiðslunnar.

Þá fékk starfshópurinn margvísleg gögn um mál þetta frá Dr. Carlos M. Varsavsky, sérfræðingi á sviði áliðnaðar, sem um árabil hefur m.a. starfað hjá Sameinuðu þjóðunum og aðstoðað ríki í samningum við fjölþjóðafyrirtæki. Einnig fékk starfshópurinn skýrslu um raforkuverð til nýrra álvera frá Samuel Moment í Bandaríkjunum.

Í október 1981 gerði iðnaðarráðuneytið samninga við fyrirtækið Commodities Research Unit um kaup á sérstakri skýrslu sem fyrirtækið vann að um raforkuverð til álvera í heiminum. Skýrsla þessi, sem er mjög ítarleg, var tilbúin um miðjan apríl 1982 og hafði starfshópurinn veruleg not af henni. Auk þess að staðfesta ýmsar upplýsingar sem áður hafði verið aflað veitti hún frekari upplýsingar um þessi mál.

Á starfstímanum réði Landsvirkjun fyrirtækið Chase Econometrics til þess að skrifa skýrslu um samkeppnisstöðu Íslands í áliðnaði og áhrif hennar á verðlagningu vatnsorkunnar og nýttist þessi skýrsla við mat á þeim þáttum viðfangsefnisins.

Í janúar 1982 var Hermann Sveinbjörnsson ráðinn til að vinna úr þeim gögnum sem safnast höfðu um málið og var hann í fullu starfi fyrir starfshópinn í um 1 1/2 mánuð, en Hermann hefur m.a. unnið að rannsóknum við bandarískan háskóla á hagkvæmni raforkusölu til áliðnaðar.

Í skýrslu þessari er leitast við að gefa sem gleggsta mynd af raforkusölu til Ísal í innlendu og alþjóðlegu samhengi og setja fram helstu rök fyrir breytingum á þeim viðskiptum.

2. FORSENDUR OG ÁKVÆÐI SAMNINGA ÍSLANDS OG ALUSUISSE UM RAFORKUVERÐ TIL ÍSAL.

2.1 Yfirlit

Samskipti Íslands og Alusuisse hófust með bréfi frá fyrirtækinu til ríkisstjórnarinnar dags. 15. október 1960. Í bréfinu óskaði fyrirtækið upplýsinga um möguleikana á að stofnsetja álvinnslu á Íslandi, og tilgreindi jafnframt viss grundvallarskilyrði af hálfu fyrirtækisins fyrir hugsanlegu samkomulagi. Þann 5. maí 1961 var Stóriðjunefnd skipuð undir formennsku dr. Jóhannesar Nordal, seðlabankastjóra. Hinn 14. nóvember 1964, skilaði Stóriðjunefnd skýrslu til ríkisstjórnarinnar, þar sem mælt var með því að gengið yrði til samninga við hið svissneska fyrirtæki um stofnsetningu og rekstur 30 þúsund tonna álverksmiðju á Íslandi er fengi raforku frá fyrirhugaðri Búrfellsvirkjun. Endanlega var svo ákveðið að miða við 60 þús. tonna verksmiðju.

Samningur Alusuisse og ríkisstjórnarinnar var undirritaður 28. mars 1966, og staðfestur sem lög frá Alþingi hinn 13. maí 1966 (lög nr. 76). Tvívegis síðan hafa verið gerðar viðbætur við aðalsamninginn varðandi stækkun verksmiðjunnar, aukin raforkukaup og breytingar á raforkuverði og skattgreiðslum, (28. okt. 1969 og 10. des. 1975). Hámarks afkastageta fyrirtækisins var í upphafi 66.000 tonn á ári, frá sept. 1972 til des. 1979 var afkastagetan 77.000 tonn, en núverandi afkastageta er 88.000 tonn.

Í raforkusamningi Ísal og Landsvirkjunar er ekki gert ráð fyrir endurskoðun eða breytingum á samningsákvæðum um raforkuverð á 45 ára samningatímabili (sjá kafla 2.2). Hins vegar er það staðreynd að frá því að raforkusamningurinn var undirritaður þann 28. mars 1966 og frá endurskoðun hans 1975 hafa orðið veigamiklar breytingar í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi, sem hafa breytt mikilvægum forsendum sem lagðar voru til grundvallar samningum Íslands við Alusuisse.

Þegar álsamningarnir voru gerðir var olíuverð tiltölulega mjög lágt og fór lækkandi að raunvirði, og þar með orkuverð yfirleitt. Um miðjan sjöunda áratuginn var almennt álitið, að raforkuverð frá kjarnorkuverum myndi ógna samkeppnisstöðu vatns-

orkuvera innan fárra ára og verða ákvarðandi um raforkuverð um ófyrirsjáanlega framtíð. Auk þess voru lán fáanleg á lágum vöxtum til langs tíma á alþjóðlegum lánamörkuðum, og verðbólga á Vesturlöndum mjög lítil. Við þessi skilyrði og horfur miðaðist samningurinn við Alusuisse.

Þróunin í orku- og efnahagsmálum frá 1973 hefur hins vegar leitt til þess, að ávinningur af raforkusölu og viðskiptum við Alusuisse í heild hefur orðið minni en búist var við í upphafi af hálfu Íslendinga. Sú endurskoðun sem gerð var á rafmagnssamningnum 10. desember 1975, hefur ekki nægt til að vega upp á móti síðari breytingum á ytri aðstæðum og því er brýnt að fram fari að nýju endurskoðun á samningnum við Alusuisse.

2.2 Grundvallarákvæði upphaflegs raforkusamnings

Í upphaflegum raforkusamningi var miðað við að verksmiðjan keypti að meðaltali 120 MW af Landsvirkjun og allt að 1060 GWh/ári. Augnabliksgildi aflsins mátti vera 130 MW. Auk þessa var ákvæði um að Landsvirkjun skyldi stöðugt hafa tiltækt afl, sem að hámarki svaraði til sextán af hundraði umfram þetta, eða samtals til viðbótar um 20 MW.

Af raforkusamningnum sjálfum er erfitt að sjá við hvaða nýtingartíma hefur verið miðað, þar sem ekki er fullt samræmi milli ákvæða um afl og orku í samningnum. Hins vegar benda upplýsingar um tæknilegar forsendur í skýrslum um verksmiðjuna til þess að nýtingartími hafi verið áætlaður tæpar 8200 stundir á ári.

Með viðaukasamningi 8. október 1969 var samið um 20 MW orkusölu til viðbótar, þannig að aflið yrði samtals 140 MW að meðaltali, augnabliksgildið 152 MW og orkunotkunin allt að 1237 GWh/ári.

Upphafleg orkuverðsákvæði álsamninganna voru í aðalatriðum eftirfarandi:

a) Á 1.-6. starfsári (til 1. október 1975) var orkuverðið 3.0 mill/kWh.

b) Á 7.-15. starfsári (til 1. október 1984) skyldi verðið vera 2.5 mill/kWh.

c) Á 16.-25. starfsári (til 1. október 1994) skyldi verðið vera 2.5 mill/kWh að viðbættri leiðréttingu (hækkun) vegna breytinga á breytilegum kostnaði Búrfellsvirkjunar og skyldra varavirkja (rekstrarkostnaði, þ.e. vinnulaunum og viðhaldskostnaði) á liðnum samningstíma. Er leiðréttingin fyrst og fremst gerð í byrjun 16. starfsárs og síðan aftur í byrjun 21. starfsárs, þ.e. með 5 ára millibili.

d) Á 26-35. starfsári (þ.e.a.s. frá 1. október 1994 til 2004) skal verðið vera sú upphæð, sem lægri er, miðað við eftirfarandi viðmiðanir:

i) Verðið 2,5 Bandaríkjamill á kWh hækkað um þann hundraðshluta sem verðið á rafmagni til álvers Sör-Norge Aluminium A/S í Husnes í Noregi hefur hækkað á tímabilinu 1969 til 1994.

ii) Verð það í Bandaríkjamill á kWh, sem er jafnt einum hundraðshluta (1%) af heimsmarkaðsverði[1] á hverju pundi af áli í Bandaríkjacentum að meðaltali (vegið með tilliti til tíma) þrjú síðustu árin fyrir 1. október 1994.

e) Á 36.-45. starfsári (þ.e.a.s. frá 1. október 2004 til 2014) skal verðið vera sú upphæð, sem lægri er, miðað við eftirfarandi viðmiðanir:

i) Verðið 2,5 Bandaríkjamill á kWh hækkað um þann hundraðshluta sem verðið á rafmagni til álvers Sör-Norge Aluminium A/S í Husnes í Noregi hefur hækkað frá 1969 til 2004.

ii) Verð það í Bandaríkjamill á kWh, sem er jafnt einum hundraðshluta (1%) af heimsmarkaðsverði á hverju ensku pundi af áli í Bandaríkjasentum að meðaltali (vegið með tilliti til tíma) þrjú síðustu árin fyrir 1. október 2004.

f) Hið endurskoðaða verð skv. d) og e)-lið skyldi þó aldrei vera lægra en leiðrétt samningsbundið verð skv. c)-lið.

---

1) Skráð útflutningsverð ALCAN

Miðað við gildandi heimsmarkaðsverð á áli 1966, sem var um 25 cent/pund, hefði ákvæði d) og e) liðar gefið orkuverðið 2,5 mill/kWh miðað við óbreytt heimsmarkaðsverð á áli, en það hafði verið stöðugt, um 25 cent/pund, síðasta áratuginn (sjá töflu 2.1). Leiðrétting á raforkuverði myndi lítil áhrif hafa þótt því yrði beitt, þar sem framleiðslukostnaður raforku í vatnsaflsvirkjun er fyrst og fremst fjármagnskostnaður.

Engin verðtrygging er á raforkuverðinu á tímabilinu frá 1994-2004 og á tímabilinu 2004-2014, heldur er um fast óbreytt verð að ræða á þessum tímabilum.

Fyrsti afhendingardagur rafmagns frá Landsvirkjun til álverksmiðjunnar í Straumsvík var 1. október 1969 (60 MW), annar afhendingardagurinn var 1. júní 1970 (80 MW), þriðji 7. september 1972 (140 MW) og sá fjórði var 31. desember 1979 (160 MW).

2.3 Grundvallarforsendur raforkusamningsins

Helstu forsendur raforkusamningsins við Ísal má lesa í skýrslum og öðrum gögnum sem lögð voru til grundvallar þeirri ákvörðun stjórnvalda og Alþingis um að semja við Alusuisse um byggingu og rekstur álverksmiðju á Íslandi.

Hér á eftir verður reynt að greina frá þeim forsendum samninganna, sem að mati starfshópsins höfðu einkum áhrif á ákvarðanir um raforkuverðið. Síðar í skýrslunni verður leitast við að meta, að hve miklu leyti þær forsendur sem við var miðað hafa breyst.

2.3.1 Hugmyndir um þróun á orkuverði í heiminum

Á árunum 1961-65 þegar unnið var að undirbúningi álsamninganna voru þau viðhorf ráðandi, að almennt orkuverð í heiminum mundi fljótlega lækka vegna tilkomu kjarnorkustöðva og því myndi vatnsorka ekki lengur vera samkeppnisfær í áliðnaði. Olíuverðið hafði um þetta leyti farið lækkandi að raunvirði í marga áratugi. Eftirfarandi tilvitnun er tekin úr skýrslu Stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar 14. nóvember 1964:

„Fyrirsjáanlegt þykir, að í náinni framtíð verði reistir kjarnorkuofnar til vinnslu á fersku vatni úr sjó, sem jafnframt mundu verða látnir knýja rafmagnsstöðvar, sem boðið gætu mjög lágt raforkuverð og auk þess má reikna með miklum framförum á sviði kjarnorkustöðva yfirleitt og eru sumar þeirra þegar boðaðar. Þá er og þess að gæta, að jarðgasstöðvar eru álitnar verða skæðir keppinautar, sérstaklega þar sem jarðgasið er að finna í námunda við stór iðnaðarsvæði, sbr. Holland, Norðursjó og Frakkland og fleira mætti telja. Það má því telja víst, að ef ekki tekst að koma upp aluminium iðnaði á Íslandi mjög fljótlega sé mjög vafasamt, að það takist yfirleitt. Að minnsta kosti er áhættan við að bíða mjög mikil."

Með hliðsjón af þessu er ljóst að samningarnir við Alusuisse voru m.a. byggðir á þeirri forsendu, að almennt orkuverð í heiminum myndi fara lækkandi á árunum eftir 1966, m.a. vegna tilkomu kjarnorkustöðva.

2.3.2 Raforkuverð til álvera annars staðar í heiminum

Þegar raforkuverðið til Ísal var ákveðið 1965 var höfð hliðsjón af raforkuverði til álvera í öðrum löndum. Í skýrslu Stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar 14. nóvember 1964 segir m.a.:

„Á alþjóðavettvangi er nú yfirleitt einingin „mill" notuð um raforkuverð til aluminiumverksmiðju, en eitt mill er þúsundasti hluti úr bandarískum dollar eða 4,3 aurar miðað við núverandi gengi. Allt fram á síðustu ár bauð Noregur rétt rúm 2 mill eða tæpa 9 aura á kWh til aluminiumframleiðenda, en hefur nú hækkað verðið í ca. 3 mill eða um 13 aura á kWh, enda er Noregur búinn að ná góðri aðstöðu á aluminiumiðnaði. Má segja, að um hærra verð en þetta sé yfirleitt ekki að ræða. Að vísu eru aluminiumverksmiðjur enn reistar, t.d. í Mið-Evrópu þar sem raforkuverð er tiltölulega hátt, en þá er ástæðan jafnan sú, að verksmiðjurnar eiga gömul, afskrifuð orkuver, sem framleiða verulegan hluta raforkunnar eða þá að öryggissjónarmið eru látin ráða, nema að hvort tveggja sé.

Noregur er að sjálfsögðu ekki eina landið, sem miða þarf við. Þannig hefur verið samið um 2,65 mill á kWh í Ghana og firmanu American Metal Climax, sem getið er á öðrum stað í þessari skýrslu, tókst nýlega

ásamt fleirum að ná samningi um rúm 2 mill á kWh á vesturströnd Bandaríkjanna og í Venezuela mun hafa verið samið ekki alls fyrir löngu um mun lægra verð en 3 mill á kWh, en þeir samningar hafa ekki verið birtir. Svo mætti lengi telja, og eins og síðar verður að vikið má búast við enn hættulegri keppinautum, áður en langt um líður. Það er því ljóst, að 3 mill á kWh er hæsta verð, sem til greina getur komið, og allar athuganir nefndarinnar benda til þess, að verðið verði í rauninni að vera lægra, ef takast á að skapa fyrsta visinn að aluminiumvinnslu hér á landi."

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar til Alþingis 1965 er sérstaklega fjallað um með hvaða hætti skuli endurskoða raforkuverðið að afloknu 25 ára rekstrartímabili og segir þar m.a.:

„Umræður um endurskoðun raforkuverðs hafa einkum leitt til þeirrar niðurstöðu, að grunnverði til verksmiðjunnar verði breytt til samræmis við breytingar á orkuverði á nálægum mörkuðum, auk þess sem heppilegt sé eftir atvikum að hafa hliðsjón af verðhreyfingum á aluminiummálmi. Í því sambandi hafa fulltrúar Swiss Aluminium lagt megináherslu á nauðsyn þess, að tryggja samkeppnisaðstöðu fyrirtækisins gagnvart Bandaríkjamönnun annars vegar og evrópskum framleiðendum, og þá einkum Norðmönnum, hins vegar. Telja þeir sig geta fallist á, að grunnverðinu yrði breytt til samræmis við þann, sem lægri verði af neðangreindum valkostum, þó þannig, að orkuverð til verksmiðjunnar verði aldrei lægra en 2,5 mill að viðbættum áorðnum hækkunum vegna breytilegra kostnaðarþátta:

1) 2,5 mill á kWst. að viðbættri hlutfallslegri hækkun heildsöluverðs á raforku í Noregi eða frá Tenessee Valley Authority, sem verið hefur stærsti orkuframleiðandi í Bandaríkjunum um alllangt skeið.

2) 1,2% af heimsmarkaðsverði á aluminium, en það jafngildir í dag tæplega 3 millum."

Ljóst er af þessum tilvitnunum að viðræður um raforkuverð álversins hafa í ríkum mæli tekið mið af raforkuverði til álverksmiðja í Bandaríkjunum og Evrópu, enda er lega Íslands mitt á milli þessara tveggja helstu markaðssvæða fyrir ál. Ennfremur er ljóst, að algengt raforkuverð til álvera í heiminum um miðjan sjöunda áratuginn hefur verið um og innan við 3 mill/kWh. M.a. með hliðsjón af þeirri staðreynd var raforkuverðið til Ísal ákveðið 3 mill/kWh fyrstu sex árin og síðan 2,5 mill/kWh.

Íslendingar hafa með því fallist á það sjónarmið Alusuisse, að raforkuverð til Ísal ætti að taka mið af raforkuverði í Bandaríkjunum og Vestur Evrópu með hliðsjón af samkeppnisstöðu Íslands. Eðlilegt er að líta á þá viðmiðun sem eina af meginforsendum raforkusamningsins.

2.3.3 Framleiðslukostnaður raforku á Íslandi

Ein af grundvallarforsendum raforkusamningsins við Ísal á sínum tíma var sú, að orkuverðið væri í samræmi við framleiðslukostnað á raforku á Íslandi og að bygging álversins myndi ekki leiða til hækkunar á orkuverði til almennings. Eftirfarandi tilvitnun sem tekin er úr skýrslu ríkisstjórnarinnar til Alþingis 1965 staðfestir þessa forsendu samningsins:

> „Svisslendingunum hafa til þessa ekki verið gerð nein verðtilboð, en hins vegar bent á, að verð á raforku hér á landi hlyti að fara mjög eftir lánskjörum, sem fáanleg væru á lánum til nýrrar virkjunar. Ekki kæmi heldur til greina, að gerður yrði samningur um sölu á raforku til aluminiumfyrirtækis, sem hefði í för með sér að raforkuverð hér innanlands yrði hærra en ella."

Samningurinn við Alusuisse um raforkuverð til Ísal tók þannig einnig mið af þeim lánskjörum sem buðust á erlendum lánamörkuðum, eins og fyrrgreind tilvitnun ber með sér, og var orkuverðið til Ísal ákveðið í trausti þess að ekki yrðu breytingar þar á.

Í samningaviðræðum við Alusuisse var fram í ársbyrjun 1965 miðað við að Alusuisse reisti hér álverksmiðju, sem væri um 30 þúsund tonn að stærð og tæki þannig innan við helming af áætlaðri orkuvinnslugetu Búrfellsvirkjunar. Samanburður á því, annars vegar, að virkja Búrfellsvirkjun einungis fyrir almennan markað og, hins vegar, að selja 450 GWh til álverksmiðju sýndi að síðari kosturinn yrði hagkvæmari.

Var þá ráðgert að virkja Búrfellsvirkjun í fjórum áföngum svo sem hér segir: Fyrsti áfangi 105 MW, þar af 55 MW til stóriðju og 50 MW til almennra nota. Síðan kæmu þrír 35 MW áfangar alls 105 MW, er væru til almennra nota eingöngu á tímabilinu fram til 1979. Áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar var um 39 milljónir dala án vaxta á byggingartíma og orkuvinnslugetan (forgangsorka) var áætluð 1720 GWh.

Ákvörðunin um að semja við Alusuisse um byggingu 60 þúsund tonna verksmiðju í stað 30 þúsund tonna og flýta þar með öðrum virkjanaframkvæmdum byggðist m.a. á þeirri forsendu, að með því móti væri unnt að ráðast í hraðari uppbyggingu raforkukerfisins á „sterkum efnahagslegum grundvelli" með um 50% eiginfjármögnun í næstu stórvirkjun á eftir Búrfellsvirkjun. Þetta er m.a. staðfest í framhaldsskýrslu Stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar 6. febrúar 1965, en þar segir m.a.:

„Samanburður sá, sem hér hefur verið gerður, sýnir ótvírætt að hagkvæmt mundi vera frá sjónarmiði raforkukerfisins, að aluminiumverksmiðjan stækkaði fljótlega úr 30 þús. tonn í 60 þús. tonn. Með því móti mundi hagnaðurinn af hinni hagkvæmu virkjun við Búrfell koma fyrr fram. Þetta mundi gera fjárhagslega kleift að ráðast í aðra stórvirkjun, þ.e.a.s. Dettifossvirkjun, strax og Búrfellsvirkjun yrði fullbúin (valkostur R 2). Hefur verið reiknað með 165 MW virkjun Dettifoss, sem tæki til starfa í árslok 1977. Gæti hún séð 60 þús. tonna aluminiumbræðslu, er byggð yrði í tveimur áföngum, fyrir nægri raforku.

Svo ör þróun raforkukerfisins mundi að sjálfsögðu krefjast miklu meiri lánsfjáröflunar en ella, en þó þyrftu lántökur á tímabilinu 1969-1978 ekki að vera nema 50% af heildarfjárfestingu kerfisins, svo að fjárhagsleg skilyrði til lánsfjáröflunar ættu að vera góð."

„Heildarniðurstaða þessara athugana er því sú, að hagkvæmt sé að byggja Búrfellsvirkjun í tveimur áföngum í stað fjögurra og selja frá henni orku til aluminiumverksmiðju, er hafi 60 þús. tonna afköst og byggð yrði í tveimur áföngum. Mikilvægast er, að með þessum hætti mundu skapast tækifæri til byggingar annarrar stórvirkjunar fljótlega á eftir Búrfellsvirkjun á sterkum efnahagslegum grundvelli."

Staðfesting Alþingis á samningnum við Alusuisse 1965 er m.a. byggð á þeirri skoðun, að raforkuöflun fyrir hinn almenna markað myndi verða ódýrari með álbræðslu en án.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík segir m.a.:

„Er þetta raforkuverð í raun og veru mjög hagstætt fyrir Landsvirkjun og neytendur hennar, enda þótt það sé ekki nema lítið fyrir ofan meðalframleiðslukostnað."

Af því sem hér hefur verið rakið um raforkuverð til Ísal, framleiðslukostnað á raforku og raforkuverð til almennings er greinilegt að ein forsenda raforkusamningsins hefur verið sú, að raforkusalan til Ísal hefði ekki í för með sér hærra raforkuverð til almennings en ella.

Raforkusamningurinn var ennfremur byggður á þeirri forsendu að hann auðveldaði verulega eiginfjármögnun (50%) í næstu virkjun. Samkvæmt þessu var að sjálfsögðu horft til þess hvað kosta myndi að virkja næstu virkjanir á eftir Búrfellsvirkjun og að í þær þyrfti að ráðast fyrr en ella. Þróunin varð hins vegar sú, m.a. vegna breytinga í alþjóðlegum efnahagsmálum, að viðbótarorkuöflunin varð mun dýrari en áætlað hafði verið og sá kostnaður hefur hingað til lagst að mestu á almenningsrafveitur og er nánar fjallað um það síðar í skýrslunni.

Með hliðsjón af framansögðu er því hægt að líta á það sem eina af forsendum raforkusamningsins við Ísal, að orkuverðið væri í samræmi við framleiðslukostnað á raforku í landinu.

2.3.4 Hlutfall raforkukostnaðar og tolla af framleiðsluverðmæti

Þegar samningarnir um álverksmiðjuna í Straumsvík voru undirritaðir 1966 var heimsmarkaðsverð á áli, samkvæmt skráningu Alcan, 24,5 cent/pund eða um 540 dalir/tonn. Eins og áður hefur komið fram var samið um að orkuverðið til verksmiðjunnar yrði 3 mill/kWh fyrstu 6 árin og eftir það um 2,5 mill/kWh. Heildarnotkun Ísal á hvert tonn fullunninnar vöru var áætluð um 16.000 kWh.

Þannig hefur verið gert ráð fyrir því, að raforkukostnaður verksmiðjunnar yrði í upphafi um 48 dalir á hvert tonn eða um 8,8% af framleiðsluverðmæti miðað við verðskráningu Alcan og síðar um 40 dalir eða um 7,4% af framleiðsluverðmæti. Þegar þessi hlutföll voru ákveðin var hins vegar búið að taka tillit til þess að verksmiðjan þyrfti að greiða toll af áli, sem flutt er til helstu markaðssvæðanna í Mið-Evrópu. Tollur á innflutt ál til Efnahagsbandalagsins og Efta var þá 7% og voru samningarnir við Alusuisse byggðir á þeirri forsendu að greiða þyrfti þennan toll.

Samanlagður raforkukostnaður og tollar til Efnahagsbandalagsins hafa þannig numið um 15% af skráðu verði ALCAN þegar samningarnir voru gerðir.

Í skýrslu Stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar 14. nóvember 1964 var sérstaklega fjallað um þetta mál og sagði þar m.a.:

„Svisslendingar hafa m.a. bent á að hinir háu tollar Efnahagsbandalags Evrópu geri það óhagstæðara að byggja aluminiumverksmiðju hér á landi. Hafa þeir lýst sig fúsa til þess, að ákvæði yrði í samningi, er gerðu ráð fyrir hækkun raforkuverðs, ef Íslendingar fengju tollfrjálsan aðgang að þessum mörkuðum með einhverjum hætti."

Að framansögðu er ljóst, að ein af forsendum raforkusamningsins hefur verið sú að raforkuverð hér á landi þyrfti að vera lægra en ella, vegna þess að Ísal hefði ekki tollfrjálsan aðgang að helstu álmörkuðunum Vestur-Evrópu.

2.3.5 Samkeppnisstaða Íslands í áliðnaði

Í samningaviðræðunum við Alusuisse á sjöunda áratugnum mun Íslendingum hafa verið bent á að mikil samkeppni væri milli einstakra landa um staðsetningu áliðnaðar. Þannig væri t.d. mikið og ódýrt vantsafl í Afríku og Suður-Ameríku sem áætlað væri að myndi kosta 1,5 - 2 mill/kWh og auk þess væru hráefnin þar í námunda við virkjanir. Einnig að mikill áhugi væri hjá Norðmönnum og öðrum þjóðum í Evrópu að fá álverksmiðjur til sín. Alusuisse benti einig á, að engin reynsla væri fengin af erlendri fjárfestingu hér á landi og erlendir aðilar tækju því á sig verulega áhættu af því að reisa fyrirtæki hér á landi. Auk þess væri lega landsins óhagstæð og flutningskostnaður á hráefnum og afurðum því mikill. Á forsíðu skýrslu Stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar 1964 er sérstaklega tekið fram eftirfarandi:

„Í skýrslu þessari koma fram ýmis atriði, bæði viðskiptalegs eðlis og á annan hátt mikilvæg fyrir hagsmuni Íslendinga í máli þessu. Það yrði því samningsaðstöðu þeirra skaðlegt, ef viðsemjendur eða ríki, sem keppa við Ísland um staðsetningu aluminiumverksmiðju, kynntust þessum atriðum."

Þetta mat á samkeppnisstöðu Íslands í áliðnaði hefur vafalaust haft sín áhrif á þau samningsákvæði um raforkuverð sem Íslendingar töldu sig þurfa að fallast á við Alusuisse. Síðar í skýrslunni verður reynt að meta samkeppnisstöðu Íslands í áliðnaði í dag með hliðsjón af upphaflegum forsendum.

2.4 Grundvallarákvæði núgildandi raforkusamnings

Með breytingu á rafmagnssamningnum þann 10. desember 1975 (annar viðauki) var tekið upp nýtt orkuverð frá 1. október 1975, en þá átti verðið að lækka úr 3,0 í 2,5 mill/kWh. Eitt helsta atriði þessa nýja samkomulags var að rafmagnsverðið var tengt breytingum á álverði (frá 1. janúar 1978), en skv. eldra samkomulagi var það lítt breytilegt fyrr en við lok 25 ára samningstíma. Núgildandi reglur um raforkuverð eru settar fram í 13., 14. og 15. grein rafmagnssamningsins og eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1) Frá gildisdegi samnings (10. des.) til 31. desember 1975 er verðið 3,0 mill/kWh.

2) Frá 1. jan. 1976 til 30. júní 1976 er verðið 3,5 mill/kWh.

3) Frá 1. júlí 1976 til 30. júní 1977 er verðið 4,0 mill/kWh.

4) Frá 1. júlí 1977 til 31. des. 1977 er verðið 4-4,5 mill/kWh háð álverði.

5) Frá 1. janúar 1978 til 1. október 1994 fylgir orkuverðið álverði þannig:

a) Að því leyti sem heimsmarkaðsverð áls[1] er 40 cent eða minna, skal hið samningsbundna verð vera það verð í Bandaríkjamillum á kWh, sem er jafnt einum hundraðshluta (1%) af heimsmarkaðsverðinu. Þó skal orkuverðið aldrei vera lægra en 3,5 mill/kWh.

b) Að því leyti sem heimsmarkaðsverð er yfir 40 centum en ekki hærra en 50 cent, skal hið samningsbundna verð hækkað um sem svarar 0,85% af fjárhæðinni umfram 40 cent uppp að 50 centum.

c) Að því leyti sem heimsmarkaðsverð er yfir 50 centum en ekki hærra en 60 cent, skal hið samningsbundna verð hækkað sem svarar 0,70 af fjárhæðinni umfram 50 cent upp að 60 centum.

d) Að því leyti sem heimsmarkaðsverð er yfir 60 centum en ekki hærra en 70 cent, skal hið samningsbundna verð hækkað sem svarar til 0,55% af fjárhæðinni umfram 60 cent upp að 70 centum.

e) Að því leyti sem heimsmarkaðsverð er yfir 70 centum skal hið samningsbundna verð hækkað sem svarar 0,40% af fjárhæðinni umfram 70 cent.

---

1) Skráð útflutningsverð ALCAN

Þessi regla gefur eftirfarandi orkuverð (dæmi):

Ef álverð er	40	cent/pund	er samsvarandi	orkuverð	4,00	mill		
" " "	50	"	"	"	"	4,85	"	
" " "	60	"	"	"	"	5,55	"	
" " "	70	"	"	"	"	6,10	"	

Þegar heimsmarkaðsverð á áli er hærra en 70 cent/pund gildir eftirfarandi regla um orkuverðið:

$$RV = 6,10 + \frac{0,40}{10} \cdot (HMV-70)$$

þar sem RV = raforkuverð (mill/kWh)
HMV = heimsmarkaðsverð áls (cent/pund)

Með hækkandi álverði gefur þessi regla eftirfarandi orkuverð:

Ef álverð er	80	cent/pund	er samsvarandi	orkuverð	6,50	mill/kwh		
" " "	90	"	"	"	"	6,90	"	
" " "	100	"	"	"	"	7,30	"	
" " "	125	"	"	"	"	8,30	"	
" " "	150	"	"	"	"	9,30	"	
" " "	175	"	"	"	"	10,30	"	
" " "	200	"	"	"	"	11,30	"	

6) Frá 1. október 1994 til 1. október 2014 gilda sömu reglur og kveðið er á um í samningnum frá 1966, sbr. d) og e)-lið í kafla 2.2 hér að framan. Þó skal verðið á þessu tímabili aldrei vera lægra en það verð sem ofangreind regla hefði gefið (5.liður, e) ef hún hefði verið í gildi.

2.5 Grundvallarforsendur endurskoðunarinnar 1975

Árið 1975 voru samningarnir við Alusuisse endurskoðaðir í framhaldi af viðræðum um hækkun á raforkuverði sem staðið höfðu yfir í tvö ár. Með viðbótarsamningum 10. desember 1975 var ekki einungis samið um hækkun á raforkuverði, heldur einnig um aukna orkusölu (20 MW) og lækkun á skattgreiðslum fyrirtækisins á samningstímanum. Eftir þennan samning er umsamið afl til Ísal 160 MW og umsamin orka 1413 GWh/ári, en þar af skulu 12 MW og 106 GWh vera afgangsafl og afgangsorka. Augnabliksgildi aflsins má samkvæmt samningnum vera 174 MW, en til viðbótar þarf Landsvirkjun að hafa stöðugt tiltækt allt að 16% varaafl.

Fulltrúar Alusuisse hafa haldið því fram, að samningurinn 1975 hafi verið kaup kaups og þannig hafi í rauninni ekki verið samið um auknar álögur á Ísal á samningstímanum. Hér mun átt við, að samningurinn fól í sér lækkun á heildarskattgreiðslum fyrir tímabilið 1975-2014 gegn hækkun á raforkuverði fyrir tímabilið 1975-1994. Á tímabilinu 1994-2014 eiga skv. samningnum upphafleg ákvæði um orkuverð að gilda óbreytt með þeim fyrirvara að þau feli ekki í sér lægra verð en endurskoðunin 1975. Árið 1975 var einnig samið um að Alusuisse fengi leyfi til að stækka verksmiðjuna í Straumsvík um 11 þúsund tonn.

2.5.1 Breyttar forsendur réttlæta endurskoðun

Með samningunum 1975 fékkst viðurkenning á mjög mikilvægum þætti varðandi lagalegan rétt til endurskoðunar á grundvelli breyttra forsendna. Hér er um að ræða lykilatriði í rétti okkar til endurskoðunar nú og breytinga á gildandi ákvæðum um raforkuverð.

Þessi þýðingarmikla forsenda samninganna 1975 kemur fram í inngangi að viðaukasamningnum, en þar segir m.a.:

> „Ríkisstjórnin og Alusuisse óska að gera verulegar breytingar á framleiðslugjaldi Ísals og greiðsluháttum þeim er um það gilda, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í áliðnaði og á efnahagsástandi í heiminum síðan aðalsamningurinn var gerður, og til að halda því markmiði að tryggja reglulegar skattgreiðslur úr hendi Ísals, en sneiða hjá sveiflum á þeim, er bersýnilega séu úr samhengi við raunverulega efnahagsstöðu fyrirtækisins.
>
> Landsvirkjun og Ísal óska að gera verulegar breytingar á verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar, með samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í orkumálum og á efnahagsástandi í heiminum síðan rafmagnssamningurinn var gerður, og til þess að veita kost á aðlögun að síðari þróun með hæfilegri stigbreytingu á verðinu.
>
> Alusuisse er reiðubúið til að láta Ísal stækka bræðsluna fram yfir þá 140 megawatta heildarmálraun, sem nú er kveðið á um í aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun."

2.5.2 Forsendur varðandi verðbólguþróun

Ákvæðin um skattgreiðslur í samningunum frá 1966 staðfesta þá forsendu samninganna, að ekki var gert ráð fyrir neinni teljandi verðbólgu í heiminum á starfstíma verksmiðjunnar.

Ákvæði um breytingar á framleiðslugjaldinu er að finna í 26. grein aðalsamningsins, en þar segir m.a.:

„Upphæð framleiðslugjaldsins í Bandaríkjadollurum eins og hún er tilgreind í stafliðum a) til og með e) í málsgrein 25.02 skal hækka um sjö Bandaríkjadollara (US$ 7.00) á smálest fyrir sérhvert Bandaríkjacent (US$ 0.01) á enskt pund, sem heimsmarkaðsverð áls á útskipunartíma frá bræðslunni hækkar yfir tuttugu og sjö Bandaríkjacent (US$ 0.27) á enskt pund, og skal lækka um sjö Bandaríkjadollara (US$ 7.00) á smálest fyrir hvert Bandaríkjacent (US$ 0.01) á enskt pund, sem heimsmarkaðsverð áls fellur niður fyrir tuttugu og tvö Bandaríkjacent (US$ 0.22) á enskt pund, en brot úr Bandaríkjacenti reiknast pro rata."

Nú er heimsmarkaðsverð skv. framangreindri viðmiðun um 79 cent/pund, þannig að hækkunin nemur 52 centum/pund. Ef þetta skattgreiðsluákvæði væri í gildi, hefði það haft í för með sér að grunngjaldið væri 20 dalir/tonn að viðbættum 364, eða samtals 384 dalir/tonn eða um 22% af framleiðsluverðmæti.

Ljóst er að það hefur aldrei verið ætlun samningsaðila að skattarnir yrðu þetta háir, enda var samið um breytingar á þessu ákvæði 1975 og er grunngjaldið nú um 35 dalir/tonn. Hins vegar staðfestir þetta ákvæði, eins og áður segir, þá forsendu samninganna, að vænta mætti lítillar verðbólgu í heiminum og þar af leiðandi myndi fjármagnskostnaður virkjana í framtíðinni verða miklu minni en raun hefur á orðið.

2.5.3 Forsendur samninganna 1975 um raforkuverð til álvera annars staðar í heiminum

Alusuisse hefur bent á, að líta beri á orkuverð, flutningskostnað á markað og tolla sem eina heild, þegar meta skuli getu Ísal til að greiða hærra raforkuverð. Má í því sambandi minna á hugmyndir Alusuisse í samningaviðræðunum 1964-65 um að ákvæði yrði í aðalsamningi sem gerði ráð fyrir hækkun raforkuverðsins ef Ísland fengi tollfrjálsan aðgang að álmarkaði Efnahagsbandalagsins.

Sú afstaða Alusuisse að meta beri samkeppnishæfni Ísal miðað við aðrar álverksmiðjur með því að reikna raforkuverð, flutningskostnað og tolla sem eina heild, kom einnig skýrt fram í samningaviðræðunum og endurskoðuninni 1975. Hér verða því rifjaðar upp röksemdir Alusuisse og forsendur samninganna 1975 til þess að rökstyðja síðar í skýrslunni hækkun raforkuverðsins á grundvelli forsendna Alusuisse í áðurnefndum viðræðum.

Tafla 2.2 og myndir 2-2 til 2-4 eru gögn sem Alusuisse lagði fram í viðræðunum 1975. Gögn þessi sýna vel þá aðferð sem Alusuisse telur eðlilegt að nota við mat á því, hvert raforkuverðið hjá Ísal eigi að vera miðað við raforkuverð annars staðar. Dálkur 1 í töflu 2.2 sýnir raforkuverð á einstökum svæðum. Dálkur 2 sýnir raforkukostnað í álframleiðslu á hvert pund, miðað við að raforkunotkunin sé 7 kWh/pund (u.þ.b. 15.500 kWh/tonn). Dálkur 3 sýnir flutningskostnað á hvert pund og dálkur 4 tolla. Heildarkostnaður vegna raforku, flutninga og tolla er síðan sýndur í dálki 5.

Fyrir Ísland eru sýnd tvö tilvik. Annars vegar óbreytt (þágildandi) raforkuverð 3 mill/kWh og hins vegar „tilboð" Alusuisse um 4 mill/kWh.

Eins og fram kemur í töflunni er gerður samanburður á samkeppnisstöðu Ísal miðað við tvö helstu markaðssvæði fyrir ál í heiminum, Bandaríkin og Evrópu (Efnahagsbandalagið). Varðandi sölu á áli til Bandaríkjanna kemur í ljós að raforkuverð, tollur og flutningskostnaður var að meðaltali 5,7 cent/pund hjá álverksmiðjum í Bandaríkjunum og Kanada. Varðandi Evrópumarkað kemur í ljós að raforkuverð, tollar og flutningskostnaður var að meðaltali 7,4 cent/pund miðað við þau álframleiðslulönd, sem upp eru talin í töflunni (Zaire er sleppt, þar var ekkert álver 1975 og þar er heldur ekkert álver nú 7 árum síðar). Meðaltal þessara kostnaðarliða fyrir þessi tvö markaðssvæði er skv. töflunni 6,55 cent/pund hjá samkeppnisaðilum sem miðað er við.

Varðandi Ísal kemur í ljós, að umræddir kostnaðarliðir nema 7,3 cent/pund ef selt er til Bandaríkjanna en 6,4 cent/pund ef selt er til Evrópu miðað við 4 mill/kWh í raforkuverð. Meðaltalið fyrir þessi tvö markaðssvæði er því 6,95 cent á pund hjá Ísal.

Þarna var um að ræða „tilboð" af hálfu Alusuisse og var síðan samið um 4 mill/kWh sem grunnverð. Niðurstaða þessara athugana er eftirfarandi.

Forsendur raforkusamninganna voru því m.a. þær, að raforkukostnaður, flutningskostnaður afurða á markað og tollar hjá Ísal næmu samanlagt u.þ.b. sömu upphæð og þessir kostnaðarliðir hjá samkeppnisaðilum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Tafla 2.1 Skráð verð á áli 1954-1981, byggt á skráningu skv. American Metal Market 1954 - 1971 og skv. skráningu ALCAN 1972 - 1981.

Ár	Á verðlagi hvers árs ($/lb)	Á verðlagi 1980 ($/lb)	Meðalverð 5 ára ($/lb)
1954	0,22	0,69	
1955	0,24	0,75	
1956	0,26	0,78	
1957	0,28	0,82	1956-1960:
1958	0,27	0,78	0,77
1959	0,27	0,77	
1960	0,26	0,72	
1961	0,26	0,71	
1962	0,24	0,65	1961-1965:
1963	0,23	0,61	0,65
1964	0,24	0,62	
1965	0,25	0,64	
1966	0,25	0,62	
1967	0,25	0,60	1966-1970:
1968	0,26	0,60	0,61
1969	0,27	0,60	
1970	0,29	0,61	
1971	0,29	0,57	1971-1975:
1972	0,26	0,50	0,55
1973	0,27	0,49	
1974	0,36	0,59	
1975	0,39	0,59	
1976	0,43	0,61	1976-1980:
1977	0,50	0,67	0,68
1978	0,52	0,64	
1979	0,64	0,71	
1980	0,77	0,77	
1981	0,79	0,73	

1750

Tafla 2.2

ALUSUISSE

COST COMPARISON ENERGY / FREIGHT / DUTY FOR ALUMINIUM IN US ¢ / lb

A. TO USA (Eastern Region)

From	Energy cost (7 kwh for 1 lb)		Freight	Duty	Total
	1 kwh				
CANADA East Coast	2,0	1,4	2,6	1,0	5,0
CANADA West Coast	3,0	2,1	2,8	1,0	5,9
USA North West	2,3	1,6	2,8	–	4,4
USA Mid–West	8,0	5,6	1,2	–	6,8
USA South	6,0	4,2	2,5	–	6,7
ICELAND	3,0	2,1	3,5	1,0	6,6
	4,0	2,8	3,5	1,0	7,3

B. TO EUROPE (Germany)

From	Energy cost (7 kwh for 1 lb)		Freight	Duty metal value: US ¢ –/lb		Total
	1 kwh			%		
GERMANY	10,0	7,0	–.6	–	–	7,6
NORWAY	5,9	4,1	1,4	5,95	2,3	7,8
BAHRAIN	2,0	1,4	2,8	7	2,7	6,9
ZAÏRE	3,0	2,1	3,0	–	–	5,1
ICELAND	3,0	2,1	1,3	5,95	2,3	5,7
	4,0	2,8	1,3	5,95	2.3	6,4

April 1975


D-08-951-HS
82.01.0162 AÁ
Mynd 2-1
SKRÁÐ VERÐ Á ÁLI 1954-1981
Verð
C/lb
80
70
60
50
40
30
20
10
0
1954
1960
1970
1980
Á verðlagi hvers árs
Á föstu verðlagi 1980

HYDRO-
ELECTRIC ENERGY RESOURCES FOR THE ALUMINIUM INDUSTRY

1544a

ALUSUISSE

APRIL 1975

Þingskjal 363
Mynd 2-2
1977

(30) Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing).

ALUSUISSE

COST COMPARISON ENERGY / FREIGHT / DUTY FOR ALUMINIUM IN US ¢ / lb

Basis Iceland: Energy cost 3 mills / kWh

ALUSUISSE

COST COMPARISON ENERGY / FREIGHT / DUTY FOR ALUMINIUM IN US ¢ / lb

Basis Iceland: Energy cost 4 mills / kWh



3. RAFORKUSALA TIL ÍSAL 1969-1981

3.1 Uppsett afl Landsvirkjunar og orkusala 1968-1981

Uppsett afl Landsvirkjunar á árunum 1968-1981 er sýnt á töflu 3.1. Árið 1969 var þörf fyrir aukna framleiðslugetu orðin mjög aðkallandi. Án stóriðju hefði með Búrfellsvirkjun, ef í hana hefði verið ráðist, líklega verið hægt að mæta almennri orkueftirspurn inn á samtengt landskerfi fram til 1985, og hefði þá fyrst verið þörf fyrir nýjar virkjanir. Athuganir sem fram fóru á árunum 1963-1965 bentu til þess, að hagkvæmt gæti verið að ráðast í Búrfellsvirkjun, þó hún yrði einungis ætluð fyrir almennan markað, en þá í fleiri áföngum en gert var. Þó var sýnt fram á að fjármögnun virkjunarinnar yrði erfiðari með því móti. Sala á raforku til álverksmiðjunnar hefur þannig haft í för með sér ákveðinn flýtingarkostnað við aðrar og dýrari virkjunarframkvæmdir sem er nauðsynlegt að taka tillit til.

Frá 1970 hefur orkusalan til Ísal numið meir en helmingi af heildarorkusölu Landsvirkjunar, eins og fram kemur í töflu 3.1. Hlutur Landsvirkjunar í orkuvinnslunni í landinu árið 1980 var um 83%, þannig að til Ísal fór um 44% af framleiddri raforku á Íslandi árið 1980. Eins og sjá má af mynd 3-1 hafa helstu sveiflur í orkusölu Landsvirkjunar tengst Ísal, en vöxtur eftirspurnar til almenningsveitna hefur verið nokkuð jafn, um 7,5% að meðaltali á ári allt frá 1969.

Aukning framleiðslugetunnar hefur þó eðlilega verið í skrefum, þar sem hálfar eða heilar virkjanir tengjast kerfinu í einum áfanga.

Samkvæmt ársskýrslu Landsvirkjunar 1981 var heildarorkuöflun fyrirtækisins á því ári 2756 GWh og heildarorkusala 2625 GWh, eða um 95% af heildarorkuöflun. Mismunurinn er töp í flutningskerfinu og eigin notkun.

Skipting orkusölunnar á kaupendur var eftirfarandi:

Rafmagnsveita Reykjavíkur	426,4 GWh	(16,3%)
Rafmagnsveitur ríkisins	510,4 "	(19,4%)
Rafveita Hafnarfjarðar	45,0 "	(1,7%)
Áburðarverksmiðja ríkisins	107,3 "	(4,1%)
Íslenska álfélagið h.f.	1.214,5 "	(46,3%)
Íslenska járnblendifélagið h.f.	321,0 "	(12,2%)
Samtals	2.624,6 GWh	(100%)

Í heild skiptist orkusalan þannig, að um 37,4% fóru til almenningsveitna og um 62,6% til stóriðju. Af orkusölunni til Íslenska járnblendifélagsins var um 43% selt sem afgangsorka og um 2,2% af orkusölunni til Ísal.

Tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu á árinu 1981 voru eftirfarandi:

	Tekjur		Orka		Meðalverð
	þús.kr.	%	GWh	%	aurar/kWh
Raforkusala til almenningsveitna	197.505	71,8	981.8	37,4	20,1
Raforkusala til stóriðju	77.752	28,2	1642.8	62,6	4,7
Raforkusala alls	275.294		2624,6		10,5

3.2 Rekstrarafkoma Landsvirkjunar 1971-1981

Gagnstætt því sem reiknað var með við samningsgerðina 1965 hefur afkoma Landsvirkjunar verið afar erfið á síðastliðnum áratug. Með samningnum við Ísal var ætlunin að leggja grundvöll að sterkri fjárhagsstöðu Landsvirkjunar með um 50% eiginfjármögnun í næstu virkjunum á eftir Búrfellsvirkjun. Reyndin hefur aftur á móti orðið sú, að yfir 90% allra framkvæmda Landsvirkjunar hafa verið fjármagnaðar með lánum og af mynd 3-3 má sjá að Landsvirkjun hefur aðeins einu sinni (1977) skilað arði umfram lágmarksarðgjafarkröfur Alþjóðabankans. Helstu ástæður fyrir þessari útkomu eru eftirfarandi:

1. Stofnkostnaður virkjana á Íslandi hefur vaxið mun meira miðað við dollara en sem nemur verðbólgu í Bandaríkjunum. Stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar og kostnaður við öflun viðbótarorku í síðari virkjunum hefur þannig reynst meiri en áætlað var 1966.

2. Alþjóðleg verðbólga hefur verið mjög mikil og aðeins fengist bætt að hluta í þeim samningum sem gerðir hafa verið um orkusölu til Ísal.

3. Alþjóðlegar gengisbreytingar hafa einnig verið óhagstæðar, því tekjur af raforkusölu til Ísal miðast við Bandaríkjadal, sem lækkaði mjög gagnvart þeim gjaldmiðlum, evrópskum og japönskum, sem verulegur hluti lána miðaðist við (sjá mynd 5-3).

4. Fjármagnskostnaður hefur vaxið mjög mikið. Einkum hefur aukin verðbólga hækkað nafnvexti lána, sem hefur þyngt mjög greiðslubyrði þeirra og þannig í reynd stytt raunverulegan lánstíma.

Í töflu 3.1 eru sýndar heildartekjur Landsvirkjunar 1968-1981. Þar kemur fram að á árinu 1981 voru tekjur af raforkusölu til Ísal um 22,4% af raforkusölunni í heild, en fyrirtækið fékk 52,3% af orku Landsvirkjunar. Þetta leiðir hugann að því, hver sé eðlilegur munur á raforkuverði til stóriðju annars vegar og til almennings hins vegar. Í kafla 4.4 eru leidd að því rök, að með því að taka tillit til mismunandi nýtingartíma, afhendingarspennu o.fl. eigi stóriðjan að greiða að lágmarki 65% af verði til almenningaveitna. Miðað við ákveðna kröfu um arðgjöf mundi slík regla leiða til allt annarrar skiptingar á heildargreiðslum fyrir raforku milli almenningsveitna og stóriðju en raunin er nú. Í upphafi (1969) var verðið til Ísal um 55% af verði til almenningsveitna. Þótt orkuverðið til Ísal hefði ekki haldist nema í 50% af verði til almenningsveitna hefði það gjörbreytt afkomu Landsvirkjunar eins og mynd 3-4 sýnir.

Tafla 3.2 sýnir framkvæmdir Landsvirkjunar 1965-1981 í miljónum dala á ári hverju. Taflan er byggð á upplýsingum frá Landsvirkjun um bókfærðan stofnkostnað með vöxtum á byggingartíma, sundurliðað eftir árum og framkvæmdum, umreiknað í Bandaríkjadali á meðalgengi hvers árs.

Samkvæmt töflunni reyndist stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar með vöxtum á byggingartíma um 64 miljónir dala. Tafla 3.3 sýnir að miðað við vísitölu heildverslunar í Bandaríkjunum þá samsvarar þetta um 179 miljónum dala á verðlagi ársins 1981. Verðlag í Bandaríkjunum hefur þannig nær þrefaldast á tímabilinu 1965-1981. Raforkukostnaður við stöðvarvegg Búrfellsvirkjunar nemur því miðað við 1500 kWh/ári á verðlagi 1981 um 119 mill á árskílówattstund. Sigölduvirkjun kostaði á verðlagi 1981 189 miljónir dala, en það gefur 270 mill á árskílówattstund miðað við 700 GWh orkuvinnslu á ári. Sigölduvirkjun er þannig rúmlega tvöfalt dýrari í orkueiningu en Búrfellsvirkjun miðað við fast verðlag í Bandaríkjadölum. Það hefur einnig verið reiknað að miðað við byggingarvísitölu er Sigalda 70% dýrari á orkueiningu en Búrfell. Þessi mismunur stafar af því að byggingarkostnaður innanlands hefur vaxið mun hraðar en sem nemur gengisbreytingum og erlendri verðbólgu. Þessi óhagstæða þróun byggingarkostnaðar innanlands þarf að hafa í huga þegar metin er þörf Landsvirkjunar fyrir hækkun á raforkuverði og þá einnig hækkun á verði til Ísal.

Ef miðað er við verðlag hvers árs, sem í rauninni endurspeglar betur lántökuþörf vegna einstakra virkjanaframkvæmda, kemur í ljós að Búrfellsvirkjun hefur kostað 43 mill/kWh/ári, Sigölduvirkjun 165 mill/kWh/ári og Hrauneyjafossvirkjun um 200 mill/kWh/ári.

Nú er liðinn nokkur tími síðan stjórnvöldum og Landsvirkjun varð ljós nauðsyn þess að endurskoða aftur raforkuverðið til Ísal með það í huga að fá það enn hækkað sökum þess hvað meðalkostnaður við orkuframleiðslu hefur vaxið mikið með tilkomu nýrra og dýrari virkjana, sem varð að flýta byggingu á að hluta til vegna samninga um stækkun álversins árin 1969 og 1975.

Á allra síðustu árum hefur það einnig komið í ljós að sveiflur í rennsli eru meiri en búist var við, og rennslið hefur reynst minna en reiknað var með. Auknar upplýsingar um rennsli á Þjórsár-Tungnaársvæðinu hafa leitt til þess að orkugeta Búrfells og Sigöldu er nú talin minni en áður. Má í því sambandi nefna að orkugeta (forgangsorka) Búrfells er nú talin 1500 GWh, en í áætlunum Harza Engineering, sem lagðar voru fyrir stjórnvöld á sínum tíma, var miðað við 1720 GWh. Þetta hefur haft áhrif á kostnað Landsvirkjunar af því að sjá Ísal fyrir orku, því til þess að tryggja þessar 220 GWh sem á vantaði, þurfti að flýta öðrum virkjunum, sem eins og áður sagði reyndust mun dýrari en Búrfellsvirkjun.

Tafla 3.1 ORKUSALA LANDSVIRKJUNAR 1969-1981

Ár	Heildar-orkusala (GWh)	Orkusala til ÍSAL	Hlutdeild seldrar orku til ÍSAL (%)	Heildar-tekjur M.kr.	Heildar-tekjur M. USD	Tekjur á verðlagi 1969 M. USD	Tekjur frá ÍSAL M.kr.	Tekjur frá ÍSAL (%)	Uppsett afl (MW)
1968	410	-	-	-	-	-	-	-	89
1969	628	163	25,9	255,3	2,89	2,89	43,1	16,8	194
1970	1158	615	53,0	487,5	5,53	5,26	162,3	33,3	194
1971	1259	673	53,4	621,2	7,07	6,42	177,7	28,6	229
1972	1444	809	56,0	697,3	7,95	6,97	208,0	29,8	299
1973	1888	1163	61,6	895,8	9,95	8,22	314,0	35,0	299
1974	1925	1194	62,0	1322,0	13,18	9,83	359,0	27,1	299
1975	1814	1027	56,6	2036,5	13,22	9,05	490,0	24,0	299
1976	1913	1068	55,8	2580,2	14,15	9,12	741,5	28,7	299
1977	2097	1147	54,7	3670,7	18,41	11,15	982,1	26,7	399
1978	2077	1136	54,7	5154,5	18,94	10,64	1571,9	30,5	449
1979	2195	1131	51,5	8427,3	23,87	12,05	2319,4	27,5	449
1980	2277	1225	53,7	14805,1	30,83	13,76	3894,2	26,3	449
1981	2323	1215	52,3	25820,0	35,55	14,62	5800,0	22,4	519

Tafla 3.2 Framkvæmdir Landsvirkjunar 1965-1981 í miljónum dala á ári hverju (með vöxtum á byggingartíma.

Ár	Búrfells-virkjun [1]	Þórisvatns-miðlun	Sigöldu-virkjun [2]	Hraun-eyjafoss-virkjun [3]	Aðrar framkv.	Samtals	Meðal-gengi kr/US$
1965	3,0	-	-	-	2,7	5,7	43,06
66	2,8	-	-	-	0,7	3,5	43,06
67	12,2	-	-	-	0,5	12,7	44,23
68	28,8	-	-	-	4,7	33,5	61,31
69	8,3	0,4	-	-	2,4	11,1	88,10
70	3,9	2,8	-	-	0,9	7,6	88,10
71	3,1	6,3	0,6	-	0,6	10,6	87,85
72	1,0	2,4	1,7	-	4,1	9,2	87,64
73	0,5	0,3	3,3	-	1,7	5,8	90,02
74	-	0,2	14,3	-	3,1	17,6	100,24
75	-	-	28,5	-	3,4	31,9	154,03
76	-	-	42,8	-	3,4	46,2	182,31
77	-	2,8	13,9	-	9,1	25,8	199,29
78	-	-	5,4	9,1	2,4	16,9	272,14
79	-	-	4,9	23,2	1,8	29,9	352,93
80	-	-	-	54,8	3,0	59,4	480,09
81	-	-	-	59,0	6,5	65,5	726,20
SAMT.	63,6	15,2	115,4	146,1	51,0	392,9	

1) Framkvæmdum við Búrfellsvirkjun á tímabilinu 1974-1981 við íbúðarhús o.fl. samtals að upphæð um 3 milj. dala er hér sleppt. Í tölunum er hins vegar innifalinn kostnaður sem er sameiginlegur öllum virkjunum á Þjórsársvæði m.a. vegagerð frá Suðurlandsvegi, stækkun tengisvirkis við Írafoss, kostnaður við vatnsréttindi o.fl.

2) Framkvæmdum við Sigölduvirkjun á árunum 1980-81 samtals að upphæð um 3 milj. dala er hér sleppt.

3) Framkvæmdir við Hrauneyjarfossvirkjun á árinu 1982 eru áætlaðar samtals um 251 milj. króna eða um 21,6 milj. dala með vöxtum á árinu.

Tafla 3.3 Framkvæmdir Landsvirkjunar 1965-1981 í miljónum dala á föstu verðlagi 1981, byggt á töflu 3.2 og vísitölu heildsölu í Bandaríkjunum.

Ár	Búrfells-virkjun	Þóris-vatns-miðlun	Sigöldu-virkjun	Hraun-eyjafoss-virkjun	Aðrar framkv.	Samtals	Vísitala heildversl. í USA
1965	9,0	-	-	-	8,2	17,2	55,2
1966	8,2	-	-	-	2,0	10,2	57,1
1967	35,6	-	-	-	1,5	37,0	57,2
1968	81,9	-	-	-	13,4	95,3	58,6
1969	22,7	1,1	-	-	6,6	30,4	60,9
1970	10,3	7,4	-	-	2,4	20,1	63,1
1971	7,9	16,1	1,5	-	1,5	27,1	65,2
1972	2,4	5,9	4,2	-	10,0	22,5	68,1
1973	1,1	0,6	7,1	-	3,7	12,6	77,0
1974	-	0,4	26,1	-	5,6	32,1	91,5
1975	-	-	47,5	-	5,7	53,7	100,0
1976	-	-	68,2	-	5,4	73,6	104,6
1977	-	4,2	20,9	-	13,7	38,7	111,0
1978	-	-	7,5	12,7	3,3	23,5	119,7
1979	-	-	6,1	28,7	2,2	32,0	134,7
1980	-	-	-	59,5	3,3	64,5	153,6
1981	-	-	-	59,0	6,5	65,5	166,7
SAMT.	179,1	35,7	189,1	159,9	95,0	660,5	

VOD-OB-951-HS
82.01.0110 ÁÁ

- 41 -

Mynd 3-1



VOD-OB-951-HS
82.01.0109 AÁ

- 42 -

Mynd 3-2





1. Samkvæmt lánssamningum Landsvirkjunar og Alþjóðabankans


VOD-OB-951-HS
82.01.0104 AÁ
Mynd 3-4
REKSTRARAFKOMA LANDSVIRKJUNAR 1971-1981:
Arðgjöf á föstu verðlagi 1981, meðaltal byggingarvísitölu
0=Lágmarksarður, samkvæmt arðgjafar kröfu
Millj.
Nýkr
60
50
40
30
20
10
0
-10
-20
-30
-40
-50
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1978
1979
1981
Ummfram arður ef ISAL hefði frá byrjun greitt 50% af heildsöluverði til almenningsveitna
Raunveruleg


VOD-OB-951-HS
82.01.0104 AÁ
Mynd 3-5
REKSTRARAFKOMA
LANDSVIRKJUNAR 1971-1981:
Arðgjöf á verðlagi hvers árs
0 = Lágmarksarður
12500
Millj.
G.kr.
10000
7500
5000
2500
0
-10
-20
-30
-40
1974
1975
1976
1977
978
1979
1980
1981
Umfram arður ef ISAL hefði frá byrjun greitt 50 % af heildsöluverði til almenningsveita
Raunveruleg arðgjafavöntun á verðlagi hvers árs


Mynd 3-6
Raforkuverð Landsvirkjunar
1971-1980
Almenningsveitur
"Æskilegt" meðalverð
Meðalverð
Stöðjuverð miðað við "æskilegt" meðalverð og
50% hærra verð til almenningsveitna.
Stöðjuverð miðað við "æskilegt" meðalverð og
tvöfalt hærra verð til almenningsveitna
ÍSAL
Verð
mill/kwh
20
15
10
5
'71
'72
'73
'74
'75
'76
'77
'78
'79
'80 ár
VOD-08-951 G.J.
8109 0993 SyJ

4. ÞRÓUN RAFORKUVERÐS TIL ÍSAL 1969-1981

Í þessum kafla verður reynt að lýsa því, hvernig raforkuverðið til Ísal hefur þróast miðað við ýmsar viðmiðunarstærðir s.s. fast verðlag í Bandaríkjunum, vísitölu byggingarkostnaðar á Íslandi, þróun heimsmarkaðsverðs á áli, raforkuverð til almenningsveitna, raforkuverð til álvera annars staðar í heiminum og innflutningsverð á olíu.

4.1 Raungildi raforkuverðsins miðað við fast verðlag í Bandaríkjunum

Í töflu 4.1 og á mynd 4-1 er sýnd þróun raforkuverðs til Ísal miðað við fast verðlag í Bandaríkjunum. Við útreikningana var stuðst við vísitölu heildverslunar í Bandaríkjunum (US wholesale price index). Þessi vísitala er yfirleitt notuð í þessu sambandi, en þess má geta, að ef notaður er svokallaður "CE plant cost index" (úr: "Chemical Engineering") fæst nær alveg sama útkoma. Athyglisverðast er í þessu sambandi að árið 1975 er verðið einungis um 65% af upphaflegu verði, og þrátt fyrir hækkanir á raforkuverðinu til Ísal eftir 1975 hefur verðið aldrei náð aftur upphaflegu raunvirði.

Árið 1981 var orkuverðið til Ísal 79,3% af raungildi þess 1969 ef miðað er við þróun heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum.

Rétt er að geta þess að samkvæmt upphaflegum samningi átti raforkuverðið að lækka 1975 í 2,5 mill/kWh en framleiðslugjaldið að hækka að sama skapi.

4.2 Raungildi raforkuverðsins miðað við fast verðlag á Íslandi

Í töflu 4.1 og á mynd 4-1 er einnig sýnd þróun raforkuverðsins miðað við byggingarvísitölu hér á landi. Hér er það einkum tvennt, sem vekur athygli. Í fyrsta lagi að verðið lækkar um helming miðað við upphaflegt raunvirði á tímabilinu 1969-1973, en helst nokkurn veginn óbreytt eftir það. Stafar þetta aðallega af því, að vísitala byggingarkostnaðar nær tvöfaldast á meðan gengi íslenskrar krónu gagnvart dollar helst nær óbreytt. Á tímabilinu 1969-1973 breytist gengið gagnvart Bandaríkjadal úr 88,1 kr. í 90,0 kr., þ.e. um 2,1%. Á sama tímabili hækkar byggingarkostnaður um 98%. Þar af leiðir hið snögga fall raunvirðis tekna Landsvirkjunar 1969-1973, reiknað í íslenskri mynt.

Í öðru lagi vekur athygli að raunvirði rafmagnsverðsins, miðað við byggingarvísitölu, er aðeins 50% af upphaflegu raunvirði, þó að miðað við heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum sé raunvirðið um 79%. Þetta felur það í sér að tekjur af raforkusölunni til Ísal eru nú helmingi minni að verðgildi, miðað við þróun byggingarkostnaðar og þar með virkjunarkostnað, en þegar verksmiðjan hóf rekstur.

Ef raforkuverðið til Ísal á að ná sínu upphaflega verðgildi miðað við byggingavísitölu, þyrfti það að hækka um 100%.

4.3 Raforkukostnaður Ísal sem hlutfall af skráðu markaðsverði

Tafla 4.2 og mynd 4 2 sýna þróun raforkuverðs í hlutfalli við skráð verð á hrááli á hverjum tíma. Árið 1969 var raforkukostnaður á tonn hjá Ísal 8% af skráðu framleiðsluverðmæti, en er nú 5,9% (miðað við 15.900 kWh/tonn og USD 1750/tonn skráð verð). Við samningsgerðina var þetta hlutfall 8,8% miðað við orkuverðið 3 mill/kWh. Eins og sjá má á mynd 4-2 fer hlutdeild orkukostnaðar að síga jafnt og þétt frá 1973 en þá tók verð á áli að hækka án þess að orkuverð til Ísal hækkaði. Með breytingum á raforkusamningnum í lok 1975 er spyrnt nokkuð við fæti gegn þessari þróun en þó ekki nóg til að breyta í grundvallaratriðum þeim vanda sem hér er við að etja.

4.4 Raforkuverð til Ísal miðað við raforkuverð til almenningsveitna

Þegar borið er saman raforkuverð til Ísal annars vegar og almenningsveitna hins vegar vekur athygli að mismunurinn á þessum verðum hefur farið stigvaxandi. Árið 1969 var heildsöluverð til almenningsveitna 81% hærra á kWst en verðið til Ísal, en eins og fram kemur hér á eftir virðist eðlilegt að miða við að stóriðjan greiði verð sem er a.m.k. 65% af verði til almenningsveitna, þ.e. að almenningsveitur greiði um 50% hærra verð en stóriðjan. Árið 1981 greiddu almenningsveitur 313% hærra verð á kWst en Ísal, og í maí 1982 greiddu almenningsveitur um 400% hærra verð.

Spyrja má hver sé eðlilegur munur milli orkuverðs til stóriðju og orkuverðs til almenningsveitna.

Ef borin er saman raforkusala til almenningsveitna annars vegar og stóriðju hins vegar kemur fyrst og fremst tvenns konar eðlismunur í ljós. Í fyrsta lagi hefur stóriðjan lengri nýtingartíma eða u.þ.b. 8000 stundir á ári á móti u.þ.b. 5000 stundum hjá almenningsrafveitum. Í öðru lagi tekur stóriðjan við fullri orku alveg frá byrjun en notkun almenningsveitna í heild vex um u.þ.b. 25 MW á ári og fullnýta þær því orkuvinnslugetu nýrrar stórvirkjunar mun hægar en stóriðjan.

Þá má nefna að stóriðjan tekur yfirleitt við raforku með hærri spennu en almenningsrafveitur en samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar er verðið 5% lægra ef tekið er við raforkunni á 220 kV spennu í stað 132 kV spennu.

Vegna lengri nýtingartíma verður stofnkostnaður í virkjun, sem byggð er fyrir stóriðju, lægri en fyrir virkjun sem byggð er fyrir almenna notkun. Munurinn liggur í því að uppsett afl virkjunarinnar verður minna og vélbúnaðurinn þar með ódýrari, svo og að ekki er þörf á jafnmikilli vatnsmiðlun og ella.

Samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið í þessu efni, m.a. af Helga Sigvaldasyni verkfræðingi, er talið að stofnkostnaður virkjunar sem einungis er byggð fyrir stóriðju sé 10-15% lægri en fyrir virkjun sem einungis er byggð fyrir almenningsveitur.

Eins og áður sagði fullnýtir stóriðja að jafnaði virkjun fyrr en ella. Ef ekki er unnt að byggja viðkomandi stórvirkjun í minni áföngum sem henta vexti almennrar notkunar hefur slík fullnýting fyrr í för með sér ákveðinn fjármagnsparnað. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. áætlar að framleiðslukostnaður á orku frá Blönduvirkjun sé um 13,1 mill/kWh við stöðvarvegg á verðlagi í desember 1980 miðað við að virkjun yrði fullnýtt í einum áfanga. Hins vegar yrði framleiðslukostnaðurinn skv. sömu áætlun 15,4 mill/kWh miðað við að virkjunin yrði byggð í einum áfanga og almenningsveitur fullnýttu hana á 5 1/2 ári. Í báðum tilvikum er miðað við 6% reiknivexti. Fullnýting strax gefur þannig u.þ.b. 15% lægra raforkuverð, miðað við að virkjunin yrði ekki byggð í áföngum fyrir almenningsmarkaðinn, en ef svo væri gert yrði munurinn minni.

Samkvæmt nýjustu gjaldskrá Landsvirkjunar (maí 1982) er verð á raforku miðað við 5000 stunda nýtingartíma og 132 kV afhendingarspennu 33,65 aurar /kWh (30,4 mill/kWh) og miðað við 8000 stunda nýtingartíma 23,54 aurar kWh (21,3 mill/kWh) Stóriðjan tekur við orkunni á 220 kV þannig að samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar ætti hún að greiða 22,36 aura/kWh (20.2 mill/kWh). Hlutfall raforkuverðs til stóriðju miðað við raforkuverð til almenningsveitna ætti því samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar að vera 66%. Í dag er þetta hlutfall u.þ.b. 21%.

Norðmenn hafa gert all ítarlegar athuganir á því, hvert sé eðlilegt raforkuverð til stóriðju annars vegar og almennings hins vegar. Niðurstöður þessara athugana koma m.a. fram í skýrslum norska orkuráðuneytisins, nr. 49:1979, „Kraftintensiv industri" og St. meld nr. 54, „Norges framtidige energibruk og produksjon". Samkvæmt þessum skýrslum er talið að kostnaðarverð til stóriðju sé um 85% af kostnaðarverði til almenningsveitna, eða nánar tiltekið 11-12 norskir aurar á kWst á móti 13,5 aurum til almenningsveitna miðað við verðlag í janúar 1980 og 7% reiknivexti.

Á Orkuþingi 1981 flutti Sigurður Briem, yfirverkfræðingur hjá Íslenska álfélaginu h.f. erindi um hagkvæmni raforkusölu til stóriðju. Í erindi Sigurðar komu fram útreikningar um hver væri eðlilegur verðmunur á raforku til stóriðju annars vegar og almenningsveitna hins vegar.

Sigurður tekur fyrst dæmi af virkjun sem gæti framleitt 1000 GWh fyrir almennan markað og reiknar út raforkuverð til almennings miðað við að það taki um 8 ár að fullnýta virkjunina. Síðan athugar hann þann möguleika að helmingur orkunnar fari til almenningsveitna, 500 GWh, en afgangurinn til stóriðju. Sigurður gerir þó ráð fyrir að orkuvinnslugeta virkjunarinnar aukist um 10% í heild eða í 1100 GWh og unnt verði þá að selja um 600 GWh til stóriðju. Ekki er víst að þessar forsendur gildi fyrir þær virkjanir sem nú eru í undirbúningi.

Niðurstaða Sigurðar er sú að stóriðjan eigi að greiða um 60% af verði til almenningsveitna að gefnum áðurnefndum forsendum. Er þá gert ráð fyrir að raforkuverð til almennings verði hið sama hvort sem ráðist er í stóriðju eða ekki.

Orkustofnun hefur gert útreikninga á orkuverði til stóriðju annars vegar og orkuverð til almennings hins vegar (sjá töflu 6.1 og 6.2) og lagt til grundvallar tvær mismunandi aðferðir. Fyrra tilvikið er frá fyrri hluta árs 1981 en í því er gert ráð fyrir ákveðinni virkjanaröð og 3 möguleikum á staðsetningu 150 MW stóriðjufyrirtækis. Raforkuverð til almennings er reiknað á grundvelli þessarar ákveðnu virkjunarraðar svo og raforkuverðið til stóriðjunnar. Fjórar mismunandi virkjunarleiðir eru kannaðar, sjá töflu 6.1.

Niðurstaða Orkustofnunar samkvæmt aðferð 1 er sú að meðalkostnaðarverð til stóriðju er áætlað 68,5% af meðalkostnaðarverði til almenningsveitna miðað við 6% reiknivexti og 67,7% miðað við 8% reiknivexti.

Sá megingalli er á þessum útreikningum að gert er ráð fyrir ákveðinni virkjunarröð hvort sem farið er í stóriðju eða ekki. Réttara er að reikna fyrst út raforkuverð til almenningsveitna miðað við hagkvæmustu virkjunarröð en láta síðan stóriðjuna taka á sig viðbótarkostnaðinn. Í seinni skýrslum Orkustofnunar er byggt á þessari aðferðafræði og kemur þá í ljós, að kostnaðarverð til stóriðju á næstu árum og fram til aldamóta er u.þ.b. 90% af kostnaðarverði til almennings. Meginskýringin á þessu er sú að unnt er að fullnægja raforkuþörf almennings fram til aldamóta með mjög ódýrum virkjunum en stóriðja kallar á framkvæmdir í dýrari virkjunum fyrr en ella.

Miðað við það sem hér að ofan er rakið er nokkuð mismunandi hvað talið er eðlileg kostnaðarskipting, en að öllu samanlögðu má reikna með því að stóriðjan (8000 stunda nýtingartími og 220 kV afhendingarspenna) eigi að greiða orkuverð sem nemur a.m.k. 65% af heildsöluverði til almenningsveitna (5000 stunda nýtingartími og 132 kV afhendingarspenna).

4.5 Raforkuverð til Ísal miðað við verðþróun á raforku til álvera annars staðar.

Á sama tíma og hlutdeild raforkukostnaðar í framleiðsluverðmæti fer lækkandi hjá Ísal, fer hún yfirleitt hækkandi hjá öðrum álverum í þróuðum ríkjum. Í byrjun sjöunda áratugarins var algengt að raforkukostnaður á tonn væri 5-10% af skráðu

framleiðsluverðmæti, en nú er algengt að hann sé 20-25% af skráðu verði sbr. mynd 4-5. Hjá Ísal var hlutfall raforkukostnaðar tæp 6% af skráðu verði á árinu 1981 eins og kemur fram í töflu 4.2 Það er því ljóst að hlutur Íslands í þeim virðisauka, sem til verður í álverksmiðjunni í Straumsvík, hefur farið minnkandi, þegar miðað er við viðskipti óskyldra aðila með raforku til áliðnaðar.

Mynd 4-5 sýnir raforkukostnað hjá Ísal miðað við aðra álframleiðendur á ýmsum svæðum. Ísal er með lægstan kostnað, meira að segja lægri en meðaltal fyrir Noreg, þar sem stærsta álvinnslan er ríkisfyrirtæki, mörg orkuverin löngu afskrifuð og tiltölulega lítið um nýjar virkjanir. Rétt er að leggja áherslu á að orkusalan til álvera í Noregi er ekki nema að takmörkuðu leyti viðskipti milli óskyldra aðila þar sem sum fyrirtækin eiga orkuver og ríkið sem á stærstan hluta orkuveranna á meir en helming alls áliðnaðarins.

Tafla 4.5 sýnir þróun raforkuverðs til álvera í Bandaríkjunum. Af töflunni má sjá, að meðalraforkuverðið til álvera í Bandaríkjunum hefur hækkað um rúmlega 16 mill/kWh á 7 árum, úr tæpum 5 mill í 21 mill. Á sama tíma hefur raforkuverð til Ísal hækkað um 3,45 mill, úr 3 mill/kWh í 6,45 mill/kWh.

Bonneville Power Administration (BPA) sér fleiri álverum fyrir orku en nokkur önnur rafveita í heiminum, enda er þróunin þar talsvert leiðandi fyrir áliðnaðinn í heild. Verðið þar hefur hækkað úr 2,8 mill/kWh 1978 í 17,5 mill að meðaltali í árslok 1981. Hjá Tennessee Valley Athority (TVA) var meðalorkuverð til álvera 30,75 mill/kWh í árslok 1981. Annars staðar í Bandaríkjunum er raforkuverð til álvinnslu einnig mjög á uppleið. Búist er við að ívilnanir til handa áliðnaði í orkusölu verði að mestu úr sögunni þar í landi á næstu 5-10 árum og að áliðnaður muni þurfa að greiða samkvæmt gjaldskrá fyrir orkuna eins og aðrir notendur. Til dæmis er álitið að viðbótarorka á BPA orkuveitusvæðinu í formi kjarnorku, muni kosta allt að því 70 mill/kWh. Tafla 4.4 sýnir almenna þróun verðlags á iðnaðarraforku í Bandaríkjunum og gefur hugmynd um

þá þróun sem áliðnaðurinn mun standa frammi fyrir í auknum mæli þegar langtíma orkusamningar renna út á næstu árum.

Í Bandaríkjunum er stefnan sú að gefa áliðnaðinum nokkurra ára aðlögunartíma til þess að taka á sig orkuverð í samræmi við verð til annarra notenda samkvæmt gjaldskrá, þannig að álverin taki eðlilegan þátt í kostnaði við frekari uppbyggingu orkukerfisins.

Raforkuverðið til Ísal mun vera með því lægsta sem nokkurs staðar þekkist í heiminum í dag milli óskyldra aðila.

Í kafla 7 er nánar fjallað um raforkuverð til álvera annars staðar í heiminum miðað við stöðu mála í dag.

4.6 Hlutfallslegur kaupmáttur seldrar raforku til Ísal gagnvart innfluttri olíu

Verðhækkun á öllum helstu orkugjöfum í heiminum hefur á undanförnum árum farið langt fram úr alþjóðlegri verðbólgu. Ef litið er á rekstur álverksmiðjunnar í Straumsvík einungis með tilliti til orkuviðskipta, þ.e.a.s. útflutnings á raforku í formi orkusölu til Alusuisse með tilheyrandi gjaldeyristekjum, á móti innflutningi á orku í formi olíukaupa með tilheyrandi gjaldeyrisútgjöldum, kemur í ljós að viðskiptakjör Íslands að þessu leyti hafa rýrnað um 84%. Tekjur af sölu á 1000 GWh af raforku til Ísal árið 1970 hefðu það ár nægt til kaupa á um 120 þúsund tonnum af gasolíu og var þetta sú mynd m.a. sem stjórnvöld höfðu af hagkvæmni samningsins með tilliti til olíuviðskipta. Árið 1981 nægðu tekjur af 1000 GWh orkusölu hins vegar aðeins til kaupa á um 19 þúsund tonnum af olíu.

Tafla 4.1 RAFORKUVERÐ TIL ÍSAL OG ALMENNINGSVEITNA 1969-1981

	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Raforkuverð til ÍSAL á verðlagi hvers árs[1] (US mill/kWh)	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,8	4,29	5,08	5,71	6,45	6,45
Heildsöluverð Landsvirkjunar til almenningsveitna á verðlagi hvers árs[2] (US mill/kWh)	5,47	7,74	9,97	10,18	10,29	15,34	14,75	13,49	16,00	14,80	17,68	23,64	26,90
Heildsöluverð Landsvirkjunar til almenningsveitna á verðlagi hvers árs (aur/kWh)	47,9	68,1	87,6	89,3	92,6	153,8	229,7	246,0	319,0	403,0	624,0	1135,0	1954,0
Raforkuverð til ÍSAL á verðlagi hvers árs (aur/kWh)	26,4	26,4	26,4	27,0	26,8	30,7	46,7	69,4	85,6	138,4	205,1	317,8	472,0
Raforkuverð til ÍSAL á föstu verðlagi 1969 (aur/kWh) (Ársmeðaltal ísl. bygg.vísit.)	26,4	22,6	19,7	17,0	13,5	10,5	19,8	12,8	12,3	13,4	13,6	13,7	13,2
Raforkuverð til ÍSAL á föstu verðlagi 1969 (US mill/kWh) (Ársmeðaltal vísitölu heildversl. í U.S.A.)	3,0	2,91	2,80	2,67	2,38	2,0	1,82	2,22	2,35	2,59	2,58	2,58	2,38

1) Miðað við rúmlega 8000 stunda nýtingartíma og 220 kV spennu.

2) Miðað við rúmlega 5000 stunda nýtingartíma og 132 kV spennu.

Tafla 4.2

RAFORKUKOSTNAÐUR HJÁ ÍSAL

SEM HLUTFALL AF SKRÁÐU HEIMSMARKAÐSVERÐI

	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Raforkuverð til ÍSAL (mill/kWh)	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,80	4,29	5,08	5,71	6,45	6,45
Raforkukostnaður á tonn USD[1)]	47,7	47,7	47,7	47,7	47,7	47,7	47,7	60,4	68,2	80,8	90,8	103,0	103,4
Skráð verð á hrááli ($/tonn) (Alcan list price)	593,4	637,3	637,1	571,4	593,4	791,2	857,1	945,0	1098,9	1142,8	1406,5	1713,0	1750,0
Raforkukostnaður sem hlutfall af framleiðsluverð-mæti (skráð verð)	8,0%	7,5%	7,5%	8,3%	8,0%	6,0%	5,6%	6,4%	6,2%	7,1%	6,5%	5,9%	5,9%

1) Miðað við orkunotkunina 15.900 kWh/tonn

Tafla 4.3 FRAMLEIÐSLUGJALD ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS H/F (netto)[1]

Ár	Nettó framl.gjald á verðlagi hvers árs (USD)	Nettó framl.gjald á föstu verðlagi ársins 1969 (USD)	Gjaldskyldur útflutningur og umframbirgðir (tonn)	Nettó framl.gjald[2] sem hlutfall af framl.verðm./tonn (%)	Nettó framl.gjald á hvert tonn á verðlagi 1969 (USD/tonn)
1970	734.503	699.526	33.521	3,43	20,86
1971	96.854	88.049	32.932	0,46	2,67
1972	118.625	104.057	43.034	0,48	2,41
1973	186.375	154.028	79.853	0,39	1,92
1974	380.045	283.615	63.077	0,76	4,49
1975	321.387	220.128	48.068	0,78	4,57
1976	1.238.765	799.203	74.215	1,76	10,76
1977	1.227.703	744.062	74.255	1,50	10,02
1978	1.136.852	638.680	75.343	1,32	8,47
1979	1.702.970	860.085	76.136	1,59	11,29
1980	4.967.000	2.217.410	67.414	4,3[3]	32,89

1) Framleiðslugjald að frádreginni breytingu á skattinneign hvers árs.

2) Á verðlagi hvers árs miðað við skráð verð á hrááli.

3) Eftir endurskoðun

Heimild: „Skattgreiðslur Íslenska álfélagsins h.f."
Skýrsla starfshóps á vegum iðnaðarráðuneytisins, Febrúar 1981.

Tafla 4.4

ÞRÓUN RAFORKUVERÐS FRÁ ALMENNINGSVEITUM Í BANDARÍKJUNUM 1973-1980

Ár	Meðalraforkuverð á ári			
	Heimilisnotkun		Iðnaður	
	Verðlag hvers árs (mill/kWh)	Fast verðlag 1972	Verðlag hvers árs (mill/kWh)	Fast verðlag 1973
1973	23,7	23,7	11,7	11,7
1974	30,3	27,5	16,5	15,0
1975	36,1	29,8	21,3	17,6
1976	36,8	28,7	21,8	17.0
1977	40,1	29,4	25,8	18,9
1978	44,3	30,3	28,7	19,6
1979	49,1	30,1	32,2	19,7
1980	61,0	32,9	41,3	22,3

Heimild: Norska orkuráðuneytið (03.03.1981)

ÞRÓUN RAFORKUVERÐS TIL ÁLVERA Í BANDARÍKJUNUM 1974-1981

Meðalverð á hverju ári í mill/kWh

ORKUFRAMLEIÐANDI/ ÁLFYRIRTÆKI	FRAML.GETA álfyrirtækjanna	1974	1979	1981
	(þús.tonn)	(mill/kWh)	(mill/kWh)	(mill/kWh)
BONNEVILLE POWER ADMINISTRATION ALCOA, INTALCO, KAISER, MARTIN MARIETTA, REYNOLDS, ANACONDA (10 ÁLVER)	1467	2,3	4,5	14,7
TENNESSEE VALLEY AUTHORITY ALCOA, CON.ALUMINIUM, REVERE COPPER AND BRAS, REYNOLDS (4 ÁLVER)	619	8,0	24.3	30,7
POWER AUTHORITY OF N.Y. ALCOA (MASSENA, N.Y.) og REYNOLDS (MASSENA, N.Y.)	309	2,0	8,3	6,8
SOUTH CAROLINA SERVICE AUTHORITY ALUMAX, BERKELEY CO., S.C.	197		16,2	29
POTOMAC EDISON, MD. EASTALCO, FREDRICK, MD	160	2	16,9	25
BIG RIVERS RURAL ELECTRIC CO-OP, K.Y ANACONDA, SEBREE, K.Y. og NATIONAL SOUTHWIRE	326	8,0	17,0	27
DUKE POWER CO., N.C. ALCOA, BADIN, N.C.	163	8,0	18,5	27
ARKANSAS POWER & LIGHT, ARK REYNOLDS, ARKEDELPH. & JONES MILLS	175	6,0	16,4	25
SOUTHERN INDIANA GAS & ELECTRIC CO., IND. ALCOA, WARRICK, IND.	263	8,0	26,6	32
VEGIÐ MEÐALTAL	3679	4,7	13,2	21

(58) HEIMILD: INDUSTRI ØKONOMISK INSTITUIT, U.S DEPARIMENT OF ENERGY I D.F.

Tafla 4.6

HLUTFALLSLEGUR KAUPMÁTTUR SELDRAR RAFORKU TIL ÍSAL GAGNVART INNFLUTTRI GASOLÍU[1)]

	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Raforkuverð til ÍSAL Meðalverð hvers árs (aur/kWh)	26,43	26,43	26,43	26,99	26,73	30,66	46,71	69,44	85,62	138,43	205,09	317,79	472,03
Verð á orkueiningu úr olíu Meðalverð hvers árs (aur/kWh)	18	18	24	23	29	81	133	166	193	279	776	1233	2006
Hlutfallslegur kaupmáttur seldrar raforku til ÍSAL gagnvart innfluttri olíu (vísitala)	100	100	75	79	62	25	24	28	30	33	18	17	16

1) Miðað við CIF verð gasolíu (meðatal hvers árs) og 12.1 kWh/kg sem brúttó orkuinnihald gasolíu.


VOD-08-951-HS
82.01.0106 AA
Mynd 4 - 1
RAFORKUVERÐ Á FÖSTU VERÐLAGI FRÁ 1969
Mill KWh/
Aurar/ KWh
3.0
2.0
1.0
0
30
20
10
0
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981
Raforkuverð til ISAL á föstu 1969 verðlagi (aurar/KWh)
(Ársmeðaltal Ísl. byggingarvísitölu)
Raforkuverð til ISAL á föstu 1969 verðlagi (Mills/KWh)
(Ársmeðaltal U.S. Wholesale price index)


VOD-OB-951-HS
82.01.0108 AÁ
Mynd 4-2
RAFORKUKOSTNAÐUR OG NETTO FRAMLEIÐSLUGJALD HJÁ ISAL Á TONN SEM HLUTFALL AF FRAMLEIÐSLUVERÐMÆTI (SKRÁÐ VERÐ)
%
10
9
8
7
6
5
4
3
2
1
0
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981
Raforkukostnaður
Framleiðslugjald


Mynd 4-3
RAFORKUVERÐ Á VERDLAGI HVERS ÁRS
- 82 -
Raforkuverð til ISAL
Heildsöluverð Landsvirkjunar til almenningsveita
Frá almenningsveitum í USA til iðnaðar (meðaltal)
Mills / KWh
40
30
20
10
0
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981
VOD-OB-951-HS
82.01.0105 AA

ORKUVERÐ TIL ÍSAL

Mynd 4-4



2.7.1982 G.J./K.G.

VOD - OB - 951 - HS
82.01.0107 AÁ

- 64 -

Mynd 4-5



Mynd 4-6



Upplýsingar : U.S. Dept. of Energy

VOD-08-930-GJ
81.02.0077-GSJ

(66)

VOD-08-951-HS
82.01.0161 AÁ

Mynd 4-7

HLUTFALLSLEGUR KAUPMATTUR SELDRAR RAFORKU TIL ÍSAL GAGNVART INNFLUTTRI GASOLÍU



5. LÍKLEG ÞRÓUN RAFORKUVERÐS TIL ÍSAL 1982-2014 MIÐAÐ VIÐ ÓBREYTTA SAMNINGA

Raforkusamningurinn frá 1966 (með viðauka frá 1975) gildir til 1994. Fari annar samningsaðili fram á það, framlengist samningurinn sjálfkrafa í 10 ár til viðbótar. Sama ákvæði endurtekur sig 2004 þannig að í raun gildir samningurinn í 45 ár eða til 2014. Á þessum tveimur framlengingartímabilum gilda ákvæðin um raforkuverð frá árinu 1966 óbreytt.

Frá 1982-1994 mun þróun á skráðu heimsmarkaðsverði Alcan ráða öllu um þróun raforkuverðsins til Ísal, þar sem verðið er um 40% verðtryggt miðað við útflutningsverð Alcan. Allar getgátur eða spár um raforkuverðið til Ísal á þessu tímabili eru því í raun spár um álverðið.

Tafla 2.1 og mynd 2-2 sýna verðþróun á áli frá 1954 og kemur í ljós að raunvirði áls lækkaði á tímabilinu 1957-1973 um 40 prósent en hækkar síðan um 60 prósent á tímabilinu 1973-1980. Frá miðju árinu 1980 hefur frjálst markaðsverð á áli fallið ört (sbr. mynd 5-1) þó að skráð verð hafi staðið í stað.

Í Bandaríkjunum var frjálsa markaðsverðið 52 c/lb í nóvember 1981, en 53 c/lb í Evrópu á sama tíma. Skráð verð Alcan var á sama tíma 79 c/lb eða um 52% hærra. Markaðurinn einkennist í dag af offramboði og umframbirgðum á áli og eru viðskiptin og markaðsverðið í algeru lágmarki. Söluverð í langtíma samningum er að jafnaði mun hærra og viðskipti stöðugri en LME verðið gefur vísbendingu um markaðsþróun á hverjum tíma.

CRU spáir að skráð verð haldist þó óbreytt í USD 1750/tonn til ársloka 1983 (sjá mynd 5-1) og lækki þannig ekki frá því sem nú er frekar en í álkreppunni 1974-76 þegar markaðsverð féll en Alcan export-verð hélst stöðugt.

Tímabilið 1973-1980 var greinilega aðlögunartími fyrir áliðnaðinn að gjörbreyttum aðstæðum - einkum í orkumálum. Á þessu tímabili endurheimti ál aftur það raunvirði sem það hafði verið í kringum 1956 (sjá töflu 2.1).

Það er algeng skoðun að olía muni þegar til lengri tíma er litið hækka meira í verði en nemur verðbólgu og að aðrir orkugjafar muni fylgja í kjölfarið. Með hliðsjón af því og þeirri staðreynd að áhrif síðustu olíukreppu og almennar orkuverðshækkanir hingað til hafa ekki alls staðar enn haft sín áhrif á eldri samninga um raforkuverð, virðist líklegt að meðalraforkuverð til áliðnaðar muni hækka að raungildi á næstu árum.

Þegar á heildina er litið má telja líklegt að álverð hækki í samræmi við verðbólgu á næstu áratugum, svo framarlega sem ekki skelli á meiriháttar efnahagskreppa.

Miðað við 10% hækkun á skráðu álverði á ári, mun verðið tvöfaldast á 7 til 8 árum (þ.e. 100% hækkun). Á sama tíma mundi raforkuverðið til Ísal einungis hækka um 50% skv. núgildandi samningi.

Mynd 5-2 sýnir áætlaða þróun raforkukostnaðar hjá Ísal sem hlutfall af heimsmarkaðsverði á áli. Fram til 1994 mun verðið lækka jafnt og þétt miðað við fast verðlag. Á mynd 5-4 sést að það verður komið niður í 4,5 mill/kWh árið 1994 miðað við verðlag 1982.

Eins og fram kemur í kafla 2.3 mun grunnverðið árið 1994 ákvarðast af því hvort heldur er lægra, 1) verð á áli í US c/lb, eða 2) prósenthækkun raforkuverðs tímabilið 1969-1994 hjá Söral í Husnes í Noregi (75% Alusuisse, 25% Norsk Hydro o.fl.).

Tvilnanir norskra stjórnvalda til Söral hafa m.a. falist í raforkuverði sem var ámóta og Ísal greiddi (sjá mynd 5-5). Raforkuverðið til Söral er hækkað á 5 ára fresti sem nemur 60% af hækkun vísitölu heilsöluverslunar á sama tímabili, og er verðið nú með sköttum um 11,5 mill/kWh.

Eins og áður segir gildir raforkusamningurinn við Ísal til 2014. Miðað við óbreytta samninga mun raungildi raforkuverðsins minnka jafnt fram til 1994 og verður þá komið í 4,5 mill/kWh á

verðlagi ársins 1982 miðað við 8% verðbólgu og sömu hækkun á álverði (sjá mynd 5-4). Árið 1994 myndi verðið hækka í um 8 mill/kWh og það verð síðan gilda óverðtryggt næstu 10 árin eða fram til 2004. Árið 2004 á að leiðrétta verðið skv. núgildandi samningi og er áætlað að þá hækki það úr um 4 mill/kWh miðað við verðlag 1982 í um 8 mill/kWh. Fram til 2014 færi verðið síðan lækkandi vegna verðbólgu og yrði komið í tæp 4 mill/kWh í lok samningstímabilsins árið 2014. Mynd 5-4 lýsir betur en nokkuð annað, hversu brýnt er að endurskoða raforkusamninginn.

VOD-08-930 GJ
82.04.0692 AA

- 70 -

Mynd 5-I

FRJÁLST MARKAÐSVERÐ Í EVRÓPU OG ALCAN-VERÐ Á ÁLI 1973-1983



Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing). 253

Mynd 5-2


HLUTDEILD RAFORKUKOSTNAÐUR Í SÖLUVERÐI
ÁLS MIÐAÐ VIÐ SKRÁÐ VERÐ HJÁ ALCAN
%
20
15
10
5
1970
1980
1990
1994
Núgildandi samningur
VERÐ Á ÁLI
7 % árleg hækkun
10 % —"—
15 % —"—
Raforkunotkun 16 000 kWh á tonn áls
VOD-OB-930-GJ
81.02.0078-GSJ

LANDSVIRKJUN

MYND 5-3

ORKUVERÐ TIL ÍSAL Á 40 ÁRA TÍMABILI SKV. UPPHAFLEGUM ORKUSÖLUSAMNINGI

(MILL/kWh Á FÖSTU VERÐLAGI ÁRSINS 1969)



FORSENDUR UM VERÐ:
3MILL/kwh 1969-1972
OG SÍÐAN 2,5MILL/kwh

FORSENDUR UM VERÐBÓLGU
Í BANDARÍKJADOLLURUM
1969-1980 SKV.BYGGINGARVÍSITÖLU Í BANDARIKJUNUM
1980-2009 8% Á ÁRI

4.2.1981 E.B.H./Á.Þ.

Þingskjal 363 2019

VOD-OB-930 GJ
82.04.0691 AÁ

Mynd 5-4

RAFORKUVERÐ TIL ÍSAL SAMKVÆMT NÚVERANDI (ENDURSKOÐUÐUM) SAMNINGI

Á föstu verðlagi ársins 1982 miðað við 8 % verðbólgu og sömu hækkun á áli




VOD-OB-951-HS
82.01.0164 AÁ
Mynd 5-5
RAFORKUVERÐ TIL SÖR-NORGE ALUMINIUM A/S
(75% Alusuisse, 25% Norsk Hydro o.fl.)
1050 GWh/a, 131 MW (68.000 tonn)
Samningur : 40 ár, til 2006
Mill/ KWh
GRUNNVERÐ +17% + EL. AVGIFT
Transformation 5%
Transmission 12%
17%
EL. AVGIFT : 01.07.'56-01.01.'71 : 0.2 ÖR/KWh
: 01.01.'71 - 01.05.'74 : 0.4 ÖR/KWh
: 01.05.'74 - 01.07.'78 : 1.0 ÖR/KWh
: 01.07.'78 - 01.01.'81 : 1.5 ÖR/KWh
: 01.01.'81- : 2.2 ÖR/KWh
0
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
'66 '67 '68 '69 '70 '71 '72 '73 '74 '75 '76 '77 '78 '79 '80 '81 '82 '83 '84 '85

6. FRAMLEIÐSLUKOSTNAÐUR RAFORKU Í NÝJUM VIRKJUNUM Á ÍSLANDI

Í flestum löndum er stefnt að því að verðlagning á raforku til áliðnaðar miðist við meðalframleiðslukostnað á raforku hjá viðkomandi orkuveitu. Sé þessari grundvallarreglu ekki fylgt taka álverin ekki eðlilegan þátt í kostnaði við orkuöflunina. Því er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af framleiðslukostnaði orku í núverandi landskerfi og kostnaði við viðbótarorkuöflun þegar raforkuviðskiptin við Ísal eru metin.

Almenningsrafveitur hér á landi horfast nú í augu við þá staðreynd að orkuverð til þeirra er nú um 50% hærra en nemur kostnaði við viðbótarorkuöflun vegna þeirra. Ísal greiðir hins vegar raforkuverð sem er aðeins um 1/3 af því sem viðbótarorkuöflun til stóriðju kostar. Á tímabilinu 1969-1981 hafa almenningsveitur borið uppi rúm 70% af tekjum Landsvirkjunar á ári hverju (sem þó hafa ekki verið nægilegar), en aðeins tekið 40-45% af framleiddri orku.

6.1 Spá um raforkuþörf 1980-2000

Meginniðurstöður raforkuspár Orkuspárnefndar frá 1981 eru, að eftirspurn eftir raforku muni í framtíðinni liggja á því bili sem að neðan greinir, eftir því hvað reiknað er með miklum nýjum orkufrekum iðnaði. Miðað er við orku í orkuveri (þ.e. með töpum).

Ár	GWh	MW
1985	3904-4400	635- 700
1990	4514-5500	755- 880
1995	5161-7500	884-1175
2000	5925-9650	1036-1500

Raforkuþörf til almennra heimilisnota er áætluð um 30% minni um aldamót í þessari spá en í síðustu spá á undan (frá 30. des. 1978), en til iðnaðar um 21% meiri, og er þá nýr orkufrekur iðnaður ekki meðtalinn. Lækkun í heimilisnotkun og þjónustugreinum stafar að hluta til af hagkvæmari orkunýtingu. Aukningin í iðnaði stafar fyrst og fremst af því að nú er gert ráð fyrir fleira fólki við störf þar en í fyrri spá, einkum vegna þeirra takmarkana sem stærð fiskistofna setur fjölda starfa í fiskveiðum og fiskiðnaði. Efri mörkin

miðast við að þrír fjórðu hlutar nýrra starfa verði í almennum iðnaði, og einn fjórði í nýjum orkufrekum iðnaði.

6.2 Framleiðslukostnaður á raforku fyrir almenningsveitur og stóriðju í nýjum virkjunum

Orkustofnun hefur gert tvenns konar áætlanir um framleiðslukostnað á raforku frá nýjum virkjunum. Sú fyrri er frá því á fyrri hluta árs 1981 (sjá töflu 6.1) og sú síðari frá því í nóvember 1981 (sjá töflu 6.2).

Í fyrri aðferð Orkustofnunar er gert ráð fyrir fjórum mismunandi virkjanaleiðum og þremur möguleikum varðandi staðsetninga nýs 150 MW stóriðjuvers. Raforkuverð til almennings er reiknað á grundvelli hverrar virkjunarraðar fyrir sig svo og raforkuverð til stóriðjunnar. Niðurstaðan er sú, að framleiðslukostnaður á raforku til nýrrar stóriðju sé á bilinu 16-20 mill/kWh að meðaltali, miðað við 6-8% reiknivexti Framleiðslukostnaður á raforku til almenningsveitna er áætlaður samkvæmt þessu 23,5 - 29 mill/kWh. Áðurnefndar tölur eru á verðlagi í desember 1980. Á núgildandi verðlagi (júní 1982) er áætlaður framleiðslukostnaður á raforku til stóriðju samkvæmt töflu 6.1 um 22 mill/kWh miðað við 8% reiknivexti og 17,5 mill/kWh miðað við 6% reiknivexti.

Í síðari útreikningum Orkustofnunar frá því í nóvember 1981 er framleiðslukostnaður á raforku til stóriðju reiknaður miðað við að viðbótarorkunotkun í stóriðju fram til aldamóta verði samtals um 3800 GWh. Kostnaðurinn er reiknaður út miðað við 6 mismunandi þróunarkosti varðandi staðsetningu nýrra iðnfyrirtækja. Niðurstöður útreikninga eru þær að framleiðslukostnaður á raforku til stóriðju er áætlaður ívið hærri en samkvæmt fyrri aðferðinni. Miðað við gengi dollars 15. des. 1980 (US$ = 592,10), er áætlaður framleiðslukostnaður samkvæmt töflu 6.2 í heildina á bilinu 20-22 mill/kWh miðað við 8% reiknivexti. Athyglisvert er að sáralitill munur er á áætluðum framleiðslukostnaði til almenningsveitna eingöngu eða að viðbættri stóriðju. Sé þessi áætlaði framleiðslukostnaður borinn saman við núgildandi taxta Landsvirkjunar, kemur í ljós að hann

er um 75% af heildsöluverði til almenningsveitna, en 220% hærri en verðið til Ísal, sbr. mynd 6-3.

Miðað við verðlag í júní 1982 er áætlaður framleiðslukostnaður til stóriðju samkvæmt seinni aðferð Orkustofnunar um 23 mill/kWh miðað við 8% reiknivexti.

Framleiðslukostnaður á raforku í einstökum virkjunum hefur einnig verið áætlaður. Á töflu 6.3 eru sýndar niðurstöður verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f. af slíkum útreikningum varðandi þær virkjanir sem lagaheimildar var aflað fyrir vorið 1981. Sýnd eru tvö tilvik: Annars vegar er miðað við fullnýtingu strax, sem gæti átt við þegar um stóriðju er að ræða. Hins vegar er miðað við að virkjun verði byggð í einum áfanga en orkunotkunin vaxi jafnt og þétt um 135 GWh/ári. Í ljós kemur að meðalframleiðslukostnaður við stöðvarvegg í þessum virkjunum er áætlaður um 15,2 mill/kWh miðað við fullnýtingu strax, 6% reiknivexti og verðlag í desember 1981. Sé gert ráð fyrir að kostnaður við flutning og raforkutöp nemi sem svarar um 2 mill/kWh er áætlaður framleiðslukostnaður frá næstu virkjunum að meðaltali um 17,2 mill/kWh miðað við verðlag í desember 1981. Miðað við núgildandi verðlag (júní 1982) og 6% reiknivexti er áætlað kostnaðarverð til stóriðju samkvæmt þessari aðferð um 18 mill/kWh.

Landsvirkjun hefur ekki birt neina útreikninga á framleiðslukostnaði á raforku til stóriðju og almenningsveitna frá nýjum virkjunum. Hins vegar hefur Landsvirkjun látið í ljós þá skoðun í skýrslu sinni um „raforkuöflun í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun", að unnt eigi að vera, á viðunandi fjárhagsgrundvelli, að fullgera þrjár stórvirkjanir, þ.e. Blöndu-, Fljótsdals- og Sultartangavirkjanir á næstu 10-12 árum, auk stækkunar Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW. Þá er reiknað með að núgildandi kostnaðaráætlanir reynist raunhæfar, að raunvextir af lánsfé verði ekki hærri en 6%, almenningsveitur greiði að raungildi sama orkuverð og í nóvember 1981, þ.e.a.s um 27 mill/kWh, og nýr orkufrekur iðnaður verði fyrir hendi sem greiði 15-20 mill/kWh, fullverðtryggt. Þá er bent á að sé gert ráð fyrir leiðréttingu á orkuverði til núverandi stóriðju muni rekstrargrundvöllurinn batna sem því nemur.

Landsvirkjun tekur fram, að ofangreind niðurstaða byggist einnig á því, að ráðstafanir verði gerðar til að koma núverandi fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og byggðalínukerfisins í viðunandi horf, „annað hvort með því að hækka tímabundið orkuverð til almenningsveitna eða þá á annan hátt".

Eins og gefur að skilja eru útreikningar á framleiðslukostnaði raforku mjög háðir því, hvaða vextir eru lagðir til grundvallar. Munurinn á því hvort notaðir eru 6% eða 8% vextir nemur að meðaltali um 4 mill/kWh en hér verður ekki lagt mat á við hvora vaxtakröfuna eigi að miða.

Meginniðurstaðan er því sú að framleiðslukostnaður á orku fyrir stóriðju í nýjum virkjunum sé 18-22 mill/kWh, miðað við 6-8% reiknivexti, fulla verðtryggingu og verðlag í júní 1982.

6.3 Arðsemiskröfur og orkuverð

Núverandi raforkukerfi, án Hrauneyjafossvirkjunar og Kröflu, hefur framleiðslugetu sem nemur 3000 GWh. Að byggðalínum og 220 kV línum meðtöldum en án Kröflu og Hrauneyjafoss námu skuldir þessa kerfis um 2000 milljónum um áramótin 1980/81. Miðað við ársreikninga Landsvirkjunar 1978 og 1979 þarf fyrirtækið að hafa tekjur, sem nema um 11% af skuldum til þess að skila því sem kallað er 7% arðgjöf af meðalbókfærðum eignum í rekstri. Ef þessar forsendur eru notaðar, nema nauðsynlega tekjur 220 milljónum eða 7,33 aurum á kWh á heildsölustigi. Orkusala landskerfisins skiptist þannig, að um 60% fara til stóriðju en um 40% til almenningsveitna. Sé reiknað með að almenningsveitur greiði 50% hærra verð en stóriðja á hverja kWh, þarf stóriðjan að greiða 6,1 eyri á kWh en almenningsveitur 9,15 aura á kWh á verðlagi í árslok 1980.

Eftir Hrauneyjafossvirkjun og miðað við stöðu Kröflu í dag er orkuvinnslugeta kerfisins um 4000 Gwh, en heildarskuldir raforkukerfisins líklega um 3700 m.kr. Miðað við sömu forsendur og áður um skuldastöðu fyrirtækisins og hlutfallslega skiptingu söluverðs milli stóriðju og almenningsveitna er niðurstaðan sú, að nauðsynlegt heildsöluverð er 10,2 aurar á kWh til almenningsveitna.

Miðað við gengið um áramótin 1980/81 nemur þetta verð 13 mill á kWh til stóriðju og 20,4 mill á kWh til almenningsveitna. Miðað við núgildandi verðlag svarar það til þess að stóriðjan eigi að greiða að lágmarki 15 mill/kWh og almenningsveiturnar um 23 mill/kWh.

Það má teljast lágmarkskrafa að raforkukaupandi greiði ekki hærra raforkuverð með stóriðju en án. Með öðrum orðum, að ekki sé hægt að krefja hið almenna atvinnulíf um styrk til handa stóriðju í formi niðurgreidds rafmagns. Í ljósi þessarar lágmarkskröfu virðist eðlilegt að taka m.a. mið af neðangreindum atriðum við útreikning á lágmarksverði á raforku til nýrrar stóriðju og leiðréttingu núverandi samninga:

1. Settar verði ákveðnar kröfur um arðgjöf Landsvirkjunar (t.d. lágmarksarðgjafakrafa Alþjóðabankans) í samræmi við kröfur um eiginfjármögnun í nýfjárfestingum.

2. Raforkuverð til almenningsnota verði reiknað á grundvelli hagkvæmustu röðunar virkjanaframkvæmda fyrir almennan markað að viðbættri núverandi stóriðju.

3. Lágmarksraforkuverð til nýrrar stóriðju miðist við virkjanaröð, sem mæti auknum markaði stóriðjunnar. Miðað verði að hámarki við að raforkuverð til almennra nota verði hið sama og reiknað var í lið 2.

Tafla 6.1 Áætlun Orkustofnunar (aðferð I) um framleiðslukostnað raforku með flutningskostnaði, miðað við mismunandi virkjunarleiðir og staðsetningu 150 MW iðjuvers
(Verðlag í desember 1980. Gengi 1 US$ = 592,10)

I. Reiknivextir 6%

Virkjunarleið	Til almenningsnota	Til stóriðju (mill/kWh)		
Nr.	(mill/kWh)	á Grundartanga	í Eyjafirði	á Reyðarfirði
I (B-S-F-St-Bú)	22,0	15,4	16,2	17,4
II (B-F-St-Bús)	22,7	17,1	17,6	16,2
III (S-B-F-st-Bú)	24,0	14,2	16,1	16,4
IV (F-B-St-Bú-S)	25,2	16,7	15,9	13,0
Meðtal	23,5	15,9	16,5	15,8

Meðalkostnaðarverð til almenningsveitna = 23,5 mill/kWh
Meðalkostnaðar til stóriðju = 16,1 mill/kWh
Verð til stóriðju sem hlutfall af verði til almenningsveitna = 68,5

II. Reiknivextir 8%

Virkjunarleið	Til almenningsnota	Til stóriðju (mill/kWh)		
Nr.	(mill/kWh)	á Grundartanga	í Eyjafirði	á Reyðarfirði
I x) (B-S-F-St-B)	27,1	18,9	19,6	21,6
II (B-F-St-B-S)	27,9	20,8	21,3	19,8
III (S-B-F-St-B)	29,8	17,3	19,8	20,3
IV (F-B-St-B-S)	31,5	20,6	19,6	16,2
Meðaltal	29,1	19,4	20,1	19,5

Meðtaltal til almenningsnota = 29,1 mill/kWh
Meðtaltal til stóriðju = 19,7 mill/kWh
Kostnaðarverð til stóriðju sem hlutfall af verði til almenningsveitna = 67,7

x) B = Blanda, S = Sultartangi, F = Fljótsdalur, St = Stórisjór og Bú = Búrfell II.

Tafla 6.2 Áætlun Orkustofnunar (aðferð II) um framleiðslukostnað raforku til almenningsveitna og stóriðju (verðlag í desember 1980, reiknivextir 8%)

Virkjunar-leið.	Framleiðslu-kostnaður til almennings	Framleiðslukostnaður raforku til stóriðju.						
	ISO (mill/kwh)	IS-1	IS-2	IS-3	IS-4	IS-5	IS-6	Meðaltal til stóriðju
VL-1	20,9	20.7	20,1	21,3	19,9	19,8	21,1	20,5
VL-2	23,1	19,9	20,3	20,6	20,4	20,3	20,4	20,3
VL-3	23,3	20,7	20,1	20,9	19,4	20,1	21,1	20.4
VL-4	20,6	21,9	21,3	22,6	21,1	20,9	22,1	21,7
Meðaltal	22,0	20,8	20,5	21,4	20,2	20,3	21,2	20,7

Skýringar: VL-1: Blönduv. - Fljótsdalsv. - Sultartangav.
VL-2: Fljótskalsv. - Blönduv. - Sultartangav.
VL-3: Sultartangav. - Fljótsdalsv. - Blönduv.
VL-4: Blönduv. - Sultartangav. - Fljótsdalsv.
ISO: Eingöngu virkjað fyrir almennan markað.
IS1-IS6: 3800 Gwh virkjaður til stóriðju til aldamóta, skv. eftirfarandi E=Eyjafjörður, R=Reyðarfjörður, SV=SV-land.

Ár	1985	1987	1990	1993	1996	1999
IS1	SV: 500	R: 500	E: 700	E: 700	SV: 700	SV: 700
IS2	SV: 500	E: 500	E: 200 R: 500	E: 700	SV: 700	SV: 700
IS3	SV: 500	E: 500 R: 500	E: 200	E: 700	SV: 700	SV: 700
IS4	SV: 500	SV: 500	SV: 200 R: 500	E: 700	E: 700	SV: 700
IS5	SV: 500	E: 500	R: 700	R: 700	SV: 700	SV: 700
IS6	SV: 250 R: 250	SV: 250 R: 250	E: 700	SV: 700	SV: 350 E: 350	R: 350 E: 350

Tafla 6.3 ÁÆTLUN VERKFRÆÐISTOFU SIGURÐAR THORODDSEN H/F UM FRAMLEIÐSLUKOSTNAÐ RAFORKU Í ÞEIM VIRKJUNUM SEM AFLAÐ VAR LAGAHEIMILDA FYRIR VORIÐ 1981.

Virkjun	Orku-vinnsla E[2]	Afl N	Nýting T	Stofnkostnaður K[3]	K/E	Orkukostn. við stöðvarvegg[4] I		II[5]	
	GWh/a	MW	kh/a	Mkr.	kr/kWh/a	kr/kWh	mill/kWh	kr/kWh	mill/kWh
Þjórsársvæðið[1]	730[x]	120	6,08	1240	1,699	0,123	15,0	0,144	17,4
Blanda	765	150	5,10	1140	1,490	0,108	13,1	0,127	15,4
Fljótsdalur	1330	252	5,28	2300	1,729	0,125	15,2	0,165	20,0
Sultartangi[xx]	660	120	5,50	1305	1,977	0,143	17,4	0,165	20,0
Villinganes	190	36	5,28	355	1,868	0,136	16,4	0,141	17,1

1) Sultartangastífla, Kvíslaveita, aukning Þórisvatnsmiðlunar og aflaukning í Sigöldu og Hrauneyjafossi.

2) Orkuvinnslugeta Blöndu-, Fljótsdals-, Sultartanga- og Villinganesvirkjunar miðast í öllum tilvikum við virkjun eftir nefndar aðgerðir á Þjórsársvæðinu.

3) Að hluta byggt á nýjum áætlunum en að öðru leyti á framreiknuðum eldri áætlunum. Miðað er við gengi og verðlag í desembermánuði 1981 (VB = 909; 1 USD = 8,24 ISK)

4) Vextir reiknast 6%, ævitími orkuvers 40 ár og árlegur viðhalds- og rekstrarkostnaður 0,8 af hundraði stofnkostnaðar. I : fullnýting í upphafi; II : engin nýting í upphafi en jafnt vaxandi um 135 GWh/a[2]

5) Dálkar II gefa ekki rétta mynd af orkukostnaði ef virkjað er í áföngum.

x) Samkvæmt síðustu áætlun Landsvirkjunar. Vonarskarðsveita ekki meðtalin.
xx) Virkjun eftir stíflugerð.

VOD-OB-951-HS
82.01.0163 AÁ

- 83 -

Mynd 6-1



7. ALÞJÓÐLEG STAÐA OG HORFUR VARÐANDI ORKUVERÐ TIL ÁLIÐNAÐAR

7.1 Orkugjafar í álframleiðslu og helstu framleiðslusvæði

Þrátt fyrir ýmsar þýðingarmiklar framfarir og endurbætur hefur tækni við álframleiðslu verið í grundvallaratriðum óbreytt í nær 80 ár. Þessi grundvallartækni byggir á vinnslu hrááls (Al) með rafgreiningu á súráli (Al_2O_3) og þurfti áður um 20.000 kWh af raforku til að framleiða eitt tonn af áli. Þó að raforkunotkunin hafi verið minnkuð niður í um 14.000 kWh á tonn í nýjustu álverunum er framleiðslan samt sem áður mjög orkufrek og raforkuverðið enn einn mikilvægasti þátturinn varðandi samkeppnisstöðu og staðsetningu þessa iðnaðar.

Frumhráefni í álframleiðslu er báxít, sem finnst víða í jörðu, þó einkum í hitabeltislöndum, og er súrálið unnið úr báxíti með svokölluðum "Bayer process". Um fjögur tonn af báxíti verða í vinnslunni að tveimur tonnum af súráli, sem við rafgreiningu í álverksmiðju verða að einu tonni af áli. Þrátt fyrir að súrálið sé að jafnaði stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í framleiðslu áls, u.þ.b. 30% af heildarframleiðslukostnaði, hafa álverksmiðjur yfirleitt ekki verið staðsettar með hliðsjón af nálægð við hráefnislindir þar sem önnur atriði s.s. raforkuverð og nálægð við markaði skiptir meira máli.

Tafla 7.1 sýnir skiptingu framleiðslugetu áliðnaðarins eftir löndum árið 1981 og áætlun fyrir árið 1984.

Árið 1978 var um 88% framleiðslugetunnar í iðnríkjunum og um 12% í þróunarríkjum, en gert er ráð fyrir að hlutur þróunarríkja muni fara mjög vaxandi á næstu árum og áratugum. Til skamms tíma hefur verið búist við mikilli aukningu áliðnaðarins í Ástralíu, en á síðustu misserum hefur komið mikill afturkippur í öll áform þar í landi. Ljóst er að framtíð og samkeppnishæfni áliðnaðar mun að verulegu leyti ráðast af alþjóðlegri þróun orkumála. Langtíma raforkusamningar álvera munu víða renna út á næstu árum og má telja líklegt að álver muni í vaxandi mæli þurfa að greiða raforkuverð samkvæmt gjaldskrá, sem tekur tillit til meðalframleiðslukostnaðar heildarraforkukerfis viðkomandi landa.

Tafla 7.1 Framleiðslugeta áliðnaðarins í heiminum 1981 og áætlun fyrir 1984
(Austur Evrópa og Kína ekki meðtalin)

Landsvæði	Fjöldi álvera	1981 þús. tonn	1984 þús. tonn
1. Evrópa alls	52	3713	3814
Austurríki	2	93	93
Bretland	5	369	267
Frakkland	10	446	481
Holland	2	264	264
Ísland	1	88	88
Ítalía	6	302	250
Noregur	8	705	925
Spánn	5	401	401
Svíþjóð	1	85	85
Sviss	3	86	86
Þýskaland	9	731	731
Grikkland	1	143	143
2. Norður Ameríka alls	38	6101	6340
Bandaríkin	31	4867	4867
Kanada	7	1234	1473
3. Aðrar heimsálfur	37	3899	5612
Ástralía	3	367	978
Nýja Sjáland	1	150	344
Afríka	3	359	446
Mið-Austurlönd	4	498	651
Suður-Ameríka	6	919	1845
Japan	11	1183	700
Önnur Asíulönd	9	423	648
SAMTALS	127	13713	15766

Heimild: Commodities Research Unit

Áætlað er að á þessum áratug verði framleiðslukostnaður raforku frá kolastöðvum í iðnríkjunum yfirleitt á bilinu 25-45 US mill/kWh á verðlagi ársins 1981. Frá nýjum stórum vatnsorkuverum, þar sem almenn eftirspurn eftir raforku er takmörkuð, er líklegt að hægt verði að bjóða raforku til áliðnaðar á 17-22 mill/kWh, sem er áætlaður framleiðslukostnaður frá slíkum orkuverum.

Árið 1980 var hlutfallsleg skipting orkugjafa til áliðnaðar á Vesturlöndum eftirfarandi:

Vatnsorka	50%
Kol	26%
Olía	10%
Gas	7%
Kjarnorka	7%
	100%

Heimild: Skandinaviske Aluminiumdager '80

Um 28% raforkunnar var framleidd með eigin aflstöðvum, en um 72% var aðkeypt frá óskyldum aðilum. Í dag koma fyrst og fremst þrír af ofangreindum orkugjöfum til greina fyrir áliðnað, þ.e. gas, kol og vatnsorka. Þó eru tveir þættir sem valda því að kol verða að teljast ótryggur orkugjafi fyrir áliðnað í framtíðinni.

1. Eftirspurn eftir kolum til orkuframleiðslu í iðnaði hefur aukist gífurlega í seinni tíð, og er líklegt að verð á kolum muni fylgja olíu eftir.
2. Þar sem bæði kol og vatnsorka eru til staðar, er víða talið hagkvæmast og öruggast að nota vatnsorku til að mæta toppálagi, en kol til að sjá um grunnálag. Mun slík stefna hafa í för með sér aukna eftirspurn eftir kolum og hækkað verð.

Má nefna sem dæmi að hjá Tenessee Valley Authority (TVA), sem byggir orkuframleiðslu sína til áliðnaðar að mestu á kolum, var verðið á árinu 1981 um 30 mill/kWh og raforkukostnaður álvera þar nam um 25% af skráðu verði áls. Virðist sem staðan hjá TVA sé dæmigerð fyrir aðstæður á Vesturlöndum, og því líkur á að hlutur raforkunnar í framleiðslukostnaði áls muni þar almennt hækka upp í 20-30% á næstu árum. Miðað við núverandi markaðsástand er hins vegar ólíklegt að ný álver verði reist nema þar sem raforka er boðin á verði sem nemur um 15% af skráðu Alcan-álverði eða minna. Samkvæmt því koma í raun og veru einungis vatnsorka og gas til greina sem álitlegir og/eða hagkvæmir orkugjafar á næstunni (áströlsk brúnkol hafa sérstöðu). Mið-Austurlönd, Suður Ameríka og Afríka eru því líklegustu framtíðarsvæðin auk Ástralíu og Kanada.

Á síðustu árum hafa orkuseljendur víða gert kröfu til að hækka orkuverð í gildandi samningum við álfyrirtæki, vegna vaxandi verðbólgu og hærri framleiðslukostnaðar á raforku. Að jafnaði hefur viðleitni til endurskoðunar eða ógildingar á langtímasamningum verið þungur róður. Hækkanir á orkuverði hjá BPA og TVA í Bandaríkjunum eru innan ramma gildandi samninga, sem veita orkuseljanda heimild til hækkunar samkvæmt fjárþörf fyrirtækjanna. Nýja Sjáland er dæmi um árangursríka sókn í þessu efni en þar var raforkuverðið fimmfaldað árið 1977 m.a. með hótunum um einhliða aðgerðir ef ekki yrði fallist á hækkunina. Volta River Authority í Ghana hefur átt í hörðum deilum við Kaiser Aluminium vegna hins lága raforkuverðs til álbræðslu þess (VALCO) þar í landi, en gerðar eru kröfur um allt að þreföldun raforkuverðsins.

7.2 Norður Ameríka

7.2.1 Bandaríkin

Bandaríkin eru langstærstu framleiðendur áls í heiminum og hafa verið með um 30% heimsframleiðslunnar um langt skeið. Bandaríkin eru jafnframt stærstu notendur á áli í heiminum og þar með helsta markaðssvæðið. Þrjú af sex stærstu fjölþjóðafyrirtækunum á sviði álframleiðslu eru bandarísk (Alcoa, Reynolds og Kaiser). Hagvöxtur og þróun orkumála í Bandaríkjunum hefur því bein og óbein áhrif á álverð og uppbyggingu álvera um allan heim.

Frá því um mitt ár 1981 hefur mjög dregið úr eftirspurn eftir áli í heiminum, birgðir hafa hlaðist upp og hefur þetta ástand endurspeglast í því að álverð hefur aldrei verið lægra að raungildi en nú. Framleiðslukostnaður álvera liggur yfirleitt á bilinu 1300-1600 dalir á tonn, en frjálst markaðsverð á áli er á miðju ári 1982 um 1000 dalir á tonn, skv. London Metal Exchange (LME). Þetta markaðsástand hefur m.a. leitt til þess að mjög hefur verið dregið úr framleiðslu margra álvera þar sem orkuverðið hefur verið 35-70 mill á kWh og jafnvel hefur álverum verið lokað.

Í lok ársins 1981 hafði lokun álvera í Bandaríkjunum leitt til samdráttar sem nam um 25% framleiðslugetunnar. Ráðgjafafyrirtækið Commodities Research Unit, (CRU) spáir áframhaldandi samdrætti og telur líkur á að heildarframleiðslan 1982 verði um einni milljón tonna minni en 1981, eða um 3 1/2 milljón tonn. Spáð er aukningu eftirspurnar árið 1983 og að það ár verði framleiðslan um 4 milljónir tonna. Þrátt fyrir allt er þó talið að áðurnefndur samdráttur muni veita fyrirtækjum tækifæri til tæknilegra umbóta í því skyni að auka framleiðni og minnka orkunotkun þannig að framleiðendur verði betur í stakk búnir þegar markaðurinn batnar.

Verð á raforku til álvera í Bandaríkjunum er mjög mismunandi eða frá u.þ.b. 5 mill/kWh til 32 mill/kWh. Tuttugu og níu álver af þrjátíu og einu með yfir 90% af framleiðslugetunni greiða verð sem er hærra en 17 mill/kWh. Álfyrirtækjunum má skipta niður í tvo meginhópa, annars vegar þau sem fá raforku frá opinberum almenningsrafveitum og hins vegar þau sem fá raforku frá einkarafveitum. Þau álver sem fengið hafa raforku frá opinberum orkuveitum hafa að jafnaði verið mun betur sett, einkum þau sem tengd eru hinum gríðarstóru vatnsorkuverum BPA á Vesturströndinni. Um 32% áliðnaðarins í USA fær orku frá BPA, um 14% frá TVA og um 7% frá Power Authority of New York (PASNY). Þessar þrjár opinberu orkuveitur sjá þannig meira en helmingi áliðnaðarins í Bandaríkjunum fyrir orku.

Almennt má segja að í Bandaríkjunum séu fjögur megin álframleiðslusvæði og eru þau eftirfarandi:

1. Norðvestur svæðið (Washington og Oregon). BPA svæðið á norðvestur hluta Bandaríkjanna er eitt stærsta áliðnaðarsvæðið í landinu og er samanlögð framleiðslugeta 10 álverksmiðja þar um 1.487 þúsund tonn. Hjá BPA var raforkuverðið óbreytt í yfir 30 ár (1940-1974) um 2,0 mill/kWh að meðaltali fyrir forgangsorku, en var hækkað árið 1974 í 3,2 mill/kWh. Þegar samningarnir um álverksmiðjuna í Straumsvík voru gerðir (1965-1966) var sterklega tekið mið af orkuverðinu í Bandaríkjunum, m.a. hjá BPA á vesturströndinni. Samningarnir hér fólu í sér að orkuverðið yrði að meðaltali um 2,5 mill/kWh á samningstímanum, en um það hefur verið samið m.a. með hliðsjón af því að orkuverðið hjá BPA væri um 2 mill/kWh.

Frá því 1978 hefur verðið hjá BPA hins vegar hækkað jafnt og þétt og var komið í 17,5 mill/kWh í árslok 1981 og seinna á þessu ári mun verðið hækka í 21-25 mill/kWh. BPA stendur nú á krossgötum, þar sem vatnsorka á svæðinu er fullnýtt og öll aukning í orkuvinnslu verður að koma frá kjarnorku- og/eða kolastöðvum. Hinn 5. des. 1980 voru samþykkt ný lög um BPA, sem nefnast "Pacific Northwest Electric Power Planning and Conservation Act". Í viðauka, þar sem fjallað er um verðlagningu á raforku til áliðnaðar, segir að fyrir 1. júlí 1985 skuli álver fá orku samkvæmt heildsölugjaldskrá, sem stendur undir kostnaði við orkuöflunina. Eftir þann tíma skal greitt smásöluverð fyrir raforkuna, þ.e. heildsöluverð að viðbættri venjulegri álagningu dreifiveitna m.t.t. stærðar og eðlis álagsins. BPA hefur lýst því yfir að líklegt verð fyrir forgangsorku til núverandi álvera verði 27,5 mill árið 1985 miðað við verðlag 1981. Af umræddum fjórum álframleiðslusvæðum er BPA staðsett lengst frá aðaliðnaðar- og álnotkunarsvæðunum á austurströndinni. Flutningskostnaður á áli innan Bandaríkjanna frá BPA svæðinu til austurstrandarinnar mun vera allt að því jafnmikill og frá Íslandi til Bandaríkjanna. Ef frá er talin 180 þúsund tonna álverksmiðja í eigu Alumax, sem á að koma í gagnið 1987,eru engin ný álver fyrirhuguð á þessu svæði né annars staðar í Bandaríkjunum.

2. Suður svæðið (Texas, Lousiana, Arkansas). Samanlögð framleiðslugeta 6 álverksmiðja á þessu svæði er um 732 þúsund tonn og var orkuverð á svæðinu á bilinu 20-32 mill/kWh og að meðaltali um 25 mill/kWh á seinni hluta árs 1981. Verksmiðjurnar hafa eigin orkuver sem ganga fyrir jarðgasi, þar á meðal er 33 þúsund tonna verksmiðja Conalco í Lake Charles sem nú hefur verið lokað. Helstu orkuseljendur á svæðinu eru Texas Power & Light Co. og Arkansas Power & Light Co.

3. Suðaustur svæðið (Tenessee, Indiana, N-Carolina, Alabama, Kentucky, Missouri). Samanlögð framleiðslugeta 10 álvera á þessu svæði er um 1.794 þús. tonn á ári. Orkuverðið er að meðaltali 26 mill/kWh eða á bilinu 21-32 mill/kWh. Aðal-

orkusalinn á svæðinu er TVA, sem framleiðir nú mestan hluta raforkunnar í kolastöðvum. Vatnsafl var einungis um 6000 MW af um 30.000 MW heildaraflgetu í lok 1980. Í byggingu eru 5 kjarnorkuver (samtals um 13.000 MW), sem TVA áformar að bætist við kerfið fram að 1990. Raforkuverðið hjá TVA til áliðnaðar hefur hækkað mjög af þessum sökum og er nú yfir 30 mill/kWh, sem er svipað og raforkuverð frá einkarafveitum. TVA selur m.a. 132 þúsund tonna verksmiðju Conalco í New Johnsonwille orku, en Alusuisse á 60% hlutafjár í því fyrirtæki. Aðrir stórir orkuseljendur á þessu svæði eru Big Rivers Electric Corporation og Southern Indiana Gas and Electric Co.

4. Norðaustur svæðið (N.Y. State, Ohio, W-Virginia, Maryland). Samanlögð framleiðslugeta 5 álverksmiðja á þessu svæði er 854 þúsund tonn og er meðalorkuverð á svæðinu 16 mill/kWh. Tvö álver á þessu svæði, sem kaupa orkuna af New York State Power Authority, greiða mjög lágt verð fyrir orkuna og eru þær í algerri sérstöðu í Bandaríkjunum að þessu leyti. Önnur þessara verksmiðja er í eigu Alcoa og var orkuverð þar tæp 8 mill/kWh á sl. ári, en eins og kemur fram í töflu 7,2 var meðalorkuverð til álbræðslna Alcoa hins vegar 19,3 mill/kWh. Hin verksmiðjan er í eigu Reynolds og greiddi hún tæp 5 mill/kWh. Raforkuverð til þessara álbræðslna mun fara stighækkandi og samkvæmt CRU mun það verða komið í um 17 mill/kWh miðað við núgildandi verðlag eftir miðjan áratuginn. Aðrar verksmiðjur á norðaustur svæðinu greiddu 20-25 mill/kWh en meðal þeirra er 239 þúsund tonna verksmiðja í Hannibal, Ohio í eigu Ormet, en Alusuisse á 40% hlutafjár í Ormet.

Tafla 7.2 sýnir orkuverð til álfyrirtækja í Bandaríkjunum á seinni hluta árs 1981. Samkvæmt henni er raforkuverð til einstakra álfyrirtækja á bilinu 17-32 mill/kWh og meðaltalið fyrir öll Bandaríkin er 22 mill/kWh.

Tafla 7.2 Meðalverð til álfyrirtækja í Bandaríkjunum á seinni hluta árs 1981.

Fyrirtæki	Fjöldi álvera í eigu fyrir-tækisins	Samanlögð afköst álvera í eigu fyrirtækisins (þúsund tonn)	Meðal-raforkuverð (mill/kWh)
Alcoa	8	1541	19,3
Reynolds	6	781	20,5
Kaiser	4	657	23,1
Anaconda	2	326	22,0
Conalco	2	165	32,0
Martin marietta	2	191	17,0
Intalco	1	237	17,0
Alumax	1	180	29,0
Eastalco	1	158	25,0
Ormet	1	239	20,0
Noranda	1	127	26,0
Revere	1	102	32,0
National Southwire	1	163	27.0
SAMTALS	31	4.867	22.0

Heimild: Commodities Research Unit.

Ef litið er til lengri tíma er líklegt að raforkuverð til áliðnaðar í Bandaríkjunum muni fylgja framleiðslukostnaði á raforku frá kolastöðvum, 25-30 mill/kWh á föstu verðlagi 1981.

Aðeins eitt álver hefur verið stofnsett í Bandaríkjunum síðan 1973, það er 180 þúsund tonna verksmiðja Alumax í South Carolina sem hóf starfsemi 1980 og aðeins eitt nýtt álver er fyrirhugað, það er verksmiðja í eigu Alumax í Oregon í Norðvestur Bandaríkjunum, sem áætlað er að fái orku af BPA.

Raforka til álverksmiðju Alumax í South Carolina er fengin frá South Carolina Public Service Authority sem byggir orkuframleiðslu sína að 68 hundraðshlutum á kolum. Raforkusamningurinn sem undirritaður var 23. september 1977 er til 15 ára frá fyrsta afhendingardegi orku og má framlengja hann þrisvar, fimm ár í senn, til samtals 30 ára að hámarki. Aflþörf álversins er 330-360 MW. Upphaflega umsamið grunnverð var 16,2 mill/kWh.

Leyfilegar hækkanir raforkuverðs á samningstímanum skulu vera í samræmi við:

1. Hækkun eldsneytiskostnaðar rafveitunnar.
2. Hækkun fjármagnskostnaðar.
3. Hækkun heildarrekstrar- og framleiðslukostnaðar rafveitunnar.

Árið 1977 var umsamið verð 16.2 mill árið 1980 var það komið í 20 mill en á miðju ári 1981 var verðið komið í 29 mill/kWh.

Engin frekari aukning er fyrirsjáanleg á álframleiðslu í Bandaríkjunum. Þvert á móti má gera ráð fyrir að sumum álverum, þar sem raforkuverðið stefnir í 40 mill/kWh verði lokað. Þetta mun leiða til þess að Bandaríkin verða háð innflutningi í vaxandi mæli á næstu árum og bandarísk álfyrirtæki munu líklega leita eftir samstarfi við aðra í álframleiðslu, þar á meðal Ísland sem er mjög vel staðsett með tilliti til álmarkaðarins í Bandaríkjunum.

7.2.2 Kanada

Kanada er annað stærsta landið í framleiðslu hrááls utan Austur Evrópu (sjá töflu 7.1). Sjö álver eru nú starfandi í Kanada og eru 6 í eigu Alcan en hið sjöunda er í eigu Canadian Reynolds. Þau eru staðsett í Quebec, að einu undanskildu sem er í British Colombia. Heildarframleiðslugeta þeirra er um 1.230 þús. tonn (Grande Baie stækkunin meðtalin) og er landið stærsti útflytjandi hrááls í heiminum. Á síðustu árum hefur útflutningurinn numið um 700 þús. tonnum á ári.

Þó að Kanada sé með allra mikilvægustu álframleiðendum í heiminum er þar ekki miklar upplýsingar að fá varðandi raforkuviðskipti til áliðnaðar og er ástæðan einfaldlega sú að Alcan sér öllum álverum sínum í Kanada fyrir orku úr eigin vatnsorkuverum og orkuverðið því hreint bókhaldsatriði milli deilda í samsteypunni. Einu viðskiptin milli óskyldra aðila í Kanada eru milli Québec Hydro annars vegar og Reynolds hins vegar.

Flest vatnsorkuver Alcan eru löngu afskrifuð, og er framleiðslukostnaður í þeim álitinn vera 2-3 mill/kWh. Vatnsréttindi eru yfirleitt annað hvort leigð eða í eigu samsteypunnar a.m.k. til ársins 2008. Uppsett afl vatnsorkuvera Alcan er um 3600 MW eða u.þ.b. sex sinnum meira en uppsett afl Landsvirkjunar og eru 2800 MW tryggt afl. Er talið að framleiðslukostnaður hjá núverandi álverum Alcan í Kanada sé sá lægsti í heiminum.

Reynolds hefur gert tvo samninga um orkukaup í Kanada. Annar samningurinn er fyrir núverandi álver fyrirtækisins sem er um 160 þúsund tonn. Sá samningur er þó ekki nema að hálfu milli óskyldra aðila því orkan er keypt af virkjun sem Reynolds á um 40% í. Talið er að orkuverðið þar sé innan við 10 mill/kWh. Hinn samningurinn, sem er í rauninni eini samningurinn í Kanada sem hægt er að flokka undir viðskipti óskyldra aðila, varðar kaup á orku frá Hydro-Quebec fyrir um 210 þúsund tonna aukningu á álframleiðslu Reynolds í Kanada frá og með 1984. Orkuverðið samkvæmt þessum samningi er nú 15 bandaríks mill/kWh en það mun hækka um 14% á ári fram til 1986 og verður þá komið 27 US mill/kWh. Eftir það er gert ráð fyrir að verðið hækki að hámarki um 10% á ári næstu 10 árin. Árið 1996 verður orkuverðið endurskoðað og því breytt í áföngum þannig að það verði í samræmi við almennt heildsöluverð á raforku Quebec.

Chase Econometries telur Kanada hafa betri samkeppnisstöðu en nokkurt annað land í álframleiðslu þannig að þróun orkuverðs þar í landi getur skipt verulegu máli fyrir Ísland. Áform hafa verið uppi um verulega aukningu áliðnaðarins þar í landi og er stækkun eða ný álver á dagskrá í Quebec, Nýfundnalandi og British Columbia. Varðandi orkuverð til nýrra álvera í Quebec hefur verið greint frá samningi Reynolds og Quebec-Hydro.

Stórmál sem varðar raforkusamninga almennt og raforkuverð í Quebec sérstaklega er nú fyrir hæstarétti í Kanada. En hér er um að ræða hugsanlega riftun á samningi milli Quebec Hydro (QH) annars vegar og Churchill Falls Corporation (CFC) á Labrador hinsvegar, í framhaldi af lögum sem samþykkt voru á Nýfundnalandi 1980 um rétt Nýfundnalands á yfirráðum yfir eigin orkulindum. Quebec Hydro á um 32% hlutafjárins í CFC en Nýfundnaland og Labrador Hydro 68%.

Samkvæmt samningnum sem gerður var fyrir olíuverðhækkunina 1974 og gildir í rúm 60 ár kaupir Quebec Hydro 4700 MW af 5200 MW framleiðslu í Churchill Falls til ársins 2041 og er orkuverðið nú um 2 mill/kWh. Falli dómurinn Nýfundnalandi í vil er gert ráð fyrir mjög verulegri hækkun orkuverðsins eða jafnvel að orkusölu til Quebec Hydro verði hætt að fullu.

Í dag eru flutt úr um 17 TWh af raforku frá Quebec til Bandaríkjanna. Er rétt að hafa í huga að framtíðarraforkuverð til áliðnaðar í Quebec hlýtur að taka mið af hugsanlegum fórnarkostnaði eða tekjutapi miðað við þann kost að selja raforku til Bandaríkjanna. Ekki er heldur fyrirsjáanlegt að orka frá hinu risavaxna orkuveri í James Bay verði sérstaklega ódýr þegar flutningskotnaður er meðtalinn og vart undir 25-30 mill/kWh.

Á Vesturströndinni áformaði Alcan að stækka Kitimat álverið úr 270 þús. tonnum í allt að 570 þús. tonn og mundi það þá verða stærsta álver í heiminum. Til þess að gera þessa stækkun Kitimat mögulega fyrirhugaði Alcan mikla aukningu vatnsorkuvera í British Columbia. Deilur risu hins vegar í sambandi við vatnsréttindi, raforkuverð á svæðinu og umhverfisvernd vegna þessarar áætlunar. Óvíst er hvað verður um frekari stækkun Kitimat álversins en ýmislegt bendir til að ef af stækkun verður, verði orkuverðið ekki undir 20 mill/kWh. Ekki er gert ráð fyrir nýjum álverum á þessu svæði á næstu árum.

Töluverður áhugi hefur verið á því á Nýfundnalandi að undanförnu að þar verði komið á fót álbræðslu og stafar sá áhugi m.a. af deilunum um orkuna frá Churchill Falls. Ekki er vitað um neinar ákveðnar áætlanir í þessu efni ennþá að öðru leyti en því að nokkur fyrirtæki, þar á meðal Norsk Hydro, hafa íhugað þann kost að reisa þar álbræðslu. Talið er að raforkuverð til hugsanlegra álvera á Nýfundnalandi verði ekki undir 20 mill/kWh og verði að fullu verðtryggt.

7.3 Evrópa

7.3.1 Noregur

Við undirbúning samninga Alusuisse og íslenska ríkisins tóku báðir aðilar talsvert mið af Noregi m.a. með tilliti til samkeppnisstöðu. Noregur hefur áratuga reynslu í álvinnslu og byggir framleiðsluna eingöngu á vatnsafli en auk þess hafa byggðasjónarmið og atvinnumál komið við sögu ekki ósvipað og hér á landi. Stefna Norðmanna var á tímabili sú að sækjast eftir erlendu fjármagni til að byggja orkufrekan iðnað. Buðu Norðmenn erlendum fyrirtækjum (t.d. Alusuisse í Husnesi) samningsbundinn rétt til þess að njóta ekki lakari kjara í heild en norsk álfélög. Vafalaust hefur þetta veikt samningsstöðu Íslands á sínum tíma.

Framleiðslugeta í álframleiðslu í Noregi er um 700 þúsund tonn eða 6% af framleiðslugetu vesturlanda, og landið er stærsti framleiðandi á hrááli í Vestur-Evrópu á eftir Vestur-Þýskalandi. Yfir 90% af framleiðslunni er flutt út og kemur Noregur næst á eftir Kanada í röð álútflytjanda. Eftir að ríkið keypti síðasta hlut Alcan í Årdal og Sunndalverk varið 1979 eiga Norðmenn sjálfir 81,3% af samanlagðri framleiðslugetu álvera í landinu. Með fullum afköstum er samanlögð raforkunotkun norskra álvera um 13 TWh á ári, sem er um 16% af heildarraforkunotkun í landinu. Yfirlit yfir stærð og eigendur álverksmiðja í Noregi á árinu 1981 eru sýnd í töflu 7.3.

Tafla 7.3 Álverksmiðjur í Noregi árið 1981.

Fyrirtæki	Verksmiðja	Stærð þús.tonn	Eigendur
Sör-Norge Aluminium	Husness	70	Alusuisse 75%, Norsk Hydro ofl. 25%
Masel Aluminium	Lista	80	Elkem 55%, Alcoa 45%
" "	Mosjoen	90	Elkem 55%, Alcoa 45%
Q.N.N. Aluminium	Tyssedal	24	Norska ríkið 100%
Årdal Sunndal Verk	Høyanger	23	Norska ríkið 100%
" " "	Sunndalsøra	122	Norska ríkið 100%
" " "	Årdal	186	Norska ríkið 100%
Norsk Hydro a/s	Karmøy	110	Norska ríkið 51%, aðrir 49%
	Samtals	705	

Verksmiðja Årdal og Sunndal Verk (ÅSV) í Høyanger hefur nú verið stækkuð í 65 þúsund tonn og verksmiðja Norsk Hydro á Karmoy í 160 þúsund tonn. ÅSV hefur þróað eigin tækni sem fyrirtækið notar í viðbótarverksmiðju sinni í Høyanger. Norsk Hydro notar tækni sem þróuð hefur verið af franska fyrirtækinu Pechiney.

Árið 1978 var meðalraforkuverð (með skatti og dreifingarkostnaði) til norskra álvera 4,4 norskir aurar/kWh, eða 8,4 mill/kWh og 1980 um 10 mill/kWh. Sum fyrirtæki greiða allt að 25 mills/kWh fyrir hluta þeirrar orku sem fengin er frá ríkisrafveitunni (Statskraftverkene). Raforkuviðskipti álverksmiðja í Noregi eru að stórum hluta viðskipti milli skyldra aðila, þar sem ríkið á langstærsta hluta áliðnaðarins og jafnframt aðalorkufyrirtækið, og sum fyrirtækin hafa eigin orku. Besta dæmið um viðskipti óskyldra aðila í Noregi er samningur verksmiðjunnar í Husness. Frá miðju ári 1982 er raforkuverðið þar 11,5 mill/kWh með raforkuskatti sem telja verður hluta af orkuverðinu. Vegna umhverfissjónarmiða o.fl. hefur Noregur takmarkaða möguleika til að bæta við umtalsverðum vatnsvirkjunum,

og er ekki búist við að þær horfur breytist í bráð. Í þurrum árum kreppir mjög að í orkuframleiðslu og hefur t.d. þurft að kaupa orku frá Svíþjóð. Teljandi aukning í norskum áliðnaði er því ekki fyrirsjáanleg (sbr. Tyssedalmálið).

Raforkusamningar, undirritaðir á tímabilinu 1962-1976, kveða á um hækkun raforkuverðs á 5 ára fresti um 60% miðað við hækkun vísitölu heildverslunar á sama tíma. Eftir 1976 skulu samningar vera lengst til 20 ára og verðið skal hækka árlega í fullu samræmi við hækkun vísitölu heildverslunar.

Í upphafi ársins 1980 lagði norska ríkisstjórnin fram þingsályktunartillögu um langtímaáætlun í orkunotkun og orkuframleiðslu í Noregi (St. meld. nr. 54, 1979-1980, Norges framtidige energibruk og -produksjon). Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir verulegum breytingum á verðlagningu á orku til orkufreks iðnaðar í Noregi. Lagt var til að raforkuverð samkvæmt eldri samningum yrði hækkað í áföngum þannig að verðið endurspeglaði svokallaðan langtímajaðarkostnað við framleiðslu á viðbótarorku. Nýir samningar yrðu þegar miðaðir við þetta raforkuverð sem var talið vera 11-12 norskir aurar á kWh (21-23 mill) miðað við verðlag í janúar 1980. Langtímajaðarkostnaðurinn er reiknaður sem meðalframleiðslukostnaður frá þeim virkjunum sem ráðgert er að taka í notkun á tímabilinu 1978-1990 m.v. 40 ára endingartíma virkjana, 25 ára endingartíma aðflutningslína og 7% reiknivexti. Í þingsályktunartillögunni var lagt til að umræddu markmiði um hækkun raforkuverðs til orkufreks iðnaðar yrði náð með eftirfarandi hætti (lauslegur úrdráttur).

a) Öll viðbótarorka verði seld á verði sem endurspegli langtímajaðarkostnað við frekari orkuframleiðslu.

b) Grunnverð samkvæmt samningum sem tóku gildi árið 1976 eða seinna verði endurskoðað árið 1985 og nýtt verð þá ákveðið í samræmi við langtímajaðarkostnað. Tekin verði upp verðtrygging sem feli í sér árlega breytingu á raforkuverðinu í samræmi við almenna verðlagsþróun (vísitölu heildverslunar).

c) Orkuafhending frá virkjunum sem eru í tímabundinni eign fyrirtækjanna sjálfra en falla til ríkisins á tímabilinu 1979-1984 skal frá og með 1990 verðlögð í samræmi við langtímajaðarkostnað.

d) Gömlum samningum sem gilda til 1990 eða lengur og sem ríkið getur ekki breytt einhliða, verði reynt að breyta með nýju samkomulagi við hlutaðeigandi fyrirtæki. Breytingarnar miðist við að grunnverð og verðtryggingarákvæði verði hliðstæð og gilda um aðra samninga. Í þeim tilvikum sem samningaviðræður leiða ekki til þeirrar niðurstöðu er ríkisstjórnin þeirrar skoðunar að hækka beri raforkuskatt á viðkomandi fyrirtæki, þannig að umræddu markmiði verði náð.

Meirihluti norska stórþingsins féllst í aðalatriðum á stefnu ríkisstjórnarinnar. Breytingartillögur sem lagðar voru fram af iðnaðarnefnd þingsins fólu hins vegar í sér að notaðir yrðu 6% reiknivextir í stað 7% við mat á langtímajaðarkostnaði. Þá lagði nefndin til að settar yrðu á samræmdar reglur um verðtryggingu raforkuverðsins sem tækju mið af verðþróun á orkufrekum iðnaðarvörum.

Núverandi ríkisstjórn (1982) hefur tekið upp nokkuð mildari stefnu gagnvart áliðnaðinum og m.a. gefið í skyn að gamlir samningar verði látnir haldast, nema þar sem verðið er óeðlilega lágt. Varðandi nýja samninga er gert ráð fyrir að orkuverðið verði í samræmi við markaðsverð.

7.3.2 Þýskaland

Í Þýskalandi eru níu álver sem framleiða rúmlega 600 þús. tonn af áli árlega, en framleiðslugetan er um 730 þús. tonn. Meðalstærð álvera í Þýskalandi er um 80 þúsund tonn. Meiri hluti álveranna var tekinn í notkun á árunum 1969-1973, en á þeim tíma var búist við að kjarnorka yrði mjög ódýr og myndi sjá fyrir vaxandi hluta raforkuframleiðslunnar. Stærsti hluti áliðnaðarins er í eigu ríkisins (VAW), en auk þess er m.a. Alusuisse stór aðili í þýskum áliðnaði.

7.3.3 Frakkland

Framleiðslugeta franska áliðnaðarins er nú 446 þús. tonn í 10 álverum sem öll eru í eigu Pechiney, sem er einn af hinum sex stóru fjölþjóðahringum í áliðnaðinum. Meðalstærð álvera í Frakklandi er þannig um 50 þús. tonn. Upphaflega átti Pechiney vatnsaflsstöðvar, sem sáu álverunum fyrir orku, en eftir síðari heimsstyrjöldina voru vatnsaflsstöðvarnar þjóðnýttar, og Pechiney kaupir nú alla sína raforku af Electricite de France (Edf). Pechiney fær hluta raforkunnar eða sem samsvarar orkugetu þjóðnýttu stöðvanna, á hagstæðu verði. Raforkuverð til álvera í Frakklandi er þó með því hæsta sem þekkist í Evrópu, eða um 26 mill/kWh, enda greiðir Pechiney hærra meðalraforkuverð en nokkur hinna fimm stærstu álframleiðendanna í heiminum. Raforkuframleiðslan í Frakklandi byggist nú nokkuð að jöfnu á kjarnorku, vatnsorku og eldsneytisorku. Fleiri álver verða væntanlega ekki byggð í Frakklandi og verður Pechiney, sem þróað hefur mjög fullkomna tækni í álframleiðslu, annað hvort að selja tækni sína öðrum eða fjárfesta annars staðar til að koma henni í frekari notkun.

7.3.4 Bretland

Samanlögð framleiðslugeta 5 álverksmiðja í Bretlandi var um 369 þús. tonn á sl. ári, en minnkaði við áramótin niður í 267 þús. tonn. Breska áliðnaðinum var að mestu komið á fót í lok sjöunda áratugarins með aðstoð ríkisins, og var það þáttur í að auka atvinnu á atvinnuleysissvæðum. Rökin voru þau sömu og í V-Þýskalandi á sama tíma, þ.e. að í framtíðinni yrði nægilegt framboð á ódýrri kjarnorku. Raunar áttu 2 álver með samtals 202 þús. tonna framleiðslugetu beinan þátt í byggingu tveggja kjarnorkustöðva. Öðru þessara álvera (Invergordon), sem var í Skotlandi, var lokað í árslok 1981 vegna rekstrarerfiðleika, sem m.a. stöfuðu af háu raforkuverði, líklega um 34 mill/kWh. Verksmiðja þessi er með 102 þúsund tonna framleiðslugetu og hefur hún verið auglýst til sölu. Bandaríska álfyrirtækið Alumax (sem er að hálfu í eign japanskra fyrirtækja, m.a. Mitsui) sýndi um tíma áhuga á kaupum, en talið er fremur ólíklegt að úr þeim verði.

Meðalraforkuverð til þeirra álvera sem eftir lifa var 23 mill/kWh á árinu 1981. Mestur hluti raforkunnar í Bretlandi er framleiddur með kolum, en um 15% með kjarnorku. Meðal-framleiðslukostnaður við stöðvarvegg er 2 p/kWh, sem samsvarar um 40 mill/kWh.

7.3.5 Spánn

Á Spáni eru starfandi 5 álverksmiðjur og er samanlögð framleiðslugeta um 400 þús. tonn. Spánska ríkið er stærsti eignaraðilinn en aðrir eignaraðilar eru m.a. Pechiney og Alcan. Rúmlega helmingur orkuframleiðslunnar á Spáni grundvallast á olíu eða kolum, en á næstu 10 árum er gert ráð fyrir að hlutur kjarnorku vaxi mjög verulega. Meðalorkuverð til áliðnaðar á Spáni var um 34 mill/kWh árið 1981 en hefur verið lækkað tímabundið í um 25 mill/kWh á þessu ári. Ástæðan er sú að spánskir álframleiðendur hafa bent á, að meðal orkuverð í ríkjum Efnahagsbandalagsins sé um 25 mill/kWh og án lækkunar standist þeir ekki samkeppni við aðra á tímum slæmrar stöðu á markaðinum.

Þróun áliðnaðar á Spáni hlýtur mjög að mótast af þróun orkuverðs þar í landi, en allar horfur eru á að framleiðslu-kostnaður á orku fari mjög vaxandi þar á næstu árum.

7.3.6 Ítalía

Samanlögð framleiðslugeta álfyrirtækja á Ítalíu er um 300 þús. tonn í sjö álverum. Tvö fyrirtæki reka þessi álver, annað er Alluminio Italia, sem er alfarið í eigu ríkisins en hitt er Sava Alluminio, sem ríkið á að hálfu á móti Alusuisse. Stærsti hluti orkuframleiðslunnar grundvallast á olíu en meðalorkuverð til álvera er þó enn ekki nema um 20 mill/kWh.

Mikil umræða er nú í gangi á Ítalíu varðandi framtíð áliðnaðarins þar í landi. Ítalía flytur þegar inn um helming þess áls sem landið þarf á að halda og er mikill áhugi hjá stjórnvöldum að tryggja örugga aðdrætti á áli í framtíðinni. Stórar súrálsverksmiðjur eru starfræktar á Ítalíu, markaður á áli er fyrir hendi en orkuna vantar til vinnslu hrááls. Ítalir munu því þurfa að leita til annarra landa um samvinnu í álfram-leiðslu til að tryggja ítalska úrvinnsluiðnaðinum aðföng í framtíðinni.

7.3.7 Yfirlit um Evrópu

Samanlögð framleiðslugeta álfyrirtækja í Evrópu er um 3.600 þús. tonn. Þau lönd sem ekki hafa þegar verið talin upp eru sýnd í töflu 7.4. Þar er einnig sýnt áætlað meðalorkuverð til álverksmiðja í einstökum löndum í lok árs 1981.

Tafla 7.4

Yfirlit um álframleiðslugetu einstakra landa í Evrópu[1] og meðalverð til áliðnaðar í einstökum löndum

Land	Framleiðslugeta (þús. tonn)	Orkuverð í des. 1981 (mill/kWh)
Noregur	705	10,0
Þýskaland	731	20,0
Frakkland	446	26,0
Bretland	267	23,0
Spánn	401	34,0
Ítalía	302	20,0
Holland	264	27,0
Sviþjóð	85	20,0
Austurríki	93	18,0
Grikkland	143	12,0
Sviss	86	15,0
Ísland	88	6,5
Samtals	3.611	20,3

1) Austur Evrópa ekki meðtalin.

Eins og kemur fram í töflu 7.4 er meðalorkuverð álvera í Evrópu 20 mill/kWh. Ísland er í algerri sérstöðu með langlægsta raforkuverð í allri Evrópu.

7.4 Japan

Eins og fram kemur í töflu 7.1 var framleiðslugeta Japans í álframleiðslu tæp 1.200 þús. tonn árið 1981 í samtals 11 álverum. Framleiðslan er hins vegar aðeins um helmingur framleiðslugetunnar og eru áætlanir uppi um að minnka framleiðslugetuna niður í um 700 þús. tonn á næstu tveimur árum. Heilu álverin hafa verið lögð niður í Japan og flutt til annarra landa þar sem raforkuverðið er lægra, en á árinu 1981 var meðalraforkuverð í álverksmiðjum í Japan 61 mill/kWh. Ástæðan fyrir hinu háa raforkuverði er einkum sú að 74% af orkuframleiðslunni er byggð á varmaorku, einkum olíu, 12% á kjarnorku en aðeins 14% á vatnsorku.

Stærstu álframleiðendurnir í Japan eru Sumitomo með um 360 þús.tonna framleiðslugetu, Shoma Light Metal með um 220 þús. tonn, Nippon Light Metal með um 200 þús. tonn, Mitsui með um 160 þús. tonn og Mitsubishi með um 150 þúsund tonna framleiðslugetu.

Lægsta raforkuverð til álverksmiðju í Japan er 16 mill/kWh og er þar um að ræða 64 þús. tonna verksmiðju í eigu Nippon Light Metal. Allar aðrar álverksmiðjur í Japan greiða orkuverð sem er hærra en 51 mill/kWh og þær sem greiða hæsta verðið kaupa raforkuna á 83 mill/kWh. Meðalverðið er eins og áður segir um 61 mill/kWh.

Í framtíðinni má gera ráð fyrir að álframleiðsla í Japan verði í kringum 500 þús. tonn á ári og einungis af öryggisástæðum. Japan verður þannig mjög háð innflutningi, þar sem notkunin er um 2,3 miljónir tonna á ári. Japönsk stjórnvöld og fyrirtæki leggja því mikla áherslu á að tryggja sig með langtímasamningum við önnur lönd um framleiðslu á áli fyrir japanskan markað.

Mörg japönsk fyrirtæki eiga hlut í súrálsverksmiðjum og hafa þannig aðgang að súráli. Hinsvegar skortir raforkuna til að umbreyta súrálinu í vinnsluhæft ál fyrir úrvinnslufyrirtækin í Japan.

7.5 Ástralía og Nýja Sjáland

7.5.1 Ástralía

Flest ný fyrirtæki í áliðnaði hafa á síðustu árum verið stofnsett í þróunarlöndum eða hálfþróuðum löndum. Ástralía er eina OECD ríkið þar sem álvinnsla hefur verið í verulegum vexti á undanförnum árum. Til skamms tíma hefur, samkvæmt Engineering Mining Journal, að jafnaði um helmingur nýrra framkvæmda í greininni verið ráðgerður í Ástralíu eða Brasilíu. Bæði löndin búa yfir þeirri sérstöðu að eiga ríkulegar bauxítnámur, auk mikilla möguleika til orkuframleiðslu.

Þróunin í Ástralíu á síðustu misserum hefur verið mjög athyglisverð. Á tímabilinu 1978-1980 voru uppi stórhuga áform um nýjar framkvæmdir. Á sl. ári kom hins vegar verulegur afturkippur í öll áform í Ástralíu og var framkvæmdum við fyrirhugaðar álverksmiðjur ýmist frestað eða þær alveg lagðar á hilluna. Kemur þar einkum tvennt til: Í fyrsta lagi hafa erfiðar markaðsaðstæður alls staðar dregið úr fjárfestingu í áliðnaði. Í öðru lagi er um að ræða ákveðnari stefnu ástralskra stjórnvalda um raforkuverð til nýrra álfyrirtækja og mun hærra verð en áður hafði verið rætt um. Stjórnvöld í Ástralíu virðast hafa komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hagkvæmt að selja raforku á tiltölulega lágu verði til þess eins að fá álfyrirtækin inn í landið og telja ýmsir líklegt, þ.á.m. Anthony Bird L. Associates, að hveitibrauðsdagar áliðnaðarins í Ástralíu séu senn á enda.

Í Ástralíu eru nú starfandi þrjú álver og samanlögð framleiðslugeta þeirra um 370 þús. tonn. Ein verksmiðjan er í eigu Alcan, önnur í eigu Alcoa og sú þriðja í eigu Conalco. Ítarlegar upplýsingar um raforkusamninga áliðnaðarins í Ástralíu virðist nær ómögulegt að fá, svo sem um verðtryggingarákvæði ofl. Í flestum tilfellum kaupa álver í Ástralíu raforku frá almenningsveitum, en þrátt fyrir það virðast samningarnir oftast vera trúnaðarmál. Að jafnaði mun hafa verið reynt að miða við

að álver greiði a.m.k. framleiðslukostnað þeirrar raforku sem þau nota. Hins vegar er nú verulegur pólitiskur þrýstingur fyrir því að hækka verðið, þar sem sterk rök hafa verið leidd að því að framleiðslukostnaður til álvinnslu hafi verið vanmetinn, þannig að almennir notendur séu í raun að styrkja álfyrirtækin. Þar að auki hefur verið nokkur kurr vegna umhverfisröskunar, bæði vegna fluormengunar og einnig í sambandi við gröft og vinnslu brúnkolanna sem tengist álvinnslunni. Svo virðist sem gagngert endurmat á opinberri stefnu gagnvart áliðnaði eigi sér nú stað í Ástralíu. Þessi mál eru því á nokkuð viðkvæmu stigi og auðveldar það líklega ekki upplýsingaöflun um einstök ákvæði raforkusamninga.

Einu beinu upplýsingarnar um raforkuskilmála sem fáanlegar voru vörðuðu nýtt álver Alcoa í Portland í Victoríu ríki. Ríkisrafveitan (State Electricity Commission of Victoria) mun sjá álverinu fyrir raforku á gjaldskrárverði og var verðið um 20 mill/kWh á sl. ári. Orkuverðið má endurskoða árlega og mun það breytast í samræmi við aðra taxta rafveitunnar. Hins vegar er talið að meðalverð til þeirra þriggja álvera sem nú eru starfrækt í landinu sé um 12 mill/kWh.

Almennt er álitið að verð á raforku til nýrra álfyrirtækja í Ástralíu verði ekki undir 20 mill/kWh á næstu árum og verðtryggingarákvæði verði að jafnaði miðuð við þróun eldsneytiskostnaðar.

7.5.2 Nýja Sjáland

Á nýja Sjálandi er starfandi ein álverksmiðja. Verksmiðjan er nú 150 þús. tonn og er hún að hálfu í eigu Conalco og að hálfu í eigu tveggja japanskra fyrirtækja (Sumitomo og Showa Denko).

Árið 1977 tókst stjórnvöldum Nýja Sjálands að knýja fram gagngera endurskoðun á raforkusamningi við Conalco sem gerður hafði verið árið 1963 og átti að gilda í 97 ár.

Samkvæmt samningnum var raforkuverðið því sem næst 2 mill/kWh, og átti einungis að breytast í samræmi við reksturskostnað virkjunarinnar (frá upphafi var þó 20% skattur á grunnverðið).

Helstu rök stjórnvalda Nýja Sjálands í þessum viðræðum við Conalco voru gjörbreyttar forsendur frá 1963, m.a. eftirfarandi:

1) Aukin orkueftirspurn og hærra raunvirði raforku.
2) Miklar hækkanir á eldsneyti innanlands og utan.
3) Mikilvægi þess að nýta orkulindir landsins á þjóðhagslega arðbæran hátt.

Stjórn Nýja Sjálands tók á málinu af mikilli hörku, einkum af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hafði sihækkandi verð á raforku til almenningsveitna (vegna hærri kostnaðar við nýjar virkjanir o.s.frv.) skapað mjög mikinn almennan pólitískan þrýsting fyrir hækkun raforkuverðsins til Conalco. Í öðru lagi höfðu deilur vegna meintra náttúruspjalla í sambandi við uppistöðulón virkjunarinnar vakið almenna athygli á viðskiptum Conalco og Nýja Sjálands.

Samningaviðræður gengu stirðlega í byrjun. Conalco bauðst til að greiða örlítið hærra verð, þ.e. samkvæmt greiðslugetu eftir tölum um yfirlýsta rekstrarafkomu. Ríkisstjórnin setti þá Conalco úrslitakosti: Ef fyrirtækið féllist ekki á "sanngjarnt" verð yrði þar ákveðið með sérstökum lögum, sem ógilda mundu ákvæði samningsins frá 1963. Samningar tókust þó áður en til lagasetningar kom. Helstu bætur sem stjórnin náði fram voru:

1) Samningstíminn var styttur úr 97 árum í 33 ár.
2) Grunnverðið var hækkað strax úr 2 mill í 7 mill.
3) Verðtryggingarákvæði sem grundvallað var á Alcan export verði (60%) og þróun raforkukostnaðar til almenningsveitna (40%) var sett í samninginn. Orkuverðinu er síðan breytt á þriggja mánaða fresti í samræmi við þetta.

Árið 1980 var verðið komið í 12 mill með raforkuskatti. Nokkru eftir endurskoðun orkusamningsins var samið um orku fyrir þriðja kerskála álversins (80 þús. tonna stækkun), á enn hagstæðari kjörum fyrir Nýja Sjáland. Grunnverðið fyrir þessa aukningu er 15 mill, en eftir 10 ár skal verðið miðast við kostnað á öflun viðbótarorku, þ.e. langtíma jaðarkostnað raforkuframleiðslu í nýjum orkuverum. Umræður hafa átt sér stað í

nokkurn tíma við Alusuisse o.fl. um nýtt álver, sem væri í upphafi 100 þús. tonn. Þessum viðræðum lauk formlega í nóvember sl. og gaf Alusuisse upp þá ástæðu að orkuverðið væri of hátt. Stjórnin fór fram á 17-18 mill á verðlagi 1980 sem grunnverð. Japanir hafa nú tekið sæti Alusuisse í þessum viðræðum.

Í heild er reynsla Nýja Sjálands athyglisverð fyrir Íslendinga. Aðstæður eru að mörgu leyti hliðstæðar í þessum tveimur löndum og upphaflegir skilmálar samningsins frá 1963 eru á margan hátt líkir upphaflegum ákvæðum samningsins við ÍSAL.

7.6 Afríka

7.6.1 Ghana

Ghana er stærsti framleiðandi áls í Afríku með eina 200 þús. tonna álbræðslu í Tema. Álbræðslan er rekin af Volta Aluminium Company Ltd. (Valco) sem er í eigu Kaiser (90%) og Reynolds (10%) og var gangsett árið 1972. Raforkan kemur frá 912 MW vatnsorkuveri í eigu Volta River Authority (VRA) við Akosombo í Volta.

Samningur milli þessara aðila var undirritaður árið 1961 og samkvæmt honum á VRA að sjá Valco fyrir raforku í 30 + 20 ár frá fyrsta afhendingardegi orku, þ.e. til 2017. Tekjur af raforkusölunni til Valco skyldu gera Akosombo virkjunina fjárhagslega viðráðanlegt fyrirtæki, auk þess að örva uppbyggingu raforkukerfisins yfirleitt. Grunnverðið var 2,6 mill/kWh frá fyrsta afhendingardegi 1967, og skyldi haldast óbreytt á samningstímanum, enda mundi það verð duga til að standa undir kostnaði við virkjunina.

Reynsla Ghana af þessum samningi hefur orðið afar bitur. Landið er með þeim fátækustu í heimi (þjóðartekjur árið 1976 515 dalir á mann), og hefur þess vegna reynst þungbært að sjá almenningsveitum fyrir raforku í auknum mæli með olíukyndingu á meðan vatnsorkan er tryggð álverinu á lágu verði. Bauxít er flutt óunnið út úr landinu, en súrál á háu verði er flutt inn

frá Jamaica. Samningurinn í heild er sniðinn eftir hagsmunum hins erlenda gagnaðila. Það er því ef til vill ekki að undra þó að starfsmenn Alþjóðabankans bendi iðulega á Ghana sem víti til varnaðar fyrir þjóðir í svipaðri aðstöðu.

Stjórnvöld í landinu hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá leiðréttingu sinna mála. Helstu ráðgjafar stjórnarinnar hafa verið Electricite de France, Norconsult, Alþjóðabankinn og einnig Dr. Varsavsky. Fyrst var tekið á málinu í byrjun ársins 1975. Í lok ársins 1975 leiddu þær samningaviðræður til eftirfarandi breytinga:

1) Valco féllst á að raforkuverð skyldi hækkað úr 2.65 mill í 4,80 mill 1979-80, og í 5,30 mill árið 1981.

2) Sett voru verðtryggingarákvæði sem skyldu vernda VRA gegn hækkuðum rekstrarkostnaði og gengistapi gagnvart tveimur útistandandi lánum Alþjóðabankans.

3) VRA skyldi sjá Valco fyrir 45 MW til viðbótar (30 MW tryggt afl, 15 MW ótryggt) fyrir fimmta kerskála. Upphaflegt verð fyrir viðbótarorkuna var 6,75 mill, en skyldi aðeins vera tímabundið. Endanlegt verð fyrir viðbótarorkuna skyldi ákveðast þegar heildarkostnaður við Kpong virkjunina lægi fyrir. Ef endanlegt verð viðbótarorkunnar yrði yfir 9,75 mill væri Valco frjálst að minnka hlut sinn eða sleppa alveg þessum 30 MW af forgangsorku. Samkvæmt síðari áætlun leit út fyrir að kostnaður við þessa virkjun yrði um 20 mill/kWh, en ekki er vitað hver viðbrögð Valco voru.

Frá 1975 hefur þróunin í orkumálum og almenn verðbólga í heiminum leitt til þess að breytingarnar frá 1975 eru alls ekki fullnægjandi frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Stjórnvöld í Ghana hafa því tekið málið upp að nýju og krefjast ekki aðeins leiðréttinga heldur endurskoðunar og grundvallarbreytingu á samningnum frá 1961. Sú sókn gegn Valco stendur enn. Helstu rök VRA og stjórnvalda eru þau að framtíðaruppbygging vatnsorkuvera í landinu sé óframkvæmanleg án fullnægjandi eiginfjármögnunar frá núverandi kerfi. Er bent á að raforkuverð frá núverandi aflstöðvum verði að miða við a.m.k. tvennt:

1) Jaðarframleiðslukostnað í nýjum virkjunum í landinu.
2) Alþjóðlega þróun í verðlagningu á raforku til stóriðju.

Út frá þessum forsendum telur VRA nauðsynlegt að verðið til Valco verði a.m.k. fjórfaldað miðað við verðlag 1980, þ.e. í 20 mill/kWh. Var lagt til (1980) að raforkuverðið til Valco næði þessu marki í áföngum á um 5 árum.

Ósk VRA er sú, að raforkuverðið fylgi síðan álverði samkvæmt eftirfarandi reglu.

$$\text{Orkuverð (mill/kWh)} = \frac{\text{Alcan export verð á áli (\$/tonn)}}{100.000}$$

Raforkureikningur hvers mánaðar myndi þá grundvallast á Alcan export verði samkvæmt síðustu útgáfu Metal Bulletin fyrir þann mánuð.

Forsvarsmenn Valco í Ghana hafa tekið kröfum VRA dræmt, þó að ráðgjafar stjórnarinnar hafi sýnt fram á að Valco ætti að vera með arðbærustu álverum í heiminum, þrátt fyrir að rekstrarerfiðleikar valdi oft framleiðslutapi. Fyrirtækið hefur skilað bókhaldslegum hagnaði á síðustu árum, t.d. um 20 millj. dala hagnaði árið 1979. Málið er því enn á viðkæmu stigi og ekki útséð um endanleg úrslit.

7.6.2 Suður Afríka

Eitt 78 þúsund tonna álver er starfandi í Suður Afríku, nánar til tekið í Richard Bay. Rekstraraðilinn er Alusaf og á Alusuisse 22% í því en innlendir aðilar 78%. Saga þessa fyrirtækis er mjög merkileg fyrir þá sök, að allt fram til ársins 1975 keypti Alusaf súrál frá Alusuisse og kom súrálið frá verksmiðju Alusuisse í Gove í Ástralíu. Árið 1975 var súrálsverðið, að mati Alusaf, orðið alltof hátt og krafðist fyrirtækið endurskoðunar á samningnum við Alusuisse. Þrátt fyrir að Alusaf fengi tilboð frá þriðja aðila (Alcoa) um súrál á miklu lægra verði neitaði Alusuisse að verða við réttlátum kröfum Alusaf um endurskoðun súrálssamningsins. Málið fór fyrir alþjóðlega gerðardóminn í Paris og urðu málalok Alusaf í hag.

Árið 1981 var orkuverðið í verksmiðju Alusaf um 17 mill/kWh og búast má við að á næstu árum verði orkuverðið enn hærra að raungildi.

7.6.3. Zaire

Í Zaire er ekkert starfandi álver en engu að síður hefur þetta land oft komið við sögu í viðskiptum Íslendinga og Alusuisse vegna ÍSAL.

Zaire er í miðri Afríku við miðbaug. Um landið rennur áin Congo og við Ingo-fossa við brún hásléttunnar eru geysilegir möguleikar til að virkja ódýra vatnsorku. Orkan samsvarar um 300.000 GWh, sem er um tíföld vatnsorka Íslands. Kostnaður við virkjun er talinn vera á bilinu 2-8 mill/kWh. Mörgum finnst því furðulegt að ekki skuli vera meiri áhugi en raun ber vitni á því að virkja þessa orku, m.a. til álvinnslu.

Skýringin á þessu er m.a. sú að í landinu hefur verið mikill ófriður síðustu áratugina. Stjórn efnahagsmála er mjög slæm og hefur Zaire oft haft lítið lánstraust af þeim sökum. Það er því mikil áhætta því samfara að fjárfesta í dýrum verksmiðjum í landinu. Fjármagnskostnaður af álveri í landinu yrði mun meiri en samsvarandi kostnaður í þróuðum löndum með stöðugt efnahagslíf vegna hærri stofnkostnaðar og aukinnar áhættu. Talið er að fjármagnskostnaður á hvert tonn áls í nýrri verksmiðju í V-Evrópu geti numið um 500 dölum á tonn. Samsvarandi tala í Zaire gæti verið um 800 dalir á tonn þegar tekið er tillit til áhættu. Mismunurinn er um 300 dalir á tonn en það samsvarar 20 mill/kWh í raforkuverði ef reiknað er með 15.000 kWh á hvert tonn áls. Þessir grófu útreikningar sýna að það er ekki nægjanlegt að hafa ódýra orku til að framleiða ál eða laða að erlenda álframleiðendur. Stöðugt stjórnarfar, gott efnahagslíf og nægilega þróað atvinnulíf er einnig nauðsynlegt til að tryggja lágan byggingar- og fjármagnskostnað. Jafnvel þó Zaire selji orkuna á mjög lágu verði er líklegt að erfitt verði að byggja upp áliðnað í landinu, því óhagræðið af auknum fjármagnskostnaði er það mikið. Alusuisse hefur á undanförnum misserum unnið að hagkvæmniathugun á nýju álveri í Zaire og er gert ráð fyrir að raforkan verði seld á rúmlega 7 mill/kWh. Að teknu tilliti til

umfram fjármagnskostnaðar samsvarar það um 27 mill/kWh orkuverði miðað við aðstæður í Vestur-Evrópu.

7.7 Mið-Austurlönd

Fram til þessa hefur álframleiðsla verið takmörkuð í þessum heimshluta. Eitt álver er í Egyptalandi, eitt í Bahrain og eitt mjög nýlegt í Dubai. Fjölþjóðafyrirtækin hafa verið mjög hikandi við að fjárfesta á þessu svæði sökum óstöðugs stjórnarfars. Samt sem áður eru tvö atriði sem gera það að verkum að löndin við Persaflóa eru álitleg fyrir áliðnað á næstu árum. Þessi atriði eru:

1) Lágt raforkuverð. Talið er að á árinu 1981 hafi orkuverð í Mið-Austurlöndum verið um 14 mill/kWh. Orkan er framleidd með jarðgasi sem til skamms tíma hefur verið brennt við olíulindirnar, engum til gagns.

2) Nær ótakmarkað fjármagn til uppbyggingar aflstöðva og álvera, og lægri vextir en annars staðar (þ.e. lægri fjármagnskostnaður).

Á hinn bóginn eru þrjú atriði a.m.k. sem valda óvissu um framtíð álvinnslu á þessu svæði. Í fyrsta lagi er almenn verkkunnátta á lágu stigi í þessum löndum og hefur það leitt til mikilla vandræða t.d. í Bahrain. Í öðru lagi eru líkur á að ný tækni komi til sögunnar sem geri það að verkum að geymsla og flutningur á þessum orkugjafa verði hættuminni og notkun algengari. Þetta gæti aftur á móti leitt til þess að miklu hærra verð fengist fyrir jarðgasið en nú með nýtingu þess til raforkuframleiðslu. Í þriðja lagi má svo nefna að stofnkostnaður álvers er talin til muna hærri á þessu svæði en annars staðar og telur Chase Econometrics að hann sé um 25% hærri en t.d. í Noregi.

7.8 Suður Ameríka

Í Suður-Ameríku eru starfandi sex álver og er samanlögð framleiðslugeta þeirra um 810 þúsund tonn. Þar af er eitt starfandi í Argentínu (Aluar), tvö í Venezuela og þrjú í Brasilíu. Brasilía og Venezuela eru þau tvö lönd sem einkum hafa verið nefnd varðandi frekari þróun áliðnaðar í Suður-Ameríku.

7.8.1 Brasilía

Brasilía býður upp á marga möguleika í áliðnaði. Risavaxnar vatnsvirkjanir eru í smíðum í landinu (t.d. Tucururi virkjunin, 6700 MW), og auðugar báxít námur eru nálægt Amazon fljótinu þar sem það er skipgengt fyrir 40 þús. lesta skip. Auk þess skapar iðnvæðing landsins aukinn markað fyrir ál.

Á miðju ári 1981 greiddu starfandi álver í Brasilíu 17,3 mill/kWh samkvæmt gjaldskrá. Ný álver á Amazon svæðinu (t.d. Alcoa og Albras) hafa fengið loforð um 15% afslátt á orkuverði frá stóriðjutaxta og hefur þeim verið boðin trygging um að raforkukostnaður muni ekki fara yfir 20% af útflutningsverði áls. Reikningsreglur þær, sem raforkuverð til nýrra álvera í landinu byggjast á eru flóknar og veita takmarkaða verðtryggingu á tímum ört hækkandi álverðs. Talið er að sumum nýjum álverum muni verða boðin raforka á verði sem sé allt niður í 10 mill/kWh. Í heildina endurspeglar raforkuverðið stefnu stjórnvalda í Brasilíu. Orkuverðið á að vera byggt á einhvers konar meðaltalskostnaði við rekstur og uppbyggingu landskerfisins en í rauninni er raforkuverðið til nýrra álvera niðurgreitt. Niðurgreiðslurnar eru byggðar á tveimur forsendum.

1) Niðurgreiðslan er tekin af landskerfinu, en ekki af viðkomandi aflstöð eða rafveitu.

2) Ríkisstjórnin áskilur sér rétt til að endurskoða eða fella úr gildi niðurgreiðslur raforkuverðs, ef arður af viðkomandi álvinnslu fer fram úr 15%. Þetta ákvæði er þó mjög loðið þar sem ekki er tekið fram hvort miðað skuli við hreinan ágóða, hreinar tekjur, fyrir eða eftir skatta eða hvort miðað er við heildareignir, nettó eignir eða hlutafé.

7.8.2 Venezuela

Landið er annar stærsti olíuútflytjandi OPEC samtakanna og býr þar að auki yfir geysimiklum möguleikum í vatnsorku. Til viðbótar hafa nýlega fundist verulegar báxítnámur í landinu. Það skortir því hvorki fjármagn, orku né hráefni í Venezúela. Stefna stjórnvalda er að álvinnsla skuli vera í höndum landsmanna, þó að tæknileg sérþekking sé takmörkuð á þessu sviði. Tvö álver eru starfandi í landinu: Alcasa, 120.000 tonn (50% Reynolds, 50% ríkið), og Venalum, 280.000 tonn (80% ríkið, 20% Japanir). Bæði álverin fá orku frá Guri virkjuninni í Caroni ánni. Aflgeta virkjunarinnar árið 1980 var 2300 MW en er ráðgerð 18.000 MW um 1995. Auðlindir skortir því ekki til frekari uppbyggingar álvinnslu í landinu enda áformar ríkisstjórnin að framleiðslugetan verði aukin í 1 millj. tonna eða meira um aldamót.

Alcasa greiddi árið 1980 3,5 mill/kWh samkvæmt 30 ára samningi frá 1967. Venalum greiddi 3,7 mill/kWh árið 1980, en verðið átti að hækka í 7 mill í lok 1981. Hafa verður í huga að orkan er seld til álvera, sem eru 50% og 80% ríkisfyrirtæki.

Þrátt fyrir bæði orku og hráefnalindir hafa fjölþjóðafyrirtækin ekki leitað fast á um fjárfestingar í Venezuela og getur ástæðan bæði verið óstöðugleiki í stjórnarfari og hin takmarkaða verkkunnátta í landinu. Sem dæmi má nefna, að síðastliðið sumar "fraus" um helmingur kerja hjá Venalum sökum vankunnáttu í daglegum rekstri.

7.9 Raforkuverð í álverksmiðjum Alusuisse

Alusuisse á eignaraðild að þrettán álverksmiðjum í heiminum og er samanlögð framleiðslugeta þessara verksmiðja 984 þúsund tonn á ári. Tiltölulega erfitt reyndist að fá upplýsingar um raforkuverð í álverksmiðjum Alusuisse, sérstaklega í verksmiðjunum í Evrópu, en eftir ýmsum leiðum tókst þó um síðir að fá sæmilega áreiðanlegar upplýsingar í þessu efni. Þó um einhverjar minniháttar skekkjur gæti verið að ræða gefur tafla 7.5 í aðalatriðum gott yfirlit um stöðu ÍSAL samanborið við aðrar verksmiðjur Alusuisse.

Tafla 7.5 Raforkuverð í álverksmiðjum Alusuisse í júlí 1982.

Verksmiðjustaður	Land	Stærð (þús.tonn)	Orkuverð (mill/kWh)	Eignaraðild Alusuisse (%)
Essen	Þýskaland	130	20,0	100
Rheinfelden	Þýskaland	64	30,0	100
Straumsvík	Ísland	88	6,5	100
Steg	Sviss	48	17,0	100
Chippis	Sviss	30	17,0	100
Salzburg	Austurríki	12	18,0	100
Husnes	Noregur	72	11,5	75
New Johnsonville	Bandaríkin	131	32,0	60
Lake Charles	Bandaríkin	33	32,0	60
Hannibal	Bandaríkin	236	20,0	40
Porto Marghera	Ítalía	30	15,0	50
Fusina	Ítalía	30	15,0	50
Richard Bay	Suður Afríka	80	17,0	22
Samtals vegið meðaltal		984	20,0	68

7.10 Yfirlit yfir raforkuverð til álvera í heiminum

Tafla 7.6 sýnir raforkuverð til álvera í heiminum árið 1981 eftir helstu markaðs- og álvinnslusvæðum og áætlun CRU um orkuverð árið 1990 miðað við verðlag 1981. Varðandi Ísland er byggt á núgildandi orkusölusamningi.

Tafla 7.5 Raforkuverð til álvera í heiminum árið 1981 og áætlað verð árið 1990.

Land	Framleiðslu-geta 1981	Orkuverð 1981	Áætlað orkuverð 1990
	(þús. tonn)	(mill/kWh)	(mill/kWh)
1. Norður Ameríka	6.101	18,2	22
2. Evrópa[1]	3.482	20,6	25
3. Asía	1.606	58,3	39
4. Ástralía og Nýja Sjáland	514	12,0	20
5. Afríka	359	8,5	14
6. Mið-Austurlönd[2]	641	13,5	21
7. Suður Ameríka	919	10,0	16
8. Ísland[3]	88	6,5	5
Samtals vegið meðaltal	13.710	22,2	24

Heimild: Commodities Research Unit.

1) Ísland og Grikkland ekki meðtalin.
2) Grikkland og Tyrkland eru talin með Mið-Austurlöndum.
3) Ísal miðað við að núgildandi samningi yrði ekki breytt.

Taflan sýnir að raforkuverðið til ÍSAL er nú aðeins tæplega 1/3 af meðalraforkuverði til álvera í heiminum. Að óbreyttum samningum er áætlað að orkuverðið til ÍSAL árið 1990 verði orðið 1/5 af meðalorkuverði til álvera í heiminum

8. SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS Í FRAMLEIÐSLU HRÁÁLS.

8.1 Framleiðslukostnaður á áli.

Eins og fram kemur í kafla 2.3.5 hér að framan var sú skoðun ráðandi á sínum tíma hér á landi að samkeppnisstaða Íslands í áliðnaði væri tiltölulega veik. Þau rök sem einkum voru nefnd í þessu sambandi voru að lega landsins væri óhagstæð og flutningskostnaður á hráefnum og afurðum þar af leiðandi mikill. Í þessum kafla verður reynt að varpa nokkru ljósi á kostnaðarliði í álframleiðslu og þá þætti sem einkum skipta máli í mati á samkeppnisstöðu. Ljóst er að slíkt mat hefur bein áhrif á það raforkuverð, sem unnt er að krefjast af áliðnaði hér á landi. Framleiðslukostnaður á raforku gefur það raforkuverð, sem telja verður lágmark til áliðnaðar á Íslandi, en mat á samkeppnisstöðu landsins gefur hámarksverðið. Raunverulegt umsamið verð ætti að liggja þarna á milli.

8.1.1 Stofnkostnaður

Vinnsla hrááls er einhver fjármagnsfrekasti iðnaður sem þekkist. Í fyrsta lagi eru afskriftir og vextir af stofnlánum í sjálfri verksmiðjunni vart undir 25% af rekstrarkostnaði í nýju álveri. Í öðru lagi er hlutur raforkukostnaðar um 20% en framleiðslukostnaður í vatnsaflsvirkjun er að 90 af hundraði hreinn fjármagnskostnaður. Í þriðja lagi má svo nefna að súrál nemur um 30% rekstrarkostnaðar, en í nýrri súrálsverksmiðju nemur fjármagnskostnaðurinn allt að 50% af heildarframleiðslukostnaði. Hlutur beins og óbeins fjármagnskostnaðar er þannig um og yfir 60% af fullunnu áli.

Lauslega áætlað er talið að 100 þúsund tonna álver hér á landi mundi kosta um 400 milljónir dala, eða 4000 dali á hvert tonn. Væri anóðuverksmiðju sleppt gæti stofnkostnaðurinn numið um 3500 dölum á hvert tonn. Áætlaður stofnkostnaður 30 þúsund

tonna álverksmiðju í Straumsvík var hins vegar 1000 dalir á hvert tonn. Kostnaður við byggingu nýrra álvera hefur þannig hækkað meira en sem nemur verðlagsbreytingum og má skýra það að hluta til með mun fullkomnari tækni og aukinni sjálfvirkni, sem annars vegar sparar orku og hins vegar mannskap.

Alþjóðabankinn hefur gert samanburð á stofnkostnaði milli landa. Áætlun bankans gerir ráð fyrir að ef miðað er við Bandaríkin og Kanada sé t.d. stofnkostnaður álvers 5% hærri í Vestur Evrópu, u.þ.b. 10% hærri í Ástralíu, 10-15% hærri í Venezuela, 15-25% hærri í Brasilíu, 20% hærri í Zaire og 25% hærri í Mið-Austurlöndum. Ísland ætti að koma tiltölulega vel út í slíkum samanburði, þar sem almenn verkkunnátta er tiltölulega mikil og til staðar vel þróaður byggingariðnaður Má trúlega flokka landið undir Vestur Evrópu með um 5% hærri stofnkostnað en í Bandaríkjunum, en um 20% lægri stofnkostnað en í Mið-Austurlöndum.

Eins og fram kemur í töflu 8.1 áætlar Alþjóðabankinn stofnkostnað í Mið-Austurlöndum og þróunarríkjunum að jafnaði um 25% hærri en í iðnríkjunum, en aðrir áætla, m.a. CRU og Chase Economics, að þessi munur sé enn meiri. Álverksmiðjur í iðnríkjunum eiga því að jafnaði að geta greitt hærra raforkuverð en verksmiðjur í þróunarríkjunum. Sem dæmi má nefna að munur í stofnkostnaði sem svarar 800 dölum/árstonn jafngildir um 6 mill/kWh í orkuverði miðað við sama afskrifta- og vaxtakostnað í þróunarríkjunum og iðnríkjunum. Sé tekið tillit til hærri vaxtakröfu vegna áhættu verður munurinn enn meiri.

Tafla 8.1 Áætlaður stofnkostnaður álvera eftir stærð og staðsetningu miðað við verðlag 1980.

Stærð verksmiðju	Iðnríki (US$/árstonn)	Þróunarríki (US$/árstonn)
100.000 tonn	3.300	4.100
200.000 "	2.900	3.600

Heimild: Worldwide investment analysis, World Bank, november 23, 1981

Alþjóðabankinn áætlar að stofnkostnaður í 100 þúsund tonna álveri sé um 15% hærri en stofnkostnaður í 200 þúsund tonna álveri. CRU telur þennan mun vera enn meiri, sbr. töflu 8.2 Taflan sýnir áætlun CRU og Alþjóðabankans um stofnkostnað álvera eftir stærð. Stofnkostnaður 200 þúsund tonna álvers er settur 100 og stofnkostnaður á hvert árstonn fyrir aðrar stærðir reiknaður miðað við það. Lítill ávinningur er talinn fást af stærri verksmiðju en 200 þúsund tonna.

Tafla 8.2 Áhrif stærðar álverksmiðju á stofnkostnað.

Stærð verksmiðju (þús. tonn)	Áætlun CRU vísitala (kostn./árstonn)	Áætlun Alþjóðabankans vísitala (kostn./árstonn)
200	100	100
175	104	103
150	108	106
125	112	110
100	122	115
75	133	122
50	149	132

Á sama hátt og álverksmiðjur í iðnríkjunum geta greitt hærra raforkuverð en verksmiðjur í þróunarríkjum, á stærri verksmiðja að jafnaði að geta greitt hærra raforkuverð en lítil verksmiðja.

Í kafla 8.1.3 er birt yfirlit yfir áætlaðan framleiðslukostnað í 100 þúsund tonna álveri á Íslandi. Þar er miðað við að 100 þúsund tonna álver mundi kosta 375 miljónir dala á verðlagi 1982, eða 3.750 dali/árstonn.

Árlegur fjármagnskostnaður (afskriftir og vextir af öllu fjármagni) er áætlaður 12% eða USD 450/tonn. Verksmiðjur sem starfræktar hafa verið í um 10 ár hafa hins vegar miklu lægri fjármagnskostnað, eða 150-200 dali á hvert tonn.

8.1.2 Rekstrarkostnaður

Þrír kostnaðarþættir skera sig úr í framleiðslu hrááls, þ.e. fjármagn, súrál og raforka, en samanlagt nema þeir að jafnaði allt að 80% af framleiðslukostnaði. Súrálið, sem nemur að jafnaði um 30% framleiðslukostnaðar, er það hráefni sem þýðingarmest er að tryggja álverksmiðjunni með langtímasamningum. Lánastofnanir hafa t.d. yfirleitt ekki veitt lán til bygginga álvers fyrr en 15-20 ára súrálssamningur liggur fyrir. Önnur hráefni eru tiltölulega auðfengin, en hráefnisnotkun á hvert tonn er sýnd í töflu 8.3.

Tafla 8.3 Hráefnisnotkun á hvert tonn í álframleiðslu.

Hráefni	Notkun kg/tonn ál
Súrál	1930
Koks	400
Bik	100
Fluorið	15
Kryolit	10
Olía	30

Raforkunotkun í nýrri álverksmiðju með fullkomnum mengunarvörnum er áætluð um 15.000 kWh/tonn. Í töflu 8.6 er miðað við raforkuverðið 18 mill/kWh á verðlagi í júní 1982, sem samkvæmt kafla 6 er það verð miðað við 6% vexti sem unnt er að gera ráð fyrir til nýrrar álframleiðslu hér á landi. Í töflu 8.4 er til samanburðar sýnt áætlað raforkuverð til nýrra álverksmiðja annars staðar.

Tafla 8.4 Áætlað raforkuverð til nýrra álvera, verðlag 1982.

Land	Orkuverð (mill/kWh)
Noregur	20-24
Kanada	16-20
Ástralía	20-25
Nýja Sjáland	20
Ghana	18
Zaire	7
Mið-Austurlönd	18
Brasilía	14-17
Indónesía	10

Launakostnaður í starfandi stóriðjufyrirtækjum hér á landi er áætlaður um 25000 /dalir/starfsmann/ári, með launatengdum gjöldum, en u.þ.b. 78% þeirrar upphæðar er greiðsla til starfsmanns. Miðað við að hver starfsmaður skili 1840 klst. á ári svarar þetta til þess að launagreiðslur hér nemi 10,60 dölum/klst. Í töflu 8.5 er sýnd áætlun Alþjóðabankans um launakostnað annars staðar (miðað er við 17% hækkun á launum frá 1980.

Tafla 8.5 Áætlun Alþjóðabankans um launakostnað í nokkrum löndum

Land	US$/manntíma
Bandaríkin	12,90
Vestur Evrópa	9,40
Kanada	12,30
Ástralía	12,90
Nýja Sjáland	12,90
Ghana	5,30
Zaire	5,90
Mið-Austurlönd	12,90
Brasilía	7,00
Indónesía	3,50

Alþjóðabankinn áætlar að um 8,6 manntíma þurfi til að framleiða eitt tonn af áli. Þetta svarar til þess að beinn launakostnaður hér á landi nemi USD 91/tonn af áli, en sambærilegur kostnaður t.d. í Zaire væri USD 51/tonn. Er þá miðað við að jafnmarga starfsmenn þyrfti hér á landi til þess að reka eitt álver eins og t.d. í Zaire. Mismunurinn samsvarar u.þ.b. 2.5 mill/kWh í orkuverði. Þegar á heildina er litið er því ljóst að mismunur í launakostnaði milli landa hefur lítil áhrif á samkeppnisstöðu.

8.1.3 Heildarframleiðslukostnaður

Á töflu 8.6 er sýndur heildarframleiðslukostnaður samkvæmt lauslegri áætlun um 100 þúsund tonna álver á Íslandi.

Tafla 8.6 Lauslega áætlaður framleiðslukostnaður í nýju 100 þús. tonna álveri, miðað við íslenskar aðstæður. Verðlag 1982.

Kostnaður	Magn (tonn)	Einingaverð ($/tonn)	Framleiðslukostnaður (milj.$/ár)	$/tonn	(%)
Hráefni:					
1. Súrál	193.000	245	47.285	473	(30.2)
2. Koks	40.000	220	8.800	88	(5.6)
3. Bik	10.000	330	3.300	33	(2.1)
4. Annað			2.600	26	(1.6)
Hráefni samtals:			61.985	620	(39.6)
Laun og launatengd gjöld:					
5. Starfsmenn alls	500	25.000 $/mann	12.500	125	(8.0)
Raforkukostnaður:					
6. Raforka	1.500 GWh	18 mill/kWh	27.000	270	(17.3)
Fjármagnskostnaður:[1]					
7. Afskriftir	20 ár	5%/ár	18.750	188	(12.0)
8. Vaxtakostnaður og arður af hlutafé		7%/ár	26.250	262	(16.7)
Annar kostnaður:					
9. Viðhald, ýmis gjöld o.fl.			10.000	100	(6.4)
		SAMTALS	159.485	1.565	(100%)

1) Miðað er við að 100 þúsund tonna álver kosti 375 miljónir dala með anóðuverksmiðju, eða USD 3.750/tonn.

8.2 Áhrif flutningskostnaðar

Því hefur oft verið haldið fram að raforkuverð til Ísal þyrfti að vera lægra en raforkuverð til álvera annars staðar vegna mikils flutningskostnaðar á aðföngum til verksmiðjunnar og afurðum frá verksmiðjunni á markað.

Sé litið í reikninga ÍSAL kemur hins vegar í ljós að þrátt fyrir að súrálið sé flutt alla leið frá Ástralíu er heildarflutningskostnaður hráefna og afurða hjá ÍSAL aðeins um 105 dalir á hvert tonn af fullunni áli og sundurliðast þannig:

Súrál (frá Ástralíu):	2 tonn	x	USD	35/tonn	=	USD	70
Rafskaut (frá Rotterdam):	1/2 "	x	"	20/ "	=	USD	10
Hráál (til Evrópu):	1 "	x	"	25/ "	=	USD	25
					Samtals	USD	105/tonn

Samanlagður flutningskostnaður miðað við tonn af framleiddum málmi er því um 6% af skráðu útflutningsverði Alcan (USD 1750/tonn). Ef þessi flutningskostnaður er allur umreiknaður í raforkuverð fæst að hann samsvarar 7 mill/kWh. Því fer hins vegar fjarri að unnt sé að reikna allan þennan kostnað sem óhagræði fyrir Ísland, þar sem öll önnur álver í heiminum þurfa að greiða flutningskostnað af aðföngum og afurðum. Til dæmis er talið að að flutningskostnaður á súráli innan Ástralíu nemi um USD 18/tonn og ef álið væri selt til Evrópu, þyrfti að greiða um og yfir USD 60/tonn til að koma því á markað.

Miðað við álverksmiðjur í Vestur-Evrópu (Noregur, England, Þýskaland o.s.frv.) er talið líklegt að óhagræði m.t.t. flutningskostnaðar vegna fjarlægða nemi um 1,5 mill/kWh. Til samanburðar má nefna að meðalraforkuverð í Vestur-Evrópu er um 21 mill/kWh. Til að vega upp óhagræðið af meiri flutningskostnaði álverksmiðju á Íslandi þyrfti verðið hér á landi að vera tæpum 2 mill/kWh lægra en þar.

8.3 Helstu markaðssvæði og áhrif tolla

Til þess að meta samkeppnisstöðu Íslands í framleiðslu hrááls, þarf einnig að taka tillit til markaðssvæða og afstöðu Íslands til þeirra m.a. með tilliti til tolla. Tafla 8.7 sýnir helstu markaðssvæði fyrir ál í heiminum og raunverulega notkun á árinu 1979.

Tafla 8.7 Notkun hrááls á árinu 1979 eftir markaðssvæðum.

Land	Notkun (þús.tonn)	Notkun (%)
Bandaríkin	5.020	39,9
Japan	1.820	14,5
Þýskaland (EBE)	1.020	8,1
Frakkland (EBE)	580	4,6
Bretland (EBE)	420	3,3
Ítalía (EBE)	450	3,6
Önnur lönd	3.280	26,0
SAMTALS	12.590	100,0

Eins og fram kemur í töflunni má greina þrjú megin markaðssvæði fyrir ál, þ.e. Bandaríkin, Japan og Vestur Evrópu. Tollur til þessara markaðssvæða er sem hér segir:

Bandaríkin	0,6 cent/pund
Japan	9%
Vestur Evrópa (EBE og Efta)	7%

Tollur til Bandaríkjanna er lítill og skiptir ekki miklu máli varðandi samkeppni við innlenda framleiðendur í Bandaríkjunum eða önnur lönd. Sé miðað við að innflutningsverð næmi t.d. 70 centum/pund (u.þ.b. 1550 dalir/tonn) væri tollur um 0,8% af framleiðsluverðmæti. Umreiknað í raforkuverð samsvarar tollur til Bandaríkjanna innan við 1 mill/kWh.

Í framhaldi af því að Danir og Bretar gengu í Efnahagsbandalagið var gerður samningur milli lýðveldisins Íslands annars vegar og Efnabandalagsins hins vegar um viðskipta- og tollamál. Samningur þessi fól m.a. í sér, að tollur á hráál frá Íslandi til Efnahagsbandalagsríkja yrði felldur niður í áföngum svo sem hér segir:

Frá og með	1/1/1972	skyldi	tollurinn	vera	100% af 7%	eða samtals	7%
"	1/4/1973	"	"	"	95% af 7%	"	6.65%
"	1/1 1974	"	"	"	90% af 7%	"	6.30%
"	1/1/1975	"	"	"	85% af 7%	"	5.95%
"	1/1/1976	"	"	"	75% af 7%	"	5.25%
"	1/1/1977	"	"	"	60% af 7%	"	4.20%
"	1/1/1978	"	"	"	40% af 7%	"	2.80%
"	1/1/1979	"	"	"	20% af 7%	"	1.40%
"	1/1/1980	"	"	"	0% af 7%	%	0%

Áðurnefndur samningur sem gerður var 28. júlí 1972 gjörbreytti að sjálfsögðu samkeppnisstöðu Íslands í álframleiðslu. Með samningi þessum hafa Íslendingar tollfrjálsan aðgang að einum mikilvægasta álmarkaði í heiminum. Ef staða Íslands að þessu leyti er borin saman við t.d. Kanada eða Ástralíu kemur í ljós verulegt hagræði sem álverksmiðja hér á landi hefur samanborið við álverksmiðjur í áðurnefndum löndum. Á árinu 1980 var meðalinnflutningsverð á áli til Vestur Evrópu um USD 1750/tonn. Ál sem komið hefði frá Kanada eða Ástralíu hefði þá þurft að bera toll, sem líklega hefði numið um USD 120 á hvert tonn. Umreiknað í orkuverð samsvarar þetta um 8 mill/kWh. Í þessu felst að orkuverð hér á landi mætti vera 8 mill/kWh hærra en í Kanada og Ástralíu að öðru jöfnu, miðað við sölu á áli til Vestur Evrópu.

Ísland liggur vel við álmörkuðum í Norður-Ameríku miðað við flest samkeppnisríki. Landið gæti þessvegna keppt við álframleiðendur vestan hafs, jafnvel þó miðað sé við þá sem búa við hagstætt orkuverð eins og verksmiðjur á einu aðalframleiðslusvæðinu á vesturströnd Bandaríkjanna.

Varðandi hugsanlega sölu á áli til Japans og samkeppnisstöðu Íslands á þeim markaði miðað við t.d. Ástralíu er ljóst, að samsvarandi forskot og gagnvart Vestur Evrópu er ekki fyrir hendi. Við fyrstu sýn virðist jafnvel að flutningskostnaður á áli héðan yrði miklu meiri en frá Ástralíu. Tollar yrðu þeir sömu fyrir bæði löndin. Flutningskostnaður á áli frá Ástralíu til Japans er áætlaður um 70 dalir á hvert tonn, en frá Íslandi alla leið til Japans um 125 dalir á hvert tonn. Hins vegar má benda á að með ýmsum aðferðum er unnt að draga úr áhrifum flutnings kostnaðar á fjarlæga markaði. Þannig gæti t.d. ál sem framleitt yrði á Íslandi vegna eftirspurnar í Japan allt eins farið til Evrópu eða austurstrandar Bandaríkjanna, í skiptum fyrir ál sem framleitt væri á vesturströnd Bandaríkjanna og flutt væri í staðinn til Japans. Eins og áður hefur komið fram er flutningskostnaður á áli frá vesturströnd Bandaríkjanna til iðnaðarsvæðanna á austurströndinni allt að því jafnmikill og frá Íslandi til Bandaríkjanna.

Þegar á heildina er litið liggur Ísland vel við helstu álmörkuðum í heiminum.

Árið 1980 var heildarsala Íslenska álfélagsins h/f 73.234 tonn og skiptist salan þannig eftir löndum:

Bretland	31%
Sviss	22%
Þýskaland	21%
Frakkland	10%
Ítalía	7%
Holland	5%
Önnur lönd	4%
	100%

Yfir 96% af framleiðslu ÍSAL fór þannig til Efta eða EBE-landa sem Ísland hefur tollfrjálsan aðgang að. Hefði ÍSAL þurft að greiða tolla af útflutningi til þessara landa hefði hann numið um 8 milljónum bandaríkjadala á árinu 1980 eða u.þ.b. sömu upphæð og heildargreiðslur ÍSAL fyrir raforku námu það ár.

8.4 Samanburður við helstu samkeppnislönd

Eins og fram kom í kafla 8.1 hefur mismunandi launakostnaður óveruleg áhrif á innbyrðis samkeppnisstöðu álvera í hinum ýmsu löndum. Einnig hefur komið fram að óverulegur munur er á stofnkostnaði álvera eftir löndum ef undan eru skilin þróunarríkin þar sem stofnkostnaður er áætlaður að jafnaði um 20% hærri en í iðnríkjunum. Einnig getur veruleg fjarlægð frá markaði leitt til viðbótarfjármagnskostnaðar í formi meiri rekstrarfjárþarfar en ella.

Miðað við sama hráefnisverð (fob) eru því helstu þættir sem áhrif hafa á samkeppnisstöðu álvera innbyrðis eftirfarandi:

a) Raforkuverð
b) Flutningskostnaður hráefna að verksmiðju og afurða á markað.
c) Tollar á fullunnið ál
d) Umframfjármagnskostnaður.

Í samanburðinum hér á eftir er þessum síðasta lið sleppt. Hér getur þó verið um verulegar upphæðir að ræða og má nefna sem dæmi að talið er að kostnaður vegna aukins rekstrarfjármagns fyrir álver í Ástralíu sem framleiðir ál fyrir Evrópumarkað geti numið um USD 70/tonn. Aukinn stofnkostnaður og áhætta vegna álvers t.d. í Zaire getur numið enn hærri upphæðum. Eins og áður hefur komið fram selur Ísal nær alla framleiðslu sína til Efta/EBE-landa. Með hliðsjón af því er eðlilegt að meta samkeppnishæfni álframleiðslu á Íslandi fyrst og fremst í ljósi sölu á þann markað. Í töflu 8.8 er sýndur lauslega áætlaður kostnaður við raforku, flutninga og tolla fyrir ný álver í nokkrum löndum miðað við það að súrál komi frá Ástralíu.

Tafla 8.8 Lauslegt mat á samkeppnishæfni nýrra álvera miðað við sölu til Vestur-Evrópu.

		Kanada	Ástralía	Noregur	Ísland	Þýskaland
Raforkuverð (mill/kWh)		18	20	22	20	30
Raforkukostnaður (USD/tonn)		270	300	330	300	450
Flutnings-kostnaður	1) (USD/tonn)	90	100	85	105	80
Tollar	(USD/tonn)	120	120	0	0	35 2)
Samtals	(USD/tonn)	480	520	415	405	595

1) Miðað við súrál frá Ástralíu

2) Tollur á súrál

8.5 Samkeppnisfært raforkuverð á Íslandi til álframleiðslu

Litlar líkur eru taldar á verulegri aukningu álframleiðslu í Noregi og engar líkur eru á frekari aukningu álframleiðslu í löndum Efnahagsbandalagsins, en Þýskaland er tekið til viðmiðunar fyrir það framleiðslusvæði. Eftir standa þá Kanada og Ástralía. Af þeim tveimur stendur Kanada betur að vígi með tilliti til sölu á áli til Vestur-Evrópu og er Kanada því trúlega það land sem Ísland þarf helst að taka mið af varðandi mat á samkeppnishæfni nýrra álvera. Miðað við 20 mill/kWh í raforkuverð hér á landi til nýrra álvera eru áðurnefndir kostnaðarliðir, raforka, flutningar og tollar, u.þ.b. 75 dölum/tonn lægri hér á landi en í Kanada, en það jafngildir 5 mill/kWh í raforkuverði.

Þegar á heildina er litið virðist sem samkeppnishæft raforkuverð til áliðnaðar hér á landi sé um 20 mill/kWh. Með það í huga að framleiðslukostnaður raforku er um 18 mill/kWh miðað við 6% reiknivexti ætti því að vera grundvöllur fyrir frekari álframleiðslu í landinu í framtíðinni.

Varðandi samkeppnisstöðu ÍSAL sérstaklega í samanburði við önnur starfandi álver sem framleiða fyrir álmarkað í Vestur-Evrópu er rétt að taka fram að slíkan samanburð er ekki hægt að byggja nema að mjög litlu leyti á samanburði við Kanada. Ástæðan er einfaldlega sú að Kanada hefur selt sáralítið af áli til Evrópu enn sem komið er. ÍSAL er þannig fyrst og fremst í samkeppni við starfandi álver í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, svo og í Noregi, og önnur álver í Evrópu. Til að meta samkeppnishæfni ÍSAL þarf því fyrst og fremst að taka mið af meðalverði til álvera í Evrópu en það var tæp 21 mill/kWh á s.l. ári ef ÍSAL er undanskilið. Frá þessu verði þarf að draga viðbótarkostnað vegna legu landsins sem áætlað er að nemi í raforkuverði að meðaltali tæpum 2 mill/kWh miðað við önnur álver í Evrópu. Niðurstaðan er því sú að samkeppnishæft orkuverð hjá ÍSAL ætti að vera um 19 mill/kWh að öðru jöfnu og miðað við eðlilegt markaðsástand. Með hliðsjón af því að álverksmiðjan í Straumsvík er heldur stærri en álverksmiðjur í Evrópu að meðaltali og tæknilega fullkomnari (m.a. orkunotkun/tonn minni) ætti samkeppnishæft orkuverð jafnvel að vera heldur hærra en þessu nemur svo framarlega sem aðrir kostnaðarþættir í framleiðslunni eins og hráefni eru ekki hærri en annars staðar.

Varðandi hugsanlega stækkun á álverksmiðjunni í Straumsvík og þá spurningu, hvað væri eðlilegt orkuverð í því tilviki er rétt að taka fram, að um slíka aukningu á álframleiðslu í landinu gildir það sem áður hefur verið sagt um nýtt álver. Til viðbótar má þó benda á að stofnkostnaður á hvert árstonn í hugsanlegri stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík er væntanlega u.þ.b. USD 500/árstonn lægri en í nýrri 100 þúsund tonna verksmiðju. Fjármagnskostnaður ætti því að vera u.þ.b. USD 60/tonn lægri en í nýrri verksmiðju en það jafngildir um 4 mill/kWh í orkuverði.

Þegar tekið er tillit til þessara þátta virðist ekki fráleitt að ályktа að slík viðbótarverksmiðja í Straumsvík ætti að geta greitt um 4 mill/kWh hærra raforkuverð en ný 80-100 þúsund tonna álverksmiðja.

8.6 Hagnaður ÍSAL 1970-1981 og áhrif hækkaðs raforkuverðs á afkomuna

Þegar hækkun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins h/f hefur komið til umræðu bæði fyrr og síðar hefur Alusuisse bent á að taka þyrfti mið af því,hvað ÍSAL gæti greitt miðað við afkomu fyrirtækisins.

Tafla 8.9 sýnir tekjur, nokkra kostnaðarþætti og hagnað félagsins 1970-1981. Ársreikningar ÍSAL eru færðir í íslenskum krónum en til að gefa betra yfirlit yfir þróunina og auðvelda samanburð við álverksmiðjur annars staðar hafa tölur verið umreiknaðar yfir í bandaríkjadali á grundvelli árlegs meðalgengis.

Upplýsingar um heildartekjur og hagnað eru fengnar úr ársreikningum en raforkukostnaður er hér settur jafn og raforkusala til ÍSAL samkvæmt sölu Landsvirkjunar á hverju ári. Framleiðslugjaldið sem kemur í stað allra skatta af verksmiðjurekstrinum, er hér sýnt nettó,þ.e.a.s. eftir að breytingar á skattinneign hafa verið dregnar frá. Annar kostnaður er áætlaður með hliðsjón af framangreindum kostnaðarliðum.

Tafla 8.9 Reiknuð afkoma ÍSAL 1970-1981 í bandaríkjadölum.

Ár	Heildartekjur (fob)	Framleiðslukostnaður			Hagnaður eftir skatta
		Raforka[1]	Framleiðslugjald (nettó)[2]	Annar kostnaður	
	(millj. dala)	(millj. dala)	(millj. dala)	(millj. dala)	(millj. dala) (% af veltunni)
1970	22,6	1,8	0,7	19,4	0,7 (3,1)
1971	17,6	2,0	0,1	18,1	-2,6 (-14,7)
1972	27,5	2,4	0,1	27,9	-2,9 (-10,5)
1973	41,8	3,5	0,2	38,0	0,1 (0,2)
1974	50,3	3,6	0,4	45,9	0,4 (0,8)
1975	54,6	3,2	0,3	57,5	-6,4 (-11,4)
1976	59,2	4,1	1,2	53,8	0,1 (0,2)
1977	80,7	4,9	1,2	74,4	0,2 (0,2)
1978	84,9	5,8	1,1	77,5	0,5 (0,6)
1979	96,5	6,6	1,7	85,0	3,2 (3,3)
1980	124,5	8,1	2,6[3]	110,9	2,9[3] (2,3)
1981	96,5	8,0	1,5	115,7	-28,7 (-29,7)
Samtals	756,7	54,0	11,1	724,2	-32,2 (-4,3)

1) Samkvæmt sölu Landsvirkjunar á hverju ári. Þessi tala gefur ekki nákvæma mynd af þætti raforkunnar í framleiðslukostnaði vegna þess að framleitt magn og sala fer ekki saman á hverju ári. Kostnaður vegna raforku kemur ekki fram í ársreikningum ÍSAL.

2) Heimild: „Skattgreiðslur Íslenska álfélagsins h/f" Iðnaðarráðuneytið, febrúar 1981, nr. 82-3.

3) Fyrir endurskoðun Coopers & Lybrand á ársreikningum félagsins fyrir árið 1980, en við hana hækkaði framleiðslugjaldið úr 2,6 milljón dala í 4,97 milljón dala og hagnaður fyrir skatta úr 5,5 millj. dala í 14,2 millj. dala. Hagnaður eftir skatta hækkaði úr 2,9 millj. dala í 9,2 millj. dala.

Af töflu 8.9 má sjá að strax á fyrsta rekstrarári, þegar álbræðslan er einungis starfrækt með hálfum afköstum, er hagnaður af rekstri fyrirtækisins 3,1% af veltu. Næsta ár (1971) er hins vegar halli á rekstrinum sem nemur 14,7% af veltu og allt fram til ársins 1979 stendur reksturinn ýmist í járnum eða um verulegt bókfært tap er að ræða. Árin 1979 og 1980 eru fyrstu árin eftir 1970 sem hagnaður kemst í það að vera um 3% af veltu á nýjan leik. Árið 1981 er mikill halli á rekstrinum og er bókfært tap það ár tæp 30% af veltu.

Heildarafkoma fyrirtækis á tólf ára tímabili ætti að gefa sæmilega gott yfirlit um arðsemi viðkomandi iðngreinar. Niðurstöðutölur úr töflu 8.9 gefa eftirfarandi mynd af arðsemi áliðnaðar á Íslandi.

Heildartekjur (fob) 1970-1981:	756.7 millj.USD	(100%)
- Greiðslur fyrir raforku:	54.0 - " -	(7,1%)
- Skattar:	11,1 - " -	(1,5%)
- Annar framleiðslukostnaður:	724.2 - " -	(95,7%)
- Heildartap:	32.2 millj.USD	(4,3%)

Árið 1981 var almennt mjög erfitt rekstrarár í áliðnaði en þótt því ári sé sleppt úr samanburðinum var bókhaldslegt tap á 11 ára tímabili um 3,5 millj. USD, samkvæmt ársreikningum.

Tölur þessar virðast stinga í stúf við það sem sagt hefur verið í kafla 8.4 og 8.5 um samkeppnisstöðu Íslands í áliðnaði. Þrátt fyrir að greiðslur fyrir raforku á umræddu tólf ára tímabili hafi aðeins numið 7,1% af heildartekjum yfir allt tímabilið varð halli á rekstrinum um 32 milljónir bandaríkjadala eða 4,3% af heildartekjum. Ef þessar tölur sýna raunverulega afkomu fyrirtækisins verður vart dregin önnur ályktun af þeim en sú að áliðnaður sé ekki arðbær atvinnugrein á Íslandi. Því er vert að skoða sérstaklega hvort bókhaldsleg niðurstaða á rekstri álverksmiðjunnar gefi rétta mynd af afkomunni og þar með greiðslugetu álversins gagnvart hærra raforkuverði.

Á töflu 8.10 er sýndur sundurliðaður framleiðslukostnaður hjá ÍSAL á árinu 1980 og til samanburðar áætlaður framleiðslukostnaður í u.þ.b. 10 ára álveri.

Byggt er á upplýsingum Chase Econometrics um hráefniskostnað. Raforkukostnaður og vinnulaun eru áætluð miðað við ákveðnar forsendur sem greint er frá hér að neðan. Upplýsingar um afskriftir og vexti og annan kostnað eru byggðar á niðurstöðum frá starfandi álverksmiðjum í Noregi og víðar. Jafnframt var höfð hliðsjón af upplýsingum frá Alþjóðabankanum um framleiðslukostnað í 10 ára gömlu álveri.

Tafla 8.10 Framleiðslukostnaður í 8-10 ára gömlum álverum á árinu 1980

Kostnaðarliður	Samkv. ársreikningi ÍSAL 1980		Áætlaður framleiðslukostnaður í 8-10 ára álveri.	
	USD/tonn	(%)	USD/tonn	(%)
Hráefni	760	(47,1)	580	(43,0)
Rafmagn	105[1]	(6,5)	318[2]	(23,6)
Vinnulaun	215	(13,3)	180[3]	(13,4)
Afskriftir og vextir	360	(22,3)	150	(11,1)
Annar kostnaður	175	(10,8)	120	(8,9)
Samtals	1615	(100)	1348	
Samtals rafmagn:	1510		1030	

1) Orkuverð 6,45 mill/kWh
2) Miðað við maðalorkuverð í Evrópu 20 mill/kWh og orkunotkunina 15.900 kWh/tonn.
3) Vinnulaun eru miðuð við 650 starfsmenn í 90 þúsund tonna álveri (10 ára gamalt) og 25000 USD/starfsmann/ári.

Samkvæmt töflu 8.1 var framleiðslukostnaður hjá ÍSAL, að frádregnum raforkukostnaði, u.þ.b. 1510 dalir/tonn á árinu 1980. Samkvæmt viðmiðun Alþjóðabankans og samkvæmt rauntölum frá Noregi og víðar er hins vegar algengt að framleiðslukostnaður að frádregnum raforkukostnaði sé um 1000-1100 dalir á hvert tonn. Það virðast einkum vera tveir liðir sem skera sig úr þegar kostnaður ÍSAL er borinn saman við framleiðslukostnað annars staðar, þ.e. hráefnis- og fjármagnskostnaður. Á árinu 1980 fór fram athugun á vegum iðnaðarráðuneytisins á hráefnis-

verði til ÍSAL á árunum 1974-1980 og bentu niðurstöður hennar til þess að ÍSAL keypti hráefni á óeðlilega háu verði. Á árinu 1981 gerði Chase Econometrics sérstaka athugun fyrir Landsvirkjun á arðsemi ÍSAL og benti Chase m.a. á hlutfallslega háan fjármagnskostnað miðað við önnur álver og háan rafskautakostnað. Ýmislegt bendir því til þess að bókhaldsleg niðurstaða ÍSAL á undanförnum árum gefi ekki rétta mynd af samkeppnisstöðu Íslands í álframleiðslu og að greiðslugeta ÍSAL gagnvart hærra raforkuverði sé því í rauninni mun meiri en ársreikningar hafa gefið til kynna.

Chase Econometrics telur í skýrslu sinni að ÍSAL eigi að geta greitt raforkuverð sem nemi um 14 mill/kWh miðað við núgildandi verðlag. Þá hefur fyrirtækið ekki tekið tillit til hugsanlegs yfirverðs á t.d. rafskautum eða fjármagni.

8.7 Almennar horfur í áliðnaði

Sú kreppa sem nú ríkir í flestum iðnríkjum setur mark sitt á áliðnaðinn. Birgðir af áli hjá framleiðendum eru miklar, um 3.2 milljónir tonna, sem samsvarar 100 daga sölu. Einkum eru birgðir miklar í Bandaríkjunum, en þar og í Japan hefur mörgum álverum verið lokað tímabundið og í sumum tilfellum varanlega vegna birgðasöfnunar og lágs markaðsverðs, sem ekki stendur undir breytilegum rekstrarkostnaði.

Sala á áli er nú mjög treg, og engu meiri en hún var fyrir 5 árum. Hugmyndir manna um vöxt áliðnaðarins hafa einnig breyst og er ekki búist við að vöxturinn verði nema brot af þeirri 7% árlegu aukningu sem áður var spáð. Núverandi kreppa í áliðnaði hefur staðið frá árslokum 1980 og raunverð á áli á miðju ári 1982 er lægra en nokkru sinni. Ekki er búist við verulegri hækkun á verði áls á frjálsum markaði fyrr en í árslok 1982. Samkvæmt spá CRU mun skráð verð framleiðenda, t.d. Alcan-verð á útfluttu áli þó verða óbreytt út árið 1983 og halda áfram að falla að raungildi sem nemur verðbólgu í Bandaríkjunum, en hún er talin vera um 7%.

Í ár og á næsta ári mun framleiðslugeta í heiminum aukast um eina milljón tonna með tilkomu nýrra álvera í Ástralíu, Nýja Sjálandi, Indonesíu, Alsír, Noregi, Canada, Bandaríkjunum,

Brasiliu og Venezuela. Þessi aukning framleiðslugetu á sér stað þrátt fyrir að á sama tíma hafi álverum með 500 þús. tonna framleiðslugetu verið lokað í Japan. Þar sem ekki er gert ráð fyrir samsvarandi söluaukningu á áli mun nýting álvera minnka mjög mikið á næstu misserum og er áætlað að aðeins 81% af framleiðslugetunni verði nýtt á næsta ári. Með þeim vexti sem fyrirsjáanlegur er í álnotkun mun taka 4 til 7 ár að fullnýta þá framleiðslugetu sem er fyrir hendi. Ný álver þurfa því að hafa mjög lágan rekstrarkostnað ef þau eiga að vera samkeppnisfær við álver í rekstri, sem sum hver hafa ónýtta framleiðslugetu vegna sölutregðu. Stofnkostnaður nýrra álvera er talinn vera yfir USD 3.500 á hvert árstonn, en það samsvarar yfir USD 420 á hvert tonn áls í fjármagnskostnaði. Miðað við 15.000 kWh raforku á hvert tonn áls samsvarar þetta yfir 28 mill/kWh fyrir raforkuna. Að öðru jöfnu er því augljóst að raforkuverð til eldri álvera má verða nokkuð hátt áður en það borgar sig að hætta rekstri þeirra og reisa önnur með lægra raforkuverði. Hins vegar er augljóst að framleiðendur loka fyrst þeim álverum sem hafa hæstan rekstrarkostnað ef framleiðslan ekki selst. Flest þeirra álvera sem nú hefur verið lokað eru því í biðstöðu, og þau verða opnuð aftur um leið og markaðsaðstæður leyfa. Við þessar aðstæður hafa framleiðendur af skiljanlegum ástæðum lítinn áhuga á að bæta við framleiðslugetuna og hafa því frestað mörgum fyrri áformum um stækkun.

Framtíð áliðnaðarins er því ekki björt sem stendur en almennt er álitið að hér sé um tímabundinn vanda að ræða.

Til þess að gefa hugmynd um raunverð á áli á s.l. 10 árum hefur í töflu 8.10 útflutningsverð ALCAN verið reiknað á fast verðlag 1981.

Tafla 8.11 Heimsmarkaðsverð á áli samkvæmt verðskráningu ALCAN (ALCAN export price) á föstu verðlagi 1981

Ár	Skráð verð á verðlagi hvers árs (USD/tonn)	Vísitala heildsöluverðs í Bandaríkjunum 1975 = 100	Skráð verð á verðlagi 1981 (USD/tonn)
1970	614	72,1	1415
1971	617	75,2	1363
1972	575	77,7	1229
1973	647	82,6	1301
1974	790	91,6	1433
1975	860	100,0	1428
1976	937	105,8	1471
1977	1109	112,7	1634
1978	1168	121,2	1601
1979	1401	134,9	1725
1980	1713	153,1	1858
1981	1750	166,1	1750
Meðalverð á föstu verðlagi 1970-1981:			1517

Meðalverðið á árunum 1970 til 1975 er USD 1362/tonn en á árunum 1976-1981 hins vegar USD 1673/tonn miðað við verðlag 1981. Skráð meðalverð á tólf ára tímabili er hins vegar USD 1517/tonn á verðlagi 1981. Miðað við 7% hækkun verðlags í Bandaríkjunum á milli árana 1981 og 1982 jafngildir þetta um 1620 bandaríkjadölum á tonn miðað við núgildandi verðlag. Til samanburðar var framleiðslukostnaður í nýju 100 þúsund tonna álveri samkvæmt töflu 8.6 áætlaður um 1570 bandaríkjadalir á hvert tonn.

9. RÖK FYRIR HÆKKUN RAFORKUVERÐS TIL ÍSAL Á GRUNDVELLI GJÖRBREYTTRA FORSENDNA

9.1 Breyttar forsendur um almennt orkuverð í heiminum

Eins og fram kemur í kafla 2.3.1 var sú skoðun ríkjandi um miðjan sjöunda áratugin að almennt orkuverð í heiminum myndi fara lækkandi á árunum eftir 1966, m.a. vegna tilkomu kjarnorkustöðva. Var talið víst að ef ekki yrði þá þegar komið á fót áliðnaði á Íslandi væri mjög vafasamt að það tækist yfirleitt, eða a.m.k. væri áhættan af að bíða mjög mikil. Áætlaður framleiðslukostnaður á orku frá hagkvæmum og stórum vatnsaflsvirkjunum á Íslandi var þá á bilinu 2,2-3,5 mill/kWh og var talið að samtals væri unnt að virkja um 10 TWh á þessu verði.

Í greinargerð raforkumálastjóra sem fylgdi frumvarpi til laga um Landsvirkjun 1964-1965 er sérstakur kafli um vinnslukostnað raforku erlendis og segir þar m.a.

> "Vinnsluverð raforku frá stærstu nýtísku orkuverum, sem kynnt eru með kolum eða olíu, er nú í stærstu löndum Evrópu svo sem Stóra-Bretlandi 25-30 aurar kWst. Svo ódýr raforka fæst þó aðeins í allra stærstu orkuverum svo sem t.d. í Englandi þar sem í smíðum eru 2000 MW stöðvar með 500 til 1.000 MW vélasamstæðum. Frá kjarnorkustöðvum Evrópu og Ameríku er raforkuverðið ennþá áði hátt, í kringum 50 aurar á hverja kWst, hins vegar er reiknað með að innan skamms, ef til vill á næstu 10 árum, muni verðið frá stærstu kjarnorkuverum, sem þá verða tekin í notkun, komast niður í 25 aura á kWh eða þar um kring. Er þá einnig um að ræða 500 til 1.000 MW vélasamstæður í orkuverunum og jafnframt gert ráð fyrir mjög háum nýtingartíma eða 7000 klst. og þar yfir.
>
> Ekki eru miklar líkur fyrir því, að raforka frá kjarnorkuverum fari í náinni framtíð að marki niður fyrir þetta verð og þetta lága verð næst aðeins frá mjög stórum vélasamstæðum."

Miðað við þáverandi gengi íslensku krónunnar (1 US $ = 43,06 kr) hefur áætlaður framleiðslukostnaður á raforku erlendis á árunum 1964-1965 samkvæmt þessu verið sem hér segir:

- Ný og mjög stór kolaorkuver: 5,8-6,9 mill/kWh
- Starfandi kjarnorkuver: 11,6 mill/kWh
- Stærstu kjarnorkuver (eftir 10 ár): 5,8 mill/kWh

Af öðrum gögnum sem lögð voru fyrir Alþingi á þessum tíma má lesa að menn hafi óttast að framleiðslukostnaður á raforku frá kjarnorkustöðvum yrði jafnvel mun lægri en þetta eða svipaður og framleiðslukostnaður í vatnsaflsvirkjun á Íslandi.

Framleiðslukostnaður á raforku frá nýjum og fullkomnum kola- eða kjarnorkustöðvum er nú áætlaður a.m.k. fimm sinnum hærri en áætlað var á þeim tíma sem samningarnir við Alusuisse voru gerðir. Einnig er rétt að hafa í huga að raforka var á þessum tíma að stórum hluta framleidd með olíu og var olíuverðið þá um 1 USD á hverja tunnu (um 140 kg). Nú er olíuverðið hins vegar u.þ.b. þrjátíu sinnum hærra.

Tafla 4.4,um þróun raforkuverðs frá almenningsveitum í Bandaríkjunum frá 1973 til 1980,lýsir vel áhrifum hækkandi verðlags á orkugjöfum á almennt raforkuverð. Á tímabilinu hækkar verð á raforku til iðnaðar úr 11,7 mill/kWh árið 1973 í 41,3 mill/kWh árið 1980 þannig að hækkunin nemur tæpum 30 mill/kWh.

Ljóst er af þessu að allar fyrri forsendur um framleiðslukostnað á orku í heiminum eru brostnar. Hins vegar er erfiðara að leggja nákvæmt tölulegt mat á í hvað raforkuverðið til ÍSAL ætti að hækka miðað við þessar breyttu forsendur um almennt orkuverð í heiminum. Viðmiðun við önnur álver er traustari samanburðargrundvöllur.

9.2 Breyttar forsendur um raforkuverð til áliðnaðar almennt.

Í kafla 2.3.2 koma fram mjög mikilvægar upplýsingar um gildandi raforkuverð til álvera um miðjan sjöunda áratuginn. Þar kemur fram að á þeim tíma hefur verið talið að um hærra raforkuverð til áliðnaðar en 3 mill/kWh væri yfirleitt ekki að ræða. Sé gengið út frá því sem viðmiðun að meðalraforkuverðið hafi verið um 3 mill/kWh er ljóst að grundvöllur upphaflegs raforkusamning hefur verið sá að raforkuverðið til ÍSAL yrði um 85% af meðalraforkuverði til álvera í heiminum.

Eins og ítarlega hefur verið rakið fyrr í þessari skýrslu hefur raforkuverð til álvera annars staðar stórhækkað frá því að samningurinn við Alusuisse var undirritaður og allar fyrri forsendur í þessu efni þannig gjörbreyst. Til dæmis hefur raforkuverð til álvera í Bandaríkjunum fimmfaldast á aðeins 7 árum (sjá m.a. töflu 4.5) eða hækkað úr rúmlega 4 mill/kWh árið 1974 í rúmlega 20 mill/kWh á árinu 1981.

Samkvæmt skýrslu Commodities Research Unit "The cost of electric power to aluminium smelters" var meðalraforkuverð til álvera í heiminum á s.l. ári 22,2 mill/kWh (Austur-Evrópa ekki meðtalin).

Miðað við upphaflegar forsendur um raforkuverð til ISAL samanborið við meðalraforkuverð til áliðnaðar í heiminum ætti verðið í dag því að vera um 18,5 mill/kWh.

9.3 Breyttar forsendur um framleiðslukostnað raforku á Íslandi.

Í kafla 2.3.3 eru raktar forsendur álsamninganna með tilliti til raforkukerfisins og framleiðslukostnaðar á raforku hérlendis.

Eins og þar kemur fram var frá upphafi samningaviðræðna 1960 gert ráð fyrir að afkastageta álverksmiðjunnar í Straumsvík yrði um 30 þúsund tonn. Undir lok þessarra viðræðna eða í ársbyrjun 1965 var hins vegar ákveðið að miða við helming stærri

verksmiðju eða 60 þúsund tonn og orkusölu fyrir allt að 66 þúsund tonna framleiðslu. Forsendan fyrir þeirri ákvörðun var sú að með því móti skapaðist tækifæri til að byggja aðra stórvirkjun á sterkum fjárhagslegum grunni með um 50% eigin fjármögnun. Árið 1969 var gerður viðbótarsamingur um stækkun álversins í Straumsvík um 1/6 eða í 77 þúsund tonn og árið 1975 var samið um stækkun um 1/7 og er framleiðslugetan nú um 88 þúsund tonn. Forsenda þessara stækkana var bygging Sigölduvirkjunar.

Samningsbundin orka til ÍSAL er nú um 1413 GWh en þar af eru 106 GWh afgangsorka. Í greinargerð Landsvirkjunar um "framkvæmdaþörf og rekstraröryggi í hinu samtengda landskerfi á tímabilinu 1982-1988" frá því í apríl 1982 kemur fram að Landsvirkjun telur eðlilegt að framvegis verði litið á um 60% af umsaminni afgangsorkusölu sem forgangsorkusölu. Samkvæmt því ber að líta á 1370 GWh sem forgangsorkusölu til ÍSAL.

Miðað við 5% töp í flutningskerfi þarf orkuvinnslugeta virkjana vegna raforkusamningsins við ÍSAL því að nema um 1440 GWh/ári og um 170 MW eða sem svarar til um 95% af reiknaðri framleiðslugetu Búrfellsvirkjunar og um 75% af aflgetu stöðvarinnar. Orkunotkun álverksmiðjunnar hefur þó hingað til aldrei verið meiri en sem samsvarar 1275 GWh í stöð og 170 MW. Orkusalan til álverksmiðjunnar hefur leitt til þess að reynst hefur þörf á að ráðast í nýjar virkjanir fyrr en ella hefði verið nauðsynlegt. Lætur nærri að núverandi orkunotkun álverksmiðjunnar nemi samanlagðri orkuvinnslugetu Sigölduvirkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar. Þessar virkjanir urðu miklu dýrari í byggingu en Búrfellsvirkjun og nema skuldir vegna þessara tveggja virkjana um 275 milljónum bandaríkjadala.

Ástæðurnar fyrir því, að þessar virkjanir urðu dýrari en Búrfellsvirkjun má að hluta til rekja til verri aðstæðna frá náttúrunnar hendi á virkjunarsvæðinu við Sigöldu og Hrauneyjafoss.

Að beiðni Landsvirkjunar hefur verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h/f endurmetið áætlaðan stofnkostnað Búrfellsvirkjunar, Sigölduvirkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar á grundvelli magntalna samkvæmt lokauppgjöri verktaka. Að öðru leyti er endurmatið gert með sama hætti og tíðkast hefur við áætlanagerð undanfarið. Niðurstöður þessara útreikninga eru sýndar í töflu 9.1. (Samanlögð orkuvinnslugeta Búrfellsvirkjunar og Sigölduvirkjunar er hér metin um 100 GWh meiri en VST áætlar)

Tafla 9.1 Áætlaður stofnkostnaður starfræktra og nokkurra nýrra vatnsorkuvera miðað við verðlag í desember 1981.

Virkjun	Afl	Orkuvinnslugeta (forgangsorka)	Stofnkostnaður (endurnýjunarverð)	
	(MW)	(GWh/ári)	Mkr	kr/kWh/á
Búrfellsvirkjun	210	1500	1597	1,06
Sigölduvirkjun	150	700	1454	2,08
Hrauneyjafoss-virkjun.	210	850	1366	1,61
Aðgerðir á Þjórsársvæði	140	950	1439	1,52
Blöndvirkjun	150	790	1150	1,46
Villinganesvirkjun	30	190	340	1,79
Fljótsdalsvirkjun	252	1325	2370	1,79
Sultartangavirkjun	120	660	1305	1,98

Eins og fram kemur í kafla 3.2 varð Sigölduvirkjun rúmlega fjórum sinnum dýrari á orkueiningu en Búrfellsvirkjun. Tafla 9.1 sýnir að við Búrfell hafa virkjunaraðstæður verið helmingi betri en við Sigöldu. Að öðru leyti stafar munurinn á virkjunarkostnaði af vaxandi verðbólgu á síðari hluta áratugsins og auknum fjármagnskostnaði af hennar völdum.

Árið 1965 var áætlað að unnt væri að virkja hér á landi um 10 TWh þar sem stofnkostnaður væri innan við 35 mill/kWh/ári. Þetta er m.a. staðfest í greinargerð raforkumálastjóra með frumvarpi til laga um Landsvirkjun. Áætlaður stofnkostnaður nýrra virkjana í dag er hins vegar að meðaltali um 200 mill/kWh/ári eða u.þ.b. sex sinnum meiri en áætlað var um miðjan sjöunda áratuginn.

Á grundvelli áætlana um framleiðslukostnað á raforku í landinu var orkuverðið til ÍSAL ákveðið 2,5-3 mill/kWh. Sexföldun á framleiðslukostnaði raforkunnar miðað við áætlanir árið 1965 ætti því að leiða til sambærilegra hækkana á raforkuverði til ÍSAL sem þýðir að það ætti nú að vera 15-18 mill/kWh.

Að lokum skal nefnt að samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar ætti raforkuverðið til ÍSAL frá og með 2. ágúst 1982 að vera um 22 mill/kWh.

9.4 Breyttar forsendur um aðgang að tollfrjálsum álmörkuðum.

Eins og fram kemur í kafla 2.3.4 var raforkusamningurinn við Ísal byggður á þeirri forsendu að Ísal þyrfti að greiða toll af áli sem flutt yrði til Efta eða Efnahagsbandalagsins. Tollur þessi var 7% og með hliðsjón af því var raforkuverðið ákveðið þannig að raforkukostnaðurinn yrði 7,4-8,8% af framleiðsluverðmæti. Samanlagður raforkukostnaður og tollar til Efnahagsbandalagsins og Efta hafa því átt að vera um 15% af skráðu framleiðsluverðmæti,skv. ALCAN.

Ísal flytur nú yfir 95% af framleiðslunni til Efta og Efnahagsbandalagsins. Forsendur um að Ísal þyrfti að greiða toll af áli til helstu álmarkaða í V-Evrópu eru nú brostnar, þar sem Ísland hefur gengið í Efta og auk þess gert sérstakan viðskiptasamning við Efnahagsbandalagið sem m.a. felur í sér tollfrjálsan aðgang að þessum mörkuðum. Miðað við að áðurnefnt hlutfall,um 15% af skráðu framleiðsluverðmæti,haldist óbreytt og að lækkun á tollum komi þannig til hækkunar á raforkuverði, eins og Alusuisse reyndar bauðst til að hafa ákvæði um í samningi, ætti raforkuverðið nú að vera 16,5 mill/kWh.

9.5 Endurmat á forsendum Alusuisse frá því í endurskoðuninni 1975.

Eins og fram kemur í kafla 2.5.3 hefur Alusuisse bent á að líta beri á orkuverð, flutningskostnað á markað og tolla sem eina heild þegar meta skuli getu Ísal til að greiða hærra raforkuverð. Þessi regla var höfð að leiðarljósi við endurskoðunina 1975 og var þá miðað við þá forsendu að þessir kostnaðarliðir næmu að meðaltali svipaðri upphæð hjá Ísal og hjá samkeppnisaðilum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Tafla 9.2 sýnir endurreikning á töflu 2.2 miðað við breyttar forsendur um raforkuverð, flutningskostnað og tolla. Í töflu 9.2 er einungis miðað við raforkuviðskipti óskyldra aðila enda samanburður við annað merkingarlaus. Þá hefur Zaire verið sleppt þar sem engin álverksmiðja er þar starfandi frekar en 1975. Miðað er við að flutningskostnaður hafi hækkað um 50% frá áætlun Alusuisse 1975.

Varðandi sölu á áli til Bandaríkjana kemur í ljós að raforkuverð, tollar og flutningskostnaður eru að meðaltali 18,3 cent/pund hjá hugsanlegum samkeppnisaðilum.

Hjá ÍSAL er sambærilegur kostnaður nú 10,4 cent/pund en ef orkuverðið til ÍSAL væri hækkað í 17,5 mill/kWh yrði þessi kostnaðarliður samtals 18,2 cent/pund.

Varðandi sölu á áli til Evrópu er raforkukostnaður, tollar og flutningskostnaður um 13,4 cent/pund fyrir þá álframleiðendur sem við er miðað. Hjá ÍSAL er sambærilegur kostnaður 6,5 cent/pund miðað við núgildandi orkuverð en ívið hærri eða 14,2 cent/pund miðað við orkuverðið 17,5 mill/kWh.

Meðaltal áðurnefndra kostnaðarliða fyrir þessi tvö markaðssvæði er samkvæmt þessu 15,7 cent á pund hjá samkeppnisaðilum en yrði að meðaltali 16,2 cent á pund hjá ÍSAL ef raforkuverðið hækkaði í 17,5 mill/kWh.

Niðurstaðan er því sú að orkuverðið til ÍSAL þarf að hækka í um 17,5 mill/kWh til þess að sú forsenda standist að raforkukostnaður, flutningskostnaður afurða á markað og tollar hjá ÍSAL nemi samanlagt u.þ.b. sömu upphæð og þessi kostnaðarliðir hjá samkeppnisaðilum í Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta var sú viðmiðun sem Alusuisse taldi eðlilegast að beita í samningum um raforkuverð 1975.

COMMITTEE ON POWER
PRICE TO ISAL

Tafla 9.2

COST COMPARISON ENERGY / FREIGHT / DUTY FOR ALUMINIUM IN US ¢ / lb

A. TO USA (Eastern Region)

From	Energy cost (7 kwh for 1 lb)		Freight [1]	Duty	Total
	1 kwh				
CANADA East Coast	15,0	10,5	3,9	0,6	15,0
CANADA West Coast	20,0	14,0	4,2	0,6	18,8
USA North West	17,5	12,3	4,2	0	16,5
USA Mid-West	25,0	17,5	1,8	0	19,3
USA South	26,0	18,2	3,8	0	22,0
ICELAND	6,5	4,5	5,3	0,6	10,4
	17,5	12,3	5,3	0,6	18,2

B. TO EUROPE (Germany)

From	Energy cost (7 kwh for 1 lb)		Freight [2]	Duty metal value: US ¢ 74.-/lb		Total
	1 kwh			%		
GERMANY	20,0	14	0,9		0	14,9
NORWAY	11,5	8,1	2,1		0	10,2
BAHRAIN	8,0	5,6	4,2	7	5,2	15,0
ZAÏRE	-	-	-	-	-	-
ICELAND	6,5	4,6	1,9		0	6,5
	17,5	12,3	1,9		0	14,2

1) Freight is assumed to have increased 50% from Alusuisses figures of april 1975.

July 1982

COST COMPARISON ENERGY / FREIGHT / DUTY FOR ALUMINIUM IN US ¢ / lb

Basis Iceland: Energy cost 6.5mills / kWh



PRODUCERS

CONSUMING AREAS

July 1982

(144)

COST COMPARISON ENERGY / FREIGHT / DUTY FOR ALUMINIUM IN US ¢ / lb

Basis Iceland: Energy cost 17,5 mills / kWh



PRODUCERS

CONSUMING AREAS

July 1982

10. VERÐTRYGGING RAFORKUVERÐSINS

10.1 Tenging við skráð verð

Núverandi raforkusamningur ÍSAL við Landsvirkjun tengir raforkuverðið við skráð verð Alcan á útfluttu áli, svo sem fram kemur í kafla 2.4. Orkuverðið er þó aðeins um 40% verðtryggt miðað við breytingar á álverði. Í þeirri miklu verðbólgu sem nú ríkir í heiminum er ekki hægt að tryggja hagsmuni raforkuseljandans í langtíma samningum nema með fullri verðtryggingu. Umfjöllun um verðtryggingu hér á eftir miðast því við fulla verðtryggingu.

Skráð Alcan-verð á áli hefur aldrei lækkað í dollurum síðustu tíu árin. Hins vegar hefur raunvirði þess oft farið lækkandi um tíma, meðan skráða verðið er óbreytt vegna lágs verðs á frjálsum markaði. Verðið hefur nú verið óbreytt frá 2. ársfjórðungi 1980, USD 1750/tonn, og er búist við að verðið verði óbreytt á þessu og næsta ári. Á þessum tíma mun raungildi þess rýrna um rúm 20%, miðað við áætlaða þróun verðlags í Bandaríkjunum. Með því að miða við Alcan-verð á áli er raunvirði raforkuverðsins að nokkru leyti tryggt, en það sveiflast þó með langtímasveiflum í álverði. Tenging raforkuverðsins við Alcan-verð gefur hins vegar einna stöðugast orkuverð miðað við tengingu við álverð á annað borð.

Auk Alcan-verðs á útfluttu áli eru fyrir hendi margar aðrar skráðar verðviðmiðanir svo sem Alcoa-verð í Bandaríkjunum, Pechiney-verð í Frakklandi, ASV-verð í Noregi o.s.frv. Almennt sveiflast skráð verð einstakra framleiðenda mun minna en frjálst markaðsverð, en auk breytinga á skráðum verðviðmiðunum koma gengisbreytingar einnig við sögu. Auk Alcan-verðsins kæmi einna helst til greina að miða raforkuverð við skráð verð Alcoa eða blöndu af verði framleiðenda í Evrópu.

Ef miðað er við síðustu áratugina er ljóst að skráð verð Alcan hefur gefið góða mynd af meðalverði á áli í viðskiptum óskyldra aðila, þótt raunverulegt verð hafi á einstökum árum ýmist verið lægra eða hærra en Alcan-verðið.

10.2 Tenging við markaðsverð

Auk hins skráða verðs hjá einstökum framleiðendum er til svokallað frjálst markaðsverð á áli. Þar er einkum um þrjá markaði að ræða, frjálsan Evrópumarkað, frjálsan Bandaríkjamarkað og Lundúnamarkaðinn (LME). Öll eiga þessi markaðsverð það sameiginlegt að þau sveiflast mun meira en skráð verð einstakra framleiðenda. Sem dæmi má taka, að í ársbyrjun 1980 fór álverð yfir USD 2000 í London,en nýlega féll það niður fyrir USD 1000 á tonn. Að raungildi er álverðið á Lundúnamarkaði nú innan við 40% af því sem það var hæst fyrir tveimur árum.

Landsvirkjun þyrfti því að búa sig undir að sigla úfinn sjó ef raforkuverðið yrði tengt svokölluðu frjálsu markaðsverði eingöngu. Stærsti kosturinn við að tengja raforkuverð við frjálst markaðsverð er sá að við erfiðar markaðsaðstæður, þegar álframleiðendur freistast helst til að draga saman framleiðsluna þar sem raforkuverðið er hæst, yrði raforkuverðið tiltölulega lágt á Íslandi. Á þennan hátt má e.t.v. ná háu raforkuverði við venjulegar og góðar markaðsaðstæður án þess að til samdráttar komi við erfiðar markaðsaðstæður. Sem dæmi má nefna að ef miðað er t.d. við að raforkuverðið væri 1% af verði á hverju kg af áli á London Metal Exchange, hefði orkuverðið verið um 20 mill/kWh á fyrri hluta árs 1980 en væri nú 10 mill/kWh.

Í raun er aðeins lítill hluti áls í heiminum seldur á hinu svokallaða frjálsa markaðsverði. Sú verðviðmiðun sem talin er gefa einna besta mynd af meðalverði í öllum álviðskiptum í heiminum er svokallað „Alcan realisation price". Einhvers konar tenging við þetta verð er einnig hugsanleg miðað við að leiðréttingin komi árið eftir.

10.3 Tenging við þróun orkuverðs til stóriðju erlendis

Ein af forsendum samnings Íslendinga við Alusuisse var sú,að raforkuverð á Íslandi tæki mið af raforkuverði til áliðnaðar í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Á þeim tíma sem liðinn er frá upphaflegum samningi við Alusuisse hefur raforkuverð til álvera í Bandaríkjunum allt að tífaldast í dollurum og hliðstæð þróun hefur orðið í Evrópu. Á sama tíma hefur raforkuverð til Ísal hins vegar aðeins rúmlega tvöfaldast úr 3,0 mill í 6,5 mill.

Tenging við raforkuverð í þessum löndum hefði því leitt til mun meiri hækkunar raforkuverðs en raun hefur orðið á. Með slíkri tengingu yrði þó væntanlega að taka nokkurt tillit til fjarlægðar Íslands frá mörkuðum og þeim aukna kostnaði, einkum flutningskostnaði, sem því er samfara, en eins og áður hefur komið fram samsvarar heildarflutningskostnaður hráefna og afurða um 8 mill/kWh í raforkuverði. Fjórðungur þess, eða um 2 mill/kWh gæti e.v.t. flokkast undir óhagræði vegna fjarlægða, sem væri þá sú tala sem raforkuverð hér þyrfti að öðru jöfnu að vera lægra en annars staðar í Evrópu eða Bandaríkjunum.

Vandamálið hér yrði hins vegar að finna ákveðið opinbert viðmiðunarverð til stóriðju annars staðar í heiminum. Trúlega væri eðlilegra að hafa endurskoðunarákvæði í samningum sem tæki tillit til þessa og gæfi orkuseljanda rétt til endurskoðunar á raforkuverði, ef þróun raforkuverðs annars staðar yrði á allt annan veg en hér á landi.

10.4 Tenging við framleiðslukostnað í nýjum virkjunum á Íslandi

Víða erlendis hefur sú skoðun verið sett fram, að frá hagfræðilegu sjónarmiði með hámarkshagkvæmni á nýtingu hvers konar auðlinda í huga, sé nauðsynlegt að t.d. hver kílówattstund raforku sé ekki seld á lægra verði til notandans en það kostar þjóðfélagið að framleiða hverja viðbótarkílówattstund í nýrri virkjun. Sé þessari reglu ekki fylgt, er að sögn sömu aðila hætt við því að notandinn leggi ekki í þann kostnað sem hagkvæmur er frá sjónarhóli þjóðfélagsins í þeim tilgangi að spara eða draga úr orkunotkuninni.

Eins og kemur fram í kafla 7.3.1 hafa Norðmenn haft mjög ákveðnar hugmyndir varðandi orku til nýrra iðnfyrirtækja.

Erfitt er hins vegar að finna einhlíta reglu, sem tæki tillit til framleiðslukostnaðar í nýjum virkjunum og því e.v.t. auðveldara að hafa heldur ákvæði í samningi, sem fæli í sér rétt til endurskoðunar og breytinga á orkuverði, ef kostnaður við orkuöflun er orðinn til muna meiri en áætlað hafði verið þegar samið var um orkuverðið.

10.5 Tenging við gjaldskrá Landsvirkjunar

Landsvirkjun hefur á hverjum tíma ákveðna en þó ekki vel skilgreinda þörf fyrir tekjur til að standa undir rekstrarkostnaði, vöxtum og afborgunum af lánsfjármagni og til að fjármagna nýjar virkjanir. Gjaldskrá Landsvirkjunar á að endurspegla þessa tekjuþörf. Hjá Landsvirkjun hagar því nú þannig til, að um 2/3 raforkunnar er seldur samkvæmt sérstökum samningum við stóriðjuver, en um 1/3 samkvæmt gjaldskrá. Þegar aðeins 1/3 raforkusölunnar endurspeglar tekjuþörf Landsvirkjunar verður afleiðingin sú, að gjaldskráin þarf að breytast mun meira hlutfallslega en sem nemur breytingum á tekjuþörf. Nokkur undanfarin ár hefur m.a. hækkandi fjármagnskostnaður og hærri virkjunarkostnaður dregið tekjuþörf Landsvirkjunar og þar af leiðandi gjaldskrá hennar langt fram úr umsömdu orkuverði til stóriðju.

Nauðsynlegt er að skipa þannig málum að allir raforkukaupendur Landsvirkjunar greiði verð í samræmi við tekjuþörf fyrirtækisins. Einfaldasta og að margra mati heppilegasta lausnin á verðlagningu raforku til stóriðju er sú, að stóriðjan greiði fyrir raforkuna samkvæmt almennri gjaldskrá Landsvirkjunar. Má í því sambandi benda á þá þróun sem hefur átt sér stað í Bandaríkjunum (BPA), Ástralíu og víðar, þar sem álver hafa farið yfir á almenna gjaldskrá rafveitna. Til lengri tíma litið hlýtur það líka að vera eðlilegast, að allir viðskiptavinir rafveitna njóti sama réttar og hafi sömu skyldur.

10.6 Tenging við vísitölu

Hin hefðbundna verðtryggingaraðferð gegn áhrifum verðbólgu er að miða við vísitölu. Ef orkuverðið væri ákveðið í íslenskum krónum kæmi til greina að verðtryggja það samkvæmt byggingavísitölu, en með því móti fengist einnig ákveðin tenging við kostnað til að samræma verðið kostnaði við byggingu nýrra virkjana.

Orkuverð til Íslenska járnblendifélagsins er ákveðið í norskum krónum og fylgir að hluta heildsöluvísitölu í Noregi. Varðandi orkuverð, sem ákveðið er í US mill, mætti hugsa sér tengingu við heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum, t.d. þannig að orkuverðið hækkaði árlega í samræmi við þróun hennar.

11. NIÐURSTÖÐUR

1) Frá því að samningur Alusuisse og ríkisstjórnarinnar um álverksmiðjuna í Straumsvík var undirritaður 28. mars 1966 og eftir endurskoðun hans 1975 hafa orðið veigamiklar breytingar í orku- og efnahagsmálum á erlendum og innlendum vettvangi. Þessi þróun hefur leitt til þess að þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar álsamningunum eru gjörbreyttar.

2) Raforkusamningurinn við ÍSAL gildir til 2014. Raforkuverðið er nú 6,45 mill/kWh eða sem samsvarar 2,3 mill/kWh á verðlagi 1969. Árið 1994 og 2004 á að endurskoða raforkuverðið samkvæmt ákveðnum reglum í samningnum. Á tímabilinu frá 1982-1994 er verðið um 40% verðtryggt miðað við skráð álverð en á tímabilinu 1994-2004 og á tímabilinu 2004-2014 er engin verðtrygging á því. Miðað við 8% verðbólgu og sömu hækkun á álverði mun meðalorkuverðið á næstu 32 árum verða um 5 mill/kWh miðað við verðlag 1982 að óbreyttum samningum.

3) Þegar álsamningarnir voru gerðir var olíuverð mjög lágt og talið var að almennt orkuverð í heiminum myndi fara lækkandi á næstu árum og áratugum, m.a. vegna tilkomu kjarnorkustöðva. Verð á hráolíu er nú u.þ.b. þrjátíu sinnum hærra en 1966 og framleiðslukostnaður raforku frá kjarnorkuverum hefur reynst miklu hærri en talið var.

4) Á árunum 1964-1965 var algengt raforkuverð til álvera í heiminum um og innan við 3 mill/kWh. Með hliðsjón af því féllust íslensk stjórnvöld á að ÍSAL greiddi að meðaltali rúmlega 2,5 mill/kWh á samningstímanum. Á árinu 1981 var meðalraforkuverð til álvera í heiminum rúmlega 22 mill/kWh og samkvæmt fyrri forsendum ætti raforkuverðið til ÍSAL því að vera rúmlega 18 mill/kWh.

5) Í samningaviðræðum og ákvörðunum um raforkuverð hefur ætíð verið tekið sérstakt mið af raforkuverði til álvera í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Frá því 1974 hefur raforkuverð til álvera í Bandaríkjunum fimmfaldast og er nú að meðaltali um 22 mill/kWh. Lægsta raforkuverð til áliðnaðar í Bandaríkjunum hefur lengst af verið hjá Bonneville Power Administration (BPA)

og við samningsgerðina 1966 var það 2 mill/kWh, en hækkaði í 3,2 mill/kWh árið 1974. Frá 1978 hefur verðið hjá BPA hækkað jafnt og þétt og var það komið í 17,5 mill/kWh í árslok 1981 og seinna á þessu ári er fyrirhugað að verðið hækki í 21-25 mill/kWh.

6) Yfir 95% af framleiðslu ÍSAL er seld til Vestur-Evrópu. Þegar álsamningarnir voru gerðir á sínum tíma var fallist á það sjónarmið Alusuisse, að raforkuverðið til ÍSAL þyrfti að vera lægra hér á landi vegna þess að greiða þyrfti toll af áli sem selt yrði til helstu álmarkaða í Vestur-Evrópu. Þessir tollar hafa nú verið felldir niður. Eina óhagræðið af staðsetningu álvers hér á landi felst því í lítið eitt hærri flutningskostnaði en hjá álverum í V-Evrópu. Meta má þetta óhagræði á um 2 mill/kWh en til samanburðar má nefna að meðalorkuverð til álvera í Evrópu er um 21 mill/kWh, ef ÍSAL er undanskilið.

7) Alusuisse á eignaraðild að 13 álverksmiðjum í 8 löndum. Meðalorkuverð til þessara álverksmiðja er 20 mill/kWh. Lægsta orkuverðið er hjá ÍSAL, 6,5 mill/kWh, en hæst er verðið í Þýskalandi og Bandaríkjunum, þ.e. um og yfir 30 mill/kWh.

8) Samkvæmt spá Commodities Research Unit mun orkuverð til álvera annars staðar í heiminum hækka enn frekar á næstu árum og verða komið í um 24 mill/kWh að meðaltali árið 1990 miðað við verðlag 1981.

9) Hægt er að líta svo á að ein af meginforsendum raforkusamningsins við ÍSAL hafi verið sú að orkuverðið væri í samræmi við framleiðslukostnað á raforku í landinu, en hann hefur sexfaldast að nafnverði í bandaríkjadölum frá því að samningurinn var gerður. Miðað við þær forsendur ætti raforkuverðið til ÍSAL því að vera sex sinnum hærra en um var samið 1966 eða 15-18 mill/kWh.

10) Að mati starfshópsins er munur á raforkuverði til almenningsveitna og stóriðju orðinn óeðlilega mikill. Miðað við eðlilega kostnaðarskiptingu virðist raunhæft að reikna með því að stóriðja greiði orkuverð sem nemur a.m.k 65% af verði til almenningsveitna. Samkvæmt því ætti ÍSAL að greiða nú um 20 mill/kWh.

11) Samkeppnisstaða Íslands í álframleiðslu er góð með hliðsjón af legu landsins og mörkuðum austan hafs og vestan. Telja má að samkeppnisfært raforkuverð til áliðnaðar hér á landi sé um 20 mill/kWh.

12) Að öllu samanlögðu telur starfshópurinn að gjörbreyttar forsendur frá því að raforkusamningurinn var gerður 1966 og eftir endurskoðun hans 1975 réttlæti kröfur um að raforkuverðið til ÍSAL hækki í 15-20 mill/kWh miðað við verðlag 1982.

13) Starfshópurinn telur jafnframt að orkuverðið þurfi að vera að fullu verðtryggt á samningstímanum og kæmi til greina að miða verðtrygginguna að hálfu við verðþróun á áli og að hálfu við gjaldskrá Landsvirkjunar.

HEIMILDASKRÁ

1) „Aluminium smelter project in Iceland", Memorandum on Outcome of Discussions between Messrs. Nordal, Briem, Willey and A.I.A.G. (Alusuisse) held in Zurich between 15th and 22nd November 1961.

2) Draft-contract between The state Electricity Authority Reykjavík, Iceland and Icelandic Aluminium Company, Geldinganes, Reykjavik, Iceland concerning supply of electric power, A/Sch 12/12 1961.

3) Skýrsla til ríkisstjórnarinnar um viðræður við A.I.A.G., frá Stóriðjunefnd, janúar 1962.

4) Stóriðjunefnd: „Yfirlitsskýrsla um viðfangsefni nefndarinnar", 30. maí 1962.

5) Jóhannes Nordal: „Um nokkra þætti í störfum Stóriðjunefndar", erindi flutt á fundi um raforkumál Norðausturlands á Akureyri, 8. júlí 1982.

6) Stóriðjunefnd: „Virkjun Þjórsár við Búrfell og Jökulsár við Dettifoss til raforkuvinnslu fyrir aluminiumbræðslu", samanburður, 13. apríl 1963.

7) Tækninefnd í virkjunarmálum: „Samanburður á nokkrum virkjunartilhögunum fyrir orkuveitusvæði Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar", október 1964.

8) Raforkumálastjóri: „Greinargerð um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suðvesturlandi og Norðurlandi, október 1964.

9) Tækninefnd í virkjunarmálum: „Greinargerð um raforkumál Norðurlands", september 1964.

10) Stóriðjunefnd: „Samanburður á staðsetningu aluminium-bræðslu norðanlands og sunnan", nóvember 1964.

11) Swiss Aluminium Ltd: „Proposed Aluminium smelter in Iceland, Feasibility report, part I Technical data, Zurich, september 1964.

12) Swiss Aluminium Ltd: „Proposed Aluminium smelter in Iceland, Feasibility report, part II, Economical data, Zurich", september 1964.

13) „Úrdráttur úr skýrslu Swiss Aluminium Ltd. um arðsemi aluminiumverksmiðju á Íslandi", JS/2/11/1964.

14) Stóriðjunefnd: „Skýrsla til ríkisstjórnarinnar um alumihiumverksmiðju og stórvirkjun", 14. nóvember 1964.

15) Stóriðjunefnd: „Framhaldsskýrsla til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun", 6. febrúar 1965.

16) Skýrsla ríkisstjórnarinnar til Alþingis um athugun á byggingu aluminiumverksmiðju á Íslandi, 1965.

17) Frumvarp til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965-1966.

18) Umræður á Alþingi um frumvarp til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, Alþingistíðindi 1966.

19) Álbræðsla á Íslandi. Aðalsamningur, rafmagnssamningur (fylgiskjal A). Hafnar- og lóðasamningur (fylgiskjal B). Aðstoðarsamningur, hönnun og bygging (fylgiskjal C1), rekstur (fylgiskjal C2), sala (fylgiskjal C3), samningur um framkvæmdatryggingu (fylgiskjal D). Stofnskrá og samþykktir ÍSALS (fylgiskjal E).

20) Lög nr. 76, 13. mai 1966 um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu í Straumsvík.

21) Swiss Aluminium Ltd: „The Aluminium reduction plant in Iceland", Zurich, march 1966.

22) Lög nr. 19. 7. apríl 1970 um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu í Straumsvík.

23) Frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.

24) Master Agreement between The Government of Iceland and Swiss Aluminium Limited and scheduled documents incorporating the first and second amendments.

25) Landsvirkjun: „Sigalda hydroelectric project", Feasibility report, summary, february 1971.

26) Skýrsla frá Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað til iðnaðarráðherra um stöðu viðræðna og horfur, mars 1973.

27) Fundargerðir funda fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Alusuisse 5. mars 1974, 26. október 1974, 7. mars 1975, 14. maí 1975 og 28. nóvember 1975.

28) Álit norska dómsmálaráðuneytisins á að breyta samningum um raforkuverð, júlí 1979.

29) Bréf frá orkuráðuneyti Nýja Sjálands til iðnaðarráðuneytisins, 20. september 1980.

30) Norska orkuráðuneytið "Kraftintensiv industri" nr. 49, 1979.

31) Norska orkuráðuneytið „Norges framtidige energibruk og produksjon, St. meld nr. 54, 1979-1980.

32) Instilling fra industrikomiteen om Norges framtidige energibruk og produksjon. Innst. S. nr. 348 (1979-1980).

33) Norska iðnaðarráðuneytið „Om pris og andre vilkår for statskraftverkenes leveringer av kraft til kraftkrevende industri" St. prp. nr. 81 (1975-1976).

34) „Elektrisitetspriser og lokalisering i primæraluminium - produksjon - et globalt perspektiv" rapport nr. 32, Industriøkonomisk institutt, Bergen 1980.

35) „En analyse av norsk primæraluminiumindustri" rapport nr. 16, Industriøkonomisk institutt, Bergen 1980.

36) Telex til norska orkuráðuneytisins um orkuverð til iðnaðar í Bandaríkjunum, frá sendiráði Noregs í Washington, janúar 1981.

37) Bréf til iðnaðarráðherra Hjörleifs Guttormssonar frá orkuráðuneyti Kanada, 30. september 1980, ásamt fylgiskjölum um orkuverð.

38) Bréf orkuráðuneytisins í Washington til sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, 27. janúar 1981.

39) Bréf Electricity Consumers Resorce Counciel til sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, ásamt fylgiskjali um raforkuverð til álvera, 30. janúar 1981.

40) Upplýsingar um raforkuverð til álvera, utanríkisráðuneytið, 4. febrúar 1981.

41) Bréf frá Central Electricity Generating Board um raforkuverð til álvera í Bretlandi, 26. janúar 1981.

42) Bréf frá Tennesse Valley Authority um raforkuverð til álvera, 10. febrúar 1981.

43) Bréf til utanríkisráðuneytisins frá konsulent Íslands í Ástralíu, 18. febrúar 1981, ásamt fylgibréfum um raforkuverð til álvera í Ástralíu.

44) „Wholesale Power Rate Schedules" 1979 Bonneville Power Administration, Department of Energy.

45) Bréf frá Bonneville Power Administration til Gunnlaugs Jónssonar, Orkustofnun, 22. apríl 1981.

46) Upplýsingar frá utanríkisráðuneytinu um raforkuverð til álvera í Ástralíu, 6. apríl 1981.

47) „Endurskoðun raforkuverðs og skattlagningar íslenska álfélagsins h/f". Greinargerð til ríkisstjórnarinnar frá Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, 8. október 1975.

48) Samningar Tennesse Valley Authority og álfyrirtæja í Bandaríkjunum.

49) Bréf Landsvirkjunar til iðnaðarráðuneytisins um endurskoðun á rafmagnssamningi við ÍSAL, 23. febrúar 1981.

50) Upplýsingar frá Bonneville Power Administration til allra viðskiptavina fyrirtækisins, 14. ágúst 1981.

51) „Icelandic Aluminium Company Ltd. Increase at sea 1. january 1974 to 30. june 1980, Coopers and Lybrand",6. júlí 1981.

52) „Icelandic Aluminium Company Ltd. Arms-length prices for alumina, 1. january 1974 to 30. june 1980, Coopers and Lybrand, 6. júlí 1981.

53) „Icelandic Aluminium Company Ltd., Review of results for 1980" Coopers and Lybrand, ágúst 1981.

54) „Icelandic Aluminium Company Ltd., Quantification of conclusions on review of results for 1980 Coopers and Lybrand, ágúst 1981.

55) „Skandinaviske aluminiumdager" Erindi á álráðstefnu í Reykjavík 15.-16. september 1981.

56) „Transnational Corporation in the Bauxite /Aluminium Industry" United nations, 1981.

57) „The cost of electricity power to aluminium smelters" A CRU Multi-Client Report, Commodities Research Unit Limited, march 1982.

58) „Aluminium Quarterly report" CRU, may 1982.

59) „Aluminium Quarterly report" CRU, june 1982.

60) „An Evaluation of Potential Canadian Hydro Electric Rents" University of British Columbia, Vancouver, february 1982.

61) Bréf til iðnaðarráðuneytisins frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f um stofnkostnað vatnsorkuvera, 25. júní 1982.

62) „Vatnsorkurannsóknir. Stofnkostnaður starfræktra orkuvera" skýrsla til Landsvirkjunar frá verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f, 30. september 1980.

63) Landsvirkjun:"Greinargerð um framkvæmdaþörf og rekstraröryggi í hinu samtengda landskerfi á tímabilinu 1982-1988", apríl 1982.

64) „The competitive position of Iceland in the world aluminium industry and its implications for hydropower pricing policy". Chase Econometrics, september 1981.

65) „Aluminium smelteverk i Island. Forstudie for industridepartementet" Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h/f og Årdal og Sunndal verk a.s., apríl 1982.

66) „Skattgreiðslur Íslenska álfélagsins h/f. Álit starfshóps, febrúar 1981. Iðnaðarráðuneytið nr. 82-3.

67) Úrdráttur úr skýrslu CRU „Aluminium the long therm competitive position" 1980.

68) „The economics of Aluminium" Roskill information service Ltd. 1979.

69) „World investment analysis. The case of aluminium" Preliminary report. World Bank 23. apríl 1981.

70) „Aluminium" Bureau of mines, United States Department of the Interior, may 1980.

71) Landsvirkjun: „Raforkuöflun í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun" nóvember 1981.

72) „Electricity demand in primary aluminium smelting" rapport nr. 33, Industriøkonomiskinstitutt.

Fylgiskjal II.

Landsvirkjun.

30.09. 1982

Iðnaðarráðherra,
Hjörleifur Guttormsson,
Iðnaðarráðuneytið,
Arnarhvoli.
101 Reykjavík.

Vísað til bréfs yðar dagsetts 31. ágúst 1982, þar sem óskað er eftir umsögn stjórnar Landsvirkjunar á niðurstöðum starfshóps á vegum iðnaðarráðuneytisins sem gert hefur athugun á rafmagnsverði til Íslenska álfélagsins. Var bréfið ásamt skýrslu starfshópsins lagt fram á fundi stjórnar Landsvirkjunar hinn 2. þ. m. og á fundi stjórnarinnar í dag var samþykkt að senda iðnaðarráðuneytinu eftirfarandi niðurstöður af umfjöllun stjórnarinnar.

Stjórn Landsvirkjunar hefur fylgst með því að ýmsar forsendur hafa verið að breytast frá því að rafmagnssamningurinn milli ÍSAL og Landsvirkjunar var undirritaður hinn 28. júní 1966, sem réttlætt hefur að knýja á um hækkun rafmagnsverðsins. Var því, m. a. að fyrirlagi stjórnar Landsvirkjunar, leitað eftir breytingum á rafmagnsverði til ÍSAL strax snemma á síðasta áratug, þegar ljóst var, að upphaflegar forsendur rafmagnssamningsins höfðu breytst mjög verulega. Þetta leiddi síðan til þess að með samningum við Alusuisse og ÍSAL árið 1975 voru gerðar breytingar á aðalsamningi og rafmagnssamningi sem fólu í sér verulega hækkun rafmagnsverðsins og verðtryggingu þess. Auk þess að bæta afkomu Landsvirkjunar, fól þessi samningsbreyting í reynd í sér, að breyttar forsendur eru viðurkenndar sem tilefni til endurskoðunar samningsákvæða. Með samningsendurskoðuninni árið 1975 var brautin því rudd til þess að jafnan megi taka samningana við Alusuisse og ÍSAL til endurskoðunar, ef samningsforsendur breytast, og að áliti stjórnarinnar eru slíkar aðstæður nú fyrir hendi.

Stjórn Landsvirkjunar er því sammála þeirri niðurstöðu skýrslunnar, að breyttar forsendur nú gefi tilefni til endurskoðunar rafmagnssamningsins með raforkuverðshækkun fyrir augum. Skýrslan gefur gott yfirlit yfir þær breytingar, en jafnframt er ljóst, að niðurstaða umræddrar skýrslu er byggð á afmarkaðri athugun í samræmi við erindisbréf viðkomandi starfshóps. Hinsvegar hefur Landsvirkjun sjálf gert athugun á raforkuverði til stóriðju og komist að svipaðri niðurstöðu, sérstaklega að því er varðar raforkuverð til nýrra fyrirtækja, og fylgir sú greinargerð með bréfi þessu.

Rétt er þó að benda á nokkur mikilvæg atriði sem ekki er gerð grein fyrir í skýrslu starfshópsins sem stjórn Landsvirkjunar vill leggja sérstaka áherslu á.

1. Orkukaupaskuldbinding

Í núverandi rafmagnssamningi ábyrgist Alusuisse að greiða fyrir um 90% af því orkumagni, sem verksmiðjan notar að jafnaði, hvort sem orkan er tekin eða ekki. Hér er um atriði að ræða sem hefur mikla þýðingu fyrir Landsvirkjun og skiptir verulegu máli gagnvart lánveitendum fyrirtækisins. Einnig hefur þetta mikla þýðingu fyrir atvinnuöryggi og afkomu þjóðarbúsins. Hækkun raforkuverðsins má því ekki verða til þess að þetta ákvæði verði veikt um of.

2. Fjárhagsafkoma

Nauðsynlegur þáttur í undirbúningi samninga er að sjálfsögðu sá að átta sig sem best á fjárhagsafkomu og samkeppnisaðstöðu ÍSAL vegna þeirrar þýðingar sem það hefur fyrir allar samningaviðræður af því tagi, sem hér eru til umræðu. Landsvirkjun hefur látið gera slíka athugun og vísar til skýrslu Chase Econometrics um þetta efni sem send var ráðuneytinu 5. nóvember 1981. Chase kemst að þeirri niðurstöðu, að svigrúm ætti að vera til verulegrar orkuverðshækkunar til ÍSAL. Hinsvegar er á það að benda, að nú er um mjög alvarlega kreppu að ræða í áliðnaði. Því er mikilvægt að meta vandlega hvaða áhrif þetta getur haft á samningaviðræður. Hinar miklu sveiflur í álverði að undanförnu benda einnig til þess að vænta megi óstöðugleika á þessum markaði eitthvað framvegis og verður að taka sérstakt tillit til þess við ákvörðun verðtryggingarákvæða.

3. Önnur atriði

Ýmis önnur atriði koma hér einnig til álita sem ekki verða rædd hér sérstaklega, en hafa áhrif á rafmagnsverðið svo sem samhengi rafmagnsverðs við skatta og afhendingarskilmála rafmagns.

Varðandi spurninguna um áhrif orkuverðshækkunar til ÍSAL vísast til meðfylgjandi línurits sem sýnir sambandið milli orkuverðs frá ÍSAL og arðgjafar af eignum Landsvirkjunar sem teknar hafa verið í tekstur.

Loks ítrekar stjórn Landsvirkjunar það álit sitt, að æskilegt sé að samningar náist hið fyrsta við ÍSAL og Alusuisse um endurskoðun rafmagnssamningsins, og minnir á, að Landsvirkjun hefur að sínu leyti unnið ötullega að undirbúningi slíkra samningaviðræðna. Þá er vísað til bréfa Landsvirkjunar til ráðuneytisins dagsettra 23. febrúar 1981 og 12. mars 1981, og ítrekar stjórnin enn þá skoðun sína, að fyrirtækið standi að slíkri samningagerð í samræmi við réttarstöðu þess.

Virðingarfyllst,
F. h. stjórnar Landsvirkjunar.
Jóhannes Nordal,
stjórnarformaður.

ARÐGJÖF LANDSVIRKJUNAR 1982

MIÐAÐ VIÐ MISMUNANDI ORKUVERÐ TIL ÍSAL



LANDSVIRKJUN

Fylgiskjal III.

GREINARGERÐ UM RAFMAGNSVERÐ TIL STÓRIÐJU

September 1982

(161)

EFNISYFIRLIT

		Bls
1.	INNGANGUR	1
2.	ORKUVERÐ Á ÍSLANDI	6
2.1	NÚVERANDI KERFI	6
2.2	NÝTT KERFI	8
2.3	KOSTNAÐARVERÐ TIL STÓRIÐJU	9
3.	AFKOMUATHUGANIR	11
3.1	AFKOMA Á FÖSTU VERÐLAGI	11
3.2	AFKOMA MEÐ VERÐBÓLGU	12
4.	RAFORKUVERÐ ERLENDIS OG SAMKEPPNISSTAÐA ORKUFREKS IÐNAÐAR Á ÍSLANDI	14
5.	VERÐTRYGGINGAR	23
5.1	ALMENNIR VERÐTRYGGINGASTUÐLAR	23
5.2	ÖNNUR ATRIÐI	25
6.	UM FORSENDUR RAFORKUSAMNINGANA VIÐ ISAL OG BREYTINGAR Á ÞEIM	27
	VIÐBÆTIR A	
1. KAFLI	UPPBYGGING ÁN NÝRRAR STÓRIÐJU	A1
2. "	UPPBYGGING MEÐ NÝRRI STÓRIÐJU	A2
3. "	NÝ STÓRIÐJUVER, STÆRÐ OG STAÐSETNING	A10
4. "	KOSTNAÐUR ORKUVERA OG FLUTNINGSVIRKJA	A12

1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugun verkfræðideildar á ýmsum þáttum varðandi orkusölu til stóriðju, einkum er varðar orkuverð. Fjallað er um breyttar forsendur í núverandi samningum um orkusölu til stóriðju og gerðar athuganir á því hvaða orkuverð geti talist viðunandi í nýjum samningum til stóriðjufyrirtækja á næstu árum.

Um núverandi orkusölusamninga er þetta að segja meðal annars:

Forsendur þeirra hafa breytzt og því er þörf endurskoðunar þeirra með hækkun orkuverðs í huga. Hækkun raforkuverðsins verður háð niðurstöðu samningaviðræðna sem m. a. hljóta að taka mið af eftirfarandi meginatriðum.

i) Orkuverði á Íslandi.
ii) Orkuverði erlendis.
iii) Verðtryggingarákvæðum.
iv) Samkeppnisaðstöðu núverandi stóriðju á Íslandi.
v) Framtíðarhorfum í núverandi stóriðju.

Í bréfi Landsvirkjunar til iðnaðarráðherra, dagsett 23. feb. 1981, um endurskoðun samninga við ÍSAL segir m.a. svo.

Þó ÍSAL nýti ekki alla orkuvinnslugetu Búrfellsvirkjunar, sýna áætlanir, að tekjur af raforkusölu til ÍSAL muni á tímabilinu frá 1969 til 1994 borga upp allan stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og tilheyrandi mannvirkja, þ.e. Þórisvatnsmiðlunar, tveggja háspennulína frá Búrfelli að Geithálsi og þaðan til Straumsvíkur, spennistöðvarinnar við Geithála og gasaflstöðvarinnar í Straumsvík. Einnig standa tekjurnar undir öllum rekstrarkostnaði áðurnefndra mannvirkja á sama tíma. Sá ávinningur hefur einnig fengist með raforkusölusamningnum við ÍSAL, að ráðist var í þá miklu fjárfestingu, sem liggur í ofangreindum mannvirkjum á mjög heppilegum tíma, eða fyrir hinar gífurlegu hækkanir olíuverðs og þá miklu verðbólgu sem fylgt hefur í kjölfar þeirra.

Þrátt fyrir þann ávinning af orkusölu til ÍSAL, sem hér hefur verið lýst, má færa sterk rök að því nú, eins og þegar síðasta endurskoðun fór fram 1975, að tímabært sé að fara fram á viðræður við Alusuise um endurskoðun orkusölusamningsins. Þar sem, ekki eru nein bein endurskoðunarákvæði í núgildandi samningi verður að styðja endurskoðunarbeiðni sérstökum rökum og þá fyrst og fremst með tilvísun til breyttra forsendna. Hér er einkum um þrennskonar rök að ræða: 1) Mjög mikil hækkun orkuverðs hefur átt sér stað í heiminum síðan 1975, svo að orkuverð til ÍSAL er nú orðið hlutfallslega lægra miðað við verð til álbræðsluiðnaðar víða erlendis, en það var eftir síðustu endurskoðun. 2) Vegna verðbólgu og hækkandi fjármagnskostnaðar er verð á orku frá nýjum orkuverum nú hærra í samanburði við orkuverð til ÍSAL, en áður var. 3) Hækkunarákvæði núgildandi samnings tryggja ekki fulla hækkun raforkuverðs í hlutfalli við breytingar á álverði, svo að raforkukostnaður er nú lækkandi þáttur í rekstrarkostnaði ÍSAL gagnstætt því sem yfirleitt á sér stað í greininni erlendis.

Erfitt er að leggja mat á það, hversu langt verði hægt að ná í samningum

á grundvelli þessar raka, en það hlýtur m.a. að fara eftir öðrum þáttum samninganna, þ.á.m. samningum um skattgreiðslur, hugsanlega eignaraðild Íslendinga og því hvort samningarnir verði tengdir aukinni orkusölu og stækkun álbræðslunnar.

Samningsendurskoðun við ÍSAL árið 1975 fól í sér þá mikilvægu breytingu frá upphaflegum samningum, að breyttar forsendur sem lágu til grundvallar samningsgerðinni á sínum tíma gæfu tilefni til breytinga á samningsákvæðum. Gagnvart ÍSAL virðist því vera hægt að sækja um breytingu á raforkuverði á grundvelli breyttra forsendna.

Gagnvart Járnblendiverksmiðjunni gildir nokkuð það sama af því að í rafmagnssamningnum við hana er ákvæði um, að breytt orkuverð erlendis geti m.a. leitt til endurskoðunar á rafmagnsverði, ef bersýnilegt er, að samningsverðið sé orðið ósanngjarnt gagnvart öðrum hvorum aðilanum (sbr. 21. gr. rafmagnssamningsins).

Eins og komið er inn á í síðustu skýrslu Landsvirkjunar frá því í apríl 1982 um virkjanamálin, virðist ástæða til að taka upp við Járnblendiverksmiðjuna að breyta núverandi afgangsorkusölusamningi í forgangsorkusölusamning og um leið að athuga, hvort þær aðstæður séu fyrir hendi, að efni séu til að taka upp viðræður við járnblendifélagið á grundvelli 21. greinar.

Hækkun raforkuverðs til núverandi stóriðju ræðst af því, hvernig um semst. Þrátt fyrir hið erfiða ástand sem nú ríkir á álmörkuðum er ljóst að einhver lágmarkskrafa samkvæmt ofangreindu hlýtur að nást í gegn gagnvart ÍSAL í samræmi við núverandi samning. Hvað næst umfram hana hlýtur að ráðast m.a. af því sem að framan er talið svo sem verðtryggingarákvæðum, þar sem mismunandi mikil áhættutaka Landsvirkjunar gæti haft veruleg áhrif, svo og samkeppnisaðstöðu viðkomandi iðnaðar staðsettum á Íslandi og framtíðarhorfum um söluþróun viðkomandi iðnaðarafurða. Möguleikar til stækkunar núverandi fyrirtækja með tilheyrandi hagkvæmni stærðarinnar hlýtur einnig að hafa áhrif. Einnig kunna að nást betri samningar ef einhver hluti hækkunarinnar má bíða betra markaðsástands.

Hinsvegar er líklegt, að Landsvirkjun geti ekki eins og stendur náð árangri gagnvart járnblendifélaginu á grundvelli áðurnefndrar 21. greinar, sem tekur til breyttra forsendna bæði varðandi orkuverð og samkeppnisaðstöðu ferrosilikoniðnaðarins, þar sem verksmiðjureksturinn stendur nú höllum fæti eins og kunnugt er. Sé búist við, að ferrosilikoniðnaðurinn rétti úr kútnum á næstu árum, virðist hinsvegar líklegt, að járnblendifélagið myndi hafa áhuga á að tryggja sem öruggasta orkuafhendingu, þegar batans er von með því að ræða breytingu á afgangsorkusamningnum í forgangsorkusamning. Að öðru leiti en hér er sagt, virðist gilda svipað varðandi samninginn við járnblendifélagið og sagt er um ÍSAL samninginn.

Þá má einnig nefna rafmagnssamninginn við áburðarverksmiðjuna sem e.t.v. þarfnast endurskoðunar og þeim möguleika, að honum verði breytt til hagsbóta fyrir báða aðila.

Um framtíðarsamninga við stóriðju má almennt segja, að seint verði örugg vitneskja fyrir hendi um það hvaða orkufrekur iðnaður henti best fyrir Íslendinga. Sem stendur má telja líklegt, að hagkvæmt þyki að auka þann

iðnað sem þegar er fyrir hendi, þ.e.a.s. álframleiðslu og járnblendiiðnað, en einnig virðist möguleikinn á því að reisa kísilmálmverksmiðju hér á landi álitlegur kostur Eins koma e.t.v. ýmsar tegundir málmblendiverksmiðja til greina ásamt fleiru. Hér verður ekkert fullyrt um hvaða orkufrekur iðnaður á best við þær aðstæður, sem Ísland hefur upp á að bjóða, en unnið er að athugun á því máli á vegum verkfræðideildar. Er reiknað með, að niðurstöðu þeirrar athugunar verði fljótlega að vænta.

Þau atriði sem Landsvirkjun hlýtur að leggja áherzlu á varðandi samninga um orkuverð til nýs orkufreks iðnaðar eru m.a. þau, sem hér eru talin.

1. Orkuverð sé nægilega hátt til að borga þá fjárfestingar-flýtingu í orkuöflunarkerfinu sem leggja þarf í vegna hins aukna markaðar.

2. Fjárfestingarflýtingin sé borguð á nægilega stuttum tíma til þess að greiðsluafkoma Landsvirkjunar sé jafnan hæfilega tryggð.

3. Verðtryggingarákvæði séu fullnægjandi.

4. Umsamið orkuverð innifeli hæfilega álagningu fyrir ýmsum áhættuþáttum, t.d. ónákvæmum kostnaðaráætlunum, ónákvæmri samstillingu á tímasetningu virkjana og iðnaðarvera o.fl.

Í þeirri skýrslu, sem hér fer á eftir eru þau atriði nánar skýrð, sem að ofan er drepið á bæði varðandi núverandi samninga og þá sem eftir eiga að koma. Vísast til skýrslunnar til nánari glöggvunar á einstökum atriðum, en samandregið má ef til vill lýsa stöðunni í stærstu dráttum þannig.

Núverandi samningar:

Ísalsamningur: Svo virðist sem Ísal ætti að geta borið um tvöföldun núverandi orkuverðs, án þess að afkomu fyrirtækisins yrði stefnt í hættu samkvæmt athugun sem Chase Econometrics hefur gert fyrir Landsvirkjun. Virðist og margt benda til þess að breyttar forsendur gefi tilefni til slíkrar hækkunar. Þess er þó að geta, að á yfirstandandi ári er áliðnaðurinn í einhverri þeirri mestu lægð sem um getur. Samningssvigrúmið sem stendur hlýtur því að vera í lágmarki. Samningaviðræður nú ættu þó að geta leitt til árangurs einkum, ef hækkun orkuverðsins yrði tengd batnandi afkomu áliðnaðarins. Má búast við, að hækkun gæti orðið meiri en ella, ef verðtryggingarákvæðum yrði breytt í þá veru, að Landsvirkjun tæki á sig stærri sveiflur í orkuverðinu en nú er raunin í takt við raunverulegt söluverð á áli. Þá má einnig hugsa sér að setja í samninga ákvæði um, að skerði Landsvirkjun orkuafhendingu eitthvert árið, myndi koma á móti afsláttur á orkuverði í hlutfalli við magn orkuskerðingar. Ætti slík ráðstöfun að virka í þá átt, að meiri hækkun á núverandi orkuverði næðist fram, en væntanlega verða samningar vandasamir.

Járnblendisamningur: Samkvæmt núverandi samningi hækkaði orkuverð til Járnblendiverksmiðjunnar 1. júlí upp í 5,4 norska aura/kWh úr 3,5

N.aur/kWh eða um 54%. Samkvæmt samningnum varð þá forgangsorkuverðið sem samsvarar 14 mill/kWh og afgangsorkuverðið u.þ.b. 3,5 mill/kWh. Eins og að framan segir, er ólíklegt, að breytingar fáist á forgangsorkuverðinu að sinni, en í bili getur þetta orkuverð talist viðunandi. Hinsvegar er rétt að huga að breytingu samningsins varðandi afgangsorkuna og e.t.v. einnig verðtryggingarákvæðum, en líklegt er, að hér gæti verið um gagnkvæmt hagsmunamál Landsvirkjunar og járnblendifélagsins að ræða.

Áburðarverksmiðjusamningur: Orkusala til Áburðarverksmiðjunnar í venjulegu ári nemur u.þ.b. 150 GWh. Það myndi því muna um það, ef orkuverð til þess fyrirtækis yrði hækkað verulega eins og t.d. verið er að reikna með að semjist um við ÍSAL. Orkuverð til Áburðarverksmiðjunnar hefur fylgt orkuverði til ÍSAL, og væri að því leyti til eðlilegt, að orkuverð til hennar hækkaði til samræmis við hækkun til ÍSAL. Hér er þess þó að geta, að áburðarverksmiðjan hefur búið við mikla skerðingu í samræmi við núverandi samning. Væri í þessu tilfelli ástæða til að taka upp viðræður um forgangsorkusölu til áburðarverksmiðjunnar e.t.v. á grundvelli núverandi gjaldskrár, en sá möguleiki er ókannaður enn.

Framtíðarsamningar:

Eins og áður er að vikið, hlýtur viðhorf Landsvirkjunar um viðunandi orkuverð til nýs orkufreks iðnaðar að mótast af lágmarkskröfum um það, að slík orkusala valdi ekki hærra raforkuverði til almenningsveitna, en einnig hlýtur afstaðan að mótast af ítrustu kröfum um orkuverð sem hinn orkufreki iðnaður verður fær um að borga miðað við þá samkeppnisaðstöðu sem staðsetning hans hér á landi getur staðið undir. Sú samkeppnisaðstaða hlýtur m.a. að vera háð því hvaða raforkuverð boðið er upp á hjá þeim þjóðum sem helzt koma til með að keppa við okkur um uppbyggingu þess iðnaðar sem við teljum okkur hagstæðastan og byggður verður upp hér á landi. Margt fleira kemur þá til, sem rakið er síðar í skýrslunni, og verður ekki reifað nánar hér í inngangi. Niðurstöður varðandi það orkuverð sem til greina kemur, eru afar háðar ýmsum óvissuþáttum svo sem nákvæmni stofnkostnaðaráætlana, fjármagnskostnaði, verðbólgu á Íslandi og annarsstaðar í heiminum, hraða í uppbyggingu o.fl.

Með því að greina áhrif þeirra óvissuþátta sem að ofan eru taldir má framkvæma tölulegt mat á því hvað gæti talist viðunandi orkuverð til nýrrar stóriðju á Íslandi. Má leiða rök að því, að orkuverð á bilinu 15 til 20 mill/kwh á núverandi verðlagi sé viðunandi. Hér er þó þess að gæta, að verðtryggingarákvæði, deiling áhættu og stjórn á tímasetningu iðnaðaráfanga geta haft veruleg áhrif. Útreikningar virðast leiða í ljós, að hærra verðið sem hér að ofan er nefnt, gefi svigrúm fyrir veruleg frávik frá þeim forsendum um tímasetningu og kostnað sem liggja að baki reikninganna og þar af leiðandi e.t.v. hægt að gefa það verð upp í almennum umræðum um hugsanlegt orkuverð til stóriðju á næstu árum. Orkuverð til ákveðins orkufreks iðnaðar hlýtur þó að ráðast af samningagerð í hvert sinn og verður engu slegið föstu um það hér. Það má því segja, að ofangreindar tölur gefi aðeins vísbendingu um

lágmarksorkuverð sem gæti verið viðunandi fyrir Landsvirkjun og svo virðist sem samkeppnisaðstaða Íslands, t.d. í áliðnaði, leyfi það, að hærra orkuverðið sem að ofan er nefnt, verði greitt.

Að lokum skal lögð áherzla á að í svo flóknum samningum sem hér um ræðir, er sjálft raforkuverðið aðeins einn þátturinn af mörgum, sem taka verður tillit til, eins og áður er rakið. Þau atriði, sem miklu máli skipta varðandi raforkuverðið, eru verðtryggingarákvæðin, skylda kaupanda til að borga fyrir ákveðið orkumagn á hverju ári, hvort sem hann tekur til sín orkuna eða ekki, svo og ákvæði um það að framleiðsla í viðkomandi iðnaðarfyrirtæki verði ekki dregin niður fyrir ákveðið lágmark á tímum lítillar eftirspurnar vörunnar. Þegar á heildina er litið er þó raforkuverðið, skattgreiðslur, atvinnuuppbygging, gjaldeyrisöflun, samkeppnisaðstaða og framtíðarhorfur, þættir, sem hafa sameiginlega úrslitaáhrif á það, hvort í viðkomandi iðnaðaruppbyggingu skuli ráðist.

2 ORKUVERÐ Á ÍSLANDI

2.1 Núverandi kerfi

Í þessum kafla er miðað við verðlag í sept. 1981 til að tölur séu sambærilegar við ársreikninga og gjaldskrá frá 1. nov 1981. Þá var gjaldskrárverð miðað við 5000 stunda nýtingartíma 24,2 aur/kwh og verð til ISAL u.þ.b. 5 aur/kwh. Miðað er við gengið US$ 1= Kr. 8.18.

Á árinu 1981 var meðalverð Landsvirkjunar á raforku til almenningsrafveitna á verðlagi sept. 1981, 22,1 aur/kWh og til stóriðju 5,2 aur/kWh. Á því ári varð rekstrarhalli á fyrirtækinu sem nam u.þ.b. 6 m.kr. og er þá reiknað með afskriftum af stofnkostnaði sem er langt undir endurmatsverði svo hæpið er að telja þetta kostnaðarverð. Tekjur urðu á sama verðlagi u.þ.b. 304 m.kr. (samkvæmt ársreikningi 276 m.kr.).

Ef farið hefði verið eftir kröfu Alþjóðabankans um 8% arð af eignum í rekstri, hefði tekjuþörf orðið u.þ.b. 318 m.kr. Ef allt rafmagn hefði verið selt á gjaldskrá, almenningur greitt samkvæmt 5000 stunda nýtingartíma, stóriðjan samkvæmt 8000 (án tillits til spennu) stunda nýtingartíma og afgangsorkan seld á hlutfallslega sama verði og er í gjaldskrá, hefði hún þurft að vera eins og sýnt er í töflu 1. Rekstrarafgangur og afskriftir hefði þá numið u.þ.b. 90 m.kr. sem er nálægt öllum afborgunum langtímaskulda á árinu.

TAFLA 2.1
Gjaldskrárverð sem fullnægja tekjuþörf
með orkusölu ársins 1981. *

	Gjaldskrárverð miðað við			
	8% arð samkv. kröfu Alþjóðabankans		4% arð af fullendurmetnum eignum	
	aur/kWh	mill	aur/kWh	mill
Verð til almenningsveitna miðað við 5000 stunda nýtingartíma	15,6	19	20,0	24
Verð til stóriðju miðað við 8000 stunda nýtingartíma	10,9	13	13,9	17
Verð afgangsorku	2,4	3	3,1	4

*Verðin í þessari töflu eru reiknuð út frá raunverulegri sölu og væru u.þ.b. 10% lægri, ef engin skerðing orkusölu hefði komið til.

Hefðu eignir hinsvegar verið metnar til endurnýjunarverðs, reiknað með

3% afskriftum og 4% arðgjöf af eign í rekstri, hefði tekjuþörfin verið nálægt 408 m.kr. Rekstrarafgangur og afskriftir hefðu þá numið 180 Mkr. Eins og áður segir eru afborganir langtímaskulda nálægt 90 Mkr. þannig að hér yrði þá um að ræða greiðsluafgang um 90 Mkr. sem er nálægt 16% af öllum fjárfestingum Landsvirkjunar á árinu 1981.

Raunveruleg tekjuþörf markast af fyrirhuguðum uppbggingaráformum, ríkjandi vöxtum og verðbólgu. Ef engin ný stóriðja væri fyrirhuguð, dugar 4% arður af fullendurmetnum eignum í rekstri jafnvel þótt raunvextir fari eitthvað yfir 4%. Fyrir stóriðjuuppbyggingu samkvæmt leiðum L1 eða S1 til S3 (sjá viðbæti A) getur þurft hærri arðgjafarkröfu, ef raunvextir fara mjög hátt (yfir 4%).

Hér að framan hefur verið rætt um það sem kalla má viðunandi söluverð orku. Til að gera sér grein fyrir kostnaðarverði sem ekki tekur tillit til áhættu og þess að framleiðslugeta kerfisins er aldrei fullnýtt, nema skamman tíma í einu, má líta á kerfið út frá eftirfarandi forsendum.

Afskriftir eru 3% og rekstur 1% af endurnýjunarverði eigna. Arðgjöf af eignum í rekstri er 4% og eignir eru ætíð endurmetnar í hlutfalli við endurnýjunarverð. Með þessum forsendum og fullnýttu kerfi verður meðalkostnaðarverð orku frá kerfi Landsvirkjunar eftir sameiningu við Laxárvirkjun og með Hrauneyjafossvirkjun á verðlagi í sept. 1981 eins og sést í töflu 2. Þar er líka sýnt verð til almennings og stóriðju eins og það yrði, ef selt væri á kostnaðarverði og hlutfallið milli þessara verða væri það sama og hlutfallið milli verðs fyrir orku með 5000 stunda nýtingartíma og 8000 stunda samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar. Þetta hlutfall er nálægt 70%.

TAFLA 2.2
KOSTNAÐARVERÐ ORKU
FRÁ NÚVERANDI KERFI
Miðað við 4% arð og fullnýtt kerfi

Meðalverð aur/kWh		14,0
Verð til almenningsv.	aur/kWh	16,2
Verð til stóriðju	aur/kwh	11,3
" " "	mills	13,8

Raunveruleg tekjuþörf markast af fyrirhuguðum uppbyggingaráætlunum. Ef t.d. engin ný stóriðja væri fyrirhuguð, þarf að hækka meðalverðið í töflu 2 u.þ.b. 10%, en hvað yrði, ef farið væri í aukna uppbyggingu með stóriðju í huga, fer mest eftir því hve hröð sú uppbygging skal vera eins og nánar er vikið að síðar í þessari skýrslu.

2.2 Orkuverð frá nýju kerfi

Í eftirfarandi reikningum er miðað við verðlag 1. maí 1982 og gengi US$ 1= Kr. 11,00. Það athugist í þessu sambandi, að á tímabilinu frá 1. sept 1981 hækkar gengi Bandaríkjadals meir en nemur almennri verðbólgu hér (samkv. vísit. byggingakostnaðar) eða 34% á móti 25%.

Kostnaðarverð orku til nýrrar stóriðju verður líklega á bilinu frá 13 til 20 mill fyrir raunvexti frá 4% til 8%. Þetta er meðalkostnaður frá mörgum mishagkvæmum virkjunum, en í einstaka tilfellum getur kostnaðarverðið verið lægra ef um er að ræða iðnaðarkosti sem falla vel að fyrirhuguðum virkjanaáformum að því er stærð og tímasetningu varðar.

Það, hversu hátt söluverðið þarf að vera til að halda uppi framkvæmdagetu fyrirtækisins ræðst af skuldastöðunni á hverjum tíma og orkuverði samkvæmt eldri samningum. Einnig þarf að taka tillit til þess, hve langan endurheimtutíma Landsvirkjun getur sætt sig við á því fjármagni sem fer í fjárfestingarflýtingu vegna stóriðjuuppbyggingar og ýmiskonar óvissu í áætlunum um kostnað o.fl.

Um verðtryggingar og önnur atriði í nýjum samningum gilda að mestu sömu sjónarmið og um eldri samninga. Undanfarið hafa allar fjárhagslegar forsendur fyrir orkusölusamningum breytst hratt og í a.m.k. sumum greinum iðnaðar kunna tæknilegar forsendur að breytast enn hraðar, jafnvel með óvæntum hætti. Öruggar verðtryggingar og lágmarkskaupaákvæði eru því mikilvæg svo og ákvæði um endurskoðun samninga ef forsendur breytast. Skammtíma gengisbreytingar geta og ruglað myndina, samanber töflu 3.

Í viðbæti A, kafla 4, er tafla yfir þær virkjanir og flutningsmannvirki sem nú kemur til greina að reisa fyrir aldamót. Þarna er um að ræða samanlagðar fjárfestingar upp á 11.700 m.kr. á verðlagi maí 1982 með samanlagða orkuvinnslugetu 6250 GWh/ár. Samkvæmt því verður meðalkostnaðarverð orku frá þessum mannvirkjum sem hér segir.

TAFLA 2.3
Kostnaðarverð * frá nýjum virkjunum
með arðgjöf 4% og fullnýtingu strax.

		verðl. maí 1982	verðl. sept. 1981
Meðalverð aur/kWh		16,2	13,0
Verð til almenningsv.	aur/kWh	19,0	15,4
Verð til stóriðju	aur/kwh	13,3	10,8
" " "	mills	12,1	13,2

* Heildarvextir á byggingatíma áætlaðir 8%

Kostnaðarverð frá væntanlegu kerfi eftir að tekið hefur verið tillit þess að kerfið er ekki fullnýtt strax, verður svipað eða e.t.v. eitthvað hærra en verðið samkvæmt töflu 2.2.

2.3 Kostnaðarverð til stóriðju

Hvað varðar kostnaðarverð til nýrrar stóriðju, svonefnt flýtingarkostnaðarverð, þá er það háð ýmsum forsendum svo sem hraða uppbyggingarinnar, samstillinga markaða, orkuvinnslugetu o.fl. Flýtingarkostnaður er hér reiknaður á þann hátt, að fjármagnskostnaður (þ.e. vextir og afskriftir) af umframfjárfestingu hvers árs er reiknaður sem jafnar upphæðir (annuitet) á hvert ár afskriftatímans og bætt við rekstrarkostnaði. Fjárfestingar hvers árs eru reiknaðar án vaxta á byggingatíma, en fjármagnskostnaður er reiknaður strax á næsta ári. Reiknað er núvirði þessara greiðslna fram til lokatíma (sjá skýringu hér á eftir) og deilt með núvirði orkusölu til stóriðju á sama tíma.

Þegar orkusala til stóriðju hefst, hafa orkumannvirkin ætíð staðið í nokkurn tíma og er þá þegar áfallinn nokkur fjármagnskostnaður sem stóriðjufyrirtækið þarf að greiða. Kostnaðarverðið er háð því, hve langan tíma stóriðjufyrirtækin fá til að greiða þennan tiltekna kostnað og er sá tími hér nefndur lokatími, þ.e. þá er reikningunum lokað og allur áfallinn kostnaður skal vera greiddur. Segja má, að þá sé öllum umframbyrðum létt af kerfinu og fjárfestingarflýtingin farin að standa undir sjálfri sér. Ekkert mælir með, að lokatími skuli vera sá sami og afskriftatími fremur en t.d. samningstími orkusölusamnings eða jafnvel algengasta tímalengd lánasamninga. Til einföldunar er í þessum reikningum miðað við lokatíma árið 2012 óháð tímasetningu framkvæmda.

Grundvöllur útreikninga er viðbótarkostnaður umfram leið L0 (sjá viðbæti A) sem er eingöngu uppbygging vegna aukningar á almennri notkun en ekki nýrrar stóriðju. Fjórar leiðir með nýrri stóriðju eru settar fram og er sameiginlegt með þeim öllum, að orkusala nýrrar stóriðju um næstu aldamót er 3765 GWh/ári í samræmi við efri mörk áætlunar Orkuspárnefndar.

Leið S2 fylgir nokkuð jafnri aukningu orkusölu á tímabilinu 1985-2000, en þannig að tímasetning stóriðjuvera er felld að uppbyggingu orkuöflunarkerfisins með tilliti til þess, að flýtingarkostnaður sé sem minnstur. Áhrif slíkrar samræmingar eru sýnd á mynd 1. Þessi leið sýnir lægsta kostnaðarverð raforku til nýrrar stóriðju.

Í leið S1 vex orkumarkaðurinn nokkuð jafnt á 2-3 ára fresti án tillits til stærðar virkjunaráfanga eða eðlilegrar tímasetningar vegna þarfa hins almenna markaðar. Frávik þessarar leiðar frá leið S2 sýnir því áhrif skorts á samstillingu orkumarkaðar og orkuvinnslugetu á kostnaðarverð.

Um leið S3 er nokkuð sama að segja og um leið S1. Hér er skortur á samstillingu markaðar og vinnslugetu hinsvegar afleiðing af stórum áföngum í aukningu orkumarkaðar.

Með samanburði leiða S1 og S3 við S2 sést nauðsyn samræmdrar stýringar

á uppbyggingu orkuöflunarkerfisins annarsvegar og stóriðjumarkaðs hinsvegar með tilliti til stærðar og tímasetningar áfanga.

Í leið L1 er uppbyggingu hraðað, þannig að fullri orkusölu er náð 1996 í stað 1998 í hinum leiðunum. Eykur þetta verulega fjárfestingu á árunum 1988-1995 (sjá viðbæti A).

Reiknað er með árlegum rekstrarkostnaði sem 1% af nývirði mannvirkja í rekstri og er því fjármagnskostnaður lunginn úr útgjöldum orkukerfisins og kostnaðarverð orkunnar mjög háð vaxtafæti. Allar niðurstöður eru reiknaðar fyrir raunvexi 4-8% miðað við fast verðlag.

Endingartími mannvirkja í raforkukerfi er mismunandi. Reikna má með, að steypt mannvirki, jarðvegsstíflur o.fl. endist verulega lengur en raflínur, spennistöðvar og vélar. Hér er notað meðaltal endingartíma 33 ár, en jafnframt reiknaðar niðurstöður fyrir afskriftartíma 25 og 40 ár til þess að sýna áhrif lengdar afskriftatímans. Þar sem lánstími er að jafnaði verulega styttri en endingartími mannvirkja, getur verið eðlilegt að reikna afskriftartíma nokkru styttri en raunverulegan endingartíma.

Athuguð eru sérstaklega áhrif þess að lokatíminn sé mismunandi langt undan, þ.e. að aðeins sé tekin með orkusala og kostnaður fram til ákveðins árs. Tekin eru fyrir þrjú tilvik, árið 2002, árið 2012 og ótakmörkuð tímalengd. Notaður er afskriftartíminn 33 ár og leið S2. Sé reiknað með lokatíma árið 2002 í stað 2012, hækkar verðið um 10%, en lækkar um 5% ef reiknað er áfram til óendanlegrar framtíðar.

Einnig eru athuguð áhrif mismunandi afskriftatíma. Gengið er út frá leið S2. Við afskriftartíma 40 ár í stað 33 ára lækkar kostnaðarverð u.þ.b. 6%. Við 25 ára afskriftatíma í stað 33 ára hækkar verðið u.þ.b. 11%.

Á mynd 2 er sýnt kostnaðarverð raforku til nýrrar stóriðju fyrir áðurnefndar 4 leiðir. Miðað er við 33 ára afskriftartíma. Frávik kostnaðarverðs leiðar L1 frá verði leiðar S2 stafar fyrst og fremst af því að seinni virkjanirnar, sem eru nokkru dýrari á orkueiningu en þær fyrstu, eru byggðar fyrr í leið L1.

Mismunur kostnaðarverðs milli leiðar S2 annarsvegar og leiða S1 og S3 hinsvegar sem sýnir áhrif skorts á samstillingu framboðs og eftirspurnar orku, vex með hækkandi vaxtafæti. Þessi mismunur er eðlilega miklu hærri, sé litið til skamms tíma (ársins 2002) heldur en ef litið er til langs tíma.

Samkvæmt framansögðu verður kostnaðarverð til stóriðju miðað við hagkvæmustu uppbyggingu frá 14 til 22 aur/kwh (13 - 20 mill) eftir því hvaða raunvexti (4-8%) skal miða við.(Sjá mynd 2) Í afkomuathugunum hér á eftir, eru 5% reiknivextir notaðir og er þá kostnaðarverð um 16 aur/kwh eða tæp 15 mill.Til að viðhalda fjármögnunargetu fyrirtækisins þarf söluverð að vera nokkuð hærra, e.t.v. sem nemur 10 til 25% eftir framkvæmdahraða, skuldastöðu og fleiri atriðum.

3 AFKOMUATHUGANIR

3.1 Athugun á föstu verðlagi

Eftirfarandi er lagt til grundvallar afkomureikningum.

- Verðlag 1. maí 1982, vísitala byggingarkostnaðar 1015 1 US$=11,00 kr.
- Upphafsstaða eigna og skulda í árslok 1982 er áætluð á ofangreindu verðlagi af fjármáladeild.
- Nýviröi eigna er áætlað í samræmi við sameignarsamning milli Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar.
- Afskrifuð eign (þ.e. eign í rekstri) er fundin með því að áætla afskriftir hlutfallslega í samræmi við venjur í bókhaldi Landsvirkjunar.
- Skuldir eru áætl[illegible] frá bókhaldi og áætlunum Landsvirkjunar.
- Stofnkostnaður [illegible]virkja er færður upp til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar og stofnkostnaður Blönduvirkjunar hækkaður um 10% vegna áhrifa nýlokinna samninga við heimamenn.
- Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður 50 Mkr. +1% af nýviröi eigna.
- Reiknað er með, að raunvextir séu á bilinu 4-6%, almennt er reiknað með 5% raunvöxtum.
- Reiknað er með orkuverðinu 17 mill/kWh til nýrrar stóriðju, 11 mill/kWh til eldri stóriðju og 29,4 aur/kWh (27 mill) til almenningsveitna.

Leiðunum L0, L1, S1, S2 og S3 er lýst í viðbæti A.

Fyrst er athugð þróun skuldastöðu Landsvirkjunar, ef ekki er farið í frekari stóriðju (Mynd 3). Sést þá, að skuldastaðan vex frá u.þ.b. 66% í árslok 1982 upp í 71% 1986. Hækkun orkuverðs til eldri stóriðju upp í 10 mill frá ársbyrjun 1983 nægir til þess að skuldastaðan hækkar lítið eftir 1982 miðað við 5% vexti af lánum. Með hækkun í 12 mill fer skuldastaðan lækkandi, þegar eftir árið 1983.
Leið S2 er sú leið sem gefur hvað lægstan flýtingarkostnað á orku til stóriðju af þeim sem athugaðar voru. Sé farið í stóriðjuuppbyggingu samkvæmt þessari leið, fer skuldastaðan hæst í u.þ.b. 78% 1989. Ef takmarka á skuldastöðuna í leið S2 við það hámark, sem fæst í leið L0 með þeim verðum sem nú gilda, má ná því marki með því að hækka verð til eldri stóriðju upp í tæp 12 mill þegar leið S2 er farin.

Mynd 4 sýnir áhrif vaxta á skuldastöðu samkvæmt leið S2. Eins og sést, hafa þeir mikil áhrif og tæplega nokkurt annað einstakt atriði sem hefur jafnmikil áhrif við breytingar innan þeirra marka sem líkleg má telja.

Mynd 5 sýnir samanburð milli hinna einstöku stóriðjuleiða. (Einstökum

leiðum er lýst í viðbæti A) Í samræmi við útreiknaðan flýtingarkostnað (mynd 2) koma leiðir L1 og S2 út með lægsta skuldastöðu, þegar til lengdar lætur. L1 hefur hinsvegar mun hærri skuldastöðu í för með sér á árunum 1985 til 1997, enda er um að ræða hraðari uppbyggingu á þeim tíma.
Leið S1 er frábrugðin S2 og L1 að því leyti, að tímasetning hvers stóriðjuvers var ákveðin alveg án tillits til þess, hvenær næsta virkjun þarf að koma vegna eldri skuldbindinga og hins almenna markaðar, en þá verður nýting orkuöflunarkerfisins ekki jafn góð og flýtingarkostnaður hærri. (sjá mynd 1 þar sem þetta er skýrt) Þar sem S1 fer heldur hægar af stað en S2 verður skuldastaðan hagstæðari í byrjun, en fljótlega fer hagkvæmnin af betri samstillingu í S2 að segja til sín og munur á skuldastöðu um aldamót er orðinn 5%.
Leið S3 er óhagkvæmari en leið S2, vegna þess að hér eru stóriðjuáfangar hafðir stærri og heildarnýting kerfisins verður þess vegna ekki eins góð.

Mynd 6 sýnir áhrif þess, ef ein virkjun hækkar í verði og er Fljótsdalsvirkjun tekin sem dæmi. Mynd 7 sýnir svo áhrif þess, ef stóriðjuver eru ekki gangsett á áætluðum tíma, heldur frestast tvö þeirra um eitt ár. Útkoman verður skortur á samstillingu á svipaðan hátt og í leið S1.

Þeir áhættuþættir, auk raunvaxta, sem hér hafa verið teknir til meðferðar eru eftirfarandi:

1. Ósamstillt uppbyggingaráform í stóriðju og orkuöflunarkerfi.

2. Hækkun byggingarkostnaðar á einni stórvirkjun.

3. Seinkun framkvæmda í stóriðjuuppbyggingu.

Hver þessara áhættuþátta sem er getur valdið hækkun flýtingarkostnaðar um 3 til 5% að meðaltali á allri orku til nýrrar stóriðju. Samsvarandi hækkun þessa orkuverðs jafnar fjárhag Landsvirkjunar á 10 til 15 árum.

Ef skuldastaða Landsvirkjunar má ekki versna verulega umfram það sem mundi gerast án aukinnar stóriðju við óbreytt verð til eldri stóriðju, þá virðist uppbygging stóriðjunnar á næstu árum ekki geta orðið hraðari en lýst er með leið S2, nema takist að hækka orkuverð til eldri stóriðju verulega upp fyrir 11 mill/kWh.

Niðurstaðan úr þeim áhættuathugunum, sem gerðar eru, benda til að orkuverð til nýrrar stóriðju þurfi að hækka um 10-15% vegna ofangreindra þátta, ef taka á tillit til þeirra sérstaklega.

3.2 Athuganir með verðbólgu

Samkvæmt áætlunum fjármáladeildar frá í maí sl. er hugsanlegt verðlag um næstu áramót:

Vísitala byggingarkostnaðar 1306
Gengi bandaríkjadals 1$=kr. 12,25

Með þessu verðlagi og gengi verður skuldastaða um næstu áramót (1982-

83) u.þ.b. 58% í stað 66% miðað við verðlag og gengi 1. maí 1982. Þetta sýnir vel áhrif þess, þegar styrkleikahlutföll mynta breytast innbyrðis án sýnilegra tengsla við breytingar á verðlagi í viðkomandi löndum, en þetta fyrirbrigði hefur verið áberandi á gjaldeyrismörkuðum undanfarin ár.

Mynd 7 sýnir breytingar á skuldastöðu í 20% verðbólgu, en þá er reiknað með, að vísitala byggingarkostnaðar hækki um 20% á ári og eignir Landsvirkjunar séu endurmetnar í samræmi við það. Ef allir kostnaðar- og tekjuliðir eru látnir hækka í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, verða breytingar á skuldastöðu Landsvirkjunar með sama hætti og þegar reiknað er í föstu verðlagi, og lokastaðan nokkurn veginn sú sama.

Eftirfarandi áhættuþættir eru athugaðir:

1. Verð til almennings hækkar hægar en sem nemur vísitölu byggingarkostnaðar eða 18% í stað 20%. Þetta má telja æskilega þróun.

2. Allt verð til stóriðju hækkar hægar en vísitala byggingarkostnaðar eða 18% í stað 20%. Hér væri um að ræða ófullkomin verðbótarákvæði í samningum.

3. Byggingarkostnaður virkjana hækkar hraðar en byggingarvísitala, eða 22% í stað 20%.

Niðurstöður sjást á mynd 8. Skuldstöðunnar vegna myndi Landsvirkjun þola sæmilega hvern þessara áhættuþátta fyrir sig, ef ekkert annað kæmi til, en allir samtímis mundu hafa alvarleg áhrif.

4 RAFORKUVERÐ ERLENDIS OG SAMKEPPNISAÐSTAÐA ORKUFREKS IÐNAÐAR Á ÍSLANDI

Í eftirfarandi kafla verður svo til eingöngu fjallað um stöðu áliðnaðar, enda hefur undanfarið verið unnið að viðamikilli upplýsingasöfnun um þann iðnað.

Fyrir liggur skýrsla frá Chase Econometrics: "The competitive position of Iceland in the World of Aluminium Industry and its implications for Hydropower pricing policy". Skýrslan er gerð fyrir Landsvirkjun í september 1981.
Þá liggur fyrir skýrsla frá Commodity Research Unit: "The Cost of Electric Power to Aluminium Smelters" frá marz 1982.

Báðar þessar skýrslur gefa ýmsar mikilvægar upplýsingar og er eftirfarandi að miklu leyti byggt á þeim.

Chase Econometrics gefur upp eftirfarandi sundurliðaðan framleiðslukostnað í ýmsum löndum.

Tafla 4.1

Kostnaður við álframleiðslu í nokkrum álframleiðslulöndum
(Bandaríkjadollarar/tonn á verðlagi 1980)

	Banda-ríkin	Kanada	Ástra-lía	Noreg-ur	lönd við Araba-flóa	Brasi-lía	Vene-zúela	Japan
A Rekstrar-kostn								
Hráefni	562	562	519	581	571	573	579	570
Raforka	421	204	262	145	230	233	145	728
Vinnuafl	91	85	88	146	100	90	80	78
Annað	150	150	153	158	185	166	170	135
Restrark. samtals:	1224	1001	1022	1030	1087	1062	974	1511
B Fjár-festingar-kostn:	402	402	442	442	462	462	482	375
C Heildar-framleiðslu-kostn:	1626	1403	1464	1472	1559	1524	1456	1886
D Flutnings-kostn:	55	55	100	33	66	55	55	88
E Heildar-kostn:	1681	1458	1564	1505	1625	1579	1511	1974

(Heimild: Chase Econometrics)
Aths: Miðað er við flutningskostnað á Evrópumarkað.

Til samanburðar má líta á rekstrarkostnað ISAL eins og Chase Econometrics hefur tekið hann saman fyrir árið 1980.

Tafla 4.2
Rekstrarkostnaður ISAL 1980

Kostnaðarliður	$/t
Hráefni	503
Rafskaut	253
Raforka	108
Vinnuafl	211
Annað	178
Stjórnun	31
Alls	1284

Heimild Chase Econometrics samkvæmt ársskýrslu ISAL.

Við samanburð á töflu 4.1 og töflu 4.2 verður að hafa eftirfarandi í huga.

a) Hráefniskostnaður erlendis er samanlagður kostnaður við kaup á súráli og hráefni til rafskautagerðar.

b) Hluti vinnuaflsins við erlendar verksmiðjur starfar að rafskautaframleiðslu.

c) Á árinu 1980 stóð ISAL í uppsetningu dýrra hreinsitækja og kann þetta að vera nokkur skýring á hinum háa vinnuaflskostnaði sem og stjórnunarkostnaði.

Sé nú litið nánar á töflu 4.1 sést, að breytileiki hinna ýmsu liða er mjög misjafn. Hráefniskostnaður er frá 560 til 580 $/tonn, nema í Ástralíu þar sem hann er 519 $/tonn. Samkvæmt CRU er dreyfingin heldur meiri eða sem hér segir miðað við súrál eingöngu.

Tafla 4.3
Samanburður á kostnaði súráls til álbræðslna í US$/tonn af áli (verðlag 1981)

Norður Ameríka	447	$/tonn
Evrópa	472	-
Ástrálía-Nýja-Sjáland	380	-
Austur Asía	487	-
Miðausturlönd	451	-
Suður og mið- Ameríka	460	-
Afríka	444	-

Hér er breiddin heldur meiri en Chase áætlar eða um 40 $/tonn fyrir önnur lönd en Ástralíu sem er rúmum 60 $/tonnum lægri en næsta. Til samanburðar, þá breytir hækkun raforkuverðs um 2,5 mill heildarkostnaði um 40 $/tonn.

Breytileiki flutningskostnaðar frá bræðslu á Evrópumarkði vegur að töluverðu leyti upp á móti breytileika í hráefniskostnaði, enda líklegt, að flutningskostnaður súráls sé meginástæða mismunandi hráefniskostnaðar. Því var reynt að áætla, hve mikið þyrfti að breyta raforkuverði hér á landi til að vega upp á móti breytilegum flutningskostnaði súráls í bræðslu að viðbættum flutningskostnaði þaðan á markað. Chase Econometrics telur meginskýringuna á breytilegu verði súráls liggja í flutningskostnaði og er hann því áætlaður út frá þeim mismun á súrálsverði sem Chase sýnir. Í sömu skýrslu má finna áætlanir um kostnað við að koma hrááli á markað. Niðurstöðuna má sjá í eftirfarandi töflu.

Tafla 4.4

Lauslega áætluð áhrif flutningskostnaðar á samkeppnisfært raforkuverð til álbræðslu á Íslandi í mill/kWh. Tölur innan sviga merkja lækkun.

Markaður	Evrópa	N-Ameríka	Japan
Noregur	0	0,5	0
Kanada	2	(0,5)	(1,5)
Ástralía	(0,5)	(1)	(4,5)
Brasilía	.0,5	0,5	0
Japan	2	2	(3)

Ef tekið er mið af súrálskostnaðartölum CRU, gæti staða Ástralíu átt að batna um 2 mill miðað við Evrópulönd.

Ef litið er á hráefniskostnað ISAL, eins og Chase hefur áætlað hann, er hann býsna hár. Mestu munar um kostnað vegna rafskautakaupa, en hráefni til þeirra er innifalið í hráefniskostnaði í töflu 4.1. Upphaflega var aðeins gert ráð fyrir 30.000 tonna álbræðslu í Straumsvík og var hún þá talin of lítil til að bera eigið anóðuverkstæði, en nú stendur þarna 88.000 tonna álbræðsla og er þá orðið meira álitamál, hvort ekki borgi sig að setja eigið rafskautaverkstæði við bræðsluna. Í því sambandi er fróðlegt að líta á stærðardreifingu álbræðslna. Í skýrslu CRU er getið um 131 álbræðslu og er meðalframleiðslugeta þeirra um 106.000 tonn/ár. Þær má flokka eins og eftirfarandi tafla sýnir.

Tafla 4.5

Stærðarflokkun álbræðslna utan sósíalískra ríkja

Ársframleiðsla	Fjöldi
0-60.000 tonn/ár	37
60-120.000 tonn/ár	47
120-180.000 tonn/ár	28
180.000 tonn/ár	19
Alls	131

Eins og sést, er álverið í Straumsvík af mjög algengri stærð og því ætti það atriði ekki að koma í veg fyrir góða arðsemi eigin rafskautaverkstæðis.

Við samanburð á töflum 4.1 og 4.2 sést, að vinnuaflskostnaður er hár hjá ISAL, en ætti þó að vera fremur lágur, þar sem þeir kaupa öll rafskaut tilbúin. Þetta kann að stafa af því, að á árinu 1980 var ISAL að setja upp hreinsitæki í verksmiðjunni, en þetta atriði þyrfti að skýra nánar.

Mismunur fjárfestingarkostnaðar milli einstakra landa verður ekki skýrður hér, enda eru raunvextir breytilegir frá ári til árs, en bent skal á að safna þyrfti upplýsingum um kröfur til mengunarvarna í einstökum löndum og áhrif þeirra á stofn- og rekstrarkostnað.

Sá liður sem tekur mestum breytingum er raforkuverðið, en um það fjallar CRU skýrslan að mestu leyti. Samkvæmt CRU er meðalnotkun og -verð raforku á hinum ýmsu svæðum sem hér segir.

Tafla 4.6

Meðalnotkun og -verð á raforku (verðlag 1981)

Svæði	Orkunotkun kWh/tonn	Verð mill/kWh	Kostnaður $/tonn
N-Ameríka	17477	18,2	318
V-Evrópa	16669	20,3	338
Ástralía-N.Sjáland	16678	9,4	157
Austur Asía	14948	65,4	978
Miðausturlönd	16700	13,5	225
Mið og S-Ameríka	17348	10,0	173
Afríka	16487	8,5	140
Ísland	15883 1)	6,5	103

1) Chase uppúr ársskýrslu ISAL 1980.

Samkvæmt þessu nota álver í Evrópu til jafnaðar 5% meiri orku til framleiðslu á hverju tonni áls en ISAL notar. Það er einnig fróðlegt að líta á dreifingu orkukostnaðar eins og CRU sýnir hann eftir framleiðslumagni.

Tafla 4.7A

Dreifing orkukostnaðar á álbræðslur

Verðflokkur mill/kWh	Framleiðslugeta í verðflokki	
	1000 tonn/ár	%
Undir 10	3973	29,1
10 - 20	2896	21,3
20 - 30	3689	27,0
Yfir 30	3084	22,6
	13642	100,0

Vegna mikilvægis Noregs sem samkeppnisaðila er hér birt samskonar sundurliðun fyrir orkuverð til stóriðju frá norsku ríkisorkuverunum, unnin upp úr töflu 4.10 og bætt við raforkuskatti (2,2 Naur/kwh) þar sem við á. Þá er einnig sýnt í töflunni þær breytingar sem hafa orðið frá því tafla 4.10 var gerð 1/1-'81 til 1/7-'82, en þar er bæði um að ræða verðbreytingar og gengisbreytingar.

Tafla 4.7B

Dreifing orkuverðs til stóriðju í Noregi 1/1-1981 og 1/7-1982

Verðflokkur mill/kWh	Orkusala í verðflokki 1/1-1981		1/7-1982	
	GwHr/ár	%	GwHr/ár	%
Undir 5	0	0	0	0
5 - 10	5845	45	5065	42
10 - 15	4770	36	4550	38
15 - 20	1726	13	2476	20
Yfir 20	750	6	0	0
	13091	100	12091	100

1981 var hámark 20,9 mill,lágmark 7,9 mill og meðaltal 11,4 mill.
1982 " " 19,0 " " 6,5 " " " 10,8 "

Hlutur álbræðslna í ofangreindri orkusölu ríkisorkuveranna er um 6850 gwHr/ár (rúm 400000 tonn/ár, en norsk álver eru alls u.þ.b. 700000 tonn/ár) og meðalverðið til þeirra var 10,8 mill báða þessa daga.

Mjög lágt orkuverð, 10 mills eða lægra, er við líði bæði í þróunarlöndum og hinum þróuðu ríkjum. Tafla 4.11 sýnir þetta nokkuð, en tölurnar þar um nýtt orkuverð eru byggðar á mjög grófum almennum áætlunum og ekki tekið tillit til sérstakra staðhátta. Í þróuðu ríkjunum má rekja upphaf hins lága orkuverðs til þess, að yfirleitt var samið um afhendingu frá ákveðnu orkuveri, gjarnan vatnsorkuveri og verðið fundið út frá framleiðslukostnaði þess. Orkuverðið hefur ekki verið metið upp með verðbólgu, enda tíðkuðust þegar flestir þessara

samninga voru gerðir löng lán með föstum vöxtum. Þar sem slíkir samningar hafa verið gerðir, hefur allsstaðar verið mikil hreyfing í þá átt að færa verðið meir í átt til og binda við meðalframleiðslukostnað frá viðkomandi orkuöflunarkerfi og nýir samningar eru gerðir annaðhvort á þeim forsendum eða miðað við kostnaðinn af að stækka kerfið. Forsendur fyrir breytingunum eru yfirleitt þær, að með því að halda í hina gömlu samninga sé viðskiptavinum orkuöflunarfyrirtækjanna mismunað óhóflega. Gangur mála virðist stundum vera sá, að hið opinbera setur lög eða gefur orkuöflunarfyrirtækjum fyrirmæli sem banna slíka mismunun. Með þetta að bakhjarli reyna orkuseljendur síðan að neyða álfyrirtækin til að endurnýja samningana.

Þeirri þróun sem að ofan er lýst, er að mestu leytið lokið meðal hinna þróuðu ríkja og álverin kaupa nú orku á gjaldskrá eða verðtryggða með raunverulegum framleiðslukostnaði, þar sem eldsneytiskostnaður er snar þáttur. Í Massena Bandaríkjunum eru þó enn tvö álver (í eigu Reynolds og ALCOA) sem fá orku við mjög lágu verði frá virkjunum PASNY við Niagara, á 4,5 og 7,5 mills árið 1981. Voru þeir samningar endurnýjaðir og verðið hækkað í það sem að framan greinir árið 1981 og gilda til ársins 2003. Samkvæmt samningunum munu þessi verð hækka á seinni hluta áratugarins upp í 16 mill á verðlagi 1981. (Skv. CRU)

Í Ástralíu og Nýja Sjálandi virðist þessi þróun í fullum gangi, en upplýsingar um samninga og útfærslu þeirra í þeim löndum eru oftast trúnaðarmál. Í Noregi var þróunin komin vel á veg, en hefur nú stöðvast a.m.k. í bili. Orkuverð til álvera í Noregi er sýnt í töflu 4.10 og 4.7B. en það hækkaði nú 1. júlí til sumra álvera, en á móti hefur Norska krónan lækkað gagnvart dollar.
Kanada hefur nokkra sérstöðu, en stærsti álframleiðandinn þar, Alcan, fær orku frá eigin vatnsaflsstöðvum sem eru allar komnar nokkuð til ára sinna. Hinsvegar stendur styrrinn þar milli fylkja. Hydro Quebeck kaupir nú á langtímasamningi orku fra Churshill Falls orkuverunum á 2 mills, en þeir sem eiga meirihluta hlutabréfa í virkjununum, Labrador Hydro og fylkið Nýfundaland, reyna að fá verðið hækkað. Á sama tíma hefur fylkisstjórn Quebeck mælt svo fyrir, að Quebeck Hydro skuli selja orku á verði sem er 15% lægra en nemur kostnaði við orkuvinnslu með olíu.

Í Latnesku Ameríku er Venezuela með orkuverð sem er líklega nálægt 5 mills og hefur orkusali leitað heimilda fyrir hækkun. Í Surinam er umsamið verð 5 mills og Brasilía býður upp á 10 mills á sérstökum þróunarsvæðum.

Í Afríku var Ghana 1981 með orkuverð 4,8 mills sem hækkar í 11,5 mills 1982. Í Zaire er áætlað að selja orku frá Inga-virkjuninni á 7,2 mills og í Kamerún er verðið 10 mills.

Í Indónesíu er Asahan virkjunin fjármögnuð með japönsku láni til 30 ára með 3,5% vöxtum og áætlað að selja orku frá þeirri virkjun á 10 mills.

Eins og sést af þessari upptalningu bjóðast enn hagstæðir samningar í þróunarskyni, en stundum liggur eitthvað annað á bakvið hagstætt orkuverð eins og virðist vera í Indónesíu.

Eftir því sem næst verður komist, var meðalverð raforku stærstu álframleiðendanna sem hér segir.

Tafla 4.8
Meðalorkuverð til stærstu álframleiðenda

Félag	Aðalframleiðslusvæði	Verð mills/kWh
ALCAN	Kanada	11
REYNOLDS	USA	18
ALCOA	USA	18
KAISER	USA	20
ALUSUISSE	Evrópa (Sviss)	22
PECHINEY	Evrópa (Frakkland)	24

Ef litið er á nýjar álbræðslur, áætlar CRU verð til þeirra eins og hér segir.

Tafla 4.9

Meðalorkuverð til nýrra álbræðslna

Svæði	Staður	Meðalverð mills/kWh
Asía	Asahan, Indónesía	10
Bandaríkin	Umatilla	20
Kanada	Quebeck	16
	Nýfundnaland	20
Evrópa	Piteau, Svíþjóð	16
Latn.Ameríka	Brasilía, sérstök þróunarsvæði	10
	Brasilía, önnur svæði	17
Ástralía	Ástralía,Nýja Sjáland	17
	Portland, Victoria	25

Taflan hér að ofan er miðuð bæði við nýgerða samninga og fyrirliggjandi tilboð og þarfnast sumar tölurnar nokkurra skýringa, en nýlegri upplýsingar úr ýmsum áttum virðast sýna, að sumstaðar eru breytingar þegar á orðnar.
Talan fyrir Quebeck er samkvæmt samningi við Reynolds og mun nafnverðið hækka um 14% á ári fyrstu fimm árin, en hækka með verðbólgu um allt að 10% á ári næstu 10 ár þar á eftir. Síðan verður verðið hækka upp í gjaldskrárverð í þrepum ef þarf.
Hin nýja álbræðsla í Piteau í norður Svíþjóð sem Granges hefur nýlega tilkynnt að muni rísa á áratugnum, mun ekki þurfa að greiða orkuskatt á við annan iðnað þar í landi fremur en hin álbræðsla fyrirtækisins, en hann var u.þ.b. 5 mill.
Fréttir hafa nýlega borist frá Brasilíu um nýjan samning upp á 5 mill, en nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir.
Orkusamningar í Ástralíu eru oft trúnaðarmál, en CRU upplýsir, að meðalverð til álbræðslna í gangi hafi verið 12 mill 1981, en 20 mill til væntanlegra bræðslna. (Nýja-Sjáland meðtalið)

Statskraftverkene
Produksjonsavdelingen
HB/SP

TAFLA 4.10

Statskraftverkenes kontrakter med kraftkrevende industri

(Priser pr. 1. jan. 1981)

Avtaker	Leveringssted og spenning (kV)	Fastkraft-kvantum MW	Fastkraft-kvantum GWh/år	Kvantum GWh/år	Någjeldende pris øre/kWh	Varighet	Utløper
1 A/S Rjukanfos	Glomfjord 14,5	110	610		a) 2,66	60 år	2007
2 A/S Rjukanfos	Mår 123/144	48	335		Selvkostende + 2%	50 år	1998
3 A/S Årdal og Sunndal Verk	Aura 12/132	231,5	1650	1250	b) 1,880	50 år	2006
				600	c) 2,956 + 17 %		2004
	Aura 132	22,5	160	160	f) 8,646 + 12 %	20 år	1996
4 A/S Norsk Jernverk	Svabo 126	255	1800		b) 1,880 + 17 %	50 år	2005
5 Mosjøen Aluminiumverk	Mosjøen 132	187,2	1500	750	b) 1,880 + 17 %	50 år	2007
				190	c) 2,956 + 17 %		2007
				560	c) 2,956 + 17 %		2007
		12,5	100	100	f) 8,646 + 10 %	20 år	1996
6 Sør-Norge Aluminium A/S	Husnes 300	181	1250		c) 2,956 + 17 %	40 år	2006
7 A/S Ila og Lilleby Smelteverker	Strinda 60			160	c) 2,956 + 25 %	40 år	2004
	Ilen 132	20	160	160	c) 2,956 + 17 %	40 år	2004
		16,4	131	131	f) 8,646 + 12 %	20 år	1996
8 Orkla Industrier	Orkdal 123	18,8	150		c) 2,956 + 17 %	40 år	2004
9 A/S Meraker Smelteverk	Ekrum 132	15	120	120	c) 2,956 + 17 %	40 år	2007
		16,25	130	130	f) 8,646	20 år	1996
10 A/S Rjukanfos	Sauda 275	(120)	(1000)		c) 2,956 + 17 %	n)	
11 A/S Årdal og Sunndal Verk	Lefdal 275	78	625		f) 8,646 + 9 %	20 år	1996
12 Lista Aluminiumverk				600	c) 2,956 + 18,5 %	40 år	2011
	Lista 275	188	1500	900	e) 2,2 + 13,5 %	40 år	2011
13 K/S A/S Fesil-Nord & Co	Bardufoss 132	15	120	120	d) 3,404	50 år	2010
		20,5	165	165	f) 8,646 + 15 %	20 år	1996
14 Tinfos Jernverk A/S	Kvd 132	32,5	150	150	c) 2,956 + 25 %	40 år	2002
			100	100	f) 8,646 + 12 %	20 år	1996
		12,5	100 g)	100	f) 8,646 + 25 %	20 år	1996
15 Odda Smelteverk A/S	Oksla 275	16,25	130		f) 8,646 + 8 %	20 år	1996
16 Norzink A/S	Oksla 275	15	120		f) 8,646 + 8 %	20 år	1996
17 Norsk Hydro A/S (Bamble)	Porsgrunn 132	62,5	500		f) 8,646 + 25 %	20 år	1996
18 K/S Orkla Exolon A/S & Co	Orkdal 66	8,8	70	70	c) 2,956 + 25 %	20 år	1996
		3,8	30	30	f) 8,646 + 16 %	20 år	1996
		1,9	15 g)	15	f) 8,646 + 16 %	20 år	1996

a) Indeksreg. når engrosprisindeksen (1977 = 100) blir 139
b) " 1. juli 1985 og deretter hvert 10. år
c) " 1. juli 1982 og deretter hvert 5. år
d) Indeksreg. 1. juli 1985 og deretter hvert 5. år
e) Prisen gjelder til 30. juni 1992.
f) Prisen er inkl. el.avgift for tiden 2,2 øre/kWh og indeksreg. for øvrig hvert år fra 1. januar.
g) Fastkraft med avbruddsklausul.
n) Kontrakten nedtrappes og opphører 1. juli 1981.

Oslo, 5. februar 1981

TAFLA 4.11

Table III.15: COST OF ELECTRIC POWER AT ALUMINUM SMELTERS
(US mills 1980/kilowatt hour)

	Existing low cost	Possible low cost for new smelters
United States West	20/b	-
United States East	24	-
Canada West	4	30
Canada East	4	30
Jamaica	-	-
Central America/Carribbean	-	20
Guyana	-	20/c
Suriname	4.5/d	30
Brazil	20	20
Argentina	8	30
Venezuela	26/e	30
Western Europe	8 - 20	-
Eastern Europe	20	-
Asian USSR	20	20
Oceana	10 - 12	20
ASEAN	-	12 - 20/f
Korea/P. Taiwan	-	[illegible]
China	20	20
Japan	20	-
India	20	30
Rest of Asia	20	30
Middle East	3	20
Northern Africa	20	20
Ghana/Other West Africa	4.8 - 10/g	17 - 20
Guinea	-	18 - 20
Zaire	-	6/h
Rest of East Africa	-	-
South Africa	20	-

/b Bureau of Mines, U.S. Department of the Interior, "Minerals and Materials--a Monthly Survey," July 1981, Washington, D.C., page 2.

/c IBA Review, September 1977, p.g. cites from 5-6 to 10 mils/kWh.

/d According to the Brokgrando Agreement between the Surinamese Government and Suralco.

/e Metal Bulletin, February 17, 1981, p. 15.

/f Metal Week, January 19, 1981, mentions that power from Asahan River will cost US mills 12/kWh.

/g Ghana US mills 4.8/kWh, Cameroon US mills 10/kWh.

Source: See footnotes. Electricity generated with flamed gas considered at US mills 20/kWh, hydroelectricity priced at US mills 20/kWh for high head rivers and at US mills 30/kWh for low head rivers.

5 VERÐTRYGGINGAR O.FL.

5.1 Almennir verðtryggingastuðlar

Engin leið er að setja upp almenna verðtryggingarformúlu sem bætir alla hluti, en til að mynda sér einhverja skoðun um málið er eftirfarandi sett fram.

P = PO x L

þar sem : L er reiknað út frá stuðlunum LB, LR, LF, LG, og LA

P = reiknað verð
PO = upphaflegt verð
LB = leiðréttingarstuðull vegna verðbólgu
LR = -"- -"- virkjunarkostnaðar
LF = -"- -"- fjármagnskostnaðar
LG = -"- -"- gengisbreytinga
LA = -"- -"- áhættu viðskiptavina

L gæti t.d. verið reiknað sem vegið meðaltal af einum eða fleiri af stuðlunum LB, LR eða LG og allt margfaldað með LFxLA.

Formúlan tekur hvorki tillit til eldsneytskostnaðar né annars reksturs og viðhalds, enda miðuð við kerfi eins og okkar, þar sem fjármagnskostnaður er ráðandi þáttur. Hér á eftir verður reynt að gera lítillega grein fyrir hverjum lið fyrir sig, en tekið er fram, að þau skýringardæmi sem fram eru sett, ber ekki að skoða sem mótaðar tillögur að einu eða öðru leyti.

Sem dæmi um verðbreytingar er tekin hækkun á verði sem var 2,5 mill = 22.2 aur/kwh árið 1969.

Upphaflegt verð PO er það verð sem samið er um í upphafi og seinni stafurinn ,O, í tákninu PO merkir, að verðið á við þann tíma sem samningurinn er gerður á, eða annan þann tíma sem um er getið í samningnum.

Leiðréttingarstuðull vegna verðbólgu LB er til að tryggja söluaðila gegn rýrnandi kaupmætti þess gjaldmiðils sem viðskiptin eru miðuð við. Sem trygging gegn almennri verðbólgu er oft notuð vísitala framfærslukostnaðar (LCI=Living Cost Index) og yrði þá LB=LCI/LCIO, þar sem O-ið táknar að talan á við sama tíma og PO.

Dæmi: Hækkun með visitölu framfærslukostnaðar á Íslandi gæfi nú 10,0 aur/kwh eða 9,1 mill.

Leiðréttingarstuðull vegna virkjunarkostnaðar LR er til að tryggja söluaðila gegn breytingum í byggingarkostnaði mannvirkja, í stað eða umfram þá leiðréttingu sem fæst með tryggingu gegn hinni almennu verðbólgu. Slík verðtrygging er eðlileg, ef söluaðili fæst eingöngu við

byggingu og rekstur orkuvera Varðandi þennan stuðul hafa verið uppi þrjú meginsjónarmið.

A) Orkan til uppfyllingar viðkomandi samnings kemur frá ákveðnu orkuveri. Þær vísitölur sem eðlilegt væri að miða við væri metið endurnýjunarverð virkjunarinnar, vísitala virkjanakostnaðar eða jafnvel vísitala byggingarkostnaðar.

Dæmi: 1) Hækkun með innlendri byggingavísitölu gæfi 11,2 aur/kwh = 10,2 mill.
2) Hækkun með Bandarískri vísitölu (CCI) gæfi 7,5 mill =8,2 aur/kwh, en þetta er nálægt 1% af álverði. (Sjá einnig vísitölur á mynd 10)

B) Orkan til uppfyllingar viðkomandi samningi kemur frá ákveðnu kerfi. Vegna þess að yfirleitt eru hagkvæmustu virkjanirnar byggðar fyrst, mundi verðtrygging samkvæmt lið A) ekki endurspegla framleiðslukostnað kerfisins. Eðlilegra væri að reikna með endurnýjunarkostnaði alls kerfisins deilt með heildarorkuvinnslugetu sem vísitölu.

Dæmi: Orkan frá Búrfelli, Sigöldu og Hrauneyjafossi er að meðaltali 25% dýrari (ágiskuð tala miðað við fast verðlag) en orkan frá Búrfelli einu. Dæmi 1) úr lið A) hér á undan gæfi 14 aur/kwh = 12,7 mill.

C) Til að geta haldið áfram að uppfylla viðkomandi samning í viðbót við hinn sívaxandi almenna markað sem skyldugt er að uppfylla, verður sífellt að byggja nýjar virkjanir, fyrr en ella hefði orðið. Hægt er að taka tillit til þessa sjónarmiðs, hvort sem er í upphaflegu verði eða í verðtryggingarformúlu.með því að miða við það sem Norðmenn nefna "Langtidsgrensekostnad" Þetta fyrirbrigði má skilgreina sem meðalverð á orkueiningu frá þeim virkjunum sem verið er að byggja í landinu í nánustu framtíð. Sem vísitölu má einnig nota verð á orkueiningu frá síðustu byggðu virkjun.

Dæmi: Orka frá Hrauneyjafossi er 32% (ágiskað) dýrari en orkan frá Búrfelli einu. Dæmi 1) í lið A) hækkar í 14,8aur/kwh = 13,4 mill.

Leiðréttingarstuðull vegna fjármagnskostnaðar, LF. Vextir, hvort sem er nafnvextir eða raunvextir af lánsfé eru misjafnir í tímans rás og eðlilegt, að samningsaðilar leiðrétti orkuverð á hverjum tíma í samræmi við það. Til að reikna út vísitölu þarf fyrst að koma sér saman um viðmiðunarvexti sem gætu verið til dæmis útlánsvextir svissneskra banka að viðbættum lántökukostnaði reiknuðum sem álag á vexti og að frádreginni verðbólgu í Sviss. Eða það má taka vegið meðaltal af vöxtum frá mörgum bönkum af fjármagni í mörgum myntum reiknað á sama hátt. Með þeim raunvöxtum má síðan reikna afborgunarhlutfall af annuitetsláni (a) miðað við einhvern meðalafskriftatíma mannvirkja í orkuframleiðslukerfinu. Þá er LF=a/a0. Ef þessi leiðrétting kemur í viðbót við LR, er ekki rétt að taka vexti á byggingartíma með í kostnaðaráætlunum, þegar LR er reiknað.

Dæmi: Raunvextir hækka frá 3% í 3,5%. Miðað við afskriftatímann 33 ár þarf orkuverð að hækka um 4,983/4,645 eða 6,6%. Ef fremur væri miðað við t.d. 20 ára samningstíma þyrfti hækkunin að vera minni, eða 6,798/6,526 = 4,2%, enda væri grunnverðið þá hærra.

Leiðréttingarstuðull vegna gengisbreytinga. LG. Skráning mynta innbyrðis sveiflast oft upp og niður, þegar til skemmri tíma er litið án tengsla við verðþróun í viðkomandi löndum. Í vissum tilfellum getur þetta leitt til óhagræðis fyrir annann aðilann að orkusamningi, en hér er um allflókin mál að ræða og verður ekki sýnt hér hvernig hægt er að leiðrétta verð vegna þessara breytinga, en eins og með LF-stuðulinn verður aðili með sérþekkingu á þessu sviði að koma til.

Dæmi: Mismunurinn á útkomunni úr dæmum 1) og 2) í lið A) þar sem fjallað er um leiðréttingu vegna virkjunarkostnaðar sýnir vel þann mismun sem getur þurft að jafna.

Leiðréttingarstuðull vegna áhættu viðskiptavinar, LA. Þátttaka orkusala í markaðsáhættu orkukaup getur verið eðlileg ráðstöfun í þá átt að tryggja jafnari orkukaup og nýtingu orkuöflunarkerfisins, sem og um leið atvinnuöryggi þeirra manna sem starfa hjá orkukaupa. Ef verið er að selja álveri, mætti hugsa sér að nota sem vísitölu skráð verð á áli (ALCAN-verð) og deila í það með einhverri kostnaðarvísitölu (t.d. "Construction Cost Index) til að fá raungildi söluverðs. Sé slík leiðrétting notuð, verður að slá þann varnagla að verði lækkun á framleiðsluvörunni vegna tæknilegra framfara í viðkomandi iðnaði, skuli leiðréttingin endurskoðuð eða nýir samningar gerðir. Þá má einnig setja bæði efri og neðri mörk á þessa leiðréttingu, eða taka aðeins tillit til hennar að hluta.

Dæmi: Hlutfallið milli skráðs heimsmarkaðsverðs og CCI í Bandaríkjunum var árið 1969 jafnt og 0,468, en er nú 0,464. Þetta gæfi lækkun vegna breytinga á raunvirði áls um 0,9%.(Sjá einnig þróun álverðs og vísitalna á mynd 10)

5.2 Önnur atriði

Hér að framan hefur verið fjallað um ýmsa þætti verðtryggingar sem lúta að áhættum vegna fjárfestinga. Eftir er að fjalla um aðra þætti sem beinlínis hafa áhrif á umsamið verð eða varða afkomuöryggi samningsaðila gagnvart ófyrirsjáanlegum atvikum, sem ekki falla undir ákvæði um óviðráðanleg öfl. ("force majeur")

Gjaldskrártrygging. Ótalin er sú leið, að tryggja samningsbundið verð í samræmi við söluverð til almenningsveitna, þ.e.a.s. gjaldskrárleiðin. Slík verðtrygging kemur þá í stað allra þeirra stuðla sem um getur hér að framan, annarra en áhættu orkukaupa og mætti taka tillit til þess liðar á sama hátt eftir sem áður. Gjaldskrárleiðin felur það einnig í sér, að verðið hækkar eftir því sem fjárþörf orkusala vex og koma þá inn í dæmið eftirfarandi áhættuliðir frá sjónarmiði orkukaupa.

- hröðun uppbyggingaráforma.
- hlutfallsleg hækkun eiginfjármögnunar.
- léleg stjórnun o.fl.

Dæmi um útfærslu á gjaldskrárverði með áhættuþáttöku er sýnt í kafla 6 þar sem fjallað er um samningana við ISAL og á mynd 12.

Olíuverðtrygging. Oft er rætt um að verðtryggja með viðmiðun við orkuverð erlendis og miða þá jafnvel við olíuverð. Þegar rætt er um hækkanir á olíuverði er rétt að hafa það í huga, að hér er ekki um að ræða hækkanir vegna aukins vinnslukostnaðar. Hér er því fremur um að ræða einskonar auðlindaskatt þótt formið kunni að vera mismunandi. Full ástæða er til að athuga hvort hægt sé að taka slíkt upp hér, en verðtrygging með olíuverði er aðeins ein af mörgum leiðum að því marki.

Kauptryggingar. Þátttaka í markaðsáhættu orkukaupa þjónar vissulega þeim tilgangi að jafna orkukaup og tryggja atvinnuöryggi eins og áður er á minnst, en í samningum okkar við erlenda samstarfsaðila um stóriðjurekstur hefur einnig verið farin sú leið að setja inn lágmarkskaupaákvæði. Ástæða er til að benda á, að þessi ákvæði hafa í för með sér verulega tryggingu fyrir orkuseljanda. Með kauptryggingu yrði orkukaupandi þó að sætta sig við lægra orkuverð. > .<Segja má að gjaldskrárleiðin, ef um er að ræða bæði afl og orkugjald, feli í sér orkukaupatrggingu, því orkukaupi þyrfti þá að loka verksmiðju sinni a.m.k. í heilt almanaksár til þess að losna undan aflgjaldinu.

Skerðing orkuafhendingar. Orkuvinnslu úr fallvötnum fylgir sú áhætta, umfram aðra orkuvinnslu, að orkugjafinn, þ.e. vatnið, getur að einhverju leyti brugðist svo annað hvort verði að skerða afhendingu eða grípa til annarra mun dýrari orkugjafa, svo sem olíu. Breytileiki rennslis í flestum ám hér á landi er slíkur, að þessi áhætta verður ekki nákvæmlega metin þannig að samningsákvæði, sem heimila skerðingu til stórra orkukaupenda við erfiðar rennslisaðstæður geta hlíft almenningi og viðkvæmari iðnaði við orkuskorti, jafnframt því sem þau vernda orkusala gegn kostnaðarsömum olíukaupum eins og reynsla undanfarinna ára sýnir.

Einhliða skerðingarákvæði eins og gilda um afgangsorku fela í sér vissa áhættu fyrir orkukaupa, en sú áhættutaka er gjarnan launuð með mjög lágu orkuverði. Hugsanlegt væri að gera samning við stórkaupanda um skerðingarheimildir, sem fælu í sér refsiákvæði, sem lækkaði meðalverð, ef orkusali gripi til skerðingar í stað þess að semja um hreina afgangsorkusölu eins og nú er er gert hér. Slík ákvæði eru þó vandmeðfarin og gætu jafnvel verkað sem hvatning fyrir orkukaupa til að nota sem mesta orku á erfiðleikatímum svo orkusali neyddist til að grípa til skerðingar fyrr en ella. Því er nauðsynlegt að vega þarna uppá móti með öðrum ákvæðum, svo sem að slíkum refsiákvæðum fylgdu önnur ákvæði sem verkuðu hvetjandi á orkukaupa í þá átt að hann nýtti sem mesta orku yfir sumartímann, þegar rennsli er í hámarki. Til greina kæmi þá að setja inn árstíðabundið verð, en einnig er hugsanlegt að semja um margvísleg afbrigði frá gjaldskrá til að tryggja þessa hluti sem best. Rétt er að taka fram, að ákvæði um árstíðabundið verð eru að öðru leyti óháð skerðingarákvæðum og gætu einnig verið æskileg ein út af fyrir sig.

6 UM FORSENDUR RAFORKUSAMNINGS VIÐ ISAL OG BREYTINGAR Á ÞEIM

Samninga milli ISAL og Landsvirkjunar verður að skoða í samhengi við samninga ISAL og hins íslenzka ríkis, þar sem samningar þessir voru allir gerðir í einu, í samhengi og voru forsenda hver fyrir öðrum.

Eftir því sem næst verður komist, voru meginforsendur fyrir ákvæðum þessara samninga einkum tvær.

F1) Samanlögð útgjöld ISAL vegna orkukaupa, framleiðslugjalda og markaðskostnaðar (þ.e. farmgjöld og aðflutningsgjöld á markað) skyldu eigi vera hærri en hjá keppinautum.

F2) Raforkuverð skyldi miðast við framleiðslukostnað í þeirri virkjun sem í upphafi tengdist stóriðjuverinu. (Hér Búrfellsvirkjun) Forsenda F2) var á þessum tíma, að því er virðist almennt notuð við gerð svipaðra samninga hvar sem er í heiminum.

Hér verður að nefna þriðju forsenduna sem lá til grundvallar velflestum samningum sem gerðir voru um fjármálaleg efni bæði hérlendis og erlendis á þeim tíma og orða má svo.

F3) Peningar eru föst verðmæti.

Þessa síðustu forsendu má frekar kalla venjubundinn hugsunarhátt og breyttist það viðhorf mjög í kjölfar heimsverðbólgunnar sem fylgdi olíukreppunni fyrri. Þó að brottfall þessarar forsendu hafi valdið endurskoðun sölusamninga, þá olli það ekki uppsögn lánasamninga þó svo að í mörgum væri miðað við fasta vexti. Af þeim orsökum hefur orðið viss verðbólgugróði af þeim lánum sem veitt voru til langs tíma og byggð á þessu sjónarmiði F3).

Við hinar nýju aðstæður koma í ljós alvarlegir gallar á forsendu F2) því hún leiðir til óviðunandi mismununar á milli viðskiptavina orkusala. Því hafa orkuöflunarfyrirtæki og ríkisstjórnir sett fram önnur sjónarmið, fyrst:

F4) Raforkuverð skal miðast við meðalkostnað á framleidda orkueiningu á hverjum tíma, og síðan

F5) Raforkuverð endurspegli eingöngu kostnað við öflun viðbótarorku.

Ein helzta breytingin sem hefur orðið á undanförnum árum, er sú, að áliðnaðurinn hefur í vaxandi mæli orðið að fallast á sjónarmið F4) í stað F2) og endurskoða eldri samninga í samræmi við það.

Endurskoðun samninganna við ISAL árið 1975 virðist fela í sér fráfall frá sjónarmiðum F2) og F3), en ekki viðurkenningu á sjónarmiðum F4). Aftur á móti er sjónarmið F1) staðfest í þeim viðaukasamningum.

Í inngangi að viðaukasamningnum frá 1975 segir.

"Landsvirkjun og ISAL óska að gera verulegar breytingar á verði fyrir samningsbundið rafmagn til bræðslunnar, með samþykki Alusuisse og ríkissjóðs, í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í orkumálum og á efnahagsástandi í heiminum síðan rafmagnssamningurinn var gerður og til þess að veita kost á aðlögun að síðari þróun með hæfilegri stigbreytingu á verðinu."

Þessi setning úr inngangínum svo og sú staðreynd, að ákvæðum sem skyldu gilda eftir 1994 var ekki breytt, verður vart túlkað á annan veg en þann, að aðilar hafi verið sammála um eftirfarandi:

A) Sú þróun hefur orðið í orkumálum og á efnahagsástandi sem gerir endurskoðun nauðsynlega.

B) Framangreindri þróun er ekki lokið (1975) og því ekki tímabært að forma endanlegan samning.

Síðan 1975 hafa mál þróast þannig, að álver allsstaðar í heiminum, nema þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi, hafa orðið að viðurkenna í reynd sjónarmið F4) að miklu eða öllu leyti. Það er því tímabært að endurskoða samningana við ISAL og innfæra þetta sjónarmið.

Til að tryggja áframhaldandi uppfyllingu grunnforsendu F1) var upphaflega reiknað með að taka mið af bæði orkuverði hjá TVA í Bandaríkjunum og orkuverði til Husnesverksmiðjunnar í Noregi, en aðeins síðari viðmiðunin er nú í samningunum. Síðan hefur orkuverð í Bandaríkjunum hækkað mjög og Íslendingar hafa fengið tollfrjálsan aðgang að álmörkuðum Vestur-Evropu.Þetta atriði er talið veita okkur forskot sem samsvarar nú um 7 til 8 mills/kWh á Evrópumarkaði miðað við Bandaríkin. Full ástæða er til að ætla, að Alusuisse líti þetta atriði sömu augum sbr. skýrslu stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar 14. nóv. 1964, en þar segir.

"Svisslendingar hafa m.a. bent á, að hinir háu tollar Efnahagsbandalags Evrópu geri það óhagstæðara að byggja aluminiumverksmiðju hér á landi. Hafa þeir lýst sig fúsa til þess að ákvæði yrði í samningi, er gerði ráð fyrir hækkun raforkuverðs, ef Íslendingar fengju tollfrjálsan aðgang að þessum mörkuðum með einhverjum hætti.

Þetta ákvæði fékkst þó ekki sett í hina upphaflegu samninga svo ekki er víst, að hægt sé að nota þetta sem rök við endurskoðun nú.

Ástæður þess, að orkuverð til Isal er nú svo lágt sem raun ber vitni, eru einkum þrjár:

1. Orkuverð er aðeins að hluta til verðtryggt. Nú orðið hækkar orkuverð aðeins um 40% af kækkunum skráðs álverðs hjá ALCAN. Þróun álverðs og orkuverðs til Ísal er sýnt á mynd 9.

2. Byggingakostnaður og þar með fjármagnsþörf Landsvirkjunar vex nokkurnveginn í hlutfalli við vísitölu byggingakostnaðar, en skráð álverð er ákveðið í dollurum og hefur frá 1969 fylgt almennri verðþróun í Bandaríkjunum. Gengisþróun dollars hefur á sama tíma verið með þeim hætti, að Bandaríkst verðlag umreiknað á gengi hvers árs hefur ekki fylgt vísitölum hér á landi. (Sjá mynd 10)

3. Þær virkjanir sem komu á eftir Búrfelli hafa verið dýrari á orkueiningu.

Þessar ástæður valda því, að orkuverð til ISAL er nú nálægt 30% af verði gjaldskrár miðað við 8000 stunda nýtingu, en ekki yfir 60% eins og áður var. Mynd 11 sýnir orkuverð til Ísal miðað gjaldskrá og fleira.

Niðurstöður af framanrituðu verða því eftirfarandi:

1) Breyting á orkuverðlagningu og almennu efnahagsástandi í heiminum síðan 1975 hefur verið það mikil, að kominn er tími til að framkvæma nýja endurskoðun á samningi við ISAL.

2) Eðlilegt virðist vera,að halda grunnforsendu F1) og bæði Alusuisse og íslenzka ríkið þurfa að viðurkenna grunnforsendu F4) í verki.

3) Vegna óvissu um frekari þróun, t.d. þeim möguleika að forsenda F5) hljóti almenna viðurkenningu þarf að halda opnum möguleikanum fyrir frekari endurskoðun eftir fá ár.

Nú er fyrirhugað að taka upp samninga við ÍSAL að nýju og fá orkuverðið hækkað. Þarna eru töluverðir hagsmunir í veði og ekki útilokað að um sameiginlega hagsmuni sé að ræða. Það var almennt álitið, að álverið í Straumsvík eins og það í upphafi, væri of lítið til að hagkvæmni stærðarinnar fengi notið sín til fulls. T.d. var það talið of lítið til að réttlæta eigin rafskautasmiðju og vafalítið gætu hafnarmannvirkin og búnaður við þau þjónað mun stærri verksmiðjum. Það gæti því liðkað fyrir samningum og leitt til hærra verðs fyrir raforku til núverandi verksmiðju, ef jafnframt væri samið um verulega stækkun álversins.

Bolmagn Landsvirkjunar til framkvæmda og þar með svigrúm hennar til að sinna auknum orkufrekum iðnaði er m.a. háð verði til núverandi stóriðju. Mynd 3 sýnir áhrif mismunandi mikillar hækkunar á þessu verði á skuldastöðu Landsvirkjunar við ákveðinn uppbyggingarhraða samkvæmt leið S2 (sjá viðbæti A). Sé uppbyggingarhraðinn hafður meiri fyrst í stað eins og í leið L1, leiðir það strax til erfiðari skuldastöðu eins og sést á mynd 5. Þar sést einnig, að skuldastaðan verður erfiðari og uppbygging óhagkvæmari, ef iðnaðaráfangar eru hafðir 1000 GWh/ár í stað 600 (leið S3). Loks verður uppbygging óhagkvæmari, ef tímasetning stóriðjuáfanga er ákveðin án tillits til uppbyggingarþarfa fyrir almennan markað (leið S1).

Þau tengsl sem samkvæmt framansögðu eru milli hækkunar á orkuverði til eldri stóriðju og framkvæmdagetu Landsvirkjunar sem aftur hefur áhrif á möguleika stærð og tímasetningu stóriðjuáfanga, gera það nauðsynlegt að leiða hið fyrsta í ljós að hve miklu leyti hækkun til eldri stóriðju sé háð stækkun þeirra iðjuvera þannig að raunverulegt svigrúm liggi fyrir, áður en frekari iðnaðaruppbygging er ákveðin.

Líklegt er, aðef endurskoðun samninga á að nást, verði að taka tillit til grunnforsendu F1), en ekki er víst,að þá verði forsenda F4) uppfyllt. Líklegt er, að ISAL verði fúsari til samningsendurskoðunar ef

Landsvirkjun sæi sér fært að taka þátt í áhættu, t.d. með því að bjóða tímabunda lækkun orkuverðs þegar áliðnaðurinn er í lægð, á móti tilsvarandi hækkun þegar vel gengur.

Útfærslan á gjaldskrárverði með áhættuþaftöku gæti t.d. orðið sem hér segir, en dæmi er tekið af því, að samið hefði verið við ISAL um fasta prosenttölu af gjaldskrárverði:

Grunnverð til ISAL 1969 (án hins sérstaka álags í upphafi) 2,5 mill/kWh á gengi 88,70 = 22,2 aur/kWh.
Gjaldskrárverð á 8000 stunda nýtingartíma 36,2 aur/kWh.
Hlutfall: Isal greiðir 61,3% af gjaldskrárverði.

Álverð 1969 27 cent/pund= 594 $/tonn.
Construction Cost Index 1969= 1269.
Hlutfall 594/1269= 0,468.

Álverð 1982 er 1750 $/tonn
Construction Cost Index 1982= 3790
Hlutfall 1750/3790= 0,464

Nú er gjaldskrárverð fyrir 8000 stunda nýtingartíma með 5% spennuafslætti 22,4 aur/kWh.

Samkvæmt því yrði verð til ISAL nú

$$22,4x(61,3/100)x(0,464/0,468) = 13,6 \text{ aur/kwh}$$

Þar sem vitað er, að ALCAN-verðið er of hátt skráð nú, mætti hugsa sér að nota LME verð 1100 $/t.

Þá fæst ISAL verð

$$22,4x(61,3/100)x((1100/3790)/0,468)=8,52 \text{ aur/kwh}$$

Með því að fara yfir á LME-verðið, næst það fram, að hækkunin verður mun minni nú meðan álmarkaðir eru í lægð og eins er eðlilegra að miða við Evrópumarkað en Bandaríkjamarkað, þegar af þeirri ástæðu, að ISAL flytur mest alla framleiðslu sína þangað. Hinsvegar þarf þá að finna aðra vísitöluviðmiðun en "Construction Cost Index" frá Bandaríkjunum, þegar finna á raungildi álverðsins. Mynd 12 sýnir hvernig svona verð hefði þróast frá 1969, en áhættuleiðréttingin er miðuð við skráð ALCAN-verð til 1972, en LME-verð síðan. Miðað er við vísitölu heildsölukostnaðar í Bandaríkjunm.

Varðandi það, hve mikið orkuverð til ISAL ætti að hækka, ef aðeins á að ná svipuðu verði og að var stefnt í upphafi, þá væri samkvæmt því sem segir fyrr í þessum kafla, eðlilegast að miða við hækkanir með vísitölu byggingakostnaðar að viðbættum leiðréttingum vegna hærra raunvirðis frá hinu nýja orkuvinnslukerfi miðað við Búrfell. Verðið eftir slíka hækkun (sjá dæmin í kafla 5) yrði nálægt 14 aur/kwh sem er um 12,7 mill og svipað gjaldskrártryggðu verði eins og það er reiknað hér á undan, án tillits til verðbreytinga á áli.

Chase Econometrics hefur reiknað það sem kalla má leiðbeinandi verð til

ISAL og er niðurstaða þeirra 11.8 mill á verðlagi 1980, sem samsvarar líklega 14 mill á núverandi verðlagi. Í þessum reikningum tekur Chase tillit til þess, að samkvæmt bókum ISAL eru ýmsir kostnaðarliðir nokkuð hærri en samsvarandi liðir annarstaðar, þannig að þetta verð ætti að vera raunhæft.

Þetta verð virðist samkvæmt afkomuathugunum nægja til að fjármagna stóriðjuuppbyggingu samkvæmt leið S2 án þess að auka á skuldastöðu Landsvirkjunar umfram það sem nú er.

Ef miða ætti kröfur okkar við orkuverð erlendis og þá sérstaklega í Evropu þar sem ISAL selur yfir 90% framleiðslu sinnar, yrði væntanlega um nokkuð hærra verð að ræða. Tæpast er ástæða til að miða við lægsta finnanlega orkuverð, heldur reyna að gera sér grein fyrir hve hátt verðið má verða áður en ISAL hættir að geta selt sína vöru vegna samkeppni með sama hagnaði og önnur vel rekin álver.

Meðalverð á raforku til álvera í Evropu var árið 1981 um 20 mill. Á sama tíma greiddu öll álver Alusuise að meðaltali 22 mill og álver Pechiney greiddu 24 mill. Spænskar álverksmiðjur fóru fram á niðurgreiðslur á raforku niður í 25 mill, en fengu niður í 27 mill til að þau yrðu samkeppnisfær. Þessar tölur benda til þess, að ef ef tekið er tillit til flutningskostnaðar og allur annar kostnaður er eins, ætti ISAL að geta greitt allt að 22 mill fyrir orkuna.

Þegar á allt er litið, virðist raunhæft að fara fram á tvö- til þreföldun á núverandi orkuverði til ISAL.

LANDSVIRKJUN **MYND 1.**

Samræming á tímasetningu stóriðjuvera við uppbyggingu orkuöflunarkerfis með tillits til flýtingarkostnaðar



Tímasetning A

Hér hefur tímasetning nýrrar stóriðju verið þannig, að eldra orkuvinnslukerfi er ekki fullnýtt, þegar stóriðjuverið tekur til starfa. Tilkoma stóriðjuversins flýtir því þeirri virkjun sem kemur samhliða.

Tímasetning B

Hér hefur ný stóriðja verið tímasett þannig, að hún tekur til starfa um leið og eldra orkuvinnslukerfið er fullnýtt vegna aukningar á almennum markaði. Því þarf ekki að flýta þeirri virkjun sem er stóriðjuverinu samfara.

Ef söluverð orku til stóriðjunnar er nægilega hátt, er hagnaður af tímasetningu A meiri en af tímasetningu B. Ef hinsvegar söluverðið er lægra, eða nálgast flýtingarkostnað þeirra virkjana sem koma á eftir B, er meiri hagnaður af tímasetningu B. Tímasetning B gefur lægri flýtingarkostnað en tímasetning A.

MYND 2.

KOSTNAÐARVERÐ UPPBYGGINGALEIÐA
FLÝTINGARKOSTNAÐUR

Leið L1, S1, S2, S3.. Sjá mynd 5 og viðbæti A



AFKOMU ATHUGUN

LEIÐ LO engin ný stóriðja og LEIÐ S2

Áhrif mismunandi markaðsuppbyggingar á skuldastöðu Landsvirkjunar.
Áhrif hækkaðs orkuverðs til eldri stóriðju á skuldastöðu -"-



Verð til núv. stóriðju óbreytt
-"- -"- -"- 10 mills
-"- -"- -"- 12 mills

Leið S2 er leið nokkuð jafnt vaxandi stóriðju, þar sem áfangar í iðnaði eru yfirleitt 600 GWh/ár og tímasetning þeirra ákveðin með tilliti til þess að flýtingarkostnaður vegna þeirra sé sem minnstur.

Verð til nýrrar stóriðju 18,7 aur/kWh (17,0 mills)
-"- " almenningsveitna 29,4 aur/kWh (26,7 mills)

Fast verðlag vísit.bygg. 1015 1 US$=11,00 kr.

Raunvextir 5%

Leið LO nettó eign eftir ár 2000

Verð til eldri stóriðju óbreytt m.kr. 5.114
-"- -"- -"- 10 mills m.kr. 6.848
-"- -"- -"- 12 mills m.kr. 8.105

Leið S2 nettó eign eftir ár 2000

Verð til eldri stóriðju óbreytt m.kr. 5.259
-"- -"- -"- 10 mills m.kr. 7.097
-"- -"- -"- 12 mills m.kr. 8.353

Uppbyggingaleðir:
Sjá skýringar á mynd 5.

LANDSVIRKJUN MYND 4

AFKOMU ATHUGUN

Stóriðjuuppbygging samkvæmt LEIÐ S2

Samanburður á áhrifum vaxta og áhrifum hækkaðs verðs til eldri stóriðju.



Verð til nýrrar stóriðju 18,7 aur/kWh (17 mills)

-"- -"- -"- 22,0 aur/kWh (20 mills)

Fast verðlag vísit.bygg. 1015 1 US$=11,00 kr.

Verð til almenningsveitna 29,4 aur/kWh

Verð til eldri stóriðju 12,1 aur/kWh (11 mills)

Leið S2 jöfn uppbygging stóriðju, tímasetning stóriðjufyrirtækja ákveðin með hliðsjón af flýtingarkostnaði.

Vextir 4%.

Nettó eign eftir ár 2000 verð 17 mills m.kr. 9.205
-"- -"- -"- -"- 20 mills m.kr.10.395

Vextir 6%.

Nettó eign eftir ár 2000 verð 17 mills m.kr. 5.957
-"- -"- -"- -"- 20 mills m.kr. 7.274

Uppbyggingaleiðir:
Sjá skýringar á mynd 5.

LANDSVIRKJUN MYND 5

AFKOMU ATHUGUN

LEIÐ L1, S1, S2 og S3

Áhrif uppbyggingarhraða og samstillingar milli uppbyggingar stóriðjumarkaðs og orkuöflunarkerfis



LEIÐ L1 Fl.kostn. 16,5 aur/kWh. Nettóeign ár 2000 m.kr. 7.164

LEIÐ S1 Fl.kostn. 16,8 aur/kWh. Nettóeign ár 2000 m.kr. 7.064

LEIÐ S2 -"- 16,0 aur/kWh. -"- -"- m.kr. 7.725

LEIÐ S3 -"- 16,9 aur/kWh. -"- -"- m.kr. 7.135

Fast verðlag vísit.bygg. 1015 1 US$=11,00 kr.

Verð til eldri stóriðju 11 mills (12,1 aur/kWh)
-"- nýrrar -"- 17 mills (18,7 aur/kWh)
-"- almenningsveitna 29,4 aur/kWh

Raunvextir 5%.

LEIÐ L1. Uppbygging stóriðju, hröð í fyrstu, síðan hægari.

LEIÐ S1. Uppbygging stóriðju jöfnun hraða.

LEIÐ S2. Sama og S1, nema tímasetningu stóriðjuvera hnikað til í samræmi við stærð áfanga í orkuöflunarkerfi og þarfir hins almenna markaðar til að fá sem lægstan flýtingarkostnað. (Sjá mynd 1)

LEIÐ S3. Jöfn uppbygging í stórum áföngum. Tímasetning stóriðjuvera eftir sömu sjónarmiðum og í S2.

Sjá einnig viðbæti A.

Fl.kostn.= Flýtingarkostnaður á orku til nýrrar stóriðju.

LANDSVIRKJUN MYND 6

AFKOMU ATHUGUN

LEIÐ S2

Áhrif þess að byggingarkostnaður einnar virkjunar hækkar um 20%



——— Leið S2 óbreytt.

— — — Leið S2, Byggingarkostnaður Fljótsdalsvirkjunar hækkaður 20%. Við það hækkar meðalkostnaðarverð til nýrrar stóriðju u.þ.b. 5,5%.

····· Sama og að ofan, nema orkuverð til nýrrar stóriðju hækkað um 5,5% úr 18,7 í 19,7 aur/kWh.

Fast verðlag, vísit.bygg. 1015 1 US$=kr. 11,00

Verð til almenningsveitna 29,4 aur/kWh.
-"- eldri stóriðju 12,1 aur/kWh (11 mills).

Vextir 5%.

Nettó eign eftir ár 2000	m.kr. 7.725
-"- -"- - " -	m.kr. 7.303
-"- -"- - " -	m.kr. 7.683

Aths.: Hækkun byggingarkostnaðar kemur fram í hærri skráningu eigna.

Uppbyggingaleiðir:
Sjá skýringar á mynd 5.

AFKOMU ATHUGUN

LEIÐ S2

Áhrif þess að stóriðjuverum seinkar



——— Leið S2 óbreytt.

— — — Leið S2. Gangsetningu tveggja stóriðjuvera frestað um 1 ár. Markaðstap: 600 GWh ár 1989 og 600 GWh ár 1991. Við þetta hækkar meðalkostnaðarverð orku til nýrrar stóriðju u.þ.b. 3,1%.

····· Sama og að ofan, nema orkuverð til nýrrar stóriðju hækkað um 3,1% úr 18,7 í 19,3 aur/kWh.

Fast verðlag, vísit.bygg. 1015 1 US$=kr. 11,00

Verð til almenningsveitna 29,4 aur/kWh.
-"- " eldri stóriðju 12,1 aur/kWh (11 mills).

Vextir 5%.

Nettó eign eftir ár 2000:	m.kr. 7.725
-"- -"- -"- :	m.kr. 7.359
-"- -"- -"- :	m.kr. 7.575

Uppbyggingaleiðir:
Sjá skýringar á mynd 5.

LANDSVIRKJUN MYND 8

AFKOMU ATHUGUN

LEIÐ S2

Áhrif verðbólgu og mismunandi verðtrygginga á tekju- og kostnaðarliðum



Lína	Frávik frá 20% verðtryggingu í LEIÐ S2	Reiknuð eign ár 2000 Nettó	Brúttó
———	Engin frávik	m.kr. 235.273	m.kr. 345.316
— — —	Almenningsverð hækkar 18% á ári.	-"- 168.838	-"- -"-
— · — ·	Allt stóriðjuverð hækkar 18%/ári.	-"- 187.267	-"- -"-
·····	Bygg.kostnaður hækkar 22% á ári.	-"- 203.326	-"- 391.220
— · — ·	Samanl. áhrif ofangr. frávika.	-"- 88.884	-"- -"-

Endurmat eigna í öllum tilfellum 20% á ári. Vísit.bygg. í upphafi árs 1983 er 1306.

1 US$ í upphafi árs 1983 = kr. 12,25

Verð til almenningsveitna í upphafi árs 1983= 37,8 aur/kWh
-"- " eldri stóriðju -"- -"- " = 13,5 aur/kWh (11 mills)
-"- " nýrrar stóriðju -"- -"- " = 20,8 aur/kWh (17 mills)

Uppbyggingaleiðir:
Sjá skýringar á mynd 5.

LANDSVIRKJUN



MYND 9

MYND 10


LANDSVIRKJUN
$/tonn
SKRÁÐ ÁLVERÐ
1500
1000
500
VÍSITALA
150
100
50
VÍSITALA HEILDSÖLU Í BANDARÍKJUNUM
VÍSITALA BYGGINGAKOSTNAÐAR Á ÍSLANDI MÆLD Í BANDARÍKJADOLUM. SETT 100, 1975
HEIMSMARKAÐSVERÐ Á ÁLI (ALCAN)
ÁR
69
70
71
72
73
74
75
76
77
78
79
80
81
82

MYND 11

ORKUVERÐ TIL ÍSAL



2.7.1982 G.J./K.G.

LANDSVIRKJUN

MYND 12

DÆMI: ÍSAL Á GJALDSKRÁ MED ÁHÆTTUÞÁTTTÖKU



GJALDSKRÁRVERÐ TIL ÍSAL = VERÐ SAMKVÆMT UPPHAFLEGUM SAMNINGUM. LEIÐRÉTT Í RÉTTU HLUTFALLI VIÐ GJALDSKRÁ LV 8000 ST. ,132 kV (OG ÁLVERÐVÍSITALA HEILDSÖLU Í BANDARÍKJUNUM)

ÁHÆTTULEIÐRÉTTING : TIL 1972 EFTIR ALCAN, SÍÐAN EFTIR LME-VERÐ

VIÐBÆTIR A

UPPBYGGINGARLEIÐIR

1. KAFLI

UPPBYGGING ÁN NÝRRAR STÓRIÐJU

LEIÐ L-0

Í þessari uppbyggingarleið er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu á stóriðjumarkaði og því virkjað eingöngu til að anna almenna markaðnum sem vex um u.þ.b. 130 GWh á ári. Farið er eftir gildandi orkuspá um aukningu markaðarins og virkjanir tímasettar í samræmi við þá orku- og aflþörf sem hún segir til um.

Reynt var að setja upp þá virkjunarleið sem er ódýrust fyrir slíkan markað og hefst hún á Sultartangastíflu, kvíslaveitum, stækkun Þórisvatns og stækkun Búrfells. Þessum framkvæmdum er seinkað nokkuð miðað við núverandi áætlanir og á þann hátt aðlagaðar þörfum markaðarins. Næst í röðinni er síðan Blönduvirkjun sem kemur í gagnið nokkru eftir 1990. Af hagkvæmniástæðum er henni áfangaskipt og afl hennar jafnframt aukið í 180 MW í samræmi við samsetningu markaðarins. Skömmu fyrir aldamót kemur síðan Sultartangavirkjun í rekstur og nægir hún fram yfir aldamót, eða til ársins 2002 eða 2003. Yfirlit yfir orkuframkvæmdir má sjá í töflu 1.1.

TAFLA 1.1

YFIRLIT YFIR ORKUFRAMKVÆMDIR, LEIÐ L-0

Árið	1985	Sultartangastífla
-	1986	Kvíslaveitur minni og stækkun Þórisvatns
-	1986	Stækkun Búrfells, 70 MW
-	1988	Stækkun Búrfells, 70 MW
-	1988	Sprengisandslína, 220 kV
-	1990	Kvíslaveitur meiri og stækkun Þórisvatns
-	1992	Blönduvirkjun, 1. áfangi
-	1992	Tengilínur Blönduvirkjunar, 132 kV
-	1995	Blönduvirkjun, 2. áfangi
-	1995	Blönduvirkjun-Hrútatunga, 132 kV lína
-	1995	Búrfell-Ísal, 220 kV lína
-	1998	Sultartangavirkjun
-	1998	Sultartangavirkjun-Búrfell, 220 kV lína

2. KAFLI

UPPBYGGING MEÐ NÝRRI STÓRIÐJU

LEIÐIR L-1, S-1, S-2 OG S-3

Til að kanna áhrif stóriðju á uppbyggingu orkuöflunar- og orkuflutningskerfisins voru settar upp fjórar stóriðjuleiðir sem hafa þó ýmislegt sameiginlegt. Í öllum leiðunum fjórum er miðað við sama heildarmarkaðinn fyrir aldamót, en tímasetningu einstakra iðjuvera er hnikað til milli leiða. Sá nýi orkumarkaður sem gert er ráð fyrir samsvarar tæpum 4000 GWh í virkjun. Í fyrstu leiðunum þremur, L-1, S-1 og S-2 er um nákvæmlega sömu stóriðjuver að ræða, en tímasetningu og röðun breytt. Í leið S-3 eru könnuð áhrif stærri, en færri iðnaðarkosta.

Í öllum leiðunum var miðað við sömu röðun virkjana og fram kemur í samþykkt Alþingis með þeirri breytingu, að aflaukning samfara kvíslaveitum kemur í Búrfelli í stað stækkunar Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjana sem lögin gera ráð fyrir, en tímasetning virkjana fer að öðru leyti eftir orkumarkaði. Fyrst er farið í Sultartangastíflu, kvíslaveitur og stækkun Þórisvatns ásamt stækkun Búrfellsvirkjunar um 70 MW. Næst á eftir fylgir Blönduvirkjun, þá Fljótsdalsvirkjun og svo Sultartangavirkjun. Eftir þessar framkvæmdir er miðað við áframhald á Þjórsár-Tungnaársvæðinu og er fyrst reiknað með Vatnsfellsvirkjun, síðan Búðarhálsvirkjun, þá Króksvirkjun og að lokum Bjallavirkjun. Þessar virkjanir allar duga til ársins 2002 eða 2003 miðað við þann stóriðjumarkað sem kominn er fyrir aldamót.

2.1 UPPBYGGING MEÐ NÝRRI STÓRIÐJU LEIÐ L-1

Í þessari uppbyggingarleið er stóriðjumarkaðurinn látinn byggjast hratt upp á árunum 1985-1995. Reynt var að stilla saman tímasetningu virkjana og stóriðju til þess að nýting virkjanakerfisins yrði sem best. Þau stóriðjuver sem gert er ráð fyrir má sjá í töflu 2.1.1.

TAFLA 2.1.1

NÝ STÓRIÐJUVER, LEIÐ L-1

Áramót	1985/86	Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði.	345 GWh
-	1987/88	Stækkun Ísal um 1 kerskála.	600 GWh
-	1990/91	Álverksmiðja í Eyjafirði, 2 kerskálar	1200 GWh
-	1992/93	Stækkun Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga um 1 ofn	250 GWh
-	1993/94	Natríumklóratverksmiðja á Reykjanesi	170 GWh
-	1994/95	Álverksmiðja í Þorlákshöfn, 1 kerskáli	600 GWh
-	1995/96	Stækkun álverksmiðju í Þorlákshöfn um 1 kerskála	600 GWh

Til að anna þessum nýja stóriðjumarkaði auk almenna markaðarins verða tímasetningar orkuframkvæmda eins og fram kemur í töflu 2.1.2.

TAFLA 2.1.2

YFIRLIT YFIR ORKUFRAMKVÆMDIR, LEIÐ L-1

Árið	1984	Sultartangastífla
-	1985	Kvíslaveitur minni og stækkun Þórisvatns
-	1986	Kvíslaveitur meiri og stækkun Þórisvatns
-	1986	Stækkun Búrfells, 70 MW
-	1986	Sprengisandslína, 220 kV
-	1987	Blönduvirkjun
-	1987	Tengilínur Blönduvirkjunar, 132 kV
-	1988	Blönduvirkjun-Hrútatunga, 132 kV lína
-	1990	Fljótsdalsvirkjun
-	1990	Tengilínur Fljótsdalsvirkjunar, 132 kV
-	1990	Fljótsdalsvirkjun-Akureyri, 220 kV lína
-	1991	Búrfell-Ísal, 220 kV lína
-	1992	Sultartangavirkjun
-	1992	Sultartangavirkjun-Búrfell, 220 kV lína
-	1993	Vatnsfellsvirkjun
-	1993	Vatnsfell-Sigalda, 220 kV lína
-	1994	Búðarhálsvirkjun
-	1995	Króksvirkjun
-	1995	Króksvirkjun-Sprengisandslína, 220 kV lína
-	1996	Króksvirkjun-Geithals, 220 kV lína
-	1997	Búrfellslína II-Þorlákshöfn, 220 kV lína
-	1999	Bjallavirkjun

2.2 UPPBYGGING MEÐ NÝRRI STÓRIÐJU LEIÐ S-1

Í þessari stóriðjuleið var reynt að hafa uppbyggingu stóriðjunnar sem jafnasta á árunum 1985 til 2000. Virkjanir voru síðan tímasettar út frá markaðnum og ekki reynt að hnika til tímasetningu stóriðjuveranna til að bæta nýtingu á framleiðslugetu kerfisins. Yfirlit yfir stóriðjuverin má sjá í töflu 2.2.1.

TAFLA 2.2.1

NÝ STÓRIÐJUVER, LEIÐ S-1

Áramót	1985/86	Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði	345 GWh
-	1988/89	Stækkun Ísal um 1 kerskála	600 GWh
-	1991/92	Álverksmiðja í Eyjafirði, 1 kerskáli	600 GWh
-	1993/94	Stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga um 1 ofn	250 GWh
-	1993/94	Natríumklóratverksmiðja á Reykjanesi	170 GWh
-	1995/96	Álverksmiðja í Eyjafirði, stækkun um 1 kerskála	600 GWh
-	1997/98	Álverksmiðja í Þorlákshöfn, 1 kerskáli	600 GWh
	1999/00	Álverksmiðja í Þorlákshöfn, stækkun um 1 kerskála	600 GWh

Tímasetning orkuframkvæmda fyrir þessa stóriðjuleið er eins og fram kemur í töflu 2.2.2.

TAFLA 2.2.2

YFIRLIT YFIR ORKUFRAMKVÆMDIR, LEIÐ S-1

Árið	1984	Sultartangastífla
-	1985	Kvíslaveitur minni og stækkun Þórisvatns
-	1986	Kvíslaveitur meiri og stækkun Þórisvatns
-	1986	Stækkun Búrfells, 70 MW
-	1986	Sprengisandslína, 220 kV
-	1988	Blönduvirkjun
-	1988	Tengilínur Blönduvirkjunar, 132 kV
-	1989	Blönduvirkjun-Hrútatunga, 132 kV lína
-	1991	Fljótsdalsvirkjun, 2 vélar
-	1991	Tengilínur Fljótsdalsvirkjunar, 132 kV
-	1991	Fljótsdalsvirkjun-Akureyri, 220 kV lína
-	1991	Búrfellsvirkjun-Ísal, 220 kV lína
-	1993	Fljótsdalsvirkjun, 3. vél
-	1993	Sultartangavirkjun
-	1993	Sultartangavirkjun-Búrfell, 220 kV lína
-	1995	Vatnsfellsvirkjun
-	1995	Vatnsfellsvirkjun-Sigalda, 220 kV lína
-	1996	Búðarhálsvirkjun
-	1997	Króksvirkjun
-	1997	Króksvirkjun-Sprengisandslína, 220 kV lína
-	1998	Króksvirkjun-Geithals, 220 kV lína
-	1999	Bjallavirkjun
-	1999	Búrfellslína II-Þorlákshöfn, 220 kV lína

2.3 UPPBYGGING MEÐ NÝRRI STÓRIÐJU LEIÐ S-2

Í þessari leið var gengið út frá leið S-1, en reynt að stilla betur saman tímasetningu virkjana og stóriðju. Af þeim sökum breytast tímasetningar og röðun stóriðjunnar lítillega og tímasetning virkjana færist einnig til. Í töflu 2.3.1 má sjá yfirlit yfir stóriðjuverin og í töflu 2.3.2 eru sýndar orkuframkvæmdir sem falla að þessum markaði.

TAFLA 2.3.1

NÝ STÓRIÐJUVER, LEIÐ S-2

Áramót	1985/86	Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði	345 GWh
-	1986/87	Natríumklóratverksmiðja á Reykjanesi	170 GWh
-	1988/89	Stækkun Ísal um 1 kerskála	600 GWh
-	1990/91	Álverksmiðja í Eyjafirði, 1 kerskáli	600 GWh
-	1993/94	Álverksmiðja í Eyjafirði, stækkun um 1 kerskála	600 GWh
-	1995/96	Stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga um 1 ofn	250 GWh
-	1997/98	Álverksmiðja í Þorlákshöfn, 2 kerskálar	1200 GWh

TAFLA 2.3.2

YFIRLIT YFIR ORKUFRAMKVÆMDIR, LEIÐ S-2

Árið	1984	Sultartangastífla
-	1985	Kvíslaveitur minni og stækkun Þórisvatns
-	1986	Kvíslaveitur meiri og stækkun Þórisvatns
-	1986	Stækkun Búrfells, 70 MW
-	1986	Sprengisandslína, 220 kV
-	1988	Blönduvirkjun
-	1988	Tengilínur Blönduvirkjunar, 132 kV
-	1989	Blönduvirkjun-Hrútatunga, 132 kV lína
-	1990	Fljótsdalsvirkjun, 2 vélar
-	1990	Tengilínur Fljótsdalsvirkjunar. 132 kV
-	1990	Fljótsdalsvirkjun-Akureyri, 220 kV lína
-	1991	Búrfell-Ísal, 220 kV lína
-	1993	Fljótsdalsvirkjun, 3. vél
-	1993	Sultartangavirkjun
-	1993	Sultartangavirkjun-Búrfell, 220 kV lína
-	1995	Vatnsfellsvirkjun
-	1995	Vatnsfellsvirkjun-Sigalda, 220 kV lína
-	1996	Búðarhálsvirkjun
-	1997	Króksvirkjun
-	1997	Króksvirkjun-Sprengsiandslína, 220 kV lína
-	1997	Króksvirkjun-Geithás, 220 kV lína
-	1997	Búrfellslína II-Þorlákshöfn, 220 kV lína
-	1999	Bjallavirkjun

2.4 UPPBYGGING MEÐ NÝRRI STÓRIÐJU LEIÐ S-3

Í þessari leið eru könnuð áhrif þess að fara í stærri stóriðjuver en gert er í stóriðjuleiðunum hér að framan. Hér er gert ráð fyrir að ný álver séu af stærð sem samsvari 2000 GWh orkunotkun á ári og komi inn í tveimur jafnstórum áföngum. Það er því eitt og hálft álver af þeirri stærð sem rúmast innan þeirra marka í nýjum stóriðjumarkaði sem hér var gert ráð fyrir til aldamóta, auk þriggja smærri iðnaðarkosta. Í töflu 2.4.1 má sjá yfirlit yfir stóriðjuverin og í töflu 2.4.2 er yfirlit yfir orkuframkvæmdir.

TAFLA 2.4.1

NÝ STÓRIÐJUVER, LEIÐ S-3

Áramót	1985/86	Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði	345 GWh
-	1986/87	Natríumklóratverksmiðja á Reykjanesi	170 GWh
-	1990/91	Álverksmiðja í Eyjafirði, fyrri áfangi	1000 GWh
-	1993/94	Álverksmiðja í Eyjafirði, seinni áfangi	1000 GWh
-	1994/95	Stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga um 1 ofn	250 GWh
-	1997/98	Álverksmiðja í Þorlákshöfn, fyrri áfangi	1000 GWh

TAFLA 2.4.2

YFIRLIT YFIR ORKUFRAMKVÆMDIR, LEIÐ S-3

Árið	1984	Sultartangastífla
-	1985	Kvíslaveitur minni og stækkun Þórisvatns
-	1986	Kvíslaveitur meiri og stækkun Þórisvatns
-	1986	Stækkun Búrfells, 70 MW
-	1986	Sprengisandslína, 220 kV
-	1988	Blönduvirkjun
-	1988	Tengilínur Blönduvirkjunar, 132 kV
-	1989	Blanda-Hrútatunga, 132kV lína
-	1990	Fljótsdalsvirkjun, 2 vélar
-	1990	Tengilínur Fljótsdalsvirkjunar. 132 kV
-	1990	Fljótsdalsvirkjun-Akureyri, 220 kV lína
-	1991	Búrfell-Ísal, 220 kV lína
-	1993	Fljótsdalsvirkjun, 3. vél
-	1993	Sultartangavirkjun
-	1993	Sultartangavirkjun-Búrfell, 220 kV lína
-	1993	Blönduvirkjun-Akureyri, 220 kV lína
-	1994	Vatnsfellsvirkjun
-	1994	Vatnsfellsvirkjun-Sigalda, 220 kV lína
-	1995	Búðarhálsvirkjun
-	1997	Króksvirkjun
-	1997	Króksvirkjun-Sprengisandslína, 220 kV lína
-	1997	Króksvirkjun-Geithás, 220 kV lína
-	1997	Burfellslína II-Þorlákshöfn, 220 kV lína
-	1999	Bjallavirkjun

3. KAFLI

NÝ STÓRIÐJUVER,

STÆRÐ OG STAÐSETNING

Þegar kannaður er kostnaður raforkukerfisins vegna stóriðjuvera, skiptir stærð og staðsetning þeirra miklu máli. Við gerð þeirra stóriðjuleiða sem hér voru athugaðar, var tekið tillit til þeirrar stefnu um röðun virkjana sem liggur fyrir frá stjórnvöldum og reynt að finna "skynsamlega" staðsetningu fyrir ný stóriðjuver í samræmi við þá kerfisuppbyggingu sem af virkjunarröðuninni leiðir.

Á stefnuskrá stjórnvalda er bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði árið 1985 og er í öllum stóriðjuleiðunum gert ráð fyrir þeirri verksmiðju. Sú verksmiðja gerir það að verkum, að nauðsynlegt er að byggja Sprengisandslínu þegar árið 1986 ef tryggja á orkuafhendingu til verksmiðjunnar.

Þegar Fljótsdalsvirkjun er byggð, er nauðsynlegt að leggja 220 kV línu frá henni til annarra landshluta til að tryggja eðlilegan rekstur kerfisins. Ódýrast er að byggja línu til Akureyrar og við tilkomu hennar skapast góð skilyrði til uppbyggingar orkufreks iðnaðar á Akureyri þar sem þangað liggja þá tvær 220 kV línur, önnur frá Fljótsdalsvirkjun og hin frá Þjórsársvæðinu auk þess sem Blönduvirkjun tengist Akureyri um byggðalínukerfið. Það er því mjög heppilegt að byggja upp stóriðju á Akureyri samhliða Fljótsdalsvirkjun. Ef stóriðjan er að svipaðri stærð eða minni en álverið í Straumsvík dugar það kerfi sem hér hefur verið nefnt til að anna verksmiðjunni og almenna markaðnum á Norðurlandi. Verði iðjuverið mun stærra, t.d með 2000 GWh ársnotkun er líklegt að byggja þurfi 3ju 220 kV línuna til Akureyrar og þá frá Blönduvirkjun.

Stækkun álversins í Straumsvík um einn kerskála hefur þau áhrif, að flýta verður nýrri línu frá Þjórsársvæðinu til Reykjavíkur um nokkur ár. Umframgeta flutningskerfisins er þó það mikil næstu árin, að ekki er þörf á þeirri línu samtímis stækkuninni verði hún fyrir 1990. Reiknað er með að þessi nýja lína liggi frá Búrfelli að Ísal (hvort sem af stækkun Ísal

verður eða ekki) og fari svokallaða syðri leið sem liggur rétt við Þorlákshöfn.

Eftir að nýja línan til Reykjavíkur (Ísal) hefur verið byggð, liggur beint við að nýta hana einnig fyrir stóriðju í Þorlákshöfn. Auk þessarar línu er hægt að taka Búrfellslínu II í sundur í Ölfusinu og byggja tvær nýjar línar frá þeim stað að Þorlákshöfn þannig að Búrfellslína II lengist, en gengur í gegnum Þorlákshöfn í staðinn. Með þessum aðgerðum er orkuafhending til stóriðju í Þorlákshöfn vel tryggð. Það er því hagstætt út frá sjónarmiði raforkuframleiðanda að stóriðja í Þorlákshöfn komi á eftir eða samtímis þeirri nýju línu til Reykjavíkur sem áður var minnst á.

Eftir tilkomu Blönduvirkjunar verður um tiltölulega litla flutninga að ræða um Brennimel vestur á land. Hægt er því að auka stóriðjuna á Grundartanga án þess að það leiði til fjárfestinga í kerfinu. Í þeim stóriðjuleiðum sem hér voru athugaðar var ekki gert ráð fyrir meiri aukningu stóriðju á Grundartenga en sem samsvarar einum ofni Járnblendiverksmiðjunnar. Kerfislega séð má sú stækkun verða hvenær sem er.

Hér var einnig gert ráð fyrir Natríumklóratverksmiðju á Reykjanesi. Eins og raforkukerfið er nú á Suðurnesjum, er ekki hægt að tengja hana við það kerfi. Innan nokkurra ára er nauðsynlegt að byggja nýja línu þangað vegna almennna markaðarins og er því heppilegt að bíða með verksmiðjuna fram yfir þá aðgerð.

Eins og fram hefur komið hér að framan var reynt að stilla upp stóriðjuleiðum sem kalla má "skynsamlegar". Ef breytt er út frá þeim staðsetningum sem hér voru nefndar má í mörgum tilvikum búast við kostnaðarauka. Þetta gildir einnig um tímasetningu iðjuveranna. Í hnotskurn þýðir þetta það, að velja verður stærð, tímasetningu og staðsetningu stóriðju saman við röðun og tímasetningu virkjana. Á þann hátt má fá hagstæðustu uppbygginguna.

4. KAFLI

KOSTNAÐUR ORKUVERA OG FLUTNINGSVIRKJA

Kostnaður við virkjanir og flutningsvirki er á verðlagi í september 1981 (vísitala 811). Kostnaðarverð virkjana er fengið úr áætlunum hönnuða, en línudeild LV hefur áætlað kostnað við flutningsvirki. Í töflu 4.1 má sjá verð virkjana og í töflu 4.2 er verð flutningsvirkja.

TAFLA 4.1

VIRKJUNARKOSTNAÐUR Á VERÐLAGI Í SEPT. 1981 (VÍSITALA 811)

(Verð án fjármagnskostnaðar)

Virkjun	Afl MW	Orkuvinnslugeta GWh	Kostnaður M.kr.	Athugasemdir
Sultartangastífla	-	130	211	
Kvíslaveitur og stækkun Þórisvatns	-	580	393	
Stækkun Búrfells 1. áfangi	70	220	366	
Stækkun Búrfells 2. áfangi	70	-	151	Í leið L-0
Blönduvirkjun, byggð í einum áfanga *	150	770	886	
Blönduvirkjun 1. áfangi *	90	420	703	Í leið L-0
Blönduvirkjun 2. áfangi	90	350	260	Í leið L-0
Sultartangavirkjun *	120	660	1047	
Fljótsdalsvirkjun 1. áf., vél 1 og 2*	174	1050	1359	
Fljótsdalsvirkjun 2. áf. , vél 3	87	300	543	
Vatnsfellsvirkjun	100	435	543	
Búðarhálsvirkjun	115	580	842	
Króksvirkjun	225	1140	1852	
Bjallavirkjun	70	385	631	

*) Tengilínur virkjana við kerfið innifaldar í verði

TAFLA 4.2

KOSTNAÐUR VIÐ FLUTNINGSVIRKI Á VERÐLAGI Í SEPT.1981 (VÍSITALA 811)

(Verð án fjármagnskostnaðar)

Flutningsvirki	Spenna	Verð	Athugasemdir
	kV	M.kr	
Sprengisandslína	220	173	220 kV tengivirki á Akureyri innifalið.
Blanda-Hrútatunga	132	37	
Búrfell-Ísal	220	94	
Fljótsd.v.-Akureyri	220	139	
Vatnsfell-Sigalda	220	5	
Króksvirkjun-Geitháls	220	113	
Króksvirkjun-Spr.s.lína	220	18	Tvær línur
Búrfellslína II-Þorlákshöfn	220	28	Tvær línur
Blönduvirkjun-Akureyri	220	108	220 kV tengivirki við Blöndu innifalið

LANDSVIRKJUN

MYND 1
VIÐBÆTIR A

ORKUMARKAÐUR OG VINNSLUGETA

LEIÐ L-O



LANDSVIRKJUN

MYND 2

ORKUMARKAÐUR OG VINNSLUGETA

LEIÐ L-1




MYND 3
ORKUMARKAÐUR OG VINNSLUGETA
LEIÐ S-1
LANDSVIRKJUN
GWh
10000
9000
8000
7000
6000
5000
4000
3000
0
ÁR
1981 '82 '83 '84 '85 '86 '87 '88 '89 '90 '91 '92 '93 '94 '95 '96 '97 '98 '99 2000
ORKUVINNSLUGETA
ORKUMARKAÐUR

222

MYND 4

LANDSVIRKJUN

ORKUMARKAÐUR OG VINNSLUGETA

LEIÐ S-2



LANDSVIRKJUN

MYND 5



ÁRLEGAR FJÁRFESTINGAR

LEIÐ L-O



ÁRLEGAR FJÁRFESTINGAR

LEIÐ L-1



ÁRLEGAR FJÁRFESTINGAR

LEIÐ S-1



(227)

ÁRLEGAR FJÁRFESTINGAR

LEIÐ S-2



ÁRLEGAR FJÁRFESTINGAR

LEIÐ S-3




MYND 11
VIÐBÆTIR A
FJÁRFESTINGAR SUMMUFERLAR
LANDSVIRKJUN
M.kr.
FJÁRFESTING
ÁR
S-2
S-3
L-1
L-0
S-1
0
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
1981 '82 '83 '84 '85 '86 '87 '88 '89 '90 '91 '92 '93 '94 '95 '96 '97 '98 '99 2000

Fylgiskjal IV.

VERKFRÆÐISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS
HJARÐARHAGI 2—6
107 REYKJAVÍK
1983-01-27/PM, ÞH

Iðnaðarráðuneytið,
hr. Hjörleifur Guttormsson, iðnaðarráðherra
og Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri
Arnarhvoli,
Reykjavík

Hér með sendum við niðurstöður útreikninga á greiðsluröðum tengdum raforkuöflun og raforkusölu eins og um er beðið í bréfi ráðuneytisins frá 24. janúar 1983 (I/141.5).

Þær upplýsingar, sem þessir útreikningar byggjast á, er að finna í bréfi ráðuneytisins og fylgiskjölum með því. Niðurstöður útreikninganna eru þessar:

1. Núvirði nettógreiðsluraðar við upphaf árs 1969 en á verðlagi þriðja ársfjórðungs 1982, í 1000 USD miðað við tvennskonar verðlagsvísitölu USD er:

Vextir %	Verðlag iðnaðar-vöru	Heildsölu-verðlag
0	−27156	−22972
1	−31743	−27811
2	−34794	−31094
3	−36686	−33201
4	−37709	−34423
5	−38083	−34981
6	−37976	−35045
7	−37519	−34746
8	−36808	−34184

Í stórum dráttum er því núvirðið neikvætt á bilinu 23 milljónir USD til 38 milljónir USD eftir því hvaða vöxtum á bilinu 0%—8% er reiknað með og örlítill munur eftir því hvaða verðlagsvísitala er notuð.

2. Þar sem núvirði er neikvætt, á hugtakið innri vextir ekki við en á hinn bóginn reiknast núvirði núll ef vextir eru taldir —2.5% (miðað er við heildsöluverðlag USD) eða — 2.9% (miðað við verðlag iðnaðarvöru USD).

3. Árafjöldi sem líður þar til að téð núvirði verður núll er þessi:

Vextir %	Verðlag iðnaðarvöru	Heildsöluverðlag
0	29 ár	29 ár
2	35 ár	33 ár
4	eftir 2014	44 ár
6	eftir 2014	eftir 2014

4. Árleg viðbót við tekjuröðina 1969—1994 til þess að núvirði nettó greiðsluraðarinnar verði núll er þessi:
(Verðlag 1982 í 1000 USD).

Vextir %	Verðlag iðnaðarvöru	Heildsöluverðlag
0	1044	884
1	1393	1220
2	1729	1545
3	2052	1857
4	2359	2154
5	2649	2422
6	2921	2695
7	3173	2938
8	3405	3162

Við teljum rétt að láta niðurstöðu nr. 4 fylgja með enda þótt ekki hafi verið um hana beðið.

Virðingarfyllst,
f. h. Reiknifræðistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.
Þorkell Helgason.

f. h. Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.
Pétur K. Maack.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, og
Reiknifræðistofa Raunvísindastofnunar H.Í.
Hjarðarhaga 2,
107 Reykjavík

I.141.5 24. janúar 1983

Ráðuneytið óskar hér með eftir, að Verkfræðistofnun H.Í. og Reiknifræðistofa Raunvísindastofnunar H.Í. taki að sér eftirfarandi verkefni, sem tengist mati á hagkvæmni raforkusamnings Landsvirkjunar við Íslenska álfélagið hf., sbr. upplýsingar frá Landsvirkjun, sem fylgja með bréfi þessu:

1. Finna innri vexti og núvirði meðfylgjandi nettó-tekjuraðar, sem Landsvirkjun hefur lagt fram, á verðlagi ársins 1982.
   Ráðuneytið óskar eftir því, að núvirðismatið miðist við 2%, 3%, 4%, 5%, 6%, 7% og 8% raunverulega ávöxtunarkröfu.
   Tekjuröðin er í bandaríkjadölum á verðlagi hvers árs.
   Ráðuneytið telur fullnægjandi að staðvirða þessa tekjuröð með bandarísku heildsöluverðlagi (wholesale price index) eða bandarísku iðnaðarvöruverðlagi (industrial goods price index).
   Frá og með árinu 1983 telur ráðuneytið rétt að fylgja forsendum Landsvirkjunar og miða við 6% verðbólgu í bandaríkjamynt.
2. Finna þann fjölda rekstrarára, sem nauðsynlegur er til að ofangreint staðvirt núvirði nái núllgildi.
   Hvað þessa útreikninga snertir nægir að miða við 4% og 6% ávöxtunarkröfu.
   Ef í ljós kemur, að téður árafjöldi sé yfir 26, telur ráðuneytið rétt að miða við meðfylgjandi tekjuröð eftir 1994, sem tekur tillit til ákvæða aðalsamnings um endurskoðun raforkuverðs 1994 og 2004, en fylgir að öðru leyti forsendum Landsvirkjunar um hækkun álverðs. Rétt er að reikna áfram með 6% árlegri hækkun útgjalda.
   Ef í ljós kemur, að umræddur árafjöldi er yfir 46, þ. e. núvirði nær ekki núgildi á samningstíma, er ekki ástæða til að reikna árafjöldann sérstaklega.

Ráðuneytið óskar eftir, að verk þetta verði leyst af hendi sem allra fyrst og því kynntar niðurstöður bréflega.

Hjörleifur Guttormsson.
/ Páll Flygenring.

(234)

LANDSVIRKJUN — meðalheildsöluverð á raforku

Samanburður á þróun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins og almenningsveitna



Fylgiskjal V.

Fylgiskjal VI.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
18. október 1982.

Yfirverð á aðföngum ISAL 1975—1981 samkvæmt niðurstöðu Coopers & Lybrand.

Ár	Súrál Þús/USD	Anóður Þús/USD	Alls Þús/USD
1975	5 828	1 343	7 171
1976	3 162	962	4 124
1977	679	2 192	2 871
1978	2 532	3 038	5 570
1979	2 279	2 463	4 742
1980	2 160	3 119	5 279
1981	965	717	1 682
Samtals	17 605	13 834	31 439

Heildaryfirverð á aðföngum á tímabilinu 1975—1981 reyndist því samtals nema 31,4 milljónum bandaríkjadala, eða tæpum 470 milljónum íslenskra króna miðað við gengi 15. október 1982.

Við endurskoðun á ársreikningum fyrir árið 1980 og 1981 voru reikningar ÍSAL ennfremur leiðréttir vegna afskrifta um samtals 4,4 milljónir bandaríkjadala, eða um 66 milljónir ísl. króna miðað við gengi 15. október 1982.

Samtals hefur hagnaður ÍSAL á tímabilinu 1975—1981 því verið um 35,8 milljónum bandaríkjadala meiri en bókhaldið hefur gefið til kynna, sem jafngildir á gengi 15. október 1982 um 536 milljónum íslenskra króna.

Á sama tíma hefur ÍSAL greitt fyrir raforku svo sem hér segir:

Ár	Raforkugreiðslur (Þús./USD)
1975	3 081
1976	4 058
1977	4 920
1978	5 771
1979	6 458
1980	7 901
1981	7 837
Samtals	40 026

Miðað við gengi 15. október 1982 nema raforkugreiðslur ÍSAL á umræddu tímabili um 587 milljónum íslenskra króna.

Ef sex ára tímabilið 1975—1980 er tekið sérstaklega kemur í ljós að raforkugreiðslur ÍSAL á því tímabili nema hér um bil nákvæmlega sömu upphæð og vantalinn hagnaður á sama tímabili, eða 32,2 milljónir bandaríkjadala í raforkugreiðslur á móti 32,9 milljónum bandaríkjadala í vantalinn hagnað.

Fylgiskjal VII.

Bréf Álviðræðunefndar til iðnaðarráðherra um endurákvörðun framleiðslugjalds Íslenska álfélagsins h.f.

ÁLVIÐRÆÐUNEFND

21. nóvember 1982.

Hr. iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Iðnaðarráðuneytinu
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Í skipunarbréfi iðnaðarráðuneytisins til Álviðræðunefndar, dagsettu 31. júlí 1981, er nefndinni falið:

1. að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstjórnarinnar vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum.
2. að vera iðnaðarráðuneytinu til ráðgjafar um aðgerðir í málinu.

Viðræður nefndarinnar við fulltrúa Alusuisse, sem fram fóru 5. ágúst 1981 og 3.—4. desember 1981, leiddu ekki til niðurstöðu um ágreiningsmál aðilanna. Fundi nefndarinnar með Alusuisse sem ákveðinn hafði verið 3. mars var aflýst einhliða af Alusuisse.

Fundir sem iðnaðarráðherra átti með dr. Paul Müller, formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, 25. og 26. mars sl. og aftur 5. og 6. maí sl. leiddu heldur ekki til niðurstöðu og var viðræðum slitið að svo stöddu.

Með hliðsjón af þessari stöðu hefur Álviðræðunefnd kannað hugsanlegar leiðir fyrir ríkisstjórnina til meðferðar á ágreiningsmálum við Alusuisse vegna viðskipta Ísals og útreiknings á framleiðslugjaldi Ísal fyrir árin 1975—1979. Voru lögmenn í nefndinni þeir Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Hjörtur Torfason hrl. beðnir að afla lögfræðilegrar álitsgerðar um það hvort unnt væri, án þess að það bryti í bága við ákvæði aðalsamnings og þrátt fyrir ákvæði 29. greinar samningsins, að taka til endurskoðunar útreikning og álagningu framleiðslugjalds fyrirtækisins vegna fyrri ára.

Lögmennirnir fengu til liðs við sig, með samþykki nefndarinnar, Benedikt Sigurjónsson, fyrrverandi hæstaréttardómara. Benedikt Sigurjónsson og Ragnar Aðalsteinsson skiluðu nefndinni álitsgerð dags. 13. október 1982 og fylgir hún hér með.

Meginniðurstöður álitsgerðar þeirra Benedikts Sigurjónssonar og Ragnars Aðalsteinssonar eru eftirfarandi:

1. Ein af almennum grundvallarreglum skattaréttar, sem orðuð er í íslenskum skattalögum nr. 75/1981, er að endurákvarða megi skatt á skattaðila, ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum eða eignum og skiptir þá ekki máli hvort um refsiverða háttsemi er að ræða eða ekki.
   Hvorki lokaákvæði gr. 29.05 eða önnur ákvæði í aðalsamningi útiloka að þessari almennu reglu skattaréttarins verði beitt um framleiðslugjald Ísals.
   Teljist sannað að upplýsingar skattaðilans séu ekki í samræmi við aðalsamning og leiðrétting leiði til hærri nettóhagnaðar og hærra framleiðslugjalds, þá er heimilt að áætla skattaðilanum tekjur að nýju, allt eftir framkomnum gögnum og endurákvarða framleiðslugjaldið.

2. Réttur stjórnvalda til að endurákvarða skattaðila skatt sætir þeim takmörkunum í íslenskum skattalögum að endurákvörðun getur aðeins náð til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára á undan því ári sem endurákvörðunin fer fram. Eðlilegt er því talið að þessi regla eigi við um framleiðslugjald Ísal og megi endurákvarða framleiðslugjald vegna ársins 1976 og síðari ára, enda fari endurákvörðunin fram á þessu ári.
3. Í VI. kafla aðalsamnings er byggt á því að Ísal og Alusuisse sendi gögn og upplýsingar um framleiðslugjaldið til ríkisstjórnar Íslands, þ. e. iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða hvaða stjórnvald komi fram gagnvart Ísal og Alusuisse um framleiðslugjaldsmál. Í framkvæmd hefur fjármálaráðuneytið falið ríkisendurskoðun að yfirfara framleiðslugjaldsskýrslur og hafa eftirlit með þeim, en ráðuneytið hefur sjálft annast málið að öðru leyti. Fjármálaráðherra er þó heimilt að ákveða að fela skattyfirvöldum að annast slíka endurálagningu, en þá væri eðlilegast að fela það skattstjóranum í því umdæmi sem Ísal starfar í.
4. Engin afstaða er tekin í álitsgerðinni til þess hvort íslensk stjórnvöld hafi í höndum gögn, sem heimili þeim að endurákvarða framleiðslugjald Ísal vegna fyrri ára.

Þá hafa nefndinni borist skýrslur endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrand dagsettar 7. október 1982:

1. Icelandic Aluminium Company Ltd. **Anode pricing 1980.**
2. Icelandic Aluminium Company Ltd. **Anode pricing 1975—1979.**

Fyrri skýrslan er endanlegt mat C/L á verðlagningu Alusuisse á rafskautum til Ísal árið 1980 með hliðsjón af ákvæðum aðalsamnings um viðskipti milli óskyldra aðila. Jafnframt er í skýrslunni endanleg og fyrirvaralaus (að undanskildum fyrirvara um heimild Ísal til að leggja 20% hagnaðar í varasjóð) niðurstaða C/L um endurreiknaðan hagnað og framleiðslugjald þar af.

Niðurstaða C/L um verðlagningu á rafskautum er svipuð og áður var sett fram með fyrirvara vegna væntanlegra frekari upplýsinga frá Alusuisse, þ. e. að um yfirverð hafi verið að ræða árið 1980, er nemi $ 3.176.000. Í fyrri skýrslu endurskoðendanna frá 27. ágúst 1981 hafði yfirverðið verið talið $ 3.210.000.

Að teknu tilliti til allra annarra þátta sem áður voru komnir fram og endurskoðendurnir töldu að bæri að breyta í reikningum Ísal, er niðurstaða endurskoðendanna sú, að rétt reiknaður hagnaður Ísal árið 1980 sé $ 13.966.000 og framleiðslugjald þar af eigi að vera $ 4.888.000. Þar af voru greiddir við útskipun árið 1980 $ 2.313.000. Viðbótarframleiðslugjald verði þannig $ 2.575.000.

Síðari skýrslan er með sama hætti mat endurskoðendanna á verðlagningu Alusuisse á rafskautum til Ísal á árunum 1975—1979, sem að mestu er byggð á gögnum frá Aluchemie, dótturfyrirtæki Alusuisse í Hollandi, og staðfest hafa verið af endurskoðunarfyrirtækinu Price-Waterhouse að beiðni Alusuisse. Niðurstöður Coopers & Lybrand í þessu efni eru þær, að einnig á þessum árum hafi rafskaut verið of hátt verðlögð til Ísal miðað við mat C/L á eðlilegu verði milli óskyldra aðila á þessu tímabili. Nemur heildaryfirverðið eftirfarandi upphæðum:

Ár	Heildaryfirverð á rafskautum $
1975	$ 1.353.000
1976	$ 962.000
1977	$ 2.192.000
1978	$ 3.038.000
1979	$ 2.463.000
Alls	$ 9.998.000

Í skýrslu Coopers & Lybrand dags. 6. júlí 1981:
Icelandic Aluminium Company Ltd. **Arm's length prices for alumina 1st January 1975 to 30 June 1980**
kemur fram að útreiknað verð á súráli sem telja má dæmigert fyrir viðskipti milli óskyldra aðila og er í samræmi við ákvæði aðstoðarsamnings um bestu fáanlegu kjör, er verulega undir þeim verðum sem Alusuisse hefur selt súrál á til Ísal á þessu sama tímabili. Telur C/L að yfirverð á súráli til Ísal hafi verið eftirfarandi:

Ár	Yfirverð á súráli $
1975	5.828.000
1976	3.162.000
1977	679.000[x])
1978	2.532.000
1979	2.279.000
Alls	14.380.000

x) að teknu tilliti til afturvirks afsláttar sem Alusuisse veitti Ísal á þessu ári og nam $ 2.263.280.

Það er skoðun Álviðræðunefndar að niðurstöður Coopers & Lybrand séu haldbærasta matið á verðlagningu Alusuisse á þessum mikilvægu hráefnum til Ísal með hliðsjón af ákvæðum í grein 27.03 í aðalsamningi um „viðskipti óháðra aðila" og ákvæði í grein 2.03 (c) í aðstoðarsamningi um rekstur, er kveður á um að Alusuisse skuli aðstoða Ísal við að útvega þau á „bestu fáanlegu kjörum".

Samkvæmt álitsgerð lögfræðilegra ráðunauta nefndarinnar eru eins og að framan greinir lagalegar forsendur fyrir því að endurreikna framleiðslugjald Ísals 1975—1979 og leggja á fyrirtækið í samræmi við það.

Nefndin telur hinsvegar að rétt sé að haga meðferð þessara mála í ljósi bréfs Alusuisse til ríkisstjórnarinnar 10. nóvember 1982, þar sem fyrirtækið lýsir sig reiðubúið til samninga við íslensk stjórnvöld bæði um meðferð gömlu ágreiningsmálanna og framtíðarskipti, þ. m. t. hækkun raforkuverðs. Nefndin telur því ekki rétt að grípa til aðgerða í skattamálum við núverandi aðstæður.

Nefndin álítur tilboð Alusuisse að mörgu leyti aðgengilegt. Telur hún að líta beri á lið 1. og 2. í bréfi Alusuisse sem samtengdan grundvöll til samningsgerðar, þannig að ef hægt er að fá viðunandi samkomulag um grundvöll til samninga um framtíðarsamskipti, þá megi setja deilumál vegna fortíðarinnar í þann farveg sem gert er ráð fyrir í 1. lið bréfsins, með vissum breytingum þar á. Vill nefndin í þessu sambandi benda á eftirtalin atriði:

— Að íslensk skattayfirvöld eða Coopers & Lybrand endurreikni skatta ef til kemur samkvæmt 1. b.
— Tímasetja þarf gildistöku raforkuverðhækkunar og helst að tímagreina hve mikil fyrsta áfangahækkun skuli vera.

Með kveðju,

Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður

Fylgiskjal VIII.

Álitsgerð

um álagningu framleiðslugjalds á Íslenska álfélagið hf.

(Benedikt Sigurjónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari og Ragnar Aðalsteinsson, hrl.)

I

Ákvæði um skatta og gjaldskyldu Ísal eru í VI. kafla aðalsamnings íslensku ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Ltd. dags. 28. mars 1966 með áorðnum breytingum dags. 25. október 1969 og 10. desember 1975.

Þau atriði sem hér skipta máli eru að Ísal greiðir framleiðslugjald í stað allra skatta, venjulegra og sérstakra, með nokkrum undantekningum. Framleiðslugjaldið miðast við magn framleiðslu og heimsmarkaðsverð á áli. Þó er sú takmörkun þar á gerð um lágmark að framleiðslugjaldið skal ekki vera lægra en US $ 20 á smálest (grunntaxtinn) eða 35% af nettóhagnaði félagsins, hvort sem hærra er. Jafnframt er sett hámarksákvæði þess efnis að framleiðslugjaldið skuli ekki verða hærra fyrir þá sök að leiðréttum taxta hafi verið beitt en nemur 55% af nettóhagnaði félagsins, eins og hann er skilgreindur í aðalsamningi aðilanna.

Vegna þessara lágmarks- og hámarksákvæða er óhjákvæmilegt að íslensk stjórnvöld fylgist með rekstrarafkomu Ísal í því skyni að tryggja réttar skattgreiðslur af hálfu félagsins. Aðstaðan til þess markast af ákvæðum í aðalsamningnum, þar sem m. a. er mælt svo fyrir um að grundvalla beri útreikning nettóhagnaðar á viðurkenndum bókhaldsreglum sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og Ísal, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila að því er varðar öll viðskipti Ísal. Síðast nefnda ákvæðið hefur það hlutverk að koma í veg fyrir að Alusuisse og Ísal geti einhliða ákveðið á hvaða verði aðföng og afurðir álversins eru færð í bókhaldi og ráðið þannig hinni bókhaldslegu afkomu.

II

Í 29. gr. aðalsamnings er fjallað um greiðslu- og uppgjörshætti framleiðslugjaldsins. Í gr. 29.01 segir m. a. að hið gjaldskylda framleiðslugjald skuli reiknað á grundvelli farmskírteina og flutningsskjala og samkvæmt bókum Ísal, og sé háð eðlilegum aðgerðum varðandi sannprófun og eftirlit. Í gr. 29.03 er fjallað um framleiðslugjaldsskýrslu fyrir liðið almanaksár er gefi heildaryfirlit um gjaldið reiknað eftir framleiðslumagni og heimsmarkaðsverði og sagt að hún skuli háð eðlilegum aðgerðum til sannprófunar og eftirlits af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í gr. 29.05 eru ákvæði sem heimila hvorum aðila fyrir sig að krefjast endurreiknings á framleiðslugjaldi með vísan til nettóhagnaðar. Sé krafist slíks endurreiknings hefur Alusuisse byrðina um að sanna nettóhagnað Ísal með endurskoðuðum reikningum er leggja ber fram við ríkisstjórnina ásamt skýrslu um endurreikninginn. Reikningar þessir skulu samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur.

Í gr. 29.06 er síðan sagt að ríkisstjórnin hafi rétt til að skipa alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa reikningana og heimilist endurskoðendunum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum Ísal, sem þeir kunna að telja nauðsynlega.

Í gr. 29.05 í lokin segir að ef hvorugur aðili krefjist endurreiknings á framleiðslugjaldinu vegna einhvers árs skuli það talið endanlega ákveðið með framleiðslugjaldsskýrslunni fyrir árið, eins og hún liggi fyrir sannprófuð.

Í 29. gr. aðalsamningsins er ætíð talað um ríkisstjórnina sem þann aðila er veiti viðtöku upplýsingum frá Ísal og Alusuisse um framleiðslugjald og greiðslu þess. Hefur þetta verið framkvæmt þannig, að allar upplýsingar, sem lúta að framleiðslugjaldi, hafa verið sendar iðnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti, en ekki til skattstjóra.

Allar upplýsingar um aðra skatta og gjöld, sem skattstjórar fjalla að jafnaði um og Ísal ber að greiða, hafa hinsvegar verið sendar skattstjóranum í Reykjanesumdæmi og er þar átt við lífeyristryggingagjald, slysatryggingagjald, atvinnuleysistryggingagjald, launaskatt, iðnaðargjald og vinnueftirlitsgjald. Hafa framtöl Ísal um þessi gjöld verið með fyrirskipuðum hætti og hefur skattstjóri lagt gjöldin á Ísal með venjulegum hætti.

III

Það er ein af grundvallarreglum skattaréttarins, að endurákvarða megi skattaðila skatt, ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum eða eignum og skiptir þá að jafnaði ekki máli hvort skattaðili hefur gerst sekur um refsiverða háttsemi eða ekki. Það er ennfremur meginregla í skattarétti, að stjórnvöld verða að sýna fram á og sanna að á skattaðilann hafi ekki verið lagðir jafnháir skattar og tekjur hans og eignir gefa tilefni til, við upphaflega ákvörðun skattsins. Takist þessi sönnun, þá er skattyfirvöldum almennt talið heimilt að áætla tekjur og eignir þannig að ekki sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun.

IV

Þær almennu reglur skattaréttarins, sem að framan greinir og þekktar eru í rétti flestra ríkja, eru á Íslandi orðaðar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Úrlausnarefnið er hér hvort Ísal sé undanþegið þessum almennu grundvallarreglum með ákvæðum aðalsamnings, einkum lokaákvæði gr. 29.05, sem fyrr er vísað til. Það er álit okkar að hvorki síðast greint ákvæði né önnur ákvæði í aðalsamningi útiloki að fyrrgreindum almennum reglum skattaréttarins verði beitt um framleiðslugjald Ísals. Það er skilningur okkar að komi í ljós að Ísal hafi ekki verið gert að greiða það framleiðslugjald sem því ber að greiða samkvæmt aðalsamningi, þá sé heimilt að endurákvarða framleiðslugjaldið, enda sýni stjórnvöld fram á að þau gögn sem Ísal lagði fram og upphaflega var byggt á hafi ekki verið í samræmi við ákvæði aðalsamnings, þ. á m. um að við útreikning nettóhagnaðar skuli beitt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila að því er varðar verð á t. d. aðföngum og afurðum. Við teljum hinsvegar að íslensk stjórnvöld verði að sanna að Ísal hafi ekki verið gert að greiða framleiðslugjald í samræmi við ákvæði aðalsamnings til að unnt sé að endurákvarða Ísal framleiðslugjald í þeim tilvikum sem heimild til endurútreiknings í gr. 29.05 er ekki notuð. Teljist sannað, að upplýsingar skattaðilans séu ekki í samræmi við aðalsamning og leiðrétting leiði til hærri nettóhagnaðar og hærra framleiðslugjalds, þá teljum við að heimilt sé að áætla skattaðilanum tekjur að nýju, allt eftir framkomnum gögnum, og endurákvarða framleiðslugjaldið.

V

Réttur stjórnvalda til að endurákvarða skatt skattaðila sætir almennt takmörkunum á þann veg, að hann fellur niður að vissum tíma liðnum. Í íslenskum skattalögum hefur lengi

verið miðað við 6 ár og er reglan orðuð þannig í 1. mgr. 97. gr. l. nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, að heimild til endurákvörðunar skatta nái til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram.

Eðlilegt virðist að beita reglu þessari einnig um framleiðslugjald Ísal og mundi samkvæmt því mega endurákvarða framleiðslugjald vegna ársins 1976 og síðari ára, enda fari endurákvörðun skattanna fram á þessu ári.

VI

Eins og að framan er getið, þá er í hvívetna á því byggt í VI. kafla aðalsamnings, að Ísal og Alusuisse sendi gögn og upplýsingar um framleiðslugjaldið til ríkisstjórnarinnar, og í framkvæmd hafa slík gögn verið send til iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Það er álit okkar að ríkisstjórninni hafi verið og sé heimilt að ákveða hvaða stjórnvald komi fram gagnvart Ísal og Alusuisse um framleiðslugjaldsmál, bæði að því er varðar viðtöku gagna um gjaldskyldu og fjárhæð, svo og sannprófun og eftirlit og innheimtu. Í framkvæmd hefur fjármálaráðuneytið falið ríkisendurskoðun að yfirfara framleiðslugjaldsskýrslur og hafa eftirlit með þeim, en ráðuneytið sjálft annast málið að öðru leyti.

Hingað til hefur fjármálaráðuneytið ekki falið skattyfirvöldum að annast eftirlit með framleiðslugjaldi Ísal og endurákvörðun þess, en þó er það augljóslega heimilt.

Niðurstaða okkar um málsmeðferð er því sú að fjármálaráðuneytið geti sjálft endurákvarðað framleiðslugjald Ísal fyrir liðin ár eftir því sem gögn teljast leyfa. Jafnframt teljum við að fjármálaráðherra geti ákveðið að fela skattyfirvöldum að annast slíka endurálagningu en þá væri eðlilegast að fela það skattstjóranum í því umdæmi, sem Ísal starfar í. Gæta ber almennra reglna um málsmeðferð, þannig að skattaðilanum sé gefinn kostur á að tjá sig um málið.

Engin afstaða er tekin í álitsgerð þessari til þess hvort íslensk stjórnvöld hafi í höndum gögn, sem heimili þeim að endurákvarða framleiðslugjald Ísals, enda höfum við ekki gert á því sérstaka könnun.

VII

Við ritun álitsgerðar þessarar hefur verið haft í huga ákvæði 33. gr. aðalsamnings um að ákvæði samningsins og fylgiskjalanna skuli ein vera ráðandi um gjaldskyldu í skiptum milli þargreindra aðila. Ennfremur ákvæði 45. gr. samningsins, um að samninginn skuli skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans og hinna fylgiskjalanna eftir því sem unnt er að öðru leyti eftir íslenskum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga.

Reykjavík, 13. október 1982.

Benedikt Sigurjónsson
Ragnar Aðalsteinsson

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ NR. 82-3

Fylgiskjal IX

SKATTGREIÐSLUR

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGSINS H.F.

Álit starfshóps

Febrúar 1981

INNGANGUR

Með minnisblaði dagsettu 9. janúar 1981 setti iðnaðarráðuneytið á fót starfshóp "til athugunar á skattlagningu Íslenska Álfélagsins h.f.".

Í starfshópnum áttu sæti Árni Kolbeinsson deildarstjóri, Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi og Ragnar Árnason lektor, sem gegndi stöðu formanns. Auk þeirra sat Sveinn Arason deildarstjóri nokkra fundi starfshópsins.

Í fyrrnefndu minnisblaði frá 9. janúar sl. var hlutverk starfshópsins nánar skýrgreint, sem hér segir:

„Starfshópnum er ætlað það verkefni, að afla gagna og upplýsinga fyrir ráðuneytið um atriði, er varða skattlagningu Íslenska Álfélagsins h.f. eins og hún hefur þróast, og veita ráðuneytinu ábendingar og ráðgjöf varðandi fyrirkomulag skattlagningar félagsins, sem að haldi mættu koma í fyrirhuguðum samningaviðræðum við Alusuisse um þessi efni. Starfshópnum er í þessu sambandi m.a. ætlað að huga að skattlagningaraðferðum, sem helst tryggja eðlilegar skatttekjur af fyrirtæki eins og hér um ræðir, m.a. fastan tekjustofn, sem ekki er háður arðsemi".

Starfshópnum voru ennfremur sett eftirfarandi tímamörk:

„Æskilegt er að starfshópurinn skili áliti fyrir lok þessa mánaðar og í síðasta lagi 6. febrúar 1981".

Starfshópurinn kom saman til síns fyrsta fundar þann 13. janúar 1981. Voru fundarmenn sammála um það, að með hliðsjón af hlutverki hópsins væri starfstími ærið skammur. Væri því nauðsynlegt að takmarka starfssvið hópsins verulega. Því var á þessum fyrsta fundi starfshópsins ákveðið að einbeita starfinu að tveimur megin verkefnum:

a) Lýsingu á þeim skattkerfum, sem ÍSAL hefur verið skattlagt eftir á rekstrartíma sínum og árangri þeirra.

b) Könnun og samanburði á skattkerfum, sem gætu reynst hagkvæm frá sjónarmiði Íslands.

Starfshópurinn hefur á hinn bóginn ekki framkvæmt tölulegan samanburð á líklegum skatttekjum af mismunandi skattkerfum. Þar er um mjög tímafreka og vandasama útreikninga að ræða, sem eðlilegast virðist að geyma þar til mótuð hefur verið afstaða til megindrátta þeirra skattkerfa, sem vænlegust eru talin.

Reykjavík, 19. febrúar 1981.

Ragnar Árnason

Árni Kolbeinsson

Halldór V. Sigurðsson

NOKKRAR SKÝRGREININGAR.

Í þessari skýrslu er fylgt eftirfarandi nafngiftarvenjum:

1) "$" táknar bandaríska dollara.

2) "lbs" táknar enskt pund.

3) "$/lbs" táknar $ á hvert lbs.

4) "Skattkerfi 66/69" vísar til skattkerfis skv. aðalsamningi 1966 ásamt viðaukasamningi 1969.

5) "Skattkerfi 66/75" vísar til skattkerfis skv. aðalsamningi 1966 ásamt viðaukasamningi 1975.

6) Með "álverði" er jafnan átt við heimsmarkaðsverð á 99.5% hreinum hráálsklumpum (ingots).

EFNISYFIRLIT

		Bls.
1.	Helstu niðurstöður. Yfirlit	1
2.	Lýsing skattkerfa	3
2.1	Skattkerfið 1969 - 30. sept. 1975	4
2.2	Skattkerfið frá og með 1. okt. 1975	6
2.3	Samanburður skattkerfanna 66/69 og 66/75	8
2.4	Niðurstöður	11
3.	Yfirlit yfir framleiðslugjald 1969-1980	12
3.1	Helstu forsendur útreikninga	12
3.2	Yfirlit	15
3.3	Niðurstöður	17
4.	Helstu gallar núverandi skattkerfis	18
4.1	Skert verðtrygging	18
4.2	Skattinneign og vextir	20
4.3	Hagnaðarviðmið framleiðslugjalds	23
4.4	Varasjóðstillag	24
4.5	Skatteftirlit	25
4.6	Endurskoðunarréttur	25
4.7	Niðurstöður	26
5.	Hagkvæm skattkerfi	27
5.1	Er sérstök skattlagning æskileg	27
5.2	Val á milli skattkerfa	28
5.3	Nokkur meginskattkerfi	32
5.4	Samanburður skattkerfa	34
5.5	Er hagkvæmt að skattleggja Ísland eftir íslenskum skattalögum ?	37
5.6	Niðurstöður	38
VIÐAUKI 1.	Verðtrygging skatttekna	41
VIÐAUKI 2.	Skattstigi	42
VIÐAUKI 3.	Birgðahald	43

		Bls.
FYLGISKJAL 1.	Breyting skattinneignar skv. 2. viðauka við aðalsamning 1. okt. 1975	44
FYLGISKJAL 2.	Samanburður á framleiðslugjaldi og vöxtum af skattinneign skv. skattkerfinu 66/75	45
FYLGISKJAL 3.	Framleiðslugjald og skattinneign ÍSAL skv. skattkerfunum 66/69 og 66/75	46
FYLGISKJAL 4.	Rökstuðningur með töflu 8	49
FYLGISKJAL 5.	Áhrif mismunandi forsendna um súrálsverð á framleiðslugjald ÍSAL, 1974 - 1979	51
FYLGISKJAL 6.	Skatttekjur 1969 - 1980: Töflur ...	52

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR. YFIRLIT.

(1) Í kjölfar hinna miklu hækkana álverðs á heimsmörkuðum eftir 1973 varð ljóst, að verðtryggingarákvæði skattkerfisins 66/69 yrðu Íslandi mjög hagstæð, en Alusuisse að sama skapi óhagstæð.

Er Ísland óskaði eftir endurskoðun á ákvæðum orkusölusamningsins, árið 1974, setti Alusuisse það skilyrði fyrir breytingum á honum, að gerðar yrðu viðunandi breytingar á skattkerfinu 66/69.

(Sjá nánar kafla 2, einkum 2.1; kafla 3, einkum töflu 4; og fundargerðir viðræðunefnda Íslands og Alusuisse 4.-5. mars 1974 og 17. mars 1975).

(2) Með undirritun 2. viðauka við aðalsamning árið 1975, var skattkerfinu 66/69 breytt í meginatriðum.

Sterkar líkur benda til þess, að þessar breytingar reynist Íslandi óhagstæðar, ekki síst þegar líða tekur á samningstímabilið.

(Sjá nánar kafla 2, einkum 2.2, 2.3, og 2.4; og kafla 3, einkum töflu 4).

(3) Helstu gallar núverandi skattkerfis frá sjónarmiði Íslands eru:

(i) Skert verðtrygging framleiðslugjaldsins.

(ii) Tengsl hámarksframleiðslugjalds við hagnað ÍSAL.

(iii) Endurgreiðsla skattinneignar og vextir af henni.

(iv) Heimild til frádráttar varasjóðstillags frá hagnaði.

(v) Takmarkanir á raunhæfu skatteftirliti.

(vi) Ófullnægjandi möguleikar til endurskoðunar skattreglna.

(Sjá nánar kafla 4).

(4) Hagkvæmasta skattkerfið frá sjónarmiði Íslands virðist vera fast árlegt verðtryggt gjald.

Mikilvægasta forsenda þessarar niðurstöðu er sú, að vongildi heildartekna af slíkum skatti sé ekki lægra en annarra skattkerfa, sem til greina koma.

(Sjá nánar kafla 5).

(5) Tvö önnur skattkerfi eru einnig mjög álitleg. Þau eru:

(i) Fast árlegt verðtryggt gjald + veltugjald.

(ii) Fast árlegt verðtryggt gjald + framleiðslugjald.

(Sjá nánar kafla 5.2, 5.3, 5.4 og 5.6, m.a. skýrgreiningar í kafla 5.3 og 5.4).

(6) Íslenska skattkerfið virðist ekki vera eins fýsilegt og ofangreind þrjú skattkerfi. Þessi niðurstaða kynni þó að breytast, ef skattalögsagan færðist einnig í íslenskar hendur.

(Sjá nánar kafla 5.5 og 5.6).

(7) Eftirtaldar breytingar á núgildandi skattkerfi myndu vera umtalsverð hagsbót frá sjónarmiði Íslands:

(i) Framleiðslugjald, verðtryggt að fullu.

(ii) Hámarksákvæði framleiðslugjalds afnumið.

(iii) Skattinneign felld niður.

(Sjá nánar kafla 5.6).

2. LÝSING SKATTKERFA.

Skattsögu ÍSAL má skipta í tvö tímabil. Á hinu fyrra, þ.e. frá 1969 til 30. sept. 1975, giltu skattaákvæði aðalsamnings[1] og fyrsta viðauka við hann[2]. Á hinu síðara, þ.e. 1. okt. 1975 og til þessa dags, giltu ákvæði aðalsamnings og annars viðauka[3] við hann.

Enda þótt skattkerfinu hafi verið breytt með 2. viðauka 1975, hafa helstu einkenni þess verið óbreytt frá upphafi. Skattstofninn er og hefur verið framleiðslumagn[4] ÍSAL. Á þennan stofn er lagður skattur, svonefnt framleiðslugjald. Framleiðslugjaldið breytist með hliðsjón af heimsmarkaðsverði hrááls eftir vissum reglum og má skoða þau ákvæði sem verðtryggingarákvæði. Heildarupphæð framleiðslugjalds eru þó sett mörk, bæði efri og neðri mörk. Að lokum tengjast skattkerfinu reglur um birgðasöfnun hrááls og útreikning nettóhagnaðar.

Rétt er að taka það fram, að enda þótt framleiðslugjaldið komi í stað þorra þeirra almennu skatta sem felast í íslenskum skattalögum, greiðir ÍSAL samkvæmt aðalsamningnum nokkur önnur opinber gjöld. Meðal þessara gjalda má nefna[5] stimpilgjöld, þungaskatt og félagslegan hluta launatengdra gjalda. Árið 1978 námu þessi gjöld rúmlega þriðjungi af upphæð hins sérstaka framleiðslugjalds. Langstærsti hluti þessara gjalda eru launatengd gjöld, sem renna til íslenska tryggingakerfisins.

---

1) Aðalsamningur var undirritaður 28. mars 1966, sjá lög nr. 76/1966 og texta aðalsamnings, sbr. A.-deild Stjórnartíðinda 1966 bls. 189 til 265 og A.-deild Alþingistíðinda 1965 bls. 1145 til 1375.

2) 1. viðaukasamningur var undirritaður 28. október 1969, sjá lög nr. 19/1970 og texta viðaukasamnings, sbr. A.-deild Stjórnartíðinda 1970 bls. 233-243 og A.-deild Alþingistíðinda 1969 bls. 516 til 559.

3) 2. viðaukasamningur var undirritaður 10. desember 1975, sjá lög nr. 42/1976 og texta viðaukasamnings sbr. A.-deild Stjórnartíðinda 1976 bls. 84 til 108 og A.-deild Alþingistíðinda 1975 bls. 473 til 508.

4) Gjaldstofninn er hins vegar útskipað magn hrááls, með vissum takmörkunum varðandi birgðasöfnun, sbr. ákvæði aðalsamnings um birgðahald.

5) Sjá nánar 31. gr. aðalsamnings 1966, sbr. 1. og 2. viðauka 1969 og 1975.

Helstu atriðin í skattkerfunum tveimur eru í stuttu máli sem hér segir[1]:

2.1 Skattkerfið frá 1969 til 30. sept. 1975.

(i) Framleiðslugjald.

Í aðalatriðum var samið um, að framleiðslugjald á hverja smálest af hrááli skyldi vera:

TAFLA 1

Framleiðslugjald skv. 1. viðauka við aðalsamning.

Tímabil*	Framleiðslugjald $/smálest
01.10.69 - 01.10.75	12.50
01.10.75 - 01.10.84	20.00
01.10.84 - 01.06.85	26.43
01.06.85 - 01.09.87	28.57
01.09.87 - 01.10.94	35.00

* Ath. dagsetningar liðinna ára í töflunni eru raunverulegir afhendingardagar aukinnar raforku. Þær dagsetningar eru ekki nákvæmlega þær, sem við var miðað í umræddum samningi.

(ii) Verðtrygging framleiðslugjalds.

Í samningnum voru ákvæði þess efnis, að hvenær sem álverð[2] hækkaði umfram $ 0.27/lbs[3], skyldi framleiðslugjald hækka um $ 7.00 á smálest fyrir hvern $ 0.01, sem þetta verð hækkaði. Hliðstæð lækkunarákvæði giltu, ef álverðið lækkaði niður fyrir $ 0.22/lbs.

---

1) Nánari upplýsingar er að finna í texta ofangreindra tilvísana.

2) Þ.e. skv. upplýsingum Metal Bulletin um verð 99.5% hreinna álklumpa (ingots).

3) Álverð var um $ 0.245 er aðalsamningurinn var gerður 1966 og um $ 0.27 árið 1969.

Í ljósi þess, að lækkunarákvæðin hafa aldrei haft áhrif, og voru raunar ólíkleg til þess þegar í upphafi, voru þessi verðtryggingarákvæði mjög hagstæð Íslandi. Samkvæmt þessum reglum vex framleiðslugjaldið hlutfallslega miklu hraðar en álverð , en álverð hefur á hinn bóginn tilhneigingu til að vaxa mjög í hátt við almennt heimsverðlag[1)].

(iii) Hámarks- og lágmarksákvæði.

Hin almenna framleiðslugjaldsregla var þó bundin af lágmarks- og hámarksákvæðum.

Lágmarksákvæðið var það, að fram til 1. sept. 1972 skyldi framleiðslugjaldið aldrei vera lægra en $ 100 þús. á ári hverju og a.m.k. $ 235 þús. eftir það.

Hámarksákvæðið var það, að framleiðslugjaldið skyldi aldrei nema hærri upphæð en 50% af nettóhagnaði ÍSAL[2)]. Raunar kom í ljós, að þetta hámarksákvæði var bindandi öll rekstrarárin nema hið fyrsta (þ.e. á tímabilinu 1971-1975).

(iv) Skattinneign og meðferð hennar.

Ef framleiðslugjaldið, sem ÍSAL bæri að greiða á einhverju ári næmi hærri upphæð en 50% af nettóhagnaði ÍSAL, skyldi mismunurinn teljast skattinneign ÍSALS. Þó skyldi lágmarksgjaldið aldrei mynda skattinneign.

Skattinneignin færðist áfram með 5% ársvöxtum og átti reiknað framleiðslugjald umfram $ 12.50 á smálest fyrir 1.okt. 1975 og umfram $ 20.00 á smálest eftir það að vera notað til að greiða niður skattinneignina.

Um greiðslu skattinneignar, ef einhver væri, að samningstíma loknum, var ágreiningur. Afstaða Íslands var sú, að þá félli hún niður[3)].

---

1) Á tímabilinu 1950-1980 hefur raunvirði álverðs lækkað um 0,8% á ári að jafnaði.

2) Skýrgreining á nettóhagnaði er að finna í 27. gr. aðalsamnings.

3) Sjá t.d. greinargerðir H.T. 7.5 1975 og C.D. Kyle 24.9 1975. Varðandi mótrök Alusuisse, sjá Davis, Falk and Wardwell 7.10 1975.

(v) Birgðahald.

Þar eð framleiðslugjaldið miðaðist við útskipun var nauðsynlegt að setja reglur um birgðasöfnun ÍSAL. Reglur þessar voru í stuttu máli þannig, að birgðir af hrááli umfram tiltekin hámörk voru metin sem útskipun.

Þessi mörk voru:

01.10.69 - 01.06.70	10.000 smálestir
01.06.70 - 01.09.72	13.500 smálestir
01.09.72 - loka samningstímans	23.500 smálestir.

2.2 Skattkerfið frá og með 1. okt. 1975.

(i) Framleiðslugjald.

Samkvæmt 2. viðauka við aðalsamninginn skyldi framleiðslugjaldið vera:

TAFLA 2

Framleiðslugjald skv. 2. viðauka við aðalsamning.

Tímabil	Framleiðslugjald $/smálest
01.10.69 - 01.10.75	12.50
01.10.75 - 01.10.94	20.00

(ii) Verðtrygging framleiðslugjalds.

Í 2. viðauka við aðalsamninginn var samið um verulega skerta verðtryggingu framleiðslugjalds miðað við álverð. Verðtryggingarákvæðin má í höfuðdráttum lesa úr töflu 3. Auk framleiðslugjaldsins skv. 2. viðaukasamningi, sem skráð er í 3. dálk, er framleiðslugjaldið samkvæmt upprunalegu skattkerfi 66/69 sýnt í fjórða dálki þeirrar töflu. Miðað er við grunngjald $ 20.00/smálest, en skattkerfið 66/69 gerði raunar ráð fyrir hækkandi grunngjaldi, sem fyrr segir.

TAFLA 3

Verðtrygging framleiðslugjalds skv. 1. og 2. viðauka við aðalsamning.

Álverð		Framleiðslugjald	
		Skv. 2. viðauka	Skv. 1. viðauka
$/lbs	$/smálest	$/smálest	$/smálest
0.25	551.	20.00	20.
0.30	661.	20.00	41.
0.40	882.	20.00	111.
0.50	1102.	24.50	181.
0.60	1323.	28.50	251.
0.70	1543.	32.00	321.
0.80	1764.	35.00	391.
0.90	1984.	38.00	461.
1.00	2205.	41.00	531.
1.50	3307.	56.00	881.
2.00	4409.	71.00	1231.

Þess má geta, að álverð við undirritun 2. viðauka við aðalsamning var $ 0.39/lbs, en er nú nálægt $ 0.80/lbs.

(iii) Hámarks- og lágmarksákvæði.

Ákvæðið um $ 235 þús. árlegan lágmarksskatt var afnumið. Þess í stað skyldi lágmarksskattur vera það sem hærra væri, a) 35% af nettóhagnaði ÍSAL, b) $ 20 framleiðslugjald á smálest.

Hámarksákvæðinu var breytt þannig, að heildarskattur skyldi nú aldrei nema hærri upphæð en 55% af nettóhagnaði ÍSAL.

Það hefur hins vegar áhrif á bæði þessi ákvæði í samanburði við samningana 66/69, að skýrgreiningu á nettóhagnaði ÍSAL var nú breytt þannig, að ÍSAL var heimilt að draga allt að 20% varasjóðstillag frá fyrri (þ.e. 66/69) skýrgreiningu á nettóhagnaði. Miðað við skýrgreiningu skattkerfisins 66/69 var því skattalágmarkið nú 28-35%, en skattahámarkið 44-55% af nettóhagnaði eftir því hvað ÍSAL kysi að leggja mikið í varasjóð.

(iv) Skattinneign og meðferð hennar.

Ákvæðum um skattinneign var breytt í grundvallaratriðum.

a) Ákveðið var, að um frekari nýmyndun skattinneignar yrði ekki að ræða.

b) Upphæð skattinneignar var ákveðin $ 4.400 þús., sem var um $ 40 þús. lægri upphæð en verið hefði skv. skattkerfinu 66/69[1)].

c) Ákveðið var, að vextir af skattinneigninni skyldu vera forvextir "Seðlabanka Bandaríkjanna" í stað fastra 5% vaxta[2)].

d) Kveðið var skýrt á um það, að ógreidd skattinneign skyldi greidd ÍSAL að samningstímabilinu loknu.

(v) Birgðahald.

Við fyrri birgðahaldsreglur var bætt ákvæði þess efnis, að eftir stækkun álversins um sem samsvarar 10.700 smálesta afkastagetu, skyldu hámarksbirgðir teljast 27.000 smálestir.

2.3 Samanburður skattakerfanna 66/69 og 66/75.

(i) Framleiðslugjald.

1. viðauki við aðalsamning fól í sér verulega lækkun grunntaxta framleiðslugjaldsins. Breytingunni er lýst í eftirfarandi línuriti:

MYND 1 Samanburður grunntaxta framleiðslugjalds, skv. skattkerfunum fyrir og eftir 1. október 1975.



1) Sjá nánar fylgiskjal 1.

2) Þessir forvextir voru 6.0% við undirritun 2. viðauka.

(ii) Verðtrygging.

Eins og glöggt kemur fram í töflu 3 var verðtrygging framleiðslugjalds einnig skert verulega í 2. viðauka við aðalsamninginn.

(iii) Hámarks- og lágmarksákvæði.

Lágmarksskattur er í rauninni felldur niður, því að $ 20 lágmarksframleiðslugjaldið eða 35% af nettóhagnaði gæfu engar tekjur, ef Alusuisse kysi að láta ÍSAL stöðva framleiðslu. Því er þó ekki að neita, að viss vörn kann að vera í þessum ákvæðum. Hið fyrra er þó ekki nýjung, og raunar skerðing, þar eð í skattkerfinu frá 66/69 var miðað við það, að grunntaxti framleiðslugjaldsins myndi hækka umfram $ 20 er liði á samningstímann, sem fyrr var getið. Síðara lágmarkið, 35% af nettóhagnaði ÍSAL, er nýjung, sem ekki hefur haft áhrif á skattgreiðslur fram að þessu. Vegna hinnar miklu verðtryggingar framleiðslugjaldsins skv. samningunum 66/69 má raunar telja víst, að þetta lágmarksákvæði hefði aldrei haft áhrif í því kerfi.

Niðurstaða starfshópsins er því, samkvæmt ofansögðu, sú, að samningarnir 1975 hafi skert lágmarksskattákvæðin frá sjónarmiði Íslands.

Hámarksupphæð skatts var í samningunum 1975 hækkuð upp í 55% af nettóhagnaði ÍSAL. En vegna varasjóðsákvæðisins, sem á hefur verið minnst hér að framan, gæti þetta hlutfall í raun verið á bilinu 44-55% af nettóhagnaði eins og hann var skýrgreindur fyrir undirritun 2. viðauka við aðalsamninginn.

Það er því síður en svo unnt að fullyrða, að hið endurskoðaða hámarksákvæði sé hagstæðara Íslandi en hið fyrra.

(iv) Skattinneign og meðferð hennar.

Svo sem fyrr segir, var ákvæðum um skattinneign breytt í höfuðatriðum. Vegna tengsla skattinneignarinnar við hagnað ÍSAL og ágreinings um endurgreiðslu hennar í lok samningstíma skv. eldri reglum, er erfitt að dæma um, hvort í þessum breytingum hafi falist hagsbót fyrir Ísland eða ekki.

Starfshópurinn telur í fyrsta lagi, að lækkun skattinneignar 1975 um $ 40 þús. sé vart unnt að meta meira virði en þá viðurkenningu Íslands, að því bæri að greiða ÍSAL skattinneignina $ 4.400 þús. í síðasta lagi 1994[1)].

Í öðru lagi hefur breytingin á vaxtaákvæðinu reynst mjög óhagstæð. Á árinu 1980 mun sú breyting ein hafa kostað hartnær $ 400 þús., eða vel yfir fjórðung af greiddu framleiðslugjaldi það ár. Auðvelt er að sýna fram á það, að verði árlegur hagnaður ÍSAL það lítill í framtíðinni, að framleiðslugjaldið nemi aðeins lágmarkstaxta á ári hverju, megi fastlega reikna með því, að árleg vaxtagjöld af skattinneigninni, miðað við 10% ársvexti, fari fram úr framleiðslugjaldinu á árinu 1992[2)].

Á móti þessum óhagstæðu árhifum kemur stöðvun nýmyndunar skattinneignar. Verðmæti þeirrar breytingar fyrir Ísland er á hinn bóginn ákaflega undir greiðslu skattinneignar við lok samningstímabilsins komin. Ef, eins og Ísland hélt fram[3)], þessi lokaskattinneign hefði í rauninni verið óendurkræf, virðist ábati Íslands af þessu ákvæði vera vafasamur[4)].

Þegar á allt er litið, er því niðurstaðan sú, að hagsbót Íslands af endurskoðun ákvæðanna um skattinneign sé óviss.

(v) Birgðahald.

Reglum um birgðahald var ekki breytt í umtalsverðum atriðum.

---

1) Núvirði $ 4.400 þús. greiddra 1994 miðað við 10% ársvexti var í árslok 1975 $ 648 þús.

2) Sjá nánar fylgiskjal 2.

3) Sjá nánar grein (iv) í kafla 2.1 hér að framan.

4) Sjá nánar fylgiskjal 3.

2.4 Niðurstöður.

Samkvæmt framanskráðu eru flestar þær breytingar, sem gerðar voru á skattlagningu ÍSAL með 2. viðauka við aðalsamninginn 1975 Íslandi óhagstæðar. Eina hugsanlega undantekningin að áliti starfshópsins er breytingin á ákvæðunum um skattinneign ÍSAL og myndun hennar. Óvissan um áhrif þessarar breytingar veldur því, að erfitt er að fullyrða um hagkvæmni kerfisbreytingarinnar í heild.

Starfshópurinn hallast þó að þeirri skoðun, að þegar á allt sé litið, hafi skattkerfisbreytingin verið Íslandi óhagstæð. Starfshópurinn hefur ekki framkvæmt ítarlega útreikninga til stuðnings þessari skoðun sinni, en bendir á útreiknina þá sem fylgdu frumvarpi um lagagildi 2. viðaukasamnings[1]. Í þeim útreikningum kom í ljós, að væri við það miðað, að lokaskattinnstæða félli niður, skv. skattkerfinu 66/69, gaf það kerfi ávallt hærri tekjur en skattkerfið 66/75. Væri miðað við það, að lokaskattinneign væri greidd ÍSAL, skv. báðum skattkerfum, en heimsmarkaðsverð á hrááli hækkaði um 5% á ári (í stað u.þ.b. 1%, sem annars mun hafa verið miðað við), kom einnig í ljós, að skattkerfið 66/69 gaf hærri tekjur. Síðan 1975 hefur álverð hins vegar hækkað um meira en 13% á ári að jafnaði.

---

1) Sbr. A.-deild Alþingistíðinda 1975, bls. 501-503. Einnig má vekja athygli á töflum í fylgiskjali 3.

3. YFIRLIT YFIR FRAMLEIÐSLUGJALD 1969-1979.

Í þessum kafla verður reynt að veita nokkra yfirsýn yfir tekjur Íslands af framleiðslugjaldi ÍSAL á tímabilinu 1969-1979[1]. Auk þessa verður gerð tilraun til að áætla, hvaða skatttekjur önnur skattkerfi hefðu gefið af sér, hefðu þau gilt á þessu tímabili. Reiknaðar eru skatttekjur fjögurra mismunandi skattkerfa. Þau eru:

(i) Raunverulegt skattkerfi á hverjum tíma.
(ii) Skattkerfið 66/69 allt tímabilið.
(iii) Skattkerfið 66/75 allt tímabilið.
(iv) Íslenska skattkerfið á hverjum tíma.

Til þess að unnt sé að komast að niðurstöðu um þær tekjur, sem hvert skattkerfi gæfi af sér utan tímabila, sem það gildir í raun og veru, er nauðsynlegt að gefa sér ýmsar veigamiklar forsendur.

3.1 Helstu forsendur útreikninga.

(i) Raunverulegt skattkerfi á hverjum tíma.

Hér er um að ræða framleiðslugjald skv. aðalsamningi og 1. viðauka við hann, þ.e. skattkerfi 66/69, fram til 1. okt. 1975, en skv. aðalsamningi og 2. viðauka við hann, þ.e. skattkerfi 66/75, eftir það.

Framleiðslugjald, sem á rætur sínar að rekja til framleiðslu tiltekins rekstrarárs er ávallt talið með skatttekjum þess árs, enda þótt framleiðslugjald vegna framleiðslu í desember greiðist ekki fyrr en í janúar árið eftir, skv. skattkerfunum 66/69 og 66/75[2].

---

1) Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir, hvert framleiðslugjald ársins 1980 var.

2) Sömu meginreglu er raunar fylgt varðandi öll skattkerfin, þ.e. skatttekjur eru færðar á viðkomandi rekstrarár enda þótt greiðslur kunni að fara fram síðar.

(ii) Skattkerfið 66/69, allt tímabilið.

Í þessu dæmi er framleiðslugjald reiknað skv. skattkerfinu 66/69 fyrir allt tímabilið 1970-1979. Þar sem umrætt skattkerfi var í gildi 1969 til 1. okt. 1975 er um raunverulegar skattgreiðslur að ræða á því tímabili, en síðan reiknaðar tölur.

Ein helsta forsenda þessara útreikninga og reyndar allra útreikninga á framleiðslugjaldi fyrir skattkerfi á tímabilum þegar þau giltu ekki, er sú, að rekstur og reikningsskil ÍSAL hefði verið með sama hætti, hvert svo sem skattkerfið hefði verið.

(iii) Skattkerfið 66/75, allt tímabilið.

Hér er í höfuðdráttum við það miðað, að framleiðslugjald sé greitt skv. skattkerfinu 66/75 allt tímabilið. Í þessu dæmi er þörf fleiri forsendna en áður, því að skattkerfinu 66/75 var auðvitað aldrei ætlað að gilda á tímabilinu 1969-1975. Einkum er grunngjald framleiðslugjaldsins og verðtryggingaákvæði þess óraunhæf á því tímabili. Hér hefur verið brugðið á það ráð, að miða við grunnframleiðslugjald $ 12.50 og verðtryggingu 90% af hlutfallslegri hækkun álverðs umfram $ 0.27/lbs fram til 30. sept. 1975. Eftir það gildir skattkerfið 66/75 óbreytt.

(iv) Íslenska skattkerfið.

Í þessu dæmi er reiknað með því, að ÍSAL hefði verið skattlagt skv. gildandi íslenskum skattalögum á hverjum tíma. Íslenska skattkerfið er hins vegar ákaflega margbrotið, og fyrirliggjandi ársreikningar ÍSAL eru auk þess ekki samdir með hliðsjón af ákvæðum þess. Til að reikna út skatta ÍSAL skv. íslenskum skattalögum er því nauðsynlegt að gefa sér fjölda forsendna. Meðal hinna helstu þeirra má nefna eftirfarandi:

1. Miðað er við gjaldfærðar afskriftir skv. ársreikningum ÍSALS h.f.

2. Við mat á eignum er miðað við bókfært verð, þó að frádreginni þeirri hækkun fastafjármuna, sem leiðir af því, að hlutafé, sem upphaflega var greitt í erlendri mynt,

hefur, vegna gengisfalls íslensku krónunnar, verið endurmetið til samræmis við gengi í árslok. Umrædd hækkun er færð til hækkunar fastafjármuna og á móti á endurmatsreikning. Á árinu 1979 er þó umrætt endurmat fært til hækkunar á bókfærðu verði fastafjármuna, sbr. tl. 3.

3. Fyrnanlegar eignir eru eigi endurmetnar á árinu 1979 skv. bráðabirgðaákvæði IV. í lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum. Hins vegar er gengismunur vegna erlendra skulda og hlutafjár, sbr. tl. 2, færður til hækkunar fyrnanlegra eigna, sem gera má ráð fyrir að komi að verulegu leyti í stað endurmats.

4. 20% af eignfærðum gengismun af skuldum, að frádregnum þeim hluta sem áætlaður er að hafi verið gjaldfærður í formi fyrninga, er gjaldfærður á árinu 1979 skv. bráðabirgðaákvæði VII. í lögum nr. 40/1978, sbr. 53. gr. laga nr. 7/1980.

5. Aðstöðugjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, er fært til gjalda á álagningarári.

6. Tilgreind launaskattshækkun er vegna rekstrarársins næst á undan gjaldári, og er hún gjaldfærð og skuldfærð á því ári sem laun þau, sem hún er reiknuð af, eru gjaldfærð (þ.e. rekstrarári).

7. Skv. upplýsingum Hafnarfjarðarbæjar eru nokkrar nýjar byggingar á svæði ÍSALS h.f.eigi komnar í fasteignamat.

8. Skv. samningi við ÍSAL h.f. frá 13. maí 1966 er fyrirtækið undanþegið greiðslu söluskatts skv. þar tilgreindum ákvæðum.

Að síðustu er rétt að endurtaka það, að hefði ÍSAL í raun verið skattlagt skv. íslenskum skattalögum er næsta víst, að fyrirtækið hefði fært sér í nyt ýmsa frádráttarliði skv. þeim lögum, sem það gerði ekki í ársreikningum sínum og því er ekki miðað við í þessum reikningum. Skattgreiðslur ÍSAL skv. íslenskum skattalögum hefðu því eflaust orðið lægri en tölurnar í töflu 4 hér á eftir.

3.2 Yfirlit.

Niðurstöður útreikninga á framleiðslugjaldi hinna fjögurra skattkerfa eru birtar í töflu 4.

Það veldur nokkrum vandkvæðum við samanburð á árangri hinna mismunandi skattkerfa, að skv. skattkerfinu 66/69 myndaðist skattinneign, ef framleiðslugjald var meira en nam 50% af hagnaði ÍSAL. Skattinneign þessi skyldi, eins og um var rætt í kafla 2.1, greiðast ÍSAL ásamt vöxtum þegar reiknað framleiðslugjald væri hærra en lágmarksgjald. Greiðslur á framleiðslugjaldi á tilteknu ári skv. þessu kerfi, þurfa því alls ekki að endurspegla raunverulegar skatttekjur Íslands og gerði það raunar fæst árin. Hefðu ákvæði 2. viðauka við aðalsamning eða íslensk skattalög gilt allt tímabilið, hefðu greiðslur hins vegar verið jafnar raunverulegum skatttekjum. Til þess að auðvelda samanburð, er því framleiðslugjaldi, þar sem skattkerfið 66/69 kemur við sögu, skipt í þrennt í töflu 4:

(i) Greitt framleiðslugjald.

(ii) Framleiðslugjald að frádreginni breytingu á skattinneign.

(iii) Framleiðslugjald nettó, þ.e. framleiðslugjald að frádreginni breytingu á skattinneign og vöxtum af henni.

TAFLA 4

Skatttekjur skv. mismunandi skattkerfum.

(264)

	RAUNVERULEGT FRAMLEIÐSLUGJALD			REIKNAÐ FRAMLEIÐSLUGJALD			REIKNAÐIR SKATTAR
	Aðalsamningur, 1. og 2. viðauki			Aðalsamningur og 1. viðauki			2. viðauki	Íslensk skattalög
	Greitt framleiðslu-gjald $	Framleiðslu-gjald ábreyt. skattinneignar[1] $	Framleiðslu-gjald nettó[2] $	Greitt framleiðslu-gjald $	Framleiðslu-gjald ábreyt. skattinneignar[1] $	Framleiðslu-gjald nettó[2] $	Framleiðslugj. til greiðslu $	Skattar[5] $
1970[3]	734.503	734.503	734.503	734.503	734.503	734.503	523.663[4]	1.139.663
1971	642.177	96.854	96.854	642.177	96.854	96.854	411.652	507.436
1972	602.022	145.000	118.625	602.022	145.000	118.625	537.929	782.534
1973	998.172	235.000	186.375	998.172	235.000	186.375	998.172	1.097.604
1974	2.617.457	416.546	380.045	2.617.457	416.546	380.045	788.463	1.274.567
1975	709.458	465.857	321.387	1.132.908	235.000	102.815	709.458	1.537.109
1976	1.484.302	1.484.302	1.238.765	5.408.307	770.394	659.532	1.484.302	1.761.143
1977	1.485.103	1.485.103	1.227.703	3.637.972	847.774	609.813	1.485.103	1.964.321
1978	1.506.865	1.506.865	1.136.852	2.367.147	997.494	622.523	1.506.865	2.125.929
1979	1.522.734	2.251.917[4]	1.702.970	6.179.334	2.772.759	2.415.547	2.251.917[4]	3.788.157
Samtals	12.302.793	8.821.947	7.144.079	24.319.999	7.251.324	5.926.632	10.697.524	15.978.463

1) Framleiðslugjald að frádreginni breytingu á skattinneign hvers árs.

2) Framleiðslugjald að frádreginni breytingu á skattinneign og vöxtum af henni.

3) 1969-1970, 15 mánuðir.

4) Leiðréttur taxti gildir.

5) Skattar rekstrarárs umreiknaðir á meðalinnborgunargengi hvers árs.
Skattar eru reiknaðir samkvæmt ársreikningum Ísals. - Ef reikningsskil hefðu verið gerð í samræmi við ísl skattalög má reikna með að skattar hefðu orðið lægri.

3.3 Niðurstöður.

Sé miðað við greitt framleiðslugjald bendir tafla 4 til þess, að skattkerfið skv. aðalsamningi og 1. viðauka við hann, þ.e. skattkerfið 66/69, hefði gefið hæstu skatttekjurnar á tímabilinu 1969-1979. Íslenska skattkerfið virðist skv. sömu töflu gefa næst bestan árangur.

Sé miðað við nettóframleiðslugjald, þ.e. greitt framleiðslugjald að frádreginni breytingu á skattinneign, er niðurstaðan sú, að íslensku skattalögin gefi mestar skatttekjur en skattkerfið skv. aðalsamningi og 2. viðauka, þ.e. skattkerfið 66/75, næst bestan.

Starfshópurinn varar eindregið við því, að miklar ályktanir séu dregnar af þessum samanburði. Í fyrsta lagi er vert að endurtaka það, að ÍSAL mun að öllum líkindum haga rekstri sínum og reikningsskilum í samræmi við það skattkerfi, sem gildir hverju sinni. Útreikningar á árangri nýrra skattkerfa, sem ekki taka tillit til þessa atriðis, ofmeta því sennilega árangur þeirra.

Í öðru lagi er rétt að undirstrika það, að ágreiningurinn um endurgreiðslu skattinneignar skv. skattkerfinu 66/69 veldur óvissu um það, hvaða skatttekjuhugtök er réttast að bera saman.

Varðandi íslensku skattalögin sérstaklega er, eins og fram hefur komið, líklegt, að þau hefðu gefið mun lægri skatttekjur en tafla 4 gefur í skyn. Ennfremur ríkir mikil óvissa um túlkun íslensku skattalaganna gagnvart rekstri ÍSAL.

Varðandi samanburð á skattkerfum 66/69 og 66/75 er ástæða til þess að benda á tvö atriði. Í fyrsta lagi eru þær forsendur, sem beitt var til að fá niðurstöður fyrir skattkerfið 66/75 fram til 1976, hreinar getgátur. Í öðru lagi er vert að vekja athygli á því, að skattkerfið 66/69 skilar tvímælalaust meiri skatttekjum á árinu 1979 en skattkerfið 66/75. Starfshópurinn telur vafalítið að hliðstæð niðurstaða verði æ algengari eftir því sem líður á samningstímann.

Niðurstaða starfshópsins er því sú, að forsendur útreikninganna séu of veikar og mismunur niðurstaðna of lítill til þess að unnt sé að líta svo á, að tafla 4 gefi marktæka vísbendingu um eiginleika umræddra skattkerfa.

4. HELSTU GALLAR NÚVERANDI SKATTKERFIS.

Helstu ókostirnir við það skattkerfi, sem ÍSAL greiðir nú skatta eftir[1], eru, að áliti starfshópsins, sem hér segir:

1. Skert verðtrygging framleiðslugjaldsins.
2. Skattinneignin og vextir af henni.
3. Tengsl hámarksframleiðslugjalds við hagnað ÍSAL.
4. Frádráttur varasjóðstillags frá hagnaði.
5. Takmarkanir á raunhæfu skatteftirliti.
6. Ófullnægjandi endurskoðunarmöguleikar á skattareglum.

Sum þessara atriða, þ.e. 2, 3, 5 og 6, voru ákvæði í aðalsamningnum 1966. Önur, þ.e. 1 og 4, komu inn í skattkerfið skv. 2. viðauka við aðalsamning 1975.

Nú verður fjallað um hvert þessara atriða fyrir sig:

4.1 Skert verðtrygging.

Eins og fram kom í kafla 2, einkum töflu 3, fól 2. viðauki við aðalsamning í sér mjög verulega skerðingu á verðtryggingu framleiðslugjaldsins.

Í töflu 5 hér á eftir er gerð tilraun til að draga upp mynd af hugsanlegum afleiðingum þeirra verðtryggingarákvæða, sem nú gilda, þegar horft er til alls samningstímabilsins. Í töflu 5 er sýnd raunveruleg framvinda raunvirðis[2] framleiðslugjalds á hverja smálest hrááls skv. ríkjandi samningum á hverjum tíma, á tímabilinu 1969-1980. Frá og með 1981 er um frameikning á raunvirði framleiðslugjaldsins skv. núverandi skattkerfi að ræða. Forsendur framreikningsins eru eftirfarandi:

(i) Álverð hækki um 7% á ári, 1981-1994.

(ii) Innflutningsverðlag, mælt í $ hækki einnig um 7% á ári á sama tímabili.

---

1) Þ.e. skv. aðalsamningi 1966 og 2. viðauka 1975.

2) Með raunvirði framleiðslugjalds er átt við hlutfallið á milli framleiðslugjalds í $ og vísitölu íslensks innflutningsverðlags í sömu mynt.

Í síðasta dálki í töflu 5 er, til samanburðar, skráð raunvirði framleiðslugjalds eins og það hefði orðið skv. ofangreindum forsendum ef skattkerfið 66/69 hefði gilt áfram.

Rétt er að vekja athygli á því að hámarksákvæði framleiðslugjaldsins (þ.e. ákvæðið um að framleiðslugjaldið skuli aldrei vera hærra en tiltekið hlutfall nettóhagnaðar) getur, og hefur raunar oftast, skert það framleiðslugjald, sem kemur til greiðslu. Tafla 5 sýnir því raunvirði svonefnds reiknaðs framleiðslugjalds.

Ennfremur er rétt að undirstrika það, að tölurnar eftir 1980 ber að skoða sem dæmi, ekki spá.

TAFLA 5

Raunvirði framleiðslugjalds á hverja smálest hrááls.

Ár	Álverð[1] $/smál.	Reiknað framl.gj.[2] $/smál.	Innfl.verðl.[3] vísitala	Raunvirði reiknaðs framl.gj.[2] $/smál.	Raunvirði reiknaðs framl.gj.[4] $/smál.
1969	606	15.91	1.00	15.91	15.91
1970	615	18.77	1.04	18.04	18.04
71	618	19.72	1.12	17.60	17.60
72	603	14.96	1.18	12.68	12.68
73	617	19.41	1.43	13.57	13.57
74	794	75.60	1.92	39.38	39.38
75	860	73.41	2.04	35.98	48.57
76	968	21.75	2.04	10.66	67.82
77	1108	25.53	2.22	11.50	82.35
78	1166	25.65	2.41	10.52	83.49
79	1399	29.77	2.86	10.41	96.22
1980	1714	34.32	3.31	10.36	113.36
81	1834	35.96	3.53	10.19	117.09
82	1962	37.70	3.78	9.97	120.10
83	2100	39.58	4.04	9.80	123.21
84	2297	41.58	4.33	9.60	125.98
85	2404	43.71	4.63	9.44	129.87
86	2572	46.00	4.96	9.27	132.30
87	2752	48.45	5.31	9.11	134.71
88	2945	51.07	5.68	8.99	137.51
89	3151	53.88	6.08	8.86	139.23
1990	3372	56.89	6.51	8.74	140.81
91	3608	60.10	6.96	8.64	142.47
92	3860	63.53	7.45	8.53	143.84
93	4130	67.20	7.96	8.44	145.39
94	4420	71.15	8.53	8.34	146.47

1) Vegið meðaltal verði 99.5% hreinna álklumpa skv. skráningu í Metal Bulletin fram til 1980.
2) Skv. skattkerfi hvers árs.
3) Skv. skýrslum Alþjóða Gjaldeyrissjóðsins um verðlag innflutnings til Íslands í $ fram til 1980
4) Skv. skattkerfi 66/69.

Niðurstaða sú, sem tafla 5 sýnir, er m.a. athyglisverð fyrir þá sök að raunvirði framleiðslugjaldsins skv. henni þróast á allt annan hátt en samningsaðilar gerðu ráð fyrir við gerð aðalsamnings 1966[1]. Endurskoðun skattkerfisins 66/75 var m.a. réttlætt með því, að skattkerfið 66/69 hefði, vegna mikillar verðhækkunar hrááls, leitt til miklu hærra hlutfallslegs framleiðslugjalds en upphaflega hefði verið reiknað með. 2. viðauki virðist hins vegar hafa leitt til of mikillar leiðréttingar þessara "mistaka".

4.2 Skattinneign og vextir.

Í kafla 2.2 og 2.3 hér að framan er fjallað um áhrif skattinneignar á útreikning og greiðslu á framleiðslugjaldi og þá breytingu er varð á ákvæðum um meðferð skattinneignar árið 1975.

Hinum sameiginlegu áhrifum skertrar verðtryggingar og ákvæðum um skattinneign á framleiðslugjald sem hlutfall af álverði er lýst í mynd 2. Línuritin í mynd 2 miðast við reynslutölur fram til 1980 en framreikning skv. tilteknum forsendum eftir það. Þessar forsendur eru:

(i) Álverð hækki um 7% á ári eftir 1980.

(ii) Forvextir "Seðlabanka Bandaríkjanna" verði 10% á ári, 1981-1986.

(iii) Hagnaðarviðmið hámarks- og lágmarksákvæðanna verði ekki bindandi frá og með 1980.

Forsendur (i) og (ii) miðast við það, að verðbólga í Bandaríkjunum verði 7% á ári á næstu tveimur áratugum. Í samræmi við reynslu síðustu þriggja áratuga og að teknu tilliti til orkuverðsbyltingarinnar er ennfremur gert ráð fyrir því, að raunverð hrááls breytist ekki á næstu tveimur áratugum.

Þriðja forsendan er í vissum skilningi meiri óvissu háð. Í henni felst þó, að mati starfshópsins, fremur bjartsýni fyrir Íslands hönd en svartsýni. Umtalsverðar líkur eru á því, að bókfærður hagnaður ÍSAL skerði reiknað framleiðslugjald á komandi árum. Þar með yrði niðurstaðan lakari frá sjónarmiði Íslands en mynd 2 gefur til kynna.

---

1) Sbr. t.d. A.-deild Alþingistíðinda 1965, bls. 1145-1375 og Davis og fél. 07.10.75.

MYND 2

Framleiðslugjald sem hlutfall af álverði.



Mynd 2 lýsir ferli framleiðslugjalds sem hlutfalli af álverði. Sýndir eru tveir ferlar. Heila, breiða línan táknar greitt framleiðslugjald, þ.e. þær upphæðir, eða réttara sagt það hlutfall afurðaverðs, sem ÍSAL greiðir íslenskum yfirvöldum á ári hverju. Brotna línan táknar hins vegar nettóframleiðslugjald, þ.e. greiðslur til Íslands að frádregnum breytingum í upphæð skattinneignar ÍSAL að vöxtum meðtöldum[1]. Þegar brotna línan er fyrir neðan heilu línuna vex skattinneign ÍSAL og öfugt.

Í framhaldi af mynd 2 er e.t.v. ekki úr vegi að vekja athygli á eftirfarandi sjónarmiðum.

Færa má sterk rök að því, að báðir samningsaðilar hafi, við gerð aðalsamnings 1966 og 1. viðaukasamnings 1969, gert ráð fyrir því, að álverð breyttist mjög lítið á samningstímanum[2]. Þeir sömdu engu að síður um mjög vaxandi hlutfall framleiðslugjalds af óbreyttu hráálsverði[3] á samningstímanum, eða sem hér segir:

TAFLA 6

Framleiðslugjald sem hlutfall af álverði*, skv. skattkerfinu 66/69.

1969 - 1. okt. 1975	2.31%
1. okt. 1975 - 1. okt. 1984	3.70%
1. okt. 1984 - 1. júní 1985	4.89%
1. júlí 1985 - 1. sept 1987	5.29%
1. sept.1987 - 1. okt. 1994	6.48%

*Miðað er við álverð $ 0,245/lbs eða $ 240/smálest.

Í ljósi þeirra sjónarmiða samningsaðila, sem aðalsamningurinn virðist byggður á, sýnist því nærtækt, að Ísland óski eftir því, að framleiðslugjaldið nemi ofangreindum hlutföllum á umræddum tímabilum.

---

1) Sbr. skýrgreiningu á nettóframleiðslugjaldi í kafla 3.2.

2) T.d. notaði Alusuisse þau rök við endurskoðun skattákvæðanna 1975. sjá Davis og fél. 07.10.75, og Ísland virðist hafa fallist á þau.

3) Ath. að verðtryggingarákvæði framleiðslugjaldsins eru algerlega aðgreind frá þessum ákvæðum.

4.3 Hagnaðarviðmið framleiðslugjaldsins.

Eins og fram hefur komið, er framleiðslugjaldi því, sem ÍSAL ber að greiða, sett viss efri mörk. Samkvæmt 2. viðauka við aðalsamning nema þessi mörk 55% af nettóhagnaði ÍSAL en voru 50% samkvæmt skattkerfinu 66/69[1]. Flest rekstrarár ÍSAL fram að þessu hefur ákvæði þetta takmarkað framleiðslugjald ÍSAL verulega. Aðeins á árunum 1970 og 1979[2] hefur hagnaður reynst nægilega mikill til þess að Íslendingar fengju óskert framleiðslugjald í sinn hlut.

Auk hinnar beinu skerðingar framleiðslugjaldsins, sem starfar af hagnaðarviðmiðinu, má líta svo á, að í vöxtum af skattinneign þeirri sem myndaðist á árunum 1971-1975 felist óbein skerðing framleiðslugjalds, sem einnig megi rekja til umrædds hagnaðarviðmiðs.

Þær upphæðir sem hér er um að ræða eru skráðar í töflu 7.

TAFLA 7

Áhrif hagnaðarviðmiðsins á framleiðslugjald.

Ár	Bein skerðing* $	Óbein skerðing** $
1970***	0	0
71	545.323	0
72	486.728	26.375
73	1.266.875	48.625
74	4.042.103	36.502
75	3.065.002	144.470
76	153.051	245.537
77	335.052	257.400
78	431.329	370.013
79	0	548.948
Samtals	10.325.463	1.677.870

* Þ.e. myndun skattinneignar skv. skattkerfinu 66/69 fram til 1975 og lækkun reiknaðs framleiðslugjalds skv. skattkerfinu 66/75 eftir 1975.

** Vextir af skattinnstæðu.

*** 3 rekstrarmánuðir 1969 meðtaldir.

1) Athuga ber í þessu sambandi breytinguna á skýrgreiningu nettóhagnaðar 1975, sbr. kafla 2.2 hér að framan.

2) Niðurstaða rekstrarársins 1980 liggur ekki fyrir.

Til samanburðar við niðurstöðurnar í töflu 7 má benda á það, að 1970-1979 greiddi ÍSAL alls $ 12.303 þús. í framleiðslugjald. Af þeirri tölu voru hins vegar aðeins $ 7.144 þús. nettótekjur Íslands[1)].

Ekki þarf að orðlengja það, að fjölþjóðlegt fyrirtæki á borð við Alusuisse hefur margvísleg tækifæri til þess að hagræða bókfærðum hagnaði ÍSAL. Verksmiðja ÍSAL er einungis einn þáttur í langri framleiðslukeðju Alusuisse. ÍSAL kaupir sum helstu aðföng sín, þ.e. súrál og rafskaut, frá Alusuisse og selur þorra afurðanna til fullvinnslu í verksmiðjum Alusuisse. Því vaknar sú spurning, hvort sú skerðing framleiðslugjaldsins, sem lýst er í töflu 7, stafi af einhverju leyti af verðlagningu Alusuisse á ofangreindum aðföngum og afurðum.

Útreikningar, sem starfshópurinn hefur haft aðgang að, benda til þess að mismunur á súrálsverði því, sem ÍSAL hefur greitt Alusuisse á árunum 1974-1979, og viðmiðunarverðum vinnuhóps (03.12 '80) um súrálskaup ÍSALS kunni að hafa lækkað framleiðslugjald ÍSAL um $ 5-10 milljónir á þessum 6 árum[2)].

Ókostur ákvæðisins um hámark framleiðslugjaldsins felst þannig ekki einvörðungu í því, að hagnaður ÍSAL kunni að takmarka upphæð framleiðslugjaldsins heldur einnig því, að bókfærður hagnaður ÍSAL sé sýndur lægri en vera ætti að réttu lagi.

4.4 Varasjóðstillag.

Svo sem um var rætt í kafla 3.2 hér að framan, var í 2. viðauka við aðalsamning bætt inn ákvæði þess efnis, að ÍSAL skuli vera heimilt að draga allt að 20% varasjóðstillag frá hagnaði. Nettóhagnaður skulu m.ö.o. vera fyrri (þ.e. 66/69) skýrgreining á nettóhagnaði að frádregnum allt að 20%.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að ákvæði þetta getur dregið mjög úr upphæð framleiðslugjaldsins. Tafla 7 hér að framan gefur nokkra vísbendingu um þær upphæðir sem þar getur verið um að tefla[3)].

Á hinn bóginn er rétt að taka það fram, að áhrif þessa ákvæðis eru algerlega komin undir tengslum hámarksákvæðisins, og e.t.v. einnig lágmarksákvæðisins, við nettóhagnað ÍSAL. Verði þau tengsl rofin er ákvæðið um varasjóðstillagið skaðlaust frá sjónarmiði Íslands.

---

1) Sbr. töflu 4 í kafla 3.2.
2) Um þessa reikninga og forsendur þeirra, sjá nánar fylgiskjal 5.
3) Þess er að geta, að hingað til hefur ÍSAL ekki kosið að notfæra sér bessa heimild.

4.5 Skatteftirlit.

Tækifæri Íslands til þess að halda uppi eftirliti með því, að ÍSAL greiði þau gjöld, sem til var ætlast skv. aðalsamningi og viðaukum við hann, eru takmörkuð. Einkum á þetta við um það, þegar nettóhagnaður ÍSAL, skv. reikningsskilum þess, skerðir framleiðslugjald það, sem ÍSAL ber að greiða til íslenskra yfirvalda. Við slíkar aðstæður hefur Ísland ekki beinan aðgang að bókum ÍSAL til sannprófunar, en verður innan tiltekinna tímamarka að fela óháðu alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtæki að yfirfara reikninga ÍSAL fyrir sína hönd[1]. Það gefur auga leið, að þessi aðferð er bæði þung í vöfum og kostnaðarsöm. Hefur sú staðreynd vafalaust leitt til lakari endurskoðunar á undanförnum árum en ástæða hefði verið til[2]. Það að auki er ástæða til að vekja athygli á því, að umrædd endurskoðun fer fram eftir á. Ísland hefur ekki heimild til að kanna bókhald ÍSAL fyrr en að gerð ársreikninga lokinni.

Skv. núgildandi skattkerfi eru skattstofnar ÍSAL, aðrir en nettóhagnaður, tiltölulega auðmælanlegir. Mikilvægi þess að gera skatteftirlitið virkara er því háð tengslum framleiðslugjaldsins við nettóhagnað ÍSAL. Verði þau tengsl rofin, er ekki lengur eins rík ástæða til þess að efla skatteftirlitið, a.m.k. ekki frá því sjónarmiði að auka skatttekjur.

4.6 Endurskoðunarréttur.

Skv. ákvæðum aðalsamnings eru tækifæri til endurskoðunar á skattkerfinu ákaflega takmörkuð. Fram til 1994 getur hvor samningsaðilinn fyrir sig hafnað því að ræða um slíka endurskoðun.

Endurskoðunarréttur skattreglna getur í sjálfu sér komið báðum aðilum að liði, en reynslan sýnir að hinn takmarkaði endurskoðunarréttur hefur hins vegar reynst óhagstæðari Íslandi.

Í ljósi þeirra yfirburða í þekkingu og reynslu sem Alusuisse hefur yfir Ísland á þessu sviði er þess að vænta að takmarkaður endurskoðunarréttur verði að jafnaði óhagstæður Íslandi. Að mati starfshópsins hefur svo verið á undanförnum árum og hætt við því, að svo verði einnig á komandi árum, jafnvel þótt fljótlega fari fram ný endurskoðun á núverandi skattkerfi.

---

1) Sbr. 27. gr. aðalsamnings og 2. viðauka við hann.

2) Formleg endurskoðun hefur raunar aðeins farið fram tvisvar, þ.e. fyrir rekstrarárin 1973 og 1974.

4.7 Niðurstöður.

Af þeim ókostum við núverandi skattkerfi, sem raktir hafa verið hér að framan, eru hinir þrír fyrstu sennilega veigamestir. Vegna þess hve mikil óvissa ríkir um bókfærðan hagnað ÍSAL í framtíðinni er torvelt að fá áreiðanlegt mat á hlutfallslegu mikilvægi þessara ókosta, á mælikvarða líklegrar lækkunar á framleiðslugjaldi. Hér sem fyrr er þörf ítarlegri rannsókna. Starfshópurinn hallast þó að þeirri skoðun, að hin skerta verðtrygging framleiðslugjaldsins sé líklega kostnaðarsamasti gallin við núverandi skattkerfi. Þar næst komi tengsl framleiðslugjaldsins við hagnað ÍSAL.

5. HAGKVÆM SKATTKERFI.

5.1 Er sérstök skattlagning æskileg?

Það er engan veginn sjálfgefið, að það þjóni hagsmunum Íslands að leggja sérstakan skatt á starfsemi ÍSAL. Tekjum þeim, sem slík skattlagning skilaði, mætti einnig afla með sérstöku álagi á raforkuverð til álversins. Raforkuverðið yrði þá tvíþætt. Fyrri þátturinn endurspeglaði hið "eiginlega" verð raforkunnar líkt og nú er. Í hinum síðari fælist skattlagning; nokkurs konar söluskattur[1)].

Helsti kosturinn við þetta fyrirkomulag er það, hversu skattheimtan yrði einföld í framkvæmd. Einkum yrði skatteftirlitið auðvelt og því fylgdi margvíslegur ávinningur, sem ekki er ástæða til að vanmeta.

Auk þessa má benda á það, að núverandi skattkerfi miðast að miklu leyti við framleiðslumagn álversins, sem er nátengt raforkunotkun þess. Það yrði því engin grundvallarbreyting að taka upp umrætt fyrirkomulag.

Meðal þess, sem mælir gegn því að fella skattgreiðslur inn í raforkugjaldið telur starfshópurinn vera eftirfarandi:

(i) Fleiri en einn gjaldstofn skilar að jafnaði hærri heildartekjum en einn. Raunar er við því að búast, að hámark mögulegra heildartekna af tilteknu fyrirtæki vaxi stöðugt með fjölda gjaldstofna[2)].

(ii) Með fleiri en einum gjaldstofni er, að jafnaði, unnt að hafa stöðugri heildartekjur heldur en af eðeins einum.

(iii) Niðurfelling sérstaks skatts myndi eflaust mælast illa fyrir innanlands. Innlend fyrirtæki og aðrir skattgreiðendur myndu telja hagsmunum sínum ógnað. Þessi breyting gæti því auðveldlega orðið stjórnmálalegt deiluefni.

---

1) Í raun eru skilin á milli kostnaðarverðs raforkunnar og umframálagningar eða skattlagningar auðvitað næsta óljós.

2) Ástæðan fyrir því, að gjaldstofnar, jafnvel aðgangshörðustu skattyfirvalda, eru ekki fleiri en raun ber vitni, er m.a. sú, að innheimtukostnaður vex með fjölda gjaldstofna.

Starfshópurinn telur, að ókostirnir við það að fella skattlagningu ÍSAL inn í raforkuverðið vegi þyngra en ávinningurinn. Það styrkir starfshópinn í þessari trú, að öllum helstu kostum slíkrar einföldunar, sem lýst var hér að ofan, má að verulegu leyti ná með breytingum á því skattkerfi, sem nú er í gildi, og ræddar verða hér að neðan.

Niðurstaða þessarar umræðu er því sú, að hagkvæmt sé að skattleggja rekstur ÍSAL sérstaklega.

5.2 Val á milli skattkerfa.

Þau atriði, sem hvað mestu máli skipta við mat á hagkvæmni mismunandi skattkerfa eru að áliti starfshópsins eftirfarandi[1]:

1. Vongildi heildarupphæðar skatttekna.
2. Óvissa um heildarupphæð skatttekna.
3. Breytileiki skattupphæðar.
4. Mælanleiki skattupphæðar.
5. Áhrif skattkerfis á framleiðslumagn og -hætti ÍSAL.

Auk þessara "hagkvæmnisviðmiða" kann það að skipta nokkru við mat á hugsanlegum skattkerfum, að hve miklu leyti þau falla að núverandi samningi við Alusuisse eða, frá hinni hliðinni séð, hversu nýstárleg þau eru. Við bætum því við sjötta viðmiðinu:

6. Nýstárleika skattkerfis.

Rétt er að lýsa nánar, hvaða skilning starfshópurinn leggur í þessi 6 atriði eða viðmið.

Viðmið 1. Vongildi heildarupphæðar skatttekna.

Með þessu hugtaki er átt við núvirði vongildis (eða líklegustu) heildarupphæðar skatttekna á samningstímabilinu.

Það sem skiptir meginmáli varðandi þetta viðmið í samhengi þessarar skýrslu er eftirfarandi:

---

1) Þessi atriði eru, eins og sjá má, engan veginn skýrt afmörkuð og óháð hvort öðru.

(i) Heildartekjur Íslands af starfsemi ÍSAL (raforkugjald, skattur, hafnar- og lóðarleiga o.s.frv.) eru sett efri mörk, sem markast af því, hvað Alusuisse er reiðubúið að ganga langt, hið lengsta, til móts við kröfur Íslands[1].

(ii) Það eru fyrst og fremst samningstæknileg og samningsstöðuleg atriði, sem ráða því, hversu nálægt ofangreindu hámarki er unnt að komast.

(iii) Enda þótt tiltekin skattkerfi kunni að haf áhrif á umrætt hámark, er ákaflega ólíklegt, að með samningum sé unnt að komast svo langt, að skattkerfi fari að hafa umtalsverð áhrif á vongildi heildarupphæðarinnar umfram samningsstöðu og samningstækni[2].

Af þessum vangaveltum dregur starfshópurinn því þá ályktun, að ólíklegt sé, að það skattkerfi, sem fyrir valinu verður, hafi umtalsverð áhrif á vongildi heildarskatttekna Íslands af starfsemi ÍSAL. Hámörkun vongildis heildartekna geti samræmst hvaða skattformi sem er, svo framarlega sem skattstiginn og skatteftirlitið sé með viðeigandi hætti.

Sé þetta rétt í höfuðdráttum, er óþarft að hafa vongildi heildarupphæðar skatttekna stöðugt í huga við mat á skattkerfum. Það er m.ö.o. fullnægjandi að skoða þau einvörðungu í ljósi viðmiða 2 - 6 hér að framan.

Viðmið 2. Óvissa um heildarupphæð skatttekna.

Enda þótt skattkerfi hafi verið ákveðið, eru þær tekjur, sem það mun skila, jafnan óvissu háðar. Skattformið hefur hins vegar veruleg áhrif á stærðargráðu þessarar óvissu. Föstum árlegum skatti fylgir t.a.m. lítil óvissa um upphæð heildarskatts. Óvissan um endanlega upphæð veltuskatts, svo ekki sé minnst á hagnaðarskatt, er mun meiri.

Að öðru jöfnu telst það kostur, að óvissa um heildarskatt sé sem minnst.

---

1) Þetta mámark ræðst m.a. af þeirri réttarstöðu, sem Alusuisse telur sig hafa skv. aðalsamningnum en endanlega af þeim lágmarksarði, sem Alusuisse telur sig þurfa að hafa af álverinu, til þess að það borgi sig fyrir Alusuisse að reka það áfram.

2) Hér er miðað við að aðrir þættir, sem skattkerfi getur haft áhrif á, s.s. framleiðslumagn o.s.frv. breytist ekki.

Viðmið 3. Breytileiki skatttekna.

Óháð þeirri óvissu sem ávallt ríkir um hina endanlegu heildarupphæð skatttekna, hafa hin mismunandi skattform jafnan í för með sér mismunandi breytileika skatttekna frá einu ári til annars. Fastur skattur hefur engan slíkan breytileika, en framleiðsluskattur t.a.m. er hins vegar breytilegur, því framleiðslumagnið breytist frá ári til árs.

Að öðru jöfnu er það æskilegt að umræddur breytileiki sé sem minnstur.

Viðmið 4. Mælanleiki skattupphæðar.

Að öðru jöfnu er það æskilegt, að skattur sá sem ÍSal er gert að greiða, miðist, í eins ríkum mæli og unnt er, við stærðir, sem Íslendingar geta auðveldalega fylgst með og mælt. Slíkt skattform dregur auðvitað úr líkunum á undandrætti frá réttum skatti og jafnframt kostnaði við skatteftirlit.

Viðmið 5. Áhrif á framleiðslumagn og -hætti ÍSAL.

Að öðru jöfnu er það æskilegt, að skattkerfi sé með þeim hætti, að það hvetji ÍSAL til að haga starfsemi sinni á þann hátt, sem hagkvæmt getur talist. Af þeim fjölmörgu sjónarmiðum, sem í því sambandi koma til greina, verður á þessum vettvangi aðeins minnst á eitt; framleiðslumagnið.

Óhætt virðist að gera ráð fyrir því, að frá sjónarmiði Íslands sé hagkvæmast, að framleiðslumagn ÍSAL sé sem mest. Það myndi teljast kostur við tiltekið skattkerfi, að það hvetti fremur en letti ÍSAL til mikillar framleiðslu. Í þessu samhengi er samspil raforkugjalds og skatts mikilvægt. Raforkugjaldið vex hlutfallslega með framleiðslumagninu. Það hvetur því ekki til framleiðslu umfram það lágmark, sem nemur lágmarksraforkukaupaskyldu ÍSAL. Fastur skattur eða skattur á afkastagetu hvetur hins vegar til fyllstu nýtingar afkastagetu og er þannig líklegur til að auka tekjur af raforkusölu.

Viðmið 6. Nýstárleiki skattforms.

Að öðru jöfnu telst það kostur, að skattkerfi sé breytt sem minnst frá því, sem nú ríkir skv. samningi Íslands og Alusuisse. Í fyrsta lagi mun það sennilega greiða fyrir því að samkomulag takist. Í öðru lagi eru minni líkur á því, að síðar komi í ljós óvæntir gallar á því skattkerfi, sem um er samið.

Ofangreind viðmið eru alls ekki hvort öðru óháð, enda er það ekkert aðalatriði, að svo sé. Megintilgangurinn með framsetningu þeirra er að koma mati á mismunandi skattformum á skipulegan grunn og það með auðvelda það. Viðmið þessi eru ennfremur að nokkru leyti í mótsögn hvert við annað. T.d. rekast viðmið 4. og 5. á viðmið 1. Þannig má búast við því, að öðru jöfnu, að þeim mun meiri sem mælanleiki skattupphæðar er og óhagkvæmara að breyta framleiðslumagni, muni Alusuisse vera tregara til að fallast á hátt vongildi heildarskatttekna. Svo framarlega sem þessi upphæð er ekki í námunda við það hámark, sem Alusuisse getur fallist á, mun þó hið umsamda vongildi heildarupphæðar þá fremur ráðast af samningstækni og samningsstöðu en þessum þáttum, svo sem fyrr segir.

Annað atriði er það, að samningsaðilar kunna að hafa mismunandi afstöðu til viðmiða 2. og 3., þ.e. óvissu og breytileika skattgreiðslnanna. Ef t.d. Ísland hefur meiri andúð á þessum fyrirbærum en Alusuisse, má vel vera, að báðir aðilar telji sér hag í því að velja skattkerfi, sem hefur í för með sér tryggar stöðugar skatttekjur, en hefur tiltölulega lágt vongildi heildarskatts.

Í þessu samhengi er e.t.v. rétt að vekja athygli á því, að þar sem það er sennilega dýrara að uppgötva og sanna undandrátt frá réttum skatti en það er að framkvæma slíkan undandrátt og vera staðinn að verki, má telja, að **skattsmugur séu** ávallt hagstæðar Alusuisse, þ.e. Alusuisse muni sækjast eftir skattkerfi, sem gefur kost á slíku.

Til þess að umrædd viðmið komi að verulegu haldi við mat á skattformum er auðvitað nauðsynlegt að gefa þeim viðeigandi vægi. Starfshópurinn er í sjálfu sér ekki rétti aðilinn

til að taka slíka afstöðu. Engu að síður má e.t.v. leggja fram eftirfarandi hugmynd um mikilvægisröð viðmiða 2 - 6:

1. Mælanleiki
2. Óvissa
3. Breytileiki
4. Áhrif á framleiðslumagn ÍSAL
5. Nýstárleiki.

5.3 Nokkur meginskattkerfi.

Skattform má sundurgreina m.t.t. a) skattstofns og b) skattstiga. Skattstofn vísar til þeirra rekstrarþátta, sem skatturinn miðast við. Skattstiginn mælir upphæð skatts miðað við tiltekinn skattstofn og lýsir því, hvernig skattupphæð breytist með breytingum á stærð skattstofnsins.

Starfsemi ÍSAL býður vitaskuld upp á mikinn fjölda mögulegra skattstofna. Að mati starfshópsins koma þó tiltölulega fáir meginskattstofnar, auk afbrigða af þeim, til alvarlegra álita. Þessir skattstofnar eru:

1. Framleiðslugeta
2. Framleiðslumagn
3. Velta, þ.e. margfeldi framleiðslumagns og afurðaverðs
4. Hagnaður.

Samkvæmt núgildandi skattkerfi er skattstofninn tiltekin samsetning af skattstofnun 2, 3 og 4. Auðvelt er að ímynda sér ýmis önnur afbrigði skattstofns. Þau sem starfshópurinn hefur einkum tekið til athugunar eru sambland af 1, 2 og sambland af 1 og 3.

Fyrir hvern þann skattstofn og vongildi heildarupphæðar skatttekna, sem ákveðin hafa verið, kemur til greina ákaflega mikill fjöldi skattstiga. Séu framleiðslumagn, velta eða hagnaður þættir í skattstofni, getur skattstiginn haft umtalsverð áhrif á það magn afurða, sem ÍSAL kýs að framleiða, og þar með einnig breytileika skatttekna, óvissu og jafnvel vongildi.

Á hinn bóginn er vert að gera sér grein fyrir því, að mælanleiki skattkerfis ræðst fyrst og fremst af vali skattstofns en miklu síður af skattstiganum. Vissir skattstofnar, eins og t.d. framleiðslugeta, gera skattstiga þar að auki að hálfgerðu aukaatriði. Skattstofn er því, frá sjónarmiði þessa verkefnis, meira grundvallaratriði en skattstiginn. Starfshópurinn hefur því valið þá leið að fjalla aðallega um mismunandi skattkerfi í skilningnum mismunandi skattstofnar og miða rökræðuna við þá forsendu, að fyrir sérhvern skattstofn, sem til umræðu sé, hafi verið valinn viðeigandi skattstigi.

Þau meginskattkerfi sem aðallega koma til álita að mati starfshópsins eru[1]:

(1) Fast árlegt gjald,
þ.e. skattur sem ræðst einungis af framleiðslugetu, en er óháður framleiðslumagni, afurðafurðaverði og hagnaði.

(2) Framleiðslugjald,
þ.e. skattur sem ræðst af framleiðslumagni, en er óháður framleiðslugetu, afurðaverði og hagnaði.

(3) Veltugjald,
þ.e. skattur sem ræðst af veltu en er óháður framleiðslugetu og hagnaði.

(4) Hagnaðargjald,
þ.e. skattur sem ræðst af hagnaði, en er óháður framleiðslugetu, framleiðslumagni og afurðaverði.

Sem fyrr segir, er síðan unnt að ímynda sér skattform, sem fela í sér margvíslegar blöndur ofangreindra grundvallarkerfa.

---

1) Rétt er að vekja athygli á því að hér er fyrst of fremst um fræðilega aðgreiningu að ræða, ekki tillögur starfshópsins.

5.4 Samanburður skattkerfa.

Samanburð á hagkvæmni þeirra fjögurra meginskattkerfa, sem nefnd voru hér að framan, er á þessu stigi ekki unnt að koma á verulega kerfisbundinn grundvöll. Slíkur samanburður er, eins og fram hefur komið, í fyrsta lagi háður þeim eiginleikum eða viðmiðum, sem talið er að dæma eigi skattform eftir. Í öðru lagi er samanburðurinn háður því hlutfallslega vægi, sem þessum viðmiðum er gefið. Í þriðja lagi er samanburðurinn háður mati á því, í hvaða mæli viðkomandi skattform hafi umrædda eiginleika til að bera.

Starfshópurinn hallast að því, að fyrstu tvö atriðin verði raunar seint hafin yfir persónubundið mat. Það þarf þó alls ekki að þýða það, að menn geti ekki almennt orðið sammála um þetta mat. A.m.k. hefur starfshópurinn án umtalsverðra erfiðleika markað sameiginlega afstöðu til þessara atriða eins og fram kemur í kafla 5.2.

Þriðja atriðið er hins vegar aðallega tæknilegs eðlis, að áliti starfshópsins. Það er því engin ástæða til þess að ætla, að ekki sé unnt að komast að almennri niðurstöðu um eiginleika tiltekinna skattkerfa með ítarlegri skoðun á gerð þeirra. Starfshópurinn hefur hins vegar ekki haft tækifæri til að framkvæma slíka athugun á þann kerfisbundna hátt, sem æskilegt væri.

Starfshópurinn hefur hins vegar orðið ásáttur um tiltekið mat á kostum og göllum þeirra fjögurra meginskattkerfa, sem um var rætt í kafla 5.3. Þetta mat, sem fram kemur í töflu 5 hér á eftir, gerir ráð fyrir því, að vissum mikilvægum hliðarskilyrðum sé fullnægt án tillits til þess, hvaða skattkerfi er um að ræða. Þessi hliðarskilyrði eða forsendur eru sem hér segir:

1. Skattupphæð sé verðtryggð.
2. Skattstiga sé hagað á þann hátt, sem hagkvæmast er fyrir hvert skattkerfi.
3. Eftirlit með hverjum skatti sé eins gott og tök eru á.
4. Þar sem skattstofn er framleiðslumagn mælt sem útflutt magn sé tryggilega gengið frá birgðahaldshlið málsins.

5. Þar sem skattur miðast við álverð sé það verð opinbert markaðsverð.

Að sumum þessara forsendna verður vikið nánar í lok þessa kafla.

TAFLA 8

Samanburður á meginskattkerfum.

	Viðmið					
Skattstofn	mælanl.	óvissa	breytil.	framl.m.	nýstárl.	samtals
1) Fast gjald	+	+	+	+	-	+++
2) Framl.gjald	+	0	0	-	+	+
3) Veltugjald	+	0	0	0	+	++
4) Hagn.gjald	-	-	-	+	0	--

\+ táknar jákvæða eiginleika
0 táknar hvorki sérstaklega jákvæða né neikvæða eiginleika
\- táknar neikvæða eiginleika

Áður en lengra er haldið, er rétt að taka það skýrt fram, að í töflu 8 felast bæði umtalsverðar einfaldanir og forsendur[1]. Með því að hún brýtur ekki á bága við niðurstöður umræðu starfshópsins um þau atriði, sem hún tekur til, og einfaldar framsetningu verulega, taldi starfshópurinn þó að vera hennar í textanum væri réttlætanleg.

Niðurstaða samanburðarins í töflu 8 er sú, að fast árlegt gjald virðist hafa nokkra yfirburði yfir hin skattformin.

Fast gjald hefur hins vegar tvo veigamikla ókosti. Sá fyrri kemur fram í töflu 5 og felst í því, að fast gjald er gjörbreyting á núverandi skattkerfi. Tilraun til slíkrar breytingar fylgja væntanlega þeir örðugleikar, sem um var rætt í kafla 5.2.

---

1) Einfaldanir felast aðallega í því, að í töflu 8 er slegið striki yfir ákaflega margþætt mat á eiginleikum viðkomandi skattkerfa. Forsendurnar felast aðallega í því, að í töflu 8 er gert ráð fyrir því, að hina ýmsu eiginleika skattkerfa megi mæla með samfelldum skala og leggja niðurstöðurnar saman.

Síðari ókosturinn er sá, að með því að fast gjald færir yfir á ÍSAL aukna rekstraráhættu, verður torveldara en ella, að ná samkomulagi um tiltekið (hátt) vongildi skatttekna. Framleiðslugjald og veltugjald hafa þessa ókosti í miklu minni mæli. Því vaknar sú spurning, hvort miklu væri á glæ kastað með því að sameina fastan skatt framleiðslugjaldi eða veltugjaldi í einhverjum hentugum hlutföllum.

Starfshópurinn hefur íhugað skattkerfi sem fælust í föstu árlegu grunngjaldi að viðbættu annað hvort framleiðslugjaldi eða veltuskatti[1)]. Slík skattkerfi draga vissulega úr ofangreindum ókostum fasts árlegs gjalds, en sá ávinningur kostar meiri óvissu og breytileika skatttekna auk þess sem ÍSAL væri nú líklegra til að draga úr framleiðslumagni en ella, ef svo bæri undir. Þegar á allt er litið telur starfshópurinn að umrædd blönduð skattkerfi séu að vísu lakari kostur en fast árlegt gjald en engu að síður mjög álitleg kerfi, ekki síst með hliðsjón af samningsaðstöðu Íslands.

Skattur sem miðast við hagnað virðist, eins og fram kemur í töflu 8, mun lakari kostur, frá sjónarmiði Íslands, en hin skattkerfin. Starfshópurinn mælir því gegn því, að hagnaður sé verulegur þáttur í skattstofni.

Í þessu sambandi er þó rétt að vekja athygli á þeim möguleika, að þar sem nú er liðið mjög á afskriftartíma ÍSAL, og dregið hefur úr skuldsetningu fyrirtækisins, eru fremur horfur á því, að öðru jöfnu, að hagnaður fyrirtækisins fari vaxandi það sem eftir er samningstímabilsins. Það er því óráðlegt að áliti starfshópsins að leggja höfuðáherslu á niðurfellingu hagnaðarviðmiða fyrr en að vel athuguðu máli bæði hvað varðar það, sem látið er, og eins hitt, hvað fengið er í staðinn.

---

1) Þessum tveimur skstkerfum má lýsa stærðfræðilega sem:

A. $t = T_o + a_o Y$ eða $t = \max(T_1, a_1 Y)$

B. $t = T_2 + b_o \cdot pY$ eða $t = \max(T_3, b_1 PY)$

Þar sem t táknar skatt, T táknar fast grunngjald, Y táknar framleiðslumagn, p táknar framleiðsluverð og a, b eru stuðlar (jaðarskattar).

5.5 Er hagkvæmt að skattleggja ÍSAL eftir íslenskum skattalögum?

Íslensku skattalögin eru mjög margbrotin. Þau taka til mikils fjölda margbreytilegra skattstofna. Meðal þeirra má nefna hreinan hagnað, hreina eign, heildarveltu, virði fasteigna, upphæð greiddra launa o.s.frv. Þetta kerfi er niðurstaða langrar þróunar og fjölda endurskoðana, og fellur tiltölulega vel að íslenskum aðstæðum og þeirri fyrirtækjagerð, sem þar er ríkjandi.

Það er á hinn bóginn síður en svo sjálfgefið að þetta kerfi henti vel til skattlagningar fyrirtækis eins og ÍSAL, sem er að stærð og gerð gjörólíkt venjulegum íslenskum fyrirtækjum og þar að auki hluti fjölþjóðlegs auðhrings, sem að umsvifum slagar upp í allan íslenska þjóðarbúskapinn.

Starfshópnum virðist, að það séu einkum þrjú atriði sem mæli gegn því, að íslenska skattkerfið verði tekið upp gagnvart ÍSAL. Þessi atriði snerta:

(i) Vongildi heildarskatttekna
(ii) Mælanleika skattupphæðar
(iii) Óvissu um heildarskatttekjur.

Auk þess mætti e.t.v. einnig nefna í fjórða lagi, nýstárleika slíks skattforms, ekki síst frá sjónarmiði ÍSAL, en það atriði vegur þó minna en hin fyrstnefndu að áliti starfshópsins.

Það er alls ekki víst, að vongildi skatttekna skv. íslenska skattkerfinu sé hærra en skv. núverandi skattkerfi. Niðurstöðurnar í töflu 4 gefa vissa vísbendingu í þá átt, en eru ákaflega óvissar, eins og á hefur verið bent, auk þess sem þær ná aðeins til ársins 1979. Það sem e.t.v. skiptir þó meira máli nú, þegar heildarendurskoðun skattlagningar ÍSAL kann að standa fyrir dyrum, er það, hvort íslenska skattkerfið hafi hærra vongildi heildartekna en önnur skattkerfi, sem einnig koma til álita.

Með því að íslenski skattstiginn er þegar ákveðinn með hliðsjón af íslenskri fyrirtækjagerð, hallast starfshópurinn að því að skattkerfi sérhannað fyrir ÍSAL geti auðveldlega gefið hærri skatttekjur.

Mælanleiki skattupphæðar ÍSAL skv. íslenska skattkerfinu er bæði góður og slæmur. Sumir skattstofnar eru auðmælanlegir, aðrir, einkum tekjuskatturinn, sem gæti vegið þungt í heildarskattlagningunni, eru það mun síður.

Óvissa um heildarskatttekjur skv. íslenska skattkerfinu yrði ennfremur veruleg. Ein ástæðan er sú, að íslensku skattalögin leyfa margvíslega frádrætti frá hagnaði fyrir skatt. Óvíst er, í hvaða mæli ÍSAL tekst að notfæra sér þessa frádráttarliði. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að umræddir frádráttarliðir íslensku skattalaganna helgast margir af því, að tekjuskattslækkun á tilteknu ári sé bætt upp með auknum hagnaði síðar, eða hækkun annarra skattstofna. ÍSAL hefur sérstakt tækifæri til að flytja fjármagn úr landi og gæti því e.t.v. forðast þessar afleiðingar.

Niðurstaða starfshópsins er því sú, að á grundvelli þeirra atriða, sem rædd hafa verið, sé íslenska skattkerfið ekki sérstaklega fýsilegt, þótt það kunni e.t.v. að vera betra en núverandi skattkerfi.

Ef Ísland fengi hins vegar lögsögu yfir skattamálum ÍSAL jafnframt því að rekstur fyrirtækisins félli undir íslenska skattkerfið væri um talsverðan viðbótarávinning að ræða. Slík breyting kynni að leita til þess, að Ísland gæti, er fram liðu stundir, þokað skattlagningu ÍSAL í þá átt sem réttlát þætti. Í öðru lagi væri það nokkurs virði, að deilur um skattamál væru útkljáðar á íslenskum vettvangi. Að síðustu fælist umtalsverður þjóðernislegur og pólitískur ávinningur í því að rekstur ÍSAL félli undir íslensk skattalög. Ábata af þessu tagi er torvelt að meta til fjár, en óskynsamlegt að vanmeta hann af þeirri ástæðu einni.

5.6 Niðurstöður.

Á grundvelli þeirrar röksemdafærslu, sem nú hefur verið lýst, hefur starfshópurinn komist að þeirri niðurstöðu, að frá sjónarmiði Íslands sá hagkvæmasta skattkerfið fastur árlegur verðtryggður skattur.

Ein veigamesta forsenda þessarar niðurstöðu er þó sú, að slíkur skattur skili ekki lægra vongildi heildarskatttekna en önnur skattkerfi, sem til álita koma. Tvennt, m.a. getur

valdið því, að vongildi heildarskatttekna af föstum skatti sé lægra en annarra skattkerfa. Í fyrsta lagi yrði Alusuisse af ýmsum ástæðum andvígt slíku skattkerfi og myndi krefjast lægri skattstiga fyrir að samþykkja slíka breytingu. Það færi þá eftir samningsstöðu málsaðila, hvort Alusuisse fengi sínu framgengt. Í öðru lagi kann að vera, að Alusuisse hafi meiri andúð á þeirri áhættu, sem föstum skatti fylgir, en Ísland ábata af þeirri tryggingu, sem í honum felst. Ef svo er, ætti Ísland að ná hærra vongildi heildartekna með öðru skattkerfi.

Starfshópurinn hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu, að skattur samsettur af a) föstu árlegu verðtryggðu gjaldi og b) veltugjaldi[1], sé mjög vænlegur frá sjónarmiði Íslands.

Litlu lakari telur starfshópurinn vera skatt, samsettan af a) föstu árlegu verðtryggðu gjaldi og b) verðtryggðu framleiðslugjaldi[2].

Starfshópurinn hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að skattkerfi, þar sem skattstofninn er að verulegu leyti rekstrarafkoma ÍSAL, sé að öðru jöfnu, miklu lakari kostur en þeir þrír aðrir, sem nefndir hafa verið. Meðal slíkra skattkerfa má nefna íslensku skattalögin. Sá kostur væri hins vegar mun álitlegri ef skattlögsagan færðist jafnframt inn í landið.

Þau skattkerfi, sem starfshópurinn hefur fyrst og fremst fjallað um og tekið afstöðu til hér að framan eru tiltölulega einföld í sniðum. Ekki er ósennilegt, að þau skattkerfi, sem til alvarlegrar umræðu koma í samningaviðræðum við Alusuisse, verði mun margþættari. Ef höfuðdrættir slíkra skattkerfa falla ekki að neinu einu þeirra kerfa, sem hér hefur verið um fjallað er nauðsynlegt að taka eiginleika þeirra, kosti og galla til sérstakrar athugunar.

---

1) Þ.e. vissu hlutfalli af margfeldi framleiðslumagns og heimsmarkaðsverðs.

2) Þessar tvær skatttegundir eru skýrgreindar í neðanmálsgrein á bls. 36.

Að lokum má geta þess, að eftirtaldar breytingar á núverandi skattkerfi (þ.e. kerfisins 66/75) leiða í höfuðdráttum til framleiðslugjalds[1)], sem er veruleg endurbót að áliti starfshópsins. Þessar breytingar eru:

(i) Full verðtrygging framleiðslugjalds tekin upp

(ii) Tengsl hámarksframleiðslugjalds við hagnað ÍSAL afnumið.

(iii) Skattinneign felld niður.

Ef við þessar breytingar væri bætt ákvæðum þess efnis, að skattaeftirlit væri í höndum Íslands, sem væri jafnframt tryggt viðeigandi aðstaða til þess að sinna þessu hlutverki, má e.t.v. segja, að komið hafi verið á viðunandi skattkerfi frá sjónarmiði Íslands.

---

1) Sbr. skýrgreiningu á meginskattkerfi (2) í köflum 5.3 og 5.4 hér að framan.

VIÐAUKI 1

Verðtrygging skatttekna.

Samninganefnd Íslands 1975 féllst á skattkerfi sem fól í sér að verðgildi framleiðslugjalds færi rýrnandi eftir því sem liði á samningstímann. Starfshópurinn telur það frumskilyrði hvaða skattkerfis, sem upp er tekið, að skatttekjur séu verðtryggðar. Heimsverðbólgan er nú um eða yfir 10% á ári og sáralitlar horfur á því að úr henni dragi það sem eftir er samningstímabilsins.

Form verðtryggingarinnar er þó samningsatriði að áliti starfshópsins. Full verðtrygging frá sjónarmiði Íslands er sú sem tryggir það, að hver skatttekjueining nægi ávallt til að greiða kaupverð sama magns tiltekinnar samsetningar innflutnings landsmanna.

Umtalsverðar líkur eru á því, að markaðsverð hrááls haldi áfram að vaxa hægar en almennt heimsverðlag á komandi árum, eins og það hefur að jafnaði gert undanfarna áratugi[1]. Það er engin sérstök svartsýni að gera ráð fyrir því að raunvirði hrááls rýrni um 0.5 - 1.0% á ári að jafnaði fram til 1994. Verðtrygging í formi álverðsmyndunar kann því að reynast lakur kostur frá sjónarmiði Íslendinga.

Til greina kemur að mismunandi skattstofnar verði verðtryggðir á mismunandi hátt. Veltugjald felur t.d. í sér verðtryggingu miðað við álverð. Það sama má e.t.v. segja um hagnaðargjaldið. Fast gjald felur hins vegar hvorki í sér neina verðtryggingu sem slíkt, né blasir við augljóst eðlilegt form verðtryggingar á því.

---

1) Síðasta áratug, 1970-1980, óx álverð þó heldur hraðar en almennt verðlag.

VIÐAUKI 2

Skattstigi.

Í umræðu hér að framan hefur í grundvallardráttum verið við það miðað, að skattstiginn sé línulegur, þ.e. jaðarveltu- eða jaðarframleiðsluskattur sé föst tala.

Það kann hins vegar að vera hagkvæmt fyrir Ísland að hvetja ÍSAL til aukinna afkasta með því að láta þennan jaðarskatt minnka með aukinni framleiðslu. Fjölmörg afbrigði slíks skattstiga er auðvelt að láta sér detta í hug. Einfalt, en um leið e.t.v. raunhæft, dæmi um slíkt hvatningarskattkerfi er það, að jaðarframleiðslu- eða jaðarveltuskattur væri föst tala uns framleiðslumagn væri komið í námuna við afkastagetu (t.d. 95% af afkastagetu). Jaðarskatturinn eftir það væri hins vegar mun lægri.

Þessu má lýsa með einfaldri mynd.

MYND 3



Svona framleiðsluhvatningarskattkerfi kann að leiða til meiri framleiðslu ÍSAL en ella og þar með hærri skatt- og raforkusölutekna Íslands. Alusuisse hagar hins vegar framleiðslu ÍSAL miðað við aðfangakostnað í heild, þ.á.m. raforkuverð. Komi framleiðsluhvatningarkerfi til alverlegrar íhugunar er því því nauðsynlegt að huga bæði að raforkuverði og jaðarskatti.

Það er á hinn bóginn engan veginn ljóst, að svona skattkerfi mundi í raun breyta framleiðslumagni ÍSAL. Það er ýmsu, m.a. hagkvæmni annarra álbræðsnlna Alusuisse, háð. Ef Alusuisse þykir hagkvæmt, að ÍSAL framleiði á fullum afköstum, hvað sem jaðarsköttum líður, myndi Ísland tapa á þessu skattformi.

Það er því nauðsynlegt að kanna aðstæður vel, áður en umrætt skattkerfi er samþykkt, eða upp á það boðið.

VIÐAUKI 3

Birgðahald ÍSAL.

Vissar tegundir skattforma gera þá kröfu, að settar séu ítarlegar reglur um meðferð afurðabirgða ÍSAL. Ef skattstofn er að einhverju leyti álverð á tímum, sem Alusuisse getur sjálft kosið, t.d. á útskipunardegi frá Straumsvík, má reikna með því, að Alusuisse takist að ná lægra meðalálverði en nemur beinu meðaltali.

Hjá þessu má komast með því að velja skattform, sem ekki gefur Alusuisse þennan kost, t.d. framleiðslugjald en ekki útskipunargjald og/eða miða hráálsverð við bein árleg, eða nokkurra ára, meðaltöl án tillits til framleiðsluhátta ÍSAL.

Hin leiðin er sú að setja ítarlegar reglur um birgðahald. Sú leið er að áliti starfshópsins lakari, því að hún er flóknari og dýrari í eftirliti og gefur vafalaust tækifæri til undanbragða.

VIÐAUKI 3

Birgðahald ÍSAL.

Vissar tegundir skattforma gera þá kröfu, að settar séu ítarlegar reglur um meðferð afurðabirgða ÍSAL. Ef skattstofn er að einhverju leyti álverð á tímum, sem Alusuisse getur sjálft kosið, t.d. á útskipunardegi frá Straumsvík, má reikna með því, að Alusuisse takist að ná lægra meðalálverði en nemur beinu meðaltali.

Hjá þessu má komast með því að velja skattform, sem ekki gefur Alusuisse þennan kost, t.d. framleiðslugjald en ekki útskipunargjald og/eða miða hráálsverð við bein árleg, eða nokkurra ára, meðaltöl án tillits til framleiðsluhátta ÍSAL.

Hin leiðin er sú að setja ítarlegar reglur um birgðahald. Sú leið er að áliti starfshópsins lakari, því að hún er flóknari og dýrari í eftirliti og gefur vafalaust tækifæri til undanbragða.

FYLGISKJAL 2

Samanburður á framleiðslugjaldi og vöxtum af skattinneign skv. skattkerfinu 66/75.

Eftirfarandi tafla sýnir skattinneign, vexti af henni og greitt framleiðslugjald skv. skattkerfinu 66/75 frá 1975-2000. Á árunum 1975-1979 er miðað við reynslutölur. Eftir 1979 er um framreikning að ræða.

Forsendur á framreikningstíma:

(i) Vextir 10% á ári.
(ii) Framleiðslumagn 80 þús. smál. á ári.
(iii) Hagnaður ÍSAL ávallt undir $ 2909 þús. á ári.

Ár	Skattinneign 1.1 1000 $	Vextir 1000 $	Greitt framl.gjald 1000 $
1975	4078	144	709
6	4466	246	1484
7	4712	257	1485
8	4969	370	1507
9	5339	549	1533
80	5159	516	1348
1	5675	567	1600
2	6242	624	1600
3	6866	687	1600
4	7553	755	1600
5	8308	831	1600
6	9139	914	1600
7	10053	1005	1600
8	11058	1106	1600
9	12164	1216	1600
90	13380	1338	1600
1	14718	1472	1600
2	16190	1619	1600
3	17809	1781	1600
4	19590	1959	1600
5	21549	2155	1600
6	23704	2370	1600
7	26075	2607	1600
8	28682	2868	1600
9	31550	3155	1600
2000	34705	3471	1600

FYLGISKJAL 3

Framleiðslugjald og skattinneign ÍSAL skv. skattkerfunum 66/69 og 66/75.

Tilgangur þessa fylgiskjals er að gera nokkurn samanburð á þeim skatttekjum, sem Ísland hefði hugsanlega haft af skattkerfinu 66/69, ef það hefði verið í gildi til 1994 og skatttekjum þeim, sem Ísland myndi hafa af ríkjandi skattkerfi (66/69 til 30. sept. 1975 og 66/75 eftir það) á sama tímabili og við sömu aðstæður.

Í eftirfarandi töflum eru sýndar raunverulegar og reiknaðar skatttekjur Íslands miðað við ofangreind skattkerfi á þekktum rekstrarárum ÍSAL, þ.e. 1969-1979, og framreikningur skatttekna fyrir 1980-1994. Framreikningurinn er m.a. byggður á eftirfarandi forsendum:

(i) Verðbólga í $ er 7% á ári.
(ii) Álverð hækkar um 7% á ári.
(iii) Forvextir "Seðlabanka Bandaríkjanna" eru 10% á ári.
(iv) Framleiðslumagn (og útflutningsmagn) ÍSAL er 80 þús. smál. 1981-1994.

Miðað er við tvo mismunandi hagnaðarferla fyrir ÍSAL:

A. Árlegur hagnaður, eða arður, ÍSAL fyrir skatta nemur 7% af bókfærðu verðmæti eigin fjár í árslok 1979.

B. Árlegur hagnaður, eða arður, ÍSAL fyrir skatta nemur 20% af bókfærðu verðmæti eigin fjár í árslok 1979.

Í báðum tilvikum hækkar hagnaður um 7% á ári, þ.e. eins og verðbólga í $.

Auk þeirra forsendna, sem lýst hefur verið, er rétt að vekja athygli á því, að þar sem eftirfarandi töflum er fyrst og fremst ætlað að gefa vísbendingar um samanburð á milli umræddra skattkerfa, eru reikningarnir að baki þeirra fremur grófir.

A. Hagnaður fyrir skatt 7%.

(upphæðir í 1000 $)

Ár	Hagnaður f. skatt	Skattkerfi 66/69 (allt tímabilið) Greitt framl.gj.	Skattkerfi 66/69 (allt tímabilið) Skattinneign 31.12	Skattkerfi 66/75 (e. 1.okt. 1975) Greitt framl.gj.	Skattkerfi 66/75 (e. 1.okt. 1975) Skattinneign 31.12
1969 }	1462	115	0	115	0
70 }		620	0	620	0
1	- 1944	642	545	642	545
2	- 2683	602	1029	602	1029
3	353	998	1841	998	1841
4	814	2617	4078	2617	4078
5	- 5578	1132	5108	709	4466
6	1516	5408	9857	1484	4711
7	1689	3638	12884	1485	4968
8	1949	2367	14630	1506	5339
9	5443	6179	18393	1533	5159
1980	3508	6887	23925	1348	4401
1	3753	9115	31642	1600	3564
2	4016	4678	34945	1600	2505
3	4297	4895	38390	1600	1190
4	4598	5290	42149	2018	0
5	4920	6011	46543	2706	0
6	5264	5937	50779	2895	0
7	5633	6421	55399	3098	0
8	6027	7081	60574	3314	0
9	6449	7106	65667	3546	0
1990	6900	7693	71223	3795	0
1	7384	8137	77092	4061	0
2	7901	8668	83351	4345	0
3	8454	9209	90000	4649	0
4	9045	9920	97197	4975	0
Samtals		131.366		57.861	

B. Hagnaður fyrir skatt 20%.

(upphæðir í 1000 $)

Ár	Hagnaður f. skatt	Skattkerfi 66/69 (allt tímabilið) Greitt framl.gj.	Skattkerfi 66/69 (allt tímabilið) Skattinneign 31.12	Skattkerfi 66/75 (e. 1.okt. 1975) Greitt framl.gj.	Skattkerfi 66/75 (e. 1.okt. 1975) Skattinneign 31.12
1969	1462	115	0	115	0
1970		620	0	620	0
1	- 1994	642	545	642	545
2	- 2683	602	1029	602	1029
3	353	998	1841	998	1841
4	814	2617	4078	2617	4078
5	- 5578	1132	5108	709	4466
6	1516	5408	9857	1484	4711
7	1689	3638	12884	1485	4968
8	1949	2367	14630	1506	5339
9	5443	6179	18393	1533	5159
1980	10022	6887	20668	3577	5799
1	10724	12372	28091	3753	6379
2	11474	8229	31145	4016	7014
3	12277	8695	34324	4297	7718
4	13137	9356	37798	4598	8490
5	14056	10662	41888	4920	9339
6	15040	10592	45798	5264	10273
7	16093	11402	50069	5633	11301
8	17220	12411	54871	6027	12431
9	18425	12809	59565	6449	13674
1990	19715	13795	64693	6900	15041
1	21094	14666	70107	7383	16545
2	22571	15653	75877	7900	18200
3	24151	16683	82002	8453	20020
4	25842	17918	88639	9045	22022
Samtals		206.448		100.526	

FYLGISKJAL 4

Rökstuðningur með töflu 8.

Sumar færslnanna í töflu 8, einkum varðandi breytileika framleiðslugjalds, veltugjalds og hagnaðargjalds og áhrif þessara gjalda á framleiðslumagn, gætu e.t.v orkað tvímælis. Hér verða því færð nokkur rök fyrir þessum færslum.

Umræddum þremur skattkerfum má lýsa sem hér segir:

(1) Framleiðslugjald : $T_1 = a \cdot Y$,
þar sem Y er framleiðslumagn og a er framleiðslugjald á einingu.

(2) Veltugjald : $T_2 = b \cdot P \cdot Y$,
þar sem P er álverð og b er jaðarskatthlutfall.

(3) Hagnaðargjald : $T_3 = c \cdot H$,
þar sem H er hagnaður og c er jaðarskatthlutfall.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að

(4) $E(T_1) = E(T_2) = E(T_3)$,
þar sem E ( ) táknar vongildi.

Gert er ráð fyrir því, að hagnað fyrir skatt megi rita sem

(5) $H = P \cdot Y - C(Y) = P \cdot Y - d \cdot Y - e = (P-d) \cdot Y - e$,
þar sem C (Y) táknar framleiðslukostnað og $e \geq o$ fastan kostnað.

Breytileiki ("variance"), hinna þriggja skattkerfa er

(6) $\text{Var } T_1 = a^2 \cdot \text{Var } Y$
$\text{Var } T_2 = b^2 \cdot \text{Var } P \cdot Y$
$\text{Var } T_3 = (c \cdot f)^2 \text{ Var } P \cdot Y$, ef $(p-d) = p \cdot f$ þ.e. breytilegur kostnaður og afurðaverð breytist eins.

Af (4) og (5) leiðir að $(c \cdot f)^2 > b^2$, þess vegna

(7) $\boxed{\text{Var } T_3 > \text{Var } T_2}$

Nú er gert ráð fyrir því, að fyrirtækið hámarki hagnað. Þá gildir eftirfarandi:

(8) Skattur T_1 :
Ef $p-d-a > o \Rightarrow Y = Ymax$, Ymax er hámarksframleiðsla
Ef $p-d-a < o \Rightarrow Y = Ymin$, Ymin er lágmarksframleiðsla

(9) Skattur T_2:
Ef $P(1-b) - d > o \Rightarrow Y = Ymax$
Ef $P)1-b) - d < o \Rightarrow Y = Ymin$

(10) Skattur T_3
Ef $p-d > o \Rightarrow Y = Ymax$
Ef $p-d > o \Rightarrow Y = Ymin$

Niðurstaðan er því sú, að

(11) $\boxed{Y(T_3) \geq Y(T_1)}$,

(12) $\boxed{Y(T_3) \geq Y(T_2)}$,

þar sem $Y(T_3)$ táknar framleiðslu við skattkerfi T_3 o.s.frv.

Ennfremur er mjög líklegt, að

(13) $\boxed{Y(T_2) > Y(T_1)}$

Að síðustu má geta þess, að

(14) $\boxed{Y(T_3) = Y(T_o)}$,

þar sem T_o táknar fast skattgjald.

FYLGISKJAL 5

Áhrif mismunandi forsendna um súrálsverð á framleiðslugjald ÍSAL, 1974 - 1979.

Reiknuð hafa verið fjögur dæmi um áhrif mismunandi súrálsverðs á framleiðslugjald ÍSAL. Í fyrsta dæminu er miðað við það súrálsverð, sem ÍSAL greiðir skv. reikningum sínum. Í öðru dæminu er miðað við að súrálsverð sé í samræmi við útflutningsskýrslur frá Ástralíu, sbr. skýrslu vinnuhóps um kaup ÍSAL á súráli Alusuisse 3.12 1980. Í þriðja dæminu er miðað við meðalútflutningsverð súráls frá Ástralíu skv. sömu skýrslu. Í fjórða dæminu er miðað við meðalútflutningsverð súráls frá Ástralíu að viðbættum 10%.

Rétt er að leggja á það áherslu, að umræddir útreikningar eru, af ýmsum ástæðum, mjög ónákvæmir. Niðurstöður þeirra ber einungis að skoða sem grófa ábendingu um það framleiðslugjald, sem ÍSAL hefði borið að greiða, ef súrálsverðið hefði verið það sem við er miðað hér að ofan.

Niðurstöður dæmanna fjögurra eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Framleiðslugjald[1] í 1000 US $.

Ár	Súrálsverð skv. reikn. ÍSAL	Súrálsverð skv. útfl.-skýrslum frá Ástralíu	Súrálsverð skv. meðal-útfl. verði frá Ástralíu	Súrálsverð skv. meðal-útfl.verði frá Ástralíu + 10%
1974	417	4.525	4.525	4.247
1975	466	725	938	466
1976	1.484	2.739	2.296	1.806
1977	1.485	2.435	1.996	1.830
1978	1.506	2.505	1.957	1.957
1979	2.252	4.933	3.794	3.143
SAMTALS	7.610	17.862	15.506	13.449

1) Þ.e. framleiðslugjald + breyt. á skattinneign.

FYLGISKJAL 6

Skatttekjur 1969-1980 : Töflur.

Hér á eftir eru birtar töflur, sem sýna skatttekjur Íslands af þremur mismunandi skattkerfum.

Í fyrstu töflunni er yfirlit yfir framleiðslu, útflutning og birgðahald ÍSAL á tímabilinu 1969-1980.

Í annari töflunni er birt yfirlit yfir raunverulegar skatttekjur Íslands, myndun skattinneignar ÍSAL og vexti af henni, skv. þeim skattkerfum sem giltu á herju ári, þ.e. skattkerfinu 66/69 til 1975 og skattkerfinu 66/75 eftir 1. okt. 1975.

Í þriðju töflunni eru sýndar skatttekjur Íslands, skattinneign ÍSAL og vextir af henni á ári hverju miðað við það, að skattkerfið 66/69 hefði gilt allt tímabilið og rekstur ÍSAL hefði verið óbreyttur.

Í fjórðu töflunni er yfirlit yfir reiknaðar skatttekjur Íslands 1969-1980 ef skattkerfið 66/75 hefði gilt allt tímabilið og rekstur ÍSAL hefði verið óbreyttur.

ÍSAL. FRAMLEIÐSLA OG ÚTFLUTNINGUR

ALLAR TÖLUR Í KG.

	Framleiðsla	Útflutningur	Umframbirgðir	Til eigin nota	Gjaldskyldur útflutn. og umframbirgðir	Birgðir í lok árs
1969 (3 mán.)	12.068.058	10.212.856[1]	0	0	7.294.960	1.855.202
1970	37.842.077	33.405.017	0	0	33.521.685[2]	6.292.262
1971	40.994.367	16.725.070	16.207.079	854.480	32.932.149	29.707.079
1972	45.479.405	59.241.372	÷16.207.079	0	43.034.293	15.945.112
1973	71.275.993	79.853.784	0	0	79.853.784	7.367.321
1974	68.412.033	63.077.025	0	0	63.077.025	12.702.329
1975	58.988.554	43.643.040	4.425.413	122.430	48.068.453	27.925.413
1976	66.221.953	78.640.524	÷4.425.413	0	74.215.111	15.506.842
1977	70.745.815	74.255.154	0	0	74.255.154	11.997.503
1978	74.007.462	75.343.265	0	449.024	75.343.265	10.212.676
1979	71.857.464	76.136.693	0	1.175.687	76.136.693	4.757.760
1980	73.110.864	67.414.837	0	0	67.414.837	10.453.787
	691.004.045	677.948.637	0	2.601.621	675.147.409	

1. Þar af gjaldfrjáls útflutningur 2.917.896 kg.
2. Þar af álafgangar 116.668 kg.

(302)

RAUNVERULEGT

F RAMLEIÐSLUGJALD AF ÁLI

Tímabil	Framleiðslu-gjald $	Endurgreidd skattinneign $	Greitt framleiðslu-gjald $	Vextir af skattinneign $	Skattinneign v/ársins $	Skattinneign í árslok $
1969	115.002		115.002			
1970	619.501		619.501			
1971	642.177		642.177		545.323	545.323
1972	631.728	29.706	602.022	26.375	486.728	1.028.720
1973	1.501.875	503.703	998.172	48.625	1.266.875	1.840.517
1974	4.458.649	1.841.192	2.617.457	36.501	4.042.103	4.077.929
1975	3.530.859	2.821.401	709.458	144.470	3.065.002	4.466.000
1976	1.484.302		1.484.302	245.537		4.711.537
1977	1.485.103		1.485.103	257.400		4.968.937
1978	1.506.865		1.506.865	370.013		5.338.950
1979	2.251.917	729.183	1.522.734	548.948		5.158.715
SAMTALS	18.227.978	5.925.185	12.302.793	1.677.869	9.406.031	

RE IKNAÐ FRAMLEIÐSLUGJALD AF ÁLI

skv. ákvæðum aðalsamnings og 1. viðauka við hann.

	Framl.gj. $	Egr.sk.innei. $	Gr. framl.gj. $	Vextir $	Sk.inneign v/ársins $	Skattinneign í árslok $
1969	115.002		115.002			
1970	619.501		619.501			
1971	642.177		642.177		545.323	545.323
1972	631.728	29.706	602.022	26.375	486.728	1.028.720
1973	1.501.874	503.702	998.172	48.625	1.266.874	1.840.517
1974	4.458.649	1.841.192	2.617.457	36.502	4.042.103	4.077.930
1975	4.747.208	3.614.300	1.132.908	132.185	4.512.208	5.108.023
1976	10.516.330	5.108.023	5.408.307	110.861	9.745.936	9.856.797
1977	13.494.769	9.856.797	3.637.972	237.959	12.646.997	12.884.956
1978	15.252.103	12.884.956	2.367.147	374.970	14.254.610	14.629.580
1979	20.808.914	14.629.580	6.179.334	357.212	18.036.155	18.393.367
Samtals	72.788.255	48.468.256	24.319.999	1.324.689	65.536.934	

REIKNAÐ FRAMLEIÐSLUGJALD AF ÁLI

Skv. ákvæðum aðalsamnings og 2. viðauka við hann og að gefnum eftirtöldum forsendum: Grunngjald 1969 - sept. 1975 US $12,50 og frá okt. 1975 US $20,00. Leiðréttur taxti reiknast frá verði á áli US $0,27[3] til sept. 1975 og US $0,40 frá 1. okt. '75.

	Gjaldskylt magn í kg	Framleiðslugjald í $	Meðalgengi	Framleiðslugjald í ísl. kr.
1969-'70 15 mán.	40.816.645	523.662,78[1]	87,90	46.029.958
1971	32.932.149	411.651,86	87,41	35.982.489
1972	43.034.293	537.928,66	88,46	47.585.169
1973	79.853.784	998.172,30	89,36	89.196.677
1974	63.077.025	788.462,81	110,07	86.786.101
1975	48.068.453	709.458,31	163,03	115.662.988
1976	74.215.111	1.484.302,02	185,31	275.056.007
1977	74.255.154	1.485.103,08	200,01	297.035.467
1978	75.343.265	1.506.865,30	278,52	419.692.123
1979	76.136.693	2.251.917,49[1]	359,59	809.767.010
1980	67.414.837	1.348.296,74[2]	494,38	666.570.942
	675.147.400	12.045.921,35		2.889.364.931

1) Leiðréttur taxti gildir.

2) Leiðréttur taxti nemur $2.312.779,22.
Ef afkoma ÍSAL leyfir mun hann gilda.

3) Hækkun á grunngjaldi frá $0,27 reiknast 90% af hlutfalli hækkunarinnar.

Fylgiskjal X

Þorgeir Örlygsson

GREINARGERÐ UM ENDURSKOÐUN ÁLBRÆÐSLUSAMNINGANNA MEÐ LAGASETNINGU

Greinargerð þessi er tekin saman að beiðni iðnaðarráðuneytisins.

Október
1982

305

EFNISYFIRLIT

bls.

1.0. Inngangur 5
2.0. Meginmarkmið þau, er Íslendingar hugðust ná með samningum við Swiss Aluminium Ltd., eins og markmiðum þessum er lýst í greinargerð með lögum nr. 76 frá 13. maí 1966 ..... 6—10
2.1. Samningar án áhættu fyrir Íslendinga 7
2.2. Gengistrygging skattgjalds og tekna af raforkusölu 8
2.3. Ýmis þjóðhagslegur ávinningur af samningagerðinni ..... 8—10
2.4. Samantekt 10
3.0. Lög þau, er um álbræðsluna gilda ..... 10—12
3.1. Lagagrundvöllur samninganna ..... 10—11
3.2. Tilvísun samninganna til reglna þjóðaréttarins ..... 11—12
4.0. Endurskoðunarákvæði álbræðslusamninganna. Hugleiðingar um afstöðu íslensks réttar til breytinga á samningsákvæðum með lagasetningu ..... 12—27
4.1. Almennt ..... 12—14
4.2. Ákvæði aðalsamnings um endurskoðun 14
4.3. Markmið skattlagningar í formi framleiðslugjalds ..... 14—15
4.4. Felur aðalsamningurinn í sér afsal lagasetningarvalds um skattamálefni álbræðslunnar? ..... 15—17
4.5. Vernd 67. gr. stjórnarskrárinnar ..... 17—18
4.6. Nánar um markmið skattlagningar ..... 18—19
4.7. Löggjöf, er hefði það að markmiði að ná fram leiðréttingu samningsákvæða ..... 19—21
4.8. Áhrif forsendubrests 21
4.9. Rafmagnssamningur Landsvirkjunar og ÍSALS ..... 21—22
4.10. Ákvæði aðal- og rafmagnssamnings um breytingu samningsákvæða rafmagnssamningsins 22
4.11. Aðild að kröfu um leiðréttingu ..... 22—24
4.12. Álagning skatta eða gjalda á ÍSAL vegna raforkukaupanna ..... 24—25
4.13. Setning laga um lágmarksverð á raforku ..... 25—26
4.14. Málshöfðun til viðurkenningar á rétti til hækkaðs orkuverðs vegna breyttra aðstæðna 26
4.15. Setning laga um leiðréttingu orkuverðs samkvæmt rafmagnssamningi ÍSALS og Landsvirkjunar ..... 26—27
5.0. Réttur til einhliða breytinga á samningsákvæðum vegna breyttra aðstæðna eftir gerð samnings ..... 27—44
5.1. Almennt 27
5.2. Meginreglan um að samninga beri að halda 27
5.3. Afleiðingar þess, að forsendur loforðsgjafar bregðast ..... 27—29
5.4. Heimildin til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum 29—30
5.5. Þýðing einstakra sérlagaákvæða um heimildir til þess að leiðrétta ósanngjörn samningsákvæði 30
5.6. Viðhorf á Norðurlöndum ..... 31—32
5.7. Úrlausnir íslenskra dómstóla ..... 32—34

5.8. Úrlausnir norskra dómstóla ..... 34—40
5.9. Nánar um heimildina til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum ..... 40—44
6.0. Nánar um þýðingu tilvísunar aðal- og rafmagnssamninga til þjóðréttarreglna 44—48
6.1. Almennt um réttarstöðu útlendinga og erlendra fjárfestingaraðilja samkvæmt þjóðréttarreglum 45
6.2. Um skerðingu eigna og réttinda útlendinga 46
6.3. Afstaða aðalsamningsins til eignaskerðinga og mismununar 47
6.4. Brot ríkis á samningsskyldum sínum við erlenda aðilja ..... 47—48

Skrá yfir tilvitnuð rit:

1) Alþingistíðindi.
2) Ármann Snævarr: Almenn lögfræði, 3. útg. 1972.
3) Benedikt Sigurjónsson: Inflation og tillempning av avtaler. Umræður á 28. norræna lögfræðingamótinu, bls. 130—135.
4) Carl August Fleischer: Hovedpunkter i Folkeretten, 3. útg.
Jussens Venner, 1975.
Lov og Rett, 1976.
5) Carl Jakob Arnholm: Privatrett I, 1964.
6) Frede Castberg: Folkerett, 2. útg. 1948.
7) Gaukur Jörundsson: Um eignarnám, 1969.
8) Gunnar G. Schram: Kaflar úr þjóðarétti, 1976.
9) Ian Brownlie, Principles of International Law, 2. útg. 1977.
10) Johs. Andenæs: Lov og Rett, nr. 10, 1977.
Norsk Juridisk Tidskrift nr. 10 1977.
11) Karsten Gaarder: Forelæsninger over kjöp, 1970.
12) Kristen Andersen: Kjöpsrett, 1965.
13) NOU: 1976: 34.
14) Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 1978.
15) Ólafur Lárusson: Eignaréttur, MCML.
16) Páll Sigurðsson: Þættir úr fjármunarétti XIII, 1977.
17) Skýrsla stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun, 11. nóvember 1964.
18) Skýrsla ríkisstjórnarinnar til Alþingis um athugun á byggingu aluminiumverksmiðju á Íslandi, 5. maí 1965.

1.0. Inngangur.

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins dags. 20. júní 1982 óskaði ráðueytið þess, að ég undirritaður tæki saman álitsgerð um réttarstöðu íslenska ríkisins gagnvart Swiss Aluminium Ltd., ef gerðar yrðu breytingar á íslenskri löggjöf, sem leiða myndu til hærra orkuverðs eða hærri skatta en er samkvæmt núverandi framkvæmd á samningum aðilja um álbræðsluna í Straumsvík.

Efnisskipan álitsgerðar þessarar er í meginatriðum þannig, að í 2. þætti er greint frá þeim meginmarkmiðum, sem Íslendingar hugðust ná með samningum við Swiss Aluminium Ltd. Er þar fyrst og fremst stuðst við lýsingu í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 76/1966, þ. e. lögunum um lagagildi aðalsamningsins. Í 3. þætti er greint frá þeim lögum, er um samningana um álbræðsluna í Straumsvík gilda, þ. e. a. s. þeim lögum, er beita ber við lausn deilumála í millum aðilja álbræðslusamninganna. Í 4. þætti er greint frá ákvæðum í aðal- og rafmagnssamningunum um rétt til endurskoðunar samningsákvæða. Þá er og að því hugað í 4. þætti, hvert ætla megi að sé almennt viðhorf íslensks réttar til einhliða breytinga samningsákvæða með lagasetningu, almennri eða sérstakri, þ. e. hvort hægt sé að grípa inn í samningssamband með lagasetningu og breyta þannig réttindum og skyldum samningsaðilja. Er þá við það miðað, að annar af samningsaðilum neiti að fallast á endurskoðun samningsákvæða. Í 5. þætti er að því hugað, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að annar samningsaðili geti krafist leiðréttingar samningsákvæða þrátt fyrir andmæli viðsemjanda síns. Eru þar fyrst og fremst teknar til skoðunar reglur íslensks réttar um réttaráhrif þess að forsendur loforðsgjafar bresta annars vegar, og svo hins vegar hverjar heimildir samningsaðili hefur til þess að krefjast leiðréttingar samningsákvæða, þegar viðkomandi samningsaðili telur samning leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu í sinn garð. Greint er frá úrlausnum íslenskra dómstóla, er varða framangreind atriði og þær úrlausnir bornar saman við úrlausnir norskra dómstóla um svipuð atriði. Í 6. þætti er um það fjallað, hverja þýðingu tilvísun aðal- og rafmagnssamningsins til reglna þjóðaréttarins hefur. Er þar greint frá hinu svissneska þjóðerni ÍSAL og það kannað, hverjar skorður hið erlenda þjóðerni fyrirtækisins og framangreind tilvísun samninganna til þjóðréttarreglna setur löggjafarhæfi íslenska ríkisins um málefni álbræðslunnar.

Rétt er að taka fram, að þegar álitsgerð þessi er skrifuð, er ekki vitað, hvort breytingar verði gerðar á samningunum um álbræðsluna í Straumsvík né heldur, hvernig að slíkum breytingum verður staðið, ef í þær verður ráðist með lagasetningu. Umfjöllun og niðurstöður álitsgerðarinnar verða því að skoðast í ljósi þessa. Af þessu leiðir, að í álitsgerðinni er fremur lýst almennum viðhorfum íslensks réttar til þeirra álitaefna, sem til umfjöllunar eru tekin, en hliðsjón höfð af áðurgreindum samningum um álbræðsluna í Straumsvík og hugsanlegum breytingum á samningsákvæðunum með lagasetningu.

Þá er ennfremur rétt að taka fram, að álitsgerðin sem slík felur ekki í sér sjálfstætt mat á því, hvort forsendur samningsgerðar af hálfu Íslendinga séu brostnar eða hvort hin tilteknu samningsákvæði leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu í garð Íslands sem samningsaðilja. Hins vegar er í álitsgerðinni leitast við að lýsa þeim réttarúrræðum, sem tiltæk eru íslenska ríkisvaldinu, ef niðurstöður kannana leiða í ljós, að forsendur samningsgerðar eru brostnar eða að samningsákvæðin leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Framangreint bréf iðnaðarráðuneytisins frá 20. júní 1982 er hér birt í heild:

„Hr. Þorgeir Örlygsson, lögfr.
Garðsenda 1
108 REYKJAVÍK

I/141.0 20. júní 1982.

Ráðuneytið hefur um nokkurt skeið átt í viðræðum við Swiss Aluminium Ltd. um endurskoðun samningsákvæða um álbræðsluna í Straumsvík. Hefur ráðuneytið m. a. gert kröfu um leiðréttingu orkuverðs rafmagnssamnings Landsvirkjunar og Ísals og jafnframt um breytingu skattlagningarreglna aðalsamnings ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Ltd. Samningaviðræður þessar hafa ekki leitt til neinnar niðurstöðu og Alusuisse neitað að fallast á breytingar samningsákvæða.

Ráðuneytið telur forsendur framangreindra samningsákvæða aðal- og rafmagnssamnings brostnar og að samningsákvæði þessi, sérstaklega þó verðákvæði rafmagnssamnings, ósanngjörn í garð Íslands sem samningsaðila.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fara þess á leit við yður, að þér takið saman greinargerð um réttarstöðu íslenska ríkisins gagnvart Swiss Aluminium Ltd., ef gerðar yrðu breytingar á íslenskri löggjöf sem leiða myndu til hærra orkuverðs eða hærri skatta en er samkvæmt núverandi framkvæmd á samningum aðila. Er þess óskað að í greinargerð yðar verði m. a. fjallað um eftirfarandi atriði:

1. Hvert ætla megi að sé viðhorf íslensks réttar til einhliða breytinga samningsákvæða með lagasetningu, almennri eða sérstakri, þ. e. hvort hægt sé að grípa inn í samningssamband með lagasetningu í því skyni að breyta þar réttindum og skyldum samningsaðila.
2. Hvert ætla megi að sé viðhorf íslensks réttar til einhliða breytinga á samningsákvæðum vegna breyttra aðstæðna eftir að samningur var gerður.
3. Hverja þýðingu tilvísun aðal- og rafmagnssamnings til reglna þjóðaréttarins hefur. Er þess óskað í þessu sambandi, að gerð verði grein fyrir því, á hvern hátt Swiss Aluminium Ltd. og Ísal geti notið verndar þjóðréttarreglna, ef til einhliða breytinga á samningsákvæðum kemur.

Þess er óskað, að greinargerð yðar fjalli um almenn viðhorf íslensks réttar til þeirra álitaefna, sem greind eru í 1. og 2. lið hér að ofan, en þó með hliðsjón af áðurgreindum samningum og hugsanlegum breytingum á ákvæðum samninganna vegna breyttrar löggjafar.

Hjörleifur Guttormsson
/Halldór J. Kristjánsson“

2.0. Meginmarkmið þau, er Íslendingar hugðust ná með samningum við Swiss Aluminium Ltd., eins markmiðum þessum er lýst í greinargerð með lögum nr. 76 frá 13. maí 1966.

Með lögum nr. 76 frá 13. maí 1966 var samningi íslensku ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Ltd. um byggingu og rekstur álbræðslu í Straumsvík frá 28. mars 1966 veitt lagagildi hér á landi. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um lagagildi samningsins er að finna upplýsingar um meginmarkmið Íslendinga með samningsgerðinni. Í athugasemdum þessum er einnig að finna skýringar á einstökum ákvæðum fylgisamninganna. Í þeim þætti, er hér fer á eftir (2.0.), verður leitast við að lýsa forsendum samningsgerðar eins og þeim er lýst í athugasemdum með lagafrumvarpinu og í skýringum með fylgisamningunum.

Rétt er að geta þess, að frekari upplýsingar um forsendur samningsgerðar af hálfu Íslendinga er að finna í ýmsum öðrum gögnum. Má þar sérstaklega til nefna 1) skýrslu stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun, dags. 11. nóv. 1964 og 2) skýrslu ríkisstjórnarinnar til Alþingis um athugun á byggingu aluminumverksmiðju á Íslandi, lögð fram 5. maí 1965.

Að svo stöddu þykir rétt að miða einvörðungu við lýsingu á forsendum í athugasemdum með áðurgreindu staðfestingarlagafrumvarpi. Ef til þess kemur hins vegar að undirbúa lagasetningu, er áhrif hefði á samningana um álbræðsluna í Straumsvík, eða ef undirbúa þarf

málshöfðun á hendur Swiss Aluminium Ltd., yrði óhjákvæmilegt einnig að líta til tveggja áðurgreindra skýrslna og þeirra forsendna fyrir samningsgerð, er þar koma fram. Sem dæmi má nefna, að í skýrslu ríkisstjórnarinnar til Alþingis, er lögð var fram 5. maí 1965, kemur glögglega fram, að á þeim tíma, er álsamningarnir voru í undirbúningi, óttuðust menn nokkuð samkeppnina við aðrar orkutegundir, þ. e. a. s. jarðgas og kjarnorku. Í skýrslu þessari segir orðrétt á bls. 19: „Fyrirsjáanlegt þykir, að í náinni framtíð verði reistir kjarnorkuofnar til vinnslu á fersku vatni úr sjó, sem jafnframt mundu verða látnir knýja rafmagnsstöðvar, sem boðið gætu mjög lágt raforkuverð og auk þess má reikna með miklum framförum á sviði kjarnorkustöðva yfirleitt og eru sumar þeirra þegar boðaðar. Þá er og þess að gæta, að jarðgasstöðvar eru álitnar verða skæðir keppinautar, sérstaklega þar sem jarðgasið er að finna í námunda við stór iðnaðarsvæði, sbr. Holland, Norðursjó og Frakkland og fleira mætti telja. Það má því telja víst, að ef ekki tekst að koma upp aluminiumiðnaði á Íslandi mjög fljótlega sé mjög vafasamt, að það takist yfirleitt. Að minnsta kosti er áhættan við að bíða mjög mikil. Aðalskilyrðið fyrir að þetta megi takast er, að hægt sé að bjóða hagstætt raforkuverð, sérstaklega við fyrstu framkvæmd, og er nánar vikið að því síðar.“ Þyrfti rækilegrar könnunar við á því atriði, hversu veigamikil ákvörðunarástæða fyrir samningagerð við Swiss Aluminium Ltd. óttinn við kjarnorkuna og jarðgasið var á sínum tíma.

Við lestur á eftirfarandi lýsingu á forsendum samningsgerðar eins og þeim er lýst í athugasemdum með staðfestingarlagafrumvarpinu er rétt að hafa í huga, að tölur í íslenskum krónum eru í „gömlum krónum“ og miðað er við gengi dollars eins og það var á þeim tíma, er álsamningarnir voru í undirbúningi.

2.1. Samningar án áhættu fyrir Íslendinga.

Á bls. 1249 í athugasemdum með lagafrumvarpinu (hér eftir nefnd greinargerðin, Alþingistíðindi 1965 A hluti) er þess getið, að öllum atvinnurekstri og framkvæmdum fylgi nokkur áhætta og hafi Íslendingar ekki farið varhluta af slíku. Mikilvægt sé fyrir Íslendinga að nýjar atvinnugreinar hafi ekki í för með sér aukna áhættu „og hefur það sjónarmið mjög verið ríkjandi í viðræðum og samningum, sem fram hafa farið við hið svissneska fyrirtæki að undanförnu“ segir í greinargerðinni. Síðan segir: „Í samningum þeim, sem nú liggja fyrir við Alusuisse, hefur verið reynt að ganga svo frá hnútunum, að áhætta Íslendinga af fyrirtækinu væri sem allra minnst, og fyrirtækið skilaði örugglega viðunandi tekjum í íslenska þjóðarbúið. Lögð hefur verið áhersla á það, að Alusuisse taki á sig miklar skuldbindingar í þessu efni, svo að hagur Íslendinga væri sem best tryggður og tekjur af álbræðslunni öruggar og jafnar“. Síðan segir í greinargerðinni að mikilvægust í þessu efni séu ákvæðin um lágmarksgreiðslu fyrir raforku og um skuldbindingu Alusuisse um að lækka aldrei framleiðslu álbræðslunnar á Íslandi meira hlutfallslega en í öðrum álbræðslum sínum. Á bls. 1250 segir svo: „Óhætt er að fullyrða, að skuldbindingar Alusuisse í þessum efnum eru miklu meiri en almennt tíðkast og óvenjulega fast um það búið, að fyrirtækið skili öruggum tekjum í þjóðarbúið ... Það hefur hins vegar verið eindregið mat ríkisstjórnarinnar og annarra sem um mál þetta hafa fjallað, að nauðsynlegt væri að forðast alla áhættu í þessum efnum, svo sem kostur væri, svo að þessi framkvæmd yrði til þess að auka öryggi í þjóðartekjum Íslands en ekki til að draga úr því. Áhættuhlið málsins verður hins vegar ekki metin til fulls nema einnig sé metin sú áhætta, sem Íslendingar taka á sig í sambandi við Búrfellsvirkjunina sjálfa. Hér skiptir að sjálfsögðu einna mestu máli hinn fasti samningur um greiðslu á lágmarksmagni af raforku frá álbræðslunni, er tryggir fjárhagslegan grundvöll virkjunarinnar um langa framtíð. Hefur áður verið sýnt fram á, hvernig tekjur af rafmagnssamningnum við álbræðsluna, sem verða í erlendum gjaldeyri, standa undir öllum erlendum skuldbindingum, sem Landsvirkjun verður að taka á sig vegna lána til Búrfellsvirkjunar.“ Síðar er það rakið á bls. 1250 í greinargerðinni, að í tveimur greinum geti verið um að ræða áhættu fyrir Lands-

virkjun í sambandi við þessa framkvæmd, annars vegar áhætta, sem fólgin sé í því að bygging virkjunarinnar reynist dýrari en áætlanir hafi gert ráð fyrir, og hins vegar sú óvissa, sem skapast geti vegna ístruflana. Á bls. 1251 segir svo í lok þess kafla, er um áhættu fyrir Íslendinga fjallar: „Að öllu þessu samanlögðu verður því ekki séð, að Íslendingar taki á sig neina óeðlilega áhættu með þeim rafmagnssamningi, sem fyrirhugað er að gera við álbræðsluna."

Í þeim kafla greinargerðarinnar, er fjallar um áhrif byggingar álbræðslu á raforkuverð og afkomu Landsvirkjunar segir á bls. 1251, að fjárhagslegur grundvöllur Búrfellsvirkjunar gjörbreytist, ef hægt sé að selja verulegt orkumagn til nýs iðnaðar eins og álbræðslu. Á bls. 1253 segir: „Í rafmagnssamningum við álbræðsluna er samið um sölu raforku til langs tíma og með þeim skilmálum, að greiðsla komi fyrir orkuna, hvort sem álbræðslan þarf á henni að halda eða ekki. Með löngum og föstum samningi er stefnt að því að tryggja tvennt, sem Íslendingum er mjög nauðsynlegt. Í fyrsta lagi dregur hinn langi og fasti samningur úr áhættu þeirri, sem Íslendingar taka á sig, með því að leggja í svo stóra og fjárfreka framkvæmd sem Búrfellsvirkjun er, og afla að miklu leyti fjár til hennar með lánum. Í öðru lagi er samningurinn þess eðlis, að hann greiðir stórlega fyrir lántökum til virkjunarinnar, en segja má, að hið erlenda fyrirtæki, sem ábyrgist rafmagnssamninginn taki að verulegu leyti á sig áhættuna af erlendu lánunum."

2.2. Gengistrygging skattgjalds og tekna af raforkusölu.

Eins og 13. gr. rafmagnssamnings Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. ber með sér, er rafmagnssamningurinn gerður í bandaríkjadölum. Í athugasemdum með rafmagnssamningnum er enga skýringu á þessu atriði að finna, en á bls. 1254 í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu segir hins vegar: „Hér skiptir það einnig miklu máli, að rafmagnssamningurinn er gerður í bandaríkjadölum, en það er sama mynteining og í flestum þeirra erlendu lána, sem til virkjunarinnar verða tekin. Þegar haft er í huga, að endurgreiðslur og vextir eru meginútgjaldaliðir vatnsaflsvirkjana, þýðir þetta í raun og veru, að tekjurnar séu verðtryggðar eða gengistryggðar, svo að samningurinn væri Íslendingum jafnmikils virði, þótt verðlagsbreytingar ættu sér stað."

Samkvæmt gr. 25.01. í aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse skal Alusuisse greiða eitt framleiðslugjald í stað almennra skatta. Samkvæmt gr. 25.02. í aðalsamningnum er grunnhæð framleiðslugjaldsins tiltekin í bandaríkjadölum á hverja smálest útskipaðs áls eða umframbirgða. Á bls. 1234—1235 í greinargerðinni segir orðrétt um þetta atriði: „Grunnhæð framleiðslugjaldsins er tiltekin í málsgrein 25.02. í bandaríkjadölum og er skattgjaldið að því leyti til gengistryggt."

2.3. Ýmis þjóðhagslegur ávinningur af samningagerðinni.

Í greinargerðinni er að finna ítarlega umfjöllun um ýmis þjóðhagsleg áhrif af byggingu álbræðslu. Skal þess helsta, er þar kemur fram, nú getið.

2.3.1. Áhrif á rekstrarafkomu Landsvirkjunar.

Á bls. 1242 í greinargerðinni er frá því sagt, að gerður hafi verið víðtækur tölulegur samanburður á því, hver muni verða afkoma Landsvirkjunar, ef ráðist væri í Búrfellsvirkjun án rafmagnssamnings við álbræðslu annars vegar og með slíkum samningi hins vegar. Segir, að samanburður á þessum tveimur leiðum í raforkumálum hafi leitt í ljós eftirfarandi meginniðurstöður: „Sé litið á rekstrarafkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985 eins og hún mundi vera samkvæmt hvorri leiðinni fyrir sig, kemur í ljós, að samanlagður tekjuafgangur fram til ársins 1985 mundi án vaxta vera 700 milljónum kr. meiri, ef gerður yrði rafmagnssamningur við álbræðslu. Er þá búið að reikna inn í dæmið allan kostnað af byggingu nýs

orkuvers, er kæmi í stað þess hluta Búrfellsvirkjunar, er framleiddi raforku fyrir álbræðsluna.“ Þá segir á bls. 1243: „Loks er svo rétt að benda á, að hér hefur aðeins verið rætt um afkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, en eftir þann tíma mun rafmagnssamningurinn við álbræðsluna halda áfram að skila Landsvirkjun miklum umframtekjum árlega. Um 22 árum eftir að virkjunin tekur til starfa verða öll lán hennar fullgreidd, svo að allar tekjur álbræðslunnar að frádregnum tiltölulega litlum árlegum rekstrarkostnaði munu þá verða hreinn greiðsluafgangur fyrir raforkukerfið.“

Á bls. 1248 í greinargerðinni segir: „Á móti þessu kemur svo hitt, að með samningi við álbræðsluna fást beinar gjaldeyristekjur fyrir orkusölu, er standa munu undir öllum lántökum til Búrfellsvirkjunar. Fyrstu 25 árin verða tekjur af raforkusölu til álbræðslunnar um 400 milljón kr. hærri en samanlagðar greiðslur vaxta og afborgana af Búrfellsvirkjuninni allri ásamt varastöðvum. ... Með samningi við álbræðsluna má segja, að hið erlenda fyrirtæki taki á sig allar byrðar vegna afborgana vaxta af lánum til Búrfellsvirkjunar í erlendum gjaldeyri, svo að þau munu ekki þrengja að getu Íslendinga til að leggja fjármagn í aðrar framkvæmdir.“

Á bls. 1251—1254 í greinargerðinni er ítarlega fjallað um áhrif byggingar álbræðslu á raforkuverð og afkomu Landsvirkjunar. Segir fyrst, að gerðir hafi verið nýir reikningar um afkomu Landsvirkjunar byggðir á grundvelli lokaupplýsinga, sem fyrir liggi. Segir á bls. 1252 að fjárhagslegur grundvöllur Búrfellsvirkjunar gjörbreytist, ef hægt sé að selja verulegt orkumagn til nýs iðnaðar. Gerðar hafi verið nákvæmar rekstraráætlanir fyrir Landsvirkjun í heild allt fram til ársins 1985, þar sem borin hafi verið saman rekstrarafkoma kerfisins með og án álbræðslu. Orðrétt segir: „Samkvæmt því væri nettóhagnaður án vaxta 702 millj. kr. hærri fram til ársins 1985, ef um sölu til álbræðslu væri að ræða ... Í öllum þessum reikningum hefur verið reiknað með því raforkuverði, sem um hefur verið samið, en það er 12,9 aurar á kW stund fyrstu árin, en 10,75 aurar eftir að álbræðslan hefur náð fullum afköstum ... Hagnaður Landsvirkjunar af sölusamningnum við álbræðsluna liggur fyrst og fremst í því, eins og komið hefur fram af þeim tölum, sem hér hafa verið raktar, að hægt verður að ráðast í miklu stærri og hagkvæmari virkjun og tryggja sölu á orku frá henni frá upphafi. Er þetta raforkuverð í raun og veru mjög hagstætt fyrir Landsvirkjun og neytendur hennar, enda þótt það sé ekki nema lítið fyrir ofan meðalframleiðslukostnað. Munu umframtekjur Landsvirkjunar á tímabilinu fram til 1985 nema 700 millj. kr., en eftir 25 ár verður virkjunin að fullu greidd niður, svo að langmestur hluti tekna af sölu til álbræðslunnar, en þær eru yfir 110 millj. kr. á ári, verður þá hreinn hagnaður.“

2.3.2. Lægra raforkuverð og örari uppbygging raforkukerfisins á Íslandi.

Í þeim kafla greinargerðarinnar, er um áhrif álbræðslu á þróun raforkumála fjallar, segir svo á bls. 1243: „Sú mikla lækkun á framleiðslukostnaði raforku fyrir innanlandsmarkað, sem samningur við álbræðslu gerir mögulega, gæti að sjálfsögðu komið fram annað hvort í lægra raforkuverði eða örari uppbyggingu raforkukerfisins, eftir því hvað þætti þjóðhagslega hagkvæmara. Að því er raforkuverðinu viðkemur, sýna útreikningar, að raforkukostnaður á árunum 1969—1980 mundi verða 28% hærri, ef Búrfellsvirkjun væri eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu ... Sé allur hagnaðarmismunur á þessum tveimur leiðum lagður í nýja stórvirkjun á móti 50% lánsfjáröflun annars staðar að, mundi það t. d. nægja ríflega fyrir virkjun Dettifoss.“

Á bls. 1251 segir: „Ef draga á saman niðurstöður þess mats, sem hér hefur farið fram á þjóðhagslegum áhrifum álbræðslu, eru þær í aðalatriðum sem hér segir: Fjárhagslegur ávinningur Íslendinga af álbræðslu verður mjög verulegur. Hún mun gera Íslendingum það kleift að ráðast í Búrfellsvirkjun á fjárhagslega hagkvæmum grundvelli og mun það geta komið fram bæði í lægra raforkuverði en ella og örari uppbyggingu raforkukerfisins.“ Á bls. 1252 segir: „Reiknað hefur verið út, hvað sú raforka, sem framleidd yrði til almenningsnota

mundi kosta samkvæmt þessum tveimur leiðum, þegar tekið hefur verið tillit til raforkusölu til álbræðslu. Er þetta sýnt á töflu 1. Taflan sýnir, að mjög mikill mismunur er á framleiðslukostnaði raforku til almennra nota milli þessara tveggja leiða, sérstaklega fyrstu árin. Er kostnaðurinn mun lægri, ef raforka er seld til álbræðslu og samansafnaður mismunur á framleiðslukostnaði með 6% vöxtum orðinn 862 millj. í árslok 1985. Sé hins vegar litið á það hver áhrifin eru á framleiðslukostnað hverrar raforkueiningar, kemur í ljós, að á árunum 1969—1975 mundi viðbótarorkan kosta 62% meira ef álbræðsla væri ekki byggð, 22% meira á árunum 1976—1980, en 12% á árunum 1981—1985. Yfir allt tímabilið 1969—1985 mundi raforkukostnaður verða 28% hærri, ef Búrfell væri eingöngu byggt fyrir almenningsnotkun, og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu."

2.4. Samantekt.

Greinargerðin með staðfestingarlagafrumvarpinu ber það með sér, að það meginviðhorf hefur verið ríkjandi af hálfu Íslendinga við samningsgerðina, að tryggja, að samningarnir um álbræðsluna væru þjóðhagslega hagkvæmir. Kemur víða fram í greinagerðinni, að einstökum samningsákvæðum er ætlað að tryggja, að þetta markmið náist. Virðist gagngert hafa verið stefnt að eftirfarandi:

1) Að rafmagnssamningurinn stæði undir öllum erlendum lánum til Búrfellsvirkjunar.
2) Að verulegur tekjuafgangur yrði hjá Landsvirkjun allt fram til ársins 1985, ef gerður yrði rafmagnssamningur við álbræðslu.
3) Að raforkukostnaður fyrir innanlandsmarkað lækkaði stórlega, ef gerður yrði rafmagnssamningur við álbræðslu, eða um yrði að ræða mun örari uppbyggingu raforkukerfisins í landinu.
4) Að samningarnir yrðu til þess að auka verulega þjóðartekjur Íslendinga.

3.0. Lög þau, er um álbræðslusamningana gilda.

Í þeim þætti, er hér fer á eftir (3.0) verður leitast við að lýsa þeim lagagrundvelli, er aðal- og rafmagnssamningarnir hvíla á, þ. e. a. s. hvaða lögum beri að beita við úrlausn ágreiningsefna í millum samningsaðilja.

3.1. Lagagrundvöllur samninganna.

Í 45. gr. aðalsamnings íslensku ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Ltd. er því lýst, hvaða lög gildi um samninginn. Í 25. gr. rafmagnssamnings Landsvirkjunar og ÍSAL er samhljóða ákvæði. Ákvæði þessi hljóða svo:

„Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa, að íslenskum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum."

Í athugasemdum með lagafrumvarpi til staðfestingar á aðalsamningnum sagði um fylgisamningana á bls. 1225, að þeir hefðu allir sama gildistíma og aðalsamningurinn að framkvæmdatryggingasamningnum einum undanteknum. Almennu ákvæðin væru sniðin eftir aðalsamningnum eða til hans vísað um efni þeirra, svo sem um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra, vanefndir, lagagrundvöll, lausn deilumála o. s. frv. Væri það að sjálfsögðu skilyrði fyrir gildistöku þeirra hvers um sig, og aðalsamningsins sjálfs, að þeir verði allir undirritaðir í því formi, sem nú liggur fyrir.

Af ákvæðum 45. gr. aðalsamningsins og 25. gr. rafmagnssamningsins má ljóst vera, að frumheimildina um skýringu, túlkun og framkvæmd samninganna er að finna í samningunum sjálfum. Eins og hin tilvitnuðu orð greinargerðarinnar bera með sér er um flest almenn atriði

fylgisamninganna (þ. á m. rafmagnssamningsins) látið nægja að vitna til aðalsamningsins eða ákvæði hans tekin orðrétt upp. Má hér nefna atriði eins og ákvæðin um vanefndir, force majeure o. fl. Með öðrum orðum má segja, að frumheimildina um það, hvernig beri að skýra, framkvæma og túlka samningsákvæðin, sé að finna í ákvæðum samninganna sjálfra, „eftir því sem unnt er“ eins og segir í 45. gr. aðalsamningsins og 25. gr. rafmagnssamningsins.

Þegar samningi aðilja sleppir er ljóst mál af hinum tilvitnuðu samningsákvæðum, að það eru íslensk lög sem þá taka við. Á beitingu íslenskra réttarreglna um samningsskyldur aðilja gæti helst reynt í þessum tilvikum:

a) Þegar skýra þyrfti óljóst eða ónákvæmt orðalag samninganna. Færi þá sú skýring eftir íslenskum réttarreglum um skýringu og túlkun samningsákvæða.
b) Þegar fylla þyrfti samningsákvæði. Við samningsgerð hafa aðiljar yfirleitt ekki yfirlit um öll þau ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma síðar varðandi framkvæmd samnings. Orðalag samnings eða hátterni aðilja marka þá ekki alltaf réttaráhrifin. Getur því komið til svokallaðrar fyllingar á samningi, þ. e. beitingu annarra réttarheimilda en ófrávíkjanlegra lagaákvæða. Koma þar til venja, skýringarlög, fordæmi, lögjöfnun og eðli máls eða meginreglur laga. (Sbr. Páll Sigurðsson, Þættir úr fjármunarétti XIII, bls. 16—17).
c) Að því er framkvæmd samninganna varðar má ljóst vera að íslenskar réttarreglur geta með einum eða öðrum hætti, beint og óbeint, haft ýmiss konar áhrif á samningsskylduna. Verður nánar að því vikið í 4.0. hér á eftir, hverjar heimildir ætla megi að löggjafinn hafi til þess að grípa inn í samningsskyldur aðilja með lagasetningu.

3.2. Tilvísun samninganna til reglna þjóðaréttarins.

Eins og fyrr greinir ber fyrst og fremst að skýra aðalsamninginn eftir ákvæðum hans og fylgisamninganna og rafmagnssamninginn eftir ákvæðum hans og aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna. Frumheimildin um skýringu er því jafnan samningurinn sjálfur „eftir því sem unnt er“, eins og í samningunum sjálfum segir. Þegar samningsákvæðum sleppir taka við ákvæði íslenskra laga og þær reglur þjóðaréttar „sem við kunna að eiga, þar á meðal þær grundvallarreglur laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.“

Álitaefni er, hverja þýðingu framangreind tilvitnun til reglna þjóðaréttarins hefur. Í athugasemdum með frumvarpinu til staðfestingarlaganna sagði:

„Með þjóðarétti er hér átt við þær reglur, sem vísað er til í 1. málsgrein 38. gr. samþykkta Alþjóðadómstólsins, sbr. auglýsingu nr. 91/1946. Þær reglur hans, sem við kunna að eiga í þessu sambandi, varða fyrst og fremst lágmarksskilyrði þau um réttarfar og mannréttindi, sem sett eru fullvalda ríkjum. Er vart ástæða til þess að ætla, að íslensk lög verði léttvæg fundin í þeim efnum að óbreyttri stjórnarskrá.“

Eðlilegasta skýringin á tilvísun samninganna til reglna þjóðaréttarins virðist vera sú, að með henni eigi að tryggja tvennt: Í fyrsta lagi það, að samningsaðiljar eigi jafnan frjálsan og óhindraðan aðgang að dómstólum eða öðrum þar til bærum úrlausnaraðilja með ágreiningsefni sín og hljóti þar réttláta og fordómalausa málsmeðferð. Í öðru lagi verður að ætla, að tilvísun þessi feli í sér yfirlýsingu um það, að þær íslensku efnisreglur, sem beitt verður við skýringu, túlkun, framkvæmd og um gildi samninganna, séu ekki í andstöðu við grundvallarreglur þjóðaréttarins.

Telja verður, að íslensk lög tryggi bæði þessi atriði, sem hér voru að framan nefnd, enda kemur fram í greinargerðinni sú skoðun, að vart sé ástæða til þess að ætla, að íslensk lög verði léttvæg fundin í þeim efnum.

Í lokakafla álitsgerðar þessarar (6.0) verður nánar að því vikið, hverja þýðingu þessi tilvísun til reglna þjóðaréttarins hefur. Verður þar sérstaklega hugað að því, hvort þjóðrétt-

arreglur setji íslensku lagasetningarvaldi um málefni álbræðslunnar einhverjar sérstakar skorður og eins, hverjar aðgerðir af hálfu íslenska ríkisvaldsins í garð Swiss Aluminium Ltd. gætu leitt til þjóðréttarábyrgðar.

4.0. Endurskoðunarákvæði álbræðslusamninganna. Hugleiðingar um afstöðu íslensks réttar til breytinga á samningsákvæðum með lagasetningu.

4.1. Almennt.

Í þeim þætti, er hér fer á eftir (4.0.) verður leitast við að gera grein fyrir endurskoðunarákvæðum aðal- og rafmagnssamninganna. Við það verður miðað, að endurskoðun beinist fyrst og fremst að skattlagningarákvæðum aðalsamningsins og að verðákvæðum rafmagnssamningsins. Framsetning efnisins verður því að þessu leyti tvískipt. Stafar það og af því, að aðalsamningurinn nýtur þeirrar sérstöðu umfram rafmagnssamninginn, að ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi. Að því er rafmagnssamninginn varðar sérstaklega verður nauðsynlegt að huga jafnframt að því, hvernig ætla megi að háttað sé aðild að kröfugerð um endurskoðun orkuverðsins, þ. e. a. s. hvort það sé ríkisstjórnin eða stjórn Landsvirkjunar sem þar á aðild að.

Eins og rakið verður hér á eftir er ekki sérstakt ákvæði í samningunum um heimild til þess að krefjast endurskoðunar á skattlagningarreglunum og orkuverðinu, hvorki að liðnum ákveðnum tíma né við vissar aðstæður. Af þeim sökum má ljóst vera, að spurningunni um það, hvort réttur sé fyrir hendi til þess að krefjast endurskoðunar, er alls ekki auðsvarað. Þá ber og að hafa í huga, að mjög tryggilega virðist frá því gengið í samningunum, að engar breytingar verði gerðar á ákvæðum þeirra án samþykkis beggja samningsaðilja. Verður umfjöllun um endurskoðunarréttinn að skoðast í ljósi þessara staðreynda.

Reglan um samningafrelsið er ein af grundvallarreglum íslensks fjármuna- og samningaréttar. Felst í reglu þessari frelsi einstaklinga og lögpersóna til þess að semja um fjármunaleg samskipti sín í milli á þann hátt, sem samningsaðiljar helst kjósa, og innan þeirra marka, er lagareglur og velsæmi setja samningafrelsinu. Öryggi í viðskiptum og fjármunalegum samskiptum hvílir og á þeirri margviðurkenndu meginreglu samningaréttarins, að samninga beri að halda. Því má ljóst vera, að mjög ber að vara við þeirri löggjafarframkvæmd, að ríkisvaldið í skjóli lagasetningarvalds grípi inn í hinn frjálsa samningarétt með lagasetningu.

Það er hins vegar umhugsunarefni, hvort löggjafinn sé vegna framangreindra meginreglna með öllu sviptur því valdi að grípa inn í gerða samninga með lagasetningu. Hæpið er að ályktа sem svo. Liggja til þess margvíslegar ástæður. Ljóst má vera, að þær aðstæður geta skapast í þjóðfélaginu, að nauðsynlegt kann að vera að skerða samningafrelsið með lagasetningu og án slíkrar heimildar getur löggjafinn tæpast verið, enda réttaröryggi og hagsmunum að öðrum kosti stefnt í voða. Má og finna þess dæmi úr íslenskri löggjafarframkvæmd að hinn frjálsi samningaréttur hafi verið skertur með lagasetningu.

Hitt er jafnljóst, að heimild löggjafans til þess að grípa inn í gerða samninga með lagasetningu verður að setja þröngar skorður af réttaröryggissjónarmiðum. Rúm heimild í þessa átt er opinn vegur til misbeitingar löggjafarvaldsins og á það sérstaklega við, þegar ríkið sjálft er aðili að þeim samningum, sem lagasetningu er ætlað að taka til. Verða því mjög ríkar ástæður að réttlæta íhlutun í gerða samninga með lagasetningu. Verður að ætla, að annað tveggja verði til að koma, að mjög ríkir almanna- eða samfélagshagsmunir krefjist þess, að með lagasetningu sé gripið inn í gerða samninga, eða hitt, að einhverjar þær aðstæður hafi skapast í þjóðfélaginu, sem gera það nauðsynlegt. Sjá til hliðsjónar norskan dóm í Rt. 1962, 369 (gullklásúludómur).

Eins og að framan segir verður að ætla, að réttur löggjafans til þess að grípa inn í gerða samninga sé nokkuð þrengri, þegar ríkið sjálft er aðili að þeim samningum, sem lagasetningu

er ætlað að taka til. Liggja til þess þau auðsæju lagarök, að ella er opnuð leið fyrir ríkisvaldið til þess að skapa sér hagstæðari samningskjör og aðstöðu en ríkinu tókst að ná fram við samningagerð. Verður því að ætla, að lagasetning, sem hefur það eitt að markmiði að skapa ríkinu hagstæðari samningskjör og samningsaðstöðu en því tókst að ná fram við samningaborðið, standist vart. Hins vegar verður að ætla, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir, að löggjafinn geti gripið inn í gerða samninga, jafnvel samninga sem ríkið sjálft er aðili að, þegar breyttar aðstæður eftir gerð samnings gera slíkt nauðsynlegt og þegar veigamiklir samfélagshagsmunir krefjast þess. Virðast fræðimenn, eins og nánar verður skýrt frá hér á eftir, viðurkenna þessa undantekningu frá meginreglunni. Þá má og finna hugleiðingar í þessa átt í a. m. k. tveimur íslenskum dómum.

Í minnihlutaatkvæði í hæstaréttardómi í **Hrd. 1955, 691** (695) sagði svo:

„En það er meginreglan, að menn verði að standa við gerða samninga, þótt gagngreiðslur, sem þeir hafa áskilið sér, rýrni vegna verðfalls peninga. Regla þessi hefur stoð í sterkum lagarökum, enda myndu tíð frávik frá henni án atbeina löggjafarvaldsins leiða til óvissu í viðskiptum, truflunar og jafnvel öngþveitis, svo sem reynsla erlendis eftir fyrri heimsstyrjöld sýndi."

Í öðru minnihlutaatkvæði, í hæstaréttardómi í **Hrd. 1958, 346** (347) sagði svo:

„Það er meginregla, að menn verða að standa við gerða samninga, þótt gagngreiðslur, sem þeir hafa áskilið sér, rýrni vegna verðfalls peninga. Verður eigi talið, að dómstólum sé rétt að víkja frá henni nema í mjög afmörkuðum tilvikum. Er það á valdi löggjafans eins að setja ákvæði almenns eðlis um gengi peninga og áhrif verðfalls þeirra á viðskipti manna."

Í báðum þessum minnihlutaatkvæðum var því hafnað, að fyrir hendi væri réttur til einhliða hækkunar samningsverðs. Hins vegar má lesa það út úr minnihlutaatkvæðinu, að gert er ráð fyrir því, að löggjafinn geti gripið inn í hinn frjálsa samningarétt með lagasetningu við sérstakar aðstæður og að fullnægðum tilteknum skilyrðum.

Þess var áður getið, að það væri eigi fordæmislaust að ríkisvaldið grípi inn í gerða samninga með lagasetningu. Þannig má t. d. finna þess dæmi, að umsamdar verðbótahækkanir launa í samningum vinnuveitenda og samtaka launafólks hafi verið skertar og á það einnig við um kjarasamninga, sem ríkisvaldið er aðili að. Nýjasta dæmi þessa eru bráðabirgðalög nr. 79/1982 frá 21. ágúst sl. um efnahagsaðgerðir. Segir í 1. gr. bráðabirgðalaga þessara, að vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skuli frá 1. desember 1982 fella niður helming þeirra verðbóta á laun, er ella hefðu orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Þær aðgerðir, sem bráðabirgðalögin gera ráð fyrir að framkvæmdar verði, eru í 1. gr. laganna réttlættar með því að þjóðartekjur hafi dregist saman og því væntanlega gert aðgerðir þessar nauðsynlegar, og tilgangi lagasetningarinnar lýst svo, að þær séu framkvæmdar til þess að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags. Þá eru og í aðfararorðum laganna færðar mjög veigamiklar ástæður fyrir þeim aðgerðum, er framkvæma skal. Þannig segir, að forseti Íslands gjöri kunnugt, að forsætisráðherra hafi tjáð sér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum vegna þeirra þungu áfalla, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir á undanförnum mánuðum. Aflabrestur, verðfall og sölutregða á íslenskum afurðum hafi valdið vaxandi viðskiptahalla gagnvart útlöndum, þrengt að atvinnuvegunum, aukið verðbólgu og dregið úr þjóðartekjum.

Rétt er að hafa í huga, að lagasetning sem grípur inn í gerða kjarasamninga og skerðir kjör launþega frá því, sem ella hefði orðið, nýtur nokkurrar sérstöðu. Um er að ræða lagasetningu, sem er liður í víðtækri stjórn efnahagsmála til lausnar tilteknum þjóðfélagsvanda. Er slík lagasetning nokkuð í ætt við skattlagningu, sem helgast af tilteknum þjóðfé-

lagsþörfum, en í þeim efnum eru löggjafanum ætlaðar nokkuð rúmar hendur. Hefur verið á það bent af íslenskum fræðimönnum (dr. Gaukur Jörundsson, Um eignarnám, bls. 142) eins og nánar verður rakið síðar, að nú ráði tvímælalaust það sjónarmið mestu, að dómstólar eigi að fara varlega í að taka fram fyrir hendur löggjafans, þegar um er að ræða ráðstafanir til lausnar veigamiklum þjóðfélagsvanda, fyrst og fremst á sviði efnahagsmála.

Loks ber að hafa í huga, þegar rætt er um lagasetningu, sem grípur inn í kjarasamninga, að slík lagasetning tekur til meginþorra allra launþega í landinu en tekur ekki út úr tiltekna þjóðfélagshópa. Ennfremur hefur slík lagasetning jafnt áhrif á kjarasamninga, sem ríkið er aðili að, sem og samninga, sem ríkisvaldið á ekki beina aðild að. Virðist þannig ekki fráleitt að ætla, að íhlutun með lagasetningu í kjarasamninga helgist að nokkru af neyðarréttarsjónarmiðum.

4.2. Ákvæði aðalsamningsins um endurskoðun.

Með lögum nr. 76 frá 13. maí 1966 var aðalsamningnum veitt lagagildi hér á landi. Í 51. gr. samningsins segir, að breytingar á samningnum skuli eingöngu gera með viðbótarsamningi, sem ríkisstjórnin og Alusuisse geri skriflega sín á milli og Alþingi staðfestir. Um skattlagningu álbræðslunnar er fjallað í 25. gr. samningsins. Þar segir, að í stað allra skatta nú eða síðar, venjulegra eða sérstakra, sem greiða beri skilyrðislaust eða í sérstökum tilgangi, skuli leggja á Ísal og Ísal greiða eitt framleiðslugjald, er lagt sé á og greitt af hverri smálest áls afskipaðri frá framleiðslunni. Þá er að finna í 33. gr. samningsins ákvæði þess efnis, að ákvæði samningsins ásamt fylgiskjölunum skuli ein vera ráðandi varðandi gjaldskyldu samningsaðilja „meðan samningur þessi og fylgisamningarnir eru í gildi og allt að 10 árum eftir að þeir renna út.“ Segir þar og, að án takmörkunar á almennu orðalagi skuli sérstaklega ekki leggja neina aðra skatta né gjöld á Alusuisse eða Ísal. Segir á bls. 1237 í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu (Alþingistíðindi A, 1965), að ákvæði 33. gr. um gjaldskyldu Ísal og þeirra aðila, er að því standi séu til ítrekunar því, sem að framan greini.

Eins og áður er getið er mjög tryggilega frá því gengið í aðalsamningnum, að skattlagningarreglum verði ekki breytt án samþykkis beggja samningsaðilja. Má segja, að aðstaðan sé sú samkvæmt hljóðan samningsins, að ekki verði við skattlagningarreglunum hróflað á gildistíma samningsins og að hinn erlendi fjárfestingaraðili hafi fyrir því samningsbundið fyrirheit, sem hlotið hafi löggjafarsamþykkt. Kemur þá til skoðunar, hvort hljóðan samningsákvæðanna girði fyrir það með öllu, að skattlagningarreglunum verði breytt með lagasetningu, þó svo að vilji Alusuisse og Ísal standi ekki til slíkra breytinga. Í því sambandi ber á mörg atriði að líta. Koma þar til skoðunar atriði eins og markmið núgildandi skattlagningarforms og ekki síst eðli og markmið væntanlegrar breytingar. Skal nú að þessum atriðum hugað ásamt því álitaefni, hvort staðfesting löggjafans á samningsákvæðunum girði fyrir það að löggjafinn geti á samningstímanum breytt skattlagningarreglunum, m. ö. o. hvort löggjafinn hafi afsalað sér valdi til lagasetningar um skattamálefni álbræðslunnar á gildistíma samningsins.

4.3. Markmið skattlagningar í formi framleiðslugjalds.

Eins og áður er getið er ekki að finna ákvæði, er heimilar öðrum hvorum samningsaðilja við vissar aðstæður eða að liðnum ákveðnum tímafrestum að krefjast breytinga á skattlagningarreglum aðalsamningsins. Hins vegar eru í 26. gr. samningsins fyrirmæli um hækkun og lækkun framleiðslugjaldsins vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli. Á bls. 1244 í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu (Alþ.tíðindi A 1965) er það skýrt, að framleiðslugjaldið hafi verið við það miðað, að skattlagning álbræðslunnar verði ekki lægri en hún mundi verða samkvæmt hæstu skattálagningarreglum, er í gildi séu hér á landi. Var

þetta sjónarmið og áréttað af Jóhanni Hafstein, þáverandi iðnaðarráðherra, er hann fylgdi úr hlaði frumvarpinu til staðfestingarlaganna (Alþingistíðindi 1965, B, 3. hefti bls. 1357).

Á bls. 1245 í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu (Alþ.tíðindi A, 1965) kemur fram, að ástæða þess, að skattlagningin er í formi framleiðslugjalds er fyrst og fremst í öryggis- og hagræðingarskyni. Er þess fyrst getið, að það skattfyrirkomulag, að hafa eitt framleiðslugjald tryggi öruggari tekjur af álbræðslunni heldur en vera myndi við aðra skipan mála. Síðan segir orðrétt: „Önnur ástæða fyrir því að leggja skatta á í formi framleiðslugjalds er, að mjög erfitt er að fylgjast með og ákveða raunverulegan ágóða fyrirtækis eins og álbræðslu, sem raunverulega er hlekkur í langri framleiðslukeðju, sem öll er í höndum sama aðila ... Einn skattur í formi framleiðslugjalds er því miklu öruggari og hreinlegri skattlagning á slíku fyrirtæki heldur en þau margbrotnu skattalög, sem gilda hér á landi og miðuð eru við allt aðra tegund fyrirtækja."

Í grein 30.06 í aðalsamningnum er það nánar skýrt, hvaða skattar, álagðir samkvæmt íslenskum lögum, hafi verið teknir inn í framleiðslugjaldið. Er þar um að ræða tekjuskatt, tekjuútsvar, eignaskatt, eignaútsvar, fasteignaskatt, aðstöðugjald, iðnlánasjóðsgjald, kirkjugarðsgjald og byggingarsjóðsgjald.

4.4. Felur aðalsamningurinn í sér afsal lagasetningarvalds um skattamálefni álbræðslunnar?

Í ljósi framangreindra ákvæða samningsins og þá sérstaklega ákvæða 33. gr. um að eigi skuli leggja á aðra skatta en framleiðslugjaldið, vaknar eðlilega sú spurning, hvort samningsákvæði þetta og eftirfarandi staðfesting Alþingis á því feli í sér afsal á lagasetningarvaldi, þ. e. a. s. hvort Alþingi hafi með staðfestingu sinni afsalað sér valdi til þess að breyta skattlagningarreglum álbræðslunnar á gildistíma samningsins.

Þessari spurningu er alls ekki auðsvarað. Fyrst er rétt að gera sér grein fyrir ástæðum þess, að samningnum var veitt lagagildi.

1) Í fyrsta lagi kann að vera að tillitið til 21. gr. stjórnarskrárinnar hafi að einhverju leyti ráðið þar um.
2) Í öðru lagi fól samningurinn í sér frávik frá ýmsum þágildandi reglum íslensks réttar, sem nauðsynlegt hefði verið að breyta með sérstakri löggjöf, ef samningsákvæðin hefðu ekki fengið lagagildi. Má hér sem dæmi nefna reglur samningsins um tolla- og skattamálefni og ábyrgðir þær, er ríkisstjórnin tókst á hendur samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins. Er þetta allt skýrt nánar í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu (bls. 1236 í Alþ.tíðindum 1965, A).
3) Í þriðja lagi verður að ætla, að með lögbindingu samningsákvæðanna hafi Alusuisse viljað tryggja með beinu loforði löggjafarvaldsins, að samningsákvæðunum yrði ekki breytt til óhagræðis fyrir félagið. Segir enda á bls. 1241 í greinargerðinni, að þess sé að vænta, að lagagildi samningsins muni verða ýmsum öðrum ákvæðum hans til styrktar í mikilvægum efnum fyrir báða aðilja. Einnig kann að vera, að íslenska ríkisstjórnin sem samningsaðili hafi viljað binda fastar um alla hnúta, er vörðuðu samningsskyldur Alusuisse og Ísal með því að lögbinda samningsskyldurnar.

Það leiðir af almennum lögskýringarreglum, að allar yfirlýsingar af hálfu ríkisvaldsins, og þar með taldar yfirlýsingar af hálfu Alþingis sjálfs, um afsal lagasetningarvalds, ber að skýra þröngt. Má að nokkru leiða þetta af 2. gr. stjórnarskrárinnar, er mælir svo, að Alþingi og forseti fari saman með löggjafarvaldið. Verður því að ætla, að það sé meginregla, að takmarkanir lagasetningarvalds sé fyrst og fremst að finna í stjórnarskránni sjálfri, þannig að það séu þá fyrst og fremst stjórnarskrárákvæði er bundið geti hendur almennna löggjafans til lagasetningar. Því er hæpið að ályktа sem svo, að löggjafarþing það, er veitti aðalsamningnum lagagildi, hafi með samþykki sínu getað bundið hendur lagasetningarvaldsins á gildistíma samningsins með loforði um að breyta ekki skattlagningarreglum álbræðslunnar. Verður að

ætla, að svo víðtækt og óskilyrðisbundið afsal fái vart staðist. Til samanburðar má nefna það sjónarmið, er fram kemur hjá dr. Ármanni Snævarr, hæstaréttardómara, um skylt álitaefni (Almenn lögfræði, 3. útgáfa, Reykjavík, 1972, bls. 165): „Ugglaust er og, að þótt tiltekin lög mæltu svo, að þau skyldu hafa ævarandi gildi, gæti löggjafinn allt um það á hverjum tíma breytt lögunum eða fellt þau úr gildi, sbr. lög 59/1928, 4. gr. um friðun Þingvalla, þar sem segir, að hið friðlýsta land skuli vera „ævinleg eign íslensku þjóðarinnar". Svipað er um 72. gr. stjórnarskrárinnar. „Ritskoðun eða aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.""

Nokkur umræða átti sér stað um svipað álitaefni meðal norskra lögfræðinga á miðjum síðasta áratug í tilefni af því, að norska stórþingið samþykkti nýjar skattaálögur á olíufélög þau, er fengið höfðu leyfi til vinnslu olíu undan ströndum Noregs, „konsessjon." Heimildir um ágreining milli ríkisvaldsins og olíufélaganna eru ekki fyllilega skýrar, en svo virðist, sem olíufélögin hafi samið um það við ríkisvaldið, að félögin greiddu tiltekna skatta vegna vinnsluleyfanna og að um frekari skattlagningu en þá, er samningarnir greindu, yrði ekki að ræða. Er Stórþingið hinn 13. júní 1975 samþykkti lög um frekari skattaálögur á olíufélögin, héldu þau því fram, að þar væri um að ræða brot á samningsskyldum af hálfu ríkisins og auk þess stæðist lagasetningin ekki ákvæði 97. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Ágreiningsefni þetta kom ekki til kasta norskra dómstóla, en hins vegar átti sér stað harðvítug ritdeila milli prófessorana dr. jur. Carl August Fleischers og dr. jur. Johs. Andenæs.

Sjónarmið olíufélaganna var harðlega gagnrýnt af dr. Fleischer, sem byggði röksemdafærslu sína m. a. á eftirfarandi:

> „Man kan neppe anta, at gårdagens Storting er kompetent til å binde framtidige Storting for flere 10 år fremover i tiden, og til at gi avkall på skatteinntekter av størrelsesorden på anslagsvis 25 milliarder." (Carl August Fleischer, Jussens Venner: 1975, 183—251 (248))

Einnig segir dr. Fleischer:

> Det kan her vises til Augdahls artikkel i Rt. 1935, s. 33. Som Augdahl gjör oppmerksom på, kan prinsippielt ikke en eldre lov binde nyere lovgivning. Stortinget står som lovgiver (og som utöver av beskattningsmyndighet) som utgangspunkt selvsagt fritt i forhold til eldre bestemmelser ... Det eneste som stor overfor den nye lovgivning er som utgangspunkt Grunnloven. Det må derfor bero på en fortolkning av Grunnloven selv, ikke av de eldre bestemmelser, hvorvidt de posisjoner som er skapt skal være beskyttet mot nye bestemmelser." (Lov og Rett, 1976, 399—413. (400)).

Í stuttu máli má segja, að það sé sjónarmið Fleischers, að nauðsynlegt geti verið fyrir löggjafann að grípa með lagasetningu inn í samningssamband sem ríkið sé aðili að, í því skyni að ná aftur vissu jafnvægi, sem breyttar aðstæður eftir gerð samnings hafi fært úr lagi. Telur hann ekki skipta máli í því sambandi, þó svo að ríkisvaldið hafi með samningum t. d. skuldbundið sig til að breyta ekki skattlagningarreglum. Er það og sjónarmið Fleischers, að rétturinn til skattlagningar sé stjórnarskrárvarinn og verði ekki af löggjafanum tekinn með almennum lögum. Það sé stjórnarskrárbrot að binda hendur löggjafans til lagasetningar um skattamálefni um alla framtíð. Einustu skorðurnar, sem lagasetningarvaldinu séu settar í þessum efnum, sé að finna í stjórnarskránni. Telur Fleischer að þessa niðurstöðu sína megi styðja bæði með tilvitnun til fræðiskoðana og dómaframkvæmdar, er mjög hafi gengið í þá átt hin síðari ár að rýmka heimildir löggjafans í þessum efnum.

Sjónarmið Fleischers um hinar rúmu heimildir löggjafans í þessum efnum voru mjög harðlega gagnrýndar af dr. jur. prófessor Johs. Andenæs (Johs. Andenæs, Norsk Juridisk Tidskrift, 1977, nr. 10, bls. 435 o. á.). Andenæs viðurkennir að vísu, að löggjafinn geti haft heimild til þess að grípa inn í gerða samninga með lagasetningu, þegar ríkar samfélagsástæður krefjast þess, en hann telur, að beita beri heimild þessari með mikilli varúð og

ljóst sé, að ríkið geti ekki notað löggjafarvaldið í því skyni að knýja fram hagstæðari samningskjör, en náðust við samningaborðið. Telur Andenæs, að í þessu sambandi beri mjög skýrlega að greina á milli ríkisins sem samningsaðilja annars vegar og hins vegar sem handhafa löggjafarvalds.

Ekki eru efni til að rekja í einstökum greinum þá miklu ritdeilu, er átti sér stað í millum þessara tveggja norsku prófessora. Þó má geta sjónarmiðs, sem fram kom hjá dr. Fleischer um það, að þegar ríkið semji við einstaklinga eða lögpersónur, eins og t. d. olíufélögin, sé ekki um jafnsetta aðilja að ræða, þar sem annar samningsaðilinn sé handhafi lagasetningarvalds. Olíufélögin t. d. séu háð ákvæðum lagasetningar- og skattlagningarvalds ríkisins eins og aðrir norskir þegnar og geti ekki vænst þess að vera friðhelg gagnvart síðari löggjöf um skattamálefni að undanskildum þeim takmörkunum, er leiða megi af reglum stjórnarskrárinnar. Því geti það ekki talist ósanngjarnt í garð viðsemjenda ríkisvaldsins, þótt ríkinu í skjóli lagasetningarvalds heimilist við tilteknar aðstæður að breyta samningsákvæðum, sem ríkið sé aðili að.

Í raun má segja, að þeir séu um það sammála dr. Fleischer og dr. Andenæs, að ríkisvaldið sem samningsaðili geti beitt lagasetningarvaldi sínu til þess að breyta samningsákvæðum, sem ríkið er aðili að, við tilteknar aðstæður og að fullnægðum vissum skilyrðum, en að þá greini á um, hver hin nánari skilyrði fyrir beitingu heimildarinnar séu. Vill dr. Fleischer í þeim efnum ætla löggjafarvaldinu mun rýmri heimildir en dr. Andenæs.

Þó svo að niðurstaða framangreindra hugleiðinga sé sú, að vafasamt sé að ætla, að Alþingi hafi afsalað sér valdi til breytinga á skattlagningarreglum um álbræðsluna í Straumsvík með lögbindingu samningsákvæðanna og hafi stjórnskipulega heimild til lagasetningar á þessu sviði, er hitt ljóst, að alls ekki er sama, hvernig að slíkri lagasetningu er staðið. Skiptir þar tvímælalaust miklu máli á hvaða forsendum slík lagasetning byggir, hvert er markmið hennar og tilgangur og við hvers konar réttindum verið er að hrófla. Skal nú hugað að nokkrum sjónarmiðum, er máli kunna að skipta í þessu sambandi.

4.5. Vernd 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þó svo að telja megi, að Alþingi hafi ekki afsalað sér valdi sínu til þess að breyta skattlagningarreglum aðalsamningsins og þar með þeim lagareglum, er um skattlagningu álbræðslunnar gilda, er hitt eigi að síður ljóst, að 67. gr. stjórnarskrárinnar setur lagasetningarvaldinu vissar skorður í þessum efnum. Íslenskir dómstólar hafa ótvírætt talið það hlutverk sitt að víkja til hliðar réttarreglum, er eigi fá staðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Félli það því innan valdmarka íslenskra dómstóla (eða annars þar til bærs úrlausnaraðilja) að meta gildi þeirrar löggjafar, er breytti núgildandi skattlagningarreglum álbræðslunnar.

Ljóst má vera eins og á hefur verið bent t. d. af Ólafi Jóhannessyni (Stjórnskipun Íslands, 1978, bls. 449), að ekkert ríki fær staðist án tekjuöflunar í einni eða annarri mynd. Það liggur því í hlutarins eðli, að skatta og önnur opinber gjöld verður að leggja á þrátt fyrir ákvæði 67. gr. Stjórnarskráin sjálf kveður ekki beinlínis á um mörkin milli eignarnáms og skatta. Eignarskerðing kann eigi að síður að geta talist eignarnám, upptaka fjár, þó svo að hún sé krafin undir nafninu skattur. Ólafur Jóhannesson bendir á (áður tilvitnað rit bls. 449) að þau takmörk verði að setja skattlagningarvaldinu, að skattar séu lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu.

Viðmiðun þessi er nokkuð almenns eðlis og má því segja, að vanddregin séu mörkin milli skattlagningar sem heföhelgaðrar eignarskerðingar annars vegar og eignaupptöku hins vegar. Ber þar á mörg atriði að líta. Ólafur Jóhannesson telur (áður tilvitnað rit bls. 449) að skattaálögur á einstaka gjaldþegna, einn eða fleiri, sem ekki næðu til annarra, er eins stæði á um, myndu fara í bága við stjórnarskrána. Skipti ekki í því sambandi máli, þó svo að slík eignataka væri nefnd skattur. Þá nefnir Ólafur og það dæmi, að lagaboð um, að nafngreindur

maður eða tiltekin fjölskylda skyldu greiða milljónir króna í skatta fengi ekki staðist. Af þessu má ljóst vera, að lagasetning, er beindist að álbræðslunni í Straumsvík einni af öllum gjaldþegnum í landinu yrði að telja afar hæpna. Að vísu má segja, að álbræðslan í Straumsvík sé eini erlendi fjárfestingaraðilinn í landinu, sem er að meiri hluta í eigu útlendinga og öðrum eins settum aðiljum ekki til að dreifa. En á hitt ber þá að líta, að til eru í landinu fleiri stóriðjufyrirtæki og því má segja, að lagasetning um skattamálefni álbræðslunnar einnar, sem ekki tæki jafnframt til annarra stóriðjufyrirtækja í landinu, væri varhugaverð. Þyrfti það a. m. k. mjög rækilegrar athugunar við, hvort lagasetning um skattamálefni álbræðslunnar einnar bryti ekki gegn þeirri vísireglu, sem Ólafur Jóhannesson orðar, að skatta beri að leggja á eftir vissri jafnræðisreglu.

Við mat á lögmæti skattlagningar kann markmið skattlagningarinnar að skipta miklu máli. Eins og Ólafur Jóhannesson bendir á (áður tilvitnað rit bls. 450) þá hefur lengi verið litið svo á, að skatta ætti að leggja á í skattalegu augnamiði. Felst í því aðallega tvennt, að skattarnir séu álagðir til þess að standa undir þörfum hins opinbera, en ekki til þess eins að yfirfæra eignir einstaklinga (eða löpersóna) til ríkisins, og að þeir séu lagðir á menn í tiltölu við greiðslugetu hvers og eins. Ólafur Jóhannesson bendir á, að nú á dögum sé það algengt, að skattar séu notaðir sem eins konar miðlunarúrræði í efnahagslífinu. Það fari auðvitað eftir mati löggjafans, hverjar séu þarfir hins opinbera, og verði í því efni lítil takmörk sett í nútímaþjóðfélagi. Gagnvart stjórnarskránni skipti mestu máli, að skattar séu lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða, þannig að gætt sé viss jafnræðis og skattþegnum sé ekki mismunað óeðlilega. Í ljósi þessa má segja, að lagasetning um skattamálefni álbræðslunnar, sem hefði það eitt að markmiði að skapa ríkisvaldinu meiri tekjur af álbræðslunni heldur en ríkisvaldinu tókst að ná fram í samningum við Swiss Aluminium Ltd. á sínum tíma, sé heldur hæpin. Lagasetningin yrði að réttlætast af einhverjum mjög veigamiklum samfélagshagsmunum eða vera nauðsynleg vegna sérstakra aðstæðna, sem skapast hefðu eftir gerð samningsins.

Þá verður og að ætla, að stjórnarskráin setji vissar skorður við afturvirkni lagabreytingar, er varðaði skattamálefni álbræðslunnar. Yrði slíkri lagasetningu ekki beitt með afturvirkum hætti. Íslensk stjórnarskipunarlög banna að vísu ekki berum orðum afturvirkni laga, en dæmi þess er þó að finna í almennum lögum, sbr. t. d. 2. gr. laga nr. 19/1940, almenn hegningarlög. Þó svo að 40. gr. stjórnarskrárinnar, sem mælir fyrir um að skatta megi ekki leggja á né breyta nema með lögum, segi ekkert um afturvirkni skattalaga, þá verður samt að telja, að það hafi ekki verið tilætlun stjórnarskrárgjafans, að almenni löggjafinn geti ákvarðað ótakmarkaða afturvirkni slíkra laga.

4.6. Nánar um markmið skattlagningar.

Þess var getið hér að framan, að við mat á lögmæti skattlagningar á starfsemi álbræðslunnar í Straumsvík kynni markmið skattlagningarinnar að skipta máli. Þann fyrirvara verður að setja umfjöllun um þetta atriði sem og önnur, er varða hugsanlegar breytingar skattlagningarreglnanna, að enn liggur ekki fyrir, hvort, og þá hvernig að slíkum breytingum verður staðið, og verður öll umfjöllun um efnið mun erfiðari fyrir vikið. Liggur í augum uppi, að fátt eitt er hægt að segja um lögmæti eða ólögmæti slíkra breytinga fyrr en ljóst er, hvernig að þeim verður staðið. Verða allar hugleiðingar í þessum þætti álitsgerðarinnar því að skoðast í ljósi þessa.

Þó svo að það hafi verið meginniðurstaða hugleiðinganna hér að framan, að fremur bæri að vara við skattlagningu, er beinist að álbræðslunni einni saman og næði ekki til annarra gjaldþegna, er ekki með öllu óhugsandi að slík skattlagning stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Þess var getið í þætti 4.3. hér að framan, að markmiðið með skattlagningu í formi framleiðslugjalds hafi verið það að tryggja, að álbræðslan greiddi ekki lægri skatta en vera

myndi samkvæmt hæstu álagningarreglum. Ef það er nú mat löggjafans, að núgildandi skattlagning leiði ekki til þessarar niðurstöðu, þ. e. a. s. að álbræðslan greiði mun lægri skatta en að var stefnt í upphafi og ætlunin var að tryggja, þá er vandséð að hægt sé að bera brigður á stjórnskipulegt gildi þeirrar löggjafar, er hefði það að markmiði að ná fram leiðréttingu um þetta atriði. En þá verður jafnframt að gera þá sjálfsögðu kröfu, að sýnt sé fram á, að núgildandi skattlagningarform leiði ekki til þeirrar niðurstöðu, er að var stefnt að tryggja. Jafnframt verður að gera þá kröfu til viðbótar varðandi gildi slíkrar löggjafar, að breyting skattlagningarreglnanna gangi ekki lengra en að tryggja, að þessu samningsmarkmiði sé náð. Verður að ætla að dómstólar gætu endurskoðað mat löggjafans í þessum efnum. Sýnist sem löggjöf með þessum hætti sé nokkuð í ætt við þá lagasetningu, sem minnihlutaatkvæðið í **Hrd. 1955, 691** og **Hrd. 1958, 346** gerir ráð fyrir að geti staðist og reifað er í þætti 4.1. hér að framan.

4.7. Löggjöf, er hefði það að markmiði að ná fram leiðréttingu samningsákvæða.

Eins og nánar verður gerð grein fyrir í þætti 5.0 hér á eftir má finna þess dæmi í íslenskri löggjöf, að ákvæði í samningum, sem eru bersýnilega ósanngjörn í garð annars samningsaðilja, er heimilt að meta ógild. Má hér sem dæmi nefna ákvæði í höfundalögum, vátryggingasamningalögum, húsaleigulögum, ábúðarlögunum frá 1961, þ. e. a. s. ýmsum lögum um einstakar samningstegundir. Eins og nánar verður rakið í þætti 5.0. eru lagaákvæði þessi viss vísbending um almenna heimild dómstóla til þess að virða að vettugi ósanngjörn samningsákvæði, enda má og finna þess dæmi úr íslenskri réttarframkvæmd, eins og nánar verður skýrt í 5.0., að íslenskir dómstólar hafa vikið til hliðar samningsákvæðum, sem að þeirra mati hafa verið ósanngjörn í garð annars samningsaðilja.

Ef niðurstaða athugana sýndi, að núgildandi skattlagningarreglur og form skattlagningar álbræðslunnar skili engan veginn þeim tekjum, sem að var stefnt í upphafi, þ. e. a. s. að álbræðslan greiði mun lægri skatta en vera myndi samkvæmt hæstu skattlagningarreglum, má segja, að þau dreifðu lagaákvæði, sem vitnað var til hér að framan og þeir dómarar, sem síðar verður getið séu viss réttlæting og stuðningur við löggjöf, sem snerti skattamálefni álbræðslunnar og hefði það eitt að markmiði að ná fram leiðréttingu á skattlagningunni. En eins og margítrekað hefur verið hér að framan verður að gera þá kröfu, að sýnt sé fram á, að núgildandi skattlagning sé víðs fjarri því að tryggja hið upphaflega samningsmarkmið og jafnframt, að væntanleg breyting gangi alls ekki lengra en að ná fram hinu upphaflega markmiði.

Við mat á gildi löggjafar, er hefði það að markmiði að breyta gildandi skattlagningarreglum álbræðslunnar í Straumsvík þyrfti að því að huga, hvort álbræðslunni hafi verið heitið einhverjum sérstökum skattfríðindum eða skattundanþágum og þá, hvort hin væntanlega breyting skerði fríðindi þessi eða undanþágur. Viðurkennt er, bæði í fræðum (t. d. dr. Gaukur Jörundsson, Um eignarnám, bls. 140) og réttarframkvæmd (**Hrd. 19,587 og 14,154**), að veiting tiltekinna skattfríðinda eða skattundanþágu með lögum eða samningi við ríkisvaldið getur skapað njótendum fríðindanna eða undanþágunnar rétt, er þeir verða ekki sviptir bótalaust.

Dr. Gaukur Jörundsson hefur bent á (áður tilvitnað rit á bls. 74) að eins og nú sé háttað ríkisafskiptum, byggi einstaklingar (og þá væntanlega lögpersónur líka) í ríkum mæli fjárhagslega afkomu sína á réttindum, sem eigi rætur sínar að rekja til ákvörðunar handhafa ríkisvaldsins. Sé einstaklingum (og lögpersónum) eigi síður nauðsyn á vernd eignarnámsákvæðisins (67. gr. stj.skr.) fyrir ýmis af þessum réttindum sínum. Segir dr. Gaukur, að í mörgum tilvikum væri mjög óréttlátt og réttaröryggi skert, ef réttarstöður af þessu tagi væru algjörlega háðar geðþótta ríkisvaldsins. Alveg sérstök ástæða sé til þess að vernda réttindi, sem handhafar ríkisvaldsins hafi veitt einstaklingum í því skyni að fá þá til að inna einhver

framlög af hendi, þar á meðal fjárhagsleg verðmæti. Þá segir dr. Gaukur og (áður tilvitnað rit á bls. 140):

„Við það, sem hér að framan hefur verið rakið, er það að athuga, að þótt skattfrelsi hafi verið veitt nafngreindum aðiljum eða vissar eignir undanþegnar skattgjaldi, eru eigi líkur á, að þar sé um gjaldfrelsi að ræða, sem löggjafinn geti ekki afnumið. Það er ekki fyrr en gjaldfrelsi hefur verið heitið um tiltekinn tíma og til að lokka fram eða ýta undir athafnir eða framlög af hálfu þeirra, sem þess eiga að njóta, að unnt er að fallast á, að um eign sé að ræða, sem njóta eigi verndar skv. eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar."

Í kafla 4.3. var rakið það skattlagningarfyrirkomulag, er um álbræðsluna og starfsemi hennar gildir samkvæmt aðalsamningnum og staðfestingarlögunum. Kom þar fram, að framleiðslugjaldinu var ætlað að koma í stað almennra skatta, er lagðir væru á hér á landi, og markmiðið með fyrirkomulaginu var að tryggja, að álbræðslan greiddi aldrei lægri skatta en verða myndu samkvæmt hæstu gildandi skattlagningarreglum. Þegar orðalag skattlagningarákvæða aðalsamningsins er virt ásamt skýringum greinargerðar staðfestingarlagafrumvarpsins, er vandséð, nema eitthvað annað komi til, að álbræðslunni hafi verið heitið einhverjum tilteknum skattfríðindum hér á landi umfram aðra gjaldþegna. Miklu fremur verður að telja, að samningsákvæðin og greinargerðarskýringin séu vísbending um, að það meginviðhorf hafi verið ríkjandi varðandi skattlagningu þessarar atvinnustarfsemi, að hún greiddi skatt, er jafngilti skattlagningu samkvæmt hæstu gildandi álagningarreglum hverju sinni. En það er svo allt önnur spurning, sem ekki er unnt að svara hér, hvort þessu skattlagningarmarkmiði hafi verið náð.

Rétt er að hafa hér í huga ákvæði í gr. 27.02 í aðalsamningnum. Upphaflega sagði í ákvæði þessu, að framleiðslugjaldið skyldi aldrei fara fram úr fimmtíu af hundraði (50%) af nettóhagnaði ÍSALs. Í breytingu aðalsamningsins frá 1976 hljóðaði greinin hins vegar svo, að þrátt fyrir ákvæði 26. gr. skyldi framleiðslugjald það, sem gjaldskylt yrði í heild af hálfu ÍSALs fyrir hvert almanaksár, aldrei verða hærra fyrir þá sök, að leiðréttum taxta hafi verið beitt, en sú fjárhæð í Bandaríkjadölum, sem jafngilti 55% af nettóhagnaði ÍSALs fyrir það ár. Segja má, að aðstaðan sé í raun sú, að samkvæmt gr. 30.07. í aðalsamningnum skuli skattar þeir, sem sameinaðir hafa verið í framleiðslugjaldinu, fela í sér þá skattbyrði, sem leiðir af öllum núverandi íslenskum sköttum af þeim tegundum, sem upp er talið í greininni, en í grein 27.02 sé hins vegar fyrirheit um það, að skattlagningin skuli aldrei fara fram úr 55% af nettóhagnaði. Segja má í ljósi þessa, að það sé að öllum líkindum fremur hæpið, að skattlagning, er færi fram úr 55% af nettóhagnaði stæðist. Að vísu má segja, að almenni löggjafinn hafi allfrjálsar hendur um skattlagningar, bæði að því er varðar á hvern hátt skattar og gjöld eru á lögð, hvernig þeim er varið og um upphæð þeirra. Hefur t. d. dr. Gaukur Jörundsson bent á (áður tilvitnað rit á bls. 142) að aðeins, þegar mjög langt sé gengið, sé heimilt að telja skattlagningu fara í bága við eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar. Skattlagning er færi fram úr 55% af nettóhagnaði yrði því að skoðast annars vegar í ljósi þessa löggjafarfyrirheitis um hámark skattlagningar og svo hins vegar í ljósi hinna rúmu valdheimilda löggjafans í þessum efnum. Þarfnast það í þessu sambandi alveg sérstakrar athugunar við, hvort ákvæðið um 55% hámark skattlagningar á samningstímanum sé slíkt loforð um skattfríðindi eða skattundanþágu, er ekki verði af álbræðslunni tekið bótalaust. Það verður að telja mjög líklegt, að aðstandendur álbræðslunnar myndu halda því fram, ef breyting skattlagningarreglna miðaði að því að leggja á meiri skatta en 55% af nettóhagnaði, að með slíkri lagasetningu sé ríkisvaldið sem samningsaðili í skjóli lagasetningarvalds að skapa sér hagstæðari samningsaðstöðu heldur en ríkinu tókst að ná fram við samningaborðið. Er því fyllsta ástæða til þess að fara mjög varlega í sakirnar í þeim efnum. Sýnist því ekki ólíklegt, að því yrði haldið fram af hálfu álbræðslunnar, að slík skattlagning væri bæði brot á samningsskyldu, misbeiting lagasetningarvalds og að hún fæli í sér mismunun gagnvart

álbræðslunni umfram aðra gjaldþegna. Þó svo að það sé viðurkennt í réttarframkvæmd og af fræðimönnum, að sérsköttun upp að vissu marki sé heimil, þá eru slíkri skattlagningu auðvitað settar vissar skorður. Má hér t. d. benda á sjónarmið, sem fram koma í forsendum **Hrd. 36,424:**

„Friðhelgin sem eignarréttinum er veitt með 67. gr. stjórnarskrárinnar hefur eigi staðið í vegi hefðhelguðum rétti almenna löggjafans til að setja eignarréttinum almenn og reglubundin mörk. Samkvæmt 77. gr. stjórnarskrárinnar skal skipa skattamálefnum með lögum. Almenni löggjafinn hefur þannig tvímælalausan, stjórnskipulegan rétt til að leggja á þjóðfélagsþegnana skatta og opinber gjöld eftir málefnalegum og reglubundnum sjónarmiðum og svo til, þá er sérstök efni eru til, að skattgilda tiltekna þjóðfélagshópa á eðlisrökréttan og málefnalegan hátt og til sérstakra og jafnvel hvers konar almannaþarfa. Lögrök þau, sem þessi ákvæðisréttindi almenna löggjafans hvíla á, leiða og til þess, að löggjafa þessum sé rétt að leggja fégjald á tiltekna þjóðfélagshópa eftir eðlisrökréttum og málefnalegum sjónarmiðum til fullnægingar á þörfum þeirra þjóðfélagshópa, er álögunum sæta."

Segja má, að þau skilyrði, sem sett eru fyrir sérskattlagningu séu nokkuð almenns eðlis. Þó kemur fram í dómi þessum, að sérstakar aðstæður verði að réttlæta sérsköttun, sbr. orðalagið „þá er sérstök efni eru til" og skattlagningin þarf að vera á „eðlisrökréttan og málefnalegan hátt". Er áður að því vikið (4.5.) hverja þýðingu fyrirvari þessi hefur.

4.8. Áhrif forsendubrests.

Vera kann, að skattlagning tiltekinna gjaldþegna byggist á vissum forsendum. Er þá umhugsunarefni, hver áhrif það hefur á réttarstöðu gjaldþegnsins og ríkisvaldsins, þegar forsendur þessar bregðast. Prófessor Johs. Andenæs (Er staten som lovgiver bundet av sine egne kontrakter? Lov og rett, nr. 10, 1977, bls. 449) bendir á, að ríkið eins og aðrir samningsaðiljar geti að sjálfsögðu borið fyrir sig almennar reglur um brostnar forsendur, ef skilyrði þess séu fyrir hendi á annað borð. Virðist það vaka fyrir Andenæs, að löggjafinn geti þá að nokkru metið, hvort skilyrðum til þess að bera fyrir sig brostnar forsendur sé fullnægt. Á sjónarmið varðandi tengsl skattlagningar og brostinna forsendna hefur reynt í a. m. k. einu hæstaréttarmáli, **Hrd. 19,587.** Ekki er ástæða til þess að rekja efni þess dóms hér að svo stöddu, en ljóst má vera, að ef breyting skattlagningarreglnanna um álbræðsluna á að helgast af réttarreglum um brostnar forsendur, þá verður að sýna fyrst fram á, hverjar voru forsendur skattlagningarinnar, að þær forsendur hafi brugðist og brugðist með þeim hætti að réttlætanlegt sé af þeim sökum að leiðrétta þær reglur, sem nú gilda, með lagasetningu.

4.9. Rafmagnssamningur Landsvirkjunar og ÍSALS.

Ákvæði rafmagnssamningsins hafa ekki lagagildi hér á landi eins og ákvæði aðalsamningsins. Kann því að gæta nokkuð annarra sjónarmiða um rétt til einhliða breytinga eða leiðréttingar ákvæða rafmagnssamningsins. Enn liggur ekki fyrir með hvaða hætti staðið yrði að einhliða breytingum á verðákvæðum rafmagnssamningsins, ef til slíkra breytinga kemur. Umfjöllun um lagalegar hliðar þess máls verður því vandasamari en ella. Í framsetningunni hér á eftir verður fyrst og fremst hugað að þremur leiðum, sem nefndar hafa verið, þ. e. 1) Álagning skatta eða gjalda með lögum á kaupanda orkunnar, þ. e. ÍSAL. 2) Setning laga, t. d. laga um lágmarksverð á raforku í landinu, sem þá tæki til orkusölusamnings ÍSALs og Landsvirkjunar sem annarra orkusölusamninga til stóriðju. 3) Málshöfðun fyrir íslenskum dómstól eða gerðardómi til viðurkenningar á rétti til hækkunar orkuverðsins.

Leitast verður við að gera grein fyrir helstu lagasjónarmiðum, er á kann að reyna varðandi þessar þrjár leiðir og hverja leiðina megi telja heppilegasta út frá lagalegum sjónarmiðum.

Áður en byrjað er að gera grein fyrir þessum þremur kostum, þykir rétt að rekja fyrst ákvæði aðal- og rafmagnssamningsins um breytingar á ákvæðum hins síðarnefnda samnings. Þá er og nauðsynlegt að víkja að því nokkrum orðum, hvernig telja megi, að háttað sé aðild að kröfu um hækkað orkuverð, þ. e. a. s. hvor sé réttur aðili að þeirri kröfu, stjórn Landsvirkjunar eða ríkisstjórnin.

4.10. Ákvæði aðal- og rafmagnssamnings um breytingu samningsákvæða rafmagnssamningsins.

Ákvæði um verðlagningu raforkunnar frá Landsvirkjun til ÍSALs er að finna í 13. gr. rafmagnssamningsins. Í 14. gr. hans er mælt fyrir um leiðréttingu samningsbundins verðs vegna sveiflna í breytilegum kostnaði Búrfellsvirkjunar og skyldra varavirkja, svokallað leiðrétt samningsbundið verð. Skal leiðrétting fara fram í samræmi við þá líkingu, sem greind er í 14. gr. Í 15. gr. er svo mælt fyrir um endurskoðun samningsbundins verðs, ef gildistími samningsins er framlengdur, og er þar að finna ákvæði um það, hvernig hið nýja samningsverð skuli fundið.

Um skýringu þessara ákvæða (þ. e. 13., 14. og 15. gr.) verður að láta nægja að vísa til ákvæðanna sjálfra og skýringar greinargerðarinnar með staðfestingarlagafrumvarpinu. Það, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi er sú staðreynd, að samkvæmt orðalagi aðal- og rafmagnssamninganna er orkuverðið bundið út samningstímann og getur leiðrétting eða breyting á því að meginstefnu til ekki farið fram án samráðs og samþykkis beggja aðilja.

Í 28. gr. rafmagnssamningsins segir, að breytingar á honum skuli einungis gera með skriflegum og löglega undirrituðum viðbótarsamningi milli Landsvirkjunar og ÍSALs og með skriflegri tilkynningu til þeirra aðilja, sem nefndir eru í 53. gr. aðalsamningsins og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse. Í 33. gr. aðalsamningsins segir, að ákvæði hans ásamt ákvæðum fylgiskjalanna skuli ein vera ráðandi í skiptum milli ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og kaupstaðarins annars vegar og Alusuisse og ÍSAL og þeirra aðilja, er að rekstri þess standa hins vegar. Þá skal samkvæmt gr. 33.01 í aðalsamningi „sérstaklega eigi leggja neina aðra skatta né gjöld á Alusuisse ... né ÍSAL“ en þau, er greinir í aðalsamningi og fylgiskjölum. Þá segir og gr. 33.02. í aðalsamningi, að eigi skuli, að undanskildu því, er í aðalsamningi og rafmagnssamningi greinir, leggja á ÍSAL, beint eða óbeint, neins konar skatt né gjald í sambandi við öflun, flutning, spennubreytingu, afriðlun, notkun eða eyðslu á rafmagni, sem bræðslunni er látin í té samkvæmt rafmagnssamningnum.

Loks er rétt að geta ákvæðis 38. gr. aðalsamningsins er mælir svo, að hækki eða lækki byggingar- eða rekstrarkostnaður bræðslunnar, Búrfellsvirkjunar, hafnarinnar og hafnarmannvirkja eða annarra skyldra mannvirkja, að meira eða minna leyti og af hvaða ástæðu sem er, hvort sem fyrirsjáanlegt var eða ekki, skuli slíkar breytingar ekki verða forsenda að breytingum, umskiptum eða undanþágu frá neinum ákvæðum samnings þessa eða neins fylgisamninganna og skuli engin áhrif hafa á skuldbindingar aðila hans og þeirra.

Af upptalningu ákvæða þessara má ljóst vera, að rækilega er þannig frá málum gengið í samningunum, að einhliða réttur til að krefjast leiðréttingar orkuverðsins er ekki fyrir hendi, hvorki að liðnum tilteknum tímafrestum á samningstímabilinu né heldur við vissar aðstæður, er skapast hafa eftir gerð samnings. Orkuverðið er með öðrum orðum að meginstefnu til bundið út samningstímann að frátöldum þeim takmörkuðu leiðréttingum, sem 14. og 15. gr. rafmagnssamningsins gera ráð fyrir.

4.11. Aðild að kröfu um leiðréttingu.

Aðilar að aðalsamningnum um álbræðsluna í Straumsvík eru íslenska ríkisstjórnin annars vegar og Swiss Aluminium Ltd. hins vegar. Aðild að rafmagnssamningnum er hins vegar með öðrum hætti. Þar er seljandi orkunnar Landsvirkjun, en kaupandinn ÍSAL. Ekki er

óeðlilegt að sú spurning vakni, hvernig háttað sé aðild að kröfu um leiðréttingu orkuverðsins, hvort þar eigi aðild stjórn Landsvirkjunar eða íslenska ríkisstjórnin. Skal nú að því atriði hugað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, er Landsvirkjun sjálfstæður réttaraðili, er hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Er fyrirtækið sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar og á hvor aðili um sig helming fyrirtækisins. Í 8. gr. laga nr. 59/1965 eru ákvæði um kosningu stjórnar fyrirtækisins og í 9. gr. er mælt fyrir um starfssvið stjórnarinnar. Segir þar, að stjórn Landsvirkjunar hafi á höndum yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins og framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra. Þá segir í 11. gr. laganna, að stjórn fyrirtækisins ákveði að fengnum tillögum Efnahagsstofnunar heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku, en samkv. 2. tl. 2. gr. laganna er tilgangur Landsvirkjunar m. a. að selja raforku í heildsölu til rafmagnsveitna, sveitarfélaga, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja. Í 2. mgr. 11. gr. segir að stjórn Landsvirkjunar geri orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver innan marka 2. gr. laganna.

Að meginstefnu til má segja, að stjórn Landsvirkjunar fari með æðsta ákvörðunarvald í málefnum fyrirtækisins. Í ýmsum greinum er valdsvið stjórnarinnar þó skert og ákvarðanir hennar háðar samþykkt ráðherra þess, er með orkumálefni fer. Samkv. 7. gr. þarf Landsvirkjun leyfi iðnaðarráðherra til byggingar nýrra orkuaflstöðva og aðalorkuveitna. Getur ráðherra samkv. sömu grein krafist breytinga á fyrirhugaðri tilhögun stjórnar Landsvirkjunar á mannvirkjum. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi iðnaðarráðherra sbr. ákvæði 11. gr. laganna. Segir þar einnig, að slíkir orkusölusamningar megi ekki að dómi ráðherra valda hærra orkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið. Loks er að finna í 19. gr. laganna ákvæði þess efnis, að mál er varði framkvæmd laga nr. 59/1965 og aðild ríkisins að Landsvirkjun, falli undir ráðherra þann, er fer með raforkumál.

Auk ákvæða laga nr. 59/1965, er skerða vald stjórnar Landsvirkjunar að því er varðar orkusölusamninginn til ÍSAL, er að finna ákvæði bæði í aðal- og rafmagnssamningi, er fela ríkisstjórninni forræði í málefnum rafmagnssamningsins. Þannig segir í 28. gr. rafmagnssamningsins að breytingar á honum sem gerðar séu milli Landsvirkjunar og ÍSAL séu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar, og í 26. gr. samningsins, er ræðir um meðferð deilumála segir, að rísi deila milli Landsvirkjunar og ÍSAL um skýringu, túlkun, framkvæmd, eða um gildi og áhrif samningsins eða um réttindi eða skyldur samningsaðilja á samningstímanum, þá skuli fara með slíka deilu sem deilu milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse. Í 46. gr. aðalsamningsins er fjallað um deilur milli aðilja þess samnings og rafmagnssamningsins og segir þar, að aðiljar skuli reyna að jafna ágreining sinn, en ella vísa málinu til íslenskra dómstóla eða til gerðardóms. Er skýrt tekið fram í 46. gr., að það sé ríkisstjórnin annars vegar og Alusuisse hins vegar, sem vísað geti ágreiningi til íslenskra dómstóla eða til gerðardómsmeðferðar. Í gr. 47.06. segir síðan, að að því er varði 46. og 47. gr. geti Landsvirkjun haft meðalgöngu og orðið aðili að sérhverju gerðardómsmáli samkv. 46. og 47. gr., ef deila sú, er lögð er í gerð, varðar hana beinlínis. Á bls. 1241 í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu (Alþingistíðindi 1965, A) segir, að ákvæði greina þessara (46. og 47. gr.) séu sameiginleg fyrir aðal- og rafmagnssamninginn og fylgisamningana. Jafnframt sé svo fyrirmælt, segir í greinargerðinni, að farið skuli með deilur milli aðila samningsins (rafmagnssamningsins) sem deilur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse. Sé það eðlileg afleiðing þeirrar ábyrgðar, sem þau hafi tekið á sig á efndum af hálfu ÍSALs og Landsvirkjunar. Það verði því ríkisstjórnin og Alusuisse, sem fara myndu með sakarefni í öllum málum, sem til gerðardóms yrðu lögð samkv. 47. gr.

Hvorki aðalsamningurinn, rafmagnssamningurinn né greinargerðin með staðfestingarlagafrumvarpinu skýra, hvað átt er við með „meðalganga“ eða „intervention“ eins og það

heitir í hinum enska texta samninganna. Verður því að ætla, að átt sé við sams konar heimild og felst í 50. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, er ræðir um heimild manns til þess að ganga inn í mál annarra manna, ef úrslit þess máls skipta hann máli að lögum. Í ensku lagamáli hefur „intervention" svipaða merkingu.

Þegar framantalin laga- og samningsákvæði eru virt, verður að telja, að stjórn Landsvirkjunar sé hinn formlega rétti aðili til þess að bera fram kröfu um leiðréttingu orkuverðsins, þar sem það er Landsvirkjun, sem er seljandi orkunnar. Hins vegar verður að telja, að ákvörðunarvaldið í þeim efnum sé hjá iðnaðarráðherra og að sjálfstæðar ákvarðanir í þessum efnum án atbeina iðnaðarráðherra geti stjórn Landsvirkjunar ekki tekið. Er eðlilegast að lögskýra 11. gr. Landsvirkjunarlaganna svo, að rétt eins og stjórn Landsvirkjunar þarf leyfi iðnaðarráðherra til þess að gera orkusölusamninga til langs tíma, þurfi stjórnin einnig leyfi ráðherrans til þess að breyta slíkum orkusölusamningum.

4.12. Álagning skatta eða gjalda á ÍSAL vegna raforkukaupanna.

Í rafmagnssamningnum er ekki að finna nein ákvæði um skattlagningu raforkukaupanna. Hins vegar er, eins og áður greinir, að finna í 33. gr. aðalsamningsins ákvæði varðandi gjaldskyldu Alusuisse og ÍSAL, og eiga þau ákvæði bæði við aðal- og rafmagnssamninginn.

Samkvæmt 33. gr. aðalsamningsins virðist girt fyrir frekari skattlagningu raforkukaupanna eða gjaldtöku umfram það, sem aðal- og rafmagnssamningurinn greinir. Sérstök skattlagning á raforkukaup ÍSALs yrði því að teljast fremur varhugaverð og eiga þar við að öllu leyti sömu sjónarmið og rakin voru hér að framan um sérsköttun álbræðslunnar almennt. A. m. k. verður að hugleiða það mjög rækilega, hvort sérsköttun á raforkukaup ÍSAL, einan allra raforkukaupenda í landinu, nálgist ekki brot á þeirri jafnræðisreglu, sem alla skattlagningu verður að miða við.

Lagasetning, er tæki jafnt til allra hliðsettra eða sambærilegra raforkukaupenda, hefði hins vegar á sér allt annað yfirbragð. Sniðgengi slík lagasetning alls ekki framangreinda jafnræðisreglu. Ef til slíkrar almennrar skattlagningar raforkukaupa kæmi, þyrfti aftur á móti að kanna sérstaklega, hvort sú lagasetning haggi að einhverju leyti við þeim samningsbundnu réttindum, sem ÍSAL nýtur varðandi gjaldtöku og skattlagningu. Ljóst má vera, að allur meginþorri raforkukaupenda yrði að sæta slíkum nýjum álögum. Hefur margoft verið vikið að því í dómum Hæstaréttar, að hinn almenni löggjafi hafi nokkuð frjálsar hendur í mati sínu á skattþörf ríkisins og geti því lagt allverulegar skattkvaðir á almenning til þess að standa straum af og mæta þeim útgjöldum, sem heildarrekstur þjóðarbúsins hefur í för með sér. Má hér t. d. benda á dóma Hæstaréttar í eftirtöldum málum: **Hrd. 25,74. Hrd. 29,753. Hrd. 36,424.**

Ef framangreindum ákvæðum í aðalsamningi væri ekki til að dreifa (33. gr.) má leiða að því sterk rök, að ÍSAL eins og aðrir raforkukaupendur yrði að sæta slíkri viðbótarskattlagningu á raforkukaupin. Athugunarefni er þá, hvort ákvæði 33. gr. aðalsamningsins marki ÍSAL einhverja þá sérstöðu, að slík almenn skattlagning gæti ekki náð til þess fyrirtækis. Má hér aftur benda á það sjónarmið, er fram kemur í doktorsritgerð Gauks Jörundssonar á bls. 140 og reifað er í þætti 4.7. hér að framan. Yrði það að rannsakast alveg sérstaklega, hvort fyrirheit 33. gr. aðalsamningsins teldist slíkt fyrirheit um gjaldfrelsi, sem ekki yrði af gjaldþegninum tekið bótalaust. Mat á því atriði er ekki vandalaust. Við slíkt mat yrði líklega mikil áhersla lögð á það atriði, hvort samningsloforð þetta hefði verið gefið í því skyni að lokka fram eða ýta undir tilteknar athafnir eða framlög af hálfu ÍSALs. Forsendubrestur kynni og að skipta máli.

Í riti sínu Almenn lögfræði (3. útgáfa, 1972, bls. 192) bendir dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, á ýmis dæmi þess, hvernig lög, sem til eru komin eftir stofnun lögsambands, sem ætlað er að vara um nokkurt skeið, geti breytt þeim reglum, er áður giltu um

lögsambandið. Orðar dr. Ármann það sem meginreglu, að nýjum lögum verði þá ekki beitt um þau atriði, er lögsambandið varða og átt hafa sér stað fyrir gildistöku laganna. Hins vegar sé það meginregla, segir dr. Ármann, að réttaráhrif slíkra lögsambanda ráðist af yngri lögum eftir gildistöku þeirra, þ. á m. um efni réttindanna og lögskiptanna. Segir hann þá reglu þó sæta undantekningum, þannig að við sumum réttindum verði ekki haggað í yngri lögum, a. m. k. ekki bótalaust.

Ármann Snævarr nefnir ekki skattlagningu sérstaklega í hugleiðingum sínum í hinu tilvitnaða riti. Um skattlagningu sérstaklega fjallar hins vegar dr. Carl August Fleischer, sem áður er vitnað til. Til viðbótar því sem áður segir um sjónarmið Fleischers má benda á eftirfarandi skoðun hans (Jussens venner, Bind X, 1975, bls. 238):

> „Utgangspunkt må imidlertid stadig være klart nok: Private parter kan ikke p. g. a. sine avtaler gjöre innsigelse mot eller kreve erstatning fordi det kommer lover som rammer oppfyllelsen og gjör at denne ikke lenger kan foretas på de opprinnelige tilsiktede vilkår. Tidligere avtalerett og de avtaler som er inngått i henhold til denne, er ikke lex superior í forhold til nye bestemmelser som gis í lovs form. End mindre er selvsagt de private avtaler i seg selv noen lex superior i forhold til fremtidig lovgivning."

Þá segir dr. Fleischer og (sama rit, bls. 249):

> „Det må anses på det rene at tidligere ingåtte kontrakter ikke gir noe krav på lovgiveren for framtida skal tillate gjennomföringen av kontrakten på de samme vilkår som man en gang regnet med. Dette gjelder prinsippielt også statens kontrakter. (Rt. 1962 s. 369)."

Ennfremur segir dr. Fleischer (Lov og rett, Nr. 9, 1976, bls. 406—407):

> „For det tredje er det statsrettlig uholdbart når Brækhus i denne forbindelse söker å gi inntrykk av at det bara er „i noen grad" at nye regler kan „få betydning for allerede ingåtte kontrakter". Prinsippielt er det motsatte: Nemlig at kontraktsmessige og andre rettigheter selvsagt er undergitt den lovgivning som gjelder til enhver tid, og at Stortinget kan gi de lover det finner rigtig. Private kontrakter — derunder de som er ingått med staten som den ene part — kan som utgangspunkt ikke binde Stortingets lovgivningsmyndighet eller medföre noen immunitet i forhold til denne. Bare i unntakstilfelle, der lovgivningen ellers ville virke urimelig hardt, kan det komme på tale å si at eldre rettigheter etter Grunnloven må være untatt fra lovgivningen".

4.13. Setning laga um lágmarksverð á raforku.

Önnur leið en sú, sem nefnd er í 4.12. til þess að ná fram leiðréttingu raforkuverðsins væri setning laga um tiltekið lágmarksverð á alla selda raforku í landinu. Ríkið á verulegan þátt í sölu allrar raforku í landinu. Setning laga um slíkt lágmarksverð væri því í eðli sínu lagasetning, sem bætir samningsaðstöðu ríkisvaldsins. Má því segja, að ríkisvaldið sé í skjóli slíkrar lagasetningar að skapa sér hagstæðari samningskjör en gildandi samningar gera ráð fyrir. Er því ljóst, að slík lagasetning yrði að réttlætast af veigamiklum samfélagshagsmunum og sérstökum þjóðfélagsaðstæðum og mætti auðvitað ekki ganga lengra en í þá átt að leiðrétta samningsákvæði, sem aðstæður eftir gerð samnings hafa gert mjög ósanngjarnt í garð samningsaðilja.

Það færi eftir nánari efnisskipan löggjafar um lágmarksverð á raforku, hvort slík lagasetning teldist í eðli sínu skattlagning orkukaupa. Myndi í því sambandi skipta máli, hvert viðbótartekjur, er af slíkri löggjöf leiddi, rynnu og hvernig þeim yrði varið. Ef viðbótartekjurnar rynnu í ríkissjóð og yrði varið til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum þjóðarbúsins, eru líkur til að um skattlagningu væri að ræða.

Benda má á ýmsa kosti, sem lagasetning um lágmarksorkuverð hefði umfram skattlagningu orkukaupanna.

1) Slík lagasetning tæki jafnt til allra hliðsettra eða sambærilegra orkukaupenda í landinu, og einstökum hliðsettum orkukaupendum yrði þá ekki mismunað miðað við aðra, sem eins stendur á um.
2) Slík lagasetning teldist ekki sérsköttun einstakra orkukaupenda.
3) Markmið lagasetningarinnar væri þá væntanlega það að leiðrétta samningsákvæði, sem ósanngjarnt er orðið vegna breyttra aðstæðna eftir gerð samnings.

4.14. Málshöfðun til viðurkenningar á rétti til hækkaðs orkuverðs vegna breyttra aðstæðna.

Þriðja leiðin, sem bent hefur verið á í þessu sambandi, er sú að höfða mál fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi, til viðurkenningar á rétti til leiðréttingar hins samningsbundna verðs vegna breyttra aðstæðna eftir gerð samnings. Gæti kröfugerð í slíku máli verið tvíþætt:

1) Viðurkenning á rétti til uppbótar á orkuverði fyrir liðinn tíma, þ. e. a. s. frá því tímamarki, er á orkuseljandann fór að halla vegna hinna breyttu aðstæðna.
2) Viðurkenning á hækkuðu orkuverði til frambúðar.

Eins og rakið verður í 5.0. hér á eftir var þessi leið farin í mörgum af þeim norsku dómum, sem reifaðir verða. Höfðun máls til viðurkenningar á slíkri leiðréttingu, sem að framan getur, byggist auðvitað á þeirri forsendu, að til sé í íslenskum rétti regla, er heimilar samningsaðilja að krefjast leiðréttingar samningsákvæðis, þó svo að heimild til slíks sé ekki fyrir að fara samkv. beinu orðalagi samningsins.

Eins og rakið verður í 5.0. má leiða að því sterk rök, að til sé í íslenskum rétti regla, er heimilar samningsaðilja að krefjast leiðréttingar samningsákvæðis við tilteknar aðstæður. Verður í þætti 5.0. vikið að nánara efnisinntaki þessarar reglu og leitað samanburðar í rétti þeirra ríkja, er búa við svipaðar lagareglur og Íslendingar.

Kostir leiðréttingar sem framkvæmd væri af dómstól eru þeir, að hún hefur yfir sér hlutleysisblæ. Gildi leiðréttingar, sem þannig er framkvæmd, yrði mun síður vefengt af þeim, sem leiðréttingin beinist gegn. Þá ber og að hafa það í huga, að með slíkri málshöfðun væri hægt að ná fram leiðréttingu á orkuverði liðins tíma, ef skilyrði leiðréttingar yrðu talin fyrir hendi, en lagasetning gæti hins vegar tæplega haft afturvirk áhrif. Beint bann við afturvirkni laga er ekki að finna í íslensku stjórnarskránni, en slíkt bann byggir ugglaust á óskráðri meginreglu íslensks stjórnskipunarréttar.

Ókostir málshöfðunar eru þeir að slík leiðrétting er tímafrek og kostnaðarsöm og allar líkur eru á að hún yrði fyrir alþjóðlegum gerðardómi en ekki íslenskum dómstól. En þar á móti kemur, að ef leiðrétting yrði framkvæmd með lagasetningu gæti Alusuisse borið lögmæti slíkrar lagasetningar undir úrskurðarvald alþjóðlegs gerðardóms, og verður að telja það fremur óviðeigandi, að alþjóðlegir gerðardómar séu að leggja mat á gildi íslenskrar löggjafar.

4.15. Setning laga um leiðréttingu orkuverðs samkvæmt rafmagnssamningi ÍSALS og Landsvirkjunar.

Þess er áður getið (bls. 12—14), að ætla verði, að löggjafinn geti gripið inn í gerða samninga, jafnvel samninga sem ríkið sjálft er aðili að, þegar lagasetning hefur það að markmiði að leiðrétta samningsákvæði, þegar slíkt er nauðsynlegt vegna brostinna forsendna eða breyttra aðstæðna eftir gerð samnings.

Áður hefur og verið greint frá því sjónarmiði fræðimanna (bls. 21), að ríkið eins og aðrir samningsaðiljar geti borið fyrir sig reglurnar um brostnar forsendur og afleiðingar þeirra, ef skilyrði þess eru fyrir hendi á annað borð. Virðast fræðimenn eins og t. d. Andenæs gera ráð fyrir því, að með lagasetningu sé þá hægt að ná fram leiðréttingu viðkomandi samningsákvæðis vegna brostinna forsendna. Hefur verið á það bent af sömu fræðimönnum, að löggjafinn geti þá að nokkru metið það, hvort skilyrðum þess, að bera fyrir sig brostnar

forsendur sé fullnægt. Í ljósi þessa verður að ætla, að Alþingi geti leiðrétt orkuverðið samkvæmt rafmagnssamningi ÍSALs og Landsvirkjunar til samræmis við upphaflegt samningsmarkmið, ef það er mat löggjafans, að forsendur verðákvæðisins sér brostnar. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi, að dómstólar hafa vald til þess að meta það, hvort hinum efnislegu skilyrðum þess að bera fyrir sig brostnar forsendur hafi í raun verið fullnægt og þá jafnframt, hvort einhliða leiðrétting hafi verið lögmæt.

Í þætti 5.0. verður að því vikið, hver séu hin efnislegu skilyrði einhliða leiðréttingar samningsákvæðis vegna brostinna forsendna eða breyttra aðstæðna eftir gerð samnings, sem gera samningsákvæði úr hófi fram ósanngjarnt.

5.0 Réttur til einhliða breytinga á samningsákvæðum vegna breyttra aðstæðna eftir gerð samnings.

5.1. Almennt.

Í þeim þætti, er hér fer á eftir, verður leitast við að gera grein fyrir því álitaefni, til hverra úrræða samkvæmt íslenskum rétti sá aðili samnings getur gripið, sem telur forsendur sínar fyrir gerð samnings brostnar, eða þegar óvænt og ófyrirséð þróun mála eftir gerð samnings leiðir til allt annarrar og þyngri samningsniðurstöðu fyrir hann heldur en til stóð í upphafi. Skiptir í því sambandi máli, hvort til sé í íslenskum rétti regla, er heimilar að vikið sé til hliðar ákvæðum samnings, sem leiðir til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir annan aðilja samnings.

5.2. Meginreglan um, að samninga beri að halda.

Reglan um, að samninga beri að halda, pacta sunt servanda, hefur um langan aldur verið ein af grundvallarreglum íslensks samningaréttar og í rétti þeirra ríkja, er við skyld lagakerfi búa. Byggir regla þessi á augljósum lagarökum. Í þætti 4.1. hér að framan var vitnað til minnihlutaatkvæðanna í **Hrd. 1955, 691** og **Hrd. 1958, 346,** þar sem regla þessi er gerð að umtalsefni.

Við samningagerð er aðiljum jafnan ljóst, að ýmsar breytingar á ytri aðstæðum geta átt sér stað eftir gerð samnings, sem koma til með að hafa áhrif á efndir hans. Fer það þá fyrst og fremst eftir túlkun og skýringu viðkomandi samnings sjálfs, hver eigi að bera áhættuna af hinum breyttu aðstæðum, loforðsgjafi, loforðsmóttakandi eða báðir. Álitaefni er þá, hvernig með eigi að fara, þegar ekkert er að þessu vikið í samningi, eða þegar samningur gerir jafnvel ráð fyrir því, að breyttar aðstæður eigi ekki að hafa áhrif á samningskjörin.

Almennt séð verður að ætla, að dómstólar séu tregir til þess að víkja til hliðar eða breyta þegar gerðum samningsákvæðum eða samningum í heild, jafnvel þó svo að einhverjar breytingar verði á ytri aðstæðum, sem áhrif hafa á efndir samninga. Þrátt fyrir meginviðhorf þetta, hefur mönnum eigi að síður verið ljóst, að túlkun samnings algjörlega eftir orðanna hljóðan án tillits til breyttra aðstæðna eftir gerð samnings, gæti leitt til ákaflega ósanngjarnrar niðurstöðu í garð þess samningsaðilja, er á hallar vegna hinna breyttu aðstæðna. Almennri settri heimild dómstóla til þess að víkja til hliðar eða breyta samningsákvæðum vegna breyttra aðstæðna eftir gerð samnings er ekki fyrir að fara í íslenskum rétti, svo sem er í rétti margra annarra ríkja. En þó svo að slíkri almennri settri heimild sé ekki fyrir að fara í íslenskum rétti, eru eigi að síður í vissum tilvikum játaðar undantekningar frá hinni annars fortakslausu reglu um, að samninga beri að halda. Skal nú að því atriði hugað.

5.3. Afleiðingar þess, að forsendur loforðsgjafar bregðast.

Þegar forsendur bresta eða reynast rangar fer það eftir atvikum hverju sinni, hver áhrif það hefur á gildi viðkomandi löggernings. Stundum skiptir brostin forsenda engu um gildi löggernings. Í öðrum tilvikum getur brostin eða röng forsenda valdið því, að samningsaðilja

heimilast að ganga frá samningi sínum, eða að skylda hans verður önnur, og er þá sagt, að veruleg forsenda hafi brostið eða reynst röng.

Þegar loforðsgjafi gefur loforð liggja oftast vissar hvatir þar að baki. Ýmist tekur loforðsgjafi ástæður loforðsgjafar inn í loforð sitt og gerir þær að skilyrði, en oft er líka loforð gefið án þess að minnst sé á, að gildi þess skuli háð sérstökum ástæðum. Þær ástæður til loforðsgjafar, sem þannig eru ekki gerðar að skilyrði beinlínis, eru nefndar forsendur.

Um gildi loforðs getur skipt meginmáli, hvort þessar forsendur reynast rangar eða þær bresta. Forsendur, sem ekki hafa haft úrslitaáhrif um ákvörðun loforðsgjafa hafa engin áhrif á gildi loforðsins. Forsenda verður að hafa verið ákvörðunarástæða fyrir loforðsgjafa. Loforðsmóttakandinn verður einnig að hafa vitað eða mátt vita, að loforð var gefið af hinni tilteknu ástæðu.

Þegar brostin forsenda leiðir til þess, að loforðsgjafi losnar undan loforði sínu, er sagt, að veruleg forsenda hafi brugðist eða reynst röng. Örðugt getur verið að skera úr því, hvort forsenda sé veruleg eða ekki. Til leiðbeiningar myndi einkum verða, hvort loforðsgjafa myndi hafa verið unnt að gera forsendu að skilyrði eða ekki, ef slíkt hefði borið á góma við loforðsgjöfina. Er það þá orðað sem viðmiðunarregla, að ef loforðsgjafa hefði ekki verið unnt að gera forsendu sína að skilyrði, verði hann sjálfur að bera áhættuna af því, hvort hún rætist eða ekki.

Í Hrd. 1955, 691 reyndi á það álitaefni, hverra heimilda sá samningsaðili gæti neytt, sem taldi forsendur sínar fyrir samningsgerð brostnar:

> Með grunnleigusamningi á árinu 1934 tók A á leigu af B byggingarlóð á Akureyri „til ótakmarkaðs tíma, svo lengi sem hann eða þeir, er í hans stað koma, fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningum." Leigugjaldið skyldi árlega vera 6% af fasteignaverði lóðarinnar „eftir því sem hún er metin samkvæmt opinberu fasteignamati á hverjum tíma." Þegar samningurinn var gerður, voru í gildi lög nr. 22/1915 og samkvæmt þeim lögum skyldi fasteignamat fara fram 10. hvert ár og matsverð fasteignarinnar miðað við sanngjarnt söluverð hennar. Þegar samningurinn gekk í gildi árið 1934 var ársleigan kr. 96.- Við fasteignamat, sem gekk í gildi 1942 var lóðin metin á kr. 1300 og lækkaði þá leigan í kr. 78.- Greiddi leigutaki lóðarinnar leigugjald samkvæmt því. Á fasteignamati urðu síðan þær breytingar með lögum nr. 70/1945, að fasteignamat skyldi aðeins fara fram 25. hvert ár og með lögum nr. 33/1955 var fasteignamat bundið sérstöku hámarki, en skyldi ekki lengur miðast við sanngjarnt söluverð. Leigusali lét dómkveðja matsmenn til þess að meta leiguna eftir lóðina, og mátu þeir hæfilegt endurgjald kr. 260.-, þ. e. 20 af hundraði af gildandi fasteignamati. Í máli leigusala á hendur leigutaka krafðist leigusalinn hækkunar á leigunni, sem næmi mismun matsverðsins kr. 260.- og þess, er leigutaki hefði áður greitt, þ. e. kr. 78.- eða kr. 182.- Leigutaki krafðist sýknu af kröfum stefnanda og byggði kröfu sína á því, að leigusali gæti ekki krafist leigugjalds umfram það, sem samningurinn greindi. Hélt leigutaki því fram, að við leigunni yrði ekki haggað, þó svo að nú liði 25 ár á milli fasteignamata. Héraðsdómur tók kröfu leigusala til greina og sagði m. a. að þegar samningurinn hefði verið gerður, hefði leigugjaldið verið eðlileg greiðsla fyrir þau verðmæti, er í té hefðu verið látin og eftir atvikum hófleg miðað við aðra sams konar samninga frá sama tíma. Mætti og örugglega gera ráð fyrir því, að leigutaka hefði verið það ljóst, er samningurinn var gerður, að til slíks hefði verið ætlast. Síðan hefði verðgildi peninga stórlega raskast, en fasteignamat haldist óbreytt. Verðmæti það, er leigutaki láti leigusala í té fyrir leiguréttinn sé því raunverulega einungis brot af því verðmæti, sem áskilið hefði verið, þegar samningurinn var gerður. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Í forsendum dóms Hæstaréttar voru raktar þær breytingar, sem gerðar hefðu verið á reglum um fasteignamat. Þá sagði og, að það væri alkunna, að verðgildi peninga hefði raskast mjög á undanförnum árum og að

núgildandi fasteignamat væri fjarri því að vera í samræmi við það ákvæði laga, sem gilt hefði alla tíð síðan 1915, að fasteign hver skyldi metin samkvæmt sanngjörnu söluverði. Loks sagði í dómi Hæstaréttar, að breytingar þær, sem gerðar hefðu verið á lögum um fasteignamat, bæði um lengd matstímabilsins og sjálfan matsgrundvöllinn, væru svo veigamiklar, að telja yrði forsendur fyrir leigugjaldsákvæðinu í samningnum brostnar. Og þar sem samningurinn í heild væri óuppsegjanlegur af hendi leigusala, þætti hann eiga rétt til þess að fá leigugjaldið metið sérstöku mati, er gilti um 10 ár í senn, þ. e. jafnlangt tímabil og liðið hefði milli fasteignamata samkvæmt lögum þeim, er í gildi höfðu verið, þegar samningurinn var gerður.

Það, sem vert er að veita athygli í sambandi við þennan dóm, eru eftirfarandi atriði:

1) Einungis verulegar breytingar á aðstæðum geta leitt til þess að samningsaðilja sé heimilt að bera fyrir sig réttarreglur um áhrif brostinna forsendna, sbr. orðalag dómsins um, að þær breytingar, sem gerðar hefðu verið á fasteignamatsreglum væru verulegar.
2) Sú staðreynd, að samningurinn var óuppsegjanlegur, virðist skapa leigusala rýmri rétt til þess að krefjast leiðréttingar verðákvæðis samningsins, sbr. orðalagið í dómnum um að samningurinn í heild væri óuppsegjanlegur.
3) Sú leiðrétting, sem dómurinn heimilaði á verðákvæði samningsins, miðaði að því að ná fram hinu upphaflega samningsmarkmiði. Því sagði í dóminum, að leigusali gæti fengið leigugjaldið metið sérstöku mati dómkvaddra manna, er gilti 10 ár í senn, en við samningsgerðina var sú regla gildandi, að fasteignamat skyldi framkvæmt 10. hvert ár. Með öðrum orðum, þá á leiðréttingin ekki að gera loforðsgjafa betur settan en hann var samkvæmt upphaflegu markmiði samningsaðilja, heldur eins settan.

Almennu ákvæði um réttaráhrif brostinna forsendna er ekki til að dreifa í settum íslenskum réttarheimildum. Slíkt ákvæði er t. d. ekki í íslensku samningalögum nr. 7/1936. Hins vegar eru um þetta efni fyrirmæli í lögum varðandi ákveðnar gerðir löggerninga, sbr. t. d. kaupalögin nr. 39/1922. Í ljósi slíkra lagaákvæða og íslenskrar dómaframkvæmdar er hins vegar óhætt að fullyrða, að til sé óskráð meginregla í íslenskum rétti, sem heimilar loforðsgjafa að fullnægðum vissum skilyrðum að ganga frá samningi sínum í heild eða krefjast leiðréttingar tiltekinna samningsákvæða, þegar forsendur hans, þ. e. loforðsgjafa, fyrir loforðsgjöf bregðast eða reynast rangar.

5.4. Heimildin til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum.

Ekki er fyrir að fara í íslenskum rétti almennu lagaákvæði, er veitir heimild til þess að víkja til hliðar samningsákvæði, er leiðir til ósanngjarnrar niðurstöðu í garð annars samningsaðilja. Slíkt almennt ákvæði er t. d. ekki að finna í samningalögunum nr. 7/1936. Hins vegar má finna í ýmsum lögum um einstakar samningstegundir ákvæði, er í þessa átt ganga. Skal nú gerð grein fyrir slíkum ákvæðum.

Húsaleigulög. Í 11. gr. húsaleigusamningalaga, nr. 44/1979, segir, að ákvæði í leigumála megi meta ógild, ef þau myndu leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildi, ef ákvæði í leigumála brjóti í bága við góðar venjur í húsaleigumálum.

Höfundalög. Í 29. gr. höfundalaga, nr. 73/1972 er að finna sams konar ákvæði og er í 11. gr. húsaleigulaganna. Þar segir, að gerning um framsal höfundaréttar megi meta ógildan í heild eða í einstökum greinum, ef hann myndi leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildi, ef ákvæði í framsalsgerningi brjóti mjög í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum. Í athugasemdum við 29. gr. laganna segir, að hér sé um að ræða víðtækari ógildingarheimild en heimildir samkvæmt lögum 7/1936 og lögum 58/1960, þar sem eftir grein þessari megi einnig meta til ógildingar atvik sem gerst hafi eftir lok samningsgerðar. Til skýringar er það dæmi nefnt, að oft sé erfitt fyrir höfunda einkum á ungum aldri,

að meta fjárgildi verka sinna. Handrit, sem lágu verði hafi verið selt, geti orðið metsölubók og samningar, einkum þeir, sem gerðir hafi verið til langs tíma, verði þá oft ósanngjarnir.

Vátryggingasamningalög. Í 34. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga er svipað ákvæði. Þar segir, að ef ákvæði í vátryggingasamningi sé í ósamræmi við lögin og mundi leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn, skuli meta það ógilt, svo fremi sem ógilding þess verði talin vera í samræmi við góðar venjur í vátryggingamálum.

Ábúðarlög. Núgildandi ábúðarlög eru nr. 64/1976, og námu þau úr gildi eldri ábúðarlög nr. 36/1961. Í lögum 31/1961 sagði á þá leið, að nú teldi annar hvor aðili leigumála jarðar óviðunandi samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og gæti hann þá á sama hátt krafist endurskoðunar á leigumálanum, einnig þótt leigumáli hafi verið settur samkvæmt eldri gildandi lögum. Í athugasemdum með 36. gr. laganna sagði í greinargerð, að krafan um endurskoðun væri heimil, þó svo að samningur hafi verið gerður undir eldri lögum. Væri það gert með tilliti til þess, að þær breytingar gætu orðið á verðlagi, að eldri leigumálar yrðu úr hófi fram ósanngjarnir. Því væri ákvæði þetta sett. Sams konar ákvæði var í ábúðarlögum nr. 8/1951 og 87/1933.

Hjúskaparlög. Í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar eru ýmis ákvæði um breytingar á samningum, sem hjón gera sín í milli um skilnaðarkjör. Veita ákvæði þessi ýmist heimild til þess að breyta samningi vegna breyttra aðstæðna eftir gerð samnings eða vegna þess að samningur hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, er til hans var stofnað. Athyglisverðast er ákvæði 51. gr. laganna. Þar segir, að nú hafi hjón komið sér saman um skyldu til greiðslu framfærslueyris annars hjóna með hinu eða um fjárhæð þess, og sé þá unnt að breyta þessum samningi með dómi, enda sé sýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu. Er ákvæði þetta skýrt svo í greinargerð (Alþingistíðindi 1971, A, bls. 361), að samningar þeir, sem 51. gr. fjallar um, kunni að vera gerðir til langs tíma, og sé örðugt að hafa fulla yfirsýn yfir þau atriði, sem máli geta skipt um samningagerð og þá þróun, sem verður eftir hana. Atvik geti breyst gagngert, t. d. vegna breytinga á fjárhag aðilja, heilsuhögum þeirra eða öðrum högum, vegna breytinga á fjárgildi peninga o. fl. Sé ákvæði 51. gr. rýmra en samkv. 58. og 78. gr. laga nr. 39/1921, og sé hér mjög farið að fordæmum norrænu laganna nýju.

5.5. Þýðing einstakra sérlagaákvæða um heimildir til þess að leiðrétta ósanngjörn samningsákvæði.

Augljóst má vera, að ástæður þess, að löggjafinn hefur sett ákvæði um ógildingarheimildir í sérlög um hinar ýmsu samningstegundir, eru fyrst og fremst þær, að löggjafinn hefur viljað taka af öll tvímæli um það, að dómstólar hefðu heimild til þess að ógilda ósanngjörn samningsákvæði á viðkomandi réttarsviði. Geta ýmsar ástæður legið til þess, að sett eru ákvæði um slíkar ógildingarheimildir í sérlögum um einstakar samningstegundir, t. d. er ekki ólíklegt að réttarþróun í erlendum ríkjum ráði þar nokkru um, og eru orð greinargerðarinnar með lögum nr. 60/1972 t. d. vísbending um það atriði.

Telja verður, að ákvæði í einstökum sérlögum um tilteknar samningstegundir, er veita heimild til þess að víkja til hliðar eða breyta ósanngjörnum samningsákvæðum, beri að túlka svo, að þau beri vott um almennt viðhorf réttargjafans til þessa álitaefnis þ. e., að almenn óskráð ógildingarregla sé til í íslenskum rétti. Til stuðnings þessu má benda á, að úrlausnir íslenskra dómstóla hníga mjög í þessa átt og sömuleiðis skoðanir erlendra fræðimanna og úrlausnir erlendra dómstóla í löndum, er við svipaðar lagareglur búa og Íslendingar í þessum efnum, t. d. í Skandinavíu.

Ekki verður séð, að íslenskir fræðimenn hafi tjáð sig um þetta atriði. Áður en gerð verður grein fyrir úrlausnum íslenskra dómstóla, þykir rétt að rekja nokkuð fræðiskoðanir og fræðiviðhorf á Norðurlöndum.

5.6. Viðhorf á Norðurlöndum til breytinga á samningsákvæðum vegna breyttra aðstæðna eftir gerð samnings.

Löggjöf og réttarframkvæmd á Norðurlöndum er skyld um mörg atriði eins og kunnugt er. Hvað skyldastar eru reglurnar að því er varðar fjármunaréttarleg efni. Má t. d. benda á, að núgildandi reglur á Norðurlöndum um lausafjárkaup og samninga eru árangur af samnorrænu lagasamstarfi. Því verður að ætla, að fræðiviðhorf og réttarframkvæmd í Skandinavíu geti verið til upplýsinga um efni íslensks réttar á þessu réttarsviði.

Almennri settri lagaheimild til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum var lengi vel ekki til að dreifa í skandinavískum rétti. Hin norrænu samningalög frá fyrstu áratugum þessarar aldar höfðu ekki slíkt ákvæði að geyma. Á þessu hefur nú orðið breyting. Í Danmörku hefur 36. gr. samningalaganna verið breytt með lagasetningu frá árinu 1975 og hefur sú grein nú að geyma almenna heimild til þess að ógilda ósanngjörn samningsákvæði. Sams konar ákvæði var og tekið upp í 36. gr. sænsku samningalaganna með lagabreytingu frá árinu 1976, lög nr. 185. Með lögum frá 14. júní 1974 var nýrri málsgrein bætt við 1. gr. norsku lausafjárkaupalaganna og mælir sú grein fyrir um heimild til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum á þeim réttarsviðum, er lögin taka til. Almennt ákvæði sama efnis hafa Norðmenn hins vegar enn ekki tekið upp í samningalög sín, en lagabreyting í þá átt mun nú í undirbúningi.

Þó svo að ekki væri fyrir að fara almennri heimild samkvæmt settum lögum til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum, mátti finna ákvæði í einstökum lögum, er mæltu fyrir um slíka heimilid, t. d. í höfundalögum og vátryggingasamningalögum o. s. frv. (Sjá NOU 1976:34 og Karsten Gaarder, Forelesninger over kjöp, 1970, bls. 6).

Fræðimenn í Skandinaviu virðast hafa verið þeirrar skoðunar, að dómstólar hafi eigi að síður haft heimild til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum (almenna heimild), þó svo að sú heimild hafi ekki stuðst við settar lagareglur. Virðast fræðimenn hafa litið svo á, að annað hvort mætti lögjafna frá einstökum sérlagaákvæðum eða sérlagaákvæðin væru vísbending um ólögfesta meginreglu réttarins á þessu sviði. Karsten Gaarder, dómari í Hæstarétti Noregs, sagði t. d. í áðurtilvitnuðu riti sínu (bls. 6):

> „Bl. a. av denne grunn har det hevet seg röster for at enkelte av kjöpslovens regler burde gjöres ufravikelige, eller iallfall at domstolene burde ha adgang til å jenke på urimelig avtale, slik de kan gjöre etter en rekke andre lover ... Det er for övrigt et spörgsmål om domstolene ikke allerede har en slik alminnelig adgang. I praksis er i ethvert fall stillingen den at domstolene regelmessig har kommet forbi en standardklausul når denne ville före til et utåleligt resultat ... Men uansett hva man mener om hvor langt prislovens § 18 rekker, taler de beste grunner for å anta at domstoler i vore dager ikke behöver at gi sanksjon til et avtalevilkår som er åbenbart urimelig mot den ene part. Denne antagelse kan — hvis man mener prisloven ikke strekker til — bygges på en analogi fra de positive regler i spesielllovgivningen som er nevnt ... eller på „alminnelige retsgrunnsetninger." ....."

Sams konar sjónarmið koma fram t. d. hjá prófessor Anders Vinding Kruse (Förhandlingarna på det tjugoförsta nordiska juristmötet, bls. 157 (159) og Preben Lyngsö: Formuerettens generalklausuler, Juristen 1974,493).

Í gerðardómi í **Rt. 1976,650,** mál Norsk Esso gegn Bergen Lysverker, er snerist um rétt Esso til þess að krefjast viðbótar við umsamið bensínverð vegna aukins öflunarkostnaðar eftir samningsgerð, sagði svo í atkvæði meirihluta dómenda (Per Lorentzen og Karsten Gaarder) um ógildingarheimild dómstóla:

> „Det må fra domstolenes side vises varsomhet med å gripe inn i en kontrakt ... Adgangen for selgeren til få revidert priser under radikalt endrede forhold er her i landet fastslått i de påberopte dommer i Rt. 1935,122 og Rt. 1951,371. Flertallet

mener at det er riktig å stille strenge krav, men mener at vilkårene for revisjon likevel er opfyllt ... Det kan heller ikke anses tvilsomt at retts- og kontraktspraksis er blitt myket adskillig opp etter de strenge dommer i 1920-årene."

Sams konar hugleiðingar er að finna í öðrum norskum gerðardómi í **Rt. 1951,372.** Það mál snerist um heimild seljanda kola til þess að krefjast hækkunar hins samningsbundna verðs vegna aukins flutningskostnaðar. Meðal dómenda var Sverre Grette, hæstaréttardómari. Í forsendum dómsins sagði:

„Spörgsmålet om krigsutbruddet hadde virkninger for kontraktsforholdet mellem Vedbolaget og Statsbanerne må etter dette bli å bedömme fra alminnelige kontraktsregler. Det er om dette spörgsmål i sin alminnelighet tilstrekkelig å nevne at det etter rettsoppfattningen i dag ikke kan anses utelukket at selgeren kan kreve lempninger i kontrakten når han for å kunne oppfylle på de avtalte vilkår må påta seg oppofrelser som er helt uforholdsmessige og åbenbart utenfor hva partene har regnet med."

5.7. Úrlausnir íslenskra dómstóla.

Finna má þess dæmi úr íslenskri dómaframkvæmd, að dómstólar hér á landi hafa tekið sér það vald að heimila öðrum samningsaðilja einhliða hækkun umsamins verðs samkvæmt samningi, jafnvel þó svo að rétti til þess að krefjast leiðréttingar samningsverðsins hafi ekki verið til að dreifa samkvæmt viðkomandi samningum. Virðast sanngirnissjónarmið fyrst og fremst hafa legið til grundvallar niðurstöðunum í dómum þessum og athyglisvert er, að ágreiningsefni í öllum þeim málum, sem um ræðir, fellur utan sviðs þeirra einstöku laga um tilteknar samningstegundir, sem getið var í 5.4. hér að framan.

Í þremur af þessum dómum var réttur til einhliða hækkunar viðurkenndur, en í fjórða málinu, þ. e. **Hrd. 1940,478,** var dómur héraðsdóms ómerktur vegna galla á málsmeðferð, en eigi að síður tekið fram í dómi Hæstaréttar, þó svo að sakarefnið hlyti þar ekki efnisúrlausn, að ákvæði leigusamnings þess, er um var deilt í málinu, um endurgjald fyrir lóðarafnot hafi ekki getað bundið lóðareiganda um ófyrirsjáanlega framtíð, þar sem samningurinn hafi verið óuppsegjanlegur. Skal nú gerð grein fyrir dómum þessum, en áður er vikið að dómi Hæstaréttar í **Hrd. 1955,691,** þar sem brostnar forsendur samningsákvæðisins leiddu til þeirrar niðurstöðu að lóðareigandi gat krafist hækkunar lóðarverðsins, sbr. 5.3. hér að framan.

Hrd. 1940,478.

Verslunarlóð í Hólmavík var leigð árið 1896 fyrir kr. 30 í árgjald. Lóðareigandi gat ekki sagt leigutaka upp leiguafnotum. Leigugjaldið stóð óbreytt í um 40 ára skeið. Lóðareigandi gerði á árinu 1940 kröfu til þess að árgjaldið yrði með dómi hækkað úr því sem það var (30 kr.) í kr. 430. Byggði lóðareigandi kröfu sína á því, að gjald fyrir leigulóðir í Hólmavík hefði almennt hækkað mjög og taldi lóðareigandi kröfu sína í samræmi við gildandi verðlag á endurgjaldi fyrir sambærilegar lóðir. Þá vitnaði lóðareigandi og til þess, að um breytt viðhorf væri að ræða frá því, sem áður hefði verið og verðgildi peninga væri annað. Þá vitnaði hann og til almennrar sanngirni. Leigutaki byggði andmæli sín gegn kröfunni á því, að lóðarréttindi sín byggðust á samningi og væri engin heimild til þess að telja hann ekki bindandi sem aðra samninga. Í héraðsdómi var leigutaki sýknaður af kröfum leigusala, m. a. á þeirri forsendu, að ógildingarreglum laga nr. 7/1936 yrði ekki komið við og heldur ekki grundvallarreglum laga. Sagði héraðsdómur, að samningi aðilja yrði samkvæmt þessu ekki breytt. Hæstiréttur ómerkti málsmeðferð héraðsdóms af ástæðum, sem ekki skipta máli í þessu sambandi, en sagði eigi að síður um efnisatriði málsins: „Samkomulag virðist upphaflega hafa verið gert um leigu eftir verslunarlóðina, en slíkt samkomulag gat ekki bundið áfrýjendur

(leigusala) um ófyrirsjáanlegan tíma, þar sem þeim var ekki unnt að segja lóðartaka upp lóðarnotum. Áttu þeir því heimild til þess að krefjast með hæfilegum fyrirvara mats á leigunni ...“

Hrd. 1951,293.

Verslunarlóð var leigð árið 1861 úr landi Hofs á Höfðaströnd og skyldi samningurinn gilda bæði fyrir síðari eigendur jarðarinnar Hofs og eigendur verslunarstöðvarinnar. Árlegt endurgjald var ákveðið 45 ríkisdalir og þegar hætt var að nota ríkisdali sem mynt hér á landi var leigugjaldinu breytt í kr. 90. Á árinu 1911 gerðu leigusali og leigutaki með sér samkomulag um hækkun leigugjaldsins um kr. 10 eða í kr. 100. Frá þeim tíma hélst leigugjaldið óbreytt í um 40 ára skeið. Árið 1948 voru að beiðni leigusala dómkvaddir tveir matsmenn til þess að meta ársleigu eftir land það og hlunnindi þau, er leigð voru í grunnleigusamningnum frá 1861. Mátu þeir hæfilegt endurgjald fyrir lóðarnot og önnur hlunnindi samtals kr. 1200. Yfirmatsmenn, er dómkvaddir voru sama ár mátu hæfilegt endurgjald kr. 1786. Á árinu 1958 höfðaði leigusali mál á hendur leigutaka og gerði kröfu til þess, að leigutaki yrði dæmdur til þess að greiða sér viðbót við leigugjaldið fyrir árin 1948 og 1949 og lagði til grundvallar þá hækkun, sem yfirmatið gerði ráð fyrir. Leigusali reisti kröfur sínar á því, að þess þekktust vart dæmi, að leigugjald, sem ákveðið væri í peningum fyrir 80—90 árum héldist óbreytt fram á þennan dag, heldur hækkaði annað hvort með samkomulagi aðilja eða eftir mati og að leigusali ætti til þess tvímælalausan rétt að krefjast mats um leigugjaldið. Leigutaki byggði mótmæli sín gegn kröfum leigusala á því, að samningurinn frá 1861 væri enn í fullu gildi og að samkvæmt honum væru engin ákvæði, er veittu landeiganda rétt til þess að krefjast hækkunar á leigunni. Í héraði var ekki fallist á þessa málsvörn stefnda (leigutaka). Vitnaði undirréttur m. a. til 36. gr. ábúðarlaga, er fjallaði um náskylt efni, en sagði svo, að á það bæri að líta, að samningurinn frá 1861 gæti ekki bundið leigusala um ófyrirsjáanlegan tíma, þar eð honum var ekki auðið að segja leigutaka upp notum hans af lóðinni. Niðurstaða Hæstaréttar var að þessu leyti hin sama. Sagði í dómi Hæstaréttar, að grunnleigusamningurinn frá 1861 hefði átt að gilda um ófyrirsjáanlegan tíma fyrir þáverandi og síðari eigendur verslunarstöðvarinnar. Þar sem réttur leigusala til þess að segja upp lóðarnotum væri þannig mjög takmarkaður og nú óviss, þá þætti ákvæði samningsins um leigugjaldið ekki eiga að binda leigusala um ófyrirsjáanlegan tíma. Ætti hann því heimild til þess að krefjast mats á leigunni með hæfilegum fyrirvara. Grunnleigan talin ákvörðuð með löglegu mati og leigusala dæmd matsfjárhæðin.

Hrd. 1958,346.

Árið 1906 var gerður leigusamningur um lóð eina á Akureyri. Samningurinn var óuppsegjanlegur og skyldi ársleigan vera kr. 8. Á árinu 1953 fór leigusali þess á leit við leigutaka, að hann féllist á hækkun leigunnar, en því neitaði leigutaki. Leigusali lét þá dómkveðja matsmenn til þess að meta hæfilega leigu eftir lóðina og var hæfileg leiga að þeirra mati kr. 180.- Leigusali höfðaði síðan mál á hendur leigutaka til viðurkenningar á rétti sínum til hækkunar á ársleigugjaldinu eftir lóðina samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna. Leigusali studdi kröfur sínar þeim rökum, að upphæð leigugjaldsins væri orðin óhæfilega lág vegna breytts verðgildis peninga frá því leigusamningurinn var gerður. Leigutaki studdi sýknukröfu sína þeim rökum, að heimild brysti til þess að hækka lóðarleigugjaldið, enda væri lóðarleigusamningurinn í heild sinni óuppsegjanlegur og þá einnig einstakir liðir hans svo sem eins og ákvæðið um leigugjaldið. Þá taldi leigutaki og, að með setningu laga nr. 75/1917 um útmælingu verslunarlóða hafi löggjafinn viljað sýna vilja sinn um, að samningar um aðrar lóðir (en verslunarlóðir) ættu

að haldast óbreyttir, enda myndi það valda óheppilegum glundroða, ef svo skyldi ekki vera. Í forsendum héraðsdóms, er skírskotað var til í dómi Hæstaréttar sagði, að ekki væri unnt að fallast á skilning leigutaka á ákvæðum laga nr. 75/1917. Þar sem leigusamningurinn væri óuppsegjanlegur og ætti að gilda um ótakmarkaðan tíma, þætti ákvæði hans um leigugjaldið ekki eiga að binda leigusala um aldur og ævi. Þótt leigugjaldið hafi verið óbreytt um nær hálfrar aldar skeið, án þess að við því hafi verið hreyft, hafi það raunar verið meiri hluta þess tíma lægra en eðlilegt var miðað við verðlagsbreytingar frá 1906 og þætti því verða að viðurkenna rétt stefnanda til þess að fá endurskoðað ákvæðið um leiguupphæðina.

Í öllum þessum dómum virðist koma fram það meginviðhorf, að ef samningur er óuppsegjanlegur af hálfu samningsaðilja og skal gilda um ótakmarkaðan tíma, þá eiga samningsaðiljar rýmri rétt til þess að krefjast endurskoðunar einstakra samningsákvæða heldur en ella. Virðast sanngirnisrök fyrst og fremst liggja til þessarar niðurstöðu og er það einkanlega ljóst af orðalagi síðasta dómsins, þ. e. Hrd. **1958,346,** sbr. það sem segir í dóminum, að leigugjaldið hafi í raun verið meiri hluta samningstímans lægra en eðlilegt var miðað við verðlagsbreytingar.

Einn hæstaréttardómari skilaði sératkvæði í **Hrd. 1958,346 og í Hrd. 1955,691.** Spurning er þá, hvort sératkvæðin veiki að einhverju leyti gildi þessara dóma og að af þeim megi ráða, að réttaróvissa ríki hér á landi um tilvist hinnar ólögfestu meginreglu um ógildingarheimild dómstóla. Slík ályktun er vafasöm. Sératkvæðin bera það miklu fremur með sér, að minni hlutinn hefur verið sammála meiri hlutanum í því, að í vissum tilvikum sé heimilt að víkja samningsákvæðum til hliðar, en að minni hlutinn telji skilyrðin fyrir slíkri heimild mun þrengri heldur en meiri hlutinn. Þannig sagði minni hlutinn:

Hrd. 1955,691 (695)

„Frávik frá meginreglunni (um að samninga beri að halda) eru t. d. hugsanleg, þá er maður verður að afla vöru til efnda á samningi með mjög auknum tilkostnaði, er eigi var fyrirsjáanlegur við samningsgerð. En jafnvel þótt 8. gr. laga nr. 22/1950 væri eigi talin standa í vegi slíku fráviki, þá er eigi slíkum ófyrirsjáanlegum tilkostnaði af hendi stefnda (leigusala) til að dreifa í máli þessu. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að víkja frá reglunni í máli því, er hér liggur fyrir og heimila stefnda að ganga frá gerðum samningum."

Hrd. 1958,346.

„Verður eigi talið, að dómstólum sé rétt að víkja frá henni (þ. e. reglunni um að samninga beri að halda) nema í mjög afmörkuðum tilvikum."

Eins og fyrr segir verður að telja, að dómar þessir séu vísbending um, að Hæstiréttur telji, að til sé í íslenskum rétti ólögfest meginregla á sviði samningaréttar, er heimilar að víkja til hliðar samningsákvæði, sem er ósanngjarnt í garð annars samningsaðilja, þó svo að ágreiningur hafi verið í Hæstarétti um, hver væru skilyrði fyrir beitingu slíkrar heimildar. Áður en að því atriði verður nánar vikið, þ. e. hver telja megi hin nánari skilyrði fyrir beitingu reglunnar, þykir rétt til samanburðar að líta á úrlausnir norskra dómstóla, er um svipuð álitaefni hafa gengið.

5.8 Úrlausnir norskra dómstóla.

Eins og fyrr segir var nýrri málsgrein bætt við 1. gr. norsku kaupalaganna árið 1974, þar sem mælt var fyrir um ógildingarheimild dómstóla að því er varðaði ósanngjörn samningsákvæði á sviði kaupréttar. Norskir dómstólar höfðu samt sem áður tekið sér vald til þess að

víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum, þó svo að við almenna heimild, er byggðist á settum lögum, væri ekki að styðjast. Skal nú nokkurra helstu dóma um þetta atriði getið:

Rt. 1935, 122.

Málið snerist um samning milli nikkelframleiðandanna Raffinerverket A/S og Falcon-Bridge Nickel Mines Ltd. Samkvæmt samningi aðilja skyldi Raffinerverket (R) fá hjá Falconbridge (F) nikkel á £ 150 pr. tonn. Nokkru eftir gerð samningsins hættu Bretar gullinnlausn pundsins og leiddi það til gífurlegrar verðhækkunar á nikkel. F neitaði að afhenda R nikkelsendingu á hinu umsamda verði, en sendingu þessa hafði R selt til Sovétríkjanna fyrir £ 235 pr. tonn. R hélt því fram, að það ætti rétt til að fá sendinguna afhenta á umsömdu verði. Í dómi Hæstaréttar Noregs var ekki á þá röksemd fallist. Sagði svo í forsendum dómsins: „Saavidt jeg skjönner maa den omstendighet at der blev fastsatt en fix pris pr. tonn uten tidsbegrensning sees paa bakgrunn av at det paa den tid var ro paa nikkelmarkedet. De oppgitte prisnoteringer baade for mai og for juni var £ 170—175, de virkelige priser laa lavere. F vilde gjerne selge, og begge parter var klar over at R ved den fastsatte pris önsket at aapne sig adgang til en avanse saa stor som mulig ut fra de herskende forhold.

Man kan vel derfor kanskje neppe opstille den setning at hvilken som helst normal stigning í markedsprisen kunde berettige F til at fragaa overenskomsten med levering til £ 150. Dette spörgsmaal er det imidlertid ikke nödvendig at gaa inn paa. Jeg mener iallfall at man ikke er berettiget til at anvende dette synspunkt paa det foreliggende tilfelle. R's handlefrihet krysses av de hensyn som firmaets stilling som tillitsmann for F tilsier, rettighetene efter paragr. 7 kan ikke helt overskygge de plikter som betroelsesforholdet paala. Jeg maa anta at naar markedet av helt uforutseede og utenforliggende grunner undergikk en saadan radikal omveltning, at R kunne opnaa en pris svarende til £235 pr. tonn var det helt i strid med god forretningsskikk og med tillitsforholdet mellem partene at villje gjöre bestemmelsen om de £ 150 gjeldende. Jeg skjönner ikke rettere enn at man derigjennem vilde borteliminere det som er hele kontraktsforholdets hovedgrunnlag: plikten for R til i Russlands-forretningene at handle paa begge parters vegne og til felles fordel og interesse. En godtagelse av R's paastand vilde bety godtagelse av en spekulasjon paa F's bekostning som ligger langt utenfor hvad memorandumets post 7, sett i sammenheng med overenskomstens övrige bestemmelser, hjemler ... Efter omstendighetene finner jeg at saksomkostninger ikke bör tilkjennes. Forsaavidt legger jeg vekt på at tvisten skyldes den uklare avfattelse av kontraktsdokumentet i forbindelse med den uforutseende situasjon som var oppstott ved at England gikk fra guldet."

Eins og orðalagið í dómsforsendum ber með sér, er sérstaklega vitnað til þess, að um samstarfssamning var að ræða að einhverju leyti milli F og R og hefur þeim því borið að taka visst tillit til hvors annars. Kann það að hafa ráðið einhverju um þá ákvörðun dómsins að heimila F hækkun samningsverðsins frá því, sem í samningi greindi og gegn andmælum R, en eigi að síður hafa norskir fræðimenn verið óhræddir við að túlka dóm þennan sem vísbendingu um almennt viðhorf Hæstaréttar Noregs til þessa álitaefnis. Þannig segir t. d. fræðimaðurinn Kristen Andersen (Kjöpsrett, Oslo 1965, bls. 143):

„Visstnokk begrunnet förstvoterende sitt standpunkt med at det foreliggende kontraktsforhold i kvalifisert grad var tillits- og samarbeidsbestemt. For så vidt kan standpunktet ikke uten videre påberopes i kontraktsforhold som ikke er av denne karakter. Etter opplysninger jeg sitter inne med, er det imidlertid ingen tvivl om at såvel förstvoterende som de andre dommere også hadde kjöprettlige situasjoner for tanken da de hitsatte premisser ble utformet. Det er med andre ord grunn til å anta at premisserne,

deres spesielle tilsnitt til tross, i noen utretning var myntet på det tilfelle at en vanlig selger med hensyn til langtids-levering ble rammet av et tilsvarende konjunkturomslag. Det er i det hele berettiget å se dommen av 1935 som uttrykk for et nytt og mer selgervenlig syn på kjöpslovens § 24. enn de vanlige domstoler hadde gått inn for i de to förste tiår etter kjöpslovens ikrafttræden."

Rt. 1951, 372.

Í júní 1939 gerði kolainnflytjandinn A/S Christiania Kul og Vedbolag samning við Hovedstyret for Norges Statsbaner um sölu og afhendingu á kolum og sindri til ríkisjárnbrautanna og nokkurra annarra ríkisstofnana fyrir brennslutímabilið 1939—1940. Samningurinn komst á eftir að Hovedstyret (H) samþykkti tilboð frá Vedbolaget (V), sem gerði ráð fyrir ákveðnu verði pr. tonn. Verðið fyrir sindur var á bilinu 37,20 kr. til 43,20 kr. allt eftir því hvar afhendingarstaður var og verðið á kolum á bilinu 25,75 kr. til 32,25 kr. einnig mismunandi eftir afhendingarstað. Eftir að seinni heimsstyrjöldin braust út í september 1939 hækkuðu farmgjöld gífurlega, sem þýddi mjög aukinn tilkostnað fyrir innflytjandann (V) við að afla nýrra sendinga. 27. september var hámarksverð á sindri komið upp í 73,00 kr. pr. tonn og á kolum í kr. 55,00 pr. tonn. V afhenti H kol á hinu umsamda verði svo lengi sem það magn dugði, er hann átti á lager, en þegar það dugði ekki til og flytja þurfti inn kol á hinu nýja verði, fór V fram á það við H, að H greiddi viðbót við upphaflega umsamið kaupverð vegna hinna ófyrirséðu hækkana, sem orðið höfðu. H neitaði algjörlega að greiða nokkra viðbót við hið upprunalega verð og taldi að samninginn bæri að efna samkvæmt hljóðan sinni. Neitaði seljandinn þá að afhenda kolin á upphaflega umsömdu verði. Niðurstaða dómsins var sú, að V hefði ekki rétt til þess að rifta kaupunum, en að hann væri aftur á móti skyldur til þess að halda áfram afhendingu á kolunum, að því tilskildu að verðákvæði samningsins yrði leiðrétt eftir því sem nauðsynlegt væri vegna hinna breyttu aðstæðna. Í forsendum dómsins sagði: „Som saken ligger an er det etter voldgiftsrettens oppfattning naturlig først og fremmst å undersöke om selv den situasjon som krigsutbruddet skapte hadde virkninger for det kontraktsforhold som var inngått mellom V og H ... Det som kommer an på er om firmaet hadde rett til å innta det standpunkt at det ikke var forpliktet til å fortsette leveringen med mindre en regulering av kontraktsprisen ble foretatt ... Etter de opplysninger som foreligger må voldgiftsretten gå ut fra et direkte tap på anslagsvis omkring kr. 20,00 pr. hver tonn av sinders og kull, et tap som i löpet av sesongen ville stige til iallfall henimot eller omkring det dobbelte belöp. ... Det som etter dette må bli det avgjörende er om det kan tillegges betydning at V for å kunne oppfylle kontrakten således som denne var inngått i juni 1939 måtte gjöre en ökonomisk oppofrelse av slike dimensjoner som omtalt i det foregående. Voldgiftsretten er kommet til det resultat at V i den situasjon som i så henseende forelå ikke kunne være forpliktet til å fortsette leveringen på de opprinnelige kontraktsvilkår. ... Selv om det kan sies at det i juni 1939 var grunn til å regne med en fare for krig, ville det være unaturlig og urimelig om en importör som på denne tid påtok seg å levere brensel til Statsbanene og sluttet en kontrakt som den foreliggende, skulle ha risikoen for så vidtgående ökonomiske följger av et krigsutbrudd som de her er tale om. ... Voldgiftsretten mener etter dette at en naturlig fortolkning av kontrakten mellom V og H må lede til å anta at kontraktsforholdet ikke kunne bli stående uforandret da krigssituasjonen satte inn. At V fikk en ubetinget rett til å heve kjöpet kan voldgiftsretten ikke anta. Det var ikke umulig å levere, og V kunne derfor ikke ha krav på annet eller mere enn en sådan regulering av kontraktsprisen som de endrede forhold tilsa."

Athyglisvert er varðandi þennan dóm, að í forsendum hans er lögð á það áhersla, að um

sé að ræða samning um afhendingu á miklu magni og jafnframt, að afhendingin skuli fara fram á löngu tímabili, þ. e. 9 mánuðum. Í umfjöllun sinni um þennan dóm leggur Kristen Andersen áherslu á (áður tilvitnað rit á bls 147—148), að þegar á heildina sé litið hafi dómur þessi sterk tengsl við 24. gr. kaupalaganna „og i höy grad er skikket til å belyse det nye og mer selgervennlige syn på bestemmelsen." Þá er og vert að veita athygli því, sem segir í forsendum dómsins, að réttlæti og sanngirni leiði til þeirrar niðurstöðu, að seljandinn sé ekki skuldbundinn til þess að taka á sig fjárhagslegar byrðar „som åpenbart lå langt utenfor hva partene hadde regnet med da kontrakten kom i stand." Dómurinn felur og í sér visst mat á hagsmunum seljanda og kaupanda og afleiðingum breyttra aðstæðna eftir samningsgerðina á hagsmuni samningsaðilja eins og Kristen Andersen bendir á (sama rit, bls. 147—148): „Resultatet blir tvert imot at selger og kjöper i fellesskap må bære de vanskeligheter som er forbundet med at kjöpsforholdets ökonomiske forankringsbasis er blitt radikalt forandret. Og det er netopp det resultat såvel de tidligere voldgiftsretter som voldgiftsretten av 1940 (Rt. 1951, 372) fant det kontraktsrettslig maktpåliggende å gjöre sig til talsmann for."

Rt. 1958, 529.

Nokkrir landeigendur leigðu norska hernum á árinu 1884 land til heræfinga. Árlegt endurgjald skyldi vera kr. 700 og var samningurinn óuppsegjanlegur af hálfu landeigenda. Um það bil 70 árum síðar gerðu landeigendur kröfu um að ársleigan yrði hækkuð og vitnuðu þeir til þess, að 1) miklar almennar verðhækkanir hefðu orðið á því tímabili, er um ræddi 2) verðmæti hins leigða lands hefði hækkað mjög og 3) um væri að ræða stóraukin not hersins af landinu umfram það, sem um hefði verið samið 1884. Hæstiréttur Noregs féllst ekki á að almennar verðhækkanir og aukið verðmæti landsins gætu leitt til þess að landeigendur ættu rétt til hærra endurgjalds en um hafði verið samið. Lagmannsrétturinn hafði komist að sömu niðurstöðu og vitnaði Hæstiréttur til forsendna Lagmannsréttarins í þeim efnum. Hins vegar féllst Hæstiréttur á að hækka leiguna upp í 1.500 vegna þess, að í ljós þótti leitt, að not hersins af landinu hefðu stóraukist frá því, sem upphaflega hafði verið samið um. Í forsendum Lagmannsréttarins, sem Hæstiréttur vitnaði til, sagði: „De endrede forhold kan dog ikke medføre at grunneieren ikke er bundet av leiekontrakten eller kan kreve leien omregulert etter forholdene i dag ... I det hele tatt må det vel antas at senere oppståtte muligheter for utparselering ikke medfører at eldre bruksrettigheter av den grunn bringes til ophör eller at vederlaget kan kreves regulert. Det samme gjelder kronens reduserte kjöpekraft. Det kan nok virke urimelig at leien blir betalt med „dårlige" kroner, men det er en alminnelig regel i norsk rett at den som har krav på penger — selv i langsiktige forhold — har risikoen for at pengeverdien synker... At leiekontrakten er uoppsigelig bringer ikke saken i en vesentlig annen stilling." Héraðsdómur hafði komist að nokkuð annarri niðurstöðu um þetta efni heldur en bæði Hæstiréttur og Lagmannsrétturinn. Í forsendum undirréttar voru rakin ákvæði leigumálans um endurgjald og uppsagnarákvæði. Síðan sagði: „Retten må anta at det dermed forelå ballanse mellom ytelse og motytelse. Og da kontrakten er uoppsigelig fra deres side, ville det kunne fortsette slik i all framtid ... Men de saksökte har et rettferdigkrav på at at få gjennopprettet ballansen mellom ytelse og motytelse."

Professor Carl Jakob Arnholm (Privatrett I, 1964, bls. 265—266) telur að þessi niðurstaða Hæstaréttar sé í samræmi við gildandi rétt og að Hæstiréttur hefði ekki getað dæmt öðruvísi, en bendir á, að niðurstaða dómsins sé ósanngjörn í garð landeigandans. Athyglisvert er einmitt að bera þennan dóm saman við niðurstöðu íslensku dómanna um lóðarleigusamningana, sem reifaðir voru í 5. 7. Virðist svo sem heimildin til þess að krefjast leiðréttingar samningsbundins verðs vegna verðrýrnunar eða minnkandi verðgildis gjald-

miðilsins sé rýmri samkvæmt íslenskum rétti heldur en norskum. Benedikt Sigurjónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, benti t. d. á mismunandi niðurstöður íslensks réttar annars vegar og norsks réttar hins vegar um þetta efni í erindi, sem hann flutti á 28. norræna lögfræðingamótinu (bls. 131 í fundargerð) og kvað athyglisvert að bera saman niðurstöður íslensku dómanna og dómsins í **Rt. 1958, 529.** Orðrétt sagði Benedikt í erindi sínu: „Man kan af islandske domme finde en tendens i sager angående aftaler og inflation."

RG. 1976, 595. Dómur Eidsivating lagmannsrett, uppkveðinn 9. nóvember 1964. A/S Kykkelsrud gegn Osló.

Með samningi, sem undirritaður var í lok ársins 1914 tók A/S Kykkelsrud að sér að sjá Kristiania sveitarfélaginu fyrir rafmagni fyrir fastákveðið verð í norskum kr. pr. KWst. Hér var um að ræða mikið magn af raforku og samningurinn var óuppsegjanlegur af hálfu Kykkelsrud (K) og engin ákvæði voru um það í samningnum, að fyrirtækið ætti rétt til þess að krefjast endurskoðunar verðsins vegna verðbreytinga. Fram að síðari heimsstyrjöld skilaði samningurinn nokkrum hagnaði í vasa K, en smám saman urðu þær breytingar, að raforkuverðið stóð ekki lengur undir framleiðslukostnaðinum og var þá ekkert tillit tekið til afborgana og vaxta. Verðið skyldi samkvæmt samningnum fara lækkandi eftir því sem tíminn leið og frá 1/10 1945 skyldi það haldast óbreytt kr. 27 pr. KW á ári. Er málum var svo komið, að raforkuverðið stóð ekki lengur undir framleiðslukostnaði, reyndi K að fá leiðréttingu sinna mála með samningum við kaupandann, en allt kom fyrir ekki. Höfðaði K þá mál á hendur sveitarfélaginu. Í undirrétti var sveitarfélagið sýknað. Eidsivating Lagmannsrett tók hins vegar kröfur K til greina að nokkru leyti og viðurkenndi rétt fyrirtækisins til þess að fá raforkuverðið hækkað. Í forsendum dómsins var á því byggt, að takmörk væru fyrir þeim hagnaði, sem sveitarfélagið með sanngirni gæti vænst af samningnum, og sömuleiðis væru takmörk fyrir þeirri áhættu, sem ætla mætti, að K hefði tekið á sig með samningnum. Forsendur verðákvæðis samningsins væru í öllum verulegum atriðum brostnar og því stríddi það gegn öllu réttlæti að framfylgja verðákvæðum samningsins eftir orðanna hljóðan. Rétturinn taldi, að heimila bæri hækkun orkuverðsins frá og með 1958 með árlegri upphæð, sem nauðsynleg væri til þess að sanngjörn niðurstaða fengist.

Einstök atriði í forsendum þessa dóms eru afar athyglisverð. Þannig segir t. d. á einum stað:

„Spörgsmålet er om denne avtale likevel skal kunne kreves modifisert, så endret som forholdene er blitt. Det seregne i dette tilfelle er at det ikke er tale om en engangsytelse eller begrenset antall ytelser fra leverandörens side, men om naturalytelser som skal fortsette i det uendelige, med innsats så vel av bygningsmessig og maskinelt utstyr som av arbeidskraft. Man har dermed forhold som i vesentlig grad avviker fra dem som tidligere vites å ha været forelagt domstolene ... Det kan ikke antas at noen av partene, verken för eller efter krigsutbruddet og gullsupensjonen i 1914, tenkte sig eller hadde rimelig mulighet for å tenke sig en slik prisstigning som den som skjöt virkelig fart etter annet verdenskrig ... På den anden side må vel også K ledere ha vært klart over og villige til å overta en viss risiko for konjuktursvingninger i selskapets disfavör og for tap i en viss utstrekning. Likevel må det etter Lagmannsrettens mening være en grense både for den fordel kommunen med rimelighet kunne vente å få ut av kontrakten og likedan for den risiko K med rimelighet kunne anses at overta. Selv om alle rimelig tvivl bör löses i kommunens favör, finner retten at de naturlige forutsetninger for avtalen er brustet i en slik grad at det ville være stötende for retsfölelsen om den ble opprettholdt etter sin ordlyd."

Að því er varðaði sérstaklega afleiðingar verðhækkana og minnkandi verðgildis peninga á efndir samningsins sagði í forsendum dómsins:

„Selv om det vanligvis hverken er eller bör være adgang til å kreve en avtale endret på grunn av prisstigning eller redusert pengeværdi, finner Lagmannsretten at så vel denne avtales særegne art som de konkrete forhold i saken bör före til at det foretas endringer i som bringer forholdene innenfor rimelighetens grenser ... Hvor langt endringen bör gå er neste spörgsmål... Om dette hovedspörgsmål skal Lagmannsretten bemerke at man i prinsippet er enig i at når selvkostende skal være grunnlaget for revisjon av den avtalte pris, har kommunen rimelig krav på at få lagt til grunn det utbygningsstadium som gir lavest produksjonspris ... Lagmannsretten ser det slik at når man i dette seregne tilfelle har funnet at partenes opprinnelige avtale ikke kann opprettholdes etter sin ordlyd må man söke å finne frem til de endringer som, alt tatt i betraktning, er nödvendige for å bringe forholdet innenfor rimelighetens grenser, idet alle vurderingstvivl prinsippielt bör löses til fordel for den part som holder seg til den inngåtte avtale."

Þess var sérstaklega getið í forsendum dómsins, að samningur þessi hefði skilað K verulegum hagnaði fram að seinni heimsstyrjöld, en það var ekki talið hagga rétti K til þess að fá uppbót á verðið frá því tímamarki, sem leiðréttingin miðaðist við. Undirréttur hafði um það atriði komist að annarri niðurstöðu.

RG. 1976, 650.

Bergen Kommunale Gassverk og A/S Norske Essó gerðu á árinu 1964 samning um kaup hins fyrrnefnda á léttbensíni (nafta) fyrir milligöngu Essó. Samningurinn skyldi gilda fyrir tímabilið 1965—1975 og verðið í samningnum var bundið við tilgreind efri og neðri mörk, kr. 140 — 175 pr. tonn Á árunum 1973 — 1974 urðu gífurlegar verðhækkanir á olíumörkuðum. Essó hélt því fram, að þessar verðhækkanir hækkuðu svo öflunarkostnaðinn, að fyrirtækið væri ekki lengur bundið við efri mörkin í verðákvæðinu. Gassverket neitaði að greiða hærra verð en um hafði verið samið. Í forsendum gerðardóms þess, er úr ágreiningsefninu leysti, var talið, að skilyrði til einhliða hækkana væru fyrir hendi, þó svo að gera bæri afar strangar kröfur í þeim efnum. Sagði, að við mat á því, hvort efndir samnings á umsömdu verði leiddu til ósanngjarnrar niðurstöðu í garð annars samningsaðilja, yrði að meta samninginn einan sér án tillits til heildarrekstrarhagnaðar Essó. Hið mikla tap Essó á árunum 1973 og 1974 yrði ekki jafnað út í gróða fyrri ára. Verðið var því hækkað í það, sem telja mátti sanngjarnt að mati dómsins og samkvæmt heildarmati á samningnum. (Sératkvæði eins dómara.)

Í forsendum dóms meiri hlutans (Per Lorentz og Karsten Gaarder) er að finna upplýsingar um verðhækkanir þær, sem Essó vitnaði til og orsakir þeirra. Í dóminum sagði:

„Voldgiftsretten legger i faktisk henseende följende til grunn: Til fremstilling av nafta bruker Esso „Light Arabian" råolje fra Saudi Arabia. Råoljen kjöpes fra Exxon International Company fob. Den Persiske Gulf etter pris pr. fat i U. S. $ Fob.-prisen er bestemt av produksjonsomkostninger, skatter og avgifter (royalties) til vertslandet og fortjeneste til Exxon. — Produksjonsomkostningene har ligget noenlunde konstant 10—15 cents pr. fat. Fortjenesten har for det totale prisbilde vært forholdsvis uvesentlig. Listeprisen på Arabian Light råolje var stabil fra slutten av 1940 — årene til november 1970 og lå på omkring $ 1,80 pr. fat, hvorav summen av skatter og avgifter $ 0,872. Deretter var det en gradvis stigning fram til 15/10'73 til $ 2,591 pr fat, hvorav skatter m. v. $ 1,596. Fra 16/10'73 gjorde prisene et hopp til $ 5,176, hvorav skatter m. v. $ 3,442. Fra 1/1 1974 var listeprisen $ 11,651, hvorav skatter m. v. $ 9,185. — Det er ikke nödvendig for voldgiftsretten å gå nærmere inn på den kompliserte pris-

mekanisme, for råolje. Det er godtgjort at stigningen i prisen på råolje praktisk talt utelukkende skyldes hevning av skatter m. v. til vertslandet. Dette er skjedd ved at listeprisen (posted price) som danner grunnlaget for beregningen av skatter og avgifter er hevet, at royalty er hevet fra 12,5% til 20%, inntektsskat fra 50% til 85% og at andel av den del av oljen som må gjenkjöpes, er hevet. — Mellom 1965 og 1970 var prisene stabile. Mellom november 1970 og 15/10 1973 skjedde gradvis en stigning. Den 16/10 1973 ble prisen fordoblet og så på ny fordoblet fra 1/1 1974. I forhold til 15/10 1973 er prisen i 1974 steget med omkring 400%.

Stigningen i råoljeprisen skyldes virksomheten fra Organisasjonen av de oljeproduserende land, OPEC, som tog sikte på å gi oljelandene större fortjeneste på råoljen. OPEC var opprettet allerede i 1960, men oppnådde de förste 10 år bare små resultater. Etter en gradvis stigning til 1973, skjer så den voldsomme og plutselige stigning 16/10 1973 og i 1974. Dette hadde sammenheng med krigen mellom Israel og de arabiske naboland i oktober 1973. Det må være riktig, slik Esso har beskrevet situasjonen, at pris sammen med embargo på råolje ble brukt av arabiske land som et politisk/ökonomisk pressmiddel mot de vestlige land som stöttet Israel. Det skal föyes til at det var ingått avtaler i årene 1970—72 mellom OPEC og oljeforbrukende land, som innebar en kontrollert prisutvikling. Disse avtaler satte OPEC seg ut over etter begivenhetene i oktober 1973.

Råoljens pris på Slagen, cif.-prisen, er fob. Persiske Gulf plus frakt og assuranse. Det er i löpet av perioden noen stigning i fraktutgifter og assurance. Betydningen av det omhandles nærmere nedenfor. — Esso har fremlagt erklæringer av 15/8 1974 og 15/1 1975 fra firmaets revisor, Price Waterhouse & Co., som viser stigningen i cif. prisene pr. m^3. Det skal tilföyes at disse priser er beregnet i det öyeblikk varen settes i produktion på Slagen, og tar ikke hensyn til dyrere råoljeinnkjöp på samme tidspunkt. I tiden frem til 1970 var prisene noe over og noe under 100,00 kr. pr. m^3. Fra 1970 er det en jevn stigning til kr. 124,08 i 3. kvartal 1973, kr. 162,83 i 4. kvartal, 1. kvartal 1974 kr. 309,24, 2. kvartal kr. 410,99, 3. kvartal kr. 399,27 og 4. kvartal kr. 400,27. — Gjennomsnitt i 1974 er kr. 379,74, pr. m^3."

Í forsendum dóms þessa er afmarkað það tímamark, þegar þau atvik gerðust, er réttlættu hækkun olíuverðsins. Þannig segir í dóminum:

„Flertallet vil fremheve at den prisrevisjon det kan bli tale om, må begrenses til virkningen av det prishopp råoljeprisene gjorde 16/10 1973 og i 1974. Man kan således se bort fra virkningen av den alminnelige prisoppgang, at fraktene har steget og at innenlands omkostninger har steget ... Såvel ut fra den skjönnsmessige bedömmelse, som ut fra hva som etter en helhetsvurdering av kontraktsforholdet finnes rimelig, settes prisen levert gassverket til kr. 350 pr tonn fra 1/1 1974."

Hin síðastgreindu orð í forsendum dómsins verður að skilja svo, að það hafi einungis verið verðhækkunin frá 16/10 1973, sem var ófyrirséð við samningsgerðina og svo veruleg, að til ósanngjarnrar niðurstöðu myndi leiða, enda sagði svo í upphafsorðum meiri hlutans:

„Voldgiftsrettens flertall, formannen og höyesterettsdommer Gaarder, legger til grunn at de begivenheter som ble utlöst ved krigen i Midt Östen i oktober 1973 og de följer desse begivenheter fikk for prisene på råolje og dermed Esso's produksjonsomkostninger, er omstendigheter som Esso ikke kunne forutse da kontrakten ble ingått i 1964."

5.9. Nánar um heimildina til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum.

Eins og rakið var í 5.5 hér að framan má víst telja, að til sé í íslenskum rétti ólögfest meginregla, er heimilar að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum. Regla þessi felur það í sér, eins og Karsten Gaarder bendir á og rakið er í 5.6. hér að framan, að dómstólar þurfa ekki að veita lögvernd samningsákvæðum, sem eru bersýnilega ósanngjörn í

garð annars samningsaðilja. Það er eitt af megineinkennum eignarréttinda (fjárverðmæta), að eigandi þeirra hefur aðild til þess að leita aðstoðar dómstóla og yfirvalda til verndar rétti sínum (sbr. Ólafur Lárusson, Eignaréttur, MCML, bls. 12). Reglan um heimild dómstóla til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum er því frávik frá þessari meginreglu og má segja að frávikið lýsi sér í því, að bersýnilega ósanngjörn samningsákvæði í garð annars samningsaðilja njóti ekki lögverndar, þannig að dómstólar þurfi ekki að leggja slík samningsákvæði til grundvallar úrlausnum sínum.

En hvenær er samningsákvæði bersýnilega ósanngjarnt? Þeirri spurningu er alls ekki auðsvarað. Stafar það fyrst og fremst af því, að framangreind meginregla er ólögfest, eins og svo margoft hefur verið tekið fram. Þá eru þær úrlausnir íslenskra dómstóla, sem vitnað var til í þætti 5.7 alls ekki skýrar um þetta atriði. Margs konar viðmiðunarmörk koma til greina í þessu sambandi. Þegar reynt er að afmarka nánara efnissvið reglunnar virðist vænlegast að reyna að lesa einhverja viðmiðunarreglu út úr þeim dreifðu sérlagaákvæðum, sem til eru í íslenskum rétti og tengjast þessu álitaefni, og svo þeim íslensku dómsúrlausnum, sem gengið hafa.

Ljóst má vera, að sú staðreynd ein, að samningsaðili hefur ekki þær tekjur af samningi, sem hann vænti í upphafi, réttlætir ekki beitingu reglunnar. Við alla samningagerð taka aðiljar á sig vissa áhættu og er óhætt að segja, að þetta atriði, þ. e. minnkandi tekjur fellur innan þeirra áhættumarka.

Þá kann að skipta máli varðandi beitingu ógildingarheimildarinnar, hvort ástæða sú, er leitt hefur til þess, að samningsákvæði verður síðar ósanngjarnt í garð samningsaðilja, var fyrirsjáanleg eða ekki. M. ö. o. máttu samningsaðiljar gera ráð fyrir því, að breytingar þessar gætu átt sér stað eftir gerð samningsins. Ef um er að ræða atvik, sem aðiljar máttu gera sér grein fyrir, minnka líkurnar til þess, að unnt sé að bera slíkar ástæður fyrir sig. En því óvæntari og ófyrirsjáanlegri sem ástæðan er, þeim mun meiri líkur eru til þess, að samningsaðilji geti borið atvikið fyrir sig. Þetta sjónarmið er að nokkru orðað í norska dóminum í **RG. 1976,650:**

"Voldgiftsrettens flertall ... legger til grunn at de begivenheter som ble utlöst ved krigen i Midt Östen i oktober 1973 og de följer disse begivenheter fikk for prisene på råolje og dermed Esso's produkjsonsomkostninger er omstendigheter, som Esso ikke kunne forutse da kontrakten ble ingått i 1964."

Sama sjónarmið kemur fram í **RG. 1976, 595:**

> „Det kan ikke antas at noen av partene, verken för eller efter krigsutbruddet og gullsuspensjonen i 1914, tenkte sig eller hadde rimelig mulighet for å tenke sig en slik prisstigning som den som skjöt virkelig fart etter annen verdenskrig."

Þá er og að þessu sama sjónarmiði vikið í norska dóminum í **Rt. 1951, 372:**

> „Selv om det kan sies at det i juni 1939 var grunn til å regne med en fare for krig, ville det være unaturlig og urimelig om en importör som på denne tid påtok seg å levere brensel til statsbanene og sluttet en kontrakt som den foreliggende, skulle ha risikoen for så vidtgående ökonomiske följer av et krigsutbrudd som det her er at tale om."

Ætla verður, að ógildingarheimildin eigi sérstaklega við um samninga, sem gilda skulu um langan tíma. Íslensku dómarnir, sem reifaðir voru í 5.7. vörðuðu allir sakarefni, þar sem samningurinn var óuppsegjanlegur af hálfu leigusala. Er augljóst mál, að reglan á alveg sérstaklega við í slíkum tilvikum. Má hér sem dæmi nefna forsendur héraðsdóms í **Hrd. 1958, 346,** sem Hæstiréttur skírskotaði til:

> „Og þar sem leigusamningur sá, er hér um ræðir, er óuppsegjanlegur og á að gilda um ótakmarkaðan tíma, þykir ákvæði hans um upphæð leigugjaldsins ekki eiga að binda leigusala um aldur og ævi."

Það er hins vegar spurning, hvort heimildin sé bundin við það, að viðkomandi samningur eða samningsákvæði sé óuppsegjanlegt og skuli gilda „um aldur og ævi" eins og það er orðað í

Hrd. 1958, 346. Hæpið er að lesa þá reglu út úr hinum íslensku dómum. Má til stuðnings þessu sjónarmiði benda á úrlausnir norskra dómstóla, þar sem þetta hefur ekki verið talið vera skilyrði fyrir beitingu heimildarinnar. Þannig segir t. d. í dóminum í **Rt. 1951, 372,** en þar var um að ræða samning, sem gilda skyldi um 9 mánaða tímabil:

„Når voldgiftsretten er kommet til det resultat, som alt er nevnt, er det på grunnlag av en vurdering av den foreliggende salgsavtales eget indhold ... Det er her at fremheve at kontrakten gikk ut på levering gjennom et lengere tidsrom — en sesong på i alt omkring 9 måneder."

Þá má og nokkurn stuðning hafa af 29. gr. höfundalaga, sem áður er getið. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til höfundalaga er talað um, að handrit, sem lágu verði sé selt, geti orðið metsölubók, og samningar, einkum þeir, sem gerðir séu til langs tíma, verði þá oft ósanngjarnir. Virðist því hæpið að binda heimildina við óuppsegjanlega samninga eingöngu.

Rétt er að taka fram, að heimildin, til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum nær bæði til þess að víkja til hliðar einstökum ákvæðum samningsins og eftir atvikum samningnum í heild, ef skilyrði þess eru fyrir hendi. Íslensku dómarnir sem reifaðir voru, víkja allir til hliðar verðákvæði samningsins, en ekki samningnum í heild og sömu sögu er að segja um norsku dómana. En eigi að síður verður að telja, að dómstólar geti vikið samningi í heild sinni til hliðar, ef samningurinn er ósanngjarn.

Álitaefni er, hvort sá, er krefst leiðréttingar samningsákvæðis í skjóli framangreindrar meginreglu þurfi að sýna fram á ótvírætt tap sitt af samningnum, þ. e. a. s. hvort hann þurfi að sýna fram á að gengið sé á tiltekinn höfuðstól, eða hvort honum nægi að sýna fram á, að jafnvægi milli greiðslna aðilja hafi raskast. Skal nú að þessu atriði hugað.

Fyrst er þess að geta, að þeir íslensku dómar, sem um álitaefnið hafa gengið, og áður hefur verið vikið að virðast ekki byggja á þeirri forsendu, að leigusali þurfi að sýna fram á, að hann verði fyrir fjárhagslegu tapi af samningnum eða að samningurinn gangi á samanlagðan höfuðstól eigna hans. T. d. er hvergi að því vikið að fasteignagjöld eða aðrir skattar af lóðunum nemi hærri fjárhæð en leigutekjurnar. Virðist sem fyrst og fremst sé litið til þess, hvort leigugjaldið sé sanngjörn og eðlileg greiðsla fyrir lóðarafnotin. Þannig sagði t. d. í **Hrd. 1958, 346:**

„Þótt leigugjaldið hafi verið óbreytt um nær hálfrar aldar skeið, án þess að við því hafi verið hreyft, og það raunar hafi verið meiri hluta þess tíma lægra en eðlilegt var, miðað við verðlagsbreytingar, þykir þó verða að viðurkenna rétt stefnanda til þess að fá endurskoðað ákvæðið um leiguupphæðina."

Ákvæði einstakra sérlaga, er veita heimild til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum virðast fremur byggja á því, að þeim, er krefst leiðréttingar samningsákvæðis í skjóli viðkomandi reglu, nægi að sýna fram á, að ekki sé jafnvægi í milli greiðslunnar og gagngjaldsins, þ. e. að endurgjaldið sé ekki sanngjörn greiðsla fyrir þau verðmæti, sem látin eru í té. Er einkar athyglisverð í þessu sambandi skýring greinargerðar á 29. gr. höfundalaganna og 36. gr. ábúðarlaga 36/1961. Í hinu síðarnefnda ákvæði var við það miðað, að þær breytingar gætu orðið á verðlagi, að eldri leigumálar yrðu úr hófi fram ósanngjarnir, en tap hvergi orðað sem skilyrði. Hugleiðingar greinargerðarinnar með höfundalögunum, 29. gr. virðast miðaðar við það tilvik, þegar höfundarlaunin verða ekki talin sanngjarnt endurgjald fyrir handritið, þegar mið er tekið af raunverulegu fjárgildi þess.

Afstaða norsks réttar virðist vera nokkuð önnur að þessu leyti eins og norsku dómarnir, sem reifaðir voru, bera með sér. Dómarnir í **Rt. 1935,s. 122,Rt. 1951,s. 372, RG. 1976, s. 595 og RG. 1976, s. 650** virðast gera það að skilyrði, að sá, er krefst leiðréttingar, geti sýnt fram á ótvírætt tap sitt af áframhaldandi óbreyttri framkvæmd samningsins, þ. e. að gengið sé á höfuðstólinn. Það sama má reyndar segja um dóminn í **Rt. 1958, 529,** hinn svokallaða Madla dóm, þar sem bætur voru eingöngu dæmdar leigusala vegna aukinna nota hersins af

leigulandinu, umfram það, sem samningurinn gerði ráð fyrir, en því alfarið hafnað, að almennar verðhækkanir og aukið verðmæti landsins gæti leitt til þess, að leigusalinn öðlaðist rétt til þess að krefjast leiðréttingar eða endurskoðunar samningsákvæðisins. Segir þannig um það atriði í dóminum:

„Det kan nok virke urimelig at leien blir betalt med „dårlige" kroner, men det er en alminnelig regel i norsk rett, at den som har krav på penger — selv i langsiktige forhold — har risikoen for at pengeverdien synker."

Á grundvelli úrlausna íslenskra dómstóla og með hliðsjón af ákvæðum einstakra sérlaga virðist hæpið að túlka efnissvið hinnar íslensku reglu jafn þröngt og norskir dómstólar hafa gert varðandi svið hinnar norsku reglu. Það má að vísu segja um íslensku dómana, að þeir varða réttarágreining á mjög takmörkuðu sviði, þ. e. eingöngu heimild leigusala til þess að krefjast hækkaðs leigugjalds fyrir land, sem leigt hefur verið og að sumpart styðst réttur leigusala við ákvæði laga nr. 75/1917 um útmælingu verslunarlóða, en á móti má aftur spyrja, af hverju slíkir samningar eigi að njóta einhverrar sérstöðu umfram aðra samninga, sem gerðir hafa verið til langs tíma. Verðákvæði í samningi getur verið jafn bersýnilega ósanngjarnt í langtíma samningi, hvort sem sá samningur varðar sölu á rafmagni, kolum, olíu eða leigu á landi. Því má segja, að reglan, eins og hún virðist túlkuð í íslenskum rétti, sé mun sanngjarnari og eðlilegri heldur en er í norskum rétti.

Þó svo að leiða megi að því rök, að hin íslenska regla líti fyrst og fremst til þess, hvort jafnvæginu milli greiðslna aðilja sé raskað vegna eftirfarandi breyttra aðstæðna, má ljóst vera, að hvers kyns breytingar sem er, geta ekki leitt til þessarar niðurstöðu. Áður er þess getið, að minnkandi gróði eða minni gróði en samningsaðili átti von á, veitir honum ekki heimild til þess að bera reglu þessa fyrir sig. Samningsgrundvelli aðilja verður að vera raskað í öllum verulegum atriðum til þess að hægt sé að bera regluna fyrir sig. Það má almennt ganga út frá því sem gefnu, þegar samið er um tiltekið endurgjald fyrir verðmæti, sem látið er í té, að endurgjaldið eigi að vera sanngjarnt og samsvara raunverulegu verðmæti gagngjaldsins. A. m. k. verður að ætla, að sá, sem heldur hinu gagnstæða fram, hafi sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingu sinni. Af þessu leiðir svo aftur það, að þegar þetta jafnvægi raskast stórlega, þá heimilast þeim, er á hallar, að bera regluna fyrir sig. Fyrrnefnda 29. gr. höfundalaganna virðist bera að skilja á þennan veg. Það er ekkert óeðlilegt við það, að höfundur, sem er ungur og óþekktur, selji handrit sitt lágu verði í upphafi. Endurgjaldið kann að vera sanngjarnt á því tímamarki. En fari svo, að handritið verði síðar að metsölubók, er hið lága verð ekki sanngjarnt endurgjald, vegna þess að það er þá ekki í samræmi við raunverulegt verðmæti handritsins. Miðar þá 29. gr. höfundalaganna að því að tryggja höfundinum rétt til þess að krefjast endurskoðunar verðsins svo að hann geti fengið sanngjarnt verð fyrir framlag sitt. Má og segja, að einhver takmörk hljóta að vera bæði fyrir þeim gróða, sem annar samningsaðili getur haft úr samningi á kostnað viðsemjanda síns og svo líka hljóta að vera takmörk fyrir þeirri áhættu, sem seljandinn tekur á sig í samningnum. Kemur þetta sjónarmið fram t. d. í dóminum í **RG. 1976,** bls. 595. Þar segir:

„På den annen side må vel også K ledere ha vært klar over og villige til at overta en viss risiko for konjunktursvingninger i selskapets disfavör og for tap i en viss utstrekning. Likevel må det etter Lagmannsrettens mening være en grense både for den fordel kommunen med rimelighet kunne vente å få ut av kontrakten og likedan for den risiko K med rimelighet kunne anses at overta."

Því má velta fyrir sér, hvort þær breyttu aðstæður, sem leiða til þess að samningsákvæði verður ósanngjarnt í garð annars aðilja, þurfi að snerta framkvæmd viðkomandi samnings beint, eða hvort það nægi, að breytingin hafi óbein áhrif á efndir samningsins. Í norsku dómunum í **Rt. 1951, s. 372** og **RG. 1976, s. 650** leiddi styrjaldarástand til stórhækkaðs öflunarverðs þeirrar vöru, er seljandinn hafði skuldbundið sig til þess að selja og hafði

þannig bein áhrif á efndir viðkomandi samninga. Sem dæmi um óbein áhrif ytri aðstæðna á efndir samnings mætti hugsa sér, t. d. að styrjaldarástand leiði af sér hækkað olíuverð, sem svo aftur leiði af sér hækkað heimsmarkaðsverð á seldri orku til iðjuvera. Ef reglan um heimild dómstóla til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum er túlkuð eins og gert er hér að framan með því að miða fyrst og fremst við það, hvort jafnvæginu milli greiðslna aðilja sé raskað í verulegum atriðum, þá virðist eðlilegt, að óbein áhrif ytri aðstæðna á efndir samnings réttlæti einnig beitingu reglunnar. Má þannig segja, að samningur eða samningsákvæði getur verið jafn ósanngjarnt í garð annars samningsaðilja og raskað jafnvægi greiðslna með sama hætti, hvort sem um bein eða óbein áhrif er að ræða.

6.0. Nánar um þýðingu tilvísunar aðal- og rafmagnssamninga til þjóðréttarreglna.

Í kafla 3.0. hér að framan var lýst lögum þeim, er um aðal- og rafmagnssamningana gilda. Eins og þar kemur fram, eru það fyrst og fremst íslenskar réttarreglur, sem um skýringu, túlkun, framkvæmd og áhrif samninganna gilda.

Í 1. gr. aðalsamningsins (gr. 1.01. b.) segir, að Alusuisse merki Swiss Aluminium Ltd., félag, sem stofnað sé að svissneskum lögum og hafi skráða skrifstofu í Chippis Valais-fylki í Sviss og hafi aðalskrifstofu sína í Zürich. Samkvæmt e-lið 1.01. gr. merkir ÍSAL Íslenska álfélagið hf., dótturfélag Alusuisse, stofnað sem íslenskt félag samkvæmt aðalsamningnum, sem hafi skráða skrifstofu í Hafnarfirði. Um stofnun ÍSAL eru síðan nánari ákvæði í 20. gr. aðalsamningsins. Í 26. gr. rafmagnssamningsins segir hins vegar, að rísi deila milli Landsvirkjunar og ÍSAL um skýringu, túlkun, framkvæmd, gildi eða áhrif þess samnings, þá skuli fara með deilu þá sem deilu milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse. Einnig segir í gr. 47.01. í aðalsamningi, að ríkisstjórnin og Alusuisse fallist á að líta á ÍSAL sem svissneskan þegn í merkingu SID sáttmálans. Segir á bls. 1240 í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu (Alþingistíðindi A, 1965, bls. 1240) að ákvæði þetta sé síður en svo í ósamræmi við hið íslenska þjóðerni, sem ÍSAL myndi hafa í öðru tilliti. Hér sé til þess ætlast, að litið sé til meirihlutavaldsins í félaginu um ákvörðun á þjóðerni þess, en það vald sé í höndum Alusuisse.

Af hinum tilvitnuðu orðum greinargerðarinnar og framangreindum samningsákvæðum má ljóst vera, að líta ber á ÍSAL sem svissneskan þegn, ef deila kemur upp milli íslenskra stjórnvalda og ÍSAL um framkvæmd, áhrif og gildi rafmagnssamningsins. Bæði Alusuisse og ÍSAL eru því svissneskir þegnar í þessu tilliti.

Réttarleg þýðing þess, að líta ber á ÍSAL og Alusuisse sem svissneska þegna í þessu sambandi, felst aðallega í því, að svissneska ríkisstjórnin getur, ef hún óskar þess sjálf, veitt ÍSAL diplomatiska vernd vegna aðgerða íslenskra stjórnvalda. Þá verður og að ætla, að tilvísunin til þjóðréttarreglna setji löggjafarhæfni íslenska löggjafans um málefni Alusuisse og ÍSAL vissar skorður.

Í framhaldi af þessu er rétt að huga nokkuð að því, hverjar aðgerðir af hálfu íslenska ríkisvaldsins í garð Alusuisse og ÍSAL sem svissneskra þegna gætu talist andstæðar þjóðréttarreglum og hverjar skorður þjóðréttarreglur setji löggjafarhæfi íslenska ríkisvaldsins um málefni fyrirtækja þessara. Verður í því sambandi að líta nokkuð til almennrar stöðu útlendinga og erlendra fjárfestingaraðilja á yfirráðasvæði íslenska ríkisins með tilliti til þjóðréttarreglna um það efni. Rétt er að taka fram í þessu sambandi, að samningarnir um álbræðsluna sem slíkir eru ekki þjóðréttarsamningar eða alþjóðasamningar í eiginlegri merkingu þess orðs, enda hvorki ÍSAL né Alusuisse né heldur Landsvirkjun þjóðréttaraðiljar. Eigi að síður má ljóst vera, að reglur þjóðaréttarins geta skipt máli í ýmsu tilliti í skiptum Íslands og hins svissneska fjárfestingaraðilja. Stafar það bæði af tilvísun samninganna til þjóðréttarreglna og af hinu svissneska þjóðerni fyrirtækjanna.

6.1. Almennt um réttarstöðu útlendinga og erlendra fjárfestingaraðilja samkvæmt þjóðréttarreglum.

Ríki hefur óskorað vald til þess að setja lög á eigin landsvæði og framfylgja þeim. Hvílir sú skylda á öllum þeim, sem þar eru staddir, að hlíta lögum landsins. Tekur skylda þessi jafnt til útlendinga, sem og ríkisborgara viðkomandi lands. Reglur þjóðaréttarins taka að meginstefnu ekki til ríkisborgara í viðkomandi landi. Öðru máli gegnir hins vegar um útlendinga, sem búsettir eru eða staddir í landinu. Meginreglan er sú, sem áður segir, að þeir lúta lögum landsins, en nokkrar takmarkanir eru þó gerðar í þeim efnum.

Að því er varðar takmarkanir á löggjafarhæfi ríkisins gagnvart útlendingum, bendir t. d. dr. Gunnar G. Schram á (Kaflar úr þjóðarétti, 1976, bls. 71—72) að í fyrsta lagi hvíli sú skylda á ríkinu, að útlendingar njóti þar lágmarks réttarverndar, svo sem það hugtak sé túlkað í réttarþjóðfélögum. Lúti það fyrst og fremst að tilvist óháðra dómstóla, banni við fangelsun og aftökum án dóms og laga o. s. frv. Í öðru lagi bendir dr. Gunnar á að mismunun gagnvart útlendingum að lögum sé bönnuð þjóðarétti, þegar sú mismunun lúti að almennri réttarvernd, t. d. ef útlendingi væri meinað að kalla til verjanda sinn eða áfrýja máli, sem heimilt væri eigin þegnum, eða þegar lög legðu mun þyngri refsingu við afbrotum útlendinga. Segir dr. Gunnar, að slík mismunun teldist þjóðréttarbrot.

Að þessum atriðum frátöldum telur dr. Gunnar, að ríki sé almennt heimilt að mismuna útlendingum í löggjöf sinni. Séu þess fjölmörg dæmi í rétti ríkja, að ákveðin réttindi séu fyrst og fremst bundin við ríkisborgararétt, t. d. réttindi á sviði atvinnu- og efnahagsmála eða stjórnmála. Sem dæmi um slíka löggjöf nefnir dr. Gunnar löggjöf um rétt til fiskveiða í landhelgi, eignarrétt útlendinga að fasteignum, veitingu verslunarleyfa, skipun í stöður hjá ríkinu, kosningarétt og kjörgengi. Þá segir dr. Gunnar, að heimilt væri að skattleggja útlendinga eftir hærri skattstiga en ríkisborgara.

Sams konar sjónarmið um mismunun gagnvart útlendingum koma einnig fram hjá dr. Carl August Fleischer (Hovedpunkter i Folkeretten, 3. útg. bls. 82) og Frede Castberg (Folkerett, 2. útg. 1948, bls. 146). Nefnir dr. Fleischer sem dæmi, að mismuna megi útlendingum að því er varðar atvinnuréttindi og réttindi til atvinnurekstrar og segir jafnframt, að í skattalegu tilliti megi mismuna útlendingum miðað við innlenda menn. Castberg segir, að ríkinu sé heimilt að mismuna í löggjöf sinni um efnahags- og fjárhagsmálefni fyrirtækjum, sem séu í eigu erlendra aðilja. Sé það ekki óalgengt að mismuna útlendingum miðað við innlenda aðilja í norskri löggjöf. Breski fræðimaðurinn Ian Brownlie (Principles of international Law, Oxford 1977, 2. útgáfa, bls. 517) segir, að ýmsar aðgerðir ríkisvaldsins, sem lögmætar séu „prima facie" geti snert hagsmuni erlendra aðilja verulega án þess að hægt sé að segja, að um eignaupptöku eða eignaskerðingu sé að ræða. Þannig geti eignir erlendra aðilja verið háðar skattlagningu eða viðskiptahömlum, takmarkanir gerðar á leyfisveitingum, kvótar settir eða jafnvel að gengisfelling geti haft áhrif á eigur þeirra. Slíkar aðgerðir séu í eðli sínu lögmætar og teljist ekki eignaskerðing nema eitthvað sérstakt komi til. Skattlagning, sem hins vegar miðaði að eignaupptöku eða eignaskerðingu og hefði áhrif sem slík teldist hins vegar að mati Brownlie ólögmæt.

Á það er bent af dr. Gunnari G. Schram og dr. Fleischer, að löggjafarheimildir til mismununar gagnvart útlendingum geta ríki takmarkað með samningum sín á milli og má finna þess dæmi úr samnorrænni löggjafarframkvæmd, sbr. t. d. Norðurlandasamning um félagslegt öryggi, 15. sept. 1955 og Norðurlandasamninga um aðgang Norðurlandabúa að sameiginlegum vinnumarkaði, sbr. samstarfssamning milli Norðurlandanna, 23. mars 1962.

6.2. Um skerðingu eigna og réttinda útlendinga.

Ljóst má vera, að með ýmsu móti er unnt að skerða eigur og réttindi útlendinga sem innlendra manna með löggjöf og stjórnarframkvæmd ýmiss konar, t. d. með skattlagningu beinni eða óbeinni eða með þjóðnýtingu. Þó svo að útlendingur eða erlendur fjárfestingaraðili stundi atvinnurekstur eða starfsemi á Íslandi og sé því háður ákvæðum íslenskrar löggjafar að meginstefnu til, verður hann ekki sviptur eign sinni bótalaust fremur en innlendir menn og án þess að nauðsyn krefji (Sbr. t. d. Carl August Fleischer, Hovedpunkter i Folkeretten, 3. útg. bls. 83).

Dr. Gaukur Jörundsson hefur bent á (Um eignarnám, 1969, bls. 87) að reglur þjóðaréttar styðji ótvírætt þá niðurstöðu, að 67. gr. stjórnarskrárinnar íslensku veiti útlendingum vernd um eignir sínar hér á landi. Reglur hins almenna þjóðaréttar séu yfirleitt taldar mæla svo fyrir, að hverju ríki sé skylt gagnvart öðrum ríkjum að láta útlendinga njóta vissrar lágmarksverndar um persónu og eignir. Ennfremur að telja megi, að það sé viðurkennd regla í hinum almenna þjóðarétti, að hverju ríki sé skylt að greiða skaðabætur fyrir eignarnám, sem beinist eingöngu gegn eignum útlendinga eða er framkvæmt með þeim hætti, að eigin borgurum séu greiddar skaðabætur. Ennfremur segir dr. Gaukur, að flestir þjóðréttarfræðingar muni þeirrar skoðunar, að eignaskerðing, þar á meðal þjóðnýting, sem beint sé gegn eignum útlendinga stofni til bótakröfu af hálfu einstaklinganna eða heimalands þeirra án tillits til þess, hvernig bótaskyldu sé háttað samkvæmt lögum þess lands, sem þjóðnýtinguna framkvæmir.

Dr. Gunnar G. Schram (Kaflar úr þjóðarétti, bls. 73, útg. 1976) segir um sama álitaefni, að almennar reglur þjóðaréttarins geti verið þess eðlis, að þær takmarki löggjafarhæfi ríkisins gagnvart útlendingum á landsvæði þess, þ. e. heimildina til mismununar. Segir dr. Gunnar, að þjóðnýting eigna sé heimil, en niðurstaða ýmissa alþjóðlegra gerðardóma í slíkum málum hafi verið sú, að greiða beri jafnan bætur fyrir hina þjóðnýttu eign, a. m. k. ef almennt bótaákvæði væri að finna í landsrétti hlutaðeigandi ríkis að því er eigin þegna varðar.

Að því er varðar heimildina til eignaskerðinga gagnvart eigum útlendinga verður að ætla í ljósi þess, er hér hefur verið rakið, að sú heimild sæti nákvæmlega sömu takmörkunum og heimildin til eignaskerðinga gagnvart eigin ríkisborgurum. Verður að telja, eins og dr. Gaukur Jörundsson bendir á, að 67. gr. stjórnarskrárinnar veiti erlendum aðiljum að þessu leyti sömu vernd og innlendum. Erlendir aðiljar njóta að þessu leyti bótaréttar, ef þeir eru sviptir eign sinni, og það teldist þjóðréttarbrot gagnvart erlendum aðiljum, ef mismuna ætti þeim í bótum miðað við innlenda. Spurningunni um það hvort um væri að ræða sviptingu eigna þannig að bætur ættu fyrir að koma, yrði því svarað á sama veg, hvort heldur sem um væri að ræða innlenda aðilja eða erlenda. Dr. Carl August Fleischer bendir á (Hovedpunkter i Folkeretten bls. 83) að bótaréttur tjónþola sé ávallt hinn sami, hvort heldur sem tjónþoli er innlendur maður eða erlendur. Ekki sé hægt að álykta sem svo að þjóðarétturinn bjóði eina eða aðra lausn í þeim efnum. Þjóðarétturinn eftirláti það landsrétti að ákveða, hvort bætur greiðist og í hvaða mæli í ólíkum tilfellum. Þjóðarétturinn krefjist þess hins vegar, að útlendingum sé ekki mismunað að því er varðar almenna réttarvernd í þessum efnum. Þjóðarétturinn komi inn í myndina, ef meðferð dómstóla í viðkomandi landi hafi verið óforsvaranleg (denial of justice).

Því er ekki auðsvarað, hverjar aðgerðir ríkja gagnvart útlendingum teljist þjóðréttarbrot. Markatilvik eru æði mörg. Þjóðréttarbrot er einvörðungu til staðar, þegar brotin hefur verið regla þjóðaréttarins, hvort sem sú regla styðst við venju, samning eða grundvallarreglur laga. Á það hefur verið bent af fræðimönnum (t. d. Carl August Fleischer, framangreint rit á bls. 134), að þó svo að ríki brjóti ákvæði eigin löggjafar, þá sé ekki þar með sagt að slíkt réttarbrot sé þjóðréttarbrot, svo lengi sem ekki hefur jafnframt verið brotin þjóðréttarregla.

6.3. Afstaða aðalsamningsins til eignaskerðinga og mismununar.

Í 35.01. gr. aðalsamningsins segir, að ríkisstjórninni beri jafnan að tryggja, að farið sé með fjárfestingar Alusuisse, minnihluta hluthafa og ÍSAL á réttlátan og sanngjarnan hátt, svo og að veita slíkum fjárfestingum ávallt vernd og öryggi á yfirráðasvæði sínu. Ríkisstjórnin skuli ekki á neinn hátt skerða stjórn, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun slíkra fjárfestinga með ósanngjörnum og hlutdrægum aðgerðum. Í greinargerðinni með staðfestingarlagafrumvarpinu (Alþingistíðindi A, 1965, bls. 1237) segir, að aðilum sé heitið því, að þeir verði ekki beittir mismunun. Taki það í sjálfu sér ekki til þess, þótt eitthvað skorti á bestu kjör eða jafnrétti við innlendar eignir, svo nefndir séu mælikvarðar, er tíðkast í svipuðum skiptum, eins og þetta er orðað í greinargerðinni. Jafnframt segir, að því sé heitið, að þeir verði ekki beittir eignarnámi nema almenningsþörf komi til og fullar bætur fyrir, enda sé það framkvæmt löglega og hlutdrægnislaust. Loks segir í 03. málsgrein 35. gr. að ríkisstjórninni sé heimilt að víkja frá ákvæðum greinarinnar, ef aðkallandi nauðsyn beri til. Segir í greinargerðinni (bls. 1237) að niðurlagsákvæðið sé ekki annað en endursögn á gildandi rétti.

Hið tilvitnaða orðalag greinargerðarinnar ber þess merki, að samningsaðiljar og löggjafinn hafa verið sér þess meðvitandi, að það væri meginregla þjóðaréttarins, að mismuna mætti útlendingum miðað við innlenda aðilja að vissu marki, sbr. orðalag greinargerðarinnar, að mismunun taki í sjálfu sér ekki til þess, þótt eitthvað skorti á bestu kjör eða jafnrétti við innlenda aðilja. Á hinn bóginn bendir orðalag greinargerðarinnar og ákvæði aðalsamningsins ótvírætt til, að til þess hafi verið ætlast, bæði af samningsaðiljum og löggjafanum, að Alusuisse og ÍSAL sætu við sama borð og innlendir aðiljar að því er bætur fyrir eignaskerðingu varðar.

Það má einnig ráða af greinargerðinni, að aðiljar hafi verið sammála um það, að vart væri ástæða til þess að ætla, að íslensk lög verði léttvæg fundin í þeim efnum að óbreyttri stjórnarskrá (1239). Með öðrum orðum má segja, að greinargerðin beri þess merki, að það hafi verið mat samningsaðilja og löggjafans, að reglur íslenskrar löggjafar um samningana uppfylltu þau lágmarksskilyrði, sem þjóðréttarreglur setja fullvalda ríkjum um réttarfar og mannréttindi, þannig að útlendingar hér á landi nytu allrar þeirrar verndar samkvæmt íslenskum lögum, sem þjóðarétturinn ætlast til.

6.4. Brot ríkis á samningsskyldum sínum við erlenda aðilja.

Auk alþjóðasamninga, sem ríki gera sín á milli, gera ríkisstjórnir ýmiss konar samninga við erlenda einstaklinga og lögpersónur. Má hér sem dæmi nefna lánssamninga, þjónustusamninga, samninga um byggingu og rekstur iðjuvera, lagningu síma, járnbrauta o. s. frv. Ljóst má vera, að ríkið getur með ýmsu móti brotið samningsskyldur sínar samkvæmt slíkum samningum og gert þann rétt, sem samningsaðilinn hefur öðlast næsta lítils virði, bæði með stjórnvaldsaðgerðum og í skjóli lagasetningarvalds. Vaknar þá sú spurning, hver áhrif slíkar aðgerðir hafa að þjóðarétti.

Ætla verður, að um brot á slíkum samningsskyldum gildi fyrst og fremst þær reglur landsréttar, sem við eiga hverju sinni samkvæmt viðhorfum lagaskilaréttar. (Sbr. Ian Brownlie, Principles of International Law, bls. 530—531). Almennt er talið í þjóðarétti (Brownlie sama rit, bls. 530—531) að brot ríkis á samningsskyldum sem þessum baki ríkinu ekki ábyrgð að þjóðarétti. Verður að ætla, að réttarstaðan í slíkum tilvikum ráðist að meginstefnu til af þeim reglum, er gilda um ábyrgð ríkja á athöfnum sínum í garð útlendinga. Ian Brownlie (sama rit, bls. 530—531) bendir á, að þá fyrst sé hægt að tala um ábyrgð að þjóðarétti, þegar um sé að ræða réttarneitun (denial of justice) í garð viðkomandi samningsaðilja eða þegar um væri að ræða upptöku eigna eða eignaskerðingu andstæða þjóðréttarreglum. Ef ríki noti stjórnvalds- eða löggjafarvald hins vegar gagngert í því skyni að gera að

engu réttindi, sem samningsaðili hefur öðlast í skjóli samnings, sé mjög farið að nálgast eignaupptöku og stofnist þá til bótaábyrgðar samkvæmt þjóðréttarreglum út frá sömu sjónarmiðum og þegar um eignaskerðingu sé að ræða. Aðgerðir ríkisstjórna séu þá fyrst ólögmætar, þegar þær séu framkvæmdar í gerræði og/eða feli í sér mismunun gagnvart útlendingum. Ríkisstjórn sem með góðum vilja beiti sér t. d. fyrir lagasetningu um takmarkanir á gjaldeyrisyfirfærslum eða setji á viðskiptahömlur, sem áhrif hafi á stöðu útlendinga sem og annarra, verði vart talin hafa brotið þjóðréttarreglu. Telur Brownlie, að það viðhorf sé ríkjandi bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, að meira þurfi til að koma en einvörðungu brot ríkis á samningsskyldu sinni til þess að unnt sé að segja, að þjóðréttarbroti sé til að dreifa.

Annað atriði, sem Brownlie bendir á og vert er að veita athygli, er sú staða, sem kemur upp, þegar ríki hefur í samningi við erlendan fjárfestingaraðilja lofað að breyta ekki viðkomandi samningi með lagasetningu. Á þetta reyndi í deilu Bretlands og Íran af því tilefni, að íranska ríkisstjórnin ákvað að binda endi á samning írönsku ríkisstjórnarinnar og Anglo-Iranian Oil Company. Í samningi þessum var að finna fyrirheit af hálfu írönsku ríkisstjórnarinnar um að binda ekki endi á samninginn með lagasetningu. Hélt breska ríkisstjórnin því fram, að brot írönsku stjórnarinnar á samningsloforði þessu væri ólögmætt að þjóðarétti. Telur Brownlie (áður tilvitnað rit á bls. 533) að þjóðarétturinn hafni alfarið þessu sjónarmiði bresku ríkisstjórnarinnar. Sá, sem slíkt loforð hafi í höndunum frá ríkisvaldinu, þ. e. loforð um að ekki verði við samningsbundnum réttindum hróflað með lagasetningu, samþykki vissa áhættu í þessum efnum, eða eins og Brownlie segir: „An undertaking not annul by legislative action is a voluntary acceptance of risk comparable to the undertaking given by an alien in the form of a Calvo clause."

Reykjavík, 9. október 1982.
Þorgeir Örlygsson.

Fylgiskjal XI.

Greinargerð

um grundvöll þess að krefjast endurskoðunar á samningum um efnahagsþróun til langs tíma eða grípa til einhliða aðgerða.

(Charles J. Lipton, lögfræðingur).

---

1. **Inngangur.**

Athugasemdir þessar eru viðbót við 7. lið minnisatriða frá 8. júní 1982 "The "Sanctity" of Contracts and the Legal Bases for Icelandic unilateral Action" („helgi" samninga og grundvöllur einhliða aðgerða af hálfu Íslendinga) og byggðar á athugunum á fordæmum og prentuðum heimildum í ýmsum löndum og því sem tíðkast í alþjóðlegum samskiptum.

2. **Fjölmörg lagakerfi milda (tempra) regluna um að samninga beri að halda (Pacta Sunt Servanda) til þess að koma í veg fyrir stórfelld frávik frá þeim væntingum sem aðiljar höfðu í upphafi.**

Reglan um að samninga beri að halda (pacta sunt servanda) er vissulega sameiginleg með flestum siðmenntuðum þjóðum og grundvallarregla í alþjóðlegum lögum um samninga. Hins vegar er það viðurkennt í rétti flestra ríkja, að regla þessi er ekki ófrávíkjanleg.

Í samræmi við þetta hafa þróast reglur sem til þess eru sniðnar að leysa aðila undan skyldum samkvæmt samningi, ef ófyrirsjáanlegar aðstæður breyta þeim grundvallarforsendum sem samningurinn var reistur á.

Allar þessar reglur eru sniðnar til þess að veita því sjónarmiði lagagildi, að óvissa á tímum vaxandi stjórnmálalegra, efnahagslegra og þjóðfélagslegra breytinga verður meiri en hægt er að ætlast til að menn sjái fyrir, er þeir meta fjárhagslega áhættu, en það er meginhlutverk löggjafar um samninga að koma í veg fyrir slíkt. Fridman, Law in changing society 112—113 (1959).

Kenningar um brostnar forsendur (frustration) eru kunnar í engilsaxneskum rétti og var lýst þannig af Radcliff lávarði í þekktu ensku dómsmáli:

> „um brostnar forsendur er að ræða hvenær sem viðurkennt er með lögum án þess að um sé að ræða vanefnd hjá öðrum hvorum aðila, að ómögulegt sé að efna samning þar eð kringumstæður þær sem ríkja er samningur skal efndur gera það að verkum að efndir fælu í sér allt annað en það sem ætlað var með samningi.
>
> Non haec in foedera veni. Þetta er ekki það sem ég lofaði að gera."

Davis Contractors Ltd. gegn **Fareham Urban District Council** (1956) 2 All ER 145, 160, (1956) AC 696, 729; tilvitnað í **National Carriers Ltd.** gegn **Panilpina (Northern) Ltd.,** (1981) AC 675, (1981) 1 All ER 171, (1981) 2 WLR 45.

Í málinu **Staffordshire Area Health Authority** gegn **South Staffordshire Waterworks** Co., (1978) 3 All ER 769, (1981) 1 WLR 1387, 77 LGR 17, beitti enski áfrýjunardómstóllinn reglunni um ógildingu um samning þar sem vatnsveita hafði skuldbundið sig 50 árum áður til þess að sjá sjúkrahúsi fyrir vatni við ákveðnu verði „ávallt héðan í frá". Á árinu 1975 tilkynnti fyrirtækið að það segði upp samningnum og bauðst til að halda áfram að útvega vatnið með nýjum skilmálum. Í niðurstöðu Dennings lávarðar (Lord Justice) segir eftir að hann hefur gert grein fyrir staðreyndum málsins og viðeigandi lagarökum:

„Í þessu tilviki er um að ræða sláandi dæmi um langtíma skyldu sem aðili tók að sér fyrir 50 árum ..... Á þessum 50 árum, einkum síðastliðnum 10 árum hefur kostnaður við útvegun vatnsins tvítugfaldast. Líklegt er að hann aukist með hverju ári. Er það réttlátt að sjúkrahúsið haldi ávallt áfram að greiða gamla gjaldið, sem ákveðið var fyrir 50 árum?"

Denning lávarður komst því að þeirri niðurstöðu að „ástandið hefur breyst svo rækilega síðan samningurinn var gerður fyrir 50 árum að ákvæðið í samningnum „ávallt héðan í frá" er ekki bindandi lengur; og rétturinn telur augljóst að samningurinn verði endurskoðaður með hæfilegum fyrirvara". Denning lávarður bætti við:

„Ástandið hefur gjörbreyst á síðastliðnum 50 árum, þannig að segja má með fullri vissu að„aðiljar ætluðust aldrei til að vatnsmiðlun yrði haldið áfram nú á tímum gegn þessu verði". Rétturinn lítur svo á að heimilt hafi verið að ákveða endurskoðun með þeim hætti sem gert var á árinu 1975 með 6 mánaða fyrirvara, sem verður að álíta hæfilegan, í stað þess að þröngva ójöfnum skilmálum upp á aðiljana. Að sjálfsögðu þýðir þetta ekki að þegar frestur er úti geti vatnsveitan skrúfað fyrir vatnið til sjúkrahússins. Aðiljar verða að semja um nýja greiðsluskilmála, það er allt og sumt".

Kenningin um brostnar forsendur er þekkt í Bandaríkjunum á sviði venjuréttarins (common law), bæði í löggjöf um verslunarmál Uniform Commercial Code („U.C.C." sem í gildi er í 49 af 50 fylkjum) og Restatement (Second) of Contracts birt af American Law Institute (Ameríska lagastofnunin).

Í 2. kafla 615. gr. U.C.C. sem á við um kaupsamninga um lausafé segir:

„Hafi seljandi ekki tekið á sig auknar skyldur ..... a) Er dráttur á afhendingu eða það að afhending fellur niður að hluta eða að öllu leyti ..... ekki brot á skyldum hans samkvæmt kaupsamningi ef efndir yrðu ómögulegar hafi það verið grundvallarforsenda við samningsgerðina að ómöguleiki yrði ekki fyrir hendi ....."

Í 261. gr. Restatement (Second) of Contracts (1979) segir um efndir við eftirfarandi ómöguleika:

„Verði efndir ómögulegar vegna atvika sem gerast eftir að samningur er gerður, án þess að aðila verði gefið að sök og hafi það verið grundvallarforsenda við samningsgerð að ómöguleiki vegna þeirra atvika yrði ekki fyrir hendi fellur skylda aðila til efnda niður nema orðalag eða kringumstæður bendi til gagnstæðrar niðurstöðu".

Í rétti allra helstu ríkja á meginlandi Evrópu, eru ákvæði, sem milda hin ósveigjanlegu ákvæði reglnanna um að samninga skuli halda (pacta sunt servanda) þegar kringumstæður hafa lagt svo yfirþyrmandi byrðar á skuldara að hann hefur náð því marki sem hinn þýski fræðimaður, Heck hefur kallað takmörk fórnarinnar **(Opfergrenze).** Rodhe, **Adjustments of Contracts on Account of Changed Conditions,** 3 Scandinavian Studies in Law, 151, 154 (1959).

Með stuðningi í ýmsum kenningum í lögfræði hefur almennt samræmi náðst í rétti meginlandsríkja um gildi frávika frá hinni almennu reglu um að samninga beri að halda (pacta sunt servanda) vegna breyttra kringumstæðna.

Sennilega er franska kenningin um **imprévision** þekktust af kenningum þessum en hún fjallar um það að breyta megi samningum á sviði stjórnsýslunnar. Reglan var orðuð þegar árið 1910 af stjórnlagadómstólnum franska Conseil d'Etat í málinu **Cie generale francaise des tramways,** S.1911 III 1, concl. Blum, note Hauriou. Í prófmáli **Gaz de Bordeaux, sem dæmt var 1916, 30. mars, D1914—3.25,** komst stjórnlagadómstóllinn (Conseil d'Etat) að þeirri niðurstöðu, að þegar kringumstæður, sem ekki væru séðar fyrir við samningsgerð — veruleg hækkun á verði kola vegna hernáms erlends herliðs — breyttu fjárhagslegu jafnvægi aðila verulega og legðu aðila skyldur á herðar sem ekki mátti ætla að væru innan þeirra

áhættumarka, sem eðlileg mega teljast, verði hlutaðeigandi ríkisstofnun að taka á sig auknar byrðar.

Í niðurstöðum dómsins segir m. a:

„Hækkun sú, er varð á verði kola í stríðinu árið 1917, sem er hráefni við gasframleiðslu, vegna þess að óvinurinn hafði hernumið meginhluta kolanámuhéraða á meginlandi Evrópu og vegna sívaxandi örðugleika á flutningi á sjó, varð svo mikil að ekki var aðeins um undantekningarástand að ræða í venjulegum skilningi heldur varð hækkun framleiðslukostnaðar gass slík, að ógilti alla útreikninga, og fór fram úr því hámarki verðhækkana sem aðilar gátu hafa haft í huga er samningurinn var gerður".

Sjá almennt, David, **Frustration of Contract in French Law,** 28 J. Comp. Legis & Int'l L., pts. 11 (1946).

Kenningin um **imprévision** er enn í fullu gildi um samninga á sviði stjórnarfarsréttar. Hins vegar hefur æðsti dómstóll Frakka á sviði einkamálaréttar, Cour de Cassation, aldrei viðurkennt að henni megi beita um samninga á sviði einkamálaréttarins, og segir í dómi réttarins frá 1976 í þekktu máli **Canal de Craponne,** Cass. Civ. March 6, 1876, D.P. 1876, I. 193, „hvorki tími né sanngirni heimili dómara að hrófla við stöðu aðilja". Rétturinn hefur haldið sér við þessa ósveigjanlegu afstöðu til þessa dags og hefur það mætt nánast einróma gagnrýni ekki síst vegna þess að „það er erfitt að halda henni til streitu í hagkerfi, sem er stjórnað og stýrt með reglum þar sem ekki eru ávallt skýr mörk á milli opinbera og einkamála réttarins og æskilegt kann að vera að hrófla við skyldum samkvæmt samningi, ekki eingöngu vegna sanngirnissjónarmiða heldur og með almannaheill í huga. Geiger, **The Unilateral Change of Economic Development Agreements,** 23 Int'l & Comp. L.Q. 73, 95 (1974). Sjá ennfremur Devolve, The French Law of „Imprevision í Int'e Contracts II (1981).

Franski löggjafinn hefur séð sig knúinn til þess að grípa inn í samninga nokkrum sinnum til þess að létta ósveigjanleika þann, sem felst í reglu þessari. T. d. má nefna Loi Faillot sem tóku gildi 21. janúar 1918 og voru sett til að fást við áhrif þau sem heimsstyrjöldin fyrri hafði á samninga frá því fyrir styrjöldina.

Nú á tímum eru skoðanir franskra fræðimanna í andstöðu við það viðhorf Cour de Cassation að beita ekki reglunni um **imprévision** um samninga á sviði einkamálaréttar og bíða menn þess ákaft að rétturinn skipti um skoðun. Sjá, Delvolvé, að ofan 10, Starck, **Droit Civil** obligations, 569.

Cour de Cassation hefur sérstöðu í Evrópu. Annars staðar er sú meginregla að breyta megi samningum á sviði einkamálaréttar viðurkennd af dómstólum og leidd í lög.

Eftirtektarverðust á meðal lagabálka í Evrópu er 36. gr. Skandinaviskra (norrænna) samningalaga en þar segir (skv. sænska textanum frá 1915):

„Breyta má samningsákvæði eða hafa að engu ef ákvæðið er ósanngjarnt með tilliti til innihalds samningsins, kringumstæðna við samningsgerðina, atvika er síðar koma til og annarra kringumstæðna. Sé samningsákvæðið svo mikilvægt í samningnum, að ekki verði með sanngirni krafist að hann sé gildur að öðru leyti án breytinga, má breyta samningnum að öðru leyti eða fella niður að öllu leyti".

Hin Norðurlöndin hafa leitt í lög svipuð ákvæði.

Í skandinaviskum lögum er gert ráð fyrir að vikið sé frá eða breytt ákvæðum sem eru „bersýnilega ósanngjörn" eða „brjóta í bága við velsæmi". Sjá Rodhe, tilvitnað rit á bls. 169.

107. gr. lögbókar Alsír frá 1975 gengur enn lengra, en frumvarp að henni var samið af nefnd lögfræðinga, sem lagt höfðu stund á franskan rétt og önnur lög á meginlandi Evrópu.

„Þegar óvenjuleg atvik, almenns eðlis, sem ekki verða séð fyrir, valda því, að efndir samnings verða skuldara of erfiðar án þess þó að vera ómögulegar, svo sem ef skuldara er

hætt við að bíða stórfellt fjártjón af, er dómstól heimilt, með hliðsjón af kringumstæðum og hagsmunum aðilja að létta þær, að sanngjörnu marki. Samkomulag, sem fer í bága við ákvæði þetta er ógilt."

Samhljóða ákvæði er að finna í 147. gr. egypsku lögbókarinnar og 148. gr. þeirrar sýrlensku.

Dómstólar í Þýskalandi hafa lengi veitt úrlausn með skírskotun til kenninga um **Voraussetzung** (forsendur) og **Wegfallder Geschäftsgrundlage** (brostnar forsendur). Sjá almennt, Hay, **Frustration and its Solution in German Law** 10 Am. J. Comp. L. 345, 361 **et seq.** (1961): Berman, **Excuse for Non-Performance in the Light of Contracst Practices in International Trade.** 63. Colum. L. Rev. 1413, 1420 n.15 (1963), Smit, **Frustration of Contract; A Comparative Attempt at Consolidation** 58 Colum. L. Rev. 287, 296 **et seq** (1958; Esser, **Schuldrecht,** I, 226—38. Þýskir fræðimenn byggja þessar kenningar á ákvæðum greina 157 og 242 lögbókar sinnar, sem bjóða að samningar séu túlkaðir (157. gr.), og skuldari efni, svo sem reglur um sanngirni (good faith) mæla fyrir um, en með því er átt við að í gildi sé almennur mælikvarði á sanngirni og sanngirni í samningum. Sjá t. d. 1 **Enneccerus, Lehrbuch des Bürgerlichen Rechts** 205—06 (14th ed., 1955).

Í riti Hay er því haldið fram, að samkvæmt kenningum Þjóðverja „sé skortur á forsendum eða brottfall þeirra grundvöllur þess að létta á samningsskyldum ef það yrði talið ósanngjarnt að krefjast efnda". Sjá Hay, tilvitnað rit bls. 368. Um regluna um hvað sé sanngjarnt segir Hay „að því hafi verið haldið fram að það væri ósanngjarnt að krefjast efnda ef það setti skuldara á höfuðið eða leiddi til ótilhlýðilegra fórna af hans hálfu (**Opergrenze**) eða raskaði mjög jafnræði hvað efndir snertir".

Í Sviss hefur úrlausn verið veitt sökum breyttra kringumstæðna með skírskotun til 2. greinar lögbókar þeirra og greina 119 og 373 í lagabálki um kröfurétt. Í áðurnefndum greinum segir ef um „contrat d'enterprise" er að ræða:

„Ef framkvæmd verksins er hindruð eða verður sérstaklega erfið vegna óvenjulegra kringumstæðna, sem ómögulegt er að sjá fyrir eða eru ekki taldar upp meðal atvika, sem aðilar hafa talið upp yfir kringumstæður sem sjá mætti fyrir má dómari hækka samningsverð eða fella úr gildi samninginn".

Í 119. gr. lagabálks um kröfur segir:

„1. Krafan fellur niður þegar efndir verða ómögulegar vegna kringumstæðna sem ekki varða skuldara.

2. Sé um tvíhliða samning að ræða, skal skuldari, ef hann losnar undan efndum á fyrrgreindan hátt, greiða samkvæmt reglum um ólögmæta auðgun, það sem hann hefur þegar fengið og má ekki krefja um það, sem eftir stendur.

3. Undanþegin þessu ákvæði eru tilvik þar sem lög eða samningar mæla svo fyrir, að kröfuhafi skuli bera áhættu jafnvel áður en krafan er efnd".

Með því að beita þessum reglum, og stundum með vísan til meginreglna laga, hafa svissneskir dómstólar að fullu viðurkennt kenningar um **imprévision:**

„Ójafnvægi sem verður milli greiðslu og gagngreiðslu vegna breyttra kringumstæðna verður að leiða til endurskoðunar eða breytinga á samningi ef slíkt ójafnvægi er meiri háttar, augljóst og óhóflegt".

Úrskurður frá 10. október 1933, RO 59, 1933, II p. 372, 378 et. adaption E.T. í JI 1936, I pp 162—66. Sjá almennt, Engel, **Traité de droit obligations — L'imprévision,** 528—34.

Svissneskur fræðimaður hefur sagt:

„Það er viðurkennt, að meginreglan "pacta sunt servanda" sé takmörkuð af því meginsjónarmiði, sem meira má sín, um sanngirni. Það er ennfremur ósanngjarnt að krefjast efnda af skuldara ef kringumstæður hafa breyst þannig að skuldari fái sem gagngreiðslu annaðhvort ekki neitt eða einungis gagngreiðslu sem er hlægileg í

samanburði við efndir hans. Honum er heimilt í samræmi við þetta að ógilda samninginn ef gagnaðili fellst ekki á sanngjarna lausn".

A. von Thur, **Allgemeiner Teil des Schweizerischen Obligationenrechts,** p. 565.

Enda þótt svissneskir dómstólar í dag séu líklegir til að leggja minni áherslu á kenninguna um **"rebus, sic stantibus",** gefur úrskurður Tribunal Federal frá 1919 góða mynd af hvernig Svisslendingar taka á þessum vanda:

„Við beitingu almennra meginreglna 2. gr. lögbókarinnar er nægjanlegt að taka fram að þegar um samninga af þessari tegund er að ræða eru aðilar bundnir skv. reglunni rebus sic stantibus þ. e. a. s. þegar róttæk breyting verður á ástandi á samningstímanum og þess eðlis að hið umsamda verð, ef því yrði haldið til streitu, væri ósanngjarnt mega báðir aðilar ógilda samninginn, nema þeir lagfæri verðið til samræmis við hinar breyttu aðstæður. Það væri hvorki rétt né sanngjarnt að láta „Brasseries" eitt sér halda hinni ófyrirsjáanlegu hækkun hráefnisverðs þegar hinn aðilinn gæti hagnast á slíkri hækkun hráefnis með því að velta henni yfir á neytendur".

Brasserie de St. Jeau gegn **Dame Hinderberger,** ATF (1919) 351, 355.

Ítalskir fræðimenn á sviði lögfræði og löggjafinn þar í landi hafa tekist á við þennan vanda.

Í 1467. gr. ítölsku lögbókarinnar segir um þetta:

„Þegar um er að ræða samninga þar sem greiðslur koma með jöfnu millibili og efndir verða fram úr hófi þungbærar vegna óvenjulegra eða ófyrirsjáanlegra atvika, má sá aðili, er efna skal, krefjast ógildingar á samningi."

„Ógildingu verður ekki krafist ef atvik eru hluti þeirrar áhættu, sem aðili tók á sig við samningsgerðina. Aðili, sem ógildingar er krafist gagnvart, getur komið í veg fyrir hana með því að bjóða sanngjarnar breytingar á samningsákvæðunum."

Í grískum lögum eru ákvæði um breyttar aðstæður, sem eru tiltölulega frjálsleg.

Í 338. gr. grísku lögbókarinnar segir:

„Ef kringumstæður þær, sem aðiljar byggðu á í aðalatriðum við gerð tvíhliða samnings, hafa breyst eftir á vegna óvenjulegra atvika, sem ekki urðu séð fyrir og ef skylda skuldara með hliðsjón af skyldu gagnaðila verður þungbær úr hófi fram, er dómara heimilt, ef skuldari krefst þess, að létta skyldu skuldara eftir því sem hæfilegt þykir, eða jafnvel ákveða að ógilda allan samninginn eða þann hluta hans sem ekki hefur verið efndur. Taka verður tillit til sanngirnissjónarmiða og viðurkenndrar verslunarvenju".

Menn sem setið hafa í gerðardómum á alþjóðlegum vettvangi hafa einnig viðurkennt mikilvægi þess að viðhalda — og ef nauðsyn krefur koma á að nýju — jafnvægi með efndum (equelibre des prestations) aðilja að alþjóðlegum samningi. Þessi meginregla kemur fram einna afdráttarlausast í gerðardómi frá 1956, uppkveðnum af hinum þekktu lögfræðingum Georges Ripert og André Panchaud (dómari við sambandsdómstólinn í Sviss) en þar sagði, „að í sambandi við alþjóðlegan samning, sem gerður var án þess að menn væru að taka áhættu, er það augljóst, eins og dæmt hefur verið, að aðiljar ætluðust til þess að þeir væru tryggðir gegn gengisfellingu nema um annað væru sérstaklega samið."

Société européenne d'études et d'enterprises gegn Gouvernement Yougoslave 1959 Clunet 1074.

Meginregla þessi var nánar útfærð af gerðardómsmanni í gerðardómsmáli ICC Nr. 2291 árið 1975:

„Allir viðskiptasamningar eru byggðir á gagnkvæmu jafnvægi greiðslna og ef menn hafna þessari meginreglu breyta þeir viðskiptasamningi í áhættusamning ("contrat aleatoire") sem byggður er á gróðabralli eða tilviljun. Það er regla í verslunarrétti "lex mercatoria" að greiðslur aðila hvors um sig séu í fjárhagslegu jafnvægi og sú er ástæðan fyrir

því, að í svo til öllum samningum (alþjóðlegum) er verðið ákveðið með tilliti til skilyrða, sem fyrir hendi eru þegar samningur er gerður, og það breytist innan marka, sem eru í samræmi við vöruna eða þjónustuna, sem seld er." (Ph. Khan, **Lex Mercatoria** et contrats internationaux, í Le Contrat Economique International, Bruxelles 1975, p. 1975 ...). ICC gerðardómsmál 2291, 1978 Clunet 989.

Gerðardómsmenn í alþjóðlegum gerðardómum hafa einnig lagt megináherslu á kröfur um sanngirni (good faith) aðilja að alþjóðlegum samningum, sjá Goldman, **La Lex Mercatoria dans les contrats et l'arbitrage internationaux: realiteé et perspectives,** 1979 Clunet, 492. Margir hinna miklu lagabálka á meginlandinu innihalda að sjálfsögðu ákvæði þess efnis að samkomulag skuli efnt eftir því sem fyrirmæli um góða trú segja. Sjá t. d. frönsku Code Civil, 1134 gr. þýsku BGB, 242. gr. og svissnesku Code Civil, 2. gr.

Þannig segir í gerðardóminum frá 1975, sem að framan er nefndur, „að samninga verður að túlka með tilliti til góðrar trúar, hver aðili er skyldur að hegða sér þannig gagnvart gagnaðila að hann valdi gagnaðila ekki tjóni".

Á sama hátt halda Ripert og Panchaud því fram í gerðardómi þeim, er fyrr var vitnað til, að það væri ósanngjarnt af ríki, sem hefur pantað og fengið þjónustu, að hafna því að greiða raunvirði fyrir og leitast við að hagnast á hinni miklu gengislækkun sem hefði orðið á gjaldmiðli þeim, sem greiða átti með.

Í gerðardómum nú á tímum hefur einnig verið lagt út af skyldu til samvinnu, sem stafar af skyldu manna til sanngjarnra efnda. Þessi skylda verður sérlega mikilvæg þegar um er að ræða flókna samninga til langs tíma um fjárhagsleg verkefni.

Í samræmi við þetta segir í gerðardómi ICC No 2243, að „aðilar eiga að gera sér það fullkomlega ljóst að einungis stöðug, **alger og áreiðanleg samvinna** milli þeirra gæti hugsanlega auðveldað lausn hinna ýmsu vandamála sem rísa vegna þess hversu flókið samningssamband sé um að ræða í því tilviki sem til úrlausnar er ..." og bætt við„... þessi skylda til samvinnu, sem samkvæmt nútímakenningum er réttilega talin leiða af sanngirni, sem ráða þarf í framkvæmd á samkomulagi, er knýjandi .....". (1976 Clunet 989).

Í skyldunni til samvinnu er einnig talin felast kvöð til þess að semja á nýjan leik þegar samningur verður af ófyrirsjáanlegum ástæðum úr hófi þungbær fyrir einhvern aðila. Þannig bættu gerðardómsmenn í gerðardómi sínum Icc. Nr. 2291 við ummæli sín um skyldu til að sýna sanngirni við framkvæmd því að „sanngjörn endurskoðun er helguð í alþjóðlegum langtímasamningum".

3. Endurskoðun alþjóðlegra samninga til langs tíma helgast af venjum í nútíma viðskiptum.

Á síðari árum eru æ fleiri að komast á þá skoðun meðal lögfræðinga og kaupsýslumanna að réttlætanlegt sé að endurskoða eða grípa til einhliða aðgerða varðandi langtíma samninga milli fjölþjóðafyrirtækja og einstakra ríkja þar sem þau starfa, sérstaklega ef um er að tefla samninga um nýtingu náttúruauðlinda.

Sjá almennt, Walde, **Revision of Transnational Investment Agreements in the National Resource Industries,** 10 law. Ams. 265 (1978). Fjölmargir meiriháttar samningar hafa verið endurskoðaðir. Asante nefnir 42 slíka samninga, Asante, **Stability of Contractual Relations in the Transnational Investment Process,** 28 Int'l Ex. Comp. L.Q. 401, 420—23 (1979).

Í mörgum, jafnvel flestum tilvikanna fór endurskoðun fram eftir að heimaríkið hafði gripið til einhliða aðgerða. Prófessor Oscar Schachter við Columbia háskóla hefur bent á eitt atriði, sem mjög er beitt til að réttlæta slíka endurskoðun.

> „Endurskoðun kann að vera réttlætanleg með því að óhóflegur eða óvæntur hagnaður verði af að framkvæma verk samkvæmt samningi við ríkisstjórn. Þetta er víða viðurkennt með iðnríkjum, sbr. endurskoðunarákvæði í bandarískum lögum (sem beitt

hefur verið í tilvikum þar sem ætlað hefur verið að um óhóflegan hagnað af samningum gerðum erlendis hafi verið að ræða). Það er engin ástæða til þess að endurskoðun á svipuðum grundvelli ætti ekki að vera viðurkennd í samningum milli erlendra félaga og ríkisstjórna ef þess er gætt að fyrir hendi séu aðferðir til að taka réttláta ákvörðun." **Schachter, Sharing the World's Resources.** 128 (1977).

Endurskoðun samninga af þessari gerð hefur verið löghelguð af ýmsum alþjóðastofnunum. Nýlega voru samþykkt drög að reglum S.Þ. um hegðan fjölþjóðafyrirtækja, sem samin voru af vinnuhópi en hlutverk hans var að vinna að reglum fyrir nefnd S.Þ. um fjölþjóðafyrirtæki, þar eru t. d. eftirfarandi ákvæði:

Endurskoðun og endurupptaka samninga.

Við samningsgerð og framkvæmd samninga milli ríkisstjórna og fjölþjóða fyrirtækja skal gætt sanngirnissjónarmiða. Í slíkum samningum, sérstaklega ef þeir eru til langs tíma, ættu að vera endurskoðunar- og endurupptökuákvæði.

Séu slík ákvæði ekki í samningi og grundvallarbreytingar verða á kringumstæðum sem samningar eða samkomulag var byggt á skulu fjölþjóðafyrirtæki, sem koma skulu fram af sanngirni, starfa að því með viðkomandi ríkisstjórn að endurskoða eða endurupptaka samninginn eða samkomulagið. Endurskoðun eða endurnýjun slíkra samninga eða samkomulags skal háð (lögum þess lands sem starfað er í) (lögum þess ríkis sem við á og meginreglum í þjóðarrétti). U.S. E/C 10/1982/6 Annex (5. júní 1982) í 5. gr.

Í skýrslu kunnra manna, sem kynna skyldu sér áhrif fjölþjóðafyrirtækja á þróun og alþjóðlegar auðlindir, kom fram viðurkenning á því „að ríki í landi því, er starfsemin fer fram í, hafi fortakslausan rétt til að breyta ákvæðum samkomulags með einhliða aðgerðum sem felast í beitingu fullveldis með lagasetningu". U.N. ST/ESA/7 frá 1974, 38—39.

Opinberar yfirlýsingar aðilja að langtímasamningi ríkisstofnunar og fjölþjóðafyrirtækis varpa ljósi á hvernig endurskoðun var í framkvæmd nú nýlega.

Á árinu 1979 krafðist Sonatrach, Olíuefnastofnun ríkisins í Alsír, þess einhliða að endursamið yrði um verð á fljótandi jarðgasi til El Paso sem er stórt bandarískt fyrirtæki sem sér um dreifingu á gasi. Samningurinn hafði verið með föstu verði til 25 ára. Talsmaður Sonatrach sagði:

„Endurskoðun samninga af þessu tagi er alls ekki óvenjuleg. Við höfum gert marga samninga við viðskiptavini í Evrópu og víðar um fljótandi gas, jarðgas og aðrar olíuafurðir. Fjöldamargir gamlir samningar hafa verið endurskoðaðir líkt og var um samninginn við El Paso. Aðilar slíkra samninga gera sér ljóst að báðir þurfa að komast af og að við og við þarf að lagfæra hlutina þannig að hvor aðili um sig geti og vilji efna ..... það var alger nauðsyn að endursemja ef þjónusta átti að halda áfram. Gerðir hafa verið viðaukar við marga samninga okkar við Evrópumenn af sömu ástæðu".

Skýrsla Nordine Ait-Laoussine, til bandarísku orkustofnunarinnar, verðlagsdeild, frá 25. maí 1979.

El Paso leitaði eftir samþykki bandarískra stjórnvalda á samningnum eftir að hann hafði verið endurskoðaður og þá sagði talsmaður þess:

„Samningur El Paso og Sonatrach frá 1969 er nú efnahagsleg tímaskekkja ... Öll efnahagsleg sjónarmið varðandi verkefnið nema eitt hafa breyst verulega. Auðvitað gegnir sama máli um þetta verkefni og önnur í alþjóða olíuiðnaðinum sem til urðu um sama leyti ....

Fyrst og fremst má nefna breytingu, svo ekki sé sagt gjörbyltingu, sem orðið hefur í orkumálum í heiminum. Aðrar skyldar kringumstæður sem breyst hafa eru verðbólga í Bandaríkjunum og víðast um heiminn, gengislækkun dalsins og eftirspurn eftir og verð á jarðgasi sem flutt er til Vestur-Evrópu .....

Ég þekki ekki neitt fyrirkomulag í alþjóðaviðskiptum með jarðgas og hráolíu, sem ekki hefur verið lagfært til þess að endurspegla þær miklu breytingar sem orðið hafa á sviði orkumála í heiminum.“

Skýrsla George D. Carameros, jr. til bandarísku orkustofnunarinnar, verðlagsdeild, frá 25. maí 1979. (áherslur mínar).

4. Sérstaða samninga um náttúruauðlindir:

Um samkomulag þar sem um er að ræða náttúruauðlindir landa gegnir sérstöku máli og réttur ríkis til þess að taka í sínar hendur „algera og virka“ stjórn á framtíðarnotkun náttúruauðlinda sinna er viðurkenndur í hinni þýðingarmiklu ályktun S.Þ. um ævarandi fullveldi yfir náttúruauðlindum, samþykktri af Allsherjarþinginu 1962.

Reglan um ævarandi fullveldi felur í sér að viðurkennt er að einstaklingsbundnir hagsmunir verða að víkja fyrir hagsmunum þjóðarheildarinnar. Reglan hefur verið styrkt af síðari ályktunum S.Þ. þar á meðal Yfirlýsingu um nýskipan efnahagsmála í heiminum frá 1974 og stofnskrá um efnahagslegan rétt og skyldur ríkja frá 1974. Sjá Asante, **Restructuring Transnational Mineral Agreements,** 37 A.J.I.L. 335—371 (1979).

Að þessu leyti er vatnsorka náttúruauðlind engu síður en jarðefni og fiskveiðar. Þjóðarhagsmunir og fullveldi ríkis verða því að sitja í fyrirrúmi.

5. Eftirmáli.

Í minnisgrein minni frá 8. júní 1982 benti ég á að ákveðnar hagfræðilegar athuganir þyrftu fram að fara til þess að fyrir lægju upplýsingar sem hægt væri að reisa á lögfræðilegar greinargerðir.

Umfangsmikil skýrsla færustu sérfræðinga um sölu raforku til ÍSAL hefur nú verið gefin út af iðnaðarráðuneytinu og mér borist niðurstöður hennar.

Til þess að unnt sé að rannsaka vandlega úrskurði, rit og venjur sem hér skipta máli þyrfti að skoða frekar efnahagslega þætti, sem skipta máli, kringumstæður við upphaflega samningsgerð við Alusuisse og samband aðilja og aðgerðir eftir þá samningsgerð, til þess að frekari lögfræðileg greinargerð verði gerð.

C. J. Lipton

10. September 1982,
New York.

Ed. 364. Frumvarp til laga [154. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. febr.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Åsberg, Berne Gunnar, nemi í Reykjavík, f. 5. apríl 1955 í Svíþjóð.
2. Bache, Mary Suzanne, kennari í Reykjavík, f. 6. júlí 1947 í Englandi.
3. Baran, Tadeusz, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1948 í Póllandi. Fær réttinn 27. ágúst 1983.

4. Blanco, Hugo Roberto, nemi í Reykjavík, f. 16. maí 1953 í Argentínu.
5. Cates, James Michael, verkamaður í Hafnarfirði, f. 29. mars 1964 á Íslandi.
6. Ericson, Sandra May, húsmóðir á Dalvík, f. 29. nóvember 1953 í Bandaríkjunum.
7. Eriksen, Liv Synnöve, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. 7. febrúar 1935 í Noregi.
8. Fernandez, Danièle, kennari í Reykjavík, f. 5. apríl 1950 í Marokkó.
9. Garðar Ragnvaldsson, rafvirki í Kópavogi, f. 6. nóvember 1955 á Íslandi.
10. Grimm, Karl Heinz, hjúkrunarmaður í Reykjavík, f. 25. júlí 1949 í Vestur-Þýskalandi.
11. Guillemette, Robert Charles Eugène, kennari í Reykjavík, f. 3. október 1948 í Frakklandi.
12. Henriksen, Rosa Kristiane Jakobine, verkakona í Keflavík, f. 11. febrúar 1961 á Grænlandi.
13. Hentze, Amy Evarda, húsmóðir á Skagaströnd, f. 5. febrúar 1939 í Færeyjum.
14. Hovgaard, Jacob Pauli Frimodt, verkamaður í Reykjavík, f. 17. mars 1922 í Færeyjum.
15. Jablonkay, Andras Daniel, kennari í Reykjavík, f. 13. júlí 1945 í Austurríki.
16. Jacobsen, Turid Egholm, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. júní 1935 í Noregi.
17. Joelsen, Sofie Katrine Deodora, húsmóðir á Kjalarnesi, f. 12. maí 1953 á Grænlandi.
18. Kashima, Miyako, prestur í Reykjavík, f. 3. febrúar 1947 í Japan.
19. Krajacic, Marijan, verkamaður í Reykjavík, f. 26. febrúar 1948 í Júgóslavíu.
20. Lozanov, Krsto, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 28. nóvember 1937 í Búlgaríu.
21. Maciaszek, Jadwiga Maria, saumakona í Reykjavík, f. 20. maí 1949 í Póllandi.
22. Mahmood, Pirshing Karim, nemi í Kanada, f. 26. apríl 1950 í Írak.
23. Munasinghe, Dulatirathna, rafmagnsverkfræðingur í Reykjavík, f. 24. júlí 1940 í Sri Lanka.
24. Ojeda, Fernando Sabido y, línumaður í Reykjavík, f. 22. apríl 1951 á Spáni.
25. Plédel, Hervé Jean Louis, kennari í Reykjavík, f. 16. apríl 1950 í Frakklandi. Fær réttinn 14. október 1983.
26. Suarez, Maria Emma, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. apríl 1954 á Filipseyjum.
27. Szebesta, Krzysztofa Maria, snyrtifræðingur í Reykjavík, f. 23. mars 1930 í Póllandi.
28. Tetzschner, Kamma Agnete, fóstra í Garðabæ, f. 28. ágúst 1939 í Danmörku.
29. Thepchai, Nareumon, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. mars 1952 í Thailandi.
30. Wahed, Faisal Abdul Malek, verkamaður í Reykjavík, f. 11. nóvember 1949 í Yemen.
31. Wallewik, Þaal Ólafur, nemi í Reykjavík, f. 10. mars 1958 á Íslandi.
32. Wilkinson, Janine Ruth, kennari í Hafnarfirði, f. 16. ágúst 1955 í Englandi.
33. Zanoria, Priscilla, verkfræðingur í Reykjavík, f. 16. janúar 1955 á Filipseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — en börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 365. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt á sinn fund Ólaf St. Valdimarsson, skrifstofustjóra samgönguráðuneytis, svo og fulltrúa sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Lárus Jónsson og Stefán Jónsson.

Alþingi, 17. febr. 1983.

Eiður Guðnason, form. Egill Jónsson, fundaskr. Jón Helgason, frsm.
Guðmundur Karlsson. Stefán Guðmundsson.

Ed. 366. Frumvarp til laga [205. mál]

um tóbaksvarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

1.1. Markmið laga þessara er að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni sem hún veldur og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksneyslu.

2. gr.

2.1. Með tóbaki er í lögum þessum átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak.

2.2. Lög þessi taka einnig til varnings, sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak, þótt hann innihaldi ekki tóbak, enda gildi ekki um hann önnur lög.

2.3. Lög þessi gilda ekki um tóbak, sem notað er sem lyf skv. lyfjalögum nr. 49/1978 eða sem eiturefni skv. lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

3. gr.

3.1. Með reykfærum er í lögum þessum átt við áhöld og útbúnað, tengdan tóbaksreykingum, svo sem sígarettupappír, reykjarpípur, tæki til að vefja sígarettur svo og annan slíkan varning.

4. gr.

4.1. Yfirstjórn mála skv. lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

5.1. Ráðherra skipar tóbaksvarnaráð til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti 3 menn, og skulu a. m. k. tveir vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar einn ráðsmann formann.

5.2. Hlutverk tóbaksvarnaráðs er fyrst og fremst:

1. Að vera ríkisstjórn, heilbrigðismálaráðherra, heilbrigðisnefndum, Hollustuvernd ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.
2. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks í samræmi við lög þessi.

3. Að hvetja aðra aðila til átaks í reykingavörnum og leitast við að samræma störf þeirra.
4. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi tóbaksvarnir, m. a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn.
5. Að fylgjast með tóbaksneyslu í landinu.
6. Að nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

5.3. Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við Tóbaksvarnaráð um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.
5.4. Leita skal álits ráðsins um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.
5.5. Tóbaksvarnaráð starfar í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins.
5.6. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um hlutverk og störf Tóbaksvarnaráðs í reglugerð.

II. KAFLI
Sala og auglýsingar.

6. gr.

6.1. Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar að skráð sé aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar.
6.2. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þ. á m. um aðvörunartexta, stærð hans, letur og annað sem máli kann að skipta.
6.3. Tóbaksframleiðendur eða umboðsmenn þeirra standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.

7. gr.

7.1. Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta á þó ekki við auglýsingar í ritum, sem út eru gefin utanlands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum, enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur.
7.2. Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.
7.3. Með auglýsingum er í lögum þessum m. a. átt við hvers konar tilkynningar til almennings, eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, útstillingar og notkun tóbaksvöruheita og auðkenna.
7.4. Leitast skal við að koma tóbaki þannig fyrir á útsölustöðum að það beri sem minnst fyrir augu viðskiptavina. Hollustuvernd ríkisins setur reglur þar að lútandi.
7.5. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er Tóbaksvarnaráði heimilt að gefa út skrá um skaðleg efni í reyk tóbakstegunda sem á markaði eru.

8. gr.

8.1. Tóbak má ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára.
8.2. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.
8.3. Ekki má selja tóbak í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

III. KAFLI
Takmörkun á tóbaksreykingum.

9. gr.

9.1. Tóbaksnotkun er óheimil í þeim hlutum af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra, þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu, sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði.
9.2. Þar sem tóbaksnotkun er óheimil samkv. 1. tl. skal það gefið til kynna með merki eða á annan greinilegan hátt.

10. gr.

10.1. Tóbaksnotkun er óheimil:
1. Í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum, sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa.
2. Á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn eða unglinga, hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim.
3. Í heilsugæslustöðvum.

10.2. Yfirmanni stofnunar, skv. 1. og 3. mgr., er þó heimilt að leyfa reykingar í hluta þess húsnæðis, sem ætlað er starfsfólki sérstaklega, enda skal þess gætt að það valdi ekki óþægindum þeim starfsmönnum, sem ekki reykja.

10.3. Á sjúkrahúsum má einungis leyfa reykingar á tilteknum stöðum, þar sem þær eru ekki til óþæginda fyrir þá, sem reykja ekki.

11. gr.

11.1 Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en ekki fellur undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt greinilega gefið til kynna á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd og gilda þá ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

12. gr.

12.1. Um tóbaksnotkun á vinnustöðum öðrum en skv. 9. og 10. gr. fer skv. nánari reglum, sem setja skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Skal þess gætt sérstaklega að þeir sem ekki nota tóbak verði ekki fyrir óþægindum.

13. gr.

13.1. Tóbaksnotkun er óheimil í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.

13.2 Forráðamenn flugvéla í millilandaflugi geta þó heimilað reykingar í hluta vélar en gæta skal þess að slíkt valdi ekki óþægingum fyrir þá sem ekki reykja. Með sömu skilyrðum má heimila reykingar í afmörkuðum hluta af almennu farþegarými skipa.

IV. KAFLI

Fræðslustarfsemi.

14. gr.

14.1. Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu:
1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppelsis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í ríkisfjölmiðlum.

14.2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gengst fyrir aðstoð við þá sem hætta vilja að reykja:
1. Á vegum heilsugæslustöðva.
2. Með námskeiðum í samvinnu við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

15. gr.

15.1. Ákveða skal á fjárlögum ár hvert framlag úr ríkissjóði til reykingavarna.

15.2. Tóbaksvarnaráð gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

16. gr.

16.1. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

VI. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

17. gr.

17.1 Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með útsölustöðum fyrir tóbak og fylgjast með því í umdæmi sínu, að virt séu ákvæði þessara laga um sölu tóbaks, tóbaksauglýsingar og takmarkanir á tóbaksneyslu.

17.2. Ef ljóst er að ekki er fullnægt fyrirmælum laga þessara eða brotið er gegn lögunum að öðru leyti gefur heilbrigðisnefnd viðeigandi fyrirmæli um að fullnægt skuli lagaskyldunni eða látið af hinu ólöglega athæfi.

17.3. Sé fyrirmælum heilbrigðisnefndar ekki framfylgt skal nefndin tilkynna það:

1. Lögreglustjóra, sé um að ræða brot gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 8. gr.
2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, ef um er að ræða brot gegn 6. gr., 7. gr. og 3. mgr. 8. gr.

18. gr.

18.1 Sé um að ræða brot gegn 6. gr. 1. mgr. getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið látið stöðva hina ólöglegu sölu þegar í stað.

18.2. Hafi verið brotið gegn ákvæðum 7. gr. skal ráðuneytið leggja bann við því að hinu ólöglega athæfi sé haldið áfram eða það endurtekið.

18.3. Sé brotið gegn 3. mgr. 8. gr. skal ráðuneytið koma í veg fyrir frekari brot.

19. gr.

19.1. Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.

19.2. Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. varða sektum. Fella má refsingu niður ef málsbætur eru miklar.

19.3. Brot gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 8. gr. varða sektum.

19.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningal. nr. 19/1940.

20. gr.

20.1 Það varðar mann sektum, haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13 gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

20.2 Sömu aðilar geta, með aðstoð lögreglu ef með þarf, vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum, láti hann ekki segjast.

20.3. Því aðeins skal ákæra fyrir brot skv. 1. mgr. að umráðamaður húsakynna eða farartækis krefjist þess.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

22.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 27/1977 um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal skipa í tóbaksvarnarráð sem annast skal tóbaksvarnastarf skv. lögum nr. 27/1977 og undirbúning að gildistöku laga þessara.
2. Reglugerð skv. 6. gr. 2. tl. um merkingar á tóbaki skal unnin þegar í stað og öðlast gildi um leið og lögin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 27. mars 1980 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svavar Gestsson, nefnd, sem falið var það hlutverk að endurskoða lög nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksneyslu með hliðsjón af fenginni reynslu.

Við endurskoðun laganna skyldi nefndin m. a. gera tillögur um:

1. Stefnumótun varðandi framkvæmd tóbaksvarnalaga og eftirlit með þeim.
2. Merkingar á tóbaksvarningi.
3. Auglýsingar á tóbaksvarningi, jafnt beinar sem óbeinar.
4. Bann við reykingum í opinberum húsakynnum og almenningsfaratækjum.
5. Fræðslu um skaðsemi tóbaksreykinga.

Auk endurskoðunar laganna var nefndinni falið að annast framkvæmd gildandi laga í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, þar til annað yrði ákveðið. Í nefndina voru skipaðir:

Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur, formaður,
Auðólfur Gunnarsson, læknir,
Þorvarður Örnólfsson, framkvæmdastjóri.
Sigrún Stefánsdóttir, fréttamaður og
Björn Bjarman, rithöfundur.

Í fjarveru Sigrúnar Stefánsdóttur og Auðólfs Gunnarssonar störfuðu með nefndinni Helgi Helgason fréttamaður og Sigurgeir Kjartansson yfirlæknir og hafa allir þessir aðilar unnið að frumvarpi þessu.

Með skipun nefndarinnar í mars 1980 má segja að á vissan hátt hafi verið brotið blað í sögu tóbaksvarnamála hér á landi, þar sem þá var í fyrsta skipti lögð til ákveðin stefnumótun varðandi gerð tóbaksvarnalaga. Nefndin hóf þegar störf og vann að þessu máli sleitulítið í tæp tvö ár. Nefndin gekk frá sínum fyrstu drögum í októbermánuði 1980 og sendi til umsagnar, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra, Læknafélagi Íslands, Krabbameinsfélagi Íslands, Samtökum heilbrigðisstétta, landlæknisembættinu, Hjartavernd, ÁTVR, Kvenfélagasambandi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Kennarasambandi Íslands, Flugmálastjóra, Siglingamálastjóra, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, ASÍ, BSRB, BHM, Vinnumálasambandi Íslands, eiturefnanefnd, Vinnueftirliti ríkisins Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Ríkissaksóknara, Manneldisráði, Ísl. bindindisfélaginu, Félagi forstöðumanna sjúkrastofnana, Menntamálaráðuneytinu, Skólayfirlækni, Félagi auglýsingastofa, Félagi bókaútgefenda, Blaðamannafélaginu, ÍSÍ, SÍBS, Rauða Krossi Íslands og Samtökum gegn astma og ofnæmi.

Enn fremur leituðu nefndarmenn álits valinkunnra aðila eftir því sem þeim þótti þörf á. Allmargir ofangreindra aðila skiluðu umsögn um fyrstu drög. Voru þessar umsagnir misjafnlega ítarlegar og lögðu sumir í þær töluverða vinnu. Að fengnum umsögnum, sem voru að berast langt fram eftir s. l. ári, tók nefndin saman önnur drög sín, þar sem reynt var að samræma sjónarmið þeirra er umsögn gáfu eins og unnt var. Lágu önnur drög fyrir s. l. haust og voru þau send til umsagnar þeim, er sent höfðu umsögn áður. Voru þessar umsagnir síðan að berast fram yfir sl. áramót 1981—82 en að þeim fengnum tók nefndin lokasprett og skilaði áliti í formi frumvarps til laga um tóbaksvarnir til ráðherra 24. febrúar 1982.

Vart er að benda á að umsagnir þeirra, sem fjölluðu um frumvarpið, voru mjög á einn veg og yfirleitt eindregnar stuðningsyfirlýsingar við frumvarpið eins og það birtist hér. Sem dæmi skal hér tekin umsögn Íþróttasambands Íslands en hún hljóðar svo: „Framkvæmdastjórn ÍSÍ mælir með því að drög II að frumvarpi um tóbaksvarnir verði samþykkt af Alþingi, þar sem hún telur framgang þeirra muni leiða til takmarkana á notkun tóbaks, sem brýn nauðsyn ber að hefta með lagaboði og aukinni fræðslu um skaðsemi tóbaksnotkunar, en hvort tveggja felst í frumvarpsdrögum II um tóbaksvarnir."

Enn fremur má nefna hér annað dæmi en það er umsögn Kvenfélagasambands Íslands, en hún hljóðar svo: „Á stjórnarfundi Kvenfélagasambands Íslands, 28. júlí 1981, var tekið til athugunar frumvarp til laga um reykingavarnir, sem samstarfsnefnd um reykingavarnir sendi KÍ til umsagnar. Stjórn KÍ lýsir yfir fullum stuðningi við frumvarpið og gerir engar athugasemdir við það".

Það sem einkum var gagnrýnt við frumvarpið eru ákvæðin í 6. gr. um merkingar tóbaksvarnings. Sú gagnrýni kom einkum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem taldi ýmis tormerki á slíkum merkingum og verður nánar vikið að því síðar í athugasemdum við 6. gr.

Það er skoðun nefndarinnar að tilgangur lagasetningar sem þessarar hljóti að vera að draga úr neyslu tóbaks og þar með því heilsutjóni, sem hún veldur og að vernda fólk fyrir því sem kallað hefur verið óbeinar reykingar. Til þess að ná þessu markmiði eru nefndarmenn sammála um, að kveða þurfi á um:

1) Aðvaranir á umbúðum tóbaksvarnings með hliðsjón af skaðsemi hans.
2) Fortakslaust auglýsingabann á tóbaki og tóbaksvörum.
3) Bann við sölu tóbaks til barna og á ákveðnum stöðum sem tengjast heilbrigðisþjónustu og uppeldi barna.
4) Takmarkanir á tóbaksreykingum í húsnæði þar sem almenningur nýtur þjónustu eða afgreiðslu af ýmsu tagi, og bann við reykingum á ákveðnum stöðum sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og unglingum og í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.
5) Ábyrgð hins opinbera hvað snertir fræðslu um skaðsemi reykinga.
6) Að tóbaksvarnir séu eðlilegur þáttur heilsugæslunnar, þannig að þeir sem njóta þurfa aðstoðar við að hætta að reykja geti leitað til heilsugæslustöðva.
7) Að starfandi verði ráð sérfróðra manna um tóbaksvarnir og skaðsemi tóbaks, tóbaksvarnaráð, ráðherra til halds og trausts.
8) Að eftirlit verði í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins í samræmi við lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Í nýlegri sérfræðingaskýrlsu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um reykingavarnir (frá 1979), stimplar stofnunin reykingar og þá sérstaklega sígarettureykingar sem sannkallaða farsótt. Stofnunin telur að ekki verði lengur á það fallist að reykingar komi einstaklingunum einum við eða hér sé um frjálst val að ræða, þar sem öllum sé kunnugt um þá sjúkdómshættu sem fylgir reykingum og viðurkennt sé að reykingar séu bæði læknisfræðilegt vandamál og félagslegt. Sjúkdómar af völdum reykinga, aðallega hjarta-, æða- og lungnasjúkdómar valda í dag gríðarlegum skaða í heiminum með ótímabærum dauðsföllum og örorku, svo ekki sé minnst á þann fjárhagsbagga sem þær reisa heilbrigðisþjónustunni svo og

almannatryggingakerfinu. Það er vissulega vel kunnugt að hlutfall dauðsfalla, sjúkleika, fjarvista frá vinnu og slysa er verulega hærra hjá þeim sem reykja en þeim sem ekki reykja. Skýrslur frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Sviss, Ástralíu og öðrum löndum sýna hvernig viðkomandi ríki glata of fjár vegna heilsugæslukostnaðar af völdum sjúkdóma í tengslum við reykingar. Í Ástralíu kom skýrt fram við úttekt á sjúkdómum tengdum reykingum að kostnaður hefur á undanförnum árum aukist 10 sinnum meira en skatttekjur af tóbaki og svo mætti lengi telja. Á þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf vorið 1980 var samþykkt ályktun, þar sem þess er farið á leit við allar ríkisstjórnir þátttökulanda, að þær m. a. með löggjöf um tóbaksvarnir beiti sér af heilum hug og alefli gegn tóbaksvágestinum, sem stofnunin telur þann einstakan þáttinn, sem heilsu manna stendur hvað mest hætta af í dag og það svo að líkja megi við farsóttir fyrri alda. Mengun af völdum reykinga veldur fólki sem ekki reykir óþægindum og jafnvel heilsuspjöllum. Reykingaávani fullorðinna er slæmt fordæmi fyrir ungu kynslóðina og leiðir til þess að hún tekur meira eða minna upp þennan hættulega ávana.

Góð heilsa er dýrmætasta eign hvers einstaklings og hefur áhrif á alla aðra þætti þjóðlífsins og þá ekki eingöngu heilbrigðisþjónustuna í hefðbundnum skilningi þess orðs. Á vegum hins opinbera er talið nauðsynlegt að hafa slysavarnir vegna þeirra tolla sem umferðin tekur en um nauðsyn umferðar verður ekki deilt. Hið sama má segja um slys á vinnustöðum, en um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi hafa fyrir nokkrum misserum verið samþykkt stefnumótandi lög, þ. e. a. s. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, en þeim er m. a. ætlað að koma í veg fyrir slys, sem óneitanlega fylgja atvinnustarfsemi. Þannig eiga opinberar tóbaksvarnir sér vissulega margar hliðstæður. Þegar kemur að tóbaksvörnum hefur oft komið annað hljóð í strokkinn, þótt engum blandist hugur um að tóbaksreykingar séu ónauðsynlegar og sannanir liggi fyrir um að tóbaksreykingar taki verulegan toll. Það er reginmisskilningur að ríkið hafi hagnað af tóbakssölu. Gjöldin eru mikil og verða aldrei að fullu virt til fjár. Hið opinbera verður að gera sér grein fyrir því, að til lengdar verður ekki tjaldað til einnar nætur á þessu sviði fremur en öðrum.

Hörmungar mannanna eru margar og sumar að því er virðist óviðráðanlegar og óyfirstíganlegar. Markmiðið hlýtur því að vera að komast hjá þeim hörmungum sem maðurinn á að geta ráðið við. Að slíku verður ekki unnið með löggjöf og opinberum reglum nema að takmörkuðu leyti og tekur frumvarp þetta sem hér liggur frammi mið af því. Frumvarpið tekur að ýmsu leyti mið af þeirri löggjöf sem samin hefur verið á Norðurlöndum svo og annars staðar í Vestur-Evrópu um tóbaksvarnir. Finnar settu árið 1977 stefnumótandi löggjöf á þessu sviði sem þykir mjög til fyrirmyndar og er einhver sú einarðasta sem litið hefur dagsins ljós. Þessi löggjöf hefur mest verið höfð til hliðsjónar.

Nefndin leggur áherslu á, að hún telur þær tillögur sem liggja hér frammi í formi frumvarps, vera fyllilega raunhæfar enda eru þær byggðar á ítarlegri yfirvegun og settar fram að fenginni umsögn sérfróðra og valinkunnra aðila sem sumir hverjir hafa látið sig þessi mál hvað mestu skipta. Mjög þótti koma til greina að ganga að ýmsu leyti lengra en hér er gert, t. d. varðandi takmarkanir á sölu tóbaks og tóbaksreykingum á almenningsstöðum. Verður getið um sumt af því í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar. Verði frumvarpið að lögum telur nefndin að vænta megi af þeim verulegs árangurs í samræmi við tilgang þeirra.

Greinargerð sú sem hér fylgir með er tekin saman af þeim nefndarmönnum Ingimari Sigurðssyni, Sigurgeiri Kjartanssyni og Þorvarði Örnólfssyni.

2. Skaðsemi tóbaksneyslu

2.1. Tóbaksreykur.

Tóbaksreykur inniheldur yfir 4000 efni og efnasambönd, ýmist í formi lofttegunda, úða eða örsmárra rykagna. Meðal þeirra eru efni sem hafa staðbundin, ertandi áhrif á vefi

líkamans, ýmist við beina snertingu reyksins eða þá að þau berast til lungna og síast þar inn í blóðrásins og hafa þannig greiðan aðgang að verka á nánast öll vefjakerfi líkamans.

Þær lofttegundir sem einna mestri ertingu valda eru köfnunarefnistvísýringur, formaldehýð, akrólein og vetnissýaníð (blásýra). Við tóbaksreykingar lama þessi efni þá starfsemi bifháraþekjunnar að flytja slím upp úr berkjupípum, um barka og upp í kok. Við reykingar hindrast þar með eðlileg hreinsun lungnapípnanna, en af því leiðir að efni tóbaksreyks setjast til í lungunum og valda skaðlegum áhrifum yfir miklu lengri tíma en reykt er.

Hættulegustu efni rykagna í tóbaksreyk eru hin svo nefndu fjölhringlaga, arómatísku kolvatnsefni, en þau eru krabbameinsvaldar (carcinogen), en auk þess eru í reyknum efni, krabbameinshvatar (co-carcinogen) sem stuðla að myndun krabbameins sumpart fyrir áhrif annarra efna eða með samspili við þau. Helst þeirra eru fenól, fitusýruesterar og fríar fitusýrur. Einnig hefur hiti frá glóð vindils, pípu eða sígarettu ertandi áhrif í munnholi.

Langvarandi áhrif ofangreindra þátta stuðla að krabbameinsmyndun og eykst hættan á því í réttu hlutfalli við magn reykinga og þann tíma sem vefirnir eru útsettir fyrir tóbaksreyk.

Af öðrum skaðlegum efnum í tóbaksreyk ber fyrst og fremst að nefna kolsýrling (kolmónoxið), hættulega lofttegund sem binst blóðrauðanum í stað súrefnis, og nikótín. Helstu áhrif af neyslu nikótíns eru þessi:

1. Lyfjafræðileg áhrif þess eru meðal annars róandi og sljóvgandi á heilastarfsemina.
2. Nikótín úr reyknum frá einni sígarettu getur valdið flökurleika, svima og þróttleysi hjá þeim sem reykja ekki að staðaldri en vanir reykingamenn þola nikótín í mun stærri skömmtum.
3. Hætti reykingamaður reykingum hefur það að jafnaði í för með sér andlega og líkamlega vanlíðan, fráhvarfseinkenni.
4. Endurtekin nikótínneysla leiðir af sér þörf fyrir sívaxandi neyslu að vissu marki, sem er einstaklingsbundið en oftast á bilinu 15—25 sígarettur á dag og aukið þol gagnvart efninu.

Nikótíni hefur samkvæmt ofangreindum atriðum verið skipað í flokk ávanabindandi, róandi nautnalyfja.

Í rykfasa tóbaksreyks, þ. e. í formi örsmárra agna, eru efni sem berast út í blóðrásina og þar með til allra vefja líkamans og geta bundist þar og safnast fyrir, reyndar í litlum mæli, en með áratuga tóbaksneyslu eru taldar líkur á að upphleðsla slíkra efna í vefjunum nái þeim mörkum, sem hættuleg geta talist.

Í ýmsum löndum er skylda að taka fram á sígarettupökkum hve mikið af nokkrum skaðlegustu efnunum berist til neytenda úr hverri sígarettu við venjulegar neysluvenjur.

Árið 1977 reyndist meðaltjörumagn í reyknum af sígarettum sem seldar voru í Svíþjóð vera um 20 mg. Af kolsýrlingi voru það 15 mg og af nikótíni 1,3 mg.

Annars eru þessi efni að sjálfsögðu breytileg milli tóbakstegunda og jafnvel árganga uppskerunnar.

2.2. Mikilvægar skýrslur.

Það sem vitað er um samband reykinga og sjúkdóma er einkum byggt á faraldsfræðilegum rannsóknum sem hafa náð til mjög stórra þjóðfélagshópa.

Dýratilraunir, rannsóknir á sjúklingum og rannsóknir í líffærafræði, m. a. víðtækar krufningarannsóknir, hafa einnig rennt mikilvægum stoðum undir þær niðurstöður sem fengist hafa.

Heilbrigðisyfirvöld, nefndir skipaðar af hinu opinbera, læknafélög og heilbrigðissamtök hafa víða um heim tekið þessar rannsóknir til rækilegrar athugunar og birt mat sitt og ályktanir í sérstökum skýrslum sem orðnar eru æði margar.

Þekktastar eru skýrslur Konunglega breskra lyflæknafélagsins, bandarísku landlæknisins og Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar. Fyrsta skýrsla breska lyflæknafélagsins kom út

1962. Nefndist hún „Smoking and Health“ (reykingar og heilsa). Athyglisvert er að þriðja skýrslan, sem út kom 1977, nefndist „Smoking or Health“ (reykingar eða heilsa).

Bandarískí landlæknirinn (the Surgeon General) hefur sent frá sér margar slíkar skýrslur, hina fyrstu árið 1964. Sérstaklega má nefna viðamikla skýrslu „Smoking and Health“ sem kom út í janúar 1979 og hefur að geyma geysimikinn fróðleik um tengsl reykinga og sjúkdóma og um aðrar hliðar reykingavandamálsins, svo og þær skýrslur sem út hafa komið árlega síðan.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur gefið úr þrjár sérfræðingaskýrslur um áhrif reykinga og reykingavarnir: „Health Consequences of Smoking“ 1971. „Smoking and its Effects on Health“ 1975 og „Controlling the Smoking Epidemic“ 1979.

Niðurstöðurnar í þessum skýrslum eru óvenju samhljóða miðað við það sem menn eiga að venjast í læknisfræði. Auk þess hafa þær orðið sífellt alvarlegri og uggvænlegri eftir því sem árin hafa liðið.

Í skýrslu konunglega breska lyflæknafélagsins 1971 og aftur 1977 er lýst yfir því að „sígarettureykingar“ séu jafnveigamikil orsök dauðsfalla og hinar miklu farsóttir sem herjuðu á fyrri kynslóðir í landinu“ og ályktað að „átak til verndar almenningi gegn þeim skaða sem svo margur maðurinn bíður af völdum sígarettureykinga myndi hafa meiri áhrif á almannaheilsu í landinu en nokkuð annað sem nú sé unnt að gera á sviði fyrirbyggjandi læknisfræði (preventive medicine)“.

Þetta á við um Stóra-Bretland þar sem heilsutjón af völdum tóbaksreykinga er sérlega algengt. Það á einnig við Ísland þó að afleiðinga þessarar nútíma farsóttar gæti hér ekki enn í jafnríkum mæli. Við höfum ennþá tækifæri til að sporna við henni þannig að harmleikurinn verði aldrei eins mikill hér og í þeim löndum þar sem hann hefur orðið hvað mestur.

2.3. Sjúkdómar og dauðsföll af völdum reykinga.

Það er nú fullsannað að reykingar valda margs konar sjúkdómum, eins og reyndar vænta má af eðli og samsetningu tóbaksreyks svo sem áður er rakið.

Hér verður aðeins tæpt á nokkrum helstu atriðum þessa máls en að öðru leyti skal vísað til ítarlegrar samantektar í bæklingnum „Reykingar og heilsa“ (bls. 5—16) sem út var gefinn af Reykingarvarnanefnd í samvinnu við Krabbameinsfélag Reykjavíkur og ætlaður er almenningi til uppfræðslu og frekari glöggvunar.

DÁNARTÍÐNI

Frá 35 ára aldri er hætta á dauðsföllum lengst af hlutfallslega mun hærri í öllum aldursflokkum hjá reykingamönnum en þeim sem reykja ekki. Einna mestur er munurinn hjá körlum 45—54 ára. Hjá þeim eru dánarlíkur nær þrefaldar miðað við jafnaldra þeirra sem ekki reykja.

Við framreikning á lífslíkum 25 ára karla má skv. erlendum rannsóknum búast við að þeir sem ekki reykja nái 73,6 ára aldri en þeir sem reykja 40 sígarettur eða meira nái aðeins 65,3 ára aldri að jafnaði.

Mismunurinn 8,3 ár er sá tími sem stórreykingamenn lifa að jafnaði skemur.

Í aldurshópnum 45—64 ára eru dánarlíkur af öllum ástæðum nær tvöfaldaðar hjá þeim sem reykja miðað við þá sem reykja ekki. Einkum er þetta áberandi hvað snertir dauðsföll af völdum öndunarfæra-, hjarta- og æðasjúkdóma hjá körlum. Svipaðrar tilhneigingar gætir hjá konum en í heldur minna mæli.

Athuganir á vinnutapi yfirleitt, hvort heldur er af heilsufarsástæðum eða öðrum ótilgreindum ástæðum, sýna að fjarvistir fara vaxandi með reykingamagni bæði hjá konum og körlum.

SJÚKDÓMAR AF VÖLDUM REYKINGA

Lungnasjúkdómar eru hvað algengastir fylgikvillar reykinga. Þekktast er samband reykinga og lungnakrabbameins. Tíðni þess hefur alls staðar aukist með auknum sígarettureykingum, sem eru taldar langveigamesta orsök sjúkdómsins. Á 5 ára tímabili frá 1975—79 voru alls 262 sjúklingar greindir með lungnakrabbamein hér á landi en aðeins 34 allt tímabilið 1931—1954 (24 ár). Árangur meðferðar hefur verið takmarkaður allt til þessa og má búast við að einungis tíunda hluta sjúklinganna takist að bjarga með aðgerðum, þannig eru um níu tíundu sjúklinganna látnir innan fimm ára frá greiningu, en langflestir þeirra þegar innan þriggja ára.

Aðrir algengir lungnasjúkdómar af völdum reykinga eru þrálát berkjubólga og lungnaþemba. Valda þeir fjölda fólks örkumlun um aldur fram.

Reykingar eru einn mikilvægasti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma og dánartíðni vegna þeirra sjúkdóma er mun hærri meðal reykingamanna en þeirra sem reykja ekki. Tengsl reykinga við kölkun og þar með þrengsli og gúlamyndanir í slagæðum annars staðar í líkamanum eru þó enn meira sláandi. Heita má að allir þeir, jafnt konur sem karlar, sem leita lækninga vegna greindra slagæðasjúkdóma, séu reykingamenn. Afleiðingar þeirra eru heilablóðfall (slag) með helftarlömun um lengri eða skemmri tíma, oftast þó ævilöng örkuml, eða verulega skert starfsgeta vegna þreytu (cladicatio intermittens) í ganglimum eða þá drep í tám eða framleistum, er leiðir til aflimunar, sem hendir stöku sinnum enn í dag þrátt fyrir framfarir á þessu sviði læknisfræðinnar.

Af öðrum sjúkdómum er greinilega tengjast reykingum ber einkum að nefna krabbamein í munnholi, barkakýli, vélinda, þvagblöðru, brisi og nýrum.

Þá er reykingamönnum öðrum hættara við maga- eða skeifugarnarsárum. Skaðleg áhrif reykinga barnshafandi kvenna á fóstur eru nú löngu orðin viðurkennd staðreynd. Verður lítillega fjallað um þau hér á eftir í sambandi við óbeinar reykingar.

2.4. Skaðsemi óbeinna reykinga.

Síðasta áratug hefur almenningur í hinum tæknivædda heimi orðið í vaxandi mæli meðvitandi um nauðsyn þess að hamla gegn mengun umhverfisins og hugtakið umhverfisvernd orðið til.

Skorin hefur verið upp herör gegn hvers konar mengun frá orku- og iðjuverum, hvort heldur er í eigu einstaklinga, félaga eða ríkisins.

Andrúmsloftið er sameign allra og óhjákvæmileg nauðsyn hverjum þeim sem lífsanda dregur. Er það samfélagsskylda að viðhalda hreinleika andrúmslofts ekki síður en neysluvatns sem ætlað er almenningi.

Með sömu rökum er það réttur hvers manns að fá að neyta ómengaðs andrúmslofts jafnt í hvíld sem starfi, og heyra frávik frá því aðeins til undantekninga.

Vitundin um þennan rétt hefur m. a. verið undirrót lagasetningar er miðar að því að takmarka reykingar á almannafæri.

Nefna má sem ljóst dæmi um þetta lagabálk sem kenndur er við Howard County í Bandaríkjunum. — Venjulega er vitnað til hans sem „Howard County Indoor Clean Air Act of 1977."

Í lögum þessum er kveðið á um að matsölustöðum, verslunum, skrifstofum og öðrum svæðum sem ætluð eru almenningi til afnota sé annað hvort skipt í reykingasvæði og reyklaus svæði ellegar, ef stjórn stofnana ákveður svo, algjört bann sé við reykingum á nefndum svæðum.

Í forsendum þessara laga er gengið út frá því að tóbaksreykur sé hættulegur heilsu almennings. Þau eru þó fyrst og fremst ætluð til verndar almennri heilsu og vellíðan þeirra sem ekki reykja. Lögð er áhersla á að þeim sem vilja reykja sé skylt að virða rétt hinna sem reykja ekki og vilja komast hjá skaðlegum áhrifum af reykingum í næsta umhverfi sínu.

Reykingar eru alls ekki einkamál þeirra sem reykja.

Til eru teknir í forsendum laganna fjórir flokkar einstaklinga sem eigi það sameiginlegt að heilsufari þeirra sé ógnað með reykingum annarra:

1. Fólk haldið ofnæmis- eða astmasjúkdómum.
2. Börn og ungmenni vegna viðkvæmni gagnvart bólgu í öndunarfærum.
3. Sjúklingar með langvarandi hjarta- og lungnasjúkdóma.
4. Fólk með augnlinsur.

Eftir að Howard County bálkurinn var settur hefur margt nýtt komið í ljós varðandi skaðsemi óbeinna reykinga m. a. að því er varðar varanlegar skemmdir á lungnavef og aukna áhættu á lungnakrabbameini.

Verður nánar að því vikið hér á eftir og jafnframt stiklað á stóru um áhrif óbeinna reykinga yfirleitt.

Rannsóknir sýna að um 75% þeirra sem reykja ekki finnst óþægilegt að vera í tóbaksreyk en um 50% kenna beinnar vanlíðunar af einhverju tagi svo sem óþæginda í augum, ertingar í nefi, hósta og sárinda í hálsi.

Er þetta sá þögli meirihluti sem orðið hefur svo lengi að anda að sér reykmettuðu andrúmslofti nauðugur viljugur.

Ofnæmissjúklingar eru jafnvel enn líklegri en aðrir til að fá þessi einkenni af völdum óbeinna reykinga og tóbaksreykur er eitthvert argasta vandamál sem astmasjúklingar eiga við að stríða í daglegu lífi sínu.

Hjartasjúklingum getur beinlínis verið bráð hætta búin af óbeinum reykingum og sjúklingar með þráláta berkjubólgu eða lungnaþembu þola illa að vera í miklum tóbaksreyk.

Tóbaksreykur getur valdið hvarmabólgu, jafnvel hjá fullhraustu fólki, og getur valdið óbærilegri ertingu hjá fólki með augnlinsur.

Börnum á heimilum þar sem er reykt er mun hættara en öðrum börnum við kvefi og hvers konar bólgum í öndunarfærum og þar með eyrum. Oft lagast þessi einkenni þegar hætt er að reykja á heimilinu.

Börnum og unglingum sem alast upp við reykingar á heimilum er miklu hættara við að byrja reykingar en hinum sem alast upp á reyklausum heimilum. Fordæmi á hér efalaust hlut að máli en spurning hlýtur þó að vakna um eins konar óbeina og óviljandi ávanabindingu strax í foreldrahúsum.

Undanfarið hefur fjölgað rannsóknum á skaðlegum áhrifum óbeinna reykinga á lungnastarfsemi o. fl. Af því sem þegar hefur komið fram má álykta að þau séu meiri en áður var talið og séu háð heildarreykmagni sem borist hefur til öndunarfæra.

Nýlegar rannsóknir á starfsemi lungna, sem einkum beinast að ástandi smæstu berkjupípna og samdráttarhæfni lungna, unnar á um 2000 einstaklingum við Kaliforniaháskóla, leiddu í ljós að einstaklingar sem störfuðu með reykingafólki (20—40 sígarettur á dag) um 20 ára skeið, en reyktu ekki sjálfir höfðu skerta lungnastarfsemi (um 25—35%) miðað við sambærilegan hóp sem ekki reykti og starfaði í ómenguðu andrúmslofti.

Hér eru metin áhrif á lungun ein saman en ekki tekið tillit til áhrifa á hjarta- og blóðrásakerfi, né heldur krabbamein.

Áhrif á lungun ein jafngilda þó áhrifum þess að reykja um 5—10 sígarettur á dag, eða reykja pípu eða vindla án þess að reykja ofan í sig.

Rannsóknir á um 91 000 giftum konum, húsmæðrum í Japan, sýndu tvöfalda tíðni lungnakrabbameins hjá þeim konum sem höfðu verið giftar um 20 ára skeið mönnum sem reyktu 20—40 sígarettur á dag miðað við konur sem giftar voru mönnum sem ekki reyktu. Allt voru þetta konur sem ekki reyktu sjálfar.

Svipuð var útkoma á rannsóknum í Grikklandi á vegum Harward háskóla.

Mun fleiri rannsóknir styðja kenningar um skaðsemi óbeinna reykinga, og bent hefur verið á að tíðni lungnakrabbameins hjá Mormónum, sem hvergi er há því að Mormónar

reykja ekki, er mun lægri í Utah en hjá Mormónum annars staðar í Bandaríkjunum. Liggur nærri að ætla að reykmengun á vinnustöðum utan Utah eigi hér nokkurn hlut að máli.

Áhrifa óbeinna reykinga fer þegar að gæta í fósturlífi. Nikótín, kolsýrlingur og e. t. v. fleiri efni tóbaksreyks ná svipuðum eða jafnvel meiri þéttleika í fóstri en í móðurinni sem reykir.

Bitnar þetta á vexti og þroska fósturs. Fóstur verða pastursminni og hætta á fyrirburðum og andvana fæddum börnum er mun meiri hjá konum sem reykja.

Börnum mæðra sem reykja á meðgöngutímanum er því þúið mun rýrara veganesti út í lífið en öðrum börnum, og mismunur á þroska eykst jafnvel enn hjá börnum á brjósti reykjandi mæðra. Þau sjúga ekki einungis mengaða móðurmjólk heldur anda einnig að sér reykmettuðu andrúmslofti á heimilinu.

3. Tóbaksneysla á Íslandi.

3.1. Þróun síðustu áratuga.

Sú meginbreyting hefur orðið á tóbaksneysluvenjum hér á landi frá fyrstu áratugum þessarar aldar að neysla munntóbaks og neftóbaks, sem samanlagt nam þremur fjórðu hlutum tóbaksinnflutningsins árin 1912—1915, hefur smátt og smátt dregist saman og er nú hverfandi lítil en sígarettureykingar, sem voru þá rétt að byrja, hafa aukist hröðum skrefum, enda heildarneysla tóbaks aukist mikið á þessu tímabili.

Sígarettureykingar urðu þó ekki algengar hér fyrr en um og eftir síðari heimsstyrjöld. Salan óx úr 450 sígarettum á mann árið 1940 í 900 árið 1950. Er það mesta aukning sem hefur orðið á einum áratug.

Fyrst urðu sígarettureykingar hér almennar meðal karla en nokkru síðar einnig meðal kvenna. Árin 1967—68 var svo komið samkvæmt rannsóknum Hjartaverndar á fólki 34 ára—61 árs að tiltölulega mun fleiri konur en karlar reyktu sígarettur. Átti það við um alla aldursflokka sem könnunin náði til nema hinna allra elstu. Könnun sem Hjartavernd gerði á 20—34 ára gömlu fólki árið 1973 sýndi einnig að tiltölulega miklu fleiri konur en karlar á þessum aldri reyktu sígarettur, sbr. og það sem síðar segir um reykingar unglinga. Konur reykja að vísu nokkru minna að jafnaði en karlar en munurinn virðist fara síminnkandi.

Annað sem einkennir þróunina í þessum málum er það að menn hafa undanfarið almennt byrjað yngri að reykja en áður tíðkaðist. Í því sambandi má m. a. vísa til kannana sem borgarlæknirinn í Reykjavík lét gera í barna- og gagnfræðaskólum borgarinnar, fyrst árin 1959 (unglinga- og gagnfræðaskólar) og 1962 (barnaskólar) og aftur árið 1974. Á þeim árum sem liðu milli kannananna tvö- til þrefaldaðist hlutfallstala reykjandi stúlkna í nær öllum aldursflokkum frá 12 ára aldri til 17 ára aldurs og daglegar reykingar höfðu farið mjög í vöxt hjá báðum kynjum. Athyglisvert er að frá og með 13 ára aldri voru daglegar reykingar algengari meðal stúlkna en pilta. Svo var einnig árið 1978 þegar þriðja könnun borgarlæknis var gerð í Reykjavík en þá hafði þó dregið verulega úr reykingum barna og unglinga í borginni (um meira en fjórðung), einkum 12 og 13 ára gamalla.

Eitt helsta einkenni á þróun reykingavenja hér á landi síðustu tvo áratugina er það að svonefndar filtersígarettur hafa smátt og smátt rutt sér til rúms á markaðnum á kostnað filterlausra og eru nú meira en fjórir fimmtu hlutar af þeim sígarettum sem hér eru seldar.

Jafnframt hefur tjara og nikótín í reyknum farið minnkandi að vegnu meðaltali. Hver sígaretta gaf þannig að jafnaði 9% minna nikótín árið 1982 en fimm árum áður svo að dæmi sé tekið (1,23 mg á móti 1,35 mg).

Árið 1981 var sala á sígarettum komin upp í 1760 stykki á hvern íbúa eða rúmlega 2400 stykki á hvern íbúa 15 ára og eldri. Hefur hún aldrei orðið jafnmikil á hvorn veginn sem reiknað er. Önnur tóbakssala hefur hins vegar dregist svo mikið saman að undanförnu að heildarsala tóbaks í grömmum á hvern íbúa 15 ára og eldri var árið 1981 nokkru minni en árin 1974—1976 en þá hefur hún mest orðið.

3.2. Könnun Reykingavarnanefndar.

Á árunum 1980 og 1981 lét Reykingavarnanefnd í samvinnu við Manneldisráð gera könnun á reykingavenjum fólks á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum þéttbýlisstöðum utan þess. Spurt var einnig um afstöðu til reykinga og takmarkana á reykingum.

Könnunin náði til 237 einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og 142 utan þess. Voru konur álíka margar og karlar. Meðalaldur þátttakenda var um 38 ár en þeir voru frá 20 ára til 66 ára.

Um 48% þátttakenda sögðust reykja og var hlutur kvennanna nokkru minni en karlanna (um 42% og 54%). Utan höfuðborgarsvæðisins reyndust reykingar mun algengari heldur en í Reykjavík og nágrenni, 55% á móti 44%.

Sígarettureykingamenn voru 35% af öllum hópnum. Þeir reyktu að meðaltali 14 sígarettur á dag og höfðu flestir (80%) byrjað að reykja fyrir tvítugsaldur. Könnunin leiddi í ljós að fleiri konur en karlar reykja sígarettur (40% á móti 29%). Er það í samræmi við niðurstöður Hjartaverndar (sjá hér áður).

Athyglisvert er hve stór hluti aðspurðra vildi takmarka reykingar á almannafæri. Mest fylgi höfðu hömlur á reykingum í almenningsfarartækjum (84%), en mikinn hljómgrunn höfðu einnig aðgerðir á opinberum stöðum (73%) og á vinnustöðum (57%).

Tæplega fjórðungur þátttakendanna hafði reykt en var hættur. Aðeins fimmti hver reykingamaður hafði aldrei reynt að hætta. En svo var líka fólk sem hafði aldrei reykt, tæplega þrjátíu af hundraði aðspurðra.

Af þeim sem reyktu þegar könnunin var gerð sögðust 56% vilja hætta að reykja, enda töldu nær allir þátttakendur í þessari könnun að reykingar væru heilsuspillandi.

Með því að könnun þessi náði einungis til fárra staða utan höfuðborgarsvæðis og alls ekki til strjálbýlis og var einnig öðrum takmörkunum háð, t. d. varðandi aldur þátttakenda og hjúskaparstétt, ber að taka niðurstöður hennar með nokkrum fyrirvara. Þær ættu þó að gefa verulega vísbendingu um stöðu þessara mála.

Ástæða er til að gera víðtækari kannanir á reykingavenjum landsmanna reglulega, t. d. annað hvert ár, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á hlutfallslegum fjölda reykingamanna í þjóðfélaginu og öðru sem máli skiptir í mati á því hvert stefnir. Sölutölur ÁTVR gefa engan veginn fullnægjandi upplýsingar í því efni.

4. Löggjöf um tóbaksvarnir.

Saga skipulagðra afskipta hins opinbera af tóbaksvörnum er ekki löng hér á landi. Hófust slík afskipti ekki fyrr en löngu eftir að öllum var ljóst að vissar hættur voru samfara tóbaksreykingum en á því sviði áttu Íslendingar frumherja, Níels Dungal prófessor, en hann benti þegar á það laust eftir 1950, hversu reykingar væru skaðlegar, og lagði fram röksemdir sem síðan hafa verið staðfestar. Fyrsta lagaákvæði um tóbaksvarnir hér á landi leit dagsins ljós 1969, en þá var kveðið á um aðvaranir um skaðsemi tóbaks og að slíkt skyldi merkt vandlega á umbúðir tóbaksvarnings. Þetta þótti ekki gefast vel enda illa að merkingum staðið og þær ófullnægjandi. Í reynd má segja að saga opinberra tóbaksvarna hefjist ekki fyrr en 1971, þegar ákveðið var í lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak o. fl. að banna tóbaksauglýsingar utandyra og í kvikmyndahúsum og fjölmiðlum. Enn fremur átti að ráðstafa 2‰ af brúttótekjum vegna sölu tóbaks í landinu til þess að vara við tóbaksreykingum en aðvaranir á sígarettupökkum voru lagðar niður. Í kjölfar þessara breytinga var árið 1972 sett á laggirnar svokölluð samstarfsnefnd um reykingavarnir, en í henni áttu sæti fulltrúar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Hjartaverndar og Krabbameinsfélags Íslands. Nefndin hafði það eitt hlutverk að vara við hættu af tóbaksvörum með því að birta auglýsingar varðandi þessi mál í fjölmiðlum og ráðstafa því fé sem til þessara hluta rann með þetta að markmiði. Starfaði nefndin til 1977. Lengst af störfuðu í nefndinni Jón Kjartansson forstjóri,

Sigurður Samúelsson prófessor og Bjarni Bjarnason læknir en eftir andlát Bjarna 1975 tók Ólafur Bjarnason, prófessor sæti í nefndinni.

Fljótlega kom í ljós að ákvæði um tóbaksauglýsingar í lögunum frá 1971 þjónuðu ekki þeim tilgangi sem ætlast var til og talið var æskilegt, þar sem tóbaksframleiðendur gátu haldið uppi auglýsingaherferðum innandyra, t. d. í matvöruverslunum svo og á skemmtistöðum. Enn fremur leituðust þeir við að koma auglýsingaspjöldum svo fyrir að auðvelt væri að sjá til þeirra utandyra. Einnig efndu tóbaksframleiðendur til samkeppni meðal kaupmanna um það hver væri duglegastur við sölustarfsemi og voru í boði verðlaun. Mönnum eru sjálfsagt í fersku minni þær snörur, sem tóbaksframleiðendur reyndu að leggja fyrir sérsambönd innan íþróttahreyfingarinnar, þótt þeim yrði ekki kápan úr því klæðinu.

Þetta leiddi til þess að á Alþingi 1977 var lagt fram frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum og varð það að lögum þá um vorið, lög nr. 27/1977. Í lögunum er lagt blátt bann við hvers konar auglýsingum á tóbaki og tóbaksvarningi hér á landi og enn fremur er bannað að nota neyslu og hvers konar meðferð tóbaks og tóbaksvarnings í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu. Samkvæmt lögunum er ráðherra heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum, sem eru til almenningsafnota, og við veitingar heimilda til reksturs langferðabifreiða, flugvéla, farþegaskipa og leigubifreiða og hvers konar annarra farartækja, sem rekin eru gegn gjaldtöku, er heimilt að setja skilyrði um reykingabann að nokkru leyti eða öllu leyti í farartækjum. Önnur nýmæli laganna eru þau að heilbrigðismálaráðherra er fengin heimild til að skipa nefnd til að annast framkvæmd laganna svo og aðrar aðgerðir til að hamla gegn tóbaksreykingum. Í kjölfar þessara laga var samstarfsnefnd um reykingavarnir nr. II skipuð. Áttu í henni sæti Ólafur Ragnarsson ritstjóri, formaður, Ásgeir Guðmundsson skólastjóri og Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri. Starfaði nefnd þessi af harðfylgi allt til áramóta 1979—80.

Lög nr. 27/1977 um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum hafa, að svo miklu leyti sem þau hafa að geyma hrein fyrirmæli, dugað mjög vel. Ákvæðin um auglýsingabann hafa náð fram að ganga og hefur þeim verið fylgt svo til brotalaust. Stærsti galli laganna er sá að þau byggja mikið á heimildum og hafa þær verið vannýttar einhverra hluta vegna. Að vísu hafa verið bannaðar reykingar í leigubifreiðum með stoð í þessum lögum og í einstaka stofnunum en um almenna notkun hefur ekki verið að ræða.

Eins og áður hefur fram komið var ákveðið með lögunum 1971 að 2‰ af brúttótekjum ríkisins af tóbakssölu skyldi varið til tóbaksvarna. Með setningu laga nr. 27/1977 varð sú breyting á að ákveða skyldi á fjárlögum ár hvert hve miklu fé ætti að verja í þessu skyni. Var ætlunin efalaust sú að stórauka fjárframlög til þessara mála eins og glögglega kom í ljós á seinnihluta ársins 1977. Langt er frá því að þeirri stefnu hafi verið haldið. Árið 1980 voru lagðar 27 milljónir kr. til tóbaksvarna og vantaði 13 milljónir kr. upp á að framlagið svaraði til 2‰ reglunnar, hefði hún verið áfram í lögum, hvað þá að um sé að ræða aukningu. Sá tvískinnungur sem fram hefur komið í fjárframlögum ríkisins til tóbaksvarna á undanförnum árum leiðir óhjákvæmilega til þess að úr þeim dregur. Var það þó alls ekki ætlun Alþingis með samþykkt laganna 1977.

5. Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú stefnuyfirlýsing að lögunum sé ætlað það markmið að draga úr tóbaksneyslu og þar með því heilsutjóni, sem hún veldur, og að vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksneyslu, þ. m. t. óbeinna tóbaksreykinga.
2. Í 2. gr. eru skýr ákvæði um það, hvað átt sé við með tóbaki. Enn fremur til hvaða annars varnings lögin nái með hliðsjón af sambærilegri neyslu, þótt ekki innihaldi viðkomandi varningur tóbak.
3. Í 4. gr. eru lögð til ótvíræð ákvæði um það hver eigi að fara með yfirstjórn tóbaksvarnamála, þ. e. a. s. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

4. Í 5. gr. er að finna ákvæði um tóbaksvarnaráð, hvernig í það skuli skipað og hvaða hlutverki það skuli fyrst og fremst gegna.
5. Í 6. gr. er að finna ákvæði um aðvaranir á tóbaksvarningi vegna skaðsemi hans.
6. Í 7. gr. er reynt að skilgreina hvað átt sé við með auglýsingum í kjölfar þess að ákveðið er að halda í hið fortakslausa auglýsingabann, sem sett var með lögum nr. 27/1977.
7. Í 8. gr. er að finna ákvæði þar sem segir að tóbak megi ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára. Jafnframt að bannað sé að selja tóbak úr sjálfsölum og í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.
8. Í 9. gr. er lagt til að tóbaksnotkun verði bönnuð í þeim hlutum af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu og þjónustu sem þessir aðilar reka. Skv. gildandi lögum er slíkt heimilt með ráðherraákvörðun.
9. Lögð er til sú aðalregla í 10. gr. að tóbaksnotkun sé óheimil í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum sem fyrst og fremst eru ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa, og á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn og unglinga hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim og í heilsugæslustöðvum. Undantekningar eru heimilaðar en þó skal sérstaklega gætt að óbeinum reykingum. Varðandi sjúkrahús skulu reykingar einungis heimilaðar á tilteknum stöðum.
10. Í 11. gr. er forráðamönnum húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að, en ekki fellur undir reykingabann 11. gr., heimilað að ákveða slíkt bann sjálfir í húsi sínu.
11. Í 13. gr. er lögð til sú aðalregla að tóbaksreykingar séu bannaðar í farartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku. Lögð er til undantekning sé um að ræða millilandaflug og almennt farþegarými skipa.
12. Í 14. gr. eru lögð til stefnumótandi ákvæði varðandi fræðslu og ábyrgð menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis á því að henni sé sinnt í skólum landsins og ríkisfjölmiðlum.
13. Í 14. gr. er líka lagt til að litið verði á tóbaksvarnir sem eðilegan þátt heilsugæslunnar, þannig að þeir sem hætta vilja að reykja geti notið aðstoðar lækna og hjúkrunarliðs heilsugæslustöðvanna.
14. Í 17. gr. er lagt til að heilbrigðisnefndir undir yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins, sbr. nánar lög nr. 50/1981, hafi eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti, sem um hrein framkvæmdaatriði er að ræða, þ. e. a. s. eftirlit með útsölustöðum, og að virt séu ákvæði laganna um sölu tóbaks, tóbaksauglýsingar og takmarkanir á tóbaksreykingum. Ennfremur eru lagðar til ákveðnar aðgerðir vegna meintra brota á lögunum, þ. e. a. s. hvernig heilbrigðisnefndir skuli standa að slíku m. a. með að tilkynna lögreglustjóra það eða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um markmið laganna og að það skuli vera að draga úr tóbaksneyslu vegna þess heilsutjóns sem af henni hlýst og enn fremur að vernda fólk fyrir áhrifum óbeinna reykinga.

Það er löngu sannað að tóbaksreykingar eru gríðarlegur sjúkdómavaldur, einkum í öndunarvegi og æðakerfi. Nauðsyn ber til að reyna að stemma stigu við heilsutjóni af þeirra völdum. Enn fremur liggur ljóst fyrir að sá sjálfsagði réttur manna að fá að lifa í reyklausu lofti hefur verið fótum troðinn, þar sem tóbaksreykingar eru annars vegar. Nú þykir sjálfsagt að ströng ákvæði gildi um mengun ytra umhverfis svo og mengun á vinnustöðvum.

Lög um tóbaksvarnir eru að öðrum þræði mengunarvarnalög, þ. e. a. s. lög um mengunarvarnir innan dyra. Fjallað er sérstaklega í greinargerð hér að framan um óbeinar reykingar og vísast til þess sem þar segir.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um þann varning sem lögunum er ætlað að ná yfir en það eru fyrst og fremst sjálfar tóbaksjurtirnar (nikótína) svo og allur varningur sem unninn er úr þeim og ætlaður til neyslu. Enn fremur er talin fyllsta ástæða til að lögin nái til varnings sem ætlaður er til neyslu með sama hætti og tóbak, þótt ekki innihaldi tóbak, enda gildi þetta ekki um önnur lög. Hér má sem dæmi nefna svokallaðar gervisígarettur, sem ekki innihalda nikótín en kunna að hafa önnur skaðleg efni að geyma, bæði fyrir neytandann og aðra er ekki komast hjá því að anda reyknum að sér.

Lögunum er ekki ætlað að ná yfir tóbak að svo miklu leyti sem það er notað sem lyf skv. lyfjalögunum. Enn fremur er ekki ætlast til þess að lögin nái yfir tóbak sem notað er sem eiturefni, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, en dæmi eru um það að tóbak sé notað sem skordýraeitur.

Um 3. gr.

Vegna ákvæða frumvarpsins um tóbaksauglýsingar, sbr. 7. gr., er nauðsynlegt að kveða á um það hvað átt sé við með reykfærum, sbr. nánar ákvæði 7. gr. Reynslan hefur sýnt að víða er leitað fanga til þess að fara í kringum auglýsingabann laga sem þessara og því nauðsynlegt að hafa hér mjög víðtækt ákvæði til þess að stemma stigu við slíku í framtíðinni.

Um 4. gr.

Hér eru lögð til skýr ákvæði um það undir hvaða ráðherra tóbaksvarnamál heyri. Slíkt hefur ekki verið gert áður. Með breytingum á lögum um verslun ríkisins með tóbak, áfengi o. fl. 1971 var Samstarfsnefnd um reykingavarnir sett undir fjármálaráðuneytið og þar með einnig tóbaksvarnastarfið, þótt þá hefði þegar tekið til starfa sérstakt heilbrigðismálaráðuneyti. Með lögum nr. 27/1977 voru þessi mál sett undir heilbrigðismálaráðherra, án þess að lögin kvæðu skýrt á um slíkt, en lögin voru sett að tilstuðlan þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthíasar Bjarnasonar.

Um 5. gr.

Hér er að finna ákvæði um að skipa skuli svokallað tóbaksvarnaráð og að í því eigi sæti þrír sérfróðir aðilar um skaðsemi tóbaks eða tóbaksvarnir. Skv. gildandi lögum er heimilt að skipa nefnd til þess að annast framkvæmd gildandi laga og hefur það heimildarákvæði verið notað eins og kunnugt er. Hér eru lögð til skýr ákvæði um það að ráðherra beri að skipa slíkt ráð, þótt ekki sé reynt að binda hendur hans varðandi skipun manna í ráðið að öðru leyti en því að þeir skulu vera sérfróðir um skaðsemi tóbaks og tóbaksvarnir.

Í þessari grein er enn fremur nokkuð tæmandi ákvæði um störf tóbaksvarnaráðs en þau eru fyrst og fremst ráðgefandi störf fyrir opinbera aðila svo og tillögugerð um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu tóbaks og beita sér fyrir átaki í tóbaksvörnum. Enn fremur er ætlast til þess að fjármálaráðuneytið hafi samráð við tóbaksvarnaráð varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Varðandi innflutning kemur fyrst og fremst til greina eftir hvaða sjónarmiðum skuli valið eða hafnað. Reiknað er með því að tóbaksvarnaráð fjalli um allar reglugerðir um tóbaksvarnir og tóbakssölu án tillits til þess, hvort um er að ræða reglugerðir á vegum heilbrigðisráðuneytis eða annarra ráðuneyta. Enn fremur er gert ráð fyrir því að tóbaksvarnaráð starfi í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og er reyndar eðlilegast að það starfi innan veggja Hollustuverndar ríkisins, þar sem Hollustuverndinni er falin yfirumsjón með eftirliti með lögunum, sbr. nánar 17. gr.

Tóbaksvarnaráði er fyrst og fremst ætlað að starfa faglega en ekki eins og núverandi reykingavarnanefnd sem er jafnframt falið að fylgjast með framkvæmd gildandi laga.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein má aðeins dreifa tóbaki og hafa það til sölu að skráð sé aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar, þ. e. a. s. á neytendaumbúðir. Merking af þessu tagi hefur verið reynd hér á landi og þótti ekki gefa góða raun enda þannig að henni staðið að nánast var útilokað að menn veittu henni athygli. Var aðvörunarmiðinn límdur á þann enda sígarettupakkans sem jafnan er ekki rifinn upp og auk þess utan á sellofonpappír.

Því hefur verið haldið fram að erfitt yrði að merkja umbúðir tóbaksvarnings. Íslenski tóbaksmarkaðurinn sé svo lítill að mikill fjöldi tóbaksframleiðenda mundi ekki sjá sér fært að annast merkingu á íslensku á framleiðslu sinni. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heldur því fram í umsögn sinni um frumvarpið að framleiðendur og umboðsmenn þeirra muni ekki taka á sig kostnað við merkingu umbúða, heldur hækka útsöluverð vöru sinnar sem aukakostnaði nemur, þ. e. a. s. þeir sem ekki hætti útflutningi til Íslands.

Röksemdir gegn aðvörunarmerkingu eru að mati Reykingavarnanefndar léttvægar. Hér er um að ræða neysluvarning miklu skaðmeiri en gerist og gengur og engin rök mæla með að um gildi vægari reglur en um annan neysluvarning. Í reglugerð nr. 250/1976, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem sett er með stoð í matvælalögum frá 1936, eru ítarleg ákvæði um merkingar matvæla. Skv. reglugerðinni ber að merkja vörur og þá sérstaklega viðkvæmar matvörur alveg sérstaklega ekki síst með hliðsjón af þeim efnum sem í þeim eru. Engin ástæða er til þess að láta annað gilda um tóbak enda á að vera hægt að merkja tóbak þegar við pökkun eins og gert er t. d. við innflutning til Skandinavíu. Kæmi ef til vill til greina að koma á samnorrænum reglum á þessu sviði, þannig að allt tóbak, sem flutt yrði til Norðurlandanna, yrði merkt á sama hátt, öllum Norðurlandabúum skiljanlegt. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur mælt sérstaklega með aðvörunarmerkingum. Nefndin hefur að vísu ekki gert tillögu um innihaldslýsingu á tóbaksumbúðum svo sem lögboðnar eru sums staðar erlendis. Nefndin telur að slíkar upplýsingar (tölur) einar gefi óljósar og jafnvel villandi hugmyndir um skaðsemi vörunnar. Öðru máli gegnir um upplýsingar er varða beinlínis samband tóbaksneyslu og sjúkdóma og annars ófarnaðar. Þær má setja þannig fram að öllum skiljist. Hér er kjörin leið til að koma þeim á framfæri, neytendum og öðrum til umhugsunar.

Lagt er til að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar. Vill nefndin benda á að fordæmi Svía í þessu efni þykir sérlega eftirbreytnivert en þeir leggja m. a. upp úr fjölbreyttum og breytilegum aðvörunartextum. Reiknað er með að reglugerð um merkingarnar líti dagsins ljós eigi síðar en við gildistöku laganna, þ. e. a. s. 1. ágúst 1983, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða, tölulið 2.

Lögð eru til ótvíræð ákvæði um það, að það sé tóbaksframleiðenda eða umboðsmanna þeirra að standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari grein.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að haldið verði í það fortakslausa auglýsingabann sem sett var inn í lög 1977 og að það gildi einnig um reykfæri, sbr. það sem segir hér að framan um 3. gr.

Ákvæðunum um auglýsingabann er þó ekki ætlað að ná til rita sem gefin eru út utanlands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur. Hér eru tekin af öll tvímæli og undantekningin gerð svo þröng sem mögulegt er.

Lögin frá 1977 banna einnig það sem nefna má óbeinar tóbaksauglýsingar og er gert ráð fyrir því að það ákvæði haldist efnislega óbreytt.

Hér er sem sagt ekki um að ræða neina efnislega breytingu frá núgildandi ákvæðum um

bann við tóbaksauglýsingum enda hafa þau verið fyllilega raunhæf og réttmæti þeirra ekki dregið í efa. Má segja að því fráleitara sé að leyfa að halda tóbaki að fólki með auglýsingum sem meira er vitað um hvílíkur skaðvaldur það er.

Auglýsingabannið tekur einnig til útstillinga á tóbaki en hefur ekki verið skilið svo að það hindri að tóbak sé haft í hillum á útsölustöðum þar sem það er sýnilegt viðskiptavinum. Ákvæðinu í 4. mgr. 7. gr. er ætlað að draga úr hættu á misnotkun í auglýsingaskyni. Nefndin íhugaði þann möguleika að banna að hafa tóbaksvörur sýnilegar í verslunum enda virðist það samræmast best ákvæðunum um auglýsingabann. Má vera að síðar verði horfið að því ráði.

Heimildin í 5. mgr. á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum og er sett til að taka af tvímæli um það hver megi gefa út skrár sem þar um ræðir. Slíkar skrár eru gefnar út reglulega víða um lönd og sums staðar lögskylt að skrá á umbúðir tölur sem sýna hversu mikið er af tjöru, nikótíni og jafnvel kolsýrlingi í reyk einnar sígarettu þeirrar tegundar sem í hlut á. Hér er ekki gerð tillaga um slíkar merkingar sbr. það sem áður segir. Skráin um skaðleg efni getur að nokkru leyti komið í þeirra stað. Mætti t. d. gefa hana út einu sinni á ári með hliðsjón af erlendum skrám og í samráði við íslenskar rannsóknastofur. Sérstaklega skal bent á að heimild ÁTVR skv. 4. gr. tóbaksvarnalaga frá 1977 til að auglýsa verðskrár yfir tóbaksvörur er hér felld niður, enda hefur verslunin ekki notað þessa heimild um árabil. Vitanlega er þó ekki ætlast til að hætt sé að birta venjulegar fréttir um breytingar á tóbaksverði.

Um 8. gr.

Lagt er til að ekki mega selja tóbak börnum yngri en 16 ára. Er það í samræmi við tilmæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem hefur að vísu ekki orðað sérstakt aldurstakmark. Ákvæði um bann við tóbakssölu til barna eru allvíða í lögum, m. a. í Noregi og Finnlandi. Er í báðum löndunum miðað við yngri en 16 ára (í finnsku lögunum: „sem augljóslega eru yngri en 16 ára.“). Þótt viðurkennt sé að hér sé það ákvæði þessara laga sem einna erfiðlegast gengur að framkvæma þá er það talið ómissandi í tóbakslöggjöf beggja þjóðanna.

Ákvæðið um bann við að selja börnum tóbak er í reynd opinber staðfesting á því viðhorfi stjórnvalda að nauðsynlegt sé að hamla gegn því að menn byrji að reykja. Jafnframt styðst það við niðurstöður fjölmargra rannsókna sem sýna að hættulegast er að byrja reykingar á barns- og unglingsárum.

Lagt er til í 2. mgr. að bannað verði að selja tóbak úr sjálfsölum. Nefndin hyggur að vísu að tóbakssala með þeim hætti sé hér óþekkt fyrirbæri en telur ástæðu til að girða fyrir að sá háttur verði upp tekinn, ekki síst með hliðsjón af ákvæðum um bann við að selja börnum tóbak.

Um þá tillögu (3. mgr.) að banna tóbakssölu í heilbrigðisstofnunum og stofnunum fyrir börn og unglinga þarf vart að hafa mörg orð. Mörgum þykir skjóta skökku við að selja slíkan heilsuþjóf á stöðum þar sem m. a. og ekki síst er verið að glíma við afleiðingar tóbaksneyslu og vísa veginn til heilsusamlegri lifnaðarhátta. Tóbak er nú selt á nokkrum sjúkrahúsum sem kunnugt er. Er sú starfsemi mörgum þyrnir í augum.

Svo sjálfsagður hlutur er að banna tóbakssölu í skólum fyrir börn og unglinga að það þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um bann við tóbaksreykingum í þeim hlutum af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra, þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu, sem þessir aðilar veita. Hér er um að ræða úrræði til þess að vernda þá sem ekki reykja. Í gildandi löggjöf er að finna heimildarákvæði fyrir ráðherra til þess að leggja bann við tóbaksreykingum í húsnæði sem þessu, en fyllsta ástæða er til að lögfesta þetta sérstak-

lega. Flestir hafa orðið fyrir þeirri reynslu, að koma í slíkt húsnæði þar sem varla hefur verið vært fyrir tóbaksreyk. Það er með öllu óverjandi að þeir sem vilja vera án slíks á þessum stöðum þurfi að þola það. Á þessu sviði virðist réttur þess sem ekki reykir sérstaklega fyrir borð borinn. Lagt er til að þar sem reykingar eru bannaðar skv. þessari grein skuli það sérstaklega gefið til kynna með merkingum eða á annan greinilegan hátt þannig að ekki fari á milli mála að reykingar séu bannaðar.

Gert er ráð fyrir þeirri undantekningu að bannið gildi ekki um veitinga- og skemmtistaði. Þetta kann að hljóma andkannalega, en að mati reykingavarnanefndar er ekki raunhæft að banna reykingar á slíkum stöðum.

Um 10. gr.

Lögð er til sú aðalregla að reykingar séu bannaðar annars vegar í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum fyrir félags- og tómstundastarf barna og unglinga, hins vegar í heilsugæslustöðvum. Styðst þetta eins og ákvæði 9. gr. við þann tilgang laganna að vernda fólk gegn óbeinum reykingum. Sú vernd er einmitt hvað brýnust þegar eiga í hlut börn og þeir sem eru ekki heilir heilsu, þó að hér séu vissulega fleiri hafðir í huga.

Jafnframt er hér um að ræða staði þar sem er sérstaklega æskilegt að starfsfólk gefi það fordæmi að reykja ekki. Nefndinni er kunnugt um að samkomlag er um það hjá starfsfólki í allmörgum grunnskólum að þar sé ekki reykt, a. m. k. ekki á vinnutíma. Í nokkrum skólum hefur verið tekinn upp sá háttur að leyfa reykingar einungis í tilteknu herbergi eða skoti. Hér er lagt til með tilliti til þess starfsfólks sem sættir sig ekki við annað en fá að reykja á þessum vinnustöðum að forstöðumaður geti leyft reykingar í hluta þess húsnæðis sem er ætlað starfsfólkinu eingöngu. Ætlast er til að hann taki eins mikið tillit og mögulegt er til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki aðalreglunni.

Með samkomum sem fjallað er um í 1. mgr. er átt við barnaskemmtanir, barnasýningar í kvikmyndahúsum og leikhúsum, skólaskemmtanir o. fl.

Engar samræmdar reglur eru hér á landi um reykingar á sjúkrahúsum. Óvíða munu þau mál hafa verið tekin föstum tökum svo sem þó er mikilvægt og raunar alveg nauðsynlegt. Að því er einmitt stefnt með 3. mgr. 10. gr. Samkvæmt henni eiga reykingar ekki að viðgangast á sjúkrahúsum nema á tilteknum stöðum þar sem þær eru sérstaklega leyfðar og baga ekki sjúklinga og starfsmenn sem ekki reykja. Aðstæður á sjúkrahúsum eru vitaskuld afar mismunandi. Verður að ákveða það á hverjum stað fyrir sig hvar reykja megi skv. þessu.

Um 11. gr.

Þar sem bannákvæði 9. og 10. gr. miðast við ákveðið húsnæði og starfsemi er lagt til að forráðamenn annars húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir reykingabann 9. og 10. gr., geti sjálfir ákveðið að banna eða takmarka reykingar í húsnæðinu. Skuli það þá sérstaklega gefið til kynna á staðnum, þ. e. a. s. með ákveðnum merkingum og tilkynnt viðkomandi heilbrigðisnefnd og gilda þá ákvæði laganna eftir því sem við á. Hér eru ekki síst hafðir í huga veitinga- og skemmtistaðir en forráðamönnum slíkrar starfsemi gæti þótt akkur í að takmarka reykingar, þannig að ákveðinn hluti húsnæðis yrði reyklaus og er þá ekki annað en sanngjarnt að um þá staði gildi sömu reglur og um aðra, þar sem ríkir lögbundið tóbaksreykingabann.

Um 12. gr.

Mjög æskilegt er að upp verði teknar varnir gegn tóbaksreykmengun á vinnustöðum almennt en ekki einungis þeim sem um ræðir hér á undan. Er það í raun og veru eðlilegur þáttur í vinnuvernd. Þess vegna er lagt til að settar verði slíkar reglur í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Helst þetta í hendur við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en yfirumsjón með þeim málum hefur Vinnueftirlit ríkisins.

Um 13. gr.

Hér er lögð til sú aðalregla að tóbaksreykingar verði bannaðar í almenningsfarartækjum, sem rekin eru gegn gjaldtöku. Er þar komið að mjög veigamiklu atriði varðandi rétt þeirra sem reykja ekki að þeir geti ferðast með farartækjum án þess að verða fyrir óþægindum og vanlíðan vegna tóbaksreyks. Kvartanir yfir reykingum í áætlunarbílum og innanlandsflugi eru mjög algengar. Reykingar hafa þegar verið bannaðar í leigubifreiðum og það bann hefur gefist vel. Samgönguráðuneytið veitir sérleyfi til mannflutninga með því skilyrði að tekin séu frá „hæfilega mörg sæti" í fremri hluta bifreiðar fyrir þá sem reykja ekki. Að þessu er í besta falli ófullkomin vernd og auðvitað alls engin ef skilyrðið er virt að vettugi svo sem dæmi eru um. Er því við borið að ógerlegt sé að halda uppi slíkri hálfkáksreglu. Aftur á móti hafa nokkrir sérleyfishafar bannað alveg reykingar í áætlunarbílum sínum og almennt munu sérleyfishafar kjósa slíkt bann þó að sumir treysti sér ekki til að framkvæma það nema með fullri lagaðstoð.

Engin tormerki eru á því að banna reykingar í innanlandsflugi með því að flugtími er aldrei meiri en rúmur klukkutími. Öðru máli gegnir með flug milli landa. Því er gerð sú undantekning að forráðamönnum flugvéla í millilandaflugi er heimilt að taka frá hluta vélar undir reykingar en gæta skal þess að það valdi ekki óþægindum fyrir þá sem ekki reykja. Sama gildir og um almennt farþegarými skipa.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er kveðið á um fræðslustarfsemi varðandi skaðsemi tóbaksneyslu. Skipuleg fræðslustarfsemi á þessu sviði er nú eingöngu í höndum Krabbameinsfélags Reykjavíkur sem sinnir þessu starfi að eigin frumkvæði en að vísu með nokkrum fjárstyrk frá heilbrigðisráðuneyti og Reykjavíkurborg. Er það að mestu bundið við grunnskóla. Svo virðist sem fræðsluyfirvöld telji sig ekki hafa skyldum að gegna varðandi slíka fræðslu. Hér er um að ræða undirstöðuþáttinn í öllu tóbaksvarnarstarfi, og tryggja verður að hann sé ekki vanræktur. Því er lagt til að menntamálaráðuneytið skuli í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu í skólum landsins og ríkisfjölmiðlum. Auk grunnskóla er lagt til að áhersla sé lögð á slíka fræðslu í skólum sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum, því að þau störf fela í sér mikilvægt hlutverk í tóbaksvörnum.

Lagt er til að skylt sé að almenningsfræðsla fari fram í ríkisfjölmiðlunum. Er það í samræmi við ákvæði í umferðarlögunum um umferðarfræðslu. Lagt er til að þeir sem þurfa aðstoð við að hætta að reykja geti leitað til heilsugæslustöðva sem starfa skv. lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Hér er á því byggt að litið verði á tóbaksvarnir sem eðlilegan þátt í heilsugæslustarfi, enda um að ræða það forvarnarstarf innan heilbrigðisþjónustunnar sem sennilega gæti skilað hvað bestum árangri. Auk þess er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, sem fer með yfirstjórn heilbrigðismála, gangist fyrir námskeiðum fyrir þá sem vilja hætta að reykja í samvinnu við ýmsa aðra aðila.

Á það skal bent að reykingavarnanefnd hefur staðið fyrir nokkrum slíkum námskeiðum, aðallega í Reykjavík. Hafa þessi námskeið verið vel sótt en erfitt er að meta árangur á þessu stigi en hann virðist þó töluverður eftir því sem lauslegar heimildir herma.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um fjárframlög til reykingavarna. Lagt er til að á fjárlögum ár hvert verði kveðið á um framlag ríkissjóðs til reykingavarna og er þetta í samræmi við gildandi lög. Eins og fram hefur komið hafa fjárframlög til reykingavarna farið hríðlækkandi á undanförnum árum sérstaklega með hliðsjón af 2‰ reglunni sem lögfest var 1971 en felld úr gildi 1977, þótt ætlunin væri þá að stórauka fé til tóbaksvarna. Þrátt fyrir þessa reynslu er ekki lagt til að

tekinn verði upp afmarkaður tekjustofn enda fjárveitingavaldinu ekki að skapi. Í staðinn er lagt til að haldið verði í fyrra ákvæði í trausti þess að fé til tóbaksvarna verði aukið, en miðað við þá uppbyggingu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir ætti féð að nýtast betur en áður, þar sem ekki mundi þurfa að nota hluta af því til eftirlits með framkvæmd laganna.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt er að hafa ákvæði um það að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, sérstaklega með hliðsjón af því að lög sem þessi verða aldrei þannig úr garði gerð að tæmandi þyki og að sífellt eru að koma í ljós fleiri og fleiri hættur samfara reykingum. Þar sem markmið laganna er hnitmiðað ætti ekki til þess að koma að slík reglugerð gangi of langt.

Um 17. gr.

Lagt er til að heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hafi eftirlit með útsölustöðum fyrir tóbak og fylgist með því í umdæmum sínum að virt séu ákvæði laganna um sölu tóbaks, tóbaksauglýsingar og takmarkanir á tóbaksreykingum. Ástæðan fyrir því að lagt er til að heilbrigðisnefndir taki þetta að sér er sú að með lögunum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem öðluðust gildi 1. ágúst 1982, varð viss stefnubreyting í heilbrigðiseftirlitsmálum hér á landi. Í stað rúmlega 220 misjafnlega virkra heilbrigðisnefnda komu eingöngu 47 nefndir sem starfa innan 11 svæða og er öllum ætlað að hafa heilbrigðisfulltrúa á sínum snærum þannig að ekkert sveitarfélag á að vera án þjónustu heilbrigðisfulltrúa hér eftir. Hollustuvernd ríkisins, sem starfar skv. sömu lögum og í eru sameinaðir þeir þættir heilbrigðiseftirlits og rannsókna því tengdra sem undir heilbrigðisyfirvöld heyra, hefur yfirumsjón með þessu starfi. Hér er lögð til svipuð skipan og lögfest var í Finnlandi 1977 og hefur þótt gefa góða raun. Öllum er ljóst að sú skipan sem ríkir í dag varðandi eftirlit, þ. e. a. s. að fela það stjórnskipaðri nefnd, gengur ekki til lengdar.

Hvað snertir framkvæmd eftirlitsins er lagt til að sé ekki fullnægt fyrirmælum laganna eða brotið gegn þeim að öðru leyti þá skuli heilbrigðisnefnd gefa viðeigandi fyrirmæli um að fullnægja skuli lagaskyldunni að láta af hinu ólöglega athæfi. Þar með er lagt til að heilbrigðisnefndir reyni að leysa þessi mál sem mest hávaðalaust og aldrei komi til þess að mál fari til lögreglu nema um sé að ræða brot á slíkum fyrirmælum en þá skal heilbrigðisnefnd beita tvenns konar aðferðum eftir því um hvers konar brot er að ræða. Lagt er til að heilbrigðisnefnd tilkynni viðkomandi lögreglustjóra sé um að ræða brot gegn ákvæðum um bann við sölu tóbaks til einstaklinga yngri en 16 ára og tóbakssölu úr sjálfsölum en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sé um að ræða brot gegn reglum um merkingar, auglýsingar og sölu á tóbaki í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

Um 18. gr.

Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sem æðsta stjórnvald á þessu sviði hafi ákveðnum skyldum að gegna við að koma í veg fyrir brot. Þannig er lagt til að ráðuneytið láti stöðva sölu á tóbaki sé brotið gegn ákvæðum um merkingar, að ráðuneytið komi í veg fyrir auglýsingar eða að auglýsingum verði haldið áfram og enn fremur að komið verði í veg fyrir að tóbak verði selt í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga. Á þennan hátt er lagt til að reynt verði að leysa meint brotamál á lögunum á sem einfaldastan hátt, þannig að ekki komi til afskipta ákæruvalda nema í algjörum undantekningatilvikum. Slík skipan hlýtur að teljst eðlileg enda tóbaksvarnarstarfinu meira til framdráttar en ef beitt væri venjulegum ákæruleiðum.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er fjallað um viðurlög. Lagt er til að sé brotið gegn ákvæðum 6. gr. um merkingar og 7. gr. um auglýsingabann skuli brotið sæta sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða sé brot ítrekað. Enn fremur er lagt til að sé brotið gegn ákvæðum um sölubann til einstaklinga yngri en 16 ára varði það eingöngu sektum og að fella megi niður refsingu séu málsbætur miklar og er það gert þar sem oft er erfitt að henda reiður á aldri einstaklinga.

Lagt er til að brot gegn ákvæðum um bann við að selja tóbak í heilbrigðisstofnunum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga varði sektum.

Hér er um að ræða viðurlög, sem dómstólar geta beitt, þannig að ekki kemur til þess nema í þeim tilvikum, sem fyrirmælum heilbrigðisnefndar um að fullnægt skuli lagaskyldu eða látið skuli af ólöglegu athæfi er ekki framfylgt né fyrirmælum lögreglustjóra eða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í samræmi við það sem segir í 17. og 18. gr. Yrði ekki höfðað opinbert mál vegna brota á þessum lögum nema í undantekningatilvikum og þá eingöngu skv. kröfu viðkomandi lögreglustjóra eða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eftir að reynt hefur verið að leysa málin til þrautar.

Um 20. gr.

Lagt er til að það varði menn sektum að halda áfram að reykja í húsakynnum eða farartækjum þar sem bannað er að reykja skv. lögum þessum en þó því aðeins að umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra hafi veitt viðkomandi áminningu áður.

Lagt er til að ekki skuli ákært fyrir brot gegn reykingabanni nema umráðamaður húsakynna eða farartækis krefjist þess.

Um 21. gr.

Lagt er til að með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skuli farið að hætti opinberra mála. Eins og fram hefur komið áður, sbr. athugasemdir við 18., 19. og 20. gr., er ekki eingöngu um að ræða heimildbundin viðurlög í þeim skilningi heldur eru og ákveðnar skyldur lagðar á framkvæmdavaldshafa. Verði hins vegar höfðað mál skulu vitanlega gilda um málsmeðferð ákvæði laga um opinbera málsmeðferð.

Um 22. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1984. Þannig yrði nokkur gildistökufrestur en töluverða vinnu þarf að leggja í undirbúning að gildistöku, en skv. ákvæðum til bráðabirgða er tóbaksvarnaráði falið að gera það.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. tl. er lagt til að tóbaksvarnaráð verði skipað strax og því falið að annast tóbaksvarnastarf í samræmi við lög nr. 27/1977, þ. e. a. s. fram að 1. janúar n. k., og undirbúa gildistöku laga þessara. Yrði reykingavarnanefnd því lögð niður.

Í 2. tl. er kveðið á um að reglugerð um merkingar á tóbaki skuli öðlast gildi um leið og lögin, enda eðlilegur fylgifiskur laganna, þar sem ekki er talin ástæða til að kveða sérstaklega á um merkingar í þeim sjálfum. Yrði eitt af fyrstu verkum tóbaksvarnaráðs að gera tillögur að slíkri reglugerð.

Nd. 367. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [206. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson, Magnús H. Magnússon.

1. gr.

31. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurkjördæmi.
   Til þess telst Reykjavík.
2. Reykjaneskjördæmi.
   Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.
3. Vesturlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
4. Vestfjarðakjördæmi:
   Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
   Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
   Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

Þingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti

Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

c. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt c-lið sömu málsgreinar.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt, hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag og eru ekki sviptir lögræði.

Að öðru leyti eru settar reglur um alþingiskosningar í kosningalögum.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld stjórnarskipunarlög nr. 51/1959 og nr. 9/1968, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Greinargerð.

Frá því er breyting var síðast gerð á kjördæmaskipan og kosningareglum árið 1959 hefur misvægi atkvæða eftir búsetu kjósenda aukist allmikið. Jafnframt hefur skort á að jöfnuður milli stjórnmálaflokka hafi náðst. Þykir nú nauðsynlegt að gera breytingar sem bæta úr annmörkum þessum.

Fram hafa farið viðræður milli stjórnmálaflokkanna um úrlausn þessara mála. Niðurstaða þeirra viðræðna er sú, að náðst hefur samkomulag um að flytja frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga. Frumvarpinu fylgja drög að frumvörpum til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Þegar núverandi kjördæmaskipan komst á haustið 1959 var mesta búsetumisvægi atkvæða 1:3,22 milli Norðurlandskjördæmis vestra og Reykjavíkurkjördæmis. Með því er átt við að á bak við hvern þingmann úr Reykjavík hafi kjósendur verið 3,22 sinnum fleiri en á Norðurlandi vestra. Í kosningum 1979 var samsvarandi misvægi mest milli Vestfjarða- og Reykjaneskjördæmis og var það 1:4,11. Eitt meginmarkmið þessa frumvarps til stjórnarskipunarlaga er að draga verulega úr þessu misvægi enda þótt kosningarréttur manna eftir búsetu verði ekki jafnaður til fulls. Til að ná þessu markmiði er talið nauðsynlegt að þingmenn verði 63 í stað 60 nú.

Fyrst eftir breytinguna 1959 lét nærri að fullur jöfnuður væri milli þingflokka. Með jöfnuði milli þingflokka er átt við að allir flokkar hafi álíka marga kjósendur að meðaltali á bak við hvern þingmann. Við síðustu kosningar hefði þurft að fjölga uppbótarþingsætum allmikið (um 6) til þess að jöfnuður næðist milli flokka. Með þeim breytingum, sem hér eru ráðgerðar, er stefnt að sem fyllstum jöfnuði milli stjórnmálaflokka.

Drög að frumvarpi til breytinga á kosningalögum hafa að geyma ákvæði um ráðstöfun þingsæta til kjördæma. Jafnframt eru þar ný ákvæði um úthlutun þingsæta til að koma á jöfnuði milli stjórnmálaflokka, en horfið frá þeirri tilhögun sem nú er við úthlutun sérstakra uppbótarsæta.

Jafnhliða fyrrgreindum breytingum á stjórnarskrá hefur orðið að samkomulagi milli stjórnmálaflokkanna að leggja til verulega rýmkun kosningarréttar, m. a. með lækkun kosningaraldurs í 18 ár.

Í 1. gr. þessa frumvarps er lagt til að breyta 31. gr. stjórnarskrárinnar. Helstu breytingar eru þær, að þingsæti verði 63 í stað 60, og fellt er niður svokallað kjördæmakjör og landskjör. Kjördæmin eu jafnmörg og óbreytt frá því sem verið hefur. Gert er ráð fyrir að bundin verði í stjórnarskrá lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi en kosningalög kveði á um skiptingu þingsæta milli kjördæma að öðru leyti.

Með ákvæðum síðustu málsgreinar 31. gr. er að því stefnt, að hver stjórnmálasamtök, sem þingmenn fá, skuli fá þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína á landinu öllu. Er heimilað að setja ákvæði í kosningalög þess efnis, að við úthlutun á allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis sé tekið tillit til kosningaúrslita á landinu öllu. Í drögunum að frumvarpi til breytinga á kosningalögum er gert ráð fyrir að 62 þingsætum sé ráðstafað til kjördæma fyrir kosningar en 1 þingsæti eftir kosningar samkvæmt úrslitum þeirra. Ekki skal telja þetta eina þingsæti þegar fyrrgreindur fjórðungur er reiknaður.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að breyta 33. gr. stjórnarskrárinnar. Aðalbreytingarnar eru tvær. Kosningaraldur er lækkaður úr 20 árum í 18 og er miðað við aldur á kjördegi eins og nú. Þessi breyting er í samræmi við það sem gert hefur verið í allmörgum nágrannalöndum. Lögræðisaldur hefur þegar verið lækkaður í 18 ár, sbr. lög nr. 26/1979. Verði þessi breyting samþykkt munu allir, sem eru 18 ára eða eldri, einnig vera kjörgengir við kosningar til Alþingis að öðrum skilyrðum fullnægðum, sbr. 34. gr. stjórnarskrárinnar. Hin aðalbreytingin er sú að óflekkað mannorð er fellt niður sem kosningarréttarskilyrði. Hins vegar er því haldið sem kjörgengisskilyrði, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Enn fremur er nú rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttarins og komið til móts við hagsmuni þeirra sem ráða sig til vinnu eða eru við nám erlendis. Samkvæmt breytingunum mega þeir kjósa ef þeir hafa átt hér lögheimili einhvern tíma á 4 síðustu árum fyrir kosningar.

Þingflokkar Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem að frumvarpi þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frumvarpi þessu, sem sérprentað fylgiskjal, „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.
2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.

Fylgiskjöl.

I. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis ásamt greinargerð og fylgiskjali.
II. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar ásamt greinargerð.
III. „Skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar", Reykjavík, janúar 1983. (Sérprentuð).

Fylgiskjal I.

Drög að frumvarpi til laga

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. lög nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 15/1082.

1. gr.

1. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag og
4. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

2. og 3. gr. falli niður.

3. gr.

4. gr. verði 2. gr. og orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á samkvæmt 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

4. gr.

3. gr. orðist svo:

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

5. gr.

5. gr. verði 4. gr. og orðist svo:

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurkjördæmi.
   Til þess telst Reykjavík.
2. Reykjaneskjördæmi.
   Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.

3. Vesturlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
4. Vestfjarðakjördæmi.
   Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
   Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
   Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

6. gr.

Við bætist ný grein, 5. gr., er orðist svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. 8 þingsætum skal ráðstafa fyrir hverjar kosningar með því að skipta þeim á milli kjördæma. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu alþingiskosningum á undan.
   Um skiptingu þingsætanna gilda þessar reglur:
   1. Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu alþingiskosningum á undan með tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv., eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
   2. Nú hefur kjördæmi hlotið, samkvæmt a-lið, fleiri þingsæti en 5, og skal þá fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram 5.
   3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsætið kemur í hlut þess kjördæmis sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv., uns öllum sætunum hefur verið ráðstafað.
   4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar, þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.
c. Einu þingsæti er ráðstafað til kjördæmis samkvæmt ákvæðum 114. gr., 5. töluliðar.

Að loknum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu kosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

7. gr.

15. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 48/1968 og 1. gr. laga nr. 90/1981) breytist svo:

a. Orðin „20 ára“ í 1. mgr., 2. tölulið verði: 18 ára.
b. 3. töluliður orðist svo:
   3. Þeir, sem eiga ekki lögheimili hér á landi en eiga samt kosningarrétt samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast heimilisfesti samkvæmt þjóðskrá. Heimilt er þó að taka þá annars staðar á kjörskrá sé gild ástæða til.

8. gr.

26. gr. breytist svo:

Orðin „4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag“ verði: 3 vikum og 3 dögum fyrir kjördag.

9. gr.

27. gr. breytist svo:

a. 2. mgr. orðist svo:
   Með landsframboði er í lögum þessum átt við framboðslista þá sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað samkvæmt 113. og 114. gr. Framboðslistarnir geta verið úr einu kjördæmi eða fleirum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það, fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórnmálasamtaka um sig teljast til sama landsframboðs. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt landsframboð.
b. 3. mgr. (sbr. 4. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:
   Ef sá, sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórnmálasamtaka, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir þau samtök, skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þeirra.

10. gr.

34. gr. orðist svo:

Þeir, sem að landsframboði standa, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er landskjörstjórn úrskurðar samkvæmt 42. gr. hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista, sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þess landsframboðs sem meðmælendur hans óska, og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

11. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um landsframboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur landsframboða, um úthlutun þingsæta o. s. frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar, undirkjörstjórnir um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

12. gr.

40. gr. orðist svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista, merkir hún lista hinna eldri landsframboða sama bókstaf og þeir höfðu síðast og nýja framboðslista í beinu framhaldi eins og stafrófsröð býður. Þó er meðmælendum framboðslista heimilt að velja listanum bókstaf sem enginn þingflokkur notar, en slíkt val skulu þeir samstundis tilkynna landskjörstjórn. Ef ágreiningur rís um valið sker landskjörstjórn úr.

Landskjörstjórn skal sjá um að samræmi sé í merkingu framboðslista þannig að hvert landsframboð hafi sama listabókstaf í öllum kjördæmum. Sjá einnig 41. gr.

13. gr.

41. gr. orðist svo:

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi, og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ..., o. s. frv., eftir því sem við á.

14. gr.

42. gr. orðist svo:

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess, að listar hvers landsframboðs séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum, sbr. 40. og 41. gr. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur afgreitt framboðslistana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð. Auglýsingu samkvæmt þessari málsgrein skal birta eigi síðar en einum sólarhring áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst, sbr. 64. gr.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

15. gr.

52. gr. orðist svo:

Þegar yfirkjörstjórn hefur fengið framboðslista kjördæmisins endursenda frá landskjörstjórn samkvæmt 42. gr., 3. mgr. skal hún láta fullgera kjörseðla þá sem notaðir verða á kjörfundi, ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar svo og uppkosningar í sambandi við þær fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

16. gr.

1. mgr. 55. gr. orðist svo:

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsendingu þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

17. gr.

1. mgr. 64. gr. orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að framboðslistar hafa verið auglýstir samkvæmt 42. gr., 2. mgr., og eigi seinna en 2 vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags eiga kjósendur rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Fari kosning fram áður en framboðslistar eru auglýstir er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

18. gr.

3. mgr. 84. gr. orðist svo:

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista, sem hann kýs, strikar hann yfir nafn hans.

19. gr.

2. mgr. 102. gr. orðist svo:

Sé kosningu frestað samkvæmt 120. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

20. gr.

109. gr. orðist svo:

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði, sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 115. gr., 2. mgr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur um atkvæðatölur, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 102. gr., skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma, sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar samkvæmt 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

21. gr.

110.—117. gr. falli niður.

22. gr.

XIV. kafli fái heitið: Úthlutun þingsæta.

23. gr.

118. gr. verði 110. gr. og orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 109. gr.) skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

24. gr.

119.—125. gr. falli niður en í stað þeirra komi eftirtaldar greinar nr. 111 til 117.

25. gr.

111. gr.

Í hverju kjördæmi skal reikna atkvæðahlutfall hvers lista með því að deila atkvæðatölu hans með tölu gildra atkvæða í kjördæminu.

Þá skal finna þingsætahlut hvers lista í hverju kjördæmi. Það er gert með því að margfalda þingsætatölu kjördæmisins, sbr. 5. gr., 2. mgr., með atkvæðahlutfalli listans.

Nú er einungis einn listi í kjöri, og verður þá þingsætahlutur hans jafn þingsætatölu kjördæmisins. Gildir einu hve mörg atkvæði listanum hafa verið greidd eða hvort nokkur hefur greitt honum atkvæði.

26. gr.

112. gr.

Þingsætum hvers kjördæmis, samkvæmt 5. gr., 1. mgr., a- og b-lið, skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem á stærstan þingsætahlut. Þann þingsætahlut skal síðan lækka um 1 og telst afgangurinn þá vera þingsætahlutur listans. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur stærstan þingsætahlut o. s. frv.
2. Úthluta skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi ¾ af þingsætatölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heilu tölu fyrir ofan.
3. Nú nær listi ekki nema 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu, og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þetta nær þó ekki til lista er falla kunna undir ákvæði 3. mgr. 111. gr.
4. Nú er þingsætahlutur lista minni en 0,8, og skal þá ekki úthluta þeim lista fleiri þingsætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nema hann teljist til landsframboðs sem hlotið hefur a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.
5. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar að þeim kemur samkvæmt 1. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.
6. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt 1. tölulið, og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

27. gr.

113. gr.

Þeim þingsætum samkvæmt 5. gr., 1. mgr., a- og b-lið, sem hefur ekki enn verið úthlutað, svo og þingsæti samkvæmt c-lið sömu málsgreinar, skal úthluta eftir ákvæðum þessarar greinar og 114. gr. Við þá úthlutun koma til álita þau landsframboð ein sem hlotið hafa a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.

Til þess að finna hvernig skipta ber umræddum þingsætum milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Heildartölu þeirra atkvæða, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Fella skal niður hæstu útkomutölur hvers framboðs, jafnmargar og nemur heildartölu þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið samkvæmt ákvæðum 112. gr.
3. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv., uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.

28. gr.

114. gr.

Þeim þingsætum, sem þegar hefur verið skipt á milli landsframboða samkvæmt 113. gr., skal úthluta í fjórum áföngum þannig:

1. Við úthlutun hvers þingsætis koma einungis til álita listar þeirra landsframboða sem hafa ekki enn hlotið rétta þingsætatölu samkvæmt 113. gr. Þá skal einungis úthluta þingsæti til kjördæmis sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 5. gr., 2. mgr. Frá þessu er þó vikið í fjórða áfanga, sbr. 5. tölulið þessarar greinar. Að lokinni úthlutun hvers þingsætis skal lækka þingsætahlut þess lista sem sætið hlaut, sbr. 112. gr., 1. tölulið.
2. Í fyrsta áfanga koma einungis til álita þeir listar sem hafa a. m. k. 0,8 í þingsætahlut. Úthlutun í þeim áfanga fer þannig fram að fundinn er stærsti þingsætahlutur þeirra kjördæma og landsframboða sem rétt eiga á frekari úthlutun, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst fer sæti til þess lista sem nú á stærstan þingsætahlut o. s. frv. Gæta skal ákvæða í 1. tölulið.
3. Í öðrum áfanga koma einungis til álita listar sem hlotið hafa a. m. k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu. Ráðstafa skal einu þingsæti til hvers þeirra kjördæma sem hafa ekki þá þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 5. gr., 2. mgr. Byrja skal í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru á kjörskrá. Þar skal finna stærsta þingsætahlut þeirra landsframboða sem til álita koma, sbr. 1. tölulið, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst skal úthluta sæti í því kjördæmi sem hefur næstfæsta kjósendur, enda hafi kjördæmið ekki enn hlotið fulla þingsætatölu o. s. frv. Að öðru leyti skal fara að samkvæmt ákvæðum í 1. tölulið.
4. Úthlutun í þriðja áfanga fer fram eftir sömu ákvæðum og gilda um fyrsta áfanga, sbr. 2. tölulið. Þó er úthlutun ekki háð því skilyrði að þingsætahlutur lista sé 0,8 hið minnsta.
5. Í fjórða áfanga er úthlutað þingsæti samkvæmt 5. gr., 1. mgr., c-lið. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta samkvæmt 113. gr. Umræddu þingsæti skal úthluta til þess lista framboðsins sem stærstan hefur þingsætahlut. Telst þingsætið til þess kjördæmis sem þann hlut á. Gildir einu í hvaða kjördæmi það er.
6. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar þeir eru bornir saman samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og skal þá hluta um röð þeirra.
7. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

29. gr.

115. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla, þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda, og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv., uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

30. gr.

116. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum samkvæmt 112., 114 og 115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

31. gr.

117. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta, ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

32. gr.

126. gr. verði 118. gr. og breytist svo:

a. Í stað orðanna „umboðsmanna stjórnmálaflokks“ komi: umboðsmanna stjórnmálasamtaka.
b. Í stað orðsins „uppbótarþingsæta“ komi: þingsæta.

33. gr.

127. gr. verði 119. gr. og orðist svo:

Nú hefur Alþingi úrskurðað — eftir almennar alþingiskosningar — að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram (sbr. 128. og 129. gr.), og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

34. gr.

128. gr. verði 120. gr.

35. gr.

129. gr. verði 121. gr. og breytist svo:

Í stað orðanna „sbr. 136. og 137. gr.“ komi: sbr. 121. og 122. gr.

36. gr.

130.—137. gr. verði 122.—129. gr.

37. gr.

138. gr. verði 130. gr. og orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr., þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Í nefndum innan Alþingis skal varamaður taka sæti þess þingmanns sem hann leysir af hólmi.

38. gr.

139.—140. gr. verði 131.—132. gr.

39. gr.

141. gr. verði 133. gr. og breytist 12. tölulíður greinarinnar svo:
Í stað orðanna „133. gr. 6. tölulið“ komi: 125. gr., 6. tölulið.

40. gr.

142.—145. gr. verði 134.—137. gr.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 45/1961.

Greinargerð.

Inngangur.

Með frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á þeim ákvæðum stjórnarskrár, sem fjalla um kosningar til Alþingis, svo og frv. til breytinga á kosningalögum er stefnt að verulegri jöfnun atkvæðavægis eftir búsetu. Verður misvægi eftir búsetu heldur minna en það var fyrst eftir breytingarnar á kosningareglunum 1959. Jafnframt er það markmið með frumvörpunum að tryggja sem fyllst samræmi milli þingfylgis og atkvæðastyrks þingflokka. Er þá ekki einungis haft í huga samræmi miðað við heildarskiptingu atkvæða heldur er einnig leitast við að ná samræmi innan kjördæma. Þá er það tilgangur breytinganna á kosningalögum, að kjósendur geti haft meiri áhrif á röð frambjóðenda á framboðslistum en nú er. Enn fremur er lagt til að aldursmark kosningarréttar lækki úr 20 árum í 18 ár.

Meginþættir breytingartillagnanna eru þessir:

1. Þingsæti verði 63 í stað 60 eins og nú er, en skipting landsins í kjördæmi verði óbreytt. Skipting þingsæta á kjördæmi verði endurskoðuð fyrir hverjar kosningar með hliðsjón af breytingum á tölu kjósenda. Þó verði lágmarkstala úr hverju kjördæmi bundin í stjórnarskrá. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrárákvæðum er tala þingsæta bundin og er frá 5 til 12 í hverju kjördæmi. Auk þess er 11 uppbótarþingsætum úthlutað til jöfnunar milli þingflokka. Af tölu þingflokka og atkvæðastyrk ræðst hve mörg þessara sæta koma í hlut hvers kjördæmis. Í reynd hafa 0—4 uppbótarsæti komið í hlut einstakra kjördæma. Samkvæmt hinni nýju tilhögun hefur jöfnunin ekki áhrif á tölu þingsæta hvers kjördæmis. Einu þingsæti er þó eigi ráðstafað til kjördæmis fyrir fram heldur ræðst af kosningaúrslitum hvaða kjördæmi hlýtur sætið.
2. Aðferð við úthlutun þingsæta á grundvelli kosningaúrslita er breytt verulega. Samkvæmt núgildandi lögum er sætum þeim, sem mörkuð eru kjördæmum, úthlutað með svonefndri „reglu hæsta meðaltals“, sem einnig er kennd við d'Hondt. Þykir örðugt að ná fullum jöfnuði milli lista þegar henni er beitt við úthlutun jafnfárra sæta og hér um ræðir, þ. e. 5. Ráðstöfun uppbótarsæta hefur dregið nokkuð úr þessu misræmi en á fremur tilviljunarkenndan hátt. Lagt er til í frv. að sætum sé í megindráttum úthlutað með aðferð sem í grannlöndum okkar er nefnd „regla stærstu brota“, en er hér til styttingar nefnd „meðaltalsaðferð“.
3. Tekin er upp ný jöfnunaraðferð til að stuðla að samræmi milli atkvæðatölu þingflokka og þingstyrks. Eins og áður segir eru nú 11 þingsæti, uppbótarsætin, notuð í þessu skyni. Að lokinni úthlutun 49 kjördæmasæta er uppbótarsætunum 11 skipt milli þingflokka á grundvelli heildarfylgis á landinu öllu. Fer sú skipting fram eftir reglu d'Hondts. Í þeim kosningum, sem farið hafa fram á gildistíma núverandi ákvæða, hefur þó skort allnokkuð á jöfnuð milli flokka. Hefði þurft 2—6 uppbótarsæti til viðbótar til þess að fullur jöfnuður næðist. Þá er það annmarki á núverandi fyrirkomulagi, að úthlutun

uppbótarsætanna er ekki í beinum tengslum við úthlutun sæta í kjördæmum. Getur því uppbótarsæti lent hjá framboðslista án verulegra tengsla við atkvæðafylgi hans í kjördæmi, enda eru uppbótarþingmenn ekki bundnir við kjördæmi sín heldur nefndir landskjörnir þingmenn. Með breytingartillögunum er leitast við að koma á jöfnun milli flokka með úthlutun innan kjördæmanna. Kosningaúrslit á landinu öllu hafa þá nokkur áhrif í kjördæmunum. Þess er þó gætt, að þau áhrif verði lítil í fámennustu kjördæmunum. Er allt að fjórðungur þingsæta hvers kjördæmis háður jöfnunarákvæðum. Jöfnunarsæti eru því 1 í hverju kjördæmi utan Suðvesturlands, en 2—3 í Reykjaneskjördæmi og 3—4 í Reykjavík eða alls um 13. Auk þess er eitt sæti óbundið kjördæmum eins og áður segir. Jöfnunarsætum þessum er skipt á milli þingflokka á sama hátt og nú er.

4. Í frv. eru rýmkaðir möguleikar kjósenda til áhrifa á það hverjir frambjóðendur ná kosningu af hverjum lista.
5. Þá eru í frv. gerðar breytingar á skilyrðum kosningarréttar til samræmis við breytingar á 33. gr. stjórnarskrárinnar. Meðal annars er aldursmark lækkað úr 20 árum í 18 ár.
6. Meðal annarra nýmæla í frv. má nefna að framboðsfrestur er styttur um eina viku. Þá er verksvið landskjörstjórnar víkkað en dregið úr hlutverki yfirkjörstjórna að sama skapi. Vísast um þessi nýmæli til athugasemda við einstakar greinar.

1., 2. og 3. þætti verða gerð rækilegri skil hér á eftir. Einstakra greina frv. verður getið eins og ástæða þykir til. Þá er fylgiskjal er sýnir hvert skref í úthlutun þingsæta samkvæmt ákvæðum þessa frv. á grundvelli úrslita í alþingiskosningum 1979.

1. Skipting þingsæta á kjördæmi.

Skv. 5.—6. gr. frv. þessa og í samræmi við 1. gr. frv. um stjórnarskipunarlög er ráðgert að þingmenn verði 63 en kjördæmi hin sömu og nú eða 8 talsins. Í stjórnarskrá verði tilgreind lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi. Samtals verði 54 þingsætum ráðstafað á þann hátt. Af þeim hljóti Reykjvík 14 þingsæti, Reykjanes 8, Norðurland eystra og Suðurland 6 hvort og önnur kjördæmi 5 þingsæti hvert. Í frv. þessu um breytingu á kosningalögum er fjallað um ráðstöfun þeirra 9 sæta sem þá eru eftir. Eitt þessara sæta er óbundið kjördæmum, en ætlunin er að hinum 8 sé skipt fyrir hverjar kosningar milli kjördæmanna til að jafna vægi atkvæða. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu kosningum á undan. Er því ávallt vitað í upphafi hvers kjörtímabils hver muni verða skipting þingsæta í næstu kosningum til Alþingis.

Reikniaðferðinni, sem beitt er við framangreinda skiptingu, svipar til þeirrar aðferðar sem notuð er við skiptingu uppbótarsæta milli þingflokka í gildandi kosningalögum. Tölu kjósenda í hverju kjördæmi er deilt með sérstökum deilitölum og sætum síðan raðað á kjördæmin eftir lækkandi útkomutölum. Væri farið eins að og við skiptingu uppbótarsæta ættu deilitölurnar í kjördæmi, sem þegar hefur hlotið 5 þingsæti, að vera 6, 7, 8, 9 o. s. frv. Nú eru þingsætin 8 á hinn bóginn ekki nægilega mörg til þess að unnt sé að jafna vægi atkvæða til fulls. Þykir því eðlilegt að þannig sé skipt að vægi atkvæða minnki eftir því sem kjördæmi hafa fleiri kjósendur. Þessu er náð fram með deilitölum sem taka stærri skref en þær fyrrgreindu, þ. e. tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv.

Í töflu I á fylgiskjali með frv. þessu kemur fram hvernig þessari skiptireglu hefði verið beitt fyrir kosningarnar 1979 (og þá á grundvelli kjósendatölu frá kosningunum 1978).

Verði frv. þetta að lögum má ætla að í fyrsta sinn, sem reynir á ákvæði þess í kosningum, verði skipting þingsæta miðuð við tölu kjósenda í apríl 1983. Þær kjósendatölur eru ekki tiltækar nú, en tala kjósenda í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum 1982 ætti að gefa góða vísbendingu. Miðað við tölur úr þeim kosningum yrði skipting þingsæta þessi:

Reykjavík	18 þingsæti
Reykjanes	11 þingsæti
Vesturland	5 þingsæti
Vestfirðir	5 þingsæti
Norðurland vestra	5 þingsæti
Norðurland eystra	7 þingsæti
Austurland	5 þingsæti
Suðurland	6 þingsæti
Samtals	62 þingsæti

Auk þess er einu þingsæti úthlutað til kjördæmis að kosningum loknum.

Í eftirfarandi yfirliti er því lýst hvaða breytingar á kjósendatölu kynnu að færa þingsæti milli kjördæma:

Tilfærsla til RV frá RN ef kjósendum í RV fjölgar um	11,2%
Tilfærsla til RN frá RV ef kjósendum á RN fjölgar um	8,4%
Tilfærsla til VL frá RV ef kjósendum á VL fjölgar um	19,0%
Tilfærsla til VF frá RV ef kjósendum á VF fjölgar um	70,9%
Tilfærsla til NV frá RV ef kjósendum á NV fjölgar um	63,0%
Tilfærsla til NE frá RV ef kjósendum á NE fjölgar um	18,4%
Tilfærsla til AL frá RV ef kjósendum á AL fjölgar um	37,2%
Tilfærsla til SL frá RV ef kjósendum á SL fjölgar um	22,9%
Tilfærsla frá RV til RN ef kjósendum í RV fækkar um	7,8%
Tilfærsla frá RN til RV ef kjósendum í RN fækkar um	10,4%
Tilfærsla frá NE til RV ef kjósendum í NE fækkar um	12,5%

Í þessu yfirliti er miðað við einhliða fjölgun eða fækkun kjósenda í viðkomandi kjördæmi.

Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður á vægi atkvæða kjósenda eftir búsetu. Miðað er við tölu kjósenda á kjörskrá 1959 og 1979. Búsetujafnvægi bæði árin er sýnt eins og það varð í reynd og jafnframt hvernig það hefði orðið í kosningum 1979 ef miðað er við tillögur þessa frumvarps.

Kjördæmi	1959 Núgildandi reglur		1979 Núgildandi reglur		1979 Nýjar reglur	
	Kjós. á þingsæti[2])	Vægis-vísir[1])	Kjós. á þingsæti[2])	Vægis-vísir[1])	Kjós. á þingsæti[3])	Vægis-vísir[1])
RV	2 669	3,22	3 760	3,67	3 150	2,56
RN	1 518	1,83	4 216	4,11	2 683	2,18
VL	1 302	1,57	1 447	1,41	1 447	1,18
VF	952	1,15	1 025	1,00	1 230	1,00
NV	828	1,00	1 093	1,07	1 312	1,07
NE	1 367	1,65	2 189	2,14	2 189	1,78
AL	1 162	1,40	1 281	1,25	1 537	1,25
SL	1 451	1,75	1 681	1,64	1 961	1,59

[1]) Vægisvísir er 1,00 í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru að baki hverjum þingmanni. Í öðrum kjördæmum sýnir vægisvísirinn hve marga kjósendur þarf til að jafngilda 1 kjósanda þar.

[2]) Með þingsætum er hér átt við heildartölu þingsæta hvers kjördæmis að uppbótarþingsætum meðtöldum.

[3]) Með þingsætum er hér átt við heildartölu þingsæta hvers kjördæmis eftir að öllum þingsætunum 63 hefur verið ráðstafað til kjördæma.

2. Úthlutun þingsæta í kjördæmum.

Tekin er upp ný regla við úthlutun þingsæta í kjördæmum á grundvelli atkvæðafylgis. Verður henni nánar lýst hér á eftir, en fyrst verður vikið að þeirri aðferð sem nú er í gildi.

Með hlutfallskosningum er stefnt að því, að þingstyrkur þeirra, sem fram bjóða, sé í beinu hlutfalli við atkvæðastyrk. Gildandi úthlutunarregla nær trauðla þessu markmiði. Hér er því gert ráð fyrir nýrri úthlutunarreglu þingsæta. Sú aðferð, sem nú er beitt, var algeng á fyrri hluta þessarar aldar en er nú aflögð í mörgum grannlöndum okkar. Hún er kennd við Belgíumann að nafni d'Hondt. Henni er þannig lýst í gildandi kosningalögum (109. gr.):

„Í kjördæmi skal telja saman, hve margir hafi kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan sinn bókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum ber fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu."

Samkvæmt þessu er aðferðin þannig að atkvæðatölum hvers lista er deilt með tölunum 1, 2, 3 o. s. frv. og útkomutölum síðan raðað eftir lækkandi gildum. Í fimm manna kjördæmi segja fimm hæstu tölurnar í þessari röð til um hverjir náð hafa kjöri.

Sem dæmi um þessa úthlutunaraðferð þingsæta má taka eftirfarandi kosningaúrslit þar sem gild atkvæði eru 10 þúsund og kjósa á 5 þingmenn:

		Atkvæði á þingmann (Deilitölur)			
Listi	Atkvæði	(1)	(2)	(3)	Tala þingsæta
X	4300	4300	2150	1433⅓	3
Y	2700	2700	1350	900	1
Z	1700	1700	850	566⅔	1
Ö	1300	1300	650	433⅓	0

Úthlutunarröðin yrði þá þessi:

1. sæti til X-lista á 4300 atkv.
2. sæti til Y-lista á 2700 atkv.
3. sæti til X-lista á 2150 atkv.
4. sæti til Z-lista á 1700 atkv.
5. sæti til X-lista á 1433⅓ atkv.

Samkvæmt þessu fær t. d. X-listi 60% þingmanna — þrjá af fimm — á 43% atkvæða, en það er einmitt einkenni þessarar aðferðar að þingstyrkur þeirra framboða, sem flest atkvæði hljóta, verður oft hlutfallslega meiri en atkvæðastyrkur þeirra.

Í annan stað er það einkenni þessarar aðferðar, að talsvert atkvæðafylgi þarf til þess að listi fái þingmann kjörinn. Það má líka orða svo að í henni felist vörn gegn því, að lítill atkvæðastyrkur dugi til þingmannskjörs.

Samkvæmt þeirri aðferð, sem hér er lagt til að upp verði tekin, er leitast við að ná meira samræmi milli atkvæðafylgis og þingstyrks, en jafnframt er spornað nokkuð gegn því, með sérákvæðum um lágmarksfylgi, að fá atkvæði dugi til að listi fái þingsæti.

Fyrsta þrep aðferðarinnar felur í sér að reiknaður er þingsætahlutur hvers framboðs, þ. e. a. s. sú tala þingsæta sem hverju framboði ber miðað við hlutfallslegt fylgi. Sá listi, sem hefur 40% fylgi í 5 manna kjördæmi, á þá þingsætahlut sem nemur 40% af 5 eða þingsætahlutinn 2,000, en það framboð, sem hefur 25%, hefur þingsætahlutinn 25% af 5,

sem er 1,250. Samkvæmt meginreglu er þingsæti fyrst úthlutað á grundvelli stærsta þingsætahlutar, sem síðan er lækkaður um 1. Næst fer sæti til þess lista, sem nú á stærstan þingsætahlut, o. s. frv.

Ef dæmið er skoðað að nýju verður úthlutun þannig:

Listi	Atkvæði	Þingsætahlutur	Tala þingsæta
X	4300	2,150	2
Y	2700	1,350	1
Z	1700	0,850	1
Ö	1300	0,650	1

Úthlutunarröðin yrði nú þessi:

1. sæti til X-lista á þingsætahlut 2,150
2. sæti til Y-lista á þingsætahlut 1,350
3. sæti til X-lista á þingsætahlut 1,150
4. sæti til Z-lista á þingsætahlut 0,850
5. sæti til Ö-lista á þingsætahlut 0,650

Til þess að stuðla að jöfnuði milli flokka er vikið frá þessari reglu að því er varðar úthlutun síðasta þingsætis í fimm, sex og sjö manna kjördæmum og tveggja til fjögurra síðustu þingsæta í fjölmennustu kjördæmunum. Er úthlutun þeirra háð því skilyrði, að atkvæðastyrkur á landinu í heild réttlæti að framboðið hljóti þingsætið. Jafnframt eru sett lágmarksskilyrði um atkvæðastyrk til þess að til úthlutunar þingsætis komi í þessum áfanga. Nánar tiltekið eru reglurnar þær, að a. m. k. ¾ þingsæta í hverju kjördæmi eru óháðir jöfnunarákvæðum. Þetta jafngildir 14 þingsætum af 18 í Reykjavíkurkjördæmi, 9 af 11 í Reykjaneskjördæmi, en einungis eitt þingsæti yrði háð jöfnunarákvæðum í kjördæmum þar sem þingmenn eru 7 eða færri.

Varðandi þau þingsæti, sem óháð eru jöfnunarákvæðum, er jafnframt sett það skilyrði, að þingsætahlutur sé ekki lægri en 0,8 eða framboðið, sem um er að ræða, hafi fengið a. m. k. 5% atkvæða á landsvísu. Enn fremur verður listi að hafa hlotið a. m. k. 7% gildra atkvæða í sínu kjördæmi til þess að koma til álita.

Í fyrrnefndu dæmi hefðu þessi skilyrði engin áhrif haft. Fjórum þingsætum af fimm hefði verið úthlutað án tillits til jöfnunar. Síðar hefði 5. sætið getað fallið Ö-listanum í skaut og væri þá m. a. undir því komið, hvort sá listi hefði nægilegt fylgi á landsvísu.

Ef þingsætahlutir hefðu hins vegar verið eilítið frábrugðnir því, sem áður var rakið, hefðu þessi ákvæði getað orðið virk.

Gerum t. d. ráð fyrir að þingsætahlutirnir hefðu verið þessir:

X	2,200
Y	1,400
Z	0,750
Ö	0,650

Nú fer fjórða sætið ekki til Z-lista nema þau stjórnmálasamtök, sem að honum standa, hafi hlotið a. m. k. 5% atkvæða á landinu öllu. Ef því skilyrði er fullnægt hlýtur hann fjórða sætið. Ef Z-listinn fullnægir því ekki, heldur Ö-listinn, fer fjórða sætið til þess lista í staðinn.

3. Úthlutun jöfnunarsæta.

Eins og áður greinir er ákveðið fyrir kosningar í hvaða kjördæmum jöfnunarsætin, að einu undanskildu, koma til úthlutunar. En þeim er ætlað að tryggja samræmi milli þingstyrks og atkvæðafylgis. Viðfangsefnið er þá annars vegar að ákveða hve mörg jöfnunarsæti hverjum stjórnmálasamtökum ber og hins vegar úr hvaða kjördæmum hvert framboð skuli hljóta jöfnunarsæti.

Við úthlutun jöfnunarsæta er það skilyrði sett, að stjórnmálasamtök hafi hlotið 5% gildra atkvæða samanlagt af landinu öllu. Sé fylgið minna koma stjórnmálasamtökin ekki til álita við úthlutun jöfnunarsæta, en sé það meira skulu þau eiga rétt á jöfnunarsætum hvort sem þau hafa einhvers staðar hlotið þingsæti í kjördæmi án tillits til jöfnunarákvæða eða ekki. Er þetta eitt nýmælanna í þessu lagafrumvarpi.

Til þess að ákveða, hve mörg jöfnunarsæti hver stjórnmálasamtök skuli hljóta, er beitt sömu aðferð og nú er í gildi um skiptingu uppbótarsæta. Er aðferðin fólgin í því að deila atkvæðatölum hverra stjórnmálasamtaka með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv., fella niður hæstu útkomutölur, jafnmargar og nemur heildartölu þeirra þingsæta sem framboðið hefur þegar hlotið, en úthluta síðan jöfnunarsætunum á hæstu útkomutölur. Kemur þá í ljós, hve mörg jöfnunarsæti hver stjórnmálasamtök fá, með sama hætti og nú tíðkast.

Liggur næst fyrir að ákveða úr hvaða kjördæmum stjórnmálasamtökin, hver um sig, skuli hljóta jöfnunarsæti. Við þá ákvörðun eru lagðir til grundvallar þingsætahlutir hvers framboðs í hverju kjördæmi að lokinni úthlutun þeirra sæta sem óháð eru jöfnunarákvæðum og lýst er í 2. lið.

Þessi úthlutun fer fram í fjórum áföngum. Í hverjum áfanga koma einungis til álita þeir listar sem enn hafa ekki hlotið rétta tölu þingsæta samkvæmt fyrrgreindri skiptingu jöfnunarsæta milli stjórnmálasamtaka. Að lokinni úthlutun hvers þingsætis er þingsætahlutur þess lista, sem sætið hlaut, lækkaður um 1 sem fyrr.

Í fyrsta áfanga koma til álita þeir listar og þau kjördæmi þar sem þingsætahlutir eru 0,8 eða hærri. Er þingsætum úthlutað á alla slíka þingsætahluti, uns stjórnmálasamtök hafa hlotið nægilega mörg jöfnunarsæti. Fyrsta sætinu er úthlutað á stærsta hlut, öðru sæti á hinn næststærsta og þannig koll af kolli. Með því að þingsætahlutir eru bundnir kjördæmum ræðst jafnóðum í hvaða kjördæmi er verið að úthluta jöfnunarsæti. Þingsæti í þessum áfanga koma einkum í hlut tveggja fjölmennustu kjördæmanna, Reykjavíkur og Reykjaness. Er talið sanngjarnt og eðlilegt að svo sé, enda má benda á að minnsti þingsætahlutur í þessum áfanga, 0,8, samsvarar um 2150 atkvæðum í Reykjavík miðað við kjósendatölur frá 1979. Í hinum fámennari kjördæmum hefur þegar verið úthlutað sætum á þingsætahlut, sem er 0,8 hið minnsta, áður en kemur til úthlutunar jöfnunarsæta. Tilraunaúthlutanir sýna að oft er 4. sæti í fimm manna kjördæmum úthlutað á grundvelli þingsætahlutar í grennd við 0,7, sem samsvarar um 750—1100 atkvæðum í þessum kjördæmum.

Þegar komið er að úthlutun jöfnunarsæta samkvæmt öðrum áfanga skortir að jafnaði 1 þingsæti á fulla þingsætatölu í öllum kjördæmum nema í Reykjavík, þar sem enn skortir um 2—3 sæti á rétta tölu. Með ráðstöfun jöfnunarsæta er ekki ætlunin að víkja frá eðlilegri úthlutun í fámennustu kjördæmunum nema brýna nauðsyn beri til. Í samræmi við það fer úthlutun í þessum áfanga þannig fram að byrjað er að úthluta í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru á kjörskrá. Því næst er tekið fyrir kjördæmi með næstfæsta kjósendur og þannig koll af kolli. Við úthlutunina koma til álita þau stjórnmálasamtök, sem hafa ekki enn hlotið tilskilda tölu þingsæta, og þeir listar sem hlotið hafa a. m. k. 7% atkvæða í sínu kjördæmi. Einu jöfnunarsæti er ráðstafað til hvers þeirra kjördæma sem hafa ekki hlotið fulla þingsætatölu.

Skorti enn á tilskilda þingsætatölu í einhverju kjördæmi fer fram þriðji áfangi úthlutunar. Í honum er þingsætum úthlutað þar sem þingsætahlutir eru nú stærstir og síðan gengið á röð lækkandi þingsætahluta. En eins og áður er einungis úthlutað til þeirra stjórnmálasamtaka sem hafa ekki enn hlotið öll jöfnunarsæti sín. Úthlutun í þessum áfanga verður nær einungis í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi.

Í fjórða áfanga er úthlutað síðasta þingsætinu og þá til þeirra stjórnmálasamtaka, sem enn skortir þingsæti. Er því úthlutað til þess lista þessara stjórnmálasamtaka sem nú hefur stærstan þingsætahlut. Þar með er lokið úthlutun jöfnunarsætanna og jafnframt úthlutun allra þingsæta.

Til nánari skýringar á aðferðinni og hverjum áfanga hennar má taka eftirfarandi dæmi:

Gert er ráð fyrir að þingsætahlutir (að lokinni úthlutun þeirra þingsæta sem óháð eru jöfnunarákvæðum) séu eins og taflan hér á eftir sýnir. Þar má einnig sjá hve mörgum jöfnunarsætum skal úthluta til hvers framboðs og hversu mörg sæti koma til slíkrar úthlutunar í hverju kjördæmi.

Kjördæmi	Framboð X	Y	Z	Þ	Ö	Til úthlutunar
1	1,120 (2)	0,324	0,493	1,216 (1)	0,847 (4)	4
2	0,285	0,611	0,075	0,979 (3)	0,050	2
3	0,027	0,645	−0,271	0,032	0,567	1
4	0,213	0,352	0,014	−0,218	0,639	1
5	0,337	−0,184	0,306	0,598	−0,056	1
6	−0,118	0,739	0,412	−0,048	0,015	1
7	−0,187	−0,080	0,463	0,224	0,580	1
8	0,051	0,503	0,560	−0,243	0,129	1
Tala jöfnunarsæta	4	3	2	3	1	

Hér eiga öll framboð að hljóta jöfnunarsæti:
X-framboð á að hljóta 4 sæti
Y-framboð á að hljóta 3 sæti
Z-framboð á að hljóta 2 sæti
Þ-framboð á að hljóta 3 sæti
Ö-framboð á að hljóta 1 sæti

Tölur þingsæta, sem úthluta á í hverju kjördæmi, eru þessar:
Í 1. kjördæmi komi 4 þingsæti,
í 2. kjördæmi komi 2 þingsæti,
en 1 þingsæti er til úthlutunar í hverju hinna kjördæmanna.

Í fyrsta áfanga er úthlutað á þingsætahluti sem eru 0,8 hið minnsta. Samkvæmt því er úthlutað 4 þingsætum. Þau eru merkt með tölunum 1, 2, 3 eða 4 innan sviga fyrir neðan samsvarandi þingsætahlut.

Við hverja úthlutun lækkar þingsætahlutur um 1 og breytist taflan í samræmi við það. Nú hefur þremur jöfnunarsætum verið úthlutað í 1. kjördæmi og einu úr 2. kjördæmi. Er nú einungis eitt þingsæti eftir til úthlutunar í hverju kjördæmi. Að loknum fyrsta áfanga er taflan því þannig:

Kjördæmi	Framboð X	Y	Z	Þ	Ö	Til úthlutunar
1	0,120 (12)	0,324	0,493	0,216		1
2	0,265 (11)	0,611	0,075	−0,021		1
3	0,027	0,645 (8)	−0,271	0,032		1
4	0,213	0,352 (5)	0,314	−0,218		1
5	0,337	−0,184	0,306	0,598 (6)		1
6	−0,118	0,739 (10)	0,412	−0,048		1
7	−0,187	−0,080	0,463 (7)	0,224		1
8	0,051	0,503	0,560 (9)	−0,243		1
Tala jöfnunarsæta	3	3	2	1		

Í öðrum áfanga er úthlutað einu þingsæti til hvers kjördæmis, enda hafi listi hlotið 7% atkvæða í því kjördæmi. Er nú úthlutað á stærstu þingsætahluti og byrjað á því kjördæmi þar sem fæstir eru á kjörskrá, síðan tekið fyrir kjördæmi með næstfæsta kjósendur og þannig koll af kolli.

Í dæminu er röð kjördæma eftir hækkandi kjósendatölu látin vera þessi:

4. kjördæmi
5. kjördæmi
7. kjördæmi
3. kjördæmi
8. kjördæmi
6. kjördæmi
2. kjördæmi
1. kjördæmi

Í 4. kjördæmi hlýtur Y–listi jöfnunarsæti nr. 5

Í 5. kjördæmi hlýtur Þ–listi jöfnunarsæti nr. 6

Hefur Þ–listi þá hlotið þau sæti, sem honum ber, og kemur ekki frekar til álita.

Í 7. kjördæmi hlýtur Z–listi jöfnunarsæti nr. 7

Í 3. kjördæmi hlýtur Y–listi jöfnunarsæti nr. 8

Í 8. kjördæmi hlýtur Z–listi jöfnunarsæti nr. 9

Hefur Z–listi þá hlotið þau sæti, sem honum ber, og kemur ekki til álita í framhaldinu.

Í 6. kjördæmi hlýtur Y–listi sætið og er það jöfnunarsæti nr. 10.

Hefur þá Y–listi hlotið tilskilin sæti.

Er nú X–listi eini listinn sem hefur ekki hlotið tilskilin sæti. Í hans hlut koma því sæti úr 1. og 2. kjördæmi og eru þau merkt nr. 11 og 12.

Samkvæmt þessu kemur ekki til neinnar úthlutunar í þriðja áfanga. Hins vegar hlýtur X–listi sætið sem til úthlutunar er í fjórða áfanga og er það í 5. kjördæmi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um skilyrði kosningarréttar. Samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar eru skilyrðin nú þessi: 20 ára aldur, íslenskur ríkisborgararéttur, lögheimili hér á landi og lögræði. Í 2. gr. frumvarps til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er lagt til að þessari grein stjórnarskrárinnar verði breytt í þremur atriðum. Kosningaraldur verði lækkaður í 18 ár og óflekkað mannorð verði fellt brott sem kosningarréttarskilyrði. Enn fremur er rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttarins. Vísast um þessi efni til greinargerðar með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga. Vegna þessa er nauðsynlegt að leggja til sams konar breytingar á 1. gr. kosningalaga. Um efnisrök fyrir þessum tillögum má vísa til athugasemda við 2. gr. áðurnefnds frumvarps til stjórnarskipunarlaga.

Um 2. gr.

Efni 2. gr. laganna er í frv. flutt í nýja 3. gr., sbr. 4. gr. frv. og athugasemdir við hana. 3. gr. laganna er óþörf og fellur því niður.

Um 3. gr.

Í 1. gr. er lagt til að óflekkað mannorð verði afnumið sem kosningarréttarskilyrði, en hér er lagt til að því verði haldið sem kjörgengisskilyrði.

Um 4. gr.

Var áður 2. gr. Verður nú vegna efnisskipunar 3. gr. Ekki er lögð til breyting á skilgreiningu þess, hvað telst vera óflekkað mannorð.

Um 5. gr.

Kjördæmaskipan er óbreytt.

Um 6. gr.

Sjá hina almennu greinargerð hér að framan.

Um 7. gr.

Aldursmark kosningarréttar er lækkað úr 20 árum í 18 ár. Þá er rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttar. Samkvæmt breytingunni mega þeir, sem dveljast erlendis, kjósa ef þeir hafa átt lögheimili hér á landi einhvern tíma á 4 síðustu árum fyrir kosningar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að framboðsfrestur verði styttur um eina viku. Er sú breyting í samræmi við þann hátt sem ýmis nálæg ríki hafa á um framboðsfrest. Þykir m. a. ástæða til að stytta frestinn svo að unnt sé að ákveða kosningar með skemmri fyrirvara en nú er. Samgöngum og fjölmiðlun er nú svo háttað að þetta ætti að vera kleift og ætti ekki að koma í veg fyrir að kjósendur geti kynnt sér framboðin og neytt atkvæðisréttar síns.

Þessi breyting ásamt því fyrirkomulagi frumvarpsins, að landskjörstjórn tekur fyrir kosningar ákvarðanir um landsframboð, leiðir til þess, að ýmsir aðrir frestir í lögunum styttast einnig. Sjá um það 14. gr., 16. gr. og 17. gr. frv.

Um 9. gr.

Með þeirri kosningaskipan, sem lögð er til með frumvarpinu, er ráðgert að framboðslistar hverra stjórnmálasamtaka eigi saman við úthlutun þingsæta samkvæmt 27. og 28. gr. frv. Er þetta að sínu leyti sama skipan og nú gildir um úthlutun uppbótarsæta.

Í 9. gr. er þessum sameiginlegu framboðum sama aðila gefið heitið „landsframboð“. Er gert ráð fyrir að skrifleg yfirlýsing fylgi framboðslista um það, fyrir hvaða stjórnmálasamtök listi er boðinn fram. Ber landskjörstjórn að taka þá yfirlýsingu til greina, að því tilskildu að sams konar yfirlýsing fylgi öðrum listum frá sömu stjórnmálasamtökum. Ef slíka yfirlýsingu vantar telst framboðslistinn einn vera landsframboð.

Taka ber fram að hugtakið „stjórnmálasamtök“ er hér notað í mjög rúmri merkingu og táknar í sjálfu sér alla sem taka þátt í stjórnmálum með því að bjóða fram lista.

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á 27. gr., 3. mgr. laganna en þær sem leiðir af hinni nýju skipan um landsframboð.

Um 10. gr.

Svo sem fram kemur m. a. í 14. gr. frumvarpsins er nú gert ráð fyrir að landskjörstjórn taki endanlega afstöðu til þess fyrir kosningar, til hvers landsframboðs framboðslisti telst. Jafnframt er nú gert ráð fyrir að landskjörstjórn úthluti öllum þingsætum, sbr. 23. gr. frv.

Nauðsynlegt er því að gera breytingar á 34. gr. laganna um umboðsmenn stjórnmálasamtaka (landsframboða) gagnvart landskjörstjórn og kveða skýrt á um réttinn til að hafa umboðsmenn viðstadda við hin nýju og mikilvægu störf landskjörstjórnar.

2. mgr. skýrir sig sjálf.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Efnislega er hér ekki um að ræða aðrar breytingar en þær sem leiðir af hinni nýju skipan um landsframboð.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á að ráðgert er að yfirkjörstjórnir merki listana bókstöfum, svo sem verið hefur, eftir að hafa farið yfir þá samkvæmt ákvæðum 38. gr. laganna og úrskurðað um gildi þeirra. Landskjörstjórn hefur síðan það hlutverk að taka merkingarnar til endurskoðunar í samræmingar skyni, sbr. 14. gr. frv.

Um 13. gr.

Efnislega er ákvæði þetta óbreytt. Aðeins eru gerðar lagfæringar á orðalagi.

Um 14. gr.

Hér vísast að nokkru til athugasemda við 10. gr. Um greinina að öðru leyti skal tekið fram að nauðsynlegt er að úr því sé skorið endanlega fyrir kosningar, til hverra landsframboða einstakir framboðslistar í kjördæmum teljast. Þetta skiptir kjósendur miklu máli, sbr. 27. og 28. gr. frv., þar sem fram kemur að úthlutun sumra þingsæta fer eftir atkvæðastyrk landsframboða.

Í 2. mgr. er ráðgerð sú breyting að landskjörstjórn skuli auglýsa framboðin á landinu öllu í stað þess að nú annast yfirkjörstjórnirnar þetta hver í sínu kjördæmi. Er þetta eðlilegt vegna þeirra breytinga sem verða á hlutverki landskjörstjórnar, auk þess sem nokkur tími ætti að sparast við þetta. Ekki eru sett bein tímamörk um hvenær auglýsing skuli birtast, heldur aðeins sagt að það skuli gert eigi síðar en einum sólarhring áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst. Hitt er ljóst, að landskjörstjórn ber að hraða þessum störfum sínum eftir föngum og aldrei má auglýsing birtast síðar en 2 vikum og einum sólarhring fyrir kjördag vegna ákvæða 17. gr. frv.

Um 15. gr.

Þessa breytingu leiðir af öðrum. Auðvitað er ekki unnt að láta fullgera kjörseðla fyrr en landskjörstjórn hefur lokið starfi sínu samkvæmt 14. gr. frv. og endursent framboðslista til yfirkjörstjórna.

Um 16. gr.

Þessi stytting á fresti er nauðsynleg vegna styttingar á öðrum frestum laganna. Þykir ekki vera tekin nein áhætta að þessu leyti vegna þess að samgöngur hafa batnað. Er ljóst að yfirkjörstjórnum ber að haga sendingu kjörseðlanna þannig að tryggt sé að undirkjörstjórnir fái seðlana nægilega snemma í hendur.

Um 17. gr.

Vísa má að nokkru til athugasemda við 14. gr. frv.

Vegna þeirrar styttingar, sem í 8. gr. frv. er gerð á framboðsfresti, er nauðsynlegt að stytta kosningartíma utan kjörfundar. Bættar samgöngur valda því, að hagsmunum kjósenda þykir ekki hætta búin af þessum sökum.

Um 18. gr.

Rétt þótti að lagfæra orðalag þessa ákvæðis. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá því, sem nú er, að öðru leyti en því, að nú er kveðið svo á að yfirkjörstjórnir skuli telja atkvæði einstakra frambjóðenda í sæti listans, sbr. athugasemdir við 29. gr. frv.

Í 2. mgr. er aðeins kveðið á um afgreiðslu á kosningaúrslitum til landskjörstjórnar, sem á að annast úthlutun allra þingsæta á landinu. Að sínu leyti er hér um að ræða sömu ákvæði og eru nú í 116. gr. laganna.

Í 3. mgr. er tekið inn ákvæði sem er 115. gr. núgildandi laga.

Um 21. — 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. — 28. gr.

Sjá hina almennu greinargerð hér að framan.

Um 29. gr.

Í þessari grein er kveðið á um aðferðina við að ákveða hvaða frambjóðendur af lista teljast hafa náð kjöri sem þingmenn af listanum. Hér er tekin upp alkunn aðferð sem mjög hefur verið notuð í prófkjörum á síðustu árum. Er þá talið í hvert sæti listans sérstaklega. Hafi kjósandi engu breytt telst hann greiða óbreyttri röð atkvæði sitt.

Um 30. — 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Efnislega eru ákvæði þessara greina að mestu samhljóða samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir úthlutun þingsæta eftir kosningaúrslitum 1979 samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Tafla I. Ráðstöfun þingsæta til kjördæma skv. 5. gr., 1. mgr., b-lið (6. gr. frv.).

Sæti nr.	Kjördæmi	Kjósendur/deilir = útkomutala
55	Reykjanes	29510/23 = 1283
56	Reykjavík	56402/47 = 1200
57	Reykjavík	56402/51 = 1106
58	Reykjanes	29510/27 = 1093
59	Reykjavík	56402/55 = 1025
60	Norðurland eystra	15324/15 = 1022
61	Reykjavík	56402/59 = 956
62	Reykjanes	29510/31 = 952

Þingsætatala kjördæma skv. 5. gr., 2. mgr. (6. gr. frv.).

Reykjavík	18	Norðurland vestra	5
Reykjanes	11	Norðurland eystra	7
Vesturland	5	Austurland	5
Vestfirðir	5	Suðurland	6

Tafla II. Atkvæði lista og þingsætahlutir þeirra skv. 111. gr. (25. gr. frv.).

	A	B	D	G	Aðrir samtals	Samtals
Reykjavík	8 691	7 252	21 428	10 888	638	48 897
	3,199	2,670	7,888	4,008	0,235	18,000
Reykjanes	6 187	4 430	10 194	4 679	92	25 582
	2,660	1,905	4,383	2,012	0,040	11,000
Vesturland	1 165	2 812	2 320	1 203	0	7 500
	0,777	1,875	1,547	0,802	0,000	5,000
Vestfirðir	1 188	1 645	1 735	808	0	5 376
	1,105	1,530	1,614	0,751	0,000	5,000
Norðurland vestra	611	2 506	1 606	984	0	5 707
	0,535	2,196	1,407	0,862	0,000	5,000
Norðurland eystra	1 789	5 896	2 758	2 141	857	13 441
	0,932	3,071	1,436	1,115	0,446	7,000
Austurland	414	2 963	1 369	2 154	0	6 900
	0,300	2,147	0,992	1,561	0,000	5,000
Suðurland	1 535	3 357	2 428	1 544	1,484	10 348
	0,890	1,946	1,408	0,895	0,860	6,000

Flokkur A nær ekki 7% atkvæða í Austurlandskjördæmi og fellur því undir ákvæði 112. gr., 3. tölulið (26. gr. frv.). Sama gildir um „aðra samtals“ í Reykjavíkurkjördæmi, Reykjaneskjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra.

Tafla III. Úthlutun þeirra sæta, sem ekki eru háð jöfnunarákvæðum, skv. 112. gr. (26. gr. frv.).

Reykjavík Fjöldi sæta:18: × (¾) = 14

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahlutur
1	D	7,888
2	D	6,888
3	D	5,888
4	D	4,888
5	G	4,008
6	D	3,888
7	A	3,199
8	G	3,008
9	D	2,888
10	B	2,670
11	A	2,199
12	G	2,008
13	D	1,888
14	B	1,670

Reykjanes Fjöldi sæta: 11 × (¾) = 9

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahlutur
1	D	4,383
2	D	3,383
3	A	2,660
4	D	2,383
5	G	2,012
6	B	1,905
7	A	1,660
8	D	1,383
9	G	1,012

Vesturland Fjöldi sæta: 5 × (¾) = 4

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahluti
1	B	1,875
2	D	1,547
3	B	0,875
4	G	0,802

Vestfirðir Fjöldi sæta: 5 × (¾) = 4

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahlutur
1	D	1,614
2	B	1,530
3	A	1,105
4	G	0,751

Norðurland vestra Fjöldi sæta: 5 × (¾) = 4

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahlutur
1	B	2,196
2	D	1,407
3	B	1,196
4	G	0,862

Norðurland eystra Fjöldi sæta: 7 × (¾) = 6

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahlutur
1	B	3,071
2	B	2,071
3	D	1,436
4	G	1,115
5	B	1,071
6	A	0,932

Austurland Fjöldi sæta: 5 × (¾) = 4

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahlutur
1	B	2,147
2	G	1,561
3	B	1,147
4	D	0,992

Suðurland Fjöldi sæta: 6 × (¾) = 5

Úthlutun nr.	Flokkur	Þingsætahlutur
1	B	1,946
2	D	1,408
3	B	0,946
4	G	0,895
5	A	0,890

Tafla IV. Yfirlit yfir skiptingu þingsæta eftir úthlutun skv. 112. gr. (26. gr. frv.).

	A	B	D	G	Samtals
Reykjavík	2	2	7	3	14
Reykjanes	2	1	4	2	9
Vesturland	0	2	1	1	4
Vestfirðir	1	1	1	1	4
Norðurland vestra	0	2	1	1	4
Norðurland eystra	1	3	1	1	6
Austurland	0	2	1	1	4
Suðurland	1	2	1	1	5
Samtals	7	15	17	11	

Tafla V. Skipting jöfnunarsæta milli flokka skv. 113. gr. (27. gr. frv.).

L-listinn á Suðurlandi nær ekki 5% atkvæða á landinu öllu og kemur því ekki til álita við úthlutun jöfnunarsæta skv. 113. gr., 1. mgr. (27. gr. frv.).

Sæti nr.	Flokkur	Atkvæði/deilir = útkomutala
51	A	21580/ 8 = 2698
52	D	43838/18 = 2435
53	A	21580/ 9 = 2398
54	D	43838/19 = 2307
55	D	43838/20 = 2192
56	A	21580/10 = 2158
57	D	43838/21 = 2088
58	G	24401/12 = 2033
59	D	43838/22 = 1993
60	A	21580/11 = 1962
61	B	30861/16 = 1929
62	D	43838/23 = 1906
63	G	24401/13 = 1877

Tafla VI. Úthlutun jöfnunarsæta skv. 114. gr. (28. gr. frv.).

1. áfangi jöfnunarúthlutunar skv. 114. gr., 2. tölulið (28. gr. frv.), þingsætahlutir og nr. þingsætis innan sviga.

	A	B	D	G	Vantar
Reykjavík	1,999 (51)	0,670	0,888 (54)	1,008 (52)	4
Reykjanes	0,660	0,905 (53)	0,383	0,012	2
Vesturland	0,777	−0,125	0,547	−0,198	1
Vestfirðir	0,105	0,530	0,614	−0,249	1
Norðurland vestra	0,535	0,196	0,407	−0,138	1
Norðurland eystra	−0,068	0,071	0,436	0,115	1
Austurland	0,300	0,147	−0,008	0,561	1
Suðurland	−0,110	−0,054	0,408	−0,105	1
Vantar	4	1	6	2	

Úthlutunarröð skv. 1. áfanga:

Sæti nr.	Flokkur — nr. sætis	Kjördæmi	Þingsætahlutur
51	A — 3	Reykjavík	1,199
52	G — 4	Reykjavík	1,008
53	B — 2	Reykjanes	0,905
54	D — 8	Reykjavík	0,888

2. áfangi jöfnunarúthlutunar skv. 114. gr., 3. tölulið (28. gr. frv.), þingsætahlutir og nr. þingsætis innan sviga.

	A	B	D	G	Vantar
Reykjavík	0,199	0,670	−0,112 (62)	0,008	1
Reykjanes	0,660 (61)	−0,095	0,383	0,012	1
Vesturland	0,777 (58)	−0,125	0,547	−0,198	1
Vestfirðir	0,105	0,530	0,614 (55)	−0,249	1
Norðurland vestra	0,535 (56)	0,196	0,407	−0,138	1
Norðurland eystra	−0,068	0,071	0,436 (60)	0,115	1
Austurland	0,300	0,147	−0,008	0,561 (57)	1
Suðurland	−0,110	−0,054	0,408 (59)	−0,105	1
Vantar	3		5	1	

Úthlutunarröð skv. 2. áfanga:

Sæti nr.	Flokkur nr. sætis	Kjördæmi	Þingsætahlutur
55	D — 2	Vestfirðir	0,614
56	A — 1	Norðurland vestra	0,535
57	G — 2	Austurland	0,561
58	A — 1	Vesturland	0,777
59	D — 2	Suðurland	0,408
60	D — 2	Norðurland eystra	0,436
61	A — 3	Reykjanes	0,660
62	D — 9	Reykjavík	−0,112

4. áfangi jöfnunarúthlutunar skv. 114. gr., 5. tölulið (28. gr. frv.), þingsætahlutir og nr. þingsætis innan sviga.

	D
Reykjavík	−1,112
Reykjanes	0,383
Vesturland	0,547
	(63)
Vestfirðir	−0,386
Norðurland vestra	0,407
Norðurland eystra	−0,564
Austurland	−0,008
Suðurland	−0,592
Vantar	1

Úthlutunarröð skv. 4. áfanga:

Sæti nr.	Flokkur nr. sætis	Kjördæmi	Þingsætahlutur
63	D — 2	Vesturland	0,547

Tafla VII. Endanleg skipting þingsæta og atkvæði á þingmann (til samanburðar innan sviga raunveruleg úrslit 1979).

		A	B	D	G	Samtals
Reykjavík	þingsæti	3 (3)	2 (2)	9 (6)	4 (4)	18 (15)
	atkvæði	2 897	3 626	2 381	2 722	2 717
		(2 897)	(3 626)	(3 571)	(2 722)	(3 260)
Reykjanes	þingsæti	3 (2)	2 (1)	4 (3)	2 (1)	11 (7)
	atkvæði	2 062	2 215	2 549	2 340	2 326
		(3 094)	(4 430)	(3 398)	(4 679)	(3 655)
Vesturland	þingsæti	1 (1)	2 (2)	2 (2)	1 (1)	6 (6)
	atkvæði	1 165	1 406	1 160	1 203	1 250
		(1 165)	(1 406)	(1 160)	(1 203)	(1 250)
Vestfirðir	þingsæti	1 (2)	1 (2)	2 (2)	1 (0)	5 (6)
	atkvæði	1 188	1 645	868	808	1 075
		(594)	(823)	(868)		(896)
Norðurland v.	þingsæti	1 (0)	2 (3)	1 (2)	1 (1)	5 (6)
	atkvæði	611	1 253	1 606	984	1 141
			(835)	(803)	(984)	(951)

		A	B	D	G	Samtals
Norðurland e.	þingsæti	1 (1)	3 (3)	2 (2)	1 (1)	7 (7)
	atkvæði	1 789	1 965	1 379	2 141	1 920
		(1 789)	(1 965)	(1 379)	(2 141)	(1 920)
Austurland	þingsæti		2 (2)	1 (2)	2 (2)	5 (6)
	atkvæði		1 482	1 369	1 077	1 380
			(1 482)	(685)	(1 077)	(1 150)
Suðurland	þingsæti	1 (1)	2 (2)	2 (2)	1 (1)	6 (7)
	atkvæði	1 535	1 679	1 214	1 544	1 725
		(1 535)	(1 679)	(1 214)	(1 544)	(1 478)
Samtals	þingsæti	11 (10)	16 (17)	23 (21)	13 (11)	63 (60)

Ekki er unnt að sýna áhrif röðunar frambjóðenda á sæti samkvæmt ákvæðum 115. gr. (29. gr. frv.).

Athyglisvert er að framangreind úthlutun jöfnunarsæta leiðir í þessum kosningum til því næst sömu niðurstöðu og fengist hefði ef öllum sætum hefði verið úthlutað á grundvelli úrslita í hverju kjördæmi fyrir sig. Frá þessu eru tvö frávik:

1. Síðasta þingsæti Reykjavíkur ætti — á grundvelli atkvæðatalna í Reykjavík einni — að lenda hjá B-lista. Vegna jöfnunar milli flokka kemur það í hlut D-listans.
2. Síðasta þingsæti Suðurlands ætti að lenda hjá L-lista, en vegna ákvæða 113. gr. (27. gr. frv.) kemur sá listi ekki til álita við úthlutun jöfnunarsæta. Kemur sætið því í hlut D-listans.

Fylgiskjal II.

Drög að frumvarpi til laga

um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, sbr. lög nr. 5/1966, nr. 7/1978, nr. 8/1982 og nr. 10/1982.

1. gr.

Inn komi ný grein, 13. gr., er orðist svo:

Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista, þegar til úthlutunar kemur samkvæmt 2. tölulið, og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 2. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.

2. gr.

Inn komi ný grein, 14. gr., er orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista, skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv., uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

3. gr.

13.—16. gr. verði 15.—18. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um sveitarstjórnarkosningar er nú vísað til laga um kosningar til Alþingis um það, hvernig listar fái menn kjörna þegar um hlutfallskosningar er að ræða. Nái frumvarp til laga um breytingu á síðarnefndu lögunum fram að ganga á þessi tilvísun ekki lengur við. Því er lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Samkvæmt því yrði engin efnisbreyting á núverandi kosningafyrirkomulagi nema sú, að áhrif kjósenda á röð yrðu aukin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um aðferð við úthlutun. Efnisbreyting er engin.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að tekin verði upp sama skipan um röðun frambjóðenda á lista og lögð er til í 29. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Vísast til athugasemda með greininni í því frv.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal III.

Skýrsla
stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Reykjavík, janúar 1983

(Greinar gildandi stjórnarskrár eru ekki prentaðar hér til hliðar við nýjar tillögur.)

Formáli.

Skýrsla þessi fjallar um endurskoðun ákvæða stjórnarskrárinnar, annarra en ákvæðisins um kjördæmaskipunina. Um það mál hefur nefndin fyrir nokkru birt sérstaka skýrslu. Þá birti nefndin þegar í ágúst 1980 sérstaka álitsgerð í samræmi við þingsályktunartillögu Alþingis frá 1978, þar sem fjallað var bæði um kjördæmamálið og heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Svo sem sjá má af tillögunum í þessari skýrslu hefur ýmsum greinum stjórnarskrárinnar verið breytt allverulega frá því sem nú er, en aðrar greinar eru óbreyttar. Stuttar skýringar fylgja hverri grein. Hefur náðst samstaða í nefndinni um að senda þingflokkunum þessa skýrslu sem grundvöll að umræðum innan þeirra um textann. Nefndarmenn hafa gert fyrirvara um afstöðu flokka sinna og sína þegar málið kemur fyrir Alþingi. Fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks hafa lagt fram nokkrar tillögur um nýjar greinar og nýtt orðalag á einstökum greinum. Eru þær tillögur birtar þar sem við á í yfirliti þessu.

Reykjavík, 11. janúar 1983.

Gunnar Thoroddsen.

Tillögur um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

I.

1. gr.

„Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.
Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands.
Stjórnvöld ríkisins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar."

Greinin er gerð mun ítarlegri en fyrr. Orðunum „frjálst og fullvalda" er bætt hér við af augljósum ástæðum.

Þá er þess nú getið hverjar eru grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar, lýðræði, þingræði og jafnrétti, en engin þeirra var áður nefnd, þótt talað væri um „þingbundna" stjórn.

Þá er það og nýmæli að fram er tekið að stjórnvöld ríkisins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar. Verður að líta svo á að þetta taki til allra þriggja handhafa ríkisvaldsins.

2. gr.

„Alþingi og forseti fara með löggjafarvaldið.
Forseti, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.
Dómendur fara með dómsvaldið."

Hér er bætt við að ríkisstjórn fari með framkvæmdarvaldið, ásamt forseta og öðrum stjórnvöldum.

II.

3. gr.

„Forseti skal vera þjóðkjörinn.“

Óbreytt.

4. gr.

„Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningabærra manna og mest 6000. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta og má þar ákveða að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum.“

Efnislega óbreytt nema hvað meðmælendatala forsetaefnis er tvöfölduð vegna fjölgunar kjósenda.

5. gr.

„Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Sá sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Efnislega óbreytt. Meðmælendaákvæðið flutt í 4. gr.

6. gr.

„Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.“

Óbreytt.

7. gr.

„Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtímabili hans er lokið, og skal þá innan sex mánaða kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.“

Nýmæli er að ef forseti deyr eða lætur af störfum fyrir lok kjörtímabils skuli nýjar kosningar fara fram innan 6 mánaða.

8. gr.

„Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.“

Óbreytt.

9. gr.

„Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum önnur launuð störf.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Felld er niður tilvísun varðandi launagreiðslur frá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum. Þótti óþarft að taka slíkt fram.

10. gr.

„Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en Þjóðskjalasafnið hitt.“

Óbreytt.

11. gr.

„Forseti ber ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.“

Efnislega óbreytt.

12. gr.

„Forseti hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.“

Óbreytt.

13. gr.

„Forseti ákveður hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Jafnframt ákveður hann tölu þeirra og skiptir störfum með þeim að tillögu forsætisráðherra.

Ríkisstjórn skal njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hún skal því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur.

Hafi viðræður um stjórnarmyndun skv. 2. mgr. ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan 8 vikna, er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.

Ríkisstjórn skal láta af störfum, ef meiri hluti Alþingis lýsir yfir vantrausti á henni.“

Greinin er nýmæli. Hér er þingræðisreglan mjög skýrt áréttuð og forseta ber að kanna **áður** en stjórn er mynduð að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur. Þá er settur ákveðinn tímafrestur, 8 vikur, á heimild forseta til þess að skipa sjálfur ríkisstjórn. Ákvæði núgildandi 15. gr. um skipun og lausn ráðherra hafa verið flutt í þessa grein.

14. gr.

„Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.

Lög og þær stjórnarráðstafanir, sem krefjast undirritunar forseta, skulu bornar upp við forseta í ríkisráði. Ákveða skal með lögum hvaða önnur málefni eru þar borin upp.“

Efnislega nánast samhljóða núverandi 16. gr.

15. gr.

„Ráðherrar fara með vald forseta, sbr. þó 13. og 24. gr., og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Hæstiréttur dæmir þau mál.“

Hér eru sameinuð í breyttri mynd ákvæði núgildandi 13. og 14. gr. Skýrt er undirstrikað að ráðherrar fara með vald forseta Íslands — nema á tveimur sviðum, er hann stendur að stjórnarmyndun, sbr. 13. gr., og er hann getur neitað að staðfesta lög, sbr. 24. gr.

Þá er Landsdómur lagður niður og kemur Hæstiréttur í hans stað.

16. gr.

„Ríkisstjórnarfundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ríkisstjórnarfund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.“

Efnislega samhljóða núgildandi 17. gr.

17. gr.

„Ríkisstjórnin hefur aðsetur í Reykjavík.“

Efnislega samhljóða síðari málslið 13. gr.

18. gr.

„Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.“

Samhljóða 19. gr.

19. gr.

„Fyrir skal mælt í lögum um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Engan má skipa starfsmann ríkisins, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Þeir starfsmenn sem forseti skipar skulu vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.“

Áður 20. gr. Hér fellur niður munurinn á embættismönnum og öðrum ríkisstarfsmönnum, enda enginn munur á þeim gerður í lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eðlilegra þótti að um frávikningu ríkisstarfsmanna og flutning þeirra milli embætta væri fjallað fremur í lögum en stjórnarskrá.

20. gr.

„Forseti og ríkisstjórn gera samninga við önnur ríki.

Enga samninga má gera er hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða lofthelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. Gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra samninga við önnur ríki.“

Áður 21. gr. Til þess að koma í veg fyrir misskilning er nú fram tekið að það er ríkisstjórnin sem gerir samninga við önnur ríki, ásamt forseta. Varðandi afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi er lofthelgi nú bætt við. Þá er það hér nýmæli að gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra samninga við önnur ríki. Nú kemur aðeins lítill hluti samninga fyrir Alþingi.

21. gr.

„Forseti stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður hvenær því skuli slitið að tillögu forsætisráðherra. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður Alþingi á sama hátt til aukafunda þegar nauðsyn er til.“

Áður 22. gr. Við er bætt að forseti vinnur umgetin störf að tillögu forsætisráðherra, svo ekki verði um misskilning í því efni að ræða.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:
„Forseti Alþingis stefnir saman Alþingi ár hvert.“

22. gr.

„Forseti getur að tillögu forsætisráðherra frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.“

Áður 23. gr. Sama viðbót er hér gerð og lýst var um 21. gr.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:
„Forseti Alþingis getur frestað fundum Alþingis í allt að tvær vikur, en þó eigi oftar en tvisvar á ári. Alþingi sjálft getur þó samþykkt afbrigði frá þessum ákvæðum en þó eigi samþykkt lengri frestun en nemur 4 mánuðum á ári. Forseti Alþingis getur kallað saman Alþingi, þó frestur hafi verið ákveðinn, telji hann brýnt að kveðja Alþingi saman til fundar.“

23. gr.

„Forseti getur rofið Alþingi með samþykki þess og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 4 mánuðum eftir að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.“

Áður 24. gr. Hér er gerð sú meginbreyting á að ekki er unnt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs. Oddviti ríkisstjórnar sem væri t. d. komin í minni hluta á þingi getur því ekki lengur beitt þingrofsréttinum.
Þá er því ákvæði einnig bætt við að alþingismenn halda þingmennskuumboði sínu allt til kjördags, þótt þingrofið taki gildi mun fyrr. Verður því landið aldrei þingmannalaust, eins og komið hefur fyrir.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:
„Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi ef Alþingi samþykkir tillögu þar um og skal þá ganga til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá dagsetningu þingrofsúrskurðar. Alþingi komi saman eigi síðar en innan tveggja mánaða frá því kosningar fara fram í kjölfar þingrofs.“

24. gr.

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta eigi síðar en þremur vikum eftir að það var samþykkt. Áður en forseti tekur ákvörðun um staðfestingu frumvarpsins, getur hann óskað eftir því, að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að ósk um hana var borin fram. Sé frumvarpið þar fellt, er forseta heimilt að neita að staðfesta það. Sé það samþykkt, skal forseti staðfesta það.“

Áður 26. gr. Á grein þessari hafa verið gerðar verulegar breytingar. Áður hafði forseti rétt til þess að neita að rita undir samþykkt lagafrumvarp og skjóta því þá til þjóðarinnar. Nú getur hann hins vegar óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið **áður** en hann tekur ákvörðun um það hvort hann staðfestir það eða ekki. Er slíkur háttur eðlilegri því ella þurfa forseti og meiri hluti þings að standa að þjóðaratkvæðagreiðslunni sem andstæðingar.

25. gr.

„Birta skal lög. Lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.
Einnig skal birta mikilvægar stjórnvaldsákvarðanir, sem hagsmuni almennings varða.“

Áður 27. gr. Greinin er gerð skýrari með því að fram er tekið að lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Sú regla er löngu staðfest af dómstólum. Hins vegar er það nýmæli að einnig skuli birta mikilvægar ákvarðanir stjórnvalda sem hagsmuni almennings varða. Er það til þess að auðvelda þjóðinni að fylgjast með ákvörðunum yfirvalda sem hana skipta miklu.

26. gr.

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti að tillögu ráðherra gefið út bráðabirgðalög milli þinga, en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau þó brjóta í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalög 3 mánuðum eftir að þing er sett, og falla þau þá úr gildi.“

Áður 28. gr. Hér hefur vald ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga verið verulega þrengt, en ekki þótti rétt að afnema ákvæðið með öllu. Gert er að skilyrði að bráðabirgðalög verði ætíð lögð fyrir þing í upphafi þings. Og hafi Alþingi ekki samþykkt þau innan 3 mánaða falla þau sjálfkrafa úr gildi. Er hér um nýjar takmarkanir á valdi ríkisstjórnar að ræða, auk þess sem nú skal kynna efni bráðabirgðalaganna fyrir viðkomandi þingnefnd **áður** en þau eru sett. Gefur það m. a. stjórnarandstöðunni tækifæri til að taka afstöðu til laganna áður en gildistaka þeirra á sér stað.

Fulltrúar Alþýðuflokks leggja til að greinin falli niður.

27. gr.

„Forseti getur, að tillögu ráðherra, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna málshöfðunar Alþingis, nema með samþykki þess.“

Áður 29. gr. Sú efnisbreyting hefur verið ein gerð á þessari grein að afnumið er vald forseta til að ákveða að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla. Eftir að sérstökum embættismanni, ríkissaksóknara, var falið ákæruvaldið, sem dómsmálaráðherra fór áður með, þykir ekki ástæða til að unnt sé að fella niður saksókn sem hann hefur ákveðið.

Þá segir nú í greininni að forseti náði menn að tillögu ráðherra. Er það engin efnisbreyting en á að koma í veg fyrir þann algenga misskilning að forseti hafi einn heimild til að náða menn.

III.

28. gr.

Nefndin hefur gert sérstaka skýrslu um kjördæmamálið.

Var áður 31. gr.

29. gr.

„Alþingi starfar í einni málstofu.“

Áður 32. gr. Lagt er til að deildaskipting Alþingis verði afnumin. Jafnframt er þá ljóst að um leið þarf að gera gjörbreytingu á störfum þingnefnda. Er slík breyting lögð til í 39. gr., auk þess sem víðtæk breyting á lögum um þingsköp mun verða nauðsynleg.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins gera þann fyrirvara við tillögu um afnám deildaskiptingar Alþingis, að jafnhliða því að slík breyting er samþykkt þurfi að nást samkomulag milli þingflokka um meginatriðin í þeim breytingum á starfsháttum Alþingis og þingsköpum sem fylgja skulu afnámi deildaskiptingarinnar.

30. gr.

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt, eru eigi sviptir lögræði og hafa átt lögheimili hér á landi á síðustu 4 árum fyrir kjördag. Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar."

Áður 33. gr. Miklar breytingar eru gerðar á þessari grein. Kosningaaldur er lækkaður og ákvæðið um að enginn geti átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð fellt burt. Er það ekki lengur í samræmi við réttarvitund nútímans. Þá mega menn nú kjósa ef þeir hafa átt hér lögheimili einhvern tímann á síðustu 4 árum fyrir kosningar. Kemur þetta ákvæði til móts við hagsmuni námsmanna erlendis og þeirra mörgu sem ráða sig til vinnu erlendis um skeið. Glatast kosningarrétturinn nú ekki sem fyrr.

31. gr.

„Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt hefur til Alþingis.

Hæstaréttardómarar og ríkissaksóknari eru þó ekki kjörgengir."

Áður 34. gr. Fram er nú beinlínis tekið að hæstaréttardómarar séu ekki kjörgengir, þótt svo hafi áður verið í reynd (umboðsstarfalausir dómarar). Rétt þótti að hið sama gilti um ríkissaksóknara.

IV.

32. gr.

„Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti að tillögu forsætisráðherra ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Breyta má þessu með lögum."

Áður 35. gr. Ákvæðið um samkomudag Alþingis 15. febrúar er löngu úrelt orðið og hér tekinn upp sá samkomudagur þess sem lengi hefur tíðkast og er nú gert ráð fyrir í lögum, sbr. lög nr. 3/1967.

Fulltrúar Alþýðuflokksins gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:

„Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. dag októbermánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, og skal hvert þing standa þar til næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

33. gr.

„Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi."

Áður 36. gr. Greinin er óbreytt.

34. gr.

„Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti að tillögu forsætisráðherra ákveðið að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi."

Áður 37. gr. Greinin er efnislega óbreytt.

35. gr.

„Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.“

Áður 46. gr. Greinin er óbreytt.

36. gr.

„Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.“

Áður 47. gr. Greinin er óbreytt.

37. gr.

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína.“

Áður 48. gr. Upphaf fyrri málsgreinar er óbreytt. Sú síðari er felld brott þar sem talið er nú óþarft að taka fram að embættismenn sem kosnir eru á þing þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna.

38. gr.

„Alþingi kýs forseta sinn, og stýrir hann störfum þess.“

Áður 52. gr. Efnislega óbreytt.

39. gr.

„Alþingi kýs fastanefndir til upphafs næsta þings til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum. Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál, er almenning varða, og veitt þeim rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum og einstökum samtökum eða fyrirtækjum.

Þá getur Alþingi kjörið sérstakar nefndir þingmanna til að rannsaka mál, þegar brýn ástæða þykir til, og skal í lögum kveðið á um réttindi, skyldur og starfsháttu slíkra nefnda.“

Áður 39. gr. Í þeirri grein eru eingöngu ákvæði um sérstakar rannsóknarnefndir deilda. Ákvæði um fastanefndir þingsins hefur með öllu skort og er hér úr því bætt. Þá er það einnig mikilvægt nýmæli að þingið getur veitt slíkum nefndum heimild til að kanna mikilvæg mál og heimta skýrslur af stofnunum, starfsmönnum og fyrirtækjum. Auðveldar það þinginu að hafa eftirlit með framkvæmd laga. Ákvæðið um hinar sérstöku rannsóknarnefndir helst í greininni.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:

„Fundir í nefndum Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði, nema nefnd ákveði annað. Nefndir Alþingis hafi rétt til að heimta skýrslur, munnlega og bréflega, af embættismönnum og opinberum aðilum.“

Fulltrúar Alþýðubandalagsins telja að ákveða þurfi hvort og þá á hvern hátt fundir nefnda þingsins skulu haldnir í heyranda hljóði.

40. gr.

„Rétt til að flytja frumvarp til laga og tillögur til þingsályktana hafa þingmenn, ráðherrar og ríkisstjórn.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum á Alþingi. Meira en helmingur þingmanna þarf að vera á fundi til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál við hverja umræðu; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði og lagafrumvarpið í heild.“

Áður 38., 44., 45., 53. og 55. gr. Ákvæði 38. og 55. greinar um frumkvæðisrétt deilda og þingmanna til þess að bera fram mál hafa verið sameinuð í þessari grein og þær því felldar niður. Þá eru tekin upp í þessa grein meginákvæði 44., 45. og 53. gr. núgildandi stjórnarskrár um meðferð mála og fullnaðarsamþykkt þeirra. Þar sem gert er ráð fyrir í 29. gr. að Alþingi starfi aðeins í einni málstofu er lagt til að þar fari fram þrjár umræður um hvert mál, sem í deildum áður, og hlýtur það fullnaðarafgreiðslu að þeim loknum. Til afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga þarf þrjár umræður einnig og er það óbreytt frá því sem nú er.

Falla því 44., 45. og 53. gr. núgildandi stjórnarskrár niður. Ákvæði 45. og 53. gr. um tilskilinn fjölda þingmanna á fundi haldast óbreytt, en óþarft þykir að taka sérstaklega fram að þeir skuli greiða þar atkvæði.

Ný grein.

Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að á eftir 40. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

„Frumvarp til laga eða þingsályktunar sem felur í sér að ríkisvaldið eða forræði íslenskra stjórnvalda sé að einhverju leyti selt í hendur alþjóðlegrar stofnunar eða samtaka telst ekki samþykkt nema hlotið hafi ⅚ hluta greiddra atkvæða á Alþingi. Nú hlýtur frumvarpið ekki tilskilinn meirihluta og getur þá ríkisstjórnin borið frumvarpið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef minnst 50% kosningabærra manna taka þátt í atkvæðagreiðslunni og ⅔ hlutar þeirra greiða atkvæði með frumvarpinu telst það samþykkt.“

41. gr.

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal þegar er það er saman komið leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Í frumvarpinu skal fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár.“

Áður 42. gr. Hér er bætt við ákvæði um að í fjárlagafrumvarpi skuli einnig fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur stofnana ríkisins og ríkisfyrirtækja.

42. gr.

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“

Áður 41. gr. Greinin er óbreytt.

43. gr.

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins, né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.“

Áður 40. gr. Greinin óbreytt nema í stað orðsins landsins kemur ríkisins.

44. gr.

„Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.

Þeir sem endurskoðun annast skulu eiga aðgang að öllum skýrslum, skjölum og öðrum gögnum, sem þeim þykir þurfa til þess að geta leyst starfann af hendi.

Nánar skal fjallað um endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í lögum.“

Áður 43. gr. Meginatriði endurskoðunarvalds Alþingis eru hér undirstrikuð, sérstaklega það að þær stofnanir sem endurskoðunina annast heyri beint undir Alþingi, og greinin gerð styttri og gleggri. Um framkvæmdaratriði endurskoðunarinnar skal síðan fjallað í lögum.

45. gr.

„Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki setja neinn alþingismann í varðhald eða höfða mál á hendur honum án samþykkis þingsins, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema Alþingi leyfi.“

Áður 49. gr. Greinin er óbreytt, nema hvað það ákvæði er fellt niður að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Frelsissvipting sakir skulda hefur verið almennt óheimil skv. lögum í tæpa öld, sbr. l. 19/1887.

46. gr.

„Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.“

Áður 50. gr. Greinin er óbreytt.

47. gr.

„Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.“

Áður 51. gr. Greinin er óbreytt, nema hvað niður er fellt ákvæðið um þátttöku ráðherra í umræðum, en það á heima í þingsköpum fremur en í stjórnarskrá.

48. gr.

„Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum, krafist þess að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, og sker þá þingfundur úr.“

Áður 57. gr. Efnislega óbreytt.

49. gr.

„Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.“

Áður 58. gr. Efnislega óbreytt.

V.

50. gr.

„Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“

Áður 59. gr. Óbreytt.

51. gr.

„Hæstiréttur er æðsti dómstóll landsins. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin með lögum. Hið sama gildir um aðra dómstóla landsins.“

Grein þessi er ný. Rétt er og sjálfsagt að fjalla um æðsta dómstól landsins í stjórnarskránni og víkja á sama hátt að öðrum dómstólum landsins.

52. gr.

„Ríkissaksóknari fer með ákæruvaldið. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin í lögum. Ríkissaksóknari er einungis bundinn af lögunum í embættisstörfum sínum.“

Grein þessi er ný. Rétt þykir að binda í stjórnarskrá hver fari með ákæruvaldið og jafnframt taka fram, að ríkissaksóknari sé einungis bundinn af lögunum í embættisstörfum sínum, til þess að undirstrika sjálfstæði embættisins.

53. gr.

„Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Ekki má fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum.“

Fyrsta setning greinarinnar er samhljóða upphafsákvæði núgildandi 61. gr. Ákvæðið um að ekki megi fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum er nýmæli. Þykir það eðlileg takmörkun á því að dómurum séu falin ýmis störf, sem utan dómstarfa liggja, af hálfu framkvæmdarvaldsins eða annarra aðila. Er ákvæðinu ætlað að tryggja sjálfstæði dómara í störfum og aðgreiningu dómsvaldsins frá öðrum greinum ríkisvaldsins.

54. gr.

„Dómstólar eiga úrskurðarvald um réttarágreining, með þeim undantekningum, sem ákveðnar eru í lögum. Þeir skera úr öllum ágreiningi um valdmörk stjórnvalda og hvort lög brjóta í bág við stjórnarskrá.

Enginn getur frestað framkvæmd stjórnvaldsboðs með því að skjóta málinu til dóms.“

Áður 60. gr. Upphafsákvæðið er nýtt en þar er skilgreint hvert meginhlutverk dómsvaldsins er. Í núgildandi grein segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Gleggra þykir að nota hér orðið valdmörk, enda hafa dómstólar jafnan túlkað ákvæðið á þá lund. Þá er það nýtt ákvæði að dómstólar skeri úr því hvort lög brjóta í bág við stjórnarskrá. Fyrir því er hins vegar löng réttarvenja, sem aðeins er staðfest með ákvæðinu.

55. gr.

„Dómendum Hæstaréttar, öðrum umboðsstarfalausum dómendum og ríkissaksóknara verður ekki vikið úr embætti nema með dómi. Ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti gegn vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana.“

Áður 61. gr. Við greinina er bætt ríkissaksóknara í flokk þeirra, sem ekki verður vikið úr embætti nema með dómi. Þykir eðlilegt að þessi embættismaður njóti sömu verndar í starfi og þau dómaraembætti sem núgildandi ákvæði taka til. Fellt er niður ákvæði um launakjör hæstaréttardómara sem lausn fær 65 ára eða eldri.

VI.

56. gr.

„Landið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstjórnarinnar. Stjórnir sveitarfélaga skulu kjörnar í almennum, leynilegum kosningum."

Nú er mjög stuttlega fjallað um sveitarfélög í stjórnarskránni og aðeins í einni grein hennar, 76. gr. Nýmæli er að landið skiptist í sveitarfélög og jafnframt að stjórnir þeirra skuli kjörnar í almennum, leynilegum kosningum. Er það til þess að undirstrika rétt íbúa sveitarfélaga til þess að velja sjálfir stjórnir þeirra.

57. gr.

„Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum, sem og skiptingu á verkefnum sveitarfélaga og ríkisins, skal skipað með lögum. Um tekjustofna sveitarfélaga skal einnig fjallað í lögum."

Hér er það nýmæli að tekið er fram að skiptingu verkefna milli sveitarfélaga og ríkisins skuli skipað með lögum. Jafnframt að hið sama gildi um tekjustofna sveitarfélaga.

58. gr.

„Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal og skipað með lögum."

Grein þessi er nýmæli. Veitir hún íbúum sveitarfélaga rétt til þess að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins, ef þeir telja ástæðu til. Hér eru því lýðræðisleg réttindi íbúanna aukin og skulu tryggð í framkvæmd með lögum. Má ætla að heimildin verði sérstaklega notuð, þegar um umdeild mál er að ræða, sem íbúar sveitarfélagsins vilja fá að segja álit sitt á áður en til lykta eru ráðin. Svipaðar heimildir hafa gefið góða raun erlendis, m. a. í Bandaríkjunum og Sviss.

VII.

59. gr.

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.
Breyta má þessu með lögum."

Áður 62. gr. Greinin er óbreytt.

60. gr.

„Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers og eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu."

Áður 63. gr. Greinin er óbreytt.

61. gr.

„Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, er hann sjálfur tilnefnir, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum."

Áður 64. gr. Greinin er óbreytt nema að nú er utanþjóðkirkjumanni heimilt að greiða gjöld til Háskóla Íslands eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, er hann sjálfur tilnefnir. Áður runnu gjöldin einvörðungu til Háskólans eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins telja að orðalag þessa kafla, VII. kafla stjórnarskrárinnar, þurfi að athuga nánar.

VIII.

62. gr.

„Allir skulu njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum."

Greinin er nýmæli og er upphafsgrein mannréttindakaflans.

63. gr.

„Mannréttinda skulu menn njóta án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti."

Greinin er nýmæli. Hér er undirstrikað fullt jafnrétti á víðtæku sviði mannréttindaverndar. Sambærilegt ákvæði er í Mannréttindasáttmála Evrópu og Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en Ísland er aðili að þeim báðum.

Ný grein.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að á eftir 63. gr. komi ný grein svohljóðandi:

„Konur og karlar eiga jafnan rétt á öllum sviðum og ber að tryggja þeim sömu tækifæri til starfa og jafnt kaup fyrir sambærilega vinnu."

64. gr.

„Frelsissviptingu verður því aðeins beitt, að til hennar sé sérstök lagaheimild. Sá sem orðið hefur að þola frelsissviptingu af hálfu stjórnvalda skal eiga rétt til þess að bera málið undir dómara og hljóta úrlausn hans án ástæðulauss dráttar.

Hver sá, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni. Skal án undandráttar leiða hann fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í gæsluvarðhald. Engum manni skal haldið í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, og megi láta hann lausan gegn tryggingu, skal ákveða í dómsúrskurði hver trygging skuli vera. Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, sem aðeins varðar fésekt eða varðhaldi."

Fyrri málsgreinin er nýmæli og er markmið hennar að tryggja réttaröryggi borgaranna á sem fyllstan hátt. Byggir hún á sambærilegu ákvæði í Mannréttindasáttmálunum.

Síðari málsgreinin er í meginatriðum hin sama og núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar. Við er bætt að handtekinn maður skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni og ekki megi halda manni í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

65. gr.

„Allir skulu hljóta réttláta meðferð mála sinna fyrir dómstólum. Hver sá sem sakaður er um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus, uns sekt hans hefur verið sönnuð lögum samkvæmt.“

Greinin er nýmæli í stjórnarskrá. Hún er hins vegar grundvallarregla í íslenskum rétti og full ástæða þykir til að binda hana í stjórnarskránni.

66. gr.

„Enginn skal sekur fundinn um refsivert athæfi, nema brot hans hafi varðað refsingu að lögum á þeim tíma, er það var framið. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en heimilt var á þeim tíma, þegar refsivert verk var unnið.“

Greinin er nýmæli. Hún er hins vegar grundvallarregla í hegningarlögunum og er ítrekuð í Mannréttindasáttmálunum.

67. gr.

„Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa bréf- og símleynd nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Ákvæði um vernd upplýsinga um einkahagi manna skulu sett í lögum.“

Áður 66. gr. Greinin er gerð ítarlegri, bannað að raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa símleynd. Jafnframt er boðið að löggjöf skuli sett um vernd upplýsinga um einkahagi manna.

68. gr.

„Virða ber skoðanafrelsi manna. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Áður 72. gr. Sú grein var bundin við prentfrelsi. Hér er almennt tjáningarfrelsi tryggt og skoðanafrelsi.

69. gr.

„Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi.“

Áður 73. og 74. gr. Greinar þessar eru sameinaðar og mönnum tryggt funda- og félagafrelsi.

70. gr.

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Grein þessi er hér óbreytt frá núgildandi stjórnarskrárákvæði.

Fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks leggja til að greinin orðist svo:
„Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi sanngjarnt verð fyrir.“

71. gr.

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.“

Áður 69. gr. Greinin er óbreytt.

72. gr.

„Enginn Íslendingur verður sviptur ríkisborgararétti sínum og engum þeirra meinað að koma inn í landið. Allir sem eiga löglega dvöl í landinu skulu frjálsir ferða sinna og ráða búsetu sinni. Öllum skal frjálst að fara úr landi.“

Greinin er nýmæli. Er hún í samræmi við hlutaðeigandi ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu og Sameinuðu þjóðanna.

73. gr.

„Allir skulu eiga rétt á félagslegri aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli eða af öðrum ástæðum, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.“

Grein þessi tjáir sömu grunnhugsun og fram kemur í 70. gr. núgildandi stjórnarskrár í ljósi nútíma viðhorfa í félags- og velferðarmálum.

74. gr.

„Allir skulu eiga rétt til að njóta menntunar og fræðslu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.“

Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að greinin orðist svo:
„Öll börn og unglingar eiga rétt á ókeypis fræðslu svo og allir þeir er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.“

75. gr.

„Rétti manna til vinnu og orlofs skal skipað með lögum.“

Greinin er nýmæli.

Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að greinin orðist svo:
„Sérhver maður á rétt til að afla sér lífsviðurværis með vinnu sem hann velur sér og skulu stjórnvöld með lögum gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja þennan rétt.
Sérhver maður skal njóta öryggis við störf, heilsusamlegra vinnuskilyrða og orlofs.“

Ný grein.
Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að á eftir 75. gr. komi ný grein er hljóðar svo:
„Sérhver maður á rétt til að taka á lýðræðislegan hátt þátt í ákvörðunum um málefni vinnustaðar síns.“

76. gr.

„Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.
Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarréttindi hér á landi skal skipað með lögum.“

Grein þessi er óbreytt frá 68. gr. stjórnarskrárinnar.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að greinin orðist svo:

„Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga eða stofnanir sem Íslendingar eiga einir. Veita má sendiráðum, alþjóðastofnunum og erlendum mönnum sem hér eiga lögheimili undanþágu frá þessu ákvæði með lögum.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslensk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum."

77. gr.

„Skattamálum skal skipa með lögum.

Óheimilt er eftir mitt ár að setja lög sem leiða til hækkunar skatta á tekjur liðins árs eða eignir í lok liðins árs."

Áður 77. gr. Bann við setningu laga um afturvirkni skatta er nýmæli í greininni.

78. gr.

„Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo að ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu."

Greinin er nýmæli. Vernd náttúru landsins og auðlinda þess í framtíðinni er svo mikilvægt mál að það á heima í stjórnarskrá. Verndarskyldan hvílir bæði á ríki og einstaklingum, en nánar yrði fjallað um málið í heild í lögum.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að greinin orðist svo:

„Landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Stjórnvöldum er skylt að vernda náttúru landsins og auðlindir þess svo að tryggt sé að allir landsmenn geti notið útivistar og varðveittur sé sá höfuðstóll sem felst í auðæfum náttúru landsins. Nánar skal í lögum fjalla um umgengnisrétt landsmanna við landið og verndun náttúru og auðlinda landsins og hvernig tryggja skal að ekki spillist að óþörfu líf, land eða haf."

79. gr.

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga.

Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti að öðrum náttúruauðæfum skal skipað með lögum."

Grein þessi er nýmæli. Lýst er yfir þjóðareign að auðlindum hafs og hafsbotns við Ísland. Jafnframt að náttúruauðlindir landsins skuli vera ævarandi eign Íslendinga. Afsal þeirra til útlendinga er því lýst óheimilt. Að því er einstakar auðlindir snertir, svo sem vatns- og virkjunarrétt, jarðhita og námuréttindi, er gert ráð fyrir því að um yfirráðarétt þeirra verði fjallað í lögum. Er í greininni ekki tekin afstaða til þess hvort eða að hve miklu leyti slík náttúruauðæfi skuli vera ríkiseign. Er það undir ákvörðun Alþingis komið.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að greinin orðist svo:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.

Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna.

Með þeim takmörkunum sem hér segir skal við það miða að eignarréttur haldist á jörðum, beitiréttur í óbyggðum og önnur þau hlunnindi í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.“

Fulltrúar Alþýðuflokksins leggja til að greinin orðist svo:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Auðlindir hafsins og sjávarbotns, innan íslenskrar lögsögu, eru sameign þjóðarinnar. Þau náttúrugæði svo sem landsvæði, sem og vatns- og virkjunarréttindi, jarðhita- og námaréttindi, og önnur réttindi bundin eignarrétti lands, sem eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir, skulu vera þjóðareign. Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, sem skal með lögum ákveða aðgangs- og nýtingarrétt almennings svo og landverndar- og umgengnisskyldu. Með sérstökum lögum getur Alþingi veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum réttindi til nytja lands og landgæða.“

Tvær nýjar greinar.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að á eftir 79. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

Fyrri grein.

„Ísland er friðlýst land. Aldrei má leyfa geymslu kjarnorkuvopna eða annarra gereyðingarvopna í landinu né heldur flutning þeirra um Ísland, lofthelgi þess eða fiskveiðilögsögu.“

Seinni grein.

„Íslensk stjórnvöld skulu á alþjóðavettvangi styðja afvopnun og frið, sjálfsákvörðunarrétt þjóða og verndun mannréttinda.“

80. gr.

„Fjórðungur alþingiskjósenda getur óskað eftir því að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni. Um framkvæmd slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu skal nánar fyrir mælt í lögum.“

Engin ákvæði eru í stjórnarskránni um rétt kjósenda til þess að óska eftir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilsverð mál. Full ástæða þykir því til **þess að** taka upp nýtt ákvæði í stjórnarskrá, sem veitir alþingiskjósendum slíkan lýðræðislega: **rétt**. Úrslitin eru ekki bindandi fyrir Alþingi en ætla má að þau verði engu að síður **mjög stefnu**mótandi og tillit tekið til niðurstöðunnar af hálfu þess.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að í stað „fjórðungur“ komi „fimmtungur“ í greininni.

81. gr.

„Alþingi kýs fulltrúa sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess að stjórnsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna í störfum sínum og skal nánar um það fjallað í lögum.

Sérhver sá sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda getur leitað til ármanns með erindi sitt.“

Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna, ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda, sem getið er í greininni. Áþekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa og eru þau talin hafa gefið góða raun.

82. gr.

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt í lögum.“

Tillaga kom fram í nefndinni um breytt orðalag þessarar greinar en aðrir nefndarmenn vildu fella grein þessa niður. Greinin er 75. gr. stjórnarskrárinnar.

83. gr.

„Sé tillaga um breytingu á stjórnarskránni samþykkt á Alþingi skal fara fram um hana þjóðaratkvæðagreiðsla. Hljóti hún þar samþykki og sé einnig samþykkt óbreytt á Alþingi að loknum næstu kosningum skal hún staðfest af forseta og er hún þá gild stjórnskipunarlög.“

Lagt er hér til að nýr háttur verði hafður á við breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli. Ekki er hins vegar lengur skylt að rjúfa þing strax og fyrra þingið hefur samþykkt stjórnarskrárbreytinguna. Nýmæli er það einnig að nú skal fara fram sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytinguna að loknu samþykki fyrra þingsins. Ráðast því örlög breytingarinnar af vilja þjóðarinnar. Svo er hins vegar ekki í dag, þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer ekki fram um stjórnarskrárbreytinguna sérstaklega, heldur eiga sér einvörðungu stað almennar alþingiskosningar eftir þingrof, þar sem um margt annað er kosið en stjórnarskrárbreytinguna.

Brottfelldar greinar.

Við endurskoðun stjórnarskrárinnar hafa eftirtaldar greinar verið felldar niður: 18. gr., 25. gr., 30. gr. og 56. gr.

Eins og fram kemur í inngangi að þessari skýrslu áskilja allir nefndarmenn sér rétt til að gera fyrirvara um einstakar greinar framanritaðra tillagna um breytingu á stjórnarskránni. Við undirritaðir höfum gert okkar athugasemdir við einstakar greinar, sem við teljum ekki ástæðu til að skýra nánar í þessari skýrslu en munum gera grein fyrir þeim í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, sem tilnefndi okkur í nefndina. Það er okkar skoðun að það flýti ekki fyrir lausn stjórnarskrármálsins að skjalfesta öll ágreiningsatriði fyrr en þau hafa verið rædd innan hvers þingflokks og milli stjórnmálaflokkanna. Ef þá hefur ekki tekist að jafna ágreining er eðlilegast að okkar dómi að lagðar séu fram breytingartillögur þegar málið er komið til umræðu á Alþingi.

Alþingi samþykkti þingsályktun 6. maí 1978 um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipan, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög. Þessi nefnd átti að skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum. Nefndin var skipuð haustið 1978 og kom saman til fyrsta fundar 1. des. 1978. Því miður voru störf nefndarinnar stopul og oft leið langur tími á milli funda. Þetta gerði það m. a. að verkum að nefndin hefur farið langt fram úr þeim tíma sem henni var ætlað og enn þá eru eftir töluverð störf óunnin. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var gert ráð fyrir að stjórnarskrárnefnd lyki störfum fyrir árslok 1980, „þannig að Alþingi hafi nægan tíma til þess að ljúka afgreiðslu stjórnarskrár- og kjördæmamálsins fyrir lok kjörtímabilsins“.

Kjördæmamálið hefur verið mikið rætt opinberlega og ætti því að vera auðvelt að ljúka afgreiðslu þess. Öðru máli gegnir um stjórnarskrármálið, því breytingar á stjórnarskránni hafa litla umræðu fengið meðal þjóðarinnar og er varhugavert að afgreiða það með miklum flýti.

Matthías Bjarnason. Tómas Tómasson.

Nd. 368. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattsstofn hjóna, sem samvistum eru, er helmingur af samanlögðum tekjuskattsstofni beggja. Hafi annað hjóna neikvæðan tekjuskattsstofn skal draga þá upphæð frá tekjuskattsstofni hins.

Karl eða kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða ef konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

2. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 63. gr.“ í 1. mgr. 64. gr. laganna komi: 2. mgr. 63. gr.

3. gr.

1. mgr. 65. gr. laganna orðist svo:

Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., skulu leggjast við samanlagðan tekjuskattsstofn foreldranna, ef foreldrarnir eru skattlagðir sem hjón skv. 63. gr.

4. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Samanlögðum tekjuskatti hjóna samkvæmt 63. gr. skal skipt á milli þeirra í hlutfalli við tekjuskattsstofn hvors um sig. Hafi annað hjóna neikvæðan tekjuskattsstofn skal hitt greiða tekjuskattinn allan.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar skattalögunum var breytt á árinu 1979 var mikið rætt um svokallaða samsköttun hjóna, þ. e. að hvoru hjóna yrði reiknaður skattur af helmingi tekna heimilisins. Var litið þannig á, að konan „ætti“ helming af tekjum mannsins og að maðurinn „ætti“ helming af tekjum konunnar. Þannig var frumvarpið til skattalaga lagt fram, og lengi vel var ekki rætt

um aðra kosti í þessu sambandi. Síðar var farið að ræða svokallaða sérsköttun hjóna, þ. e. að hjónin ætti að skattleggja hvort í sínu lagi eins og um tvo einstaklinga væri að ræða. Var sú aðferð talin stuðla að auknu jafnrétti kynjanna og varð hún ofan á við endanlega afgreiðslu skattalaga og hefur verið í lögum síðan.

En hvernig hefur þetta komið út? Nú er hægt að meta það í ljósi reynslunnar.

Þau heimili, þar sem tekjur hjónanna eru mismiklar, borga hlutfallslega meiri skatta en heimili með jafnar tekjur hjóna. Er skattbyrðin þeim mun þyngri sem mismunur á tekjum hjónanna er meiri og er þá hæst þegar annað hjóna (oftar karlmaðurinn) aflar allra teknanna. Hér er átt við skattbyrði af heildartekjum hjónanna.

En hvaða heimili eru það, þar sem tekjur hjóna eru verulega mismiklar? Það eru fyrst og fremst heimili með mikla ómegð sem bindur annað hjóna, aðallega konuna, heima, einnig þau heimili þar sem annar aðilinn er mikið fjarverandi vegna starfa sinna: sjómenn, verkamenn við virkjanir, flugmenn o. s. frv., þó að barnafjöldinn sé e. t. v. ekki mikill. Það er útilokað fyrir konu verkamanns, sem vinnur uppi á hálendi, að vinna úti og sjá jafnframt um eitt eða fleiri börn. Hún verður að vera heima að gæta barnanna. Þá er og vert að geta þeirra heimila, þar sem annað hjóna verður að vera heima og annast langlegusjúkling, aldrað foreldri, vangefið barn eða bæklað. Fleira mætti telja, t. d. námsfólk, þar sem annað hjóna vinnur fyrir hinu meðan það er við nám, svo og hátekjumenn, þar sem konan er heima af því að hún þarf ekki að vinna utan heimilis.

Flest þeirra heimila, sem talin eru upp hér að framan, eru þannig að ekki mun vera vilji með þjóðinni að skattleggja þau sérstaklega. Það hefur orðið mikil hugarfarsbreyting hjá þessari þjóð, ef ætlunin er að skatta ómegðina, en þannig kemur sérsköttun hjóna út í reynd. Frá sjónarmiði þeirra, sem stuðla vilja að jafnrétti kynjanna, hlýtur það að líta undarlega út að segja að kona, sem gætir barna og bús og gerir bónda sínum kleift að vinna utan heimilis fyrir miklum tekjum, geri ekki neitt, vinnuframlag hennar sé einskis metið, þótt hún vinni öllum stundum. Auðvitað „á“ hún helming af tekjum mannsins. Hann gæti ekki unnið, ef hann ætti að sjá um börnin sín sjálfur. Hitt er svo annað mál, að sá, sem gætir barnanna tekjulaust (yfirleitt konan) er að ala upp nýja kynslóð, sem seinna meir mun standa undir lífeyriskerfi landsmanna, og fær þó engin lífeyrisréttindi út á það. Er ekki óþarfi að skatta hana sérstaklega umfram aðra, sem ekki annast börn?

Sérsköttun hjóna hefur vafalaust haft þau áhrif, að fleiri konur hafa farið út að vinna, þar sem karlinn getur ekki staðið undir sköttunum einn. Við það eykst þörfin fyrir barnaheimili, sem niðurgreidd eru yfir 75%. Og hver skyldi borga þann kostnað? Er það ekki m. a. karlinn tekjuhái, sem leyfir sér þann lúxus að hafa konuna sína „aðgerðalitla“ yfir fjórum ungbörnum heima? Niðurgreiðslur barnaheimila með þremur börnum eru orðnar meiri en tekjur verkamanna fyrir dagvinnu. Eðlilegt er að spurt sé, hvort þetta sé rétt þróun.

Tekjutap ríkissjóðs vegna frumvarps þessa verður eflaust nokkuð og er ekki auðvelt að reikna það út. Auðvitað má gera könnun á því, hve breytingin ein sér á skattalögunum veldur miklum tekjumissi fyrir ríkissjóð miðað við óbreytt ástand. En það er ekki vafi, að breytingin mun hafa áhrif í þá átt, að tekjur hjóna innbyrðis munu breytast. Einnig má ætla að þörf fyrir barnaheimili minnki. Þá er óljóst hvaða áhrif þessi breyting mun hafa til bættra framtala og þar af leiðandi hærri tekna ríkissjóðs.

Nd. 369. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Albert Guðmundsson, Karvel Pálmason, Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðmundur J. Guðmundsson, Ingólfur Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Magnús H. Magnússon, Jóhann Einvarðsson.

1. gr.

Aftan við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem orðist svo:

Tekjuskattsstofn manna, sem látið hafa af störfum vegna aldurs, skal lækkaður um helming við útreikning skatts af tekjum, sem þeir hafa aflað síðustu tólf mánuði starfstíma síns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1983 af tekjum ársins 1982.

Greinargerð.

Óþarfi hlýtur að vera að tíunda þá erfiðleika, sem oft blasa við þeim launþegum sem láta af störfum vegna aldurs.

Breytingin hefur oft sálræn áhrif, sem seint verða bætt, því heilsan er þar að veði.

Því til viðbótar koma áhyggjur af greiðslu opinberra gjalda, sem eru lögð á með fullum þunga á fyrsta ári eftir að starfsævi lýkur.

Þetta frumvarp er flutt til að koma til móts við launþega sem þannig eru staddir, enda hafa þeir greitt sína skatta og gjöld á langri starfsævi og ber að meta það þegar á leiðarenda er komið.

Ed. 370. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna, sbr. lög nr. 27 23. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara úr hópi tíu manna, sem Hæstiréttur tilnefnir. Skipunartími nefndarinnar skal vera frá 15. maí til jafnlengdar að þremur árum liðnum.

2. gr.

Aftan við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, nr. VI, er orðist svo:

Yfirfasteignamatsnefnd skv. 23. gr., eins og henni er breytt með lögum þessum, skal í fyrsta sinn skipuð frá 15. maí 1983. Skipun fyrri nefndar fellur niður frá og með þeim degi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við nýskipan á skráningu og mati fasteigna, sem mælt var fyrir um með lögum nr. 94/1976, var skipuð ný yfirfasteignamatsnefnd haustið 1976 eftir gildistöku þeirra laga. Nefndin er skipuð þrem mönnum og þrem til vara úr hópi tíu manna, sem Hæstiréttur tilnefnir. Skipunartími er þrjú ár, sbr. 23. gr. laganna. Upphafstími skipunar er ekki tilgreindur í lögunum, en í hana var í fyrsta sinn skipað frá og með 15. október 1976. Nefndin hefur verið skipuð tvisvar eftir þetta, síðast haustið 1982.

Hlutverk yfirfasteignamatsnefndar er m. a. að ákveða framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna, sbr. 26. gr. laganna. Þessi ákvörðun er tekin í nóvembermánuði, en mikil undirbúningsvinna er unnin í nefndinni á tímabilinu ágúst — október ár hvert.

Við endurskipun nefndarinnar hefur komið í ljós, að mjög óheppilegt er að ný nefnd taki við þegar undirbúningur að nýju fasteignamati stendur sem hæst. Í raun er illmögulegt fyrir nýja menn að setja sig inn í þau umfangsmiklu heimildargögn, sem liggja að baki nýjum framreikningi, á þeim skamma tíma sem líður frá því umboði gömlu nefndarinnar lýkur og þar til nýr framreikningur skal liggja fyrir í nóvembermánuði. Nauðsynlegt þykir að fenginni reynslu að koma því svo fyrir að skipunartími nýrrar nefndar falli ekki saman við framreikning nýs fasteignamats, svo sem nú er. Hæfilegt þykir að skipunartími miðist við 15. maí.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við og með samþykki núverandi yfirfasteignamatsnefndar.

Nd. 371. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum, og til viðtals við hana kom Ævar Ísberg frá embætti ríkisskattstjóra.

Meiri hl. nefndarinnar taldi þegar í upphafi að frumvarp þetta hefði átt að fara til umfjöllunar í fjárhags- og viðskiptanefnd, en ekki í heilbrigðis- og trygginganefnd, þar eð hér væri um skattamál að ræða, enda mun svo ævinlega hafa verið um heimildarákvæði í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Kannað var hvort beina mætti frumvarpinu til fjárhags- og viðskiptanefndar, en svo reyndist ekki vera þar eð neðri deild hefði samþykkt þessa málsmeðferð.

Nefndarmenn heilbrigðis- og trygginganefndar voru hlynntir efni frumvarpsins og mæla með samþykkt þess, en nokkrir kjósa að skrifa undir nefndarálit með fyrirvara, m. a. af ofangreindum ástæðum.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pétur Sigurðsson og Pálmi Jónsson.

Alþingi, 21. febr. 1983.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.
Jóhann Einvarðsson, fundaskr. með fyrirvara.
Magnús H. Magnússon.
Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Guðm. G. Þórarinsson.

Sþ. 372. Fyrirspurn [210. mál]

til fjármálaráðherra um endurskoðun laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá Ingólfi Guðnasyni.

1. Er lokið endurskoðun laga nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, skv. ákvæðum til bráðabirgða, V. lið laganna?
2. Ef endurskoðun laganna er lokið, hvenær má þá vænta þess, að fjármálaráðherra flytji nýtt frumvarp um skattskyldu innlánsstofnana eða breytingu á núverandi lögum, í samræmi við endurskoðun bankamálanefndar?

Nd. 373. Frumvarp til laga [211. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Þórarinn Sigurjónsson, Sverrir Hermannsson, Magnús H. Magnússon.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar skipsins Het Wapen frá Amsterdam, allt að 50 milljónum króna, gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, svo sem í verðmæti hins bjargaða og söluandvirði skipsins úr landi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Indíafarið Het Wapen van Amsterdam strandaði á Skeiðarársandi, nánar tiltekið á Skaftafellsfjöru, 19. september 1667. Skipið var á heimleið ásamt átta öðrum skipum Austur-Indíafélagsins hollenska og var siglt vestan Bretlandseyja í átt til Færeyja, en þaðan skyldi siglt til Hollands. Het Wapen varð viðskila við skipalestina og leitaði undan veðrinu í átt til Íslands, þar sem það strandaði eftir tveggja daga hrakninga.

Het Wapen van Amsterdam var vopnað kaupfar, mjög stórt í síns tíma mælikvarða, af þeirri gerð sem nefnd var „retour“ skip. Amsterdamdeild Austur-Indíafélagsins lét smíða skipið á árunum 1653—54. Talið er að búnaður og stærð skipsins hafi verið sem hér segir:

Lengd	147 fet
Breidd	35 fet
Rista	12 fet
Vopnabúnaður	35—40 fallbyssur
Áhöfn og farþegar	200—250

Nákvæm farmskrá er enn til yfir þær vörur er fóru um borð í skipin níu í Batavíu. Skrá um farm hvers einstaks skips er hins vegar ekki fyrir hendi. Fullvíst má þó telja að farmur Het Wapen hafi verið fjölbreytilegur og verðmætur.

Fjöldi farþega og áhafnar mun hafa verið 200—250 manns. Vænta má þess, að farangur þessa fólks sé verulegur. Farþegar munu a. m. k. að hluta hafa verið Hollendingar á

heimleið að loknu starfi í Austur-Indíum. Fulltrúar Austur-Indíafélagsins og áhöfnin höfðu leyfi til að stunda verslun á eigin reikning og fluttu oft verulegan varning heim.

Með bréfi 27. september 1960 veitti forsætisráðuneytið Bergi Lárussyni leyfi til að leita að skipinu og hagnýta verðmæti þess og farms gegn greiðslu „12% af söluandvirði þeirra verðmæta, sem þér kunnið að hagnýta, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar", sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Samhliða voru gerðir samningar við landeigendur og skyldu þeir fá 10% hugsanlegs hagnaðar.

Síðastliðin 22 ár hefur verið unnið að leit skipsins og varið til þess miklum verðmætum og vinnu. 28. júlí 1982 fannst skipið loks.

Áætlun hefur verið gerð um að bjarga verðmætum þeim, sem hér um ræðir, á þessu ári. Fullvíst er talið að skipsskrokkurinn sé heill og allur sá farmur, sem niðri í skipinu var, sé þar enn. Engin leið er að gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem hér kann að vera um að ræða, en naumast geta þau verið minni en nemur kostnaði við björgun — eða 50 milljónir króna.

Hagsmunir ríkisins af björgun þessara verðmæta eru að sjálfsögðu langmestir, þar sem það fengi, auk 12% þóknunarinnar, miklar skatttekjur ef um veruleg verðmæti er að ræða. Einstaklingar þeir, sem réttindin eiga, hafa ekki bolmagn til þess einir að bjarga verðmætum á þessu ári, en framkvæmdir þyrftu að byrja í marsmánuði n. k., þar sem venja þarf árnar frá björgunarstað meðan þær eru litlar. Þeir eru hins vegar reiðubúnir til hvers kyns samninga við íslenska ríkið, en að því frágengnu yrði væntanlega að leita samninga við Hollendinga, sem sýnt hafa mikinn áhuga. Væntanlega tækju samningar við þá þó svo langan tíma að slá yrði málinu á frest í a. m. k. eitt ár, sem raunar gæti verið áhættusamt vegna hættu á Skeiðarárhlaupi, en staðurinn, sem skipið er á, hefur lengst af verið undir vatni í ósum Skeiðarár, en nú eru aðstæður hinar ákjósanlegustu.

Landsbanki Íslands er reiðubúinn að annast lántöku, svo að Íslendingar geti annast björgunaraðgerðir, en leitarmenn geta ekki einir lagt fram tryggingar, sem bankinn telur fullnægjandi. Hins vegar er unnt að tryggja alla verkframkvæmdina hjá Lloyds í London og minnkar það áhættuna verulega.

Flutningsmenn telja eðlilegt að á grundvelli samnings þess, sem gerður var af forsætisráðuneytinu 27. september 1960, verði samið við leitarmenn um björgun skipsflaksins og annarra verðmæta og félagi þeirra, Gullskipinu h/f, veittar til þess nægilegar ábyrgðir samhliða því sem íslenska ríkið tryggir sína hagsmuni. Ábyrgð þessi yrði þó ekki veitt nema fjármálaráðuneyti og fjárveitinganefnd telji þeim hagsmunum nægilega vel borgið, m. a. með því að verkframkvæmdin verði tryggð og skipið selt úr landi, ef ekki væri talin ástæða til að varðveita það hér á landi. Tillöguflutningurinn miðar að því í senn að bjarga merkilegum menningarverðmætum og tryggja ríkissjóði álitlegan hagnað án verulegrar áhættu.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 27. september 1960.

Ráðuneytið hefur tekið við bréfi yðar, dags. 14. júní s. l., um leyfi ríkisstjórnarinnar yður til handa til þess að leita að skipsflakinu „Het Wapen", sem talið er, að strandað hafi við Skeiðarársand í september 1667 svo og til þess að hagnýta yður verðmæti flaksins með tilheyrandi, ef það skyldi finnast.

Ráðuneytinu virðist líklegt, að hér sé um fornminjar að ræða, og fer þá um fund skipsflaksins samkvæmt lögum nr. 40/1907.

Að því er tekur til þeirra verðmæta, sem finnast kynnu í flakinu og ekki yrðu talin fornminjar, vill ráðuneytið taka það fram, að þar sem þér hafið þegar aflað yður heimildar hlutaðeigandi landeigenda til leitar og hagnýtingar flaksins með tilheyrandi, vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti veita yður umbeðið leyfi, gegn því að þér greiðið í ríkissjóð 12% af söluandvirði þeirra verðmæta, sem þér kunnið að hagnýta, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar.

Ólafur Thors.
Birgir Thorlacius.

Hr. Bergur Lárusson,
Brautarholti 22,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Áætlaður kostnaður við björgun Het Wapen.

1.	Vegagerð	3 790 000,00
2.	Venja ár	4 839 500,00
3.	Aðstaða á björgunarstað	2 700 000,00
4.	Stálþil umhverfis HWA	19 000 000,00
5.	Vörn björgunarstaðar frá hafi	2 408 000,00
6.	Dæling á sandi frá HWA	3 551 000,00
7.	Hreinsun skips, flutningur farms og lyfting	3 731 000,00
8.	Flutningur HWA og	
9.	Flutningur aðstöðu	2 010 000,00
10.	Öryggistæki á björgunarstað. Innifalið í lið 2 og 5.	
	Samtals	42 029 500,00
	20% ófyrirséð	8 405 900,00
		50 435 400,00

Þessi áætlun er miðuð við að engin tæki séu keypt til verksins, utan svifnökkva, heldur séu öll leigð.

Fylgiskjal III.



Sþ. 374. Þingsályktun [67. mál]

um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 69.

Nd. 375. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1983.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Vilmundur Gylfason.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Eggert Haukdal.
	Garðar Sigurðsson.	

Nd. 376. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á sektarmörkum nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og er sammála um að leggja til að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1983.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Vilmundur Gylfason.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Eggert Haukdal.
	Garðar Sigurðsson.	

Nd. 377. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1983.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Steinþór Gestsson.	Halldór Blöndal.	Árni Gunnarsson.

Nd. 378. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1983.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Steinþór Gestsson.	Halldór Blöndal.	Árni Gunnarsson.

Sþ. 379. Fyrirspurnir. [212. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um kostnað við útgáfu á frumvarpi til laga um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins h.f.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvað kostar útgáfa frumvarps til laga um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins h.f., og er þá átt við prentun, umbrot, töflu- og kortagerð og aðra undirbúningsvinnu, þ. e. heildarkostnað verksins frá upphafi?

II. Til fjármálaráðherra um staðgreiðslu skatta.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður undirbúningi þess, að staðgreiðsla skatta hefjist?

III. Til fjármálaráðherra um lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana 1982.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

I. Hverjar eru lántökur ríkissjóðs, ríkisstofnana, fjárfestingarlánasjóða ríkisins svo og lántökur annarra með ábyrgð ríkissjóðs eða fjárfestingarlánasjóða ríkisins?

Sundurliðist á eftirfarandi hátt:

1. Erlendar lántökur:
   a) Ríkissjóðs.
   b) Ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins.
   c) Annarra, sem fengið hafa ríkisábyrgð, og þá hverra.
   d) Annarra án ríkisábyrgðar.

2. Innlendar lántökur ríkissjóðs:
   a) Seld spariskírteini ríkissjóðs.
   b) Seld happdrættisskuldabréf.
   c) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum.
   d) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum.
   e) Annað.

3. Innlendar lántökur ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins:
   a) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum.
   b) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum.
   c) Annað.

II. Að hve miklu leyti hefur því lánsfé, sem aflað hefur verið, verið ráðstafað og hvernig?

Samanburður sé í öllum tilvikum gerður við lánsfjáráætlun 1982 svo og getið lántökuheimilda.

Nd. 380. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um Tónskáldasjóð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Ólafur G. Einarsson og Friðjón Þórðarson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. febr. 1983.

Ingólfur Guðnason, form. Guðrún Helgadóttir, frsm. Halldór Blöndal.

Vilmundur Gylfason. Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 381. Lög [80. mál]

um breyting á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 274.

Nd. 382. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. febr.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna komi ný málsgrein, 3. mgr., sem orðist þannig:

Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðvarma.

2. gr.

4. tl. 2. mgr. 71. gr. breytist og orðist þannig:

Að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana.

3. gr.

72. gr. laganna breytist og orðist þannig:

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán, sem veitt eru samkvæmt 71. gr. 4. tl., skulu vera verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en 10 ár.

Áður en tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal Orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir skv. áætlunum sérfræðinga, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum, er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 4. tl. 2. mgr. 71. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 383. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. febr.)

1. gr.

Á eftir B-lið 1. mgr. 1. gr. laganna komi nýr liður svohljóðandi:

C. Við verðlagningu á rækju, hörpudiski og grásleppuhrognum skal, auk fulltrúa samkvæmt 1. mgr. 3. gr., einn fulltrúi af hálfu félaga seljenda og einn fulltrúi af hálfu kaupenda taka sæti í Fiskideild. Sjávarútvegsráðherra skipar fulltrúa þessa eftir tilnefningu samtaka, sem til þess eru bær að hans dómi. Leitast skal við að ná sem víðtækastri samstöðu viðkomandi hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa samkvæmt þessum lið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 384. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

Núgildandi 16. gr. orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, hvort sem um er að ræða fólk í launuðum störfum á vinnumarkaði eða utan vinnumarkaðar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

Nú hefur móðir a. m. k. tveggja mánaða fæðingarorlof og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í stað móður, ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof, sem þau eiga rétt á, falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði, miðað við 1. desember 1980, og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða fleirburafæðingu og alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr. og 7. mgr.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en 4 mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja, er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein, svo og ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án þess að orlofsupphæð breytist.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hafa samið umfram það, sem hér greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um fæðingarorlof, sem samþykkt voru á Alþingi 19. des. 1980 og tóku gildi 1. jan. 1981, var vissulega gerð mikilvæg breyting á lögum um almannatryggingar, þar sem ákveðið var að hverju foreldri með lögheimili á Íslandi verði tryggðar greiðslur í fæðingarorlofi.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu 1980 sagði meðal annars:

„Tilgangur með fæðingarorlofi er sá, að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu, sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldisþáttur, að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Því er rétti til fæðingarorlofs skipt milli fæðandi móður og uppeldisforeldris sé ekki um sömu aðila að ræða, sbr. 13. mgr. Hins vegar þykir rétt að framlengja fæðingarorlof þegar frekari umönnunar er þörf, t. d. við fleirburafæðingar eða í alvarlegum sjúkleikatilvikum barna, sbr. 11. mgr. Starf móðurinnar getur orðið æði umfangsmikið í slíkum tilfellum. Er því rétt að faðirinn fái tækifæri til að leysa hana af hólmi og að hann fái yfirleitt tækifæri til að sinna barni sínu nánar.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, leiðir til eftirfarandi helstu breytinga á réttarstöðu foreldra í fæðingarorlofi:

1. Allar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu eiga sama rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs, en á mismunandi launum, allt eftir atvinnuþátttöku. Eins og kunnugt er eru gildandi ákvæði um rétt til fæðingarorlofs bæði í lögum um atvinnuleysistryggingar og víða í kjarasamningum. Í báðum tilfellum er fæðingarorlofsréttur bundinn við aðild að verkalýðsfélagi og bundinn við atvinnuþátttöku í ákveðnum mæli.

   Með því að lögleiða fæðingarorlof fyrir allar konur felur frumvarp þetta í sér þá meginbreytingu á rétti þessum, að heimavinnandi konur fái í fyrsta skipti fæðingarorlof. Má gera ráð fyrir því, að hér sé um að ræða u. þ. b. 2000 konur á hverju ári sem nú öðlast fæðingarorlof í fyrsta skipti.

2. Gert er ráð fyrir því, að foreldri, sem hefur hálfa til fulla atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði eða 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, eigi rétt á óskertum mánaðarlegum fæðingarorlofsgreiðslum í þrjá mánuði, eins og viðmiðunargreiðslur eru hverju sinni. Gert er ráð fyrir því, að þær fjárhæðir breytist ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar eins og þær verða í 8. fl. kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta aldursþrepi, samkvæmt núgildandi kjarasamningum.

   Foreldri, sem er með fjórðungs til hálfrar atvinnuþátttöku eða 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um ⅓, þ. e. á rétt til ⅔ af mánaðarlegum greiðslum í þrjá mánuði. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar, heimavinnandi eða er með fjórðung atvinnuþátttöku eða minna, þ. e. 515 stundir og minna á síðustu 12 mánuðum, á með sama hætti rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um ⅔ og á þannig rétt á ⅓ hluta fullra viðmiðunarlauna í þrjá mánuði.
3. Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur í reglugerð. Gera má ráð fyrir því, að vandkvæðum geti verið bundið fyrir ýmsa hópa kvenfólks að sanna atvinnuþátttöku sína eða störf sem meta mætti jafngild atvinnuþátttöku. Má sem dæmi nefna sjómannskonur, konur bænda, þær sem stunda nám með heimilisstarfi og þær sem stunda atvinnurekstur. Ekki þóttu tök á því í þessum texta að marka ákveðna stefnu hvað þessar starfsgreinar kvenna snertir og hugsanlega aðrar sem erfitt eiga með sönnun á vinnuframlagi sínu. Verður að gera ráð fyrir því, að tíminn og reynslan leiði í ljós, hvernig eðlilegast sé að meta hin einstöku störf, og er því gert ráð fyrir því, að ráðherra sé veitt heimild til setningar reglugerðar um alla nánari útfærslu greinarinnar, að fenginni reynslu.

   Eins og áður segir er gert ráð fyrir því, að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði nú fæðingarorlof að öllu leyti. Er því jafnframt þessu frumvarpi lagt fram annað frumvarp um breyting á almannatryggingalögum, sem varðar greiðsluhlutdeild atvinnurekenda á Íslandi í lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar.
4. Ef um fleirburafæðingu er að ræða framlengist fæðingarorlof um einn mánuð. Sömuleiðis er sjúkleiki barns krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með almennu læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði.
5. Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslum samkvæmt 6. mgr. greinarinnar í þann tíma sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó þannig að aldrei verði heildarfæðingarorlof lengra samtals en fjórir mánuðir.
6. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að fæðingarorlof falli niður frá og með þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Er því gert ráð fyrir því, að foreldri fái réttinn til fæðingarorlofs þar til barni er ráðstafað. Þó er gert ráð fyrir því vegna fæðingarinnar, að foreldri eigi í slíkum tilfellum að minnsta kosti rétt til fæðingarorlofs í einn mánuð, þó barni sé ráðstafað fyrir þann tíma. Sama rétt á kona einnig ef um er að ræða fósturlát sem er þess eðlis að jafna má til fæðingar.
7. Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri skulu njóta allt að tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslna vegna töku barns til 5 ára aldurs.
8. Gert er ráð fyrir sveigjanlegum fæðingarorlofsrétti að því leyti til að foreldri er heimilt, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án sérstakrar greiðslu.

9. Að lokum er það áréttað í greininni, að hún tekur til og leysir af hólmi núgildandi fæðingarorlofskerfi, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þó þannig að betri heildarréttur, sem verkalýðsfélag hefur samið um, skal ekki skerðast af ákvæðum frumvarpsins. Þá ber þess að geta, að enda þótt 1. mgr. greinarinnar geri ráð fyrir því, að allir foreldrar á Íslandi eigi rétt á fæðingarorlofi, gilda sérstakar reglur um fæðingarorlof opinberra starfsmanna og er að svo stöddu ekki gert ráð fyrir því, að ákvæði frumvarpsins taki til þeirra. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi njóta konur atvinnuleysistrygginga í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 56/1975, sbr. reglugerð nr. 14/1976. Að auki njóta konur samningsbundins fæðingarorlofs samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Þannig njóta konur innan Verkamannasambands Íslands dagvinnukaups í 3 vikur í fæðingarorlofi skv. kjarasamningi. Konur innan V.R. óskerts kaups í 12 virka daga. Konur innan Landssambands iðnverkafólks dagvinnukaups í 2 vikur. Konur innan Starfsmannafélagsins Sóknar dagvinnukaups í 3 vikur og dagvinnukaups í 3 mánuði eftir þriggja ára starf. Innan Hins ísl. prentarafélags njóta konur dagvinnukaups í 3 vikur. Innan Áburðarverksmiðjunnar, Sementsverksmiðjunnar og Kísiliðjunnar óskertra launa í 3 mánuði. Hjá Járnblendifélaginu óskertra launa í 6 vikur. Hjá ÍSAL óskertra launa í 6 vikur. Innan BSRB og BHM óskertra launa í 3 mánuði, skv. reglugerð. Hjá Sambandi ísl. bankamanna óskertra launa í 3 mánuði.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 14/1976 greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður fæðingarorlof þann tíma sem launagreiðsla atvinnurekenda í fæðingarorlofi nemur skemmri tíma en 90 bótadögum. Bætur samkv. lögum um almannatryggingar hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt því ákvæði.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er létt af Atvinnuleysistryggingasjóði núverandi greiðslum fæðingarorlofs, og einnig er þessu frumvarpi ætlað að létta af atvinnurekendum samningsbundnu fæðingarorlofi, að svo miklu leyti sem þar er ekki um rýmri rétt að ræða en frumvarpið gerir ráð fyrir."

Þegar frumvarpið var til meðferðar á Alþingi 1980 gerði 1. flutningsmaður þessa frumvarps þær athugasemdir við frumvarpið að óeðlilegt væri að upphæð fæðingarstyrks væri ekki sú sama til allra fæðandi kvenna án tillits til tekna eða þátttöku á vinnumarkaði, og vísaði þar til aðaltilgangs laganna, enn fremur þess hrópandi óréttlætis gagnvart heimavinnandi konum. 1. flm. benti einnig á þá miklu skriffinnsku sem fylgja mundi vottorðum og sönnunarskyldu vegna atvinnuþátttöku, sem væri algjör óþarfi þar sem barnsburðarvottorð læknis væri aðalatriðið.

1. flm. féllst á að draga til baka breytingartillögu, þar sem nauðsyn bar til að flýta afgreiðslu málsins fyrir áramót 1980—81, í tengslum við samkomulag ríkisstjórnar við launþegasamtökin í landinu, sem lögðu aðaláherslu á málið vegna fólks í stéttarfélögum á vinnumarkaði.

1. flm. gaf þá yfirlýsingu við afgreiðslu málsins, að hann mundi fylgjast með framkvæmd málsins og beita sér fyrir breytingum síðar.

Samkvæmt upplýsingum, sem 1. flm. hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, nam greiðsla fæðingarorlofs 1982 76 486 822 kr. vegna 4266 fæðinga, sm skiptust þannig skv. ákvæðum laganna:

1. Óskertar 3 mán. greiðslur, 2401 fæð.	55 379 876
2. Til þeirra er fá ⅔ hl., 853 fæð.	13 257 293
3. Til þeirra er fá ⅓ hl., 1012 fæð.	7 831 653

Ljóst er að verulega fjárhæð þarf til að jafna þennan mun, en hér er um að ræða réttlætismál, ekki síst viðurkenningu á réttarstöðu heimavinnandi móður, og hefur þýðingarmikið gildi fyrir uppeldi barna, sem ekki verður metið til fjár.

Ed. 385. Frumvarp til laga [214. mál]

um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

Ráðherra þeim sem fer með siglingamál er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum um mengun fra skipum, sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Brot gegn reglum sem settar verða samkvæmt þessum lögum varða sektum.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að Ísland geti gerst aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum sem gerður var í London 2. nóvember 1973 og bókun 1978 við alþjóðasamning sem gerður var í London 17. febrúar 1978. Lagaheimild skortir til þess að geta sett reglur um alla þá þætti sem samningurinn og bókunin fjalla um.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um staðfestingu framangreinds samnings og bókunar og vísast í hana um efni þeirra.

Samningurinn um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 og bókunin frá 1978 koma í stað alþjóðasamþykktar frá 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu ásamt síðari breytingum, sem Ísland er aðili að.

Í viðauka I við samninginn eru ítarlegar reglur um varnir gegn mengun frá skipum. Flestar þeirra snerta ekki íslenskan skipaflota nema að mjög litlu leyti. Ákveðið hefur verið að fara þá leið hér á landi að setja reglur um þau atriði sem geta varðað íslensk skip sérstaklega og til þess að geta framfylgt ákvæðum samningsins og bókunarinnar gagnvart erlendum skipum í íslenskri lögsögu. Geta má í þessu sambandi laga nr. 41 1. júní 1979, þar sem fram kemur að innan efnahagslögsögunnar hafi Ísland lögsögu að því er varðar verndun hafsins.

Ákvæði 2. gr. laganna eru sett með tilliti til 4. gr. samningsins þar sem segir m. a. að setja skuli viðurlög við brotum á ákvæðum hans.

Sem fyrr segir eru þessi lög fyrst um sinn hugsuð sem heimild til þess að unnt sé að framfylgja samningum um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókun 1978. Einnig er þó ætlunin að þau geri kleift að staðfesta breytingar á þeim samningi svo og aðra samninga um sama efni, sem kunna að vera gerðir.

Um frekari forsendur og rökstuðning fyrir frumvarpi þessu vísast til athugasemda við fyrrnefnda þingsályktunartillögu um staðfestingu á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókun 1978.

Ed. 386. Frumvarp til laga [215. mál]

um breyting á lögum nr. 50 12. maí 1970 um skipamælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

2. grein laganna orðist þannig:

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að. Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965. Eftir að alþjóðasamþykktin um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969, hefur tekið gildi, skal þó heimilt að mæla íslensk skip líka samkvæmt Osló-samþykktinni, og færa brúttórúmlestatölu samkvæmt þeirri samþykkt inn á þjóðernisskírteini, öryggisskírteini og/eða haffærisskírteini skipa, þar til öðruvísi verður ákveðið af ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Núgildandi ákvæði um búnað skipa og aðrar íslenskar reglur, sem miðast við rúmlestatölu skipa, skulu áfram miðast við brúttórúmlestir samkvæmt Osló-samþykktinni, nema annars sé getið í reglum.

Um mælingu skipa, sem alþjóðasamþykktir ná ekki til, setur ráðherra reglur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

13. grein laganna orðist þannig:

Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt alþjóðasamþykktinni um mælingu skipa (24 metrar eða lengri), skal fá alþjóðlegt mælibréf („International Tonnage Certificate") og skal texti þess vera bæði á íslensku og ensku.

Skip undir 24 metrar að lengd, sem mælt hefur verið samkvæmt reglum, sem ráðherra hefur sett samkvæmt 2. grein laganna, skal fá íslenskt mælibréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 18. júlí s.l. tók gildi alþjóðleg ný alþjóðasamþykkt um mælingu skipa, sem gerð var á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í London 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships). Með samþykkt þessari var leitast við að samræma og einfalda þær aðferðir, sem hinar ýmsu þjóðir viðhafa við mælingu skipa.

Með lögum um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1979, var veitt heimild til, að Ísland staðfesti þessa alþjóðasamþykkt, og hefur það þegar verið gert. Áður en alþjóðasamþykkt þessi tekur gildi hér á landi, er hins vegar nauðsynlegt að breyta lítillega fyrrgreindum lögum um skipamælingar.

Hin nýja alþjóðasamþykkt gerir ráð fyrir, að eldri skip haldi almennt sinni eldri mælingu fyrst um sinn, en að ný skip og skip, sem meiriháttar breytingar eru gerðar á, verði mæld samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar.

Í 2. grein laganna segir m.a.: „Þar til sú samþykkt (Alþjóðasamþykktin frá 1969) tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulation for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965.“ Í lagagrein þessari felst, að óheimilt sé að mæla skip og gefa út mæliskírteini samkvæmt ákvæðum Osló-samþykktarinnar, eftir að 1969-samþykktin hefur tekið gildi. Þar sem fjölmörg ákvæði í reglum Siglingamálastofnunar nota brúttórúmlestatölu skipa, þ.e. stærð þeirra samkvæmt ákvæðum Osló-samþykktarinnar, sem viðmiðun, verður ekki hjá því komist, a. m. k. fyrst um sinn, að einnig ný skip og eldri skip, sem breytt er, verði auk þess mæld samkvæmt ákvæðum þeirrar samþykktar. Má benda á, að ákvæði, sem nota rúmlestatölu skipa sem viðmiðun, er einnig að finna í sjómannasamningum, fiskveiðiákvæðum og fjölmörgum öðrum ákvæðum, sem varða útgerð skipa og siglingar. Til þess að geta gengið úr skugga um, að skip, sem mæld hafa verið samkvæmt 1969-samþykktinni, fullnægi viðeigandi ákvæðum, sem nota brúttórúmlestatölu skips sem viðmiðun, er nauðsynlegt að breyta gildandi lögum, þannig að heimilt sé, eftir gildistöku 1969-samþykktarinnar, að mæla skip einnig samkvæmt ákvæðum Osló-samþykktarinnar þangað til annað verður ákveðið, og að sú mæling hafi enn um sinn fullt gildi gagnvart þeim ákvæðum, sem hafa rúmlestatölu skipa sem viðmiðun.

Alþjóðasamþykktin frá 1969 nær aðeins til skipa, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri. Af þessum sökum þarf við gildistöku þeirrar samþykktar að setja reglur um, hvernig skip, sem alþjóðasamþykktin nær ekki til, skuli mæld. Þar sem ekki hefur náðst samstaða meðal okkar nágrannaþjóða um mælingu slíkra skipa, en gera má ráð fyrir, að slík samstaða náist síðar, þegar nokkur reynsla hefur fengist í þeim efnum, er í hjálagðri breytingatillögu lagt til, að ráðherra setji reglur um mælingu slíkra skipa. Með þessu móti verður fyrrgreind samræming, ef af henni verður síðar, auðveldari í framkvæmd.

Nd. 387. Frumvarp til laga [216. mál]

um Landsvirkjun.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á ríkissjóður 50% eignarhluta í fyrirtækinu, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%.

Hver eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

2. gr.

Tilgangur Landsvirkjunar er:

1. Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu.
2. Að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins.
3. Að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar.
4. Að vinna að því, í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið.
5. Að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

3. gr.

Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt eftir því sem raforkuver hennar og stofnlínukerfi spanna.

Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa raforkuver og stofnlínukerfi af öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

Verkefni og orkusvæði Landsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

4. gr.

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dagsettum 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

5. gr.

Ríkissjóður, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa lagt Landsvirkjun til stofnframlög, sbr. 4. gr. og sameignarsamning aðila frá 27. febrúar 1981.

Landsvirkjun greiðir eigendum arð af sérstökum eiginfjárframlögum sem þeir hafa lagt fram til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og munu leggja fram til Landsvirkjunar.

Eiginfjárframlög skv. 2. mgr. skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður stjórn Landsvirkjunar arðgreiðsluna sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

6. gr.

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.:

— Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli.
— Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.
— Villinganesvirkjun með allt að 40 MW afli.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

7. gr.

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim sem fer með orkumál uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

8. gr.

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð níu mönnum. Sameinað Alþingi kýs fjóra stjórnarmenn hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Sameiginlega skipa eignaraðilar níunda manninn og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun formanns, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamenn, jafnmargir, skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurskipa stjórnarmenn.

Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar og starfskjör stjórnarmanna skulu sett í reglugerð.

Ráðherra sá sem fer með orkumál tilnefnir einn mann ásamt varamanni til setu á fundum stjórnar og skal hann hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra.

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu.

Forstjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins og skal hann eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í reglugerð.

10. gr.

Halda skal í aprílmánuði ár hvert ársfund Landsvirkjunar. Fulltrúar á ársfundi skulu vera sem hér segir:

Fjórir menn tilnefndir af ráðherra orkumála, fjórir menn kosnir af Reykjavíkurborg, fjórir menn kosnir af Akureyrarbæ og fjórir kosnir á aðalfundi hverra hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í reglugerð skal nánar kveðið á um kosningu fulltrúa á ársfund. Varamenn skulu skipaðir eða kosnir á sama hátt og aðalmenn.

Stjórn og forstjóri Landsvirkjunar skulu sitja ársfundinn.

Verði um að ræða fjölgun eignaraðila skal taka skipan ársfundar til endurskoðunar.

11. gr.

Á ársfundinum skal kynna afkomu Landsvirkjunar og áætlanir og ræða þau atriði er þar koma fram. Skal þar sérstaklega fjalla um mál er varða öryggi í vinnslu og flutning raforku um landið svo og atriði er varða raforkuverð. Þá skal á ársfundi ræða raforkumál er varða einstaka landshluta eftir því sem ástæða er til.

Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið ársfundarins skal setja í reglugerð.

12. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins. Ennfremur er eignaraðilum hverjum um sig heimilt að tilnefna endurskoðanda til að endurskoða reikningana. Ársskýrsla fyrirtækisins skal lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs.

Nánari ákvæði um reikningshald og endurskoðun skal setja í reglugerð.

13. gr.

Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kWst á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.

14. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila.

Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki.

15. gr.

Heimilt er vegna virkjanaframkvæmda skv. 1. mgr. 6. gr. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af efni, vélum og tækjum til virkjana og stofnlína þeim tilheyrandi. Sama skal gilda um eldsneytisaflstöðvar.

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Þó skal heimilt að endurgreiða gjöld vegna notkunar vinnuvéla við virkjunarframkvæmdir skv. 1. mgr. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við virkjunarframkvæmdirnar.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningargrunn og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslna gjalda af vinnuvélum.

16. gr.

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar skv. öðrum lagafyrirmælum.

17. gr.

Sýslufélögum, sveitarfélögum, samtökum þessara aðila og sameignarfélögum þeirra er heimilt að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun með þessum skilyrðum:

1. Sá sem hyggst hagnýta sér rétt til að gerast eignaraðili skal tilkynna það stjórn Landsvirkjunar með 12 mánaða fyrirvara.
2. Sá sem eignaraðildar óskar tekur á sig þær skuldbindingar sem fylgja eignaraðild í Landsvirkjun.
3. Sá sem eignaraðildar óskar skal leggja fram verðmæti er nema skulu minnst 1% af endurmetnum höfuðstól Landsvirkjunar í upphafi þess árs er eignaraðild kemur til framkvæmda.

Áður en eignaraðild kemur til framkvæmda skal hinn nýi eignaraðili inna af hendi framlag sitt til fyrirtækisins. Verði eignarhlutur ríkisins samkvæmt þessu undir helmingi skal ríkisstjórnin leggja Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taka að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins.

Ef nýr eignaraðili á minni hlut í Landsvirkjun en sá sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara, þarf ekki að leita samþykkis hans til lántöku, sbr. 14. gr.

Ef fjölgun eignaraðila leiðir til þess að nýr eignaraðili hafi jafnan eða stærri hlut en sá aðili sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara, skal taka skipan stjórnar til endurskoðunar og fjölga stjórnarmönnum án þess þó að stjórnarhlutdeild raskist milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar.

18. gr.

Ráðherra getur heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

19. gr.

Mál er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun falla undir ráðherra þann er fer með orkumál.

20. gr.

Nýr sameignarsamningur um Landsvirkjun milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem gerður var 27. febrúar 1981, tekur gildi hinn 1. júlí 1983. Fellur þá úr gildi

sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1. júlí 1965.

Eignaraðilar undirbúi, í samráði við stjórn Landsvirkjunar, reglugerð fyrir fyrirtækið þar sem setja skal nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá sem fer með orkumál.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Landsvirkjun nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969 og lög nr. 37 frá 16. apríl 1971, svo og önnur ákvæði í lögum eða reglugerðum sem brjóta í bága við lög þessi. Einnig falla úr gildi, hinn 1. júlí 1983, lög um Laxárvirkjun nr. 60 frá 20. maí 1965.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er samið af viðræðunefndum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um endurskoðun Landsvirkjunarlaga.

Aðdragandinn að skipun viðræðunefnda þessara er að hinn 27. febrúar 1981 var undirritaður á Akureyri sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun. Samkvæmt samningnum mun Akureyrarbær, hinn 1. júlí 1983, gerast meðeigandi í Landsvirkjun og leggur til hennar eignarhlut sinn í Laxárvirkjun. Í 5. tl. ákvæða til bráðabirgða með þeim samningi segir að á aðlögunartímabilinu séu aðilar sammála um að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi stjórnarkjörs Landsvirkjunar og nauðsynlegri lögfestingu á samkomulagi þeirra þar að lútandi. Auk ákvæða um stjórnarkjör var það álit eignaraðila að nauðsynlegt væri að lögfesta önnur atriði sameignarsamningsins, t. d. skilgreiningu á hlutverki og starfssvæði fyrirtækisins, eignarhlutdeild, höfuðstól og arðgreiðslum.

Með samningi sem undirritaður var í Reykjavík 11. ágúst 1982 var samið um að Landsvirkjun yfirtæki hinn 1. janúar 1983 til eignar og reksturs meginstofnlínukerfi landsins, svokallaðar byggðalínur. Jafnframt var, með vísun til 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver, samið um að Landsvirkjun myndi reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun, sbr. og þingsályktun, dags. 6. maí 1982. Með gerð samnings þessa hefur orðið grundvallarbreyting á hlutverki og starfssviði Landsvirkjunar. Hlutverk Landsvirkjunar hefur þannig vaxið í að reisa og reka öll meiriháttar raforkuver í landinu og annast raforkuflutning milli landshluta. Starfssvæði fyrirtækisins verður nánast landið allt. Með samningnum skuldbindur Landsvirkjun sig til að selja raforku í heildsölu samkvæmt sömu gjaldskrá til allra landshluta. Hið breytta hlutverk og starfssvið Landsvirkjunar kallar því á breytingar á ákvæðum laga um Landsvirkjun.

Með hliðsjón af ofangreindum samningum og með vísun í bréf borgarstjórans í Reykjavík til iðnaðarráðherra, dags. 15. október 1982, um endurskoðun laga um Landsvirkjun, leitaði iðnaðarráðherra eftir því í samhljóða bréfum til Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar, dagsettum 28. október 1982, að sveitarfélögin tilnefndu fulltrúa til viðræðna um endurskoðun laga um Landsvirkjun. Jafnframt tilkynnti iðnaðarráðherra að hann hefði tilnefnt af hálfu ríkisins til viðræðnanna þá:

Tryggva Sigurbjarnarson, verkfræðing,
Helga Bergs, bankastjóra,
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóra og
Halldór J. Kristjánsson, lögfræðing, sem ritara.

Í framhaldi af bréfi þessu voru tilnefndir til viðræðnanna:
Af hálfu Reykjavíkurborgar:

Davíð Oddsson, borgarstjóri,
Birgir Ísl. Gunnarsson, alþingismaður,
Sigurjón Pétursson, borgarfulltrúi og
Kristján Benediktsson, borgarfulltrúi.

Af hálfu Akureyrarbæjar:

Valur Arnþórsson, kaupfélagsstjóri,
Jón G. Sólnes, fyrrverandi alþingismaður og
Helgi Bergs, bæjarstjóri.

Nefndirnar komu saman til fyrsta fundar 22. nóvember 1982 og hafa verið haldnir 9 formlegir viðræðufundir, hinn síðasti fór fram 28. janúar 1983. Á þeim fundi var undirrituð sameiginleg bókun nefndanna um samkomulag um frumvarp það til laga um Landsvirkjun sem hér liggur fyrir.

Helstu nýmæli samkvæmt frumvarpinu eru:

(1) Breytt er ákvæðum laganna um eignarhlutdeild eignaraðila. Eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og með því að ríkissjóður hefur, með ákvæði 8. gr. 3. tl. samningsins frá 11. ágúst 1982, tekið að sér greiðslu vegna áframhaldandi 50% eignaraðildar ríkissjóðs að Landsvirkjun, verður eignarhlutdeild þannig: Ríkissjóður 50%, Reykjavíkurborg 44.525% og Akureyrarbær 5.475%.

(2) Með hliðsjón af breyttu hlutverki og starfssvæði Landsvirkjunar er ákvæðum um hlutverk Landsvirkjunar breytt á þann veg að starfssvæði fyrirtækisins nær að heita má til landsins alls. Kveðið er á um hlutverk fyrirtækisins að hafa með höndum meginhluta orkuöflunar og heildsölu raforku í landinu. Aukin er skylda Landsvirkjunar til að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

(3) Starfssvæði Landsvirkjunar er skilgreint sem orkusvæði og er ákveðið landið allt, eftir því sem raforkuver fyrirtækisins, stofnlínur og aðveitustöðvar spanna.

(4) Ákvæðum laganna um stofnframlög og eiginfjárframlög er breytt til samræmis við ákvæði sameignarsamningsins þar um.

(5) Til samræmis við skuldbindingu Landsvirkjunar samkvæmt samningum 11. ágúst 1982 og samkvæmt sameignarsamningnum 27. febrúar 1981 er lagt til að lögfest verði að sama gjaldskrá skuli gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna frá afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

(6) Breytt er ákvæðunum um einfaldar ábyrgðir eignaraðila á skuldbindingum Landsvirkjunar.

(7) Felld eru úr gildi ákvæði sem sérstaklega eiga við um Búrfellsvirkjun og ábyrgðir hennar vegna.

(8) Landsvirkjun fær nú það hlutverk að reisa og reka öll meiriháttar raforkuver í landinu og starfrækja meginstofnlínukerfi landsins, hinar svokölluðu byggðalínur, en hringtengingu þeirra verður væntanlega lokið á árinu 1983. Nær þá starfssvæði fyrirtækisins til allra landshluta. Með hliðsjón af því er lagt til að lögfest verði að önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafi möguleika á að gerast eignaraðilar að fyrirtækinu.

(9) Með tilliti til þess að Landsvirkjun mun starfa í öllum landshlutum er lagt til að komið verði á föstum samráðsvettvangi við samtök sveitarfélaga í hinum einstöku landshlutum um málefni fyrirtækisins. Í frumvarpinu er lagt til að haldnir verði ársfundir með þátttöku fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, þar sem kynntar verði áætlanir og afkoma Landsvirkjunar og þar sem fulltrúar sveitarfélaga geta komið sjónarmiðum um málefni Landsvirkjunar á framfæri.

(10) Stjórnarfyrirkomulagi er breytt þannig að stjórnarmönnum er fjölgað um tvo og

kjörtímabil stjórnar er stytt úr 6 árum í 4 ár. Þá er lagt til að ráðherra orkumála skipi einn fulltrúa til setu á fundum stjórnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Í samræmi við framkvæmd nýja sameignarsamningsins er nú gert ráð fyrir að frá og með 1. júlí 1983 verði eignarhlutur ríkisins í fyrirtækinu áfram 50%, Reykjavíkurborgar 44,525% og Akureyrarbæjar 5,475%. Eru eignarhlutföll þessi niðurstöður mats sem fór fram á vegum eigenda Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar á eignum fyrirtækjanna við gerð nýja sameignarsamningsins og er matsgerðin fylgiskjal hans. Á grundvelli matsgerðarinnar og miðað við verðlag hinn 1. nóvember 1982 er eigið fé Landsvirkjunar, eftir sameininguna við Laxárvirkjun, alls 5 585 626 693 kr., og er þá átt við eignir umfram skuldir, sem skiptist þannig milli eigenda:

	%	Eigið fé 1. 11. 1982 kr.
Akureyri	5,475	305 801 571
Reykjavík	44,525	2 487 011 775
Ríkissjóður	50,000	2 792 813 347
Samtals	100,000	5 585 626 693

Rétt er að geta þess að hér er einungis verið að færa til verðlags 1. nóvember 1982 eigið fé Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar, eins og það reyndist vera hinn 1. nóvember 1980 er eignarhlutföll eigenda voru ákveðin. Þetta er gert í upplýsingaskyni og miðað er við vísitölu byggingarkostnaðar. Til 1. nóvember 1980 var eigið fé hinsvegar fært upp miðað við sérstakar endurmatsaðferðir í áðurgreindri matsgerð sem eigendur urðu sammála um að nota við ákvörðun framangreindra eignarhlutfalla. Framreikningur þessi er hinsvegar ekki í samræmi við bókhaldstölur þar sem í bókhaldinu eru að sjálfsögðu teknar með allar breytingar á tímabilinu, svo sem vegna eignaaukningar, rekstrarafkomu, afskrifta, eiginfjárframlaga og endurmats frá ári til árs samkvæmt gildandi endurmatsaðferðum á hverjum tíma, en þær fylgja ekki alfarið byggingarvísitölu og þarfnast orðið breytinga svo raunhæfar megi teljast.

Í greininni er ekki gerð önnur breyting á ábyrgð eigenda á skuldbindingum Landsvirkjunar en sem leiðir af fjölgun eignaraðila. Þannig er hver eigandi í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Landsvirkjunar.

Þá er eiganda óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hinna og er það hliðstætt því sem gilt hefur.

Um 2. gr.

Tilgangi Landsvirkjunar er hér lýst í samræmi við það hlutverk sem fyrirtækinu var sett með lögunum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965, auk viðbóta sem felast í því að Landsvirkjun rekur meginstofnlínukerfi landsins og ber, eftir því sem hagkvæmt getur talist, að vinna að

því að raforka komi almennt í stað annarra orkugjafa en ekki aðeins að því er snertir húshitun eins og hingað til. Sérstök áhersla er lögð á að Landsvirkjun hafi með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér að orkusvæði Landsvirkjunar verður landið allt eftir því sem raforkuver hennar og stofnlínukerfi spanna. Við stofnun Landsvirkjunar takmarkaðist starfsemi Landsvirkjunar við öflun orku fyrir þau orkusvæði sem þá tengdust Sogsvirkjun. Í árslok 1974 bættist Snæfellsnes sunnanvert við og 1975 norðanvert Snæfellsnes auk Dalasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu austan Víkur. Á miðju sumri 1976 var 132 kV Norðurlínan tengd til reynslu við kerfi Landsvirkjunar um spennistöð við Andakíl með 66 kV spennu og í nóvember 1977 var Norðurlínan tengd Hvalfjarðarlínu Landsvirkjunar. Síðan tengdist Austurlínan dreifikerfi Norðurlands í desember 1978. Í framhaldi af því var Vesturlína tengd Norðurlínu í október 1980. Samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl., dags. 11. ágúst 1982, tók Landsvirkjun,hinn 1. janúar 1983,við hinum svonefndu byggðalínum af ríkinu til eignar og reksturs og hinn 1. júlí 1983 kemur sameining Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar til framkvæmda og þá jafnframt samruni orkusvæða þeirra. Landsvirkjun hefur ennfremur tekið við byggingu Suðurlínu frá Hólum í Hornarfirði um Prestbakka á Síðu að Sigölduvirkjun sem ætlunin er að ljúka á hausti komanda. Við það lýkur hringtengingu landsins og tekur þá orkusvæði Landsvirkjunar að heita má til landsins alls.

Í greininni er áfram gert ráð fyrir heimild fyrir Landsvirkjun til að kaupa, með samningum, raforkuver og stofnlínukerfi af öðrum aðilum og starfrækja þau.

Verkefni og orkusvæði Landsvirkjunar skulu sem fyrr nánar tilgreind í reglugerð.

Um 4. gr.

Í grein þessari er því slegið föstu að engin breyting verði á eignaraðild Landsvirkjunar að raforkuverum, öðrum mannvirkjum, vatnsréttindum og búnaði sem fyrirtækið hefur eignast fyrir gildistöku laga þessara. Hvað raforkuver snertir er hér átt við Sogsvirkjanirnar, Búrfellsvirkjun, Sigölduvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun auk gufuaflsstöðvarinnar við Elliðaár og gasaflstöðvarinnar í Straumsvík. Þá tekur ákvæðið til þeirra háspennulína sem Landsvirkjun hefur byggt eða yfirtekið frá upphafi, þar með taldar byggðalínurnar og hlutaðeigandi aðveitustöðvar eða hlutdeild í þeim samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl., dags. 11. ágúst 1982.

Í grein þessari felst ennfremur að Landsvirkjun haldi sem sinni eign öllum vatnsréttindum og réttindum sem Landsvirkjun hefur öðlast til virkjana í Sogi, í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss samkvæmt 4. gr. laganna um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965.

Í greininni er jafnframt staðfest að hinn 1. júlí 1983 taki Landsvirkjun við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

Um 5. gr.

Í grein þessari er vitnað til þeirra stofnframlaga sem eigendur hafa lagt Landsvirkjun til frá upphafi og þeirra sem þeir láta af hendi rakna samkvæmt sameignarsamningi þeirra frá 27. febrúar 1981 er hann tekur gildi hinn 1. júlí 1983. Stofnframlögin teljast, ásamt eiginfjárframlögum eigenda, til höfuðstóls framlaga sem mynda höfuðstól fyrirtækisins eða eigið fé þess eins og það er á hverjum tíma með leiðréttingum fyrir hagnaði og tapi eftir afkomu fyrirtækisins frá ári til árs svo og endurmatshækkunum eigna.

Eiginfjárframlögin ber að framreikna til verðlags á hverjum tíma og er sem fyrr gert ráð

fyrir að Landsvirkjun greiði eigendum arð af þeim þannig framreiknuðum. Skal arðgreiðsla ákveðin af stjórn Landsvirkjunar sem hundraðshluti framlaganna með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

Til ársloka 1982 námu eiginfjárframlögin til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar alls kr. 288 924 729 á verðlagi 1. nóvember 1982 sem sundurliðast sem hér segir í kr.:

Frá	Til Landsvirkjunar	Til Laxárvirkjunar	Alls
Akureyrarbæ	—	2 484 187	2 484 187
Reykjavíkurborg	142 889 465	—	142 889 465
Ríkissjóði	142 889 465	661 612	143 551 077
			288 924 729

Hér hafa eiginfjárframlögin verið færð til verðlags 1. nóvember 1982 eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Eru hér með talin framlög ríkisins til Landsvirkjunar að fjárhæð kr. 13 341 686 vegna Hrauneyjafossvirkjunar og samskonar framlög Reykjavíkurborgar að sömu fjárhæð, í báðum tilvikum eftir 1. nóvember 1980.

Um 6. gr.

Rétt þykir að fella inn í lög um Landsvirkjun ákvæðin í lögum nr. 60 frá 4. júní 1981 um raforkuver þar sem kveðið er á um að Landsvirkjun reisi og reki Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun og þá að fengnu leyfi ráðherra orkumála samkvæmt 7. gr. Um heimild Landsvirkjunar til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum raforkuvera sinna sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma, m. a. með stíflugerðum og vatnsveitum og um heimild Landsvirkjunar í þessari grein til að reisa eldsneytisaflstöðvar, fer eftir lögunum um raforkuver.

Í greininni er Landsvirkjun lögð sú skylda á herðar að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu til að tryggja að afl- og orkuþörf viðskiptavina hennar verði ávallt fullnægt svo og að tryggja rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild með því að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns.

Um 7. gr.

Í grein þessari er að finna óbreytt ákvæði frá lögunum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 að því er varðar virkjunarleyfi. Landsvirkjun þarf því sem fyrr leyfi þess ráðherra sem fer með orkumál, til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína.

Um 8. gr.

Í grein þessari er lagt til að stjórnarmönnum verði fjölgað um tvo frá núverandi skipan. Kjörtímabil stjórnar er stytt úr 6 árum í 4 ár. Með það fyrir augum að styrkja hin embættislegu tengsl milli yfirstjórnar orkumála og Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að ráðherra orkumála geti skipað fulltrúa til setu á stjórnarfundum.

Um 9. gr.

Í grein þessari eru óbreytt ákvæði frá lögunum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 um stjórn Landsvirkjunar að því er snertir yfirstjórn fyrirtækisins og um ráðningu forstjóra, áður framkvæmdastjóra, er veiti fyrirtækinu forstöðu og annist allan daglegan rekstur þess. Þá eru ákvæðin um réttindi og skyldur stjórnarmanna og fastráðinna starfsmanna hér tekin upp óbreytt úr Landsvirkjunarlögunum frá 1965.

Um 10. og 11. gr.

Greinar þessar hafa að geyma það nýmæli að halda skuli í aprílmánuði ár hvert sérstakan ársfund Landsvirkjunar. Talið er æskilegt að hafa slíkan samráðsvettvang eigenda og samtaka sveitarfélaga til að ræða um afkomu Landsvirkjunar, áform varðandi framtíðarverkefni, öryggi í orkuvinnslu og raforkuflutningi og atriði er varða raforkuverð. Samkvæmt 10. gr. eiga fjórir menn frá hverjum eiganda að sitja ársfundinn og fjórir frá hverjum hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga, auk stjórnar og forstjóra Landsvirkjunar eins og nánar er kveðið á um í greininni.

Um 12. gr.

Ákvæði í þessari grein um endurskoðun reikninga Landsvirkjunar og ársskýrslu eru óbreytt frá því sem gilt hefur lögum samkvæmt.

Um 13. gr.

Hér er óbreytt ákvæði frá fyrri lögum um að stjórn Landsvirkjunar setji gjaldskrá fyrir Landsvirkjun að fengnum tillögum Þjóðhagsstofnunar, áður Efnahagsstofnunar. Sama er að segja um við hvað skuli miða og að hverju stefnt við ákvörðun gjaldskrárinnar hverju sinni. Þá er hér að finna óbreytt ákvæði um gerð orkusölusamninga, en bætt við nýju ákvæði um að Landsvirkjun geri samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.

Um 14. gr.

Gert er sem fyrr ráð fyrir því að Landsvirkjun sé heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og skuldbindingum í sama skyni. Í þessari grein er slíka heimild að finna. Til að tryggja ábyrgð eignaraðila á skuldbindingum vegna Landsvirkjunar þarf eins og áður samþykki þeirra hvers fyrir sig hverju sinni, fari skuldbindingar fram úr vissu marki. Til þessa hefur verið miðað við ákveðna upphæð í þessu efni sem ákveðin var 1965, 10 millj. gkr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili. Fjárhæð þessi er nú úrelt þar sem í lögunum um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 var ekki gert ráð fyrir að hún fylgdi verðlagsbreytingum, auk þess sem hún þarf að hækka að raungildi ef hún á að hafa raunhæft gildi með hliðsjón af auknum umsvifum fyrirtækisins. Hefur því orðið að ráði að ákveða umrædda viðmiðun um 5% af endurmetnum höfuðstóli (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju.

Þegar samþykki eignaraðila er nauðsynlegt fyrir skuldbindingum samkvæmt ofangreindu er hér kveðið á að samþykki ríkisins sé háð staðfestingu bæði iðnaðar- og fjármálaráðherra. Í framkvæmd hefur iðnaðarráðherra hingað til veitt umræddar staðfestingar í samræmi við eldri lög, en eðli málsins samkvæmt er talið rétt að iðnaðar- og fjármálaráðherra eigi hér sameiginlega hlut að máli.

Um 15. gr.

Ákvæði í grein þessari um heimild til að fella niður aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskatt af efni, vélum og tækjum til virkjana og stofnlína og af eldsneytisaflstöðvum eru hliðstæð tilsvarandi ákvæðum í lögunum um raforkuver nr. 60 frá 1981. Hér er hinsvegar aðeins um heimildir að ræða en ekki skyldu, eins og gilt hefur um virkjanir Landsvirkjunar til þessa, sbr. lögin um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965. Heimild þessi tekur ekki fremur en áður til gjalda vegna innflutnings vinnuvéla í þágu virkjanaframkvæmda. Hinsvegar er áfram gert ráð fyrir heimild fyrir fjármálaráðherra til að endurgreiða gjöld vegna notkunar vinnuvéla við virkjanaframkvæmdir, og þá með hliðsjón af fyrningu vélanna við slíka notkun.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar um að Landsvirkjun sé undanþegin tilteknum opinberum gjöldum eru hliðstæð því sem gilt hefur til þessa.

Um 17. gr.

Með sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun og yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum og nýjum virkjunum samkvæmt lögunum um raforkuver nr. 60 frá 1981 verður orkusvæði Landsvirkjunar nánast landið allt. Landsvirkjun er því og verður meginorkuöflunarfyrirtæki landsmanna og snertir vöxtur þess og rekstur hagsmuni allra landshluta. Það er því talið eðlilegt að gera ráð fyrir vissum möguleikum fyrir útvíkkun á eignaraðildinni að Landsvirkjun frá því sem nú er og verður sameining hennar og Laxárvirkjunar fyrsta skrefið í þá átt. Þannig er í grein þessari kveðið á um heimildir fyrir sýslufélög, sveitarfélög, samtök og sameignarfélög þeirra til að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun að vissum skilyrðum fullnægðum varðandi yfirtöku skuldbindinga og framlög. Verði eignarhlutur ríkisins undir helmingi vegna tilkomu nýs eignaraðila er hér kveðið svo á að ríkisstjórnin skuli þá leggja Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taka að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði áfram helmingseign af hálfu ríkisins.

Leiði fjölgun eignaraðila til þess að nýr eignaraðili eigi jafnan eða stærri hlut en sá aðili sem minnstan hlut á við gildistöku laga þessara er talið rétt að taka skipan stjórnar til endurskoðunar. Er þá hér gert ráð fyrir því að stjórnarmönnum sé fjölgað án þess þó að stjórnarhlutdeild raskist milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hinsvegar.

Um 18. gr.

Samkvæmt grein þessari getur ráðherra á sama hátt og fyrr heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögunum. Um framkvæmdina skal fara eftir lögum nr. 11 frá 1973 um framkvæmd eignarnáms.

Um 19. gr.

Ráðherra orkumála fer samkvæmt grein þessari með mál er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun eins og verið hefur.

Um 20. gr.

Hér er lögfest að sameignarsamningurinn um Landsvirkjun milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem gerður var hinn 27. febrúar 1981, taki gildi hinn 1. júlí 1983 og að þá falli jafnframt úr gildi sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965. Jafnframt eru í grein þessari ákvæði sem fella úr gildi lögin um Landsvirkjun nr. 59 frá 20. maí 1965 með síðari breytingum, lögin um Laxárvirkjun nr. 60 frá 20. maí 1965 og önnur ákvæði í lögum eða reglugerðum sem brjóta í bága við lög þessi.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

I. Sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dagsettur 27. febrúar 1981.

II. Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl., dagsettur 11. ágúst 1982.

III. Sameiginleg bókun viðræðunefnda ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um niðurstöðu viðræðna um endurskoðun laga um Landsvirkjun, dagsett 28. janúar 1983.

Fylgiskjal I.

Sameignarsamningur milli Ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun.

Ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hér á eftir sameiginlega nefndir eignaraðilar, gera með sér svohljóðandi

Sameignarsamning:

1. gr.

   Raunin hefur orðið sú, að þótt hafnagerðaáætlunin hafi verið lögð fyrir Alþingi á tveggja ára fresti, hefur hún aldrei fengið þá meðferð, sem gert er ráð fyrir í greininni. Nefndin taldi þýðingarlaust að halda þessu ákvæði um meðferð áætlunarinnar á Alþingi til streitu og gerir því ráð fyrir í tillögum sínum, að áætlunin sé lögð fram sem þingskjal.

6. Mikilsverða breytingu frá gildandi lögum er að finna í 26. gr. þar sem segir m. a. að ríkissjóður greiði allt að 75% og 40% af kostnaði við hafnargerðir. Ennfremur segir í 27. gr. að fjárveitinganefnd Alþingis geti ákveðið að fengnum tillögum samgönguráðherra, sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag til framkvæmda, sem eru styrkhæfar um 75% og 40%, verði lægra en þar greinir til hafna sem taldar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku en 25% og 60%. Sá mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast, rennur sem sérstakar tekjur til hafnabótasjóðs.

   Ein höfn, sem fellur undir hafnalög, hefur yfirleitt ekki notið ríkisstyrks til framkvæmda, þ. e. Reykjavíkurhöfn. Talið hefur verið að sjálfsaflafé hennar nægði til að standa undir eigin framkvæmdum, og gildir því ekki um hana ofangreint ákvæði um að mismunur framlaga úr ríkissjóði renni til hafnabótasjóðs.

   Nefndin telur að almennt bættur fjárhagur hafnanna geti leitt til þess að sumar þeirra yrðu færar um að standa undir meiri greiðsluþátttöku en gert er ráð fyrir í lögunum sem lágmarki, en að mati nefndarinnar er vafasamt að ríkið styrki hafnir samkvæmt hámarksheimild til framkvæmda sem sjálfar geta að verulegu leyti staðið undir þeim af eigin tekjum.

   Nefndin hefur látið kanna sérstaklega við hvaða skilyrði væri eðlilegast að miða við skerðingu ríkisframlags frá hámarksheimild. Hugmynd að verklagsreglum, sem nefndin hefur orðið sammála um að leggja til grundvallar við slíkt mat, liggur fyrir.

7. Allar breytingar á gjaldskrám hafna hafa eins og kunnugt er verið þungar í vöfum vegna ákvæða í gildandi lögum og vegna þess að sveitarfélögin hafa viljað halda fast í ákvörðunarrétt sinn um það efni. Nefndin telur að þessu þurfi að breyta og að ekki sé öllu lengur hægt að halda því fyrirkomulagi, sem tíðkast hefur, þ. e. að hver höfn um sig sæki um hækkun á gjaldskrá til samgönguráðuneytisins og gjaldskráin sé síðan birt sérstaklega í Stjórnartíðindum, en það hefur í för með sér að svo til samhljóða gjaldskrár 50—60 hafna eru birtar í Stjórnartíðindum tvisvar til þrisvar á ári. Nefndin gerir því ráð fyrir því í 13. gr., að ein gjaldskrá sé sett fyrir allar hafnir á landinu sem

lögin ná til, en þó er gert ráð fyrir heimild til fráviks frá þessari samræmdu gjaldskrá, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8. Í framhaldi af endurteknum samþykktum Hafnasambands sveitarfélaga tók nefndin til athugunar óskir þess um, að landshafnarformið yrði lagt niður og um landshafnir giltu sömu lög og um almennar hafnir.

Þær þrjár landshafnir sem um er að ræða eru í Keflavík — Njarðvík, Rifi á Snæfellsnesi og Þorlákshöfn. Gildandi lög um þær eru nr. 23/1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn. Lögin um landshöfn í Keflavík/Njarðvík, sem er elst þeirra, voru upphaflega sett árið 1946. Landshafnahugmyndin er þannig orðin nærri 40 ára gömul. Hún kom fram við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú ríkja og taldi nefndin því rétt að endurskoða hvort sú sérstaða eigi áfram að gilda um þessar hafnir, sem talin var vera fyrir hendi við setningu landshafnalaganna.

Höfuðrökin fyrir þessu fyrirkomulagi voru á sínum tíma, að engar nothæfar fiskihafnir væru til á ákveðnum landssvæðum, svo sem Reykjanesi. Þaðan væri hins vegar skammt á góð fiskimið og á þessi svæði sækti fjöldi aðkomubáta. Ekki væri hægt að ætlast til að eitt sveitarfélag stæði þannig undir hafnargerðarkostnaði við höfn sem þjónaði fleiri sveitarfélögum. Það kom og til að á þessum tíma greiddi ríkissjóður minna til almennra hafnargerða en nú er eða 40% samkvæmt lögum, sem samþykkt voru sama ár og fyrstu landshafnalögin, en áður hafði ríkisframlagið verið enn lægra.

Nefndin hefur rætt við sveitarstjórnarfulltrúa á þeim stöðum, þar sem landshafnir eru, um framangreindar hugmyndir. Jafnframt hafa þeir fengið ýmsar upplýsingar um hafnirnar sem óskað hefur verið eftir svo sem reikninga og reikningslega stöðu þeirra, svo og framkvæmdaáætlanir og aðgang að tæknilegum upplýsingum, að svo miklu leyti sem þær hafa verið fyrir hendi.

Stjórnir landshafnanna hafa fylgst með þessum viðræðum, enda þótt þær séu í sjálfu sér ekki ákvörðunaraðili um afnám eða framhald landshafnaformsins.

Viðkomandi sveitarstjórnir voru beðnar um að taka afstöðu til þessa máls og gera nefndinni skriflega grein fyrir niðurstöðum sínum. Skrifleg svör höfðu borist í nóvemberlok aðeins frá Njarðvíkurbæ og Neshreppi utan Ennis.

Í svari bæjarstjórnar Njarðvíkur kemur m. a. fram, að hún „er til viðræðu við stjórnvöld um þessi mál, en tekur fram að hún telur sig þar með á engan hátt skuldbundna í afstöðu til málsins".

Í svari Neshrepps utan Ennis er vísað til fundar í hreppsnefnd, þar sem fundarmenn voru „mjög svo jákvæðir í afstöðu sinni til þessa máls, enda miðuðu þeir afstöðu sína af því að farið yrði að tillögu hafnarnefndar um uppbyggingu hafnarinnar og að lið 1. um dýpkun og endurbætur yrði lokið áður en af yfirtöku gæti orðið. Telja aðiljar sig reiðubúna í frekari viðræður ef óskað er".

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Efni frv. þessa er skipt í eftirgreinda kafla:

I. kafli — Yfirstjórn hafnamála.
II. kafli — Um stjórn hafna og rekstur.
III. kafli — Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.
IV. kafli — Um framkvæmdaáætlanir.
V. kafli — Um Hafnabótasjóð.
VI. kafli — Ýmis ákvæði.

Hér er um óbreytta kaflaskiptingu að ræða frá gildandi lögum, enda þótt í annarri röð sé.

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 2. og 3. gr.

Sjá 1. lið í almennu greinargerðinni hér að framan.

Um 4. gr.

Helsta nýmælið í þessari gr. er að hafnamálastjóri skuli skipaður af ráðherra til fimm ára í senn, en heimilt er að endurráða hann, svo oft sem vera vill. Jafnframt er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða II að skipun núverandi hafnamálastjóra haldi gildi sínu engu að síður. Verði þetta ákvæði að lögum þarf að breyta 1. gr. laga nr. 56/1981, um vitamál, til samræmis. Samkvæmt 4. mgr. skal annað starfsfólk en hafnamálastjóri og yfirmenn deilda ráðið samkvæmt ráðningarsamningi og er það í samræmi við ríkjandi stefnu í ráðningamálum ríkisstarfsmanna.

Um 5. gr.

Greinin er lítillega aukin útgáfa 2. mgr. gildandi 3. gr. hafnalaga, sbr. og 3. lið í alm. grg.

Um 6. gr.

Sjá hér 2. gr. reglugerðar um hafnamál, nr. 395/1974. Tæknideildinni, sem þar er talað um, er þó skipt hér upp í tvær deildir, áætlana- og hönnunardeild og framkvæmdadeild, með tilliti til þeirra áherslubreytinga á tilgangi og starfsvettvangi stofnunarinnar, sem nefndin leggur til.

II. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

Sama fyrirsögn og efni að flestu sem greinir í IV. kafla gildandi laga.

Um 7. gr.

Grein þessi er ný að því leyti að gildandi lög skilgreina ekki hvað sé höfn, en um 2. mgr. má benda á 26. gr. gildandi hafnalaga.

Um 8. gr.

Greinin er ný, sbr. þó 11. gr. og 1. tl. 6. gr. hafnalaga.

Um 9. gr.

Greinin er ákveðin umorðun 11. gr., en séu 8. og 9. gr. lesnar saman þá er efni þeirra samhljóða gildandi 11. gr.

Um 10. gr.

Efnislega samhljóða 1. — 3. mgr. 26. gr. hafnalaga.

Um 11. gr.

1. mgr. er samhljóða 12. gr. gildandi laga utan umorðunar í inngangsorðum og 1. tl. 2. mgr. er samhljóða 2. ml. 2. mgr. 12. gr.

Um 12. gr.

1. mgr. er umorðun 3. mgr. 12. gr. hafnalaga, sjá einnig 2. ml. 1. mgr. 15. gr. rgj.

2. — 3. mgr. taka mið af 4. mgr. 12. gr., sbr. einkum 2. mgr. 15. gr. rgj. Þó er hér ákvörðun um viðmiðun (stærð skips) vísað til rgj. sem væntanlega verður sett.

4. mgr. er samhljóða 5. mgr. 12. gr., sbr. 3. mgr. 15. gr. rgj., utan að „varningur" verður „útflutningsbirgðir".

5. — 6. mgr. eru nýjar. Eins og ákvæðin bera með sér eru þau sett til enn frekari tryggingar á innheimtu vörugjalds.

7. mgr. er samhljóða 13. gr. laga nr. 83/1976.

8. mgr. er samhljóða 4. mgr. 15. gr. rgj.

Um 13. gr.

Hér er um nýja grein að ræða, þó að framgangsmáta svipi um sumt til gildandi ákvæða, 26. gr. gildandi hafnalaga og 5. mgr. 15. gr. rgj., því að hér er lagt til að ein gjaldskrá gildi fyrir allar hafnir, þó með heimild til frávika. Frekari skýringar varðandi þessa grein er að finna í 7. lið alm. grg.

Um 14. gr.

Samhljóða gildandi 13. gr. með smávegis umorðun síðustu mgr.

Um 15. gr.

Samhljóða gildandi 14. gr. að breyttu breytanda.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. að breyttu breytanda.

Um 17. gr.

Greinin er samhljóða gildandi 16. gr. að breyttu breytanda.

Um 18. gr.

Grein þessi tekur mið af gildandi 17. gr., þó með ákveðinni umorðun sem nauðsynleg er talin til frekari skýringar.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

Hér er fjallað að flestu leyti um samskonar atriði og greinir í gildandi II. kafla, þótt ýmsar veigamiklar breytingar hafi verið gerðar á einstökum greinum. Heiti kaflans hefur verið rýmkað.

Um 19. gr.

Greinin er samhljóða gildandi 9. gr.

Um 20. gr.

Greinin er ný og ætluð til þess að undirstrika, að eigandi hafnar, sbr. 8. gr., skal eiga frumkvæði að framkvæmdum, jafnframt því sem hann ber ábyrgð á þeim. Sjá einnig 2. lið almennu greinargerðarinnar.

Um 21. gr.

Greinin er ný, en efni hennar sótt í 1. ml. 13. gr. rgj. auk þess sem það leiðir um sumt af ákvæðum gildandi 6. gr.

Um 22. gr.

Greinin er ný, en efni hennar leiðir þó um margt af ýmsum gildandi ákvæðum, t. d. 1. mgr. 3. gr. hafnalaganna, sbr. 5. — 8. gr. rgj. Frekari skýringar er að finna í 2. lið alm. grg. hér að framan.

Um 23. gr.

Greinin er ný, sbr. þó 5. gr. gildandi laga.

Um 24.—26. gr.

Greinar þessar fjalla allar um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum, þar sem greind eru styrkhæf verkefni (24. gr.), skilyrði aðildar ríkissjóðs (25. gr.) og hundraðshlutfall þátttöku (26. gr.) Efni þeirra er um flest að finna í 6. — 8. gr. gildandi hafnalaga, sbr. 9., 11. og 12. gr. reglugerðar.

Um nýmælin í þessum greinum vísast til 4. liðs í almennu greinargerðinni hér að framan.

Um 27. gr.

Grein þessi er nýmæli og vísast um skýringar með henni til almennu greinargerðarinnar, 6. liðs.

IV. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

IV. kafli gildandi laga fjallar um sama efni.

Um 28. gr.

Grein þessi er samin með hliðsjón af 10. gr. gildandi laga, 14. gr. rgj. og reynslu þeirri sem komin er á vinnslu slíkra áætlana, sbr. 5. lið í almennu greinargerðinni.

V. KAFLI

Um Hafnabótasjóð.

V. kafli gildandi laga fjallar um sama efni.

Um 29. gr.

Efnislega samhljóða gildandi 18. gr.

Um 30. gr.

Samhljóða gildandi 20. gr., sbr. einnig 2. gr. laga nr. 83/1976, um breyting á hafnalögum. Við bætist ákvæði 2. tl., sem sett er inn til samræmis við ákv. 27. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Samhljóða fyrri mgr. 21. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 83/1976, en heimildartala hækkuð, og heimild til ábyrgðar ríkissjóðs felld niður, þar sem hún telst þarflaus.

Síðari mgr. 21. gr. telst einnig vera þarflaus og er því felld niður.

Um 32. gr.

Samin með hliðsjón af gildandi 19. gr., 17. gr. í rg. og reynslu undanfarinna ára.

Um 33. gr.

Samhljóða fyrri ml. 22. gr. gildandi laga. Efni síðara ml. er nú að finna í upphafi 32. gr.

Um 34. gr.

Samhljóða gildandi 23. gr.

Um 35. gr.

Samhljóða gildandi 24. gr.

Um 36. gr.

Ný grein sem lýsir því, hvernig staðið skuli að umsókn lána/styrkja úr sjóðnum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

VI. kafli gildandi laga ber sömu yfirskrift.

Um 37. gr.

Samhljóða gildandi 25. gr.

Um 38. gr.

Fyrri mgr. er samhljóða gildandi 27. gr., nema hvað sektarfjárhæðar er ekki getið sérstaklega.

Í síðari mgr. er heimild veitt til að grípa til kyrrsetningar skipa, ef í nauðir rekur um innheimtu vangoldinna gjalda og sekta.

Um 39.—41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Sbr. 8. lið almennu greinargerðarinnar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Sbr. skýringar við 4. gr.

Ed. 391. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts á árinu 1983.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. febr. 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
Guðm. Bjarnason.	Lárus Jónsson.	Gunnar Thoroddsen.

Ed. 392. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts á árinu 1983.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. gr. orðist þannig

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal við álagningu eignarskatts á árinu 1983 miða mat á skattskyldu íbúðarhúsnæði til eignarskatts við 80% af fasteignamatsverði þessara eigna.

Við álagningu annarra gjalda eða skatta til ríkisins, svo sem erfðafjárskatts og stimpilgjalda, skal frá gildistöku þessara laga til ársloka 1983 miða gjaldstofn við 80% af fasteignamatsverði þessara eigna, þrátt fyrir ákvæði annarra laga.

Ed. 393. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til laga um notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts á árinu 1983.

Frá Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. gr. orðist svo:

Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamati. Fasteignir, sem notaðar eru til íbúðar, skulu sem skattstofn eignarskatts þó ekki hækka meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu.

Nd. 394. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Þrír nefndarmenn voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1983.

Ingólfur Guðnason, form.	Halldór Blöndal, frsm.	Guðrún Helgadóttir.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 395. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Magnús H. Magnússon tók sæti Sighvats Björgvinssonar í nefndinni við afgreiðslu málsins, en fjarverandi voru Halldór Ásgrímsson og Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi, 25. febr. 1983.

Guðmundur J. Guðmundsson, varaform., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Albert Guðmundsson.
Magnús H. Magnússon, Matthías Bjarnason.

Nd. 396. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 9. tl. og orðist svo:
   9. Helming tekna samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1. — 6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.
   Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa tl. við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.
2. Á eftir 1. gr. frumvarpsins komi tvær nýjar greinar er verði 2. gr. og 3. gr. Jafnframt verði 2. gr. frumvarpsins 4. gr. þess. Greinarnar orðist svo:
   a. (2. gr.) 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:
   Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1. — 6. og 9. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.
   b. (3. gr.) 7. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður.

Nd. 397. Lög [89. mál]

um breyting á lögum nr. 4 1. febr. 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982, um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 303.

Sþ. 398. Skýrsla

Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1983 um utanríkismál.

I. Inngangur.

Sú skýrsla, sem ég legg hér fram, er hin fjórða í röðinni frá því að núverandi ríkisstjórn var mynduð hinn 8. febrúar 1980. Í stjórnarsáttmála hennar er eftirfarandi kafli um utanríkismál:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli".

Ég hef alla tíð undirstrikað að í þessum ákvæðum fælust engin meiri háttar nýmæli og myndi því verða fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefði verið eftir á undanförnum árum. Hins vegar væri það alkunna, að einn aðili stjórnarsamstarfsins — Alþýðubandalagið — hefði í grundvallaratriðum aðra stefnu í öryggis- og varnarmálum og væri sú stefna þess óbreytt þrátt fyrir stjórnarsáttmálann.

Varðandi einstök atriði utanríkismálakaflans skal þetta tekið fram:

Fylgt hefur verið þeirri stefnu að kanna vandlega öll helstu málefni, sem koma til umræðu og meðferðar á alþjóðavettvangi, og taka síðan afstöðu til hvers og eins. Við mótun þeirrar afstöðu liggur í hlutarins eðli að öryggishagsmunir okkar sjálfra og þess varnarbandalags lýðræðisþjóða, sem við eigum aðild að, hljóta að vera þungir á metaskálunum þegar afgreiða skal mál, sem beinlínis varða þessa hagsmuni. Á hinn bóginn eigum við svo einnig sama möguleika og aðrir til að koma okkar skoðunum á framfæri og eiga þannig þátt í að móta þá stefnu, sem síðan verður fylgt. Hið sama gildir einnig um sameiginlega stefnumótun Norðurlandanna. Þetta er í samræmi við þau lýðræðislegu vinnubrögð sem íslenska þjóðin hefur viljað hafa að leiðarljósi á sem flestum sviðum. Í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans hef ég látið ráðuneyti mitt fylgjast sérstaklega með starfsemi Norðurlandaráðs, þótt aðrir þættir norrænnar samvinnu komi reyndar fremur til kasta míns ráðuneytis en sjálft ráðið, sem er á ábyrgð þjóðþinganna á Norðurlöndum. Ennfremur hefur þátttaka okkar í starfsemi Sameinuðu þjóðanna verið eins öflug og unnt er með þeim takmarkaða mannafla, sem yfir er að ráða.

Á árunum 1980 og 1981 tókst að ná mjög vel viðunandi samningum við Norðmenn um Jan Mayen svæðið, bæði um afmörkun lögsögu, fiskveiði- og landgrunnsmál og ljúka á þann veg deilu, sem gæti hafa orðið alvarlegur hnekkir fyrir norræna samvinnu.

Ákvæði stjórnarsáttmálans um öryggismálanefnd og atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum falla hvorugt undir mitt ráðuneyti og mun ég því ekki ræða þau nánar hér.

Bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er svo þekkt mál að óþarfi er að hafa mörg orð um. Áætlanir um þessa flugstöð hafa verið endurskoðaðar og eru raunar enn í endurskoðun, en ekki hefur enn fengist samkomulag allrar ríkisstjórnarinnar um að hefja framkvæmdir. Mótframlög Bandaríkjastjórnar vegna þessarar byggingar falla niður hinn 1. október næstkomandi verði framkvæmdir þá enn ekki hafnar.

Loks er í utanríkismálakafla stjórnarsáttmálans sagt að athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli. Um þetta atriði vil ég segja það, að reynslan af því, að hvert ráðuneyti hafði yfirstjórn síns málaflokks á varnarsvæðunum á fyrstu árum varnarliðsins hér, leiddi til þess að yfirstjórn þeirra allra var færð í utanríkisráðuneytið með stofnun varnarmáladeildar 1953. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að sú breyting hafi verið til mikilla bóta og varhugavert væri að stíga það spor til baka.

II. Alþjóðamál.

Framvinda alþjóðamála á síðasta ári hefur um margt einkennst af nýjum áföllum. Sambúð austurs og vesturs hefur lítið sem ekkert batnað. Vígbúnaðarkapphlaup heldur áfram. Alþjóðlegt efnahagslíf er í meiri lægð en það hefur verið allt frá kreppunni miklu á fjórða áratugnum og veldur bæði auknum erfiðleikum þróunarríkja við að brauðfæða sífellt fleiri munna og ógnvekjandi atvinnuleysi í iðnríkjum. Virðingin fyrir stofnskrá Sameinuðu þjóðanna fer þverrandi, bæði í samskiptum ríkja sín á milli og samskiptum þeirra við einstaklinginn og svo mætti lengi telja.

Þótt myndin sé þannig að mestu í dökkum litum verður það þó að teljast jákvætt og gefa nokkrar vonir, að ýmsar samningaviðræður fara nú fram til að reyna að finna lausn á mörgum þessara vandamála.

Ég mun víkja að flestum þessara atriða í köflunum hér á eftir, en nokkra þætti er eðlilegast að koma inn á hér.

Í ársskýrslu sinni til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna á liðnu hausti lýsti framkvæmdastjóri samtakanna, Javier Perez de Cuellar, yfir sérstökum áhyggjum sínum vegna vaxandi virðingarleysis fyrir ályktunum öryggisráðsins og varaði við því að þjóðir heims væru komnar hættulega nærri hengiflugi stjórnleysis í alþjóðasamskiptum. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur því miður sjaldnast getað sameinast um aðgerðir til að knýja fram friðsamlega lausn deilumála eða stöðva átök, sem út hafa brotist, og má kenna því um að víða hafa eitt eða fleiri ríki með neitunarvald í ráðinu átt beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta. Enn alvarlegra er þó hitt, að nú færist í aukana að einróma samþykktir öryggisráðsins séu hafðar að engu af ýmsum ríkjum, sem af einni eða annarri ástæðu telja sér það óhætt vegna þess að samstaða Sameinuðu þjóðanna nái aðeins til orða en ekki athafna. Má í því sambandi minna á Argentínu í Falklandseyjastríðinu og Ísrael eftir innrásina í Líbanon.

Á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda í september s. l. var þessi óheillaþróun til umræðu og var þá ítrekaður eindreginn stuðningur Norðurlanda við Sameinuðu þjóðirnar og aðgerðir sem miða að því að leysa milliríkjadeilur á friðsamlegan hátt samkvæmt grundvallarreglum stofnskrárinnar um virðingu fyrir fullveldi og stjórnmálalegu sjálfstæði

allra ríkja. Einnig var þar skorað á öll ríki að virða viðurkenndar alþjóðareglur um samskipti ríkja og ákveðið að kanna, og ræða við önnur ríki, hvernig auka mætti möguleika samtakanna til að gegna hlutverki sínu þegar átök eða deilur blossa upp. Allir norrænu utanríkisráðherrarnir fylgdu síðan þessari samþykkt eftir í ræðum sínum á allsherjarþinginu. Það má reyndar í þessu sambandi segja, að það er kaldhæðnislegt að sum þeirra ríkja, sem iðnust eru við að brjóta á öðrum ríkjum grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um fullveldi og stjórnmálalegt sjálfstæði allra ríkja, eru jafnframt fyrirferðarmest í tillöguflutningi um að festa í viðamiklum alþjóðasamningum atriði eins og þau að beita ekki valdi í alþjóða samskiptum.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur norður-suður málaflokkurinn, eða réttlátari skipting auðæfa jarðarinnar, verið mikið til umræðu og efnt hefur verið til umfangsmikilla ráðstefna til stefnumótunar. Árangurinn hefur því miður orðið sáralítill og kreppuástandið hefur reyndar valdið því að fjárstreymi til þróunarríkja hefur minnkað og hungrið þar aukist að sama skapi. Það er þó væntanlega öllum ljóst, að forsenda fyrir friði og öryggi í heiminum hlýtur að vera að úr þessu verði bætt.

Meðal fulltrúa og starfsmanna hjá Sameinuðu þjóðunum er sú skoðun almenn, að mikil lægð sé nú í pólitískum fjölþjóða samskiptum innan þessara alheimssamtaka. Er meginástæðan talin skortur á vilja af hálfu beggja risaveldanna til að notfæra sér Sameinuðu þjóðirnar eins og sáttmálinn gerir ráð fyrir. Sovétríkin hafi mestan áhuga á tvíhliða samkomulagi við Bandaríkin, en telji Sameinuðu þjóðirnar á hinn bóginn vera heppilegan öryggisventil í alþjóða samskiptum. Þar geti menn hellt úr skálum reiði sinnar og um leið borið fram áróður á auðveldan hátt. Núverandi ríkisstjórn í Washington virðist neikvæð gagnvart Sameinuðu þjóðunum og vill ekki beita sér innan samtakanna. Telja Bandaríkjamenn sig standa eina gegn hinum svonefnda innbyggða meirihluta aðildarríkja, þ. e. þróunarríkjahópnum og þeim ríkjum öðrum, sem oftast greiða atkvæði á sama hátt, og jafnframt að verulegum hluta af fé samtakanna sé eytt til starfsemi, sem þeir geti illa sætt sig við. Í framhaldi af því hófu Bandaríkjamenn á miðju síðasta allsherjarþingi, og í litlu eða engu samráði við aðra, flutning tillagna í hverju máli á fætur öðru, sem miða áttu að strangara aðhaldi með útgjöldum samtakanna. Fengu þeir fáa stuðningsmenn við þessar tillögur, þótt ýmsum þætti málefnið í sjálfu sér gott. Öllu þessu til viðbótar ríkir síðan óeining og jafnvel upplausn í ríkjahópum, sem venjulega hafa staðið saman við afgreiðslu mála innan Sameinuðu þjóðanna.

Hinar gífurlegu verðhækkanir á olíu 1973 og aftur 1978—1979 áttu tvímælalaust stóran þátt í þeirri kreppu, sem efnahagslíf Vesturlanda á nú við að stríða. Samstaða OPEC er að verulegu leyti brostin og í kjölfarið virðist geta fylgt veruleg lækkun á olíuverði. Kaldhæðnin í þeirri þróun er þó sú, að verðfall á olíu gæti aukið á erfiðleikana, ekki aðeins hjá þeim ríkjum, sem flytja út olíuna — og meðal þeirra eru mörg þróunarríki — heldur einnig hjá fjölmörgum öðrum ríkjum, sem lagt hafa í miklar fjárfestingar í öðrum orkugjöfum eða vinnslu olíu við mjög erfiðar aðstæður.

Ég hef vikið að málefnum El Salvador og nokkurra annarra mið-Ameríkuríkja í fyrri skýrslum mínum og vil því til viðbótar segja, að þær kosningar, sem fram fóru í El Salvador á s. l. ári, hafa litlu breytt, eins og ég gekk reyndar út frá í síðustu skýrslu minni. Borgarastyrjöldin er í algleymingi, morð og pyntingar daglegt brauð og öll mannréttindi hundsuð. Ísland hefur stutt ályktanir Sameinuðu þjóðanna um málefni El Salvador, sem m. a. skora á deiluaðila að taka upp viðræður til að leysa málin á friðsamlegan hátt. Meðan það er ekki gert má búast við áframhaldandi ógnaröld og minnkandi líkum á að beina megi þróun mála í lýðræðisátt.

Samskipti austurs og vesturs.

Flest þau mál, sem nú eru efst á baugi, tengjast á einn eða annan hátt sambúð austurs og vesturs, bæði hernaðarleg og pólitísk og einnig í auknum mæli efnahagsleg. Lengi voru það Bandaríkin og Sovétríkin, sem gnæfðu yfir, en nánari efnahagssamvinna og síðar einnig pólitísk samvinna innan Efnahagsbandalags Evrópu eða Evrópubandalagsins hefur gert þetta bandalag að verulegu afli, sem bæði hefur áhrif á samskipti austurs og vesturs og vestur-vestur samskiptin, eins og sambúð Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra er stundum nefnd. Nægir að minna í því sambandi á deilur Bandaríkjamanna og ríkja Evrópubandalagsins um gasleiðsluna miklu frá Síberíu og um alþjóða viðskipti með niðurgreiddar landbúnaðarafurðir. Allar líkur benda þó til að risaveldin muni enn um ófyrirsjáanlega framtíð fara með langstærstu hlutverkin í alþjóðasamskiptum.

Þrátt fyrir innrás Sovétherja í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968 fóru fljótlega eftir það að batna samskipti vestrænna ríkja og ríkja austur-Evrópu. Stefna Sambandslýðveldisins Þýskalands um bætta sambúð við Þýska alþýðulýðveldið og önnur kommúnistaríki Austur-Evrópu var veigamikill þáttur í þessari þróun, þótt margt fleira kæmi þar að sjálfsögðu til. Þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku komu saman til ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu og lauk henni sem kunnugt er árið 1975 með undirritun lokasamþykktar, þar sem m. a. er að finna ýmsar meginreglur sem ríkin vilji fylgja í samskiptum sínum við önnur ríki, þegna þeirra og eigin þegna. Einnig var á þessum fyrstu árum áttunda áratugarins ákveðið að efna til samningaviðræðna um gagnkvæman og réttskiptan samdrátt herafla í mið-Evrópu (MBFR). Þessi þíða í samskiptum austurs og vesturs olli því að vestræn ríki lögðu minna upp úr vígbúnaði en áður og áherslan á aðra málaflokka, svo sem félagslegar umbætur, jókst að sama skapi. Sams konar samdráttarstefnu var ekki fylgt í Sovétríkjunum. Þegar lengra kom fram á áratuginn fór það ekki lengur fram hjá neinum að Sovétríkin héldu áfram að vígbúast af fullu kappi þrátt fyrir bætta sambúð við vestræn ríki á flestum sviðum. Jafnframt fór að bera meira á íhlutun Sovétmanna eða fylgiríkja þeirra í ýmsum nýfrjálsum ríkjum Afríku og upp úr sauð með innrásinni í Afganistan að ekki sé talað um áhrif Sovétmanna á þróun mála í Póllandi.

Í Afganistan hefur meira en eitt hundrað þúsund manna herliði Sovétmanna mistekist að brjóta á bak aftur mótspyrnu íbúanna, sem enn hafast við í landinu eða á landamærunum. Nær 4 milljónir manna eru flúnar til Pakistan og Íran og er þarna um að ræða eitt umfangsmesta flóttamannavandamál í heiminum í dag. Samningamaður Sameinuðu þjóðanna í þessu máli er að reyna að vinna að lausn, en enginn raunhæfur árangur hefur enn komið í ljós.

Þróun mála í Póllandi er öllum kunn. Þótt ýmsum þáttum herlaga hafi verið aflétt virðist lítið hafa breyst til batnaðar.

Það var sérstaklega einn þáttur í vígbúnaði Sovétríkjanna á áttunda áratugnum sem olli vestur-Evrópubúum mestum áhyggjum. Það var endurnýjun eða öllu fremur bylting á sviði meðaldrægra kjarnavopnaflauga á landi. Til viðbótar og/eða í stað ónákvæmra, gamaldags eldflauga á föstum skotpöllum, sem lengi hafði verið beint að vestur-Evrópu, voru Sovétmenn farnir að setja upp hreyfanlegar, mjög nákvæmar SS-20 kjarnaflaugar, sem skjóta má úr á skotmörk í allt að 5 000 kílómetra fjarlægð. Í hverri flaug eru 3 kjarnahleðslur, sem senda má á mismunandi skotmörk og sprengikraftur hverrar þeirra jafnast á við 7 Hirosimasprengjur. Skotpallar þessara flauga verða ekki fyrir teljandi skaða þegar flaug er skotið á loft svo þess vegna væri ekkert því til fyrirstöðu að koma nýjum flaugum á pallana fljótlega eftir að fyrstu umferð hefði verið skotið.

Jafnvægi, ekki aðeins milli risaveldanna tveggja, heldur einnig og ekki síður í Evrópu, er forsenda þess að vopnavaldi eða hótunum um slíkt verði ekki beitt. Það er svo sorgleg staðreynd að um áratugi hefur verið leitast við að halda jafnvæginu með síauknum

vopnabúnaði í stað heiðarlegra samninga um niðurskurð er þjónað gætu sama tilgangi en jafnframt minnkað hættu á átökum og opnað leiðir til að beina miklu fjármagni að því að leysa yfirþyrmandi vandamál heimsbyggðarinnar.

Niðurstöður af umræðum innan Atlantshafsbandalagsins um eldflaugauppbyggingu Sovétríkjanna urðu sem kunnugt er þær, að í desember 1979 var ákveðið að koma fyrir í nokkrum vestur-Evrópuríkjum 108 Pershing II eldflaugum og 464 stýriflaugum til mótvægis við SS-20 flaugar Sovétmanna. Hinar fyrrnefndu myndu ná til Sovétríkjanna á álíka löngum tíma og SS-20 flaugar Sovétríkjanna til vestur-Evrópu, en hins vegar fara stýriflaugarnar miklu hægar og gætu því varla verið notaðar til annars en gagnsvara við hafinni kjarnavopnaárás. Þessi samsetning Pershing II og stýriflauga var þannig ákveðin sérstaklega til að undirstrika að þeim yrði eingöngu beitt í varnarskyni. Þarna var ekki ætlast til að um viðbót yrði að ræða, heldur endurnýjun, þar eð ætlunin er að fjarlægja jafnmörg eldri kjarnavopn frá vestur-Evrópu. Uppsetning á að hefjast undir árslok 1983 og ljúka á u. þ. b. 5 árum.

Þetta var aðeins annar þátturinn í ákvörðun Atlantshafsbandalagsins. Hinn var sá að Sovétmönnum yrði strax boðið til viðræðna um niðurskurð á meðaldrægum kjarnaflaugum eða Evrópukjarnaflaugum öðru nafni. Á þennan þátt hinnar tvíhliða ákvörðunar lögðu Íslendingar sérstaka áherslu. Viðræður þessar hófust loks hinn 30. nóvember 1981.

Þegar ákvörðun NATO var tekin höfðu Sovétmenn komið upp u. þ. b. 100 SS-20 eldflaugum, en nú er talið að þær séu a. m. k. 330. Hver þeirra ber 3 kjarnavopnahleðslur, sem skjóta má á 3 mismunandi skotmörk og meirihluta þeirra er beint að vestur-Evrópu. Þessar staðreyndir verður að hafa í huga, þegar mál þessi eru athuguð, og metin er ákvörðun Atlantshafsbandalagsins frá 1979, svo og viðhorf ríkisstjórna í vestur-Evrópu, sem m. a. komu fram á leiðtogafundinum í Bonn s. l. sumar. Hitt er staðreynd að í sumum vestur-Evrópuríkjum er vaxandi andspyrna á meðal almennings gegn uppsetningu kjarnavopnaflauga. Gætir þar ugglaust að einhverju leyti áhrifa frá ýmsum friðarhreyfingum.

Madridráðstefnan.

Önnur ráðstefnan í framhaldi af Helsinkiráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu hófst í Madrid 11. nóvember 1980. Ráðstefnan hefur nú staðið á þriðja ár, en engar ákvarðanir verða teknar nema öll 35 þátttökuríkin séu sammála. Á þessu tímabili hafa fundir þó ekki staðið lengur en 49 vikur samtals.

Umræðurnar á ráðstefnunni á allsherjarfundum og fundum formanna sendinefnda hafa að verulegu leyti snúist um hinar mannlegu hliðar Helsinkisamþykktarinnar annars vegar og hernaðarhliðar öryggismálanna hins vegar. Vesturlönd hafa haldið uppi harðri gagnrýni vegna meintra brota Sovétríkjanna á lokasamþykktinni. Bar þar fyrst mest á gagnrýni út af innrásinni í Afganistan og margs konar brotum á mannréttindaákvæðum Helsinkisamþykktarinnar. Einnig voru gagnrýndar þær ráðstafanir pólskra stjórnvalda að setja herlög um miðjan desember 1981, í skjóli erlends valds, m. a. til þess að sporna við starfsemi frjálsu verkalýðshreyfingarinnar í Póllandi.

Sovésku fulltrúarnir og aðrir fulltrúar Varsjárbandalagsríkja hafa eindregið vísað allri gagnrýni á bug og halda því fram, að einstök gagnrýnisatriði séu óviðurkvæmileg íhlutun í innanríkismál hlutaðeigandi ríkis.

Vegna versnandi sambúðar stórveldanna hefur slökunarstefnan átt í vök að verjast undanfarin ár. Má því segja, að miðað við aðstæður hafi talsverður árangur náðst í Madrid og eru fulltrúar margra þátttökuríkja þeirrar skoðunar, að hægt verði áður en langt um líður að ná málamiðlunarsamkomulagi í Madrid um ágreiningsefnin.

Eitt meginverkefni Madridráðstefnunnar er að ganga frá umboði fyrir afvopnunarráðstefnu Evrópu — CDE —, er fjalli fyrst um aðgerðir til að efla traust og á síðara stigi um

vopnaeftirlit og afvopnun almennt, gefi fyrri hluti hennar ástæðu til áframhalds. Gert er ráð fyrir, að í umboðinu verði kveðið á um svæðið, sem aðgerðir þessar — CBM's — nái til. Auk þess verði í umboðinu ákvæði um, að aðgerðirnar verði hernaðarlega mikilvægar, bindandi og háðar eftirliti.

Samkvæmt Helsinkisamþykktinni þarf þátttökuríki, sem einnig á landsvæði utan Evrópu, aðeins að tilkynna heræfingar fyrirfram, ef efnt er til þeirra á svæði innan 250 kílómetra frá landamærum þess, sem snúa að eða eru sameiginleg með einhverju öðru evrópsku þátttökuríki.

Í raun og veru á þetta einungis við tvö þátttökuríkjanna, Sovétríkin og Tyrkland, en tilkynningu verður að gefa um meiri háttar heræfingar, sem efnt er til á landi einhvers þátttökuríkis Evrópu, með 21 dags eða lengri fyrirvara eða, ef æfingin er ákveðin með styttri fyrirvara, við fyrsta tækifæri áður en hún hefst. Meiri háttar heræfingar í þessu sambandi teljast þær vera þar sem meira en 25 þúsund manna landhersveitir taka þátt, hvort sem þær æfa sjálfstætt eða í samvinnu við flugher og flota.

Tilkynningaskyldan nær nú til allrar vestur-Evrópu, en einungis 250 kílómetra inn í Sovétríkin. Einnig nær hún til allra hinna austur-Evrópuríkjanna. Það er því eðlilegt, að vesturlönd vilji stækka svæðið og hafa Sovétríkin fallist á, að það nái austur að Úralfjöllum gegn viðeigandi stækkun út á Atlantshaf. Ágreiningur er þó enn um afmörkun þessa svæðis.

Til harðra orðaskipta og deilna kom milli austurs og vesturs, er Madridráðstefnan kom aftur saman á ný 9. febrúar 1982, aðallega út af ástandinu í Póllandi. Þar sem ekkert miðaði í samkomulagsátt var Madridráðstefnunni síðan, eins og kunnugt er, frestað til 9. nóvember 1982.

Hvort samkomulagið batnar milli stórveldanna getur enginn sagt fyrir á þessu stigi, en án þess er mjög hæpið, að viðunandi niðurstaða fáist í Madrid. Takist samkomulag um endanlegt skipulag afvopnunarráðstefnu Evrópu, þ. á m. um víðáttu svæðisins, sem aðgerðir til að efla traust eiga að ná til, má búast við að hin ágreiningsefnin leysist, því mörg þátttökuríkja vilja teygja sig nokkuð til þess að fá ákvörðun um, að afvopnunarráðstefna Evrópu verði haldin jafnhliða Genfarviðræðum stórveldanna um takmörkun meðaldrægra kjarnavopnaflauga í Evrópu.

Um miðjan desember 1981 lögðu hlutlausu ríkin fjögur, Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð, ásamt nokkrum óháðum ríkjum, fram formleg drög að lokaskjali Madridráðstefnunnar. Eru tillögur þessar grundvöllur að frekari samningaviðræðum í Madrid.

Er Madridráðstefnan hófst aftur í nóvember sl. lögðu vesturlönd fram nokkrar breytingartillögur við málamiðlunartillögur hlutlausra og óháðra ríkja. Breytingartillögur þessar fjalla aðallega um aukin mannréttindi, frjálsa starfsemi verkalýðsfélaga, trúfrelsi og rétt fréttamanna til starfa. Austur-Evrópuríkin eru yfirleitt á móti tillögum þessum, enda fjalla þær um meginágreiningsefni hinna mannlegu hliða Helsinkilokasamþykktarinnar.

Er fyrstu umræðu um breytingartillögurnar lauk stuttu fyrir jól var ráðstefnunni frestað til 8. febrúar 1983.

Ekki er enn vitað hvaða áhrif hinar nýju tillögur Varsjárbandalagsríkja um griðasáttmála og afvopnunarmálefni kunna að hafa á gang mála á Madridráðstefnunni, en erfitt er að meta stöðuna í dag. Reynt verður til hins ítrasta að ná sem fyrst samkomulagi um lokaniðurstöðu í Madrid, sem öll þátttökuríkin geti sætt sig við.

Afvopnunarmál.

Annað aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál var haldið á liðnu sumri. Því miður varð lítill raunhæfur árangur af þinginu, þótt ekki skuli það vanmetið að allir aðilar urðu sammála um, að ályktarskjal fyrsta afvopnunarþingsins frá 1978, fyrsta og eina samfellda heildarályktunin um afvopnun, héldi fullu gildi og var þá ekki síst höfð í huga

forgangsröðun viðfangsefna á sviði afvopnunarmála, sem samþykkt var á fyrsta afvopnunarþinginu 1978. Ýmsar sjálfstæðar ályktunartillögur komu fram á þessu þingi, en þeim var síðan vísað til meðferðar á 37. allsherjarþinginu sl. haust, þ. á m. tillögu Mexikó og Svíþjóðar um „frystingu“ kjarnavopnabirgða, sem vikið verður að hér á eftir.

Á þessu aukaallsherjarþingi kom enn einu sinni í ljós að Sameinuðu þjóðirnar eru fyrst og fremst vettvangur þar sem skapa má betri skilning á eðli afvopnunarmála og vekja þjóðir heims til umhugsunar um nauðsyn afvopnunar. Þar er góður grundvöllur til að ræða meginviðfangsefni og forgangsröðun verkefna, en framkvæmdahliðin, samningsgerðir um eftirlit með vígbúnaði og um afvopnunarmál, er mjög erfið í svo fjölmennum hópi. Þar hefur reynst betur að þeir aðilar, tveir eða fleiri, sem málin snúa mest að, semji sín á milli.

Annað einkenni á umræðum og ályktanagerð um afvopnunarmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er áróðurskeimurinn af verulegum hluta tillagna, sem þar koma fram. Virðist alltof mörgum ríkjum vera meira í mun að auglýsa sig með umfangsmiklum tillögum, sem ómögulegt er að hrinda í framkvæmd og hafa eftirlit með, eða stefna að einhliða ávinningi, heldur en að leggja fram eða styðja heilshugar raunhæfar tillögur, sem dregið gætu úr vígbúnaði og hættu á árekstrum. Vék framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna reyndar að þessari tilhneigingu í ársskýrslu sinni til allsherjarþingsins á sl. hausti. Bæði ég og forverar mínir í starfi utanríkisráðherra höfum lagt áherslu á að meta slíkar tillögur af raunsæi í stað þess að veita gagnrýnislausan stuðning hverri þeirri ályktunartillögu, sem fram er sett undir yfirskini áhuga á afvopnunarmálum.

Afstaða íslensku fastanefndarinnar til tveggja af þeim nær 60 tillögum um ýmsa þætti afvopnunarmála, sem til afgreiðslu komu á síðasta allsherjarþingi, hefur nokkuð verið til umræðu hér á landi og sætt gagnrýni sumra. Eg tel því rétt að gera nokkra grein fyrir þeim sjónarmiðum sem höfð voru til hliðsjónar þegar ákveðið var að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessi tvö mál, þ. e. ályktun um að öll ríki skyldu þegar í stað stöðva frekari framleiðslu kjarnavopna (frystingartillagan frá Svíþjóð, Mexikó og Equador) og ályktunartillaga Sovétríkjanna o. fl. um bann við framleiðslu nifteindavopna.

Um frystingartillöguna er hægt að hafa fá orð og vísa að mestu til kaflans um samskipti austurs og vesturs og þess sem segir hér síðar um INF-viðræðurnar í Genf. Ég vil aðeins undirstrika að við höfum tekið þátt í tvíþættri ákvörðun NATO-ríkja að bregðast við þeirri nýju ógnun við öryggi vestur-Evrópu sem SS-20 eldflaugar Sovétríkjanna eru, á þann hátt að ákveða að koma fyrir vopnum til varnar, en jafnframt að Bandaríkjamenn byðu Sovétmönnum til viðræðna um takmörkun á meðaldrægum kjarnaflaugum í Evrópu. Viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna voru hafnar og eru í fullum gangi. Að greiða þá atkvæði með frystingartillögu hefði verið túlkað á þá lund að verið væri að koma í bakið á bandamönnum okkar. Hjásetan bar hins vegar viðhorfi okkar til þessara mála vitni. Við erum andvígir framleiðslu og notkun kjarnavopna. Við leyfum engin kjarnavopn hér í landi. Danmörk hafði sömu afstöðu og Ísland við þessa atkvæðagreiðslu.

Nifteindavopn hafa verið til umræðu af og til sl. fimm ár. Bandaríkjamenn höfðu á prjónunum að gera slík vopn og geyma þau á þeim stöðum í vestur-Evrópu þar sem helst væri hætta á skriðdrekaárásum. Fallið var frá þessum fyrirætlunum vegna ótta margra við að þessi vopn myndu valda því að gripið yrði til notkunar kjarnavopna fyrr en ella í hugsanlegum átökum. Bandaríkjamenn hyggjast þó allt að einu smíða slík vopn og geyma þau í Bandaríkjunum. Nú hafa Frakkar lýst því yfir að þeim sé tæknilega kleift að koma sér upp nifteindavopnum til varnar landi sínu og myndu gera það ef þörf yrði á. Frakkar eru ekki aðilar að sameiginlegum vörnum NATO, þótt þeir séu aðilar að bandalaginu sjálfu og ýmsu samstarfi innan þess.

Á undanförnum árum hafa Sovétmenn haft um það forgöngu á þingum Sameinuðu þjóðanna að þessi gerð kjarnavopna yrði fordæmd sérstaklega og hún bönnuð. Halda þeir

og ýmsir aðrir því fram, að þessi vopn séu ómannúðlegri og villimannslegri en önnur kjarnavopn vegna þess að þau drepi fólk en skaði ekki mannvirki.

Fulltrúar margra ríkja hafa á hinn bóginn talið að efnisleg rök skorti fyrir slíkri sérmeðferð á þessari tegund kjarnavopna. Þeir sem falla myndu fyrir slíkum vopnum væru óvinahermenn í sókn inn í önnur ríki, en væri venjulegum kjarnavopnum beitt til varnar myndu þau kosta stórar mannfórnir meðal almennings og gera víðáttumikil landssvæði óbyggileg um ófyrirsjáanlega framtíð. Á hinn bóginn eru mörg þessara ríkja þeirrar skoðunar að staðsetning nifteindavopna á mörkum austurs og vesturs kynni að draga úr greinarmun á kjarnavopnum og öðrum vopnum, eða lækka hinn svonefnda kjarnavopnaþröskuld, og því beri að forðast að koma þeim fyrir þar.

Ég hef andúð á þessari gerð vopna, eins og reyndar á svo mörgum öðrum, en á meðan ekki næst samkomulag um niðurskurð kjarnavopna, sem valdið geta þúsundfalt meiri skaða en þessi nifteindavopn, má segja að fullnægjandi röksemdir skorti til að taka þessi vopn út úr og fordæma þau sérstaklega. Á því sjónarmiði var sú afstaða byggð að sitja hjá við tillögu Sovétmanna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Við afgreiðslu í nefnd fékk þessi tillaga 59 atkvæði, 14 voru á móti, en 52 ríki sátu hjá, þ. á m. öll Norðurlöndin nema Finnland. Við áttum því samleið með mörgum og meiri hlutinn ekki stór.

Um tvíhliða og svæðisbundnar samningaviðræður, sem nú standa yfir, skal þetta sagt:

MBFR-viðræðurnar í Vínarborg milli fulltrúa Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um gagnkvæman og réttskiptan samdrátt í herafla í mið-Evrópu hófust fyrir nær 10 árum. Þeim hefur miðað mjög hægt og engin merki sjást enn um það að samkomulag sé á næsta leiti, þótt aðilar séu sammála um mörg atriði, sem stefna beri að. Hvor aðili um sig hefur lagt fram drög að samningi og verður að vona að unnt sé að finna málamiðlun þar á milli. Það eru einkum tvö atriði, sem deilur standa nú um. Annað er spurningin um núverandi styrk Varsjárbandalagsríkja á samningssvæðinu og hitt er ákvæðin um eftirlit, sem hafa verður með framkvæmd samkomulagsins. Vesturveldin telja að Varsjárbandalagið hafi þarna 190 þúsund hermönnum fleira en þeir síðarnefndu viðurkenna og meðan ekki næst samkomulag um það atriði er lítil von á heildarlausn, því þetta hefur augljóslega í för með sér að ógerlegt er að fylgjast síðar með að farið sé eftir samningsákvæðum um fækkun.

Madridráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu hefur haft til meðferðar tillögur um sérstaka afvopnunarráðstefnu Evrópu, þar sem ákveðnar yrðu ýmsar aðgerðir til að draga úr ófriðarhættu í Evrópu. Er vikið nánar að þessum málum í kaflanum um Madridráðstefnuna hér á undan.

Eins og kunnugt er vildi Bandaríkjaþing ekki staðfesta SALT II samkomulagið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem undirritað var árið 1979. Það samkomulag fól í sér vissar hömlur á kjarnavopnaforða risaveldanna, sem þau geta skotið hvert á annað heimsálfa á milli, en hins vegar lítinn sem engan raunverulegan niðurskurð. Eftir því sem best er vitað hafa þó báðir aðilar virt í verki þær hömlur sem samkomulagið gerði ráð fyrir. Núverandi Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að hann teldi SALT II samkomulagið alls ófullnægjandi og því yrði að hefja samninga að nýju, sem fælu í sér raunverulegan niðurskurð kjarnavopna, er risaveldin gætu skotið heimsálfa á milli. Þessar viðræður voru samkvæmt þessu nefndar START (Strategic Arms Reduction Talks) og hófust þær sl. sumar. Það verður að teljast kostur að viðræður eru nú samtímis í gangi um bæði þessa tegund kjarnavopnaflauga og Evrópukjarnavopnin (INF) því að það gerir mögulegt að vísa umræðum um vopnategundir, sem aðilar eru sammála um að falli ekki inn í annan viðræðurammann, til meðhöndlunar í hinum.

Tillögur Bandaríkjamanna í þessum START-viðræðum voru þær, að báðir aðilar skyldu fækka sprengihleðslum sínum á eldflaugum, sem þeir geta sent hvor á annan, úr u. þ. b. 7 500 niður í 5 000 fyrir hvorn. Af þessum 5 000 skyldu 2 500 hið mesta vera á eldflaugum,

sem staðsettar eru á landi. Jafnframt var lagt til að Bandaríkin og Sovétríkin skyldu hvort ríki um sig ekki hafa fleiri en 850 eldflaugar er senda má milli heimsálfa. Til þess að uppfylla þessi skilyrði þyrftu Bandaríkin að fækka í núverandi forða um helming en Sovétríkin um tvo þriðju hluta. Gagnrýni Sovétríkjanna á þessar tillögur byggir ekki síst á því að tillögur Bandaríkjamanna snúi fyrst og fremst að eldflaugum á landi, sem séu höfuðþátturinn í langdrægum kjarnavopnum Sovétmanna. Þeir hafa því lagt áherslu á að ekki verði um frekari fjölgun að ræða en auk þess verði samið um vissan samdrátt og takmarkanir.

Það er ekki útilokað að afleiðingar START-viðræðnanna gætu orðið þær, að báðir aðilar legðu aukna áherslu á að koma kjarnaflaugum fyrir í kafbátum til þess að treysta jafnvægið sín á milli. Þar með myndi hernaðarlegt mikilvægi hafsvæðanna í nágrenni við Ísland aukast og jafnframt umferð kafbáta búinna kjarnavopnum. Það gefur auga leið að slík þróun væri óæskileg og hættuleg fyrir Ísland og því hljótum við að vonast til að niðurstöður START-viðræðnanna leiði til svo mikillar fækkunar í vopnabúrum risaveldanna að ekki aðeins kjarnavopnum á landi heldur einnig í kafbátum verði verulega fækkað frá því sem nú er.

Fyrir þjóðir vestur-Evrópu eru niðurstöður INF-viðræðnanna jafnvel enn mikilvægari en niðurstöður START-viðræðnanna. Eins og ég hef getið um hér áður hófust INF-viðræðurnar loks í Genf hinn 30. nóvember 1981. Bandaríkjamenn hafa lagt þarna fram æði róttækar tillögur, sem sagt að bæði Sovétríkin og Bandaríkin sættust á að hafa alls engar meðaldrægar eldflaugar á landi. Það myndi þýða fyrir Sovétríkin, að þau yrðu að taka niður og eyðileggja allar SS-20 eldflaugar sem þau hafa komið sér upp, svo og eldri SS-4 og SS-5 flaugar. Sovétríkin hafa vísað þessum hugmyndum á bug sem hreinni fjarstæðu og ýmsar raddir hafa einnig heyrst á vesturlöndum sem að nokkru taka undir viðbrögð Sovétmanna, en þá er það oftast undanskilið að Sovétmenn fái að halda einhverjum af sínum meðaldrægu kjarnaflaugum gegn því að einhverjum hluta hinna 572 flauga NATO verði komið upp til mótvægis og/eða eitthvert tillit verði tekið til kjarnaflauga Breta og Frakka.

Ég hlýt fyrir mitt leyti að taka undir það að æskilegasta niðurstaða INF-viðræðnanna væri sú, sem Bandaríkjamenn hafa gert tillögu um og öll bandalagsríki þeirra hafa margoft lýst stuðningi við. Náist hún ekki fram hlýtur næsti kostur að vera að semja um svo mikla fækkun á uppsettum og áætluðum eldflaugum á báða bóga sem frekast er unnt. Grundvallarhugmynd Sovétmanna sýnist vera sú, að þeir eigi að fá samningsbundinn rétt til a. m. k. jafnmikils vígbúnaðar og ekki aðeins hitt risaveldið, Bandaríkin, heldur öll hin stórveldin, sem neitunarvald hafa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna samanlagt, þ. e. Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Kína.

Góður árangur í þessum viðræðum, sem ég hef rakið hér að framan, getur orðið traustur grundvöllur að friðsamlegri framvindu heimsmála og frekari samdrætti í vígbúnaði. Við Íslendingar leggjum áherslu á að svo megi verða, eins og við styðjum ætíð heilshugar allar tilraunir til að ná raunhæfum árangri á sviði afvopnunarmála, árangri, sem byggist á gagnkvæmum samningum með tryggu eftirlitskerfi. Þannig teljum við að mestar vonir séu til þess að ná þeim áfanga að hvert ríki hafi aðeins þann lágmarksvígbúnað, sem það þarfnast til sjálfsvarnar eitt sér eða með öðrum ríkjum í samræmi við ákvæði stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Austurlönd nær.

Í hart nær fjörutíu ár hafa Miðausturlönd verið aðalvettvangur deilna og átaka í heiminum og nokkrum sinnum verið aðalógnunin við heimsfriðinn. Ástandið hefur lengst af einkennst af þrætum Ísraelsmanna og Araba og gerir reyndar enn. Í þessum heimshluta er að finna verulegan hluta þeirrar olíu, sem vitað er um í heiminum, og án þess orkugjafa geta iðnríki Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Japan, ekki verið. Rétt er að hafa þetta atriði í huga þegar litið er á þá staðreynd, að átökin í þessum heimshluta hafa á vissan hátt breiðst út

til Afganistan, þar sem ófriður ríkir eftir innrás Sovétmanna í landið, og Írans, sem stendur í styrjöld við grannríkið Írak. Má segja að innrás Sovétmanna í Afganistan og ástand það, sem skapaðist í Íran eftir að keisaranum var vikið frá, hafi hvort tveggja raskað jafnvæginu í Austurlöndum nær.

Í skýrslu minni í fyrra vék ég að því að hætta væri á að Ísrael gripi til meiriháttar hernaðaraðgerða gegn Palestínuskæruliðum í Suður-Líbanon með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Innrás Ísraela í Líbanon síðastliðið sumar varð mun kröftugri en nokkurn hafði órað fyrir og hafði í för með sér ómælanlegar hörmungar fyrir íbúa Líbanons, bæði af líbönskum og palestínskum uppruna. Höfuðborgin Beirút, sem var illa farin fyrir, varð að mestu leyti rjúkandi rúst eftir átök Ísraelshers og skæruliðahreyfingar PLO. Áskoranir öryggisráðsins um vopnahlé og að Ísraelsmenn drægju her sinn til baka frá Beirút voru að engu hafðar. Er þetta enn eitt dæmið um það, hvernig ríki virða ályktanir öryggisráðsins að vettugi.

Líbanon er enn hersetið af Ísraelsmönnum og Sýrlendingum. Friðarviðræður eru hafnar milli Líbanons og Ísraels með þátttöku Bandaríkjanna, en mikið ber á milli.

Aðför Ísraelsmanna að Palestínumönnum síðastliðið sumar hefur orðið til þess að einangra Ísrael enn meira á alþjóðavettvangi en áður og hafa þeir eflaust aldrei fyrr verið jafnvinafáir og nú. Þetta er orðið öðruvísi en áður var meðan Ísrael var að berjast fyrir tilverurétti sínum og naut m. a. samúðar alls þorra vestrænna ríkja.

Það er orðin knýjandi nauðsyn að heildarlausn fáist á deilumálum í Miðausturlöndum. Við álítum enn sem fyrr að ályktanir öryggisráðsins nr. 242 og 338 séu sá grundvöllur, sem slík lausn verði að hvíla á. Nauðsynlegt er að allir aðilar á þessu svæði fallist á ákvæði þessara ályktana, þar á meðal um rétt allra ríkja á svæðinu til að fá að lifa í friði innan viðurkenndra landamæra.

Atburðir liðins sumars áttu einkum þátt í því að minnstu munaði að nokkur múhameðstrúarríki fengju því framgengt að Ísrael yrði vikið úr Sameinuðu þjóðunum. Var komið í veg fyrir brottvikningu Ísraels úr samtökunum, m. a. fyrir atbeina Norðurlandanna fimm, en þau hafa ávallt stutt aðildarrétt allra ríkja að Sameinuðu þjóðunum, svo og að sérstofnunum þeirra.

Á síðastliðnu ári komu fram nýjar hugmyndir um lausn á vandamálum Palestínuaraba, bæði frá Bandaríkjamönnum og fundi leiðtoga arabaríkja í Fez. Hugmyndir Bandaríkjamanna um sjálfsstjórn Palestínumanna á Vesturbakkanum og á Gazasvæðinu gegn viðurkenningu þeirra á Ísrael virðast allrar athygli verðar og sama má reyndar segja um viss atriði í tillögum arabafundarins. Stjórn Ísraels hefur þó tekið treglega í þessar hugmyndir og stefna hennar um að fjölga byggðum Gyðinga á Vesturbakkanum lofar allt öðru en góðu. Þeir hafa því mikið til síns máls sem vilja að Bandaríkjamenn beiti Ísraelsstjórn þrýstingi til að taka raunhæfa afstöðu og noti tækifærið nú meðan jarðvegur er fyrir hugsanlegt samkomulag um framtíð Palestínuaraba og þar með heildarlausn í deilumálum í Miðausturlöndum.

Sunnanverð Afríka.

Lítið hefur miðað í átt til samkomulags um málefni Namibíu. Sambandsnefnd hinna 5 vestrænu ríkja (Bandaríkjanna, Kanada, Bretlands, Frakklands og V.-Þýskalands) heldur enn áfram að reyna að fá Suður-Afríkustjórn til að hrinda í framkvæmd 5 ára gamalli áætlun um frjálsar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og um sjálfstæði Namibíu með friðsamlegum hætti. Áætlun þessi er í samræmi við samþykkt öryggisráðsins nr. 435 frá árinu 1978. Þetta er sú málsmeðferð sem Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, hefur stutt í hvívetna. Við höfum t. d. ekki stutt þau sjónarmið á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna sem gera ráð fyrir að öllum ráðum sé beitt til að þrýsta á stjórn Suður-Afríku, þar á meðal vopnavaldi, enda er slíkt ekki í anda stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Það, sem gert hefur málið erfiðara viðfangs fyrir vestrænu ríkin 5, er sú afstaða Suður-Afríkustjórnar að tengja framkvæmd áðurnefndrar áætlunar Sameinuðu þjóðanna brottkvaðningu kúbanskra hermanna frá nágrannaríkinu Angóla.

Um ástandið í Suður-Afríku er litlu við að bæta frá því sem áður hefur verið gerð grein fyrir í skýrslum mínum til Alþingis. Ísland fordæmir að sjálfsögðu sem áður kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku og styður þá skoðun að halda eigi uppi sem mestum þrýstingi á stjórn Suður-Afríku á alþjóðavettvangi.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana og svæðasamtaka var á undanförnu ári með svipuðu sniði og áður. Um samskipti við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu, en hér á eftir verður stuttlega fjallað um nokkrar alþjóðastofnanir og svæðasamtök er fást við málefni, sem hafa verið og eru meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu, fyrst um Sameinuðu þjóðirnir, samtök Norðurlanda og Evrópuráðið, en jafnframt verður að þessu sinni stuttlega vikið að tveimur alþjóðastofnunum, Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og Alþjóðavinnumálastofnuninni. Síðan verður í sérstökum kafla fjallað um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Sameinuðu þjóðirnar.

Veigamiklum alþjóðamálum, sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþingsins, eru gerð skil í ýmsum köflum þessarar skýrslu og vísast því til þeirra. Jafnframt hefur verið gefin út sérstök, mjög ítarleg skýrsla um starfsemi 37. allsherjarþingsins og þátttöku Íslendinga. Er hún lögð fram sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Skal þess því eingöngu getið hér, að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vinnur mikið starf við að fylgjast með og taka þátt í starfsemi samtakanna og ýmissa sérstofnana þeirra og jafnframt eru sendir fulltrúar að heiman til að taka þátt í störfum allsherjarþings samtakanna. Fastanefndin í Genf hefur, auk starfa að málefnum EFTA, fyrirsvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu og ýmsum sérstofnunum samtakanna, sem þar hafa höfuðstöðvar, og sendiráð í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Náin samráð eiga sér alltaf stað við önnur Norðurlönd um málefni Sameinuðu þjóðanna og er samstaða þessa hóps þeim mikill styrkur þótt þau eigi ekki alltaf samleið þegar að því kemur að taka endanlega afstöðu til mála.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin var stofnuð 7. apríl 1948 og hafa Íslendingar verið aðilar síðan 31. maí sama ár. Stofnunin starfar að ráðgjöf þar sem ríkjum er leiðbeint við að bæta og auka heilbrigðisþjónustu, sérfræðingar skipuleggja baráttu gegn ýmsum landlægum sjúkdómum (svo sem ýmsum hitabeltissjúkdómum) og aðstoða við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og þjálfun starfsliðs í viðkomandi löndum. Þá safnar stofnunin upplýsingum um alþjóða heilbrigðismál og vinnur úr þeim skýrslur svo sem um krabbamein, hjartasjúkdóma og geðveiki. Stofnunin fylgist með reynslu af lyfjum og gefur út alþjóðlega lyfjaskrá. Einn stærsti áfanginn í starfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar var útrýming bólusóttar, sem lýst var yfir 1980. Alþjóðaheilbrigðisþingið kemur saman árlega og markar stefnu stofnunarinnar. Meginverkefni þingsins 1982 var staðfesting á verkefninu „Heilsa fyrir alla árið 2000“ og var í því sambandi jafnframt samþykkt 7. verkefnaskrá stofnunarinnar 1984—89. Fram-

kvæmdastjórn sem skipuð er fulltrúum 30 landa kemur saman tvisvar á ári og gerir áætlun um framkvæmd á samþykktum þingsins. Nú er unnið að kosningu fulltrúa Íslands í sæti Norðurlanda í stjórninni. Samskipti Íslands við stofnunina hafa verið allnáin, einkum hin síðari ár, og fjölmargir starfsmenn við heilbrigðisþjónustu hafa notið styrkja til starfsþjálfunar og komið hafa til landsins sérfræðingar frá stofnuninni til ráðgjafar. Þá hefur stofnunin í auknum mæli leitað til íslenskra sérfræðinga.

Alþjóðavinnumálastofnunin.

Alþjóðavinnumálastofnunin var sett á stofn 11. apríl 1919 og varð ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna árið 1946, Ísland gerðist aðili að stofnuninni 17. apríl 1948. Í inngangsorðum að stofnskrá segir að varanlegur friður í heiminum grundvallist á félagslegu réttlæti og því sé það hlutverk stofnunarinnar að vinna að fastri skipan um vinnutíma og sæmileg laun, gera ráðstafanir til að tryggja jafna atvinnu, vernd gegn atvinnusjúkdómum og slysum og almennt að vinna að bættum lífskjörum verkalýðs. Þá er einnig lögð áhersla á frelsi til að stofna félög, svo sem verkalýðsfélög og iðnfélög, og myndun samtaka er miði að fræðslu um tæknileg og iðnfræðileg efni. Árleg ráðstefna markar stefnu stofnunarinnar og eiga sæti í henni 4 fulltrúar frá hverju landi, þar af eru 2 fulltrúar ríkisstjórna, 1 fulltrúi atvinnurekenda og 1 fulltrúi verkamanna. Stofnunin safnar saman upplýsingum um verkalýðsmál og eru samþykktir þinganna mikið notaðar sem fyrirmyndir við lagasetningar um verkalýðsmál.

Norðurlandasamvinna.

Samstarf Norðurlandanna er bæði margþætt og náið svo sem kunnugt er og er því oftast þannig farið að beint samband er á milli aðila á hverju starfssviði. Þetta samstarf telst ekki nema að takmörkuðu leyti til utanríkismála og svo náið samstarf sjálfstæðra ríkja á sér varla hliðstæðu í heiminum. Þetta er atriði sem rétt er að komi skýrt fram, því stöku sinnum virðist það gleymast. Mikil og gagnleg samvinna Norðurlanda á alþjóðavettvangi, t. d. innan Sameinuðu þjóðanna, er einnig sérstæð, eins og ég hef áður vikið að í skýrslum til Alþingis, og hlýtur hin norræna samvinna jafnan að vera ein þeirra meginstoða sem íslensk utanríkisstefna hvílir á.

Enda þótt skoðanir Norðurlandanna fari mjög oft saman í alþjóðamálum er ekki ávallt samstaða um einstaka þætti þeirra. Það sem einkum greinir Norðurlöndin að er öryggisstefna þeirra, en hún á rætur sínar að rekja til ólíkra aðstæðna sem leitt hafa til mismunandi aðferða Norðurlanda við að tryggja öryggi sitt.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa um alllangt skeið starfrækt sendiráð á Íslandi. Síðastliðið haust bættist Finnland í hópinn, en áður var fyrirsvar Finnlands á Íslandi í höndum sendiherra Finnlands í Osló. Það er vissulega fagnaðarefni að nú skuli Norðurlöndin fjögur hafa hér sendiráð og bjóðum við sendiherra Finnlands sérstaklega velkominn. Finnskt sendiráð á Íslandi á án efa eftir að stuðla að enn betri samskiptum Finnlands og Íslands. Fyrirsvar Íslands í Finnlandi verður áfram hjá sendiráðinu og sendiherra okkar í Svíþjóð, þar til ákvörðun kann að verða tekin um annað.

Þegar þetta er ritað virðist samkomulag vera í augsýn um aðild Færeyja, Grænlands og Álandseyja að Norðurlandaráði, þannig að þau fái eigin sendinefndir, sem verði innan sendinefnda viðkomandi ríkja. Því ber að fagna að viðunandi lausn fæst á þessu viðkvæma máli.

Evrópuráðið.

Árið 1982 starfaði Evrópuráðið að venju í tveim deildum, ráðherranefnd utanríkisráðherra og varamanna þeirra, fastafulltrúanna og ráðgjafarþingi þingmanna, sem kosnir eru af þjóðþingum aðildarríkjanna. Ráðgjafarþingið hefur ekki löggjafarvald en er tillögubært til ráðherranefndar, sem tekur ákvarðanir í formi ályktana, tillagna og samninga. Alþingi fer sjálft með málefni þingsins og tel ég því ekki ástæðu til að rekja hér sérstaklega störf þess. Án efa munu fulltrúar Alþingis leggja fram sérstaka greinargerð á svipaðan hátt og á s. l. ári.

Nánast öllum málum Evrópuráðsins er vísað til ráðherranefndarinnar. Er hér um að ræða margvísleg málefni, en málaflokkar eru eftirfarandi: stjórnmál, mannréttindamál, réttarleg mál, efnahags- og þjóðfélagsmál, menntunar-, menningar- og íþróttamál, æskulýðsmál, umhverfismál og sveitarstjórnamál og stjórnunarmál Evrópuráðsins. Innan hvers málaflokks starfa sérfræðinganefndir samkvæmt sérstakri starfsáætlun og má sem dæmi nefna að á sviði menningarmála er unnið að 6 aðalverkefnum, þ. á m. er menning í fjölmiðlum, umbætur og þróun á sviði háskólamenntunar og þróun fullorðinsfræðslu. Íslenskir sérfræðingar starfa í nefndum á öllum sviðum Evrópuráðsins og er ekki að efa að ávinningur er af því samstarfi.

Eins og oft áður hafa störf Evrópuráðsins á sviði mannréttindamála vakið mesta athygli, enda er virðing fyrir mannréttindum hornsteinninn að starfi Evrópuráðsins. Öll aðildarríkin hafa undirritað mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, og mannréttindaákvæði eru í stofnskrá. Samkvæmt 24. grein hans er heimilt að stefna ríkisstjórnum fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins og Mannréttindadómstólinn.

Hinn 1. júlí 1982 lögðu fimm aðildarríki Evrópuráðsins fram kærur til mannréttindanefndar á grundvelli 24. greinar Mannréttindasáttmálans. Danmörk, Frakkland, Holland, Noregur og Svíþjóð kærðu ríkisstjórn Tyrklands fyrir brot á ýmsum mannréttindaákvæðum. Með því að undirrita mannréttindasáttmálann er Tyrkland skuldbundið að svara kæru fyrir mannréttindabrot og var ríkisstjórn Tyrklands gefinn frestur til þess. Kærurnar eru í meðferð mannréttindanefndarinnar, sem mun úrskurða lögmæti þeirra og leggja þær eftir atvikum fyrir Mannréttindadómstólinn.

Ráðherrafundir ályktuðu um ýmis pólitísk mál sem á döfinni voru á árinu, svo sem Falklandseyjamálið, Afganistan, Pólland og Líbanon, en auk þess voru miklar umræður um öryggismálaráðstefnuna í Madrid.

Framkvæmdasjóður Evrópuráðsins bætti fjárhagsstöðu sína á árinu um 35% skv. ársskýrslu sjóðsins. Framkvæmdasjóður heldur árlega einn fund í einu aðildarríkjanna og var fundurinn haldinn á Íslandi í júní 1982. Einnig komu tvær nefndir ráðgjafarþingsins til Íslands til fundarhalds, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndin og vísinda- og tæknineFndin.

IV. Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Í þeim skýrslum, sem ég hef gefið Alþingi á undanförnum árum, eru sett fram helstu sjónarmið mín varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og hlutverk landsins í varnarkeðjunni. Þau eru enn í fullu gildi, en ég tel rétt að ítreka það, að innan bandalagsins leggjum við höfuðáherslu á að öryggi okkar og bandamanna okkar í vestrænum ríkjum verði að tryggja og jafnframt að það verði best gert með heiðarlegum samningaviðræðum, er stefni að stöðugleika með svo takmörkuðum vígbúnaði sem frekast er unnt.

Á s. l. sumri var haldinn í Bonn fundur æðstu manna í ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Þar var lýst yfir samstöðu bandalagsríkjanna og vilja þeirra til að standa vörð um frelsi sitt og

arfleifð, með þeim viðbúnaði, sem til þyrfti, en það jafnframt undirstrikað að markmiðið væri stöðugleiki með svo takmörkuðum vígbúnaði á hvora hlið sem frekast væri unnt. Ítrekað var að bandalagsríkin óskuðu eftir góðri sambúð við Sovétríkin og önnur ríki austur-Evrópu en hlytu hins vegar að ætlast til þess að þau fylgdu grundvallarreglum í samskiptum ríkja, virtu mannréttindi og hervæddust ekki langt umfram eðlilegar varnarþarfir.

Leiðtogafundurinn lýsti yfir því að engin vopn bandalagsins yrðu nokkru sinni notuð nema til varnar gegn árás. Tilgangur bandalagsins væri að koma í veg fyrir styrjöld og leggja grundvöll að varanlegum friði, jafnframt því að tryggja lýðræði. Skorað var á Sovétríkin að samþykkja verulega fækkun langdrægra kjarnavopna Bandaríkjamanna og Sovétmanna í START-viðræðunum, lýst stuðningi við þá stefnu Bandaríkjamanna í INF-viðræðunum að engar meðaldrægar eldflaugar yrðu í Evrópu og staðfestur vilji Atlantshafsbandalagsríkja á samdrætti í herafla í mið-Evrópu og aðgerðum til að auka gagnkvæmt traust í álfunni.

Í byrjun október komu utanríkisráðherrar NATO-ríkjanna saman til óformlegs fundar í Kanada og var þar einkum fjallað um efnahagsleg samskipti við ríki Varsjárbandalagsins. Voru ráðherrarnir sammála um að eðlileg viðskipti við ríki austur-Evrópu væru æskileg og öllum til hagsbóta. Hins vegar yrði að sýna varkárni í sölu á vörum, sem gætu haft mikilvæga hernaðarlega þýðingu og þannig skaðað öryggishagsmuni vestrænna ríkja. Einnig yrðu lánskjör og aðrir skilmálar að vera í samræmi við það sem almennt gerðist í viðskiptum þjóða á milli. Var ákveðið að fjalla betur um þessi mál og samræma stefnuna á næsta vorfundi ráðherranna þegar fyrir lægju niðurstöður á athugunum er nú fara fram í fjölþjóðlegum viðskiptastofnunum, sem Atlantshafsbandalagsríkin eiga aðild að.

Á undanförnum árum hafa verið tíðir samráðsfundir innan Atlantshafsbandalagsins um stefnumörkun í afvopnunarmálum, ekki síst varðandi START og INF viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna. Eins og ég vík að annars staðar í þessari skýrslu snerta INF-viðræðurnar öryggishagsmuni vestur-Evrópu mjög náið. Sérstök ráðgjafarnefnd er starfandi í þessu máli og gera Bandaríkjamenn þar bandamönnum sínum reglulega grein fyrir gangi viðræðnanna og fá hjá þeim tillögur um næstu skref. Fulltrúar Íslands sækja ekki þessa fundi ráðgjafarnefndarinnar en fá hins vegar frá henni upplýsingar um gang viðræðnanna auk þess sem um þær er fjallað á fundum fastaráðs Atlantshafsbandalagsins.

Varnarmáladeild.

Starfsemi þessarar deildar ráðuneytisins var með svipuðum hætti og verið hefur. Bygginga- og skipulagsmál á varnarsvæðunum hafa gjarnan verið ofarlega á baugi í almennum umræðum og var sú breyting gerð á tilhögun þessara mála á árinu, að skipuð var sérstök nefnd er fara skal, undir yfirstjórn ráðuneytisins, með skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna samkvæmt reglugerð nr. 75, frá 15. mars 1982.

Önnur reglugerð var gefin út á árinu er varðar varnarsvæðin, þ. e. reglugerð nr. 76 frá 18. mars 1982 um vegabréf á Keflavíkurflugvelli.

Ágæt samvinna var milli varnarliðsins og ráðuneytisins um ýmis mál og einnig má geta um framkvæmd samkomulagsatriða um eflingu samvinnu milli varnarliðsins, íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnar. Var m. a. gengið frá nýrri hópslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll á árinu.

Samið var um nýjar framkvæmdir á þessu ári, sem áætlað er að kosti u. þ. b. 8.8 milljónir Bandaríkjadala. Samþykktar framkvæmdir frá fyrri árum, sem enn hafa ekki verið unnar, nema u. þ. b. 29 milljónum Bandaríkjadala, en óvíst er hversu mikið af því fé verður notað á yfirstandandi ári og hvort sumar hinna samþykktu framkvæmda koma til í reynd.

Samtals störfuðu 2119 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um s. l. áramót, þar af 992 hjá varnarliðinu.

Heildarvelta fríhafnarinnar nam 112 milljónum króna og voru skil í ríkissjóð 39 milljónir kr. Aukning á veltu var 85% miðað við árið 1981.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna á árinu 1982 voru, án söluskatts, 19,7 milljónir króna. Rekstrarhagnaður varð röskar 5,3 milljónir og var af honum skilað í ríkissjóð 4,1 milljón króna. Álagður söluskattur nam tæpum 3,9 milljónum og samtals var því skilað í ríkissjóð tæpum 8 milljónum króna. Álögð opinber gjöld voru 408 þúsundir króna.

Farþegar er komu til Keflavíkurflugvallar voru samtals 152.411. Frá landinu fóru 150.887 og viðkomufarþegar voru 169.489. Heildarfarþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll var þannig 472.787 og er um að ræða 9,5% fjölgun farþega miðað við árið 1981. Heildartekjur flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli voru á árinu 1982 10.8 milljónir króna, þar af voru lendingargjöld um 8.7 milljónir króna.

Reksturskostnaður lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 23.6 milljónum króna, en heildarinnheimta á vegum embættisins nam 38.5 milljónum króna og innheimtust um 99,5% af því, sem til innheimtu kom.

Verkefni varnarmáladeildar eru svo margháttuð og eðli málsins samkvæmt svo breytileg, að þau verða ekki tæmandi talin hér. Þau snerta öll stjórnsýslusvið og framkvæmd alla á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

Umræður um öryggishagsmuni og varnarþörf landsins hafa farið vaxandi á undanförnum árum og er það vel. Höfuðsjónarmið okkar í öryggismálum hlýtur að vera það, að liðsveitir Bandaríkjanna eru fyrst og síðast hér til varnar og eftirlitsstarfa í þágu okkar sjálfra og þá að sjálfsögðu jafnframt þeirra þjóða sem við erum í varnarbandalagi með.

V. Hafréttarmál.

Einn veigamesti málaflokkurinn, sem utanríkisþjónustan hefur fengist við á undanförnum áratugum, eru hafréttarmál í víðasta skilningi, þar með talin ýmis mál, sem tengst hafa útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Við fögnum því nú, að mikill meirihluti þjóða heims hefur samþykkt alþjóðlegan hafréttarsáttmála, sem tryggir okkur full yfirráð yfir fiskistofnunum innan 200 sjómílna frá grunnlínum, 200 sjómílna efnahagslögsögu og landgrunnsréttindi á jafnvel enn stærra svæði.

Þótt 200 sjómílna lögsaga sé nú orðin óumdeild eigum við Íslendingar enn eftir að útkljá ýmis mál, sem varða afmörkun bæði efnahagslögsögu og landgrunns gagnvart nágrannaríkjum okkar, semja við þau um verndun og nýtingu sameiginlegra fiskistofna og stofna sem tímabundið fara um lögsögu fleiri ríkja o. s. frv. Sum þessara mála þarf að semja um sem fyrst, önnur mega bíða endanlegrar úrlausnar um sinn og enn önnur þarf að semja um á hverju ári eða jafnvel oftar. Þess vegna fer því fjarri að við sjáum nú fyrir endann á störfum utanríkisþjónustunnar að hafréttarmálum þótt mikilvægustu markmiðunum hafi verið náð.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Hafréttarsáttmálinn var samþykktur á 11. fundi ráðstefnunnar í New York hinn 30. apríl 1982 með 130 atkvæðum gegn 4, 17 sátu hjá og 2 tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Boðað var til lokafundar í Montego Bay á Jamaica dagana 6.—10. desember 1982 og var sáttmálinn undirritaður þar hinn 10. desember 1982 af 119 aðilum, þ. á m. Íslandi. Nokkur iðnþróuð ríki, þ. á m. Bandaríkin, voru andvíg ákvæðum sáttmálans varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið og undirrituðu ekki. Sáttmálinn mun liggja frammi til undirritunar til 9. desember 1984. Hann gengur í gildi 12 mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann eða gerst aðilar.

Sáttmálinn er í 320 greinum og 9 fylgiskjölum og fjallar um hin ýmsu atriði hafréttarins. Með undirritun hans eru mörkuð tímamót í sögu hafréttarmála. Ákvæði hans staðfesta meginreglur um 12 sjómílna landhelgi, 200 sjómílna efnahagslögsögu og enn víðtækari yfirráð yfir landgrunni strandríkja. Má því segja, að þau sjónarmið, sem Íslendingar hafa barist fyrir í rúm 30 ár, hafi nú hlotið algera viðurkenningu á alþjóðavettvangi. Íslenska þjóðin hefur með sáttmálanum fengið örugga stoð í alþjóðalögum fyrir verndun og hagnýtingu þeirrar auðlindar, sem afkoma þjóðarinnar byggist á. Vonandi ber þjóðin gæfu til að gæta vel fengins fjár.

Hafréttarsáttmálinn verður lagður fyrir Alþingi til fullgildingar svo fljótt sem tök eru á. Er nú unnið að þýðingu sáttmálans á íslensku.

Hafsbotnsmálefni.

Svo sem ég tók fram í skýrslu minni um utanríkismál á síðastliðnu ári óskuðum við eftir viðræðum við Breta, Færeyinga og Íra um afmörkun hafsbotnssvæða milli þeirra landa og Íslands. Þau mál eru enn á byrjunarstigi, en verður fylgt eftir af Íslands hálfu. Utanríkismálanefnd hefur rætt þau sjónarmið, sem þar koma til greina, svo og afmörkun landgrunnsins við Reykjaneshrygg. Öll þessi mál eru til athugunar í ljósi hins nýja hafréttarsáttmála.

Loðnuveiðibann.

Á árunum 1980 og 1981 voru gerðar ítrekaðar tilraunir til að ná samningum við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskverndar- og fiskveiðimál vegna sameiginlegra hagsmuna á hafsvæðunum milli Íslands og Grænlands. Á síðasta samningafundi þessara aðila í júlí 1981 náðist bráðabirgðasamkomulag um efnisatriði rammasamnings um samstarf, en endanlegt samþykki á þeim texta var háð samkomulagi um kvóta á helstu fisktegundum, loðnu, karfa og rækju og skiptingu kvótans. Svo mikið bar á milli í þeim málum, að frekari viðræðum var frestað um óákveðinn tíma og hafa þær ekki verið teknar upp aftur.

Snemma árs 1982 óskuðu Norðmenn eftir því að þríhliða viðræður Noregs, Íslands og EBE f. h. Grænlands yrðu teknar upp til þess að reyna að ná samkomulagi um heildaraflamagn úr loðnustofninum og skiptingu þess. Þegar að því kom að viðræður hæfust í júní 1982 lágu fyrir skýrslur fiskifræðinga um hrun loðnustofnsins og að stærð hans væri aðeins u. þ. b. 190 þúsund lestir. Var því af hálfu Íslands lögð höfuðáhersla á samkomulag um algert bann við loðnuveiðum þar til mælingar sýndu að stofninn hefði náð þeirri lágmarksstærð, sem fiskifræðingar teldu nauðsynlega, eða a. m. k. 400 000 lestum. Þessar kröfur náðust fram á fundi aðila í Osló hinn 13. og 14. júlí 1982. Jafnframt voru sett í samkomulagið ákvæði um skipti á veiðiheimildum á kolmunna, ef til loðnuveiða kæmi á vertíðinni 1982/83, meira þó til EBE en Íslands og Noregs, þar eð með þessu samkomulagi afsalaði EBE sér öllum möguleika á veiðum úr þessum árgangi, meðan vetrarmælingar gátu gefið Íslendingum tækifæri til einhverra veiða og Jan Mayen samkomulagið gat bætt Norðmönnum upp einhliða íslenskar veiðar. Erindaskipti fóru einnig fram við Færeyinga til þess að tryggja að þeir nýttu sér ekki þegar gerðan samning við EBE um 10 000 tonna loðnuveiði við Grænland. Án þessa samnings hefðu Norðmenn varla treyst sér til að framfylgja banni gagnvart norskum fiskimönnum á sama tíma og skip frá EBE-ríkjum og Færeyjum stunduðu veiðar og kynnu sumarveiðar þessara aðila þá að hafa eytt verulegum hluta þess litla stofns sem eftir var.

Grænland og EBE.

Ég hef áður greint nokkuð frá samningum Grænlands við EBE vegna ákvörðunar grænlensku heimastjórnarinnar um úrsögn úr EBE. Þessir samningar virðast ganga nokkru hægar en við var búist og má ætla að það dragist fram til 1985 að grænlensk fiskimið komist undir grænlenska stjórn. Þar til svo verður fer Efnahagsbandalagið með samningsgerð um fiskveiðar og verndaraðgerðir við austur-Grænland, þ. á m. varðandi loðnustofninn.

Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Belgar hafa heimild til veiða hér við land skv. samningi frá 1975 eins og honum var breytt 10. júní 1981. Árskvóti belgísku skipanna er 4 400 lestir og má hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð aldrei vera hærra en 25%.

Færeyingar hafa heimild til veiða hér við land skv. samningi frá 1976 með breytingum frá 1979 og 1981. Árskvóti af botnfiski er 17 000 lestir og þar af má þorskafli ekki fara yfir 6 000 lestir. Á undanförnum árum hefur auk þessa verið samið í upphafi hvers árs um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna, allt að 20 000 lestum. Um þessar mundir er verið að ganga frá endurnýjun sams konar veiðiheimilda fyrir árið 1983, að þessu sinni allt að 30 000 lestum.

Loks hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland, allt að 2 000 lestum, þó þannig að þorskafli má ekki fara fram úr 15% í hverri veiðiferð. Á sl. ári var einnig gerður samningur við Noreg, um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna við Ísland og Noreg, allt að 20 000 lestum á árinu 1982. Til athugunar er, hvort slíkur samningur verði aftur gerður fyrir árið 1983.

VI. Þróunarsamvinna.

Öllum er kunnugt það markmið sem Íslendingar hafa sett sér að framlög til þróunarsamvinnu verði 1% af þjóðarframleiðslu, þ. e. framlög hins opinbera 0.7% en frjáls framlög einstaklinga, samtaka og fyrirtækja 0.3%. Þetta markmið er byggt á stefnu velmegunarríkja Sameinuðu þjóðanna sem fyrst ályktuðu á þessa lund fyrir nálægt 20 árum. Það var tekið upp í fyrstu löggjöf hérlendis um þróunarsamvinnu, l. nr. 20/1971, og áréttað í núgildandi lögum nr. 43/1981.

Það er hinsvegar skemmst frá því að segja, að alltof hægt hefur gengið að þoka fjárframlögum þessum í áttina að hinu setta marki, þótt skilningur hafi vaxið á nauðsyn þess. Á árinu 1980, þegar keypt var notað skip til fiskveiðiaðstoðar, að vísu fyrir lánsfé að hluta, og á sl. ári er framlög jukust meira en áður má segja að svolítið hafi rofað til og vonir vaknað um markvísan vöxt. En við gerð fjárlaga fyrir sl. áramót brustu þær vonir er samdráttur varð í framlögum hlutfallslega. Samkvæmt útreikningi miðuðum við nýjustu tölur um þjóðarframleiðslu námu heildarframlög Íslands til þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi árið 1982 0,077% en eru á þessu ári áætluð 0,062% (sjá töflu aftast); ef dregin væru frá sérstök framlög til móttöku pólskra flóttamanna og kaupa á íslenskum landbúnaðarvörum vegna Pólverja og Líbana sem hvorugir teljast í hópi þróunarþjóða, næmu framlögin umrædd ár 0.069% og 0.058%. — Þess má geta til samanburðar að þrjú Norðurlandanna, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafa fyrir nokkrum árum náð áðurnefndu 0.7% marki og hið fjórða, Finnland, sem fyrir 12 árum var í sömu sporum og við Íslendingar nú, hefur ráðgert að leggja fram 0.37% af þjóðarframleiðslu þessa árs, u. þ. b. sexfalt meira en Íslendingar hlutfallslega, og stefnir að því að ná 0.7% markinu síðar á þessum áratug. Það þyrfti Ísland að gera líka, ef efnahagsáföll, sem sett hafa strik í reikninginn nú, verða ekki varanleg.

Með tilkomu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) sem hóf fastan rekstur á sl. ári hefur skapast mun betri aðstaða en áður til undirbúnings og framkvæmdar þróunarverkefna.

Um tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands og einstakra þróunarríkja að undanförnu, eða verkefni sem nú eru á döfinni, er þetta helst að segja:

Fiskveiðiverkefnið á **Cabo Verde,** stærsta verkefni, sem ráðist hefur verið í til þessa, hófst sumarið 1980. Nýr rammasamningur var gerður í nóvember 1981 og gildir hann til ársloka 1985. Tveir Íslendingar, Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ, og dr. Jakob Magnússon, fiskifræðingur sóttu í júlí sl. í Praia ráðstefnu ríkja og stofnana sem stutt hafa að þróun og framförum á Cabo Verde og styrkti sú yfirsýn grundvöll íslensku þróunaraðstoðarinnar þar. Unnið hefur verið undanfarið ár við margvíslegan undirbúning að smíði sérhannaðs fiskiskips, sem stendur yfir hjá Slippstöðinni hf. á Akureyri og á að ljúka síðla næsta sumar. Standa vonir til að þetta geti orðið upphaf að smíði fleiri skipa fyrir þróunarlönd þar sem nýtt verði íslensk tækniþekking og reynsla. Samin hefur verið í höfuðdráttum áætlun um framkvæmd verkefnisins þegar nýr áfangi þess hefst með tilkomu skipsins og ráðning og þjálfun 3—4 starfsmanna verkefnisins er í undirbúningi. Ungur vélstjóri frá Cabo Verde, sem var í áhöfn R/S Bjarts á reynslutíma verkefnisins, er nú u. þ. b. að ljúka framhaldsnámi við Vélskóla Íslands með góðum árangri. Einn Íslendingur, Egill Bjarnason rafvirki, dvaldist í Mindelo mestan hluta sl. árs m. a. við eflingu viðgerðarþjónustu fyrir skip sem heimamenn hafa mikinn áhuga á að koma upp. Leiðbeint hefur verið um uppbyggingu fiskirannsókna, bóka- og tækjakost.

Þrír Íslendingar eiga kost á styrk frá Norrænu Afríkustofnuninni til mannfræðirannsókna á Cabo Verde. Í athugun er aðstoð á heilbrigðissviði sem m. a. Rauði kross Íslands hefur látið í ljósi áhuga á.

Fiskveiðiverkefninu í **Kenya** sem hófst 1978 lauk í júlílok sl. Leiðbeiningar- og fræðslustörf Baldvins Gíslasonar, skipstjóra, sem þarlendir fiskimenn nutu, mæltust mjög vel fyrir hjá stjórnvöldum landsins en fiskirannsóknir ýmissa aðila hafa sýnt að möguleikar Kenya-manna til fiskveiða í sjó eru minni en búist var við. Var því ákveðið að framlengja ekki verkefnið a. m. k. að svo stöddu. Hinsvegar var fallist á beiðni keníska stjórnvalda um tækniaðstoð til að vinna bug á mengun við kísilgúrframleiðslu. Tveir íslenskir sérfræðingar frá Vinnueftirliti ríkisins munu á næstunni dveljast þar í 4 vikur við mælingar og leiðbeiningarstörf.

Jarðhitanýtingarmöguleikar í **Burundi** voru kannaðir af tveimur sérfræðingum frá Orkustofnun um 2 vikna skeið sl. haust og er skýrsla í undirbúningi.

Vatnsöflun fyrir kennslumiðstöð í **Gambíu** er verkefni sem Sjöunda dags Aðventistar hérlendis hafa undirbúið þátttöku í. Var þeim veittur fjárstyrkur til þessa verkefnis gegn mótframlagi. Jafnframt var mörkuð sú stefna að veita félagasamtökum styrki eftir því sem fjárveitingar leyfa til þess að örva og stuðla að því að sjálfboðaliðastarf og söfnunarfé á þeirra vegum nýtist til þróunarverkefna.

Ýmsar beiðnir um þróunarsamvinnu hafa verið eða eru til athugunar, m. a. frá Mauritius, Sri Lanka, Eþíópíu, og S-Yemen á sviði fiskveiða, en þar sem fé er svo takmarkað getur það ekki dreifst að ráði. Sum áðurnefndra ríkja og fleiri hafa látið í ljós áhuga á sameiginlegum útgerðarrekstri ekki síður en beinni þróunaraðstoð.

Norrænu þróunarverkefnin til eflingar samvinnurekstri í Kenya og Tansaníu og landbúnaðar í Tansaníu og Mósambík hafa haldið áfram svipað og áður. Voru fyrir skemmstu tveir Íslendingar ráðnir til starfa í Tansaníu en nokkrir eru nú við störf í Kenya. Einnig er áfram á vegum Norðurlandanna í samvinnu við Menningarmálastofnun S.þj. (UNESCO) unnið að eflingu fjölmiðlunar í Afríkuríkjum.

Fyrir fjórum árum hófst hér samstarf Orkustofnunar og Háskóla Sameinuðu þjóðanna um rekstur jarðhitaskóla sem dr. Ingvar Birgir Friðleifsson hefur veitt forstöðu. Fyrirsjáan-

legt er að fjármögnun þessa starfs muni í vaxandi mæli lenda á herðum Íslendinga, en hér er um að ræða mikilsvert framlag af Íslands hálfu sem ég tel að ekki megi falla niður meðan þróunarlöndin telja þess svo mikla þörf sem nú. Árið 1982 voru 7 styrkþegar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í 6 mánaða þjálfun. Þeir komu frá Indónesíu (2), Kenya (3) og Filipseyjum (2). Búist er við 8 styrkþegum til 6 mánaða námsdvalar árið 1983 frá Eþíópíu (2), Filipseyjum (2), Indónesíu (2) og Kína (2). Frá því Jarðhitaskóli HSÞ hóf starfsemi sína 1979 hafa 22 styrkþegar frá orkustofnunum 8 landa í Afríku, Asíu og Mið-Ameríku hlotið hér 6—8 mánaða þjálfun og 8 styrkþegar frá 3 löndum hafa verið hér í skemmri kynnisferðum. Margir af styrkþegunum eru nú þegar í fararbroddi í rannsóknum og nýtingu jarðhita í sínum þjóðlöndum. Beiðnir koma frá fjölmörgum löndum í þriðja heiminum um þjálfun sérfræðinga í Jarðhitaskólanum, en aðeins er unnt að sinna hluta af beiðnunum. Íslenskir jarðhitasérfræðingar hafa farið til 12 þróunarlanda sem ráðgjafar á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Um stuðning Íslands við þróunarstarfsemi á vegum hinna ýmsu alþjóðastofnana vísast til yfirlitsins um framlög aftast í skýrslu þessari.

Þær upplýsingar sem frá þróunarríkjunum berast sýna að ekkert lát má verða á viðleitni þeirra sem við velmegun búa að auka stuðning sinn við þau.

VII. Utanríkisviðskipti.

Eins og að undanförnu annaðist viðskiptaráðuneytið í samvinnu við sendiráðin framkvæmd utanríkisviðskipta. Á það skal lögð rík áhersla, að þessi málaflokkur er veigamikill þáttur í starfi allra sendiráða okkar. Til þeirra allra berst fjöldi fyrirspurna um ýmis viðskiptamál. Þá eiga þau einnig þátt í að aðstoða útflytjendur og umboðsmenn þeirra við vörukynningar. Segja má, að viðskiptamál séu höfuðviðfangsefni sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar í Genf, sendiráðsins hjá Evrópubandalaginu í Brussel, sendiráðsins í París, sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán, svo og aðalræðisskrifstofunnar í New York. Frá 1978—1981 starfaði sérstakur viðskiptafulltrúi við sendiráðið í París, en frá vori 1982 hefur verið viðskiptafulltrúi við sendiráðið í London, m. a. vegna skreiðarsölu til Nígeríu, sem er eitt af umdæmislöndum sendiherrans í London.

Hér á eftir fer skýrsla viðskiptaráðuneytisins um þróun utanríkisviðskipta árið 1982.

Utanríkisviðskiptin 1982.

Með yfirliti þessu verður leitast við að lýsa þróun utanríkisviðskiptanna árið 1982 og helstu atriðum, sem hafa haft áhrif á þau.

Erfitt ástand efnahagsmála víða um heim hafði veruleg áhrif á utanríkisviðskiptin árið 1982. Sérstaklega bitnaði það á sölu á áli og járnblendi og ennfremur óbeint á sölu skreiðar til Nígeríu. Vöruskiptajöfnuðurinn varð afar óhagstæður á síðasta ári. Stafar það að mestu leyti af miklum samdrætti í útflutningi og var verðmæti útflutnings reiknað í dollurum 25% lægra en árið áður. Ástæður fyrir þessum samdrætti eru aðallega tvennskonar. Í fyrsta lagi tók af eðlilegum ástæðum fyrir sölu á loðnuafurðum vegna loðnuveiðibanns og í öðru lagi lokaðist skreiðarmarkaðurinn í Nígeríu snemma á árinu og olli það mikilli birgðasöfnun á skreið hér á landi.

Verðmæti innflutnings reiknað í dollurum lækkaði um 4% miðað við árið áður. Á fyrra helmingi ársins varð veruleg aukning á innflutningi en síðan dró úr honum síðari helming ársins og gætti þar einkum áhrifa gengisbreytinga. Vöruskiptajöfnuður varð óhagstæður um 1 900 millj. króna en hafði verið óhagstæður um rúmlega 300 millj. króna árið áður og er þá

miðað við meðalgengi ársins 1982. Er þá bæði útflutningur og innflutningur reiknaður á FOB-verði. Við þennan samanburð er þó það að athuga að verðmæti útflutningsvörubirgða var í árslok 1982 nálægt 1 000 millj. króna hærra en árið áður vegna mikilla skreiðarbirgða, en einnig vegna aukinna álbirgða.

Seðlabankinn hefur áætlað að þjónustujöfnuður hafi verið óhagstæður um 1 500—1 600 millj. króna en var óhagstæður um 1 300 millj. króna árið 1981. Stafar þessi mismunur af auknum vaxtagreiðslum af erlendum lánum. Viðskiptajöfnuðurinn varð því óhagstæður um 3 500 millj. króna árið 1982 og er það um 11% af þjóðarframleiðslu, en var 5% reiknaður á sama hátt árið áður. Hefur hallinn á viðskiptajöfnuði ekki verið svona hár síðan 1974 og 1975. Fjármagnsjöfnuður var jákvæður um nálægt 2 300 millj. króna, en að öðru leyti kom greiðsluhallinn fram í verri gjaldeyrisstöðu bankanna.

Viðskiptakjörin eru talin munu rýrna um 2% samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar. Stafar þessi rýrnun af lækkun útflutningsverðs í erlendri mynt og því að innflutningsverð hefur staðið í stað og jafnvel hækkað ef olíuinnflutningur er undanskilinn.

Árið 1982 voru sjávarafurðir um 76% af heildarútflutningnum og voru fryst fiskflök eins og áður stærsta útflutningsvaran og var útflutningsverðmæti þeirra um 31% af heildarútflutningnum. Útflutningur freðfiskflaka minnkaði um rúmlega 5 000 tonn og voru samtals flutt út um 98 000 tonn. Þessi samdráttur stafar að mestu af minnkun þorskafla. Bandaríkin voru stærsti markaðurinn fyrir freðfiskflök og var útflutningur þangað nálægt 58 000 tonn á móti 61 000 tonnum árið áður. Útflutningur til EBE var 22 000 tonn árið 1982 á móti 26 000 tonnum árið áður og til Sovétríkjanna 17 300 tonn á móti 16 300 tonnum árið 1981.

Útflutningur á blautverkuðum saltfiski nam 55 000 tonnum árið 1982 sem er nær alveg sama magn og árið áður. Hins vegar varð aukning á útflutningi á þurrkuðum saltfiski, sem stafar af aukinni sölu til Frakklands. Er það nú orðið stærsti markaðurinn fyrir þurrkaðan saltfisk. Langstærsti markaðurinn fyrir blautsaltaðan saltfisk er Portúgal og voru flutt út þangað nær 37 000 tonn árið 1982, en það er örlítið minna magn en árið áður. Ástæða er til að vekja athygli á mikilvægi Portúgalsmarkaðar, en árið 1982 nam útflutningur þangað 11.8% af heildarútflutningi.

Í maí fóru fram viðræður milli Íslendinga og Portúgala um viðskipti landanna. Af Íslands hálfu var lögð áhersla á áframhaldandi saltfisksölu til Portúgals og að fríverslun og niðurfelling tolla á saltfiski héldist eftir aðild Portúgals að Efnahagsbandalaginu. Portúgalir lögðu áherslu á aukin kaup Íslendinga á portúgölskum vörum til að draga úr viðskiptahalla sínum. Sú viðleitni stjórnvalda og innflytjenda undanfarin ár að auka kaup frá Portúgal hefur borið verulegan árangur, sérstaklega varðandi kaup á olíuvörum. Er ástæða til að halda þessu áfram því gera má ráð fyrir að það stuðli að áframhaldandi saltfisksölu á hinn þýðingarmikla markað í Portúgal.

Það sem mestum erfiðleikum hefur valdið í útflutningi sjávarafurða er lokun skreiðarmarkaðarins í Nígeríu. Vegna efnahagserfiðleika í Nígeríu, sem stafa af minnkandi olíuframleiðslu og samdrætti í gjaldeyristekjum var tekið upp innflutningsleyfakerfi fyrir fjölmarga vöruflokka þar á meðal skreið. Lítið af leyfum hefur verið veitt fyrir innflutningi á skreið á árinu 1982 og hefur því orðið nær alger stöðvun á útflutningi. Árið 1981 þegar markaðurinn fyrir skreið í Nígeríu hélst frjáls og opinn seldu Íslendingar um 18 000 tonn af skreið til Nígeríu og Nígería var þriðja stærsta viðskiptaland Íslendinga.

Í sambandi við ráðherrafund GATT í nóvember s. l. átti Tómas Árnason, viðskiptaráðherra, viðræður við starfsbróður sinn frá Nígeríu um skreiðarmálin og afhenti honum greinargerð varðandi þau. Kom fram hjá viðskiptaráðherra Nígeríu að innflutningshöftin væru tímabundin ráðstöfun til að efla gjaldeyrissjóð landsins. Árangur hefði verið góður og Nígería getað safnað nokkrum gjaldeyrissjóði. Benti ráðherrann á að kosningar færu fram í

Nígeríu árið 1983 og væri því áríðandi að hafa næga skreið á boðstólum. Taldi ráðherrann að ástandið hefði batnað og að hann væri bjartsýnn á áframhaldandi skreiðarinnflutning.

Nokkrum sinnum hefur verið athugað með kaup á hráolíu frá Nígeríu til hreinsunar, ef það mætti verða til að liðka til fyrir skreiðarsölu. Enginn árangur hefur orðið af þessum athugunum þar sem Nígeríumenn hafa ekki viljað samþykkja sölu á olíu í skiptum fyrir skreið.

Vegna loðnuveiðibanns varð mikill samdráttur í útflutningi á mjöli og lýsi. Verð á fiskimjöli fór lækkandi á árinu 1982 og sölutregða gerði vart við sig um mitt árið, en seinni hluta ársins rættist úr sölumálum og verð hækkaði. Voru birgðir eðlilegar í lok ársins. Erfiðleikar sköpuðust við sölu saltaðra grásleppuhrogna vegna birgða frá árinu 1981 og varð að lækka verðið til að hægt væri að selja framleiðsluna, en verðið hækkaði aftur þegar ljóst varð að framleiðslan yrði lítil.

Útflutningur iðnaðarvara var um 22% af heildarútflutningi, þar af útflutningur á áli rúmlega 9%. Álútflutningur minnkaði lítillega árið 1982 og birgðir jukust. Verðlag fór einnig lækkandi á árinu. Þessu ollu efnahagserfiðleikar í markaðslöndunum, sem hafði í för með sér sölutregðu. Sala á kísiljárni og kísilgúr jókst hins vegar talsvert. Útflutningur ullarvöru minnkaði árið 1982 borið saman við fyrri ár. Efnahagserfiðleikar í markaðslöndunum hafa án efa haft þar mest áhrif. Sérstaklega er áberandi samdráttur í útflutningi til Þýskalands, sem hefur verið eitt helsta markaðslandið, og einnig varð mikill samdráttur í útflutningi til Kanada. Útflutningur á lagmeti gekk vel og jókst mikið, einkum vegna aukinnar sölu til Þýskalands og Bandaríkjanna.

Útflutningur á landbúnaðarvörum var um 1.2% af heildarútflutningnum, sem er aðeins lægra hlutfall en árið 1981. Þrátt fyrir óvissu um tíma tókst að selja allar umframbirgðir af kindakjöti. Ostaframleiðslan nægði ekki til að uppfylla innflutningskvóta Íslands í Bandaríkjunum.

Hlutfallslegar breytingar á útflutningi eftir markaðssvæðum urðu talsverðar á árinu eins og eftirfarandi yfirlit sýnir, sem m. a. stafar af því hve skreiðarútflutningur til Nígeríu minnkaði mikið á árinu.

	1981	1982
EFTA-lönd	17.7	19.1
EBE-lönd	31.2	32.7
A-Evrópa	7.9	8.4
Bandaríkin	20.8	25.8
Önnur lönd	22.3	14.0

Vegna aðildarinnar að EFTA og fríverslunarsamningsins við EBE njóta íslenskar útflutningsvörur mikilvægra tollfríðinda í 17 ríkjum V-Evrópu. Árið 1982 var verðmæti útfluttra sjávarafurða til EBE-ríkjanna sem tollalækkana njóta 1.390 millj. króna og samkvæmt lauslegum útreikningum námu tollaívilnanir vegna þessa útflutnings 175 millj. króna. Útflutningur iðnaðarvara sem tollaívilnana njóta var að verðmæti um 791 millj. króna og tollaívilnanir um 67 millj. króna. Samtals eru þessar tollaívilnanir 242 millj. króna. Þýðingarmestu tollalækkanir eru á frystum fiskflökum, ísfiski, rækju og lagmeti. Helstu tollaívilnanir á iðnaðarvörum eru á áli, ullarvörum og kísiljárni. Útflutningur til EFTA-ríkjanna var að verðmæti um 1.617 millj. króna og eru tollaívilnanir vegna þeirra viðskipta lauslega áætlaðar 57 millj. króna og munar þar mestu um tollaívilnanir á áli og ullarvörum. Hafa þessi tollfríðindi haft í för með sér aukin viðskipti og hagstæðara verð. Í því sambandi má nefna mikla aukningu á útflutningi á frystum fiskflökum til EBE-ríkjanna síðan 1976.

Ísland gegndi formennsku í EFTA-ráðinu síðari helming ársins 1982 og stjórnaði Tómas Árnason, viðskiptaráðherra, ráðherrafundi EFTA, sem haldinn var í nóvember s. l. Hjá EFTA hafa umræður um opinbera styrki haldið áfram. Árið 1981 skilaði nefnd viðskiptasér-

fræðinga innan EFTA skýrslu til EFTA-ráðsins og var sú skýrsla endurskoðuð á síðasta ári. Þó um sé að ræða margvíslegar styrktaraðgerðir í aðildarríkjunum er ekki talið að þær brjóti í bága við stofnsamning EFTA. Opinberar styrktaraðgerðir verða áfram til athugunar hjá EFTA.

Innborgunargjald á innflutt húsgögn og innréttingar féll niður í árslok 1982, eins og gert var ráð fyrir. Samþykkti EFTA-ráðið innborgunarskylduna, enda var um tímabundna aðgerð að ræða. Sérstöku húsgagnaverkefni til eflingar húsgagnaiðnaðinum lauk á árinu og tókst vel. Framleiðni hjá þeim fyrirtækjum, sem þátt tóku í verkefninu, jókst mikið. Skýrsla um framkvæmd innborgunarskyldunnar og húsgagnaverkefnið var gefin til EFTA-ráðsins í samræmi við óskir þess. Tímabundið innborgunargjald á sælgæti og kex átti að falla niður í mars 1982. Að ósk viðskiptaráðuneytisins féllst EFTA-ráðið á að það yrði framlengt og fellt niður í áföngum á 12 mánuðum. Lokaáfangi niðurfellingar gjaldsins er 1. mars 1983. Sérstök skýrsla var send EFTA-ráðinu um hagræðingaraðgerðir í sælgætisiðnaðinum og um þróun viðskiptanna.

Fundir í sameiginlegri nefnd Íslands og EBE eru haldnir tvisvar á ári og er þar fjallað um framkvæmd fríverslunarsamningsins. Á þeim fundum hefur verið lögð áhersla á það af Íslands hálfu að staða saltfisksölu til Spánar og Portúgals héldist óbreytt frá því sem nú er eftir að þessi lönd verða orðin aðilar að EBE. Einnig hefur verið lögð áhersla á frjáls viðskipti með saltsíld og söltuð ufsaflök, en fríverslunarsamningurinn nær ekki til þessara vörutegunda. Tollar höfðu verið felldir niður eða lækkaðir af þessum vörum, en hafa nú verið hækkaðir.

Í tengslum við fund sameiginlegu nefndarinnar í nóvember var haldinn sérfræðingafundur vegna banns við innflutningi fiskiskipa. Eftir að fiskiskip voru tekin af frílista og síðar innflutningsbann kvartaði EBE og taldi þessar aðgerðir brjóta í bága við fríverslunarsamninginn. Af Íslands hálfu var á það bent að hér væri ekki um venjulega viðskiptahindrun að ræða heldur réðu fiskverndunarsjónarmið að gripið væri til þessara aðgerða. Mál þetta kom einnig til kasta EFTA-ráðsins og var haldið fram sömu sjónarmiðum. EFTA-ráðið samþykkti ekki aðgerðina en lét skýringar Íslendinga duga.

Ráðherrafundur GATT var haldinn í nóvember, en slíkur fundur var síðast haldinn árið 1973, en þá hófust svokallaðar Tokýoviðræður. Þar voru efst á baugi í umræðum ráðherra þeir erfiðleikar sem alþjóðaviðskipti eiga við að etja um þessar mundir og þær leiðir sem færar eru til að bæta ástandið. Lýstu ráðherrarnir yfir stuðningi við alþjóðlegt viðskiptakerfi sem grundvallað er á GATT, hinu alþjóðlega samkomulagi um tolla og viðskipti. Var í lok fundarins samþykkt allviðamikil yfirlýsing, þar sem mótuð er stefna í starfi þessa samstarfs á næstu árum.

87 ríki eiga nú fulla aðild að GATT-samkomulaginu, en alls sótti 61 ráðherra fundinn. Meðal þeirra var Tómas Árnason, viðskiptaráðherra.

Viðskiptin við A-Evrópu voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Útflutningur til þessara landa var 8.4% af heildarútflutningnum. Samdráttur varð í útflutningi til allra ríkja A-Evrópu, nema til Sovétríkjanna. Efnahagserfiðleikar í þessum löndum eiga stærstan þátt í samdrættinum. Einnig var skortur á mjöli hér á landi, en lönd eins og Pólland og Tékkóslóvakía hafa verið góðir markaðir fyrir mjöl héðan. Viðskiptin við Sovétríkin jukust og munar þar mestu um aukinn útflutning á freðfiski. Árið 1982 voru flutt út um 17.500 tonn af frystum fiskflökum til Sovétríkjanna og 5.600 tonn af heilfrystum fiski. Útflutningur á saltsíld var yfir 150.000 tunnur og lagmeti um 60.000 kassar, aðallega gaffalbitar og þorsklifur. Þrátt fyrir mikinn útflutning til Sovétríkjanna á síðasta ári varð samt mikill halli á vöruskiptunum, einkum vegna kaupa á olíuvörum þaðan.

Seint á árinu 1982 var samið um sölu á freðfiski til Sovétríkjanna fyrir árið 1983 og var samningurinn um freðfiskflök 17.000 tonn og heilfrystan fisk 6.000 tonn, en það er 50%

aukning á heilfrystum fiski. Þá var samið um 160.000 tunnur af saltsíld og lokið er samningi um 32.000 kassa af lagmeti. Þá hefur líka verið samið um mikið magn af ullarvörum.

Olíuviðskiptin við Sovétríkin voru með hefðbundnum hætti á árinu. Samkvæmt olíukaupasamningi frá 11.9. 1981 voru flutt inn 76.000 tonn af bílabensíni, 117.000 tonn af gasolíu og 130.000 tonn af svartolíu á árinu 1982, en magn hennar lækkaði um 56.000 tonn frá fyrra ári. Hinn 22. október 1982 var síðan undirritaður í Moskvu olíukaupasamningur fyrir árið 1983, þar sem ákveðin eru kaup á 75.000 tonnum af bílabensíni, 100.000 tonnum af gasolíu og 145.000 tonnum af svartolíu.

Á síðasta ári var gerður samningur við Sovétríkin um efnahagssamvinnu. Samningur þessi gildir í 5 ár en framlengist sjálfkrafa ef honum er ekki sagt upp. Viðræðunefnd um framkvæmd viðskipta landanna er ætlað að fylgjast með samningnum og gera tillögur um framkvæmd hans. Með samningnum opnast möguleikar á að færa út svið viðskiptanna, þannig að þau geti náð yfir samvinnuverkefni í iðnaði, tækniráðgjöf o. fl. Samningur þessi er hliðstæður öðrum samningum sem tugir vestrænna þjóða hafa gert, þar á meðal öll aðildarríki NATO, nema Spánn.

Á árinu 1982 fóru fram viðskiptaviðræður við Pólland, Tékkóslóvakíu og Þýska alþýðulýðveldið. Viðskiptin við þessi lönd drógust mikið saman á síðasta ári vegna minnkandi útflutnings á hefðbundnum útflutningsvörum til þessara landa. Má þar nefna freðfisk og lagmeti til Tékkóslóvakíu og fiskimjöl og forsútaðar gærur til Póllands. Erfiðleikum hefur valdið að ekki hafa enn tekist samningar við Pólverja um sölu á forsútuðum gærum til afgreiðslu á árinu 1983. Er þetta sérstaklega bagalegt, þar sem Pólland hefur verið stærsti markaður fyrir íslenskar gærur. Mikil áhersla var lögð á það í viðskiptaviðræðum við Pólverja að þeir keyptu áfram svipað magn og undanfarin ár. Tóku Pólverjar jákvætt í málið. Á sérstökum fundi, sem gagngert var haldinn í Póllandi um þetta mál var lagt hart að Pólverjum, en án árangurs enn sem komið er.

VIII. Utanríkisþjónustan.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar á undanförnu ári var með svipuðum hætti og áður.

Tekið var upp stjórnmálasamband við Kólumbíu, Nicaragua og Grenada að ósk þessara ríkja, en engin ákvörðun hefur enn verið tekin um að fela einhverjum sendiherra okkar fyrirsvar gagnvart þessum ríkjum. Alls hefur Ísland nú formlegt stjórnmálasamband við 68 ríki og eru íslenskir sendiherrar skipaðir í 55 þeirra. Hagsmuna okkar hjá þessum þjóðum er gætt af tíu sendiherrum erlendis og þremur er starfa í ráðuneytinu í Reykjavík. Ólaunaðir kjörræðismenn Íslands eru u. þ. b. 200 víðs vegar um heim, þ. á m. í nokkrum löndum, sem enn hefur ekki verið tekið upp formlegt stjórnmálasamband við.

Ennfremur er vert að hafa í huga, að í rúm 15 ár hefur verið í gildi samkomulag milli Norðurlanda um gagnkvæma aðstoð í ræðismálefnum, þannig að fulltrúar einhvers hinna Norðurlandanna gæta hagsmuna þess eða þeirra, sem ekki hafa sendiráð eða ræðismann á þeim stað. Kemur það sér oft vel, ekki síst þegar slys ber að höndum eða eitthvað annað bjátar verulega á, þótt skyldur þessara aðila séu að sjálfsögðu verulega takmarkaðri en okkar eigin fulltrúa.

Í skýrslu minni í apríl 1980 gerði ég grein fyrir staðarvali fyrir sendiráð okkar og færði rök að því að þrátt fyrir staðsetningu þeirra á tiltölulega litlu svæði jarðar þá væru ekki frambærilegar ástæður til breytinga. Yfirgnæfandi meiri hluti utanríkisviðskipta okkar er við

Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1976—1983 (í þús. kr.).

	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983[1])
A. Langtíma þróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	129	160	176	280	364	521	3 600	4 788
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	439	800	604	1 404	1 404	2 760	3 660	3 660
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal		740	380	540	960		590	
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	125	251	400	710	6 022	5 757	9 007	13 641
5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjáraukning			900					
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild				332	456	661	1 045	2 650
Alls	693	1 951	2 460	3 266	9 206	9 699	17 902	24 739
B. Önnur aðstoð[2])								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	29	35	40	59	71	138	250	332
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	8	12	12	26	33	59	173	211
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	16	20	21	52	100	296	683	462
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	24	28	29	60	88	132	512	146
5. Flóttamannaráð Íslands	6	4	4	434	182	413	1 911[3])	108
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	2	2	6	10	16	29	45	38
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	7	4	9	14	19	34	363	260
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	2	2	6	10	16	29	45	38
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)				3	12	31	164	90
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna							58	40
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)								133
12. Sérstök matvælaaðstoð							1 150[4])	2 000[5])
Alls	94	107	127	668	537	1 161	5 354	3 858
Þróunaraðstoð samtals	787	2 058	2 587	3 931	9 743	10 860	23 256	28 597
Hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0.030%	0.056%	0.045%	0.046%	0.073%	0.054%	0.077%	0.062%

Skýringar:

1) Skv. fjárlögum.
2) Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.
3) Þar af kr. 1 367 þús. vegna móttöku pólskra flóttamanna.
4) Aðstoð við pólsku þjóðina.
5) Matargjafir til Póllands og Líbanons.

Ath.: Í fjárlögum 1983 er heimild til hlutafjáraukningar í Alþjóðabankanum (IRBD) að fjárhæð 8 255 þús. kr. Ekki er ljóst hvernig ráðstöfun þess fjár verður. Er þetta framlag því *ekki talið með í áætlun 1983.*

þessi eða nálæg lönd, samskiptin á sviði öryggismála og menningarmála sömuleiðis og flestir Íslendingar, sem dvelja erlendis við nám eða störf, eru búsettir í þessum löndum. Hagsmuna okkar í fjarlægari löndum er ýmist gætt af sendiráðum okkar eða sendiherrum með búsetu í Reykjavík og samstarf við þjóðir þriðja heimsins er rækt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana, auk þess sem tvíhliða eða norræn þróunaraðstoð fer heldur vaxandi. Sendiráðum okkar hefur ekki verið fjölgað í þrettán ár. Kostnaður við rekstur hinnar eiginlegu utanríkisþjónustu nemur um hálfum hundraðshluta af ríkisútgjöldum og hefur hlutdeild hennar fremur farið lækkandi með auknum ríkisumsvifum.

EFNISYFIRLIT

I. **Inngangur** .....
II. **Alþjóðamál** .....
Samskipti austurs og vesturs .....
Madridráðstefnan .....
Afvopnunarmál .....
Austurlönd nær .....
Sunnanverð Afríka .....
III. **Alþjóðastofnanir og sværðasamtök** .....
Sameinuðu þjóðirnar .....
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin .....
Alþjóðavinnumálastofnunin .....
Norðurlandasamvinna .....
Evrópuráðið .....
IV. **Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands** .....
Varnarmáladeild .....
V. **Hafréttarmál** .....
Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna .....
Hafsbotnsmálefni .....
Loðnuveiðibann .....
Grænland og EBE .....
Veiðar annarra þjóða við Ísland .....
VI. **Þróunarsamvinna** .....
VII. **Utanríkisviðskipti** .....
Utanríkisviðskiptin 1982 .....
VIII. **Utanríkisþjónustan** .....

Ed. 399. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 24. febr. 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Gunnar Thoroddsen.	Guðm. Bjarnason.
Davíð Aðalsteinsson.	Lárus Jónsson, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 400. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leitað umsagnar fjármálaráðuneytisins.
Telur nefndin, að hér sé um sanngirnismál að ræða, og leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 28. febr. 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Guðm. Bjarnason.
Lárus Jónsson.	Ey. Kon. Jónsson.	

Ed. 401. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess. Stefán Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Karl Steinar Guðnason.	Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 402. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Við skilgreiningu á stofnbrautum í 12. gr. bætist:

Við það stofnbrautakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200—400 íbúa, ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 32. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá fella meginmál þeirra inn í vegalög, nr. 6 25. mars 1977, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vorið 1981 var á Alþingi samþykkt þingsályktun um gerð langtímaáætlunar í vegagerð. Var sett á laggirnar nefnd til að vinna að þessu verki og áttu í henni sæti fulltrúar þingflokkanna auk fulltrúa Vegagerðar ríkisins. Nefndin varð sammála um, að æskilegt væri að gera tvær breytingar á vegalögum. Setti hún fram ákveðnar tillögur um báðar þessar breytingar eins og fram kemur í athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð, sem lögð var fyrir Alþingi s. l. vor og aftur á yfirstandandi þingi. Miðaði nefndin vinnu sína að áætluninni við að breytingar þessar næðu fram að ganga. Tillaga til þingsályktunar um vegáætlun árin 1983—86, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi, tekur einnig mið af því. Frumvarp það sem hér er flutt er efnislega samhljóða tillögum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Reglur vegalaga um flokkun vega í stofnbrautir og þjóðbrautir eru ekki að öllu leyti heppilegar. Þetta kemur m. a. í ljós þegar svo háttar til að kauptún með færri en 1000 íbúa liggja skammt frá stofnbraut. Vegurinn að þéttbýlinu er þjóðbraut í þessum tilvikum, þó að tilvist þéttbýlisins sé aðaluppspretta umferðar á nærliggjandi stofnbrautum. Framkvæmdir á þjóðbrautinni að þéttbýlinu þurfa að fylgja framkvæmdum á aðliggjandi stofnbraut ef vel á að vera, einkum á þetta við um bundin slitlög. Sú staðreynd, að hér er um tvo vegflokka að ræða, torveldar hins vegar þessa samræmingu.

Hér er lagt til að gildandi skilyrði stofnbrauta verði rýmkuð til að ráða bót á þessum vanköntum. Við þá rýmkun tengjast eftirfarandi þéttbýli við stofnbrautakerfi landsins með stofnbraut, sem áður var þjóðbraut:

Vogar, Gullbringusýslu
Innri-Njarðvík, Gullbringusýslu
Álftanes, Kjósarsýslu
Tálknafjörður, V.-Barðastrandasýslu
Flateyri, V.-Ísafjarðarsýslu
Suðureyri, V.-Ísafjarðarsýslu
Hofsós, Skagafjarðarsýslu
Litli-Árskógssandur, Eyjafjarðarsýslu (Hrísey)
Breiðdalsvík, S.-Múlasýslu
Djúpivogur, S.-Múlasýslu

Þeir vegir, sem færast milli vegflokka samkvæmt þessu eru alls 38,4 km að lengd.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum fara 12½% af mörkuðum tekjum vegasjóðs til þjóðvega í þéttbýli, og hefur svo verið frá 1964. Á þessum tíma hafa þjóðvegir í þéttbýli tekið miklum stakkaskiptum. Í töflu hér að neðan kemur fram lengd þessara vega og ástand, eins og það var í ársbyrjun 1982. Þar sést að rúmlega 80% af akfærum vegum hafa bundið slitlag. Þeir vegir, sem teljast óakfærir, eru í flestum tilvikum vegir, sem hafa verið teknir inn í aðalskipulag, en vart er tímabært að byggja. Til samanburðar má nefna að bundið slitlag þekur einungis 7,5% af þjóðvegum landsins eða um 17% af stofnbrautum.

Þjóðvegir í þéttbýli, lengd og ástand 1. janúar 1982.

	Lengd alls km	Bundið slitlag km	Malar-slitlag km	Óakfært km
Suðurland	14,5	11,1	3,3	0,1
Reykjanes	30,1	27,4	0,8	1,9
Reykjavík	36,1	25,1	–	11,0
Vesturland	13,3	9,5	3,8	–
Vestfirðir	14,9	9,2	5,6	0,1
Norðurland vestra	13,8	8,1	4,9	0,8
Norðurland eystra	15,2	9,3	5,6	0,3
Austurland	24,4	19,9	4,2	0,3
Samtals	162,3	119,6	28,2	14,5

Nú er fyrirhugað að gera sérstakt átak í vegagerð vegna brýnnar nauðsynjar, m. a. með lögfestingu nýrra tekjustofna. Þykir óeðlilegt, að ákveðinn hluti fjár, sem til þess er ætlað, renni til annars verkefnis vegna lagaákvæða þar um, sem sett voru við allt aðrar aðstæður.

Alþingi setti þak á framlag til þjóðvega í þéttbýli 1982. Sú upphæð, sem þá var ákveðin, svarar til 68 m. kr. á áætluðu verðlagi 1983. Í tillögum til þingsályktunar um langtímaáætlun og vegáætlun er miðað við að sú upphæð haldist að verðgildi. Jafnframt því sem miðað er við fasta upphæð til þjóðvega í þéttbýli er í báðum ofangreindum þingsályktunartillögum reiknað með sérstakri fjárveitingu til að koma bundnu slitlagi á þá þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, sem nú eru malarvegir. Mest af þessum vegum er í fámennari þéttbýlisstöðum, sem fá tiltölulega lítið fjármagn eftir höfðatölureglu. Verkefni þetta mætti leysa með hjálp 25% sjóðsins, en tæki 8—10 ár ef ekki kæmi annað til. Til að flýta framkvæmdum er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu af nýbyggingu vega til þessa verkefnis. Með þeirri fjárveitingu ásamt framlagi til viðkomandi staða skv. höfðatölureglu og þátttöku 25% sjóðs má ætla að þetta verkefni taki 5 ár.

Með hliðsjón af framansögðu þykir eðlilegt að breyta ákvæðum vegalaga um þetta efni. Hér er lagt til að niður falli ákvæði laganna, sem binda ákveðið hundraðshlutfall til þessa verkefnis. Mun Alþingi þá ákveða hverju sinni fjárveitingar í þessu skyni.

Þrátt fyrir þetta er ljóst, að fjármagn skortir til þess að koma á næstu árum bundnu slitlagi á vegi í þéttbýli, sem ekki teljast til þjóðvega, einkum á hinum smærri stöðum.

Eðlilegast virðist að slíkum þéttbýlisstöðum verði í gegnum Byggðasjóð útvegað lánsfé til þess að standa undir slíkum framkvæmdum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. **403. Lög** [97. mál]

um þjóðsöng Íslendinga.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 320 (sbr. 317).

Ed. **404. Lög** [85. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Afgreidd frá Ed. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 341 (sbr. 87).

Nd. **405. Lög** [120. mál]

um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 304.

Nd. **406. Lög** [74. mál]

um breyting á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 302.

Nd. **407. Lög** [160. mál]

um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 249.

Nd. 408. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 75 1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við framlagningu skattskrár vegna álagningar ársins 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði um framlagningu á skattskrá hafa verið í lögum hér á landi frá því fyrst voru sett almenn lög um tekjuskatt á árinu 1921. Þessi ákvæði hafa jafnan verið skýrð þannig í framkvæmd að heimil væri opinber birting á upplýsingum þeim er fram koma í skattskrá, og um áratuga skeið hafa þessar skrár í ýmsum sveitarfélögum verið gefnar út og verið fáanlegar almenningi. Í nóvember s.l. komst tölvunefnd hins vegar að þeirri niðurstöðu að sá aðili sem gefið hefur þessar skrár út í Reykjavík á undanförnum árum hefði ekki rétt til slíkrar útgáfu vegna gjaldársins 1982. Byggði nefndin afstöðu sína á ákvæðum laga nr. 63/1981, 98. gr. laga nr. 75/1981 og 37. gr. laga nr. 73/1980. Þessi úrlausn tölvunefndar orkar tvímælis að mati fjármálaráðuneytisins. Ótvírætt er að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild er til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald, og gegnir slík birting því að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Er mikilvægt að sá aðgangur sem almenningur hefur haft að upplýsingum úr skattskrám á undanförnum áratugum verði ekki þrengdur og þar með tekið fyrir þá umræðu um skattamál er gjarnan fylgir birtingu þessara upplýsinga.

Nd. 409. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Eftir 3. gr. komi ný grein er verði 4. gr. og orðist svo:

81. gr. orðist svo:

Sé tillaga um breytingu á stjórnarskránni samþykkt á Alþingi skal fara fram um hana þjóðaratkvæðagreiðsla. Hljóti hún þar samþykki og sé einnig samþykkt óbreytt á Alþingi að loknum næstu kosningum skal hún staðfest af forseta og er hún þá gild stjórnarskipunarlög.

Sþ.

410. Skýrsla

dómsmálaráðherra um meðferð dómsmála.

Með bréfi dags. 7. desember 1982 óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um mál, sem kynnu að vera til meðferðar hjá dómstólum landsins. Miðað var við eftirtalin mál:

A. Einkamál, sem þingfest voru fyrir 1. janúar 1982 og ólokið var 1. janúar 1983.
B. Sakamál, sem ákært var í fyrir 1. janúar 1982 og ólokið var 1. janúar 1983.

Svör hafa borist frá öllum dómstólum og fer hér á eftir yfirlit um framangreinda málaflokka:

A. Einkamál, sem þingfest voru fyrir 1. janúar 1981 og ólokið var 1. janúar 1983 (málin eru talin upp eftir umdæmum og í tímaröð innan hvers embættis).

I. Reykjavík.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
290280	861/1919	Brendon C. Whitehead gegn Gylfa S. Guðmundssyni.
260680	2030/1980	Húsasmiðjan h.f. gegn Hannesi Halldórssyni.
111280	3701/1980	Hjördís Hjörleifsdóttir gegn Jóhannesi Jónssyni.
181180	7269/1980	Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna gegn Rauða Krossi Íslands.

II. Akranes.

Ekkert.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

290679	1/1979	Eigendur Stangarholts gegn eigendum Jarðlangsstaða.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

281180	23/1980	Ösp h.f. gegn Nauteyrarhreppi.

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

Ekkert.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

230976	25/1976	Kubbur h.f. gegn Guðmundi Vestmann.
240278	4/1978	Steiniðjan h.f. gegn Guðbjarti Ásgeirssyni.
180178	1/1979	Niðursuðuverksmiðjan h.f. gegn Magnúsi Benediktssyni.
310579	15/1979	Mjölnir h.f. gegn Guðna Jóhannssyni.
180179	24/1979	Birkir Njálsson gegn Pólnum h.f.
170480	5/1980	Haukur Sigurðsson gegn Kubbi h.f.
260680	6/1980	Sigurður Ólafsson gegn Búðanesi h.f.
161080	31/1980	Kvistás gegn Pétri G. Helgasyni.
081280	75/1980	Kolbrún Björnsdóttir gegn Sigurði Jósefssyni.

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

Ekkert.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

Ekkert.

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

160180	1/1980	Sigurður Konráðsson gegn Ragnari Ingimarssyni.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

210280	77/1980	Gríma Guðmundsdóttir gegn Ólafi R. Jónssyni.
100480	112/1980	Ólafur Leósson gegn Gísla Sigurðssyni.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

Ekkert.

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

Ekkert.

XVII. Neskaupstaður.

051280	2/1980	Hlíf Kjartansdóttir gegn Konráð Auðunssyni.

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

140977	3/1977	Hlöðver Jónsson gegn bæjarstjórn Eskifjarðar og Vilberg Guðnasyni.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XXI. Vestmannaeyjar.

Ekkert.

XXII. Rangárvallasýsla.

250980	22/1980	Ómar Úlfarsson gegn Helluprenti h.f.
250980	23/1980	Hilmar Þ. Eysteinsson gegn Helluprenti h.f.
250980	24/1980	Kristine K. Jónsdóttir gegn Helluprenti h.f.
250980	25/1980	Jakobína Ólafsdóttir gegn Helluprenti h.f.

XXIII. Selfoss og Árnessýsla.

090379	16/1979	Stokkseyrarhreppur gegn Jóhannesi Reynissyni.
090379	17/1979	Stokkseyrarhreppur gegn Jóhannesi Reynissyni.
110579	45/1979	Stokkseyrarhreppur gegn Jóhannesi Reynissyni.
130679	57/1979	Jón R. Einarsson gegn Helga Þorsteinssyni.
151179	139/1979	Sigurjón Magnússon gegn Guðmundi Stefánssyni.
070580	78/1980	Víðir Valgeirsson gegn Ástu Hraunfjörð.
240980	125/1980	Þorkell St. Ellertsson gegn Kristjáni Eiríkssyni.

XXIV. Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýsla.

301080	409/1980	Lífeyrissjóður Félags íslenskra hljómlistarmanna gegn Félagsheimilinu Festi.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

Ekkert.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

271179	395/1979	Valgeir Kristinsson gegn Carlo Doretto.
010480	109/1980	Guðmundur Jónasson gegn Ísal h.f.
010480	110/1980	Kristinn Sveinsson og Sigurjón Ragnarsson gegn Ísal h.f.
020980	259/1980	Sigurður P. Kristjánsson gegn Ingólfi Guðnasyni.
041080	389/1980	Gunnlaugur Óskarsson gegn Kristjáni Ólafssyni og Guðna Stefánssyni.

XXVII. Kópavogur.

130180	14/1980	Guðmundur A. Guðmundsson gegn Eggert Haukssyni.
170480	54/1980	Jónas Halldórsson gegn Kópavogskaupstað.
170480	57/1980	Finnbjörn Finnbjörnsson gegn Sigríði Kristjánsdóttur.
260680	99/1980	Á. Guðmundsson h.f. gegn Smára h.f.
260680	107/1980	Hilmar Björnsson o. fl. gegn Sveini V. Jónssyni.
111280	185/1980	Magnús Pálsson gegn Atla Húnfjörð.
111280	187/1980	Rafn Bjarnar gegn Hlaðbæ h.f.
181280	200/1980	Fasteignasala Kópavogs gegn Konráð Guðmundssyni.

Samtals falla 46 mál undir þennan staflið. Þau skiptast þannig á milli ára:
1976:1, 1977:1, 1978:2, 1979:9, 1980:33.

B. Sakamál, sem ákært var í fyrir 1. janúar 1982 og ekki var lokið 1. janúar 1983.
(Málin eru talin upp eftir umdæmum og dagsetningu ákæru, innan hvers embættis. Getið er um dagsetningu ákæru, skammstöfun á nafni ákærða og aðalákæruefni).

I. Reykjavík.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
300976	GL o.fl.	Tollalagabrot
120177	PÖR	Nauðgun
140277	HS o.fl.	Tollalagabrot
140477	KK	Þjófnaður
041077	KK	Þjófnaður
231079	TBÖ	Skjalafals
081179	HH	Misneyting
051279	SBS	Líkamsárás
250280	BE	Líkamsárás
190580	ÁSB o.fl.	Nauðgun
250680	GTK	Tollalagabrot
270680	ESS	Líkamsárás
110381	PÖR	Skjalafals
220480	ÁS o.fl.	Röng tilgreining í opinberu skjali

280481	OAB o.fl.	Skattabrot
250581	IK	Misneyting
190681	EL o.fl.	Misneyting
290681	AD	Umferðarlagabrot
090781	ÓHÁ	Umferðarlagabrot
120881	EBA	Umferðarlagabrot
010981	SWM	Líkamsárás
020981	KRK	Umferðarlagabrot
170981	FAK	Umboðssvik
261081	EBA	Umferðarlagabrot

II. Akranes.

Ekkert.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

220279	AÞÞ	Áfengis- og umferðarlagabrot

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

030278	FRG. o.fl.	Ýmis hegningarlagabrot
260881	PGE	Áfengis- og umferðarlagabrot
291281	GH o.fl.	Eignaspjöll

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

Ekkert.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

061276	ÁG o.fl.	Hegningarlagabrot
250478	KH	Líkamsárás
230479	JÓÞ	Áfengislagabrot
070879	EVG o.fl.	Þjófnaður
050880	HA	Brenna
011080	HH	Áfengis- og umferðarlagabrot
161181	FMB	Þjófnaður

IX. Strandasýsla.

120681	HHS	Þjófnaður

X. Húnavatnssýsla.

Ekkert.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

Ekkert.

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

Ekkert.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

Ekkert.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

150877	FB o. fl.	Brot á l. um fuglafriðun (málið var dæmt í héraði 171078, en áfrýjað til Hæstaréttar, sem vísaði málinu heim í hérað).

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

171181	GAG	Áfengis- og umferðarlagabrot

XVII. Neskaupstaður.

270881	BS	Brot á l. um eftirlit og mat á fiskafurðum
270881	FÞ	Brot á fiskveiðilögum

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

Ekkert.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XXI. Vestmannaeyjar.

190980	BGJ	Hegningarlaga- og umferðarlagabrot
161081	GHB	Hegningarlagabrot

XXII. Rangárvallasýsla.

Ekkert.

XXIII. Selfoss og Árnessýsla.

Ekkert.

XXIV. Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýsla.

190280	EAÁ	Útvarps- og fjarskiptalagabrot
250480	JGP	Áfengis- og umferðarlagabrot
020680	MJ	Líkamsárás
190881	GB	Áfengis- og umferðarlagabrot

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

150780	ÓÁJ	Brot í opinberu starfi

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

121174	FSG o.fl.	Eignaspjöll
171176	ÓKS	Fjársvik
140379	ÓK	Áfengis- og umferðarlagabrot
250280	GJ	Brot á reglum um eftirlit og mat á ferskum fiski
080480	GBS	Brot á reglum um eftirlit og mat á ferskum fiski
101280	ÞA	Umferðarlagabrot
111280	SKR	Brot á l. um fuglaveiðar og fuglafriðun
270381	ÁÁ o.fl.	Laxveiðibrot
281081	SRT	Áfengis- og umferðarlagabrot

XXVII. Kópavogur.

141278	GSI	Líkamsárás
020380	SS	Þjófnaður
130381	HJ	Skírlífisbrot
040681	SS	Áfengis- og umferðarlagabrot
210881	EJS	Skilasvik
080981	BGR	Áfengis- og umferðarlagabrot
301081	SGJ	Líkamsárás

XXVIII. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum.

310179	SB	Fíkniefnabrot
301280	AJ	Fíkniefnabrot
301280	GSK	Fíkniefnabrot
180281	HÓ	Fíkniefnabrot
180981	LSA	Fíkniefnabrot

Samtals falla 68 mál undir þennan staflið. Þau skiptast þannig á milli ára: 1974:1, 1976:3, 1977:5, 1978:3, 1979:8, 1980:18 og 1981:30.

Brotin skiptast þannig, miðað við aðalákæruefni (til samanburðar eru birtar samsvarandi tölur úr fyrri skýrslum):

	1983	1980	1979	1977
Áfengis- og eða umferðarlagabrot	17	64	83	104
Líkamsárásir	8	54	63	28
Þjófnaðir	6	23	55	13
Tékkabrot	0	19	0	0
Fjársvik	1	11	46	48
Ávana- og fíkniefnabrot	5	10	13	6
Skjalafals	2	8	16	2
Líkamstjón af gáleysi	0	7	7	6
Tollalagabrot	3	7	5	6
Skírlífisbrot	3	5	6	1
Nytjastuldur	0	5	9	12
Eignaspjöll	2	5	4	3
Fjárdráttur	0	5	8	3
Manndráp af gáleysi	0	3	5	3
Verðlagsbrot	0	2	4	6
Rán	0	2	1	0
Rangur framburður	0	2	1	0
Rangar sakargiftir	0	1	1	0
Brot gegn farbanni	0	1	0	1
Fiskveiðilagabrot	1	1	0	0
Brot á l. um sauðfjárveikivarnir	0	1	0	1
Ökugjaldssvik	0	1	0	0
Tilraun til fjársvika	0	1	0	0
Skilasvik	1	1	0	0
Sjóslys	0	1	0	0
Lífi eða heilsu manna stofnað í hættu	0	0	3	3
Aðdróttun gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf	0	0	2	0
Landhelgisbrot	0	0	2	1
Hegningarlagabrot, ótilgreint	4	0	2	0
Brot gegn byggingarsamþykkt	0	0	2	0
Brot gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf	0	0	1	1
Brenna	1	0	1	0
Umboðssvik	1	0	0	0
Röng tilgreining í opinberu skjali	1	0	1	0
Lög um eftirlit með skipum	0	0	1	0
Ólögleg rjúpnaveiði	0	0	1	0
Peningafals	0	0	1	0
Tilraun til nauðgunar	0	0	1	0
Hylming	0	0	0	1
Brot á l. um fuglafriðun	2	0	0	1
Hótun um refsiverðan verknað	0	0	0	1

	1983	1980	1979	1977
Manndráp	0	0	0	1
Misneyting	3	0	0	0
Skattalagabrot	1	0	0	0
Brot á reglum um eftirlit og mat á fiskafurðum	3	0	0	0
Útvarps- og fjarskiptalagabrot	1	0	0	0
Brot í opinberu starfi	1	0	0	0
Brot á l. um lax- og silungsveiði	1	0	0	0
Samtals	68	240	345	251

Samanburður við síðustu skýrslu dómsmálaráðherra, sem lögð var fram 1980.

	Einkamál		Sakamál	
Umdæmi	1983	1980	1983	1980
Reykjavík	4	36	24	109
Akranes	0	0	0	0
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	1	1	1	0
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	1	4	3	10
Dalasýsla	0	0	0	0
Barðastrandarsýsla	0	0	0	1
Bolungarvík	0	0	0	0
Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla	9	2	7	7
Strandasýsla	0	0	1	0
Húnavatnssýsla	0	1	0	1
Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla	0	0	0	3
Siglufjörður	0	0	0	0
Ólafsfjörður	1	0	0	0
Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla	2	1	0	1
Húsavík og Þingeyjarsýsla	0	0	1	3
Seyðisfjörður og N-Múlasýsla	0	0	1	1
Neskaupstaður	1	3	2	0
Eskifjörður og S-Múlasýsla	1	2	0	2
A-Skaftafellssýsla	0	0	0	1
V-Skaftafellssýsla	0	0	0	0
Vestmannaeyjar	0	6	2	20
Rangárvallasýsla	4	3	0	0
Árnessýsla og Selfoss	7	4	0	5
Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbrs.	1	1	4	9
Keflavíkurflugvöllur	0	0	1	1
Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla	5	19	9	45
Kópavogur	9	6	7	11
Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum			5	10
Samtals	46	89	68	240

Til fróðleiks er hér birt yfirlit um fjölda ákærðra manna á Íslandi, árin 1977 til 1982, flokkað eftir tegund brots. Yfirlitið gefur ekki til kynna fjölda ákæra, heldur fjölda ákærðra manna, en oft eru margir menn ákærðir í einni og sömu ákærunni. Þá miðast flokkunin aðeins við aðalbrot viðkomandi, en fyrir fleiri brot hefur jafnframt verið ákært í nokkrum tilvikum með sömu ákærunni.

A. Almenn hegningarlög	1977	1978	1979	1980	1981	1982
Brot gegn valdsstjórninni	9	2	7	9	3	4
Brot á almannafriði og allsherjarreglu	1			1	2	
Brot í opinberu starfi	11	2	1	4	2	7
Rangur framburður og rangar sakargiftir	1	9	2		1	4
Skjalafals	100	56	67	68	90	71
Brenna	7		6	2	1	5
Ávana- og fíkniefnabrot	5	1	2	3	6	3
Brot sem hafa í för með sér almannahættu		1	1			
Sifskaparbrot						1
Skírlífisbrot	19	16	20	21	12	12
Manndráp af ásetningi	8	2	1	1	1	1
Manndráp af gáleysi (ekki um.óh.)	1		1	1		1
Líkamsárás og líkamsmeiðingar	79	58	28	32	38	34
Líkamsmeiðing af ásetningi						
Líkamsmeiðing af gáleysi (ekki umf.óhapp)	1	2				
Önnur brot gegn lífi og heilsu manna	6	3	3	3		6
Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs				2	1	3
Þjófnaður og hylming	204	240	193	160	153	141
Fjárdráttur	16	18	5	10	13	11
Tékkasvik	68	27	15	21	23	22
Önnur svik	40	16	32	23	18	23
Umboðssvik	6	2			1	5
Skilasvik				3	3	6
Rán	6	3	2	2		
Eignaspjöll	6		3	5	7	5
Önnur refsiverð fjármunabrot				14		2
Brot gegn hgl. og ölvunarakstur	52	63	66	73	52	56
Brot gegn hgl. og umferðarl. önnur en ölvunarakstur	22	20	18	20	8	15
Misneyting						1
Samtals	728	541	473	478	435	439

B. Sérrefsilög	1977	1978	1979	1980	1981	1982
Ölvunarakstur	434	453	423	526	515	423
Önnur umferðarlagabrot	41	23	30	36	60	56
Áfengislög	11	7	6	5	7	4
Tollalög	53	15	28	4	25	21
Lög um ávana- og fíkniefni	32	22	21	15	54	27
Fiskveiðilögbrot	16	6	7	7	4	5
Siglingalög	1	1	4	7	4	13
Landbúnaðarlöggjöf						1
Skattalög og lög um bókhald					5	
Verðlagslög	4	15		1		1
Loftferðalög						2
Byggingalög og reglugerð	2			1		1
Lög um dýravernd og fuglafriðun	2	1		1	1	11
Lax- og silungsveiðilög		1	1		1	
Heilbrigðislöggjöf		1				1
Gjaldeyrislöggjöf			2			
Umferðarlög (um ökukennara)			1			
Fjarskiptalöggjöf			1	1	1	
Vinnuverndarlöggjöf			1			
Lögreglusamþykkt		1	7	14	7	8
Lög um leigubifreiðir				1	1	
Læknalög				1		
Samtals	596	546	532	615	686	574

Sþ. **411. Fyrirspurn** [220. mál]

til iðnaðarráðherra um verðlagningu raforku o. fl.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hverjar eru orsakir þess, að heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku til almenningsveitna undanfarin 4 ár hefur fimmtánfaldast á meðan laun verkamanna hafa á sama tímabili ca. fimmfaldast?
2. Er orsakanna einkum að leita til seinni tíma framkvæmda Landsvirkjunar, þ. e. á eftir Búrfellsvirkjun, og óvenjumikils rekstrarkostnaðar?
3. a) Að teknu tilliti til orkuverðs vegna lekans úr Sigöldulóni og minna vatns en reiknað var með í upphafi hlutdeildar Sigöldu í kostnaði við Þórisvatnsmiðlun og raunverulegs rekstrarkostnaðar virkjunarinnar, þar með taldar þéttingartilraunir á lekanum, hvað er þá raunverulegt orkuverð við stöðvarvegg Sigölduvirkjunar í dag?
   b) Er þetta orkuverð í einhverju samræmi við það sem gert var ráð fyrir í upphafi er áætlanir voru gerðar fyrir virkjunina?
4. a) Hver var stofnkostnaður Hrauneyjafossvirkjunar á orkueiningu, í hlutfalli við Búrfellsvirkjun?
   b) Hvert er orkuverð við stöðvarvegg að teknu tilliti til hlutdeildar í Þórisvatnsmiðlun og minna vatns en reiknað var með í upphafi?
   c) Var þriðja vélin þá fjárhagslega tímabær?
   d) Ef svo er, hver er áætlaður nýtingartími þeirrar vélar 2—3 næstu ár?
5. a) Er eðlilegt að arðreikna Sultartangastíflu eins og um orkuver sé að ræða, með tilliti til þess, að hún er túrbínulaus?
   b) Er þetta fjárhagslega tímabær framkvæmd að teknu tilliti til nýinnkomu Hrauneyjafossvirkjunar og frekari vatnsöflunar Kvíslaveitna, sem nú er einnig unnið að?
   c) Hversu stór verður byrðin af þessari framvæmd í verði til almennings?
6. a) Hver er áætlaður stofnkostnaður Suðurlínu ásamt aðveitustöðvum?
   b) Hver er áætlaður flutningur raforku í GWh/ár, t. d. 5 næstu ár, og þá flutningskostnaður á orkueiningu?
   c) Hver fjármagnar þessa framkvæmd?
   d) Verða enn frekari byggðalínuframkvæmdir á næstu tveim til þremur árum?
   e) Ef hálendislína 220 kw til Akureyrar eða Fljótsdals kæmi innan 6—8 ára, verður þá þörf fyrir Suðurlínu?
7. Hver er rekstrarkostnaður Landsvirkjunar fyrir utan vexti og afborganir lána og hversu hátt hlutfall er hann af heildarorkusölu?
8. Er verðhækkunarskriðu Landsvirkjunar umfram almennt verðlag lokið eða má búast við svipuðum hækkunum og undanfarið ár og þá næst 1. maí næstkomandi?
9. Hefur farið fram samanburður á verði raforku til almennings hér á Íslandi og í Noregi? Ef svo er, hversu mörgum dagvinnutímum minna þarf að greiða í Noregi fyrir orkuna? — Ath. launamismun milli landa.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 412. Frumvarp til lánsfjárlaga [221. mál]

fyrir árið 1983.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 852 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og ákvæði þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 860 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1983 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila að fjárhæð allt að 33 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 31 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1983 að fjárhæð 95 800 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1983 að fjárhæð 145 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1983 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1983 að fjárhæð 612 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3., 4., 5., 6. og 7. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II KAFLI

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 69 825 þús. kr. á árinu 1983. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 22 828 þús. kr. á árinu 1983.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands eigi fara fram úr 26 600 þús. kr. á árinu 1983.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 15 515 þús. kr. á árinu 1983.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 141 514 þús. kr. á árinu 1983.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 158 050 þús. kr. á árinu 1983.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga eigi fara fram úr 5 510 þús. kr. á árinu 1983.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 16 185 þús. kr. á árinu 1983. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1983 rennur í ríkissjóð.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 8 522 þús. kr. á árinu 1983.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 39 960 þús. kr. á árinu 1983.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 353 þús. kr. á árinu 1983.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 10 356 þús. kr. á árinu 1983.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1983 eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 1439 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 16 564 þús. kr. á árinu 1983.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 68 000 þús. kr. á árinu 1983.

III KAFLI

25. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til láns eða lána, sem

endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982 er nemi allt að 100 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1983—1985 að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fiskiskipum innanlands, sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng og með vélarafl allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Þótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1983 auk heimildar Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum um fjárfestingarsjóði og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum fyrir árið 1983. Þá er leitað heimildar til viðbótarlántöku vegna ársins 1982. Í greinargerð og fylgiskjölum er yfirlit um helstu þætti lánsfjáröflunar og ráðstöfunar lánsfjár fyrir árið 1983.

Fjármunamyndun í landinu er nú þrengri stakkur skorinn en oft áður. Að mati Þjóðhagsstofnunar gæti fjármunamyndun 1983 numið um 25—26% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er svipaður hundraðshluti og 1982. Hins ber að gæta, að allar hundraðshlutatölur sem ganga út frá spám um þjóðarframleiðslu og útflutningstekjur 1983 verða hærri vegna samdráttarins en ella væri. Gleggsta dæmið um áhrif sveiflna í þjóðhagsstærðum eru hundraðshlutatölur um skuldabyrði og greiðslubyrði þjóðarbúsins út á við.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð erlends lánsfjár nemi 3 388,6 m. kr., sbr. fylgiskjal 7. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 var hliðstæð tala 2 255,7 m. kr. og er hækkunin milli ára 50,2%.

Erlendar lántökur miðast við að skuldir aukist ekki að raungildi á árinu 1983. Föst erlend lán voru á meðalgengi 13 630 m. kr. á árinu 1982 og sé gert ráð fyrir 6% verðbólgu í viðskiptalöndum okkar væri samsvarandi upphæð 14 448 m. kr. Í forsendum Seðlabankans er gert ráð fyrir 39,3% hækkun meðalgengis milli áranna 1982 og 1983 miðað við reikniforsendur fjárlaga um 42% verðbreytingu. Fyrrgreindar fjárhæðir, færðar til meðal-

gengis 1983, nema því 20 126 m. kr. Ef lántökum er hagað á þann veg að erlendar lántökur yrðu innan þessa ramma verða þær að raungildi þær sömu og árið áður. Þetta hámark felur því í sér að erlendar lántökur fari ekki yfir 3 439 m. kr. miðað við 6% verðbólgu að meðaltali í viðskiptalöndum okkar. Eins og áður segir er að því stefnt með þessu frumvarpi að erlendar lántökur verði innan þessara marka eða um 3 390 m. kr.

Lántökur opinberra aðila, ríkis, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga, nema nú 2 987,6 m. kr. Innlend fjáröflun er áætluð 821 m. kr. og erlendar lántökur opinberra aðila verða því 2 166,6 m. kr. Samsvarandi fjárhæð erlendra lána var í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 1 420,5 m. kr.

Miðað er við að erlendar lántökur atvinnufyrirtækja fari ekki yfir 590 m. kr. á árinu 1983 en í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 var samsvarandi tala 535 m. kr. Óhjákvæmilegt er að beitt verði ströngu aðhaldi varðandi erlendar lántökur atvinnufyrirtækja og banka.

Það er áhyggjuefni á tímum mikils lánsfjárskorts innanlands að kaup lífeyrissjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum hafa beinst í aðra farvegi en lánsfjárlög miðast við. Sérstaklega hefur fjárskortur húsbyggingasjóðanna gert húsbyggjendum erfitt fyrir. Í fylgiskjölum 5 og 6 eru yfirlit um fjármögnun og ráðstöfun á fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Á undanförnum árum hafa viðskiptabankarnir lánað Framkvæmdasjóði fé er hefur numið 4% af innlánsaukningu þeirra. Jafnframt hafa viðskiptabankarnir keypt skuldabréf ríkissjóðs fyrir allt að 3% innlánsaukningarinnar. Á s. l. ári var leitað eftir því við sparisjóði landsins að þeir veittu ríkissjóði framkvæmdalán með svipuðum hætti og viðskiptabankarnir.

Viðskipti ríkissjóðs og Framkvæmdasjóðs við innlánsstofnanirnar hafa eftir atvikum gengið vel á undanförnum árum, og verður að vænta þess að svo verði áfram.

Í fylgiskjali 8 er sýnt að horfur eru á að fjárfestingar atvinnuveganna dragist saman um 7,6% frá árinu 1982. Svipuðu máli gegnir um byggingar og mannvirki hins opinbera, þar er spáð 9,1% samdrætti. Íbúðabyggingar hafa aftur á móti ekki dregist saman frá því sem var á árinu 1981 og horfur eru á að íbúðabyggingar geti orðið í raun áþekkar því sem var 1982. Hér veldur fyrst og fremst átak í byggingu íbúða á félagslegum grundvelli og aukin framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins.

Fylgiskjal 9 sýnir alla megindrætti viðskipta þjóðarbúsins út á við. Seðlabankinn hefur jafnframt unnið yfirlit um nettóskuldastöðu þjóðarbúsins og greiðslubyrði þar sem sveiflur milli ára í þjóðarframleiðslu og útflutningstekjum (-framleiðslu) hafa verið jafnaðar út. Áhrif óstöðugs efnahags landsmanna, mælt á kvarða skuldsetningar og greiðslubyrði, kemur fram með tvennum hætti á fylgiskjali 10.

Gildi þessara útreikninga felst í því að þegar lán til langs tíma eru tekin til framkvæmda er rétt að ákvörðun um lántöku taki fremur mið af langtímahorfum en erfiðum aðstæðum á tilteknum tíma, eins og nú ríkja. Staða þjóðarbúsins vegna skulda og greiðslubyrðarinnar veldur því m. a. að nauðsynlegt er að fjárfestingu 1983 verði stillt í hóf.

Um 1. og 2. gr.

Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting lánsfjáröflunar og ráðstöfunar opinberra aðila. Áformað er að afla innlends lánsfjár til opinberra framkvæmda eftir því sem frekast er kostur. Á undanförnum árum hefur eingöngu verið aflað innlendra lána til A-hluta ríkissjóðs og til ýmissa verkefna í B-hluta ríkissjóðs. Fyrirhuguð innlend fjáröflun 1983 nemur alls 821 m. kr. Útgáfa spariskírteina nemur alls 200 m. kr. og innheimta umfram innlausn eldri spariskírteina er talin gefa af sér 360 m. kr. Auk þess nema afborganir af skuldabréfum sem út voru gefin í tengslum við yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum o. fl. 73. m. kr. Eins og á liðnum árum verður leitað til lífeyrissjóða og bankakerfisins um kaup á verðtryggðum verðbréfum. Alls er stefnt að fjáröflun hjá lífeyrissjóðum að fjárhæð 860 m. kr., þ. a. koma

85 m. kr. í hlut ríkissjóðs, en fjallað er um skuldabréfakaup lífeyrissjóða í umfjöllun um 27. gr. Á árinu 1982 var með samningum leitað til innlánsstofnana um kaup á skuldabréfum. Alls keyptu innlánsstofnanir fyrir 70 m. kr. það ár. Nú er ráðgert að leita aftur til sömu aðila og er stefnt að 103 m. kr. fjáröflun með þessum hætti.

Í fjárlögum fyrir árið 1983 var leitað heimildar til spariskírteinaútgáfu alls að fjárhæð 200 m. kr. Hér er því leitað heimildar til innlendrar lántöku alls að fjárhæð 188 m. kr. sem er fjáröflun hjá lífeyrissjóðum og bankakerfi.

Erlend lántaka A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 901,7 m. kr. Í 1. gr. frumvarpsins er þó aðeins leitað heimilda til lántöku að fjárhæð 852,1 m. kr. en í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma í sveitum er heimild veitt til lántöku að fjárhæð 49,6 m. kr.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um málefni Landsvirkjunar. Á árinu 1983 er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum fyrirtækisins á Þjórsársvæðinu. Áætlað er að á árinu 1983 verði ráðstafað 500 m. kr. til að standa straum af þessum framkvæmdum ásamt fjármagnskostnaði og nokkrum smærri verkefnum fyrirtækisins.

Á árinu 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar m. a. um virkjunarframkvæmdir við Blöndu. Til þessa verkefnis er ráðgert að verja alls 200 m. kr. til byrjunarframkvæmda. Í þriðja lagi er ráðgert að verja alls 160 m. kr. til byggðalínuframkvæmda við Suðurlínu, en á árinu 1982 yfirtók Landsvirkjun rekstur og uppbyggingu byggðalínukerfisins.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er aflað heimildar til 33 m. kr. lántöku til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Ráðgert er að fjármagninu verði varið þannig að 5 m. kr. fari til framkvæmda við grænfóðurverksmiðjur, 3 m. kr. til Kísiliðjunnar og 25 m. kr. til ýmissa verkefna.

Um 5. gr.

Alls nemur lántaka til Orkubús Vestfjarða 31 m. kr. Fjármagninu er fyrirhugað að verja til ýmissa raforkuframkvæmda og framkvæmda við fjarvarmaveitur.

Um 6. gr.

Erlend lánsfjáröflun til hitaveitna nemur alls 240,9 m. kr. og skiptist þannig að til Hitaveitu Suðurnesja renna 145,1 m. kr. og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 95,8 m. kr. Lánsfénu verður ráðstafað bæði til framlengingar lána og til framkvæmda, sbr. fylgiskjal 2.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur alls 612 m. kr. á árinu 1983. Alls er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé sjóðsins verði 992 m. kr. eins og fram kemur í fylgiskjali 3. Fjáröflun til sjóðsins byggist m. a. á því að 230 m. kr. af verðbréfakaupum lífeyrissjóða komi í hlut Framkvæmdasjóðs.

Í fylgiskjali 4 er sýnd skipting á verðbréfakaupum lífeyrissjóða. Þá er stefnt að því að hluti af innlánsaukningu innlánsstofnana renni til verðbréfakaupa af sjóðnum. Alls er talið að þessi fjáröflun nemi um 100 m. kr. Útstreymi sjóðsins til atvinnuvegasjóða og annarra verkefna skýrist í fylgiskjali 3.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10.—24. gr.

Í samræmi við markaða stefnu fjárlaga fyrir árið 1983, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að tilteknum lögum verði breytt.

Um 25. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til þess að gera til skamms tíma. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Um 26. gr.

Í skýrslu um afkomu ríkissjóðs 1982, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, kemur fram að lánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs reyndist nokkru meiri en að var stefnt í lánsfjárlögum 1982. Helstu þættir sem fóru fram úr áætlun eru þessir: Lánasjóður ísl. námsmanna 15,1 m. kr., framkvæmdir við byggðalínur 11,4 m. kr., almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 10,0 m. kr. og Skipaútgerð ríkisins 5,0 m. kr.

Þá reynist nauðsynlegt að afla 25,0 m. kr. viðbótarlánsfjár vegna fjármagnskostnaðar við byggðalínur og 15,0 m. kr. vegna fjármagnskostnaðar við Kröfluvirkjun. Loks er að nefna að leitað er heimildar til 13,0 m. kr. viðbótarlánsfjár til handa Orkubúi Vestfjarða.

Í 6. gr. fjárlaga var leitað heimilda til 200 m. kr. viðbótarlántöku vegna lánsfjáráætlunar 1982. Sú áætlun var reist á viðbótarlánsfjárþörf til ofangreindra verkefna en einnig því að ótryggt var talið að takast mundi að afla áformaðs innlends lánsfjár auk þess sem nokkur óvissa var um afkomu ríkissjóðs 1982. Ekki er talin ástæða til að leita lántökuheimildar umfram það sem fram kemur í þessari grein.

Um 27. gr.

Í 34. gr. laga nr. 13/1982, lánsfjárlaga fyrir árið 1982, er fjármálaráðherra heimilað, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði fiskiskipa innanlands. Lán þessi geta numið allt að 80% af smíðaverði skipanna samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skilyrði ábyrgðar er m. a., að skip sé smíðað fyrir reikning skipasmíðastöðvarinnar enda falli ábyrgð niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Til að fjármagna smíði skipanna eru tekin afurðalán hjá Seðlabanka og að auki vörukaupalán erlendis, hvort tveggja fyrir milligöngu viðskiptabanka skipasmíðastöðvanna. Ríkissjóður ábyrgist þessi lán síðan á smíðatíma skipanna. Við sölu frá skipasmíðastöð lánar Fiskveiðasjóður samkvæmt núgildandi reglum allt að 60% matsverðs skipanna. Til þess að hægt sé að nýta hagkvæm erlend vörukaupalán lengur en þar til skip er selt þykir nauðsynlegt að ríkissjóður hafi heimild til að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð slík lán áfram. Er gert ráð fyrir að heimilt sé að ábyrgjast vörukaupalán er numið geta allt að 20% endanlegs matsverðs skipanna. Samanlögð fjárhæð vörukaupalánsins og láns sem á undan eru í veðröð má þá ekki nema meiru en 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Gert er ráð fyrir að trygging ríkissjóðs vegna sjálfsskuldarábyrgðarinnar verði 2. veðréttur í viðkomandi skipi.

Fylgiskjal 1

Lánsfjárþörf opinberra aðila samkvæmt lánsfjáráætlun 1983
Í milljónum króna

	Lánsfjáráætlun 1983
1. Ríkissjóður	**1 722,7**
1.1 A-hluti	**525,0**
Þjóðarbókhlaða	10,0
Vegagerð	249,0
Landshafnir	5,5
Hlutafjár- og eiginfjárframlög	105,0
Aðstoð við Flugleiðir hf.	34,4
Styrking dreifikerfis í sveitum	27,0
Hafnargerð vegna skipaiðnaðar	20,4
Jarðhitaleit	4,0
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	4,5
RARIK, fjármagnskostnaður	12,2
Annað	53,0
1.2 B-hluti	**1 197,7**
Byggðasjóður	100,0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1,0
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna	10,0
Jarðasjóður	5,0
Lánasjóður ísl. námsmanna	138,0
Lagmetisiðjan Siglósíld	4,0
Skipaútgerð ríkisins	9,8
RARIK, almennar framkvæmdir	138,6
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	60,0
,, fjármagnsútgjöld	219,4
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	25,0
,, fjármagnsútgjöld	21,8
Orkusjóður, byggðalínur, fjármagnsútgjöld	224,5
,, hitaveitulán	7,5
,, jarðhitaleit	10,0
,, sveitarafvæðing	13,0
Iðnaðarrannsóknir	3,0
Síldarverksmiðjur ríkisins	36,0
Sementsverksmiðjan	28,0
Landssmiðjan	12,0
Áburðarverksmiðjan	43,4
Póstur og sími, vörukaupalán o. fl.	4,9
,, lagning sjálfvirks síma	49,6
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	26,4
Flugmálastjórn	6,8

Fylgiskjal 1, frh.

2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1 004,0**
Landsvirkjun	500,0
,, byggðalínur	160,0
,, Blönduvirkjun	200,0
Orkubú Vestfjarða, raforkuframkvæmdir	26,0
,, hitaveituframkvæmdir	5,0
Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag	80,0 [1])
Kísilmálmvinnsla	[2])
Kísiliðjan	3,0
Grænfóðurverksmiðjur	5,0
Annað	25,0
3. Sveitarfélög	**260,9**
Hitaveita Suðurnesja	145,1
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	95,8
Ýmislegt	20,0
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	**2 987,6**
5. Innlend fjáröflun	**821,0**
Útgáfa spariskírteina	200,0
Innheimt umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé	360,0
Verðbréfakaup bankakerfis og Viðlagatryggingar	103,0
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	85,0
Önnur fjáröflun	73,0
6. Erlend lán	**2 166,6**

1) Heimild er til lántöku samkvæmt sérlögum, þ. e. lög nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lög nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og lög nr. 59/1981 um stálbræðslu.

2) Lántökuheimild er í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en notkun heimildar er háð sérstöku samþykki Alþingis. Flutt verður sérstök þingsályktunartillaga um þetta mál, en iðnaðarráðherra hefur lagt til að varið verði 110 m. kr. til framkvæmda við kísilmálmverksmiðju á árinu 1983.

Fylgiskjal 2

Framkvæmdir og skuldbreytingar hitaveitna 1983
Í milljónum króna

		Framkvæmdir 1983	Til framlengingar lána 1983	Úr rekstri 1983	Lánasjóður sveitarfél.	Orkusjóður	Erlent lánsfé
I	**Stærri hitaveitur**	**241,9**	**207,3**	**208,3**	—	—	**240,9**
	Hitaveita Reykjavíkur	208,3	—	208,3	—	—	—
	Hitaveita Suðurnesja	24,5	120,6	—	—	—	145,1
	Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	9,1	86,7	—	—	—	95,8
II	**Smærri hitaveitur**	**30,8**	**35,3**	**9,5**	**49,1**	**7,5**	—
	Hitaveita Vestmannaeyja	4,0	24,2	—	28,2	—	—
	Hitaveita Egilsstaða	2,6	—	—	2,6	—	—
	Hitaveita Rangæinga	3,5	11,1	0,6	14,0	—	—
	Hitaveita Kjalarness	5,7	—	1,4	4,3	—	—
	Aðrar hitaveitur	15,0	—	7,5	—	7,5	—
	Samtals I-II	272,7	242,6	217,8	49,1	7,5	240,9
III	**Fjarvarmaveitur**	**5,3**	—	—	—	—	**5,3**
	Orkubú Vestfjarða	5,3	—	—	—	—	5,3
IV	**Til annarra verkefna**	**14,0**	—	**4,0**	—	—	**10,0**
	Jarðhitaleit	14,0	—	4,0	—	—	10,0
	Samtals I-IV	292,0	242,6	221,8	49,1	7,5	256,2

Fylgiskjal 3

Áætlun um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1983
Í milljónum króna

Fjáröflun:		
Eigið ráðstöfunarfé F.Í.		50,0
Lán frá innlendum bönkum		100,0
Lán frá lífeyrissjóðum		230,0
Erlend lán		612,0
	Samtals	992,0
Lánveitingar:		
Stofnlánadeild landbúnaðarins		84,0
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla		483,0
Fiskveiðasjóður v/útlána		180,0
Iðnlánasjóður		150,0
Lánasjóður sveitarfélaga		30,0
Ferðamálasjóður		15,0
Verslunarlánasjóður		12,0
Stofnlánadeild samvinnufélaga		12,0
Landflutningasjóður		4,0
Útflutningslánasjóður		2,0
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum		10,0
Bein útlán Framkvæmdasjóðs		10,0
	Samtals	992,0

Fylgiskjal 4

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1983
Í milljónum króna

Byggingarsjóður ríkisins		321,0
Byggingarsjóður verkamanna		158,0
Framkvæmdasjóður		230,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins		10,0
Ríkissjóður		85,0
		804,0
Utan lánsfjáráætlunar		56,0
	Samtals	860,0

Fylgiskjal 5

Byggingarsjóður ríkisins 1983
Í milljónum króna

Innstreymi	**865,0**
Ríkissjóður	141,5
Skyldusparnaður	42,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	76,3
Lífeyrissjóðir, lántaka	321,0
Afborganir, vextir, verðbætur	275,0
Tekjur tæknideildar	9,2
Útstreymi	**865,0**
Rekstrarkostnaður	20,0
Afborganir, vextir, verðbætur	190,0
Annað	4,0
Lánveitingar 1983	651,0
Lánveitingar	**651,0**
Nýbyggingar	323,0
Eldri íbúðir	210,0
Íbúðir/heimili aldraðra og dagvistarstofnanir	28,0
Viðbyggingar og endurbætur	37,0
Annað	53,0

Fylgiskjal 6

Byggingarsjóður verkamanna 1983
Í milljónum króna

Innstreymi	**374,0**
Ríkissjóður	158,0
Framlag sveitarfélaga	32,0
Framlag kaupenda eldri íbúða	15,0
Afborganir, vextir, verðbætur	11,0
Lífeyrissjóðir, lántaka	158,0
Útstreymi	**374,0**
Rekstrarkostnaður	7,2
Afborganir, vextir, verðbætur	14,8
Lánveitingar 1983	352,0
Lánveitingar	**352,0**
Nýir verkamannabústaðir	241,0
Leiguíbúðir sveitarfélaga	33,0
Endursöluíbúðir	78,0

Fylgiskjal 7

Yfirlit um erlendar langtímalántökur 1983
Í milljónum króna

A- og B-hluti ríkissjóðs		**901,7**
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs		**1004,0**
Landsvirkjun	500,0	
,, byggðalínur	160,0	
,, Blönduvirkjun	200,0	
Orkubú Vestfjarða	31,0	
Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag	80,0[1])	
Grænfóðurverksmiðjur	5,0	
Kísiliðjan	3,0	
Kísilmálmvinnsla	[2])	
Annað	25,0	
Sveitarfélög		**260,9**
Hitaveitur	240,9	
Annað	20,0	
Lánastofnanir		**632,0**
Framkvæmdasjóður	612,0	
Iðnþróunarsjóður	20,0	
Atvinnufyrirtæki		**590,0**
Járnblendifélagið	60,0	
Skip	190,0	
Flugvélar	10,0	
Innlend skipasmíði (nýsmíði)	200,0	
Endurbætur (unnar innanlands)	30,0	
Vélar og tæki	70,0	
Ýmislegt	30,0	
Samtals		3 388,6

1) Heimild er til lántöku samkvæmt sérlögum, þ. e. lög nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lög nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og lög nr. 59/1981 um stálbræðslu.

2) Lántökuheimild er í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en notkun heimildar er háð sérstöku samþykki Alþingis. Flutt verður sérstök þingsályktunartillaga um þetta mál, en iðnaðarráðherra hefur lagt til að varið verði 110 m. kr. til framkvæmda við kísilmálmverksmiðju á árinu 1983.

Fylgiskjal 8

Fjármunamyndun 1981—1983
Í milljónum króna

	Verðlag hvers árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %[1])		
	Bráðab.-tölur 1981	Áætlun 1982	Bráðab.-tölur 1981	Áætlun 1982	Spá 1983
Fjármunamyndun alls	**5 549**	**8 153**	**2,1**	**−6,3**	**−6,7**
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun og stóriðja	698	672	5,3	−38,7	19,9[2])
Innflutningur skipa og flugvéla	334	399	−4,2	−24,9	1,5
Önnur fjármunamyndun	4 517	7 082	2,1	0,1	−9,6
I Atvinnuvegir	**2 352**	**3 424**	**5,7**	**−7,5**	**−7,6**
1. Landbúnaður	235	360	−1,3	−2,1	0,0
2. Fiskveiðar	376	518	18,0	−11,7	−12,5
3. Vinnsla sjávarafurða	215	353	2,1	5,1	−9,9
4. Stóriðja	175	42	−19,0	−84,6	71,4
5. Annar iðnaður (en 3. og 4. liður)	373	640	4,1	8,8	0,0
6. Flutningatæki	470	606	10,2	−18,9	−15,7
7. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	268	419	14,2	0,0	−5,0
8. Ýmsar vélar og tæki	240	486	7,8	27,5	−15,0
II Íbúðarhús	**1 008**	**1 606**	**−105,**	**2,0**	**0,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**2 189**	**3 123**	**4,9**	**−8,7**	**−9,1**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	810	1 120	7,5	−11,5	−13,5
2. Hita- og vatnsveitur,	370	330	−8,2	−43,0	−13,3
þar af hitaveitur	(325)	(260)	−10,6	−48,9	−14,2
3. Samgöngumannvirki	639	1 073	5,7	7,4	−3,2
4. Byggingar hins opinbera	370	600	13,5	3,8	−9,2

1) Magnbreytingar 1981 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, 1982 við verðlag ársins 1981 og 1983 við verðlag ársins 1982.

2) Framkvæmdir við byggðalínur og Blönduvirkjun eru taldar með framkvæmdum Landsvirkjunar frá og með árinu 1983.

Fylgiskjal 9

Staða þjóðarbúsins út á við 1970—1982
(meðalgengi hvers árs)

Í m. kr.	Löng erlend lán	Stutt vöru-kaupalán o. fl.	Ógreiddur útflutningur	Gjaldeyris-staða	Nettóstaða við útlönd	Verg þjóðar-framleiðsla	Staða í hlutfalli við VÞF (%)		Greiðslu-byrði í % af útfl.-tekjum
							Löng erlend lán	Nettó-staða	
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1970	−115,1	−17,2	7,6	32,6	−92,0	431,8	26,6	21,3	11,2
1971	−145,0	−19,0	7,0	47,8	−109,1	549,6	26,4	19,9	10,0
1972	−172,5	−20,1	10,6	55,3	−126,7	684,2	25,2	18,5	11,4
1973	−226,1	−34,2	21,8	67,0	−171,5	966,3	23,4	17,8	9,1
1974	−337,9	−49,8	25,7	16,2	−345,9	1 410,8	23,9	24,5	11,2
1975	−672,8	−66,4	42,6	−30,4	−727,1	1 928,2	34,9	37,7	14,2
1976	−898,5	−97,5	59,9	−3,9	−940,0	2 659,6	33,8	35,3	13,8
1977	−1 205,5	−146,1	89,2	56,7	−1 205,8	3 814,8	31,6	31,6	13,7
1978	−1 944,3	−237,5	160,4	173,2	−1 848,2	5 776,0	33,7	32,0	13,1
1979	−2 909,5	−435,9	246,2	396,0	−2 703,2	8 460,0	34,4	32,0	12,8
1980	−4 617,1	−768,9	395,0	759,0	−4 232,0	13 288,0	34,7	31,8	14,1
1981	−7 527,0	−1 065,0	627,0	1 517,0	−6 448,0	20 534,0	36,7	31,4	16,4
1982[1])	−14 700,0	−2 100,0	960,0	1 260,0	−14 580,0	31 000,0	47,4	47,0	24,5

1) Bráðabirgðatölur.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 10

Skuldastaða og greiðslubyrði þjóðarbúsins

	Nettóskuldastaða í hlutfalli við VÞF		Greiðslubyrði sem hlutfall af útflutningstekjum (-framleiðslu)	
	Frumtölur[1])	Jafnaðartölur[2])	Frumtölur[1])	Jafnaðartölur[2])
1970	21,3	16,6	11,2	11,9
1971	19,9	17,3	10,0	9,4
1972	18,5	17,3	11,4	11,3
1973	17,8	19,2	9,1	9,2
1974	24,5	30,1	11,2	10,6
1975	37,7	34,2	14,2	12,8
1976	35,3	35,3	13,8	13,3
1977	31,6	36,6	13,7	13,1
1978	32,0	34,0	13,1	14,6
1979	32,0	32,8	12,8	14,2
1980	31,8	32,9	14,1	14,7
1981	31,4	33,9	16,4	16,4
1982	47,0	42,5	24,5	20,9

1) Frumtölur fela í sér nafnvirði VÞF, nettóskulda og útflutningstekna hvers árs.
2) Jafnaðartölur fela í sér að sveiflur milli ára í VÞF og útflutningstekjum (-framleiðslu) hafa verið jafnaðar út.

Sþ. 413. Skýrsla

fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1982 samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1982.

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir helstu þáttum ríkisfjármálanna á árinu 1982 og bráðabirgðaniðurstöður ríkisbókhalds skoðaðar með tilliti til fjárlaga ársins 1982 sem samþykkt voru á Alþingi 19. desember 1981. Vikið er að framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins 1982 en lánsfjárlög fyrir það ár voru samþykkt á Alþingi 6. apríl 1982. Í töflum í viðauka eru ýmis yfirlit um mikilsverða þætti ríkisfjármálanna.

Allar niðurstöður um afkomu ríkissjóðs á árinu 1982 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds frá síðari hluta janúar s. l., og er miðað við bráðabirgðatölur á greiðslugrunni. Niðurstöður endanlegs ríkisreiknings víkja eitthvað frá þeim tölum sem hér birtast, í megindráttum vegna óinntra uppgjöra sem tilheyra árinu 1982. Talið er að áhrif ríkisfjármála á efnahagslífið verði eðlilegast metin út frá greiðslugrunni ríkisreiknings.

Á yfirliti I eru sýndar áætlunartölur fjárlaga og bráðabirgðaniðurstöður ríkisreiknings.

Yfirlit I

	Bráðabirgðatölur 31.12.1982 m. kr.	Fjárlög 1982 m. kr.	Breyting m. kr.	Breyting %
1. Tekjur	9 562	7 967	1 595	20,0
2. Gjöld	9 324	7 909	1 415	17,9
3. Tekjur umfram gjöld	+238	+58	—	—
4. Lánahreyfingar, Seðlabanki meðtalinn (netto)	−44	−18		
5. Viðskiptareikningar	−207	−15		
6. Greiðsluafgangur	−13	+25		

Nokkurt frávik er á tekjum og gjöldum fjárlaga og bráðabirgðauppgjöri ríkisreiknings. Mismunur á forsendum fjárlaga og raunverulegri launa- og verðlagsþróun vegur þar þyngst, og einnig fjölmargar ákvarðanir stjórnvalda til áhrifa á fjármál ríkisins á árinu sem voru ófyrirsjáanlegar við gerð fjárlaga. Að þessum þáttum málsins er vikið nánar síðar.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs reyndust 9 562 m. kr. sem er 1 595 m. kr. eða um 20% umfram fjárlagaáætlun. Þróun gjalda varð allnokkuð önnur þar sem þau hækkuðu um 17,9% og námu alls 9 324 m. kr. Rekstrarjöfnuður ríkissjóðs reyndist því meiri en ráð var fyrir gert í fjárlögum.

Jafnvægisáhrif ríkisfjármála á efnahagsstarfsemina má að nokkru sýna út frá greiðsluafkomu ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Yfirlit II

	Bráðabirgðatölur 31.12.1982 m. kr.	Fjárlög 1982 m. kr.
6. Greiðsluafgangur (sjá yfirlit I)	−13	+25
7. Afborganir í Seðlabanka (nettó)	+160	+120
8. Greiðsluafkoma ríkissjóðs	+147	+145

Yfirlitið hér að framan sýnir að samtala rekstrarafgangs, lánahreyfinga utan Seðlabankans og viðskiptareikninga myndar jákvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 147 m. kr. Afkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu er því sem næst eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 1982. Jákvæð greiðsluafkoma í þessum skilningi sýnir viðleitni ríkisfjármála til að draga úr þenslu í hagkerfinu.

2. Ríkisfjármálin 1982

Framkvæmd fjárlaga 1982 hefur á ýmsum sviðum orðið önnur en að var stefnt við afgreiðslu þeirra í desember 1981. Þróun launa, verðlags og gengis hefur reynst önnur en reiknitala fjárlaga fól í sér. Auk þessa gripu stjórnvöld tvívegis til efnahagsaðgerða sem m. a. höfðu umtalsverð áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

2.1 Verðforsendur fjárlaga 1982

Fjárlög ársins 1982 byggðust á tilteknum reikniforsendum um þróun verðlags, launa og gengis milli meðaltala áranna 1981 og 1982. Almennt var miðað við 33% hækkun verðlags milli ára.

Laun: Í samræmi við reikniforsendu fjárlaga 1982 var gengið út frá 12,75% veginni meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna á árinu 1982. Þetta jafngilti því að laun hækkuðu um 35% milli áranna 1981 og 1982. Laun þróuðust með allnokkuð öðrum hætti á árinu 1982. Lætur nærri að vegin meðalhækkun launa hafi verið tæp 27% og hækkun þeirra milli áranna 1981 og 1982 hafi numið 57%. Hækkun launa 1982 er í megindráttum þríþætt. Í fyrsta lagi reyndist verðbótavísitala launa hækka um 37,3% frá upphafi árs til loka, en það er 7,51% 1. mars, 10,33% 1. júní, 7,50% 1. september og 7,72% 1. desember. Í öðru lagi er að nefna tvær grunnkaupshækkanir ríkisstarfsmanna sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum, þ. e. 3,25% sem um var samið í árslok 1981 og síðan 4% almenn grunnlaunahækkun frá ágúst 1982. Í síðasta lagi er til að taka sérkjarasamninga við ýmsa hópa ríkisstarfsmanna. Athugun bendir til, að meta megi áhrif þeirra frá því um áramót 1981/1982 þannig að laun hafi almennt hækkað um 1,7% og að sérkjarasamningar síðsumars 1982 jafngildi um 6% hækkun launa.

Hækkun launa á árinu 1982 er talin valda ríkissjóði alls 535 m. kr. auknum útgjöldum vegna verðbóta- og grunnkaupshækkana. Á móti þessum útgjöldum var áætlað fyrir 295 m. kr. á sérstökum lið fjármálaráðuneytisins í fjárlögum.

Áhrif launahækkana koma í öllum megindráttum einnig fram í útgjöldum almannatrygginga.

Gengi: Þróun innflutningsverðlags hefur reynst verulega frábrugðin því sem fjárlög byggðu á. Reiknað var með að verðhækkun í helstu viðskiptalöndum okkar yrði 8—9% milli áranna 1981 og 1982. Lætur nærri að almennt verðlag neysluvöru hafi hækkað á bilinu 8—10% í OECD-löndunum. Aftur á móti lækkaði markaðsverð á hráefnum um 4—5% á sama tíma. Miðað við almenna verðforsendu fjárlaganna var gengið út frá að gengi breyttist um 24—25% frá meðalgengi ársins 1981. Að mati Seðlabankans lætur nærri að hækkun erlends gjaldeyris milli áranna 1981 og 1982 hafi numið um 61%.

Innlent verðlag: Fjárlög miðuðu við almenna verðlagshækkun innanlands er næmi um 33% milli ára. Framlög til almenns rekstrarfjár stofnana hækkuðu þó í fjárlögum almennt um 40%.

Helstu vísitölur innlends verðlags þróuðust þannig milli áranna 1981 og 1982.

	Meðaltal 1981	Meðaltal 1982	Hækkun %
Framfærsluvísitala	119	179	50,4
Byggingarvísitala	750	1 170	56,0
Lánskjaravísitala	249	373	49,8
Vísitala samneyslu	4 014	6 138	52,9

2.2 Aðgerðir í efnahagsmálum 1982

Aðgerðir í janúar: Undir lok janúar 1982 ákvað ríkisstjórnin aðgerðir í efnahagsmálum, sem beindust m. a. að því að draga úr verðbólgu á árinu 1982. Aðgerðir þessar miðuðu að því að lækka vísitölu framfærslukostnaðar í áföngum um 6 prósentustig á árinu 1982. Í þessu tilliti voru með lögum nr. 5/1982 teknar ákvarðanir sem leiddu til umtalsverðra áhrifa á fjárhag ríkissjóðs. Alls var talið að aðgerðirnar fælu í sér breytingu á stöðu ríkissjóðs sem næmi 405 m. kr.

Útgjöld ríkissjóðs voru aukin um 280 m. kr. vegna aukinna niðurgreiðslna. Jafnframt komu til áhrif tollalækkana á heimilistækjum o. fl. að fjárhæð 75 m. kr., lækkun launaskatts í iðnaði og fiskiðnaði um 30 m. kr. og lækkun stimpilgjalda af afurðalánum um 20 m. kr.

Til þess að mæta áhrifum efnahagsaðgerðanna á fjárhag og stöðu ríkissjóðs voru eftirtaldar leiðir farnar: Á gjaldahlið fjárlaga voru 180 m. kr. til ráðstöfunar í efnahagsmálum. Þar við bættist að ákveðinn var niðurskurður útgjalda ríkisstofnana um 120 m. kr. Um helmingur gjaldalækkunarinnar var í formi skerðingar á framkvæmdafé ríkisstofnana og hinn helmingur fjárhæðarinnar náðist með samdrætti í rekstrarfjárveitingum og styrkframlögum. Að síðustu var aflað 105 m. kr. með sérstakri skattheimtu. Tollafgreiðslugjald, sem ákveðið var með lögum nr. 5/1982, var talið afla ríkissjóði um 53 m. kr. tekna. Með lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana var talið að afla mætti ríkissjóði um 45 m. kr. tekna á árinu 1982. Þá er að geta framlengingar á sérstöku tímabundnu innflutningsgjaldi á sælgæti og kex, alls 7 m. kr., en það gjald átti samkvæmt fjárlagaafgreiðslu að falla niður á árinu 1982.

Aðgerðir á ágúst: Í ágústmánuði var talin brýn þörf á ráðstöfunum í efnahagsmálum, m. a. vegna vaxandi viðskiptahalla gagnvart útlöndum og aukinnar verðbólgu. Sett voru bráðabirgðalög, m. a. varðandi ákvæði um skerðingu verðbótavísitölu á laun, auk þess sem gengi íslensku krónunnar var lækkað um 13%.

Áhrif bráðabirgðalaganna á fjárhag ríkissjóðs varða annars vegar almenn ákvæði um 2,9% lækkun verðbótaþáttar launa 1. september auk lækkunar verðbótavísitölu 1. desember. Hins vegar voru aðgerðunum tengd ýmis ákvæði er fólu í sér aukin útgjöld og auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Áhrif þessara aðgerða fólu alls í sér 340 m. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð, sem skiptast á árin 1982 og 1983. Til láglaunabóta voru ætlaðar alls 175 m. kr., þar af 50 m. kr. 1982. Aukið framlag til Byggingarsjóðs ríkisins nam alls 85 m. kr., þar af 15 m. kr. 1982. Ákveðið var að greiða niður húshitun með rafmagni um alls 50 m. kr., þar af 12 m. kr. 1982. Þá var ákveðið að greiða fyrir fækkun sauðfjár með fjárveitingu að fjárhæð alls 20 m. kr., þannig að 10 m. kr. komu til greiðslu 1982 og sama fjárhæð 1983. Að síðustu er að nefna að stefnt var að lækkun skatta á olíu um 10 m. kr., þar af 2 m. kr. 1982 og 8 m. kr. 1983. Samtals hækkuðu útgjöld ríkissjóðs því um 89 m. kr. á árinu 1982 í kjölfar setningar bráðabirgðalaganna.

Til þess að mæta auknum útgjöldum 1982 var tímabundið vörugjald hækkað og var það liður í efnahagsaðgerðunum. Áhrif þessarar hækkunar, sem er tímabundin til loka febrúar 1983, var talin auka tekjur ríkissjóðs um 140 m. kr. og að meiri hluti þeirra tekna innheimtist á árinu 1982.

2.3 Breyting tekna og gjalda frá fjárlögum 1982

Tekjur: Tekjur reyndust alls nema 9 562 m. kr. eða 1 595 m. kr. hærri fjárhæð en fjárlög 1982 gefa til kynna. Meginskýring tekna umfram fjárlagaáætlun er, eins og fram er komið, önnur þróun verðlags en reiknitala fjárlaga fól í sér. Auk þessa leiddu efnahagsráðstafanir til nokkurra breytinga á tekjuhlið fjárlaganna. Sérstaklega skal þó nefnt að innheimta beinna skatta var áætluð alls 1 361 m. kr. en reyndist samkvæmt reikningsniðurstöðu nema alls 1 493 m. kr. eða 132 m. kr. hærri en í áætlun. Fyrst og fremst eru það tekjur af tekju- og eignarskatti sem reyndust hærri.

Í fjárlögum var áætlað að brúttó álagning tekjuskatts einstaklinga næmi 1 482 m. kr. Álagning tekjuskatts reyndist allnokkuð önnur. Frumálagning tekjuskatts einstaklinga varð 1 670 m. kr. en það er tæplega 70% hækkun frá frumálagningu 1981. Álagningartölur tekjuskatts félaga reyndist einnig hækka umtalsvert. Þrátt fyrir hærri álagningu liggur ljóst fyrir að innheimta beinna skatta varð heldur lakari en árið áður. Um aðra þætti tekjuhliðar þarf ekki að fjölyrða og er vísað til töflu 1 í viðauka.

Gjöld: Svo sem fram er komið nema heildargjöld ríkissjóðs 9 324 m. kr. í stað 7 909 m. kr. í fjárlögum. Í töflu 2 í viðauka er sýndur samanburður greiddra gjalda 1981 og 1982 auk þess sem gjaldatölur fjárlaga til hliðstæðra málaflokka koma fram. Hér verður ekki fjallað sérstaklega um einstaka gjaldaliði eða útgjöld einstakra ráðuneyta. Þess í stað er valið að skýra helstu þætti útgjaldaaukningar, en henni má skipta í fjóra meginflokka.

Í fyrsta lagi tengjast efnahagsráðstöfunum ársins umtalsverð ríkisútgjöld vegna aukinna niðurgreiðslna og greiðslu láglaunabóta. Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um þessi atriði en vísað er til þess sem þegar hefur komið fram hér á undan.

Í öðru lagi reyndist raunveruleg verðlagsþróun á árinu 1982 verulega frábrugðin því sem fjárlög miðuðust við með tilliti til launaútgjalda og fjölmargra annarra rekstrarliða. Út frá bráðabirgðaniðurstöðum ríkisbókhalds er ógerlegt að svo komnu máli að sundurliða með neinni vissu þær fjárhæðir á einstakar gjaldategundir. Athugun bendir þó til þess að laun fari um 400—500 m. kr. fram úr áætlunartölu fjárlaga, þ. a. um 240 m. kr. sem rekja má til áhrifa kjarasamninga og verðlags eins og fram er komið og 150—200 m. kr. vegna umframgreiðslna á launum hjá nokkrum stofnunum, t. d. sýslumannsembættum, bifreiðaeftirliti o. fl.

Í þriðja lagi námu greiðslur ríkissjóðs til almannatrygginganna alls 2 526 m. kr. eða 389 m. kr. hærri fjárhæð en tilgreint er í fjárlögum. Að auki greiddi ríkissjóður niður 110 m. kr. af skuldum við Tryggingastofnun ríkisins, en segja má að skuldagreiðsla þessi hafi reynst nauðsynleg til þess að bæta lausafjárstöðu ýmissa vörslusjóða Tryggingastofnunarinnar.

Hækkun útgjalda til lífeyristrygginga, alls 153 m. kr., skýrist í öllum megindráttum af almennum bótahækkunum, sem í flestum tilvikum samræmast launahækkunum.

Útgjöld sjúkratrygginga hækka alls um 340 m. kr. Til verðlagsbreytinga má rekja 220 m. kr., og 86 m.kr. til þess að bæta halla ársins 1981 og rétta rekstrargrundvöll sjúkrahúsa 1982. Að auki má rekja 34 m. kr. til útgjalda vegna nýrrar starfsemi og bráðabirgðafyrirgreiðslu ýmiss konar við sjúkrahúsin.

Að síðustu er að nefna að á fjárlagaárinu kemur ávallt til ýmissa óumflýjanlegra útgjalda ríkissjóðs. Getur þar verið um að ræða nauðsynlegar leiðréttingar á áætlunum, ákvarðanir ríkisstjórnar og fjármálaráðherra, útgjöld vegna ýmissa sérlaga sem afgreidd eru af Alþingi o. fl.

Fullkominni flokkun útgjaldaaukningar ríkissjóðs samkvæmt þessum fjórum megin-

flokkum er ekki lokið, en að henni unnið. Hins vegar gefa töfluyfirlit 2 og 3 og myndir í viðauka yfirsýn um helstu málaflokka útgjalda.

3. Skuldastaða ríkissjóðs

Skuldastöðu ríkissjóðs má skoða með tilliti til þriggja meginþátta, þ. e. almennra viðskiptamanna, ýmissa umsaminna lána, innlendra og erlendra, og Seðlabanka.

Viðskiptamenn: Staða á viðskiptareikningum ríkissjóðs er þýðingarmikil fyrir greiðsluafkomuna. Staða þessara reikninga hefur tekið verulegum breytingum á árinu 1982 en hafa verður þó í huga að niðurstöður þessar eru byggðar á bráðabirgðaniðurstöðum um afkomu ríkissjóðs.

Staða í m. kr.	Árslok 1980	Árslok 1981	Árslok 1982	Breyting 1981—82
1. Inneign ríkissjóðs	636	958	1 066	108
2. Skuldir ríkissjóðs	−301	−492	−392	100
3. Mismunur	+335	+466	+674	208

Aukning viðskiptakrafna ríkissjóðs skýrist í megindráttum af því að ríkissjóður hefur veitt nokkrum ríkisstofnunum bráðabirgðalán, þar á meðal Rafmagnsveitum ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Listasafni Íslands o. fl. Þá má nefna kröfur á ýmsa aðila vegna tollaskulda, bæði opinberra og einkaaðila. Ávallt er nokkur breyting á viðskiptaskuldum ríkissjóðs, en meginskýring þess að viðskiptaskuldir lækka er að ríkissjóður greiddi 110 m. kr. af skuldum við Tryggingastofnun ríkisins. Aukning annarra viðskiptaskulda nam alls um 10 m. kr. nettó. Í endanlegum ríkisreikningi fyrir árið 1982 á eftir að færa til eignar óinnheimtar kröfur, m. a vegna álagðra skatta. Á móti hækka skuldir á viðskiptareikningum vegna markaðra tekna til sjóða og fleiri aðila sem ekki hafa farið fram. Þessar kröfur breyta þó engu um stöðu viðskiptareikninga miðað við uppgjör ríkissjóðs á greiðslugrunni.

Lánastaða ríkissjóðs: Í eftirfarandi yfirliti er sýnd staða erlendra og innlendra lána ríkissjóðs utan Seðlabanka. Jafnframt er vísað til töflu 6 í viðauka. Á síðustu árum hefur ríkissjóður nær eingöngu aflað innlendra lána til fjármögnunar á verkefnum í A-hluta ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu skulda ríkissjóðs árin 1979—1981 í samandregnu formi.

	Staða 1979	Staða 1980	Staða 1981
Lántökur í m. kr.:			
Innlend lán	382	636	1 145
Erlend lán	166	288	370
Skuldir alls	548	924	1 515
Lánveitingar í m. kr.:			
Innlend lán	81	108	199
Erlend lán	18	27	34
Lánveitingar alls	99	135	233
Nettó skuldir	449	789	1 282

Að svo komnu máli liggur ekki fyrir endurmat lána ríkissjóðs utan Seðlabanka í árslok 1982. Allar fjárhæðir 1979—1981 eru stöðutölur samkvæmt endurmati ríkisbókhalds á skuldum og eignum.

Á árinu 1982 tók A-hluti ríkissjóðs að láni 270 m. kr. á innlendum lánsfjármarkaði, auk þess námu afborganir af veittum lánum 47 m. kr. Á móti greiddi ríkissjóður alls 150 m. kr. af innlendum og erlendum lánum öðrum en lánum hjá Seðlabanka og nettó útstreymi vegna lána, hlutafjár- og stofnfjárframlaga varð 51 m. kr.

Staða ríkissjóðs við Seðlabankann: Staða ríkissjóðs við Seðlabankann batnaði á árinu 1982. Heildarskuld ríkissjóðs í ársbyrjun 1982 var 250 m. kr. Heildarskuld í árslok 1982 nemur 201 m. kr. þrátt fyrir að endurmat skulda vegna verðbótaþáttar lána nemi 79 m. kr.

Í fjárlögum var stefnt að 120 m. kr. endurgreiðslu af lánum í Seðlabankanum. Alls námu greiðslur af langtímalánum 160 m. kr. Nettó hreyfing allra reikninga við Seðlabankann er því sú að heildarskuldir lækkuðu um 49 m. kr., sbr. töflu 6 í viðauka.

Mynd 1 sýnir m. a. breytingu á skuldastöðu ríkissjóðs á undanförnum árum og hafa skuldir í árslok hvert ár verið reiknaðar til verðlags í árslok 1982.

Mynd 1: Skuld ríkissjóðs A-hluta, 1977—1982, framreiknuð til verðlags í árslok 1982.



(1)Ekki er unnt að sýna skuld ríkissjóðs við aðra en Seðlabankann árið 1982 þar sem endurmat á þeim liggur ekki fyrir ennþá.

Myndin sýnir hvernig raungildi skuldastöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum hefur lækkað á árunum 1978—1982. Jafnframt má sjá að raungildi heildarskulda hefur einnig farið lækkandi á tímabilinu 1978—1981.

Afkoma ríkissjóðs frá einu ári til annars og innan tiltekins árs hefur nokkur áhrif á peningamagn í umferð. Með bættri stjórnun ríkisfjármálanna hefur tekist að draga úr yfirdráttarskuldum ríkissjóðs innan hvers árs og jafna þannig stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann.

Mynd 2

Meðalstaða A-hluta ríkissjóðs í Seðlabankanum á meðalverðlagi ársins 1982.(1)



(1)Miðað við núllstöðu í upphafi hvers árs, þ.e.a.s. myndin sýnir breytingu meðalstöðu innan hvers árs

Í stað þess að sýna skuldastöðu ríkissjóðs við Seðlabanka í árslok eins og fram kemur í töflu 6 í viðauka er mynd 2 ætlað að sýna fjárþörf ríkissjóðs innan ársins. Hefur þá tillit verið tekið til fjárþarfar ríkissjóðs í hverjum mánuði ársins. Myndin sýnir þá hreyfingu sem á sér stað á skuldastöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum innan hvers árs án tillits til skuldastöðunnar í árslok árið á undan.

Það er keppikefli ríkissjóðs að lækka meðalstöðu skulda innan ársins til þess að hamla gegn aukningu á peningamagni í hagkerfinu. Eins og myndin ber með sér hefur þetta tekist allvel, sérstaklega á árinu 1982. Að nokkru er þetta vegna nákvæmara eftirlits með útstreymi gjalda og jafnari innheimtu ríkissjóðstekna. Afkoman síðari hluta árs varð þó ekki eins og á árunum 1979 og 1981, að hluta til vegna þess hve haldið hafði verið aftur af útstreymi fjár framan af ári, og að hluta til vegna þess að samdráttaráhrifa efnahagslífsins var einnig farið að gæta undir lok árs 1982.

4. Lánsþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila

Tafla 8 í viðauka sýnir annars vegar lánsfjáröflun samkvæmt lánsfjárlögum og hins vegar raunverulega afgreiðslu lánsfjár til stofnana og fyrirtækja á árinu 1982. Í töfluyfirlitinu er jafnframt getið uppruna viðbótarlántöku sem á sér ýmist stoð í sérlögum um fyrirtækin, ónýttum heimildum fyrri ára eða í fjárlögum 1983. Í mörgum tilvikum er um frávik milli lánsfjárlaga og lánsfjárafgreiðslu að ræða, sem eiga rætur að rekja til verðlags- og gengisbreytinga umfram forsendur lánsfjáráætlunar á árinu 1982.

Á árinu 1982 var með lánsfjárlögum stefnt að 455 m. kr. innlendri og 1 421 m. kr. erlendri lánsfjáröflun til opinberra aðila. Eins og töfluyfirlit 8 ber með sér var innlend fjáröflun í heild mjög nærri því sem áætlað var og reyndist 453 m. kr. Hins vegar voru frávik á einstökum liðum innlendrar fjáröflunar. Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs reyndist 18 m. kr. lægri en að var stefnt. Verðbréfakaup banka og sparisjóða urðu 27 m. kr. undir áætlun, en innlend fjáröflun af öðrum toga reyndist 43 m. kr. umfram áætlun. Af þessum sökum reyndist nauðsynlegt að fjármagna þá viðbót sem mismunur lánsfjárlaga og lánsfjárafgreiðslu fól í sér að öllu leyti með erlendu lánsfé. Erlendar lántökur hins opinbera á árinu 1982 urðu alls 1 911 m. kr.

Þrátt fyrir að kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs hafi gengið eftir í heild eru kaup lífeyrissjóðanna á verðbréfum af einstökum sjóðum nokkurt áhyggjuefni. Eftirfarandi yfirlit sýnir verðbréfakaup lífeyrissjóða samkvæmt lánsfjárlögum 1982 og raunveruleg kaup það ár (í m. kr.)

	Lánsfjár-lög 1982	Endanleg kaup	Mismunur
Byggingarsjóður ríkisins	187	129	÷58
Byggingarsjóður verkamanna	110	67	÷43
Framkvæmdasjóður	110	90	÷20
Ríkissjóður	55	55	
Aðrir sjóðir	—	121	+121
	462	462	0

Kaup einstakra sjóða eru mjög mismunandi og verður hér ekki um fjallað að hve miklu marki þeir inna af hendi þá kaupskyldu sem þeim er ætlað með lögum. Á hitt ber þó að líta að 121 m. kr. af lífeyrissjóðafé rennur til sjóða og lánastofnana sem ekki var sérstaklega ætlað lánsfé lífeyrissjóða, þ. a. veðdeild Iðnaðarbankans 50 m. kr., Verslunarlánasjóður 27 m. kr., stofnlánadeild Sambandsins 26 m. kr. og stofnlánadeild landbúnaðarins 18 m. kr.

Eins og fram er komið var stefnt að 1 421 m. kr. erlendri lánsfjáröflun. Niðurstöður samkvæmt töflu 8 sýna að erlend lánsfjáröflun reyndist nokkru meiri. Hér er þó ekki um aukna skuldsetningu að ræða í öllum tilvikum. Erlend lántaka hitaveitna umfram áætlun er veruleg. Það sem hér veldur er að 1982 bauðst hitaveitum lánsfé á hagstæðum kjörum. Því voru tekin langtímalán umfram fjárhæðir lánsfjárlaga. Eldri lántökuheimildir voru þá nýttar auk þess sem erlend bráðabirgðalán voru endurgreidd.

Erlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, þ. e. A- og B-hluta, var alls áformuð 768 m. kr. en reyndist 860 m. kr. Heimildar til þessarar viðbótarlántöku var leitað í 6. gr. fjárlaga árið 1983, auk þess sem málið verður tekið upp í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Í töflu 8 koma fram frávik á lánsfjárráðstöfun samkvæmt lánsfjárlögum og raunverulegri afgreiðslu lánsfjár á árinu 1982. Eru ástæður þess margvíslegar. Fyrst ber að nefna Lánasjóð íslenskra námsmanna, en sjóðurinn átti í verulegum erfiðleikum með úthlutun

námslána á seinni hluta ársins. Höfuðástæðu erfiðleikanna má fyrst og fremst rekja til gífurlegrar fjölgunar lánsumsókna til sjóðsins eða sem nemur 26% frá fyrra ári. Fjármagnsþörf sjóðsins var m. a. leyst með viðbótarlántökuheimild og aukafjárveitingu úr ríkissjóði. Áberandi eru frávik í fjármagnsútgjöldum Kröflu og byggðalína. Skýrist þetta af miklum mismun á raunverulegum gengisbreytingum og þeim sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Þá áttu Rafmagnsveitur ríkisins við mikla greiðsluerfiðleika að etja seinni hluta ársins vegna langvarandi rekstrarhalla á liðnum árum. Erfiðleikar fyrirtækisins voru leystir að hluta með heimild til viðbótarlántöku ásamt viðskiptaskuldum hjá ríkissjóði.

Í töflu 9 í viðauka er gefið yfirlit um þróun erlendra lána og skiptingu lánsfjár milli veigamestu þátta. Yfirlitið sýnir töluverðar sveiflur milli ára.

Að síðustu er að nefna töflu 10 í viðauka sem gefur yfirlit um ýmsar stærðir sem skýra nettóstöðu þjóðarbúsins út á við. Áhyggjuefni er hve ört skuldastaða þjóðarbúsins út á við hefur vaxið á undanförnum árum enda hefur verið ráðist í ýmsar fjárfrekar raforkuframkvæmdir á þessu tímabili sem að meira og minna leyti hafa verið fjármagnaðar með erlendu lánsfé. Einnig koma fram í yfirlitinu hinar þungbæru endurgreiðslur af erlendum skuldum sem hlutfall útflutningstekna. Ógnvekjandi er sú gífurlega hækkun sem á sér stað milli áranna 1981 og 1982, en hafa ber þó í huga að nokkur samdráttur á sér stað í útflutningstekjum samhliða auknum endurgreiðslum af skuldum.

Töfluviðauki

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1981 og 1982. Greiðslugrunnur.
Tafla 2. Útgjöld ríkissjóðs A-hluti 1981 og 1982. Greiðslugrunnur.
Tafla 3. Ríkisútgjöld 1978—1982, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs 1970—1982, A-hluti.
Tafla 5. Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1970—1982.
Tafla 6. Skuld ríkissjóðs 1977—1982 samkvæmt ríkisreikningi.
Tafla 7. Skuld ríkissjóðs 1977—1982. Stöðutölur á verðlagi í árslok 1982.
Tafla 8. Lánsfjárlög 1982 og afgreiðsla lánsfjár 1982. Bráðabirgðatölur.
Tafla 9. Innkomin erlend lán 1971—1981, skipt eftir endanlegum notendum.
Tafla 10. Staða þjóðarbúsins út á við 1970—1982.

Tafla 1

Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1981 og 1982. Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

	Innheimt 1981	Innheimt 1982	Hækkun %	Fjárlög 1982
Beinir skattar	**920**	**1 493**	**62**	**1 361**
Tekjur- og eignarskattar	865	1 406	63	1 283
Sjúkratryggingagjald	33	47	42	51
Erfðafjárskattur	15	28	87	13
Framkvæmdasjóður aldraða	7	12	71	14
Óbeinir skattar	**4 987**	**7 884**	**58**	**6 482**
Aðflutningsgjöld	877	1 376	57	1 019
Innflutningsgjald af bifreiðum	133	106	−20	125
Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald	172	273	59	268
Bifreiðaskattur	66	113	71	110
Sölu- og orkujöfnunargjald	2 103	3 387	61	2 803
Launaskattur	291	484	66	390
Tryggingagjöld	147	207	41	210
Hagnaður ÁTVR	405	581	43	532
Stimpilgjöld o. fl.	132	210	59	177
Vörugjald	442	778	76	562
Verðjöfnunargjald á raforku	62	112	81	90
Aðrir óbeinir skattar	157	257	64	196
Arðgreiðslur, vextir o. fl.	**90**	**185**	**106**	**124**
Alls	5 997	9 562	59	7 967

Tafla 2

Útgjöld ríkissjóðs A-hluti 1981 og 1982. Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

		Útgjöld 1981	Útgjöld 1982	Hækkun %	Fjárlög 1982
1	**Almenn mál**	**587**	**977**	**66**	**622**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	531	877	65	555
12	Utanríkisþjónusta	56	100	79	67
2	**Félagsmál**	**3 424**	**5 319**	**55**	**4 394**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	937	1 532	63	1 188
22	Heilbrigðismál	509	821	61	662
23	Velferðarmál	1 978	2 966	50	2 544
3	**Atvinnumál**	**1 593**	**2 559**	**61**	**2 020**
31	Niðurgreiðslur	378	804	113	466
32	Landbúnaður	280	376	34	345
33	Sjávarútvegur	97	136	40	126
34	Iðnaðar- og orkumál	257	316	23	257
35	Samgöngur	581	927	60	826
4	**Ýmis mál**	**307**	**469**	**53**	**873**
5	**Gjöld samtals**	**5 911**	**9 324**	**58[1]**	**7 909**

1) Útgjöld ríkissjóðs hækka um 54% sé niðurgreiðslum bæði árin haldið utan við.

Tafla 3

Ríkisútgjöld 1978—1982, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu

		1978	1979	1980	1981	1982
1	**Almenn mál**	**2,9**	**2,9**	**2,9**	**2,9**	**3,2**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	2,6	2,6	2,6	2,6	2,9
12	Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2	**Félagsmál**	**15,4**	**15,5**	**15,7**	**17,0**	**17,7**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,6	4,5	4,6	4,7	5,1
22	Heilbrigðismál	2,1	2,2	2,3	2,5	2,7
23	Velferðarmál	8,7	8,8	8,8	9,8	9,9
3	**Atvinnumál**	**7,5**	**8,4**	**7,9**	**7,9**	**8,5**
31	Niðurgreiðslur	1,9	2,7	2,0	1,8	2,7
32	Landbúnaður	1,7	1,4	1,3	1,4	1,2
33	Sjávarútvegur	0,6	0,5	0,5	0,5	0,5
34	Iðnaðar- og orkumál	0,7	1,3	1,2	1,3	1,0
35	Samgöngur	2,6	2,5	2,9	2,9	3,1
4	**Ýmis mál**	**1,9**	**1,8**	**1,3**	**1,5**	**1,6**
5	**Gjöld samtals**	**27,7**	**28,6**	**27,8**	**29,3**	**31,0**

Tafla 4

Afkoma ríkissjóðs 1970—1982, A-hluti
Í milljónum króna

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982[1])
I Greiðsluafkoma:													
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka													
Gjöld	−92	−132	−182	−248	−403	−576	−698	−1011	−1611	−2467	−3766	−5911	−9324
Tekjur	95	130	178	240	358	493	683	956	1543	2378	3681	5997	9562
Samtals	+3	−2	−4	−8	−45	−83	−15	−55	−68	−89	−85	+86	+238
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	+2	+3	+6	+7	+8	+17	+14	+34	+29	+30	+75	+86	−91
Samtals	+5	+1	+2	−1	−37	−66	−1	−21	−39	−59	−10	+172	+147
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka													
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	+4	−2	+1	−4	−35	−55	−9	−21	−45	+22	+45	+158	+126
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	+1	+1	0	+1	+1	0	+4	+4	+8	+1	+17	−1	0
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	+5	−1	+1	−3	−34	−55	−5	−17	−37	+23	+62	+157	+126
Ýmsir viðskiptamenn	0	+2	+1	+2	−3	−11	+4	−4	−2	−82	−72	+15	+21
Samtals	+5	+1	+2	−1	−37	−66	−1	−21	−39	−59	−10	+172	+147
II Rekstrarafkoma:													
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda	+4	−3	+1	−3	−35	−75	+8	−25	−16	−11	+139	+175	...

1) Skv. bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds.

Breyting á raungildi ríkisframlaga til nokkurra málaflokka samkvæmt fjárlögum hvers árs (1977 = 100)



Breyting á raungildi ríkisframlaga til nokkurra málaflokka samkvæmt fjárlögum hvers árs (1977 = 100)



Tafla 5

Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1970—1982
Útgjöld skv. A-hluta ríkisreiknings. Rekstrargrunnur

	Heildarútgjöld %	Þar af framlög til almannatrygginga og niðurgreiðslna %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatrygginga og niðurgreiðslna %
1970	21,8	7,2	14,6
1971	24,6	9,3	15,3
1972	26,9	10,8	16,1
1973	26,0	10,6	15,4
1974	29,1	10,8	18,3
1975	30,4	11,4	19,0
1976	26,5	9,4	17,1
1977	27,0	7,6	19,4
1978	28,6	9,5	19,1
1979	29,5	10,5	19,0
1980	28,5	9,9	18,6
1981	29,8	10,6	19,2
1982[1])	30,1	10,8	19,3

1) Skv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds á greiðslugrunni og miðað við 31 000 m. kr. áætlaða verga þjóðarframleiðslu 1982. Athygli er vakin á að VÞF dróst saman um 2,0% 1975 og 3,5% 1982, sem skýrir að hluta háar hlutfallstölur þessi ár.

Tafla 6

Skuld ríkissjóðs 1977—1982 samkvæmt ríkisreikningi
Í milljónum króna

Ár	Við Seðlabanka					Við aðra innlenda og erlenda aðila				Heildarskuld	
	Yfirdr. A	Stutt lán B	Löng lán C	Bankainnist. D	Staða A+B+C−D	Yfirdr. A	Stutt lán B	Löng lán C	Staða A+B+C	Verðlag hvers árs	Fast verðl. í árslok 1982
Stöðutölur í árslok											
1977	26,3	—	128,4	3,0	151,7	0,3	12,3	193,0	205,6	357,3	2 702,0
1978	109,2	—	169,7	6,3	272,6	2,7	37,6	322,1	362,4	635,0	3 276,0
1979	9,1	85,0	261,6	59,8	295,9	2,9	43,6	501,2	547,7	843,6	2 822,0
1980	32,7	40,0	305,5	47,7	330,5	5,8	72,3	845,4	923,5	1 254,0	2 667,0
1981	26,7	40,0	288,7	105,3	250,1	9,4	109,7	1 396,7	1 515,8	1 765,9	2 585,0
1982[1])	—	0	248,0	47,0[2])	201,0	...	...	...	...	...	...
Hreyfing milli ára											
1977/1978	+82,9	—	+41,3	+3,3	+120,9	+2,4	+25,3	+129,1	+156,8	+277,7	+574,0
1978/1979	−100,1	+85,0	+91,9	+53,5	+23,3	+0,2	+6,0	+179,1	+185,3	+208,6	−454,0
1979/1980	+23,6	−45,0	+43,9	−12,1	+34,6	+2,9	+28,7	+344,2	+375,8	+410,4	−155,0
1980/1981	+6,0	0	−16,8	+57,6	−80,4	+3,6	+37,4	+551,3	+592,3	+511,9	−82,0
1981/1982	—	−40,0	−40,7	−31,6	−49,1	...	...	...	...	...	...

1) Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.
2) Hér er um nettóstöðu bankareikninga í Seðlabanka að ræða, þ. e. bankainnistæður að frádregnum yfirdrætti.

Tafla 7

Skuld ríkissjóðs 1977—1982
Stöðutölur á verðlagi í árslok 1982 í m. kr.

Ár	Seðlabanki Íslands		Við aðra erl. og innl. aðila		Heildarskuld	
	Staða	Staða, verðlag í árslok 1982	Staða	Staða, verðlag í árslok 1982	Staða	Staða, verðlag í árslok 1982
1977	151,7	1 148,0	205,6	1 554,0	357,3	2 702,0
1978	272,6	1 406,3	362,4	1 869,7	635,0	3 276,0
1979	295,9	989,6	547,7	1 832,4	843,6	2 822,0
1980	330,5	702,7	923,5	1 964,3	1 254,0	2 667,0
1981	250,1	366,4	1 515,8	2 218,6	1 765,9	2 585,0
1982	201,0	201,0	...	...	...	...

Tafla 8

Lánsfjárlög 1982 og afgreiðsla lánsfjár 1982 skv. bráðabirgðatölum (í þús. kr.)

	Lánsfjárlög 1982	Viðbótarheimildir 1982	Heimildir alls	Afgreitt 1982	Mismunur
1. Ríkissjóður					
1.1 A-hluti:					
Þjóðarbókhlaða	7 500	—	7 500	7 400	
Vegagerð	200 000	—	200 000	200 000	
Landshafnir	2 500	—	2 500	2 500	
Hlutafjár- og eiginfjárframlög	43 680	—	43 680	43 680	
Aðstoð við Flugleiðir hf.	33 100	—	33 100	33 100	
Styrking dreifikerfis í sveitum	21 000	—	21 000	14 900	
Hafnargerð vegna skipaiðnaðar	15 500	—	15 500	15 500	
Annað	50 800	—	50 800	0	
Samtals A-hluti	374 080	—	374 080	317 080[1])	+57 000[2])
1.2 B-hluti:					
Byggðasjóður	50 000	—	50 000	50 000	0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	4 000	—	4 000	1 500	+2 500[3])
Lánasjóður ísl. námsmanna	50 000	15 100[4])	65 100	65 100	0
Bjargráðasjóður	15 000	—	15 000	15 000	0
Ríkisútvarp skv. heimild 1981	—	500[5])	500	500	0
Lagmetisiðjan Siglósíld	1 500	—	1 500	1 500	0
Skipaútgerð ríkisins	53 000	15 200[6])	68 200	68 200	0
RARIK, alm. framkvæmdir	118 660	10 000[4])	128 660	128 660	0
,, varaafl fyrir landskerfið	10 000	—	10 000	10 000	0
Byggðalínur	100 493	11 400[4])	111 893	111 893	0
Krófluvirkjun, framkvæmdir	63 175	—	63 175	63 175	0
,, fjármagnsútgjöld	71 537	15 000[4])	86 537	125 600	−39 063
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	22 000	—	22 000	22 000	0
,, fjármútgj.	11 385	—	11 385	11 385	0
Grænfóðurverksmiðjur	4 000	—	4 000	3 000	+1 000[7])
Orkusjóður, byggðalínur, fjármútgj.	104 100	25 000[4])	129 100	139 700	−10 600
,, hitaveitulán	7 500	—	7 500	6 800	+700[7])
,, jarðhitaleit	7 000	—	7 000	7 000	0
,, flutn. línu í Önundarfirði	1 840	—	1 840	1 840	0
,, sveitarafvæðing	4 500	—	4 500	4 500	0
Sementsverksmiðjan	18 000	—	18 000	18 000	0
Landssmiðjan	7 000	—	7 000	7 000	0
Áburðarverksmiðjan	17 000	26 600[5])	43 600	31 240[8])	+12 360[7])
Póstur og sími,vörukaupalán o. fl.	7 000	—	7 000	[41 200]	0
,, lagn. sjálfv. síma	34 200	—	34 200		0
Næstu stórvirkjanir (Blanda)	60 000	—	60 000	60 000	0
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld	5 400	—	5 400	0	+5 400[3])
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	800	—	800	800	0
Samtals B-hluti	849 090	118 800	967 890	995 593	−27 703

Tafla 8. frh.

	Láns-fjárlög 1982	Viðbótar-heimildir 1982	Heimildir alls	Afgreitt 1982	Mismunur
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs:					
Landsvirkjun	404 560	41 990[5])	446 550	536 500	−89 950
Orkubú Vestfjarða, raforku- og hitaveituframkvæmdir	39 500	13 000[4])	52 500	52 500	0
Sjóefnavinnsla, steinullarverksmiðja, stálfélag	40 000	—	40 000	25 200[9])	+14 800[10])
Iðnrekstrarsjóður, orkunýtingarannsóknir	10 000	—	10 000	—	+10 000[11])
Járnblendifélagið	—	65 636[12])	65 636	65 636[13])	0
Kísiliðjan	3 000	—	3 000	3 000	0
Annað	15 000	26 548[14])	41 548	47 248[15])	−5 700
Samtals	512 060	147 174	659 234	730 084	−70 850
3. Sveitarfélög:					
Hitaveita Suðurnesja	14 100	—	14 100	69 330	−55 230[16])
Hitaveita Akureyrar	75 300	—	75 300	149 984	−74 684[16])
Hitaveita Borgarfj. og Akraness	18 300	—	18 300	69 330	−51 030[16])
Hitaveita Eyra	7 600	—	7 600	—	+7 600
Hitaveita Rangæinga	—	—	—	9 400	−9 400[16])
Vestmannaeyjar	8 520	—	8 520	8 520	0
Ýmislegt	16 480	—	16 480	14 650[17])	+1 830
Samtals	140 300	—	140 300	321 214	−180 914
4. Ráðstöfun (1 + 2 + 3) = Fjáröflun (5 + 6)	1 875 530			2 363 971	
5. Innlend fjáröflun	455 000			452 965	
Spariskírteini	150 000			131 883	
Innheimt endurlán (nettó)	107 000			114 200	
Verðbréfakaup bankakerfisins (nettó)	97 000			70 382	
Verðbréfakaup lífeyrissj. (nettó)	46 000			55 000	
Önnur innlend fjáröflun	55 000			81 500[18])	
6. Erlend lán	1 420 530			1 911 006	

1) Þar af 46 500 þús.kr. vextir og afborgun Landsvirkjunar af skuldabréfi vegna yfirtöku á byggðalínum, aðveitustöðvum o. fl.
2) Ónýtt lánsfjárheimild ríkissjóðs á árinu 1982.
3) Verður ekki nýtt á árinu 1983.
4) Heimild samkvæmt lið 3.5 í 6. gr. fjárlaga 1983.
5) Heimild flutt frá fyrra ári.
6) Heimild flutt frá fyrra ári 10 200 þús.kr. og heimild samkvæmt lið 3.5 í 6. gr. fjárlaga 1983 5 000 þús. kr.
7) Heimild sem kann að verða nýtt á árinu 1983.
8) Heimild fyrra árs var nýtt að fullu á árinu 1982, auk þess var nýtt $450 þús. lántaka af $1 650 þús. lánsfjárlagaheimild 1982.
9) Öll afgreiðsla á árinu 1982 rann til Sjóefnavinnslunnar.
10) Sbr. heimildir í sérlögum.
11) Verður ekki nýtt á árinu 1983, þar sem stofnað hefur verið í B-hluta fjárlaga 1983 fyrirtækið Iðnaðarrannsóknir.
12) Heimild til lántöku samkvæmt lögum nr. 18/1977 og lögum nr. 45/1982.
13) Lán sem ríkissjóður tók og endurlánaði síðan til Járnblendifélagsins með ríkisábyrgð, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 18/1977.
14) Sbr. lög nr. 60/1982 vegna Skallagríms h.f.
15) Hólalax h.f. 800 þús. kr., Skallagrímur h.f. 26 548 þús. kr. og Þormóður rammi h.f. 19 900 þús. kr.
16) Að hluta vegna ónýttra ríkisábyrgða og endurfjármögnunar lána.
17) Bæjarsjóður Ísafjarðar 2 000 þús. kr., bæjarsjóður Neskaupstaðar 3 000 þús. kr., bæjarsjóður Siglufjarðar 5 900 þús. kr., bæjarsjóður Vestmannaeyja 2 500 þús. kr., hitav. Hríseyjar 500 þús. kr. og Hofsós 750 þús. kr.
18) Vextir og afborganir Landsvirkjunar af skuldabréfi vegna yfirtöku á byggðalínum, aðveitustöðvum o. fl. 46 500 þús. kr., lántaka Bjargráðasjóðs hjá bankakerfinu 5 000 þús. kr. og lántaka ríkissjóðs hjá Framkvæmdasjóði 30 000 þús. kr.

Tafla 9

Innkomin erlend lán 1971—1981, skipt eftir endanlegum notendum[1])
Á meðalgengi 1980 í m. kr.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
Erlend lán alls	**283,6**	**301,2**	**335,4**	**625,2**	**693,3**	**566,4**	**805,2**	**661,7**	**776,1**	**1 061,5**	**1 382,2**
Opinberir aðilar alls	**118,4**	**188,6**	**102,2**	**283,4**	**352,8**	**315,8**	**435,3**	**342,8**	**404,2**	**586,5**	**693,0**
Ríkissjóður A-hluti	36,4	17,5	24,0	46,0	52,3	0,2	49,9	36,0	18,5	69,0	70,1
Orkumál	51,5	111,0	28,6	111,0	217,0	280,9	268,8	191,1	249,0	360,5	518,7
Annað	1,6	5,3	5,7	9,7	2,0	7,3	5,2	7,3	42,4	16,9	[53,8]
Ríkisfyrirtæki með almennan rekstur	9,2	6,7	4,2	8,5	12,6	12,4	3,3	10,2	12,2	8,1	
Bæjar- og sveitarfélög,	19,7	48,1	39,7	108,2	68,9	15,0	108,1	98,2	82,1	132,0	50,4
þ. a. orkumál	(4,8)	(22,8)	(10,9)	(46,6)	(52,4)	(5,4)	(97,4)	(93,5)	(65,0)	(85,6)	(32,3)
Lánastofnanir alls	**19,8**	**50,9**	**97,9**	**49,1**	**131,1**	**111,9**	**83,4**	**58,5**	**78,0**	**61,8**	**142,7**
Seðlabankinn	—	—	—	—	18,5	47,7	—	—	—	—	—
Framkvæmdasjóður	—	39,6	47,9	49,1	98,5	64,2	83,4	38,5	78,0	59,6	130,8
Aðrir fjárfestingarlánasjóðir	19,8	11,3	50,0	—	14,1	—	—	20,0	—	2,2	11,9
Einkaaðilar alls	**145,4**	**61,7**	**135,3**	**292,7**	**209,4**	**138,7**	**286,5**	**260,4**	**293,9**	**413,2**	**546,5**
Sjávarútvegur	4,3	44,6	78,0	156,8	106,0	30,2	149,9	97,0	108,3	142,0	240,7
Iðnaður	4,4	3,8	1,0	4,1	3,3	4,7	52,8	124,4	70,1	111,5	59,0
Samgöngur	134,9	13,0	49,4	126,3	97,2	97,4	80,9	37,8	112,3	152,6	217,2
Verslun	—	—	—	2,4	—	—	—	—	—	—	—
Landbúnaður	1,3	—	1,1	1,1	2,7	3,0	1,5	—	—	—	—
Annað	0,5	0,3	5,8	2,0	0,2	3,4	1,4	1,2	3,2	7,1	29,6

1) Lántökur fjárfestingalánasjóða eru ekki flokkaðar eftir endanlegum notendum.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 9 frh.

Hlutfallsleg skipting innkominna erlendra lána 1971—1981

	1971 %	1972 %	1973 %	1974 %	1975 %	1976 %	1977 %	1978 %	1979 %	1980 %	1981 %
Erlend lán alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Opinberir aðilar alls	**41,7**	**62,6**	**30,5**	**45,4**	**50,9**	**55,7**	**54,0**	**51,8**	**52,1**	**55,2**	**50,1**
Ríkissjóður A-hluti	12,8	5,8	7,2	7,4	7,5	—	6,2	5,4	2,4	6,5	5,1
Orkumál	18,6	36,8	8,5	17,7	31,3	49,6	33,4	28,9	32,1	33,9	37,5
Ríkisfyrirtæki með einkaleyfisaðstöðu	0,1	1,8	1,7	1,6	0,3	1,3	0,6	1,1	5,4	1,6	[3,9]
Ríkisfyrirtæki með almennan rekstur	3,2	2,2	1,3	1,4	1,8	2,2	0,4	1,5	1,6	0,8	
Bæjar- og sveitarfélög,	7,0	16,0	11,8	17,3	10,0	2,6	13,4	14,9	10,6	12,4	3,6
þ. a. orkumál	(1,7)	(7,6)	(3,3)	(7,5)	(7,6)	(1,0)	(12,1)	(14,1)	(8,4)	(8,1)	(2,3)
Lánastofnanir alls	**7,0**	**16,9**	**29,2**	**7,8**	**18,9**	**19,8**	**10,3**	**8,8**	**10,0**	**5,8**	**10,3**
Fjárfestingalánasjóðir	7,0	16,9	29,2	7,8	18,9	19,8	10,3	8,8	10,0	5,8	10,3
Einkaaðilar alls	**51,3**	**20,5**	**40,3**	**46,8**	**30,2**	**24,5**	**35,7**	**39,4**	**37,9**	**39,0**	**39,6**
Sjávarútvegur	1,5	14,8	23,3	25,0	15,3	5,3	18,6	14,7	14,0	13,4	17,4
Iðnaður	1,5	1,3	0,3	0,7	0,5	0,8	6,6	18,8	9,0	10,5	4,3
Samgöngur	47,6	4,3	14,7	20,2	14,0	17,2	10,1	5,7	14,5	14,4	15,7
Verslun	—	—	—	0,4	—	—	—	—	—	—	—
Landbúnaður	0,5	—	0,3	0,2	0,4	0,6	0,2	—	—	—	—
Annað	0,2	0,1	1,7	0,3	—	0,6	0,2	0,2	0,4	0,7	2,2

Tafla 10

Staða þjóðarbúsins út á við 1970—1982
(meðalgengi hvers árs)

Í m. kr.	Löng erlend lán	Stutt vöru-kaupalán o. fl.	Ógreiddur útflutningur	Gjaldeyris-staða	Nettóstaða við útlönd	Verg þjóðar-framleiðsla	Staða í hlutfalli við VÞF (%)		Greiðslu-byrði í % af útfl.-tekjum
							Löng erlend lán	Nettó-staða	
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1970	−115,1	−17,2	7,6	32,6	−92,0	431,8	26,6	21,3	11,2
1971	−145,0	−19,0	7,0	47,8	−109,1	549,6	26,4	19,9	10,0
1972	−172,5	−20,1	10,6	55,3	−126,7	684,2	25,2	18,5	11,4
1973	−226,1	−34,2	21,8	67,0	−171,5	966,3	23,4	17,8	9,1
1974	−337,9	−49,8	25,7	16,2	−345,9	1 410,8	23,9	24,5	11,2
1975	−672,8	−66,4	42,6	−30,4	−727,1	1 928,2	34,9	37,7	14,2
1976	−898,5	−97,5	59,9	−3,9	−940,0	2 659,6	33,8	35,3	13,8
1977	−1 205,5	−146,1	89,2	56,7	−1 205,8	3 814,8	31,6	31,6	13,7
1978	−1 944,3	−237,5	160,4	173,2	−1 848,2	5 776,0	33,7	32,0	13,1
1979	−2 909,5	−435,9	246,2	396,0	−2 703,2	8 460,0	34,4	32,0	12.8
1980	−4 617,1	−768,9	395,0	759,0	−4 232,0	13 288,0	34,7	31,8	14,1
1981	−7 527,0	−1 065,0	627,0	1 517,0	−6 448,0	20 534,0	36,7	31,4	16,4
1982[1])	−14 700,0	−2 100,0	960,0	1 260,0	−14 580,0	31 000,0	47,4	47,0	24,5

1) Bráðabirgðatölur.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Ed. 414. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Guðmundsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Egill Jónsson.

Alþingi, 1. mars 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir. Stefán Jónsson.

Jón Helgason.

Ed. 415. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen og Karl Steinar Guðnason.

Alþingi, 1. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., frsm. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Jón Helgason. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 416. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Gunnar Thoroddsen og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. | Þorv. Garðar Kristjánsson.

Jón Helgason. | Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 417. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar, Heilbrigðismálaráði Vestfjarða, Heilbrigðismálaráði Norðurlands vestra, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, Félagi yfirlækna, Heilbrigðismálaráði Reykjaneshéraðs, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Starfsmannaráði Borgarspítalans, borgarlækni, Læknafélagi Íslands, Félagi ísl. sjúkraþjálfara, héraðslækninum í Austurlandshéraði, Hjúkrunarfélagi Íslands og stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Enn fremur gerði fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlun um kostnaðarauka vegna þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur starfaði með nefndinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. mars 1983.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Karl Steinar Guðnason, fundaskr. | Jón Helgason.

Salome Þorkelsdóttir. | Lárus Jónsson. | Gunnar Thoroddsen.

Helgi Seljan, með fyrirvara.

Ed. 418. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   3. gr. 5. tl. orðist svo:
   3.5. Til þess að sinna kvörtunum og kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar, skipar ráðherra nefnd sem í eiga sæti þrír menn. Landlæknir skal vera formaður en Hæstiréttur tilnefnir tvo, sem ekki mega vera starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar, og skal annar vera embættisgengur lögfræðingur. Sömu reglur gilda um varamenn. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður og aðrar greinar færist til sem því nemur.
3. Við 9. gr. 17.4. orðist svo:
   17.4. Heimilt er að greiða sjúkraliða laun úr ríkissjóði gegni hann störfum á heilsugæslustöð þar sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fást ekki til starfa.
4. Við 10. gr. Greinin falli niður og aðrar greinar færist til sem því nemur.
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   19. gr. 1. tl. orðist svo:
   19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:
      1) Almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
      2) Lækningarannsóknir.
      3) Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.
      4) Heimahjúkrun.
      5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
         5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
         5.2. Mæðravernd.
         5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.
         5.4. Heilsugæsla í skólum.
         5.5. Ónæmisvarnir.
         5.6. Berklavarnir.
         5.7. Kynsjúkdómavarnir.
         5.8. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
         5.9. Sjónvernd.
         5.10. Heyrnarvernd.
         5.11. Heilsuvernd aldraða.
         5.12. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
         5.13. Félagsráðgjöf, þ. m. t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
         5.14. Umhverfisheilsuvernd.
         5.15. Atvinnusjúkdómar, sbr. og lög nr. 46/1980.

Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   24. gr. orðist svo:
   24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:
      1. Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknisfræðinnar, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.
      2. Deildasjúkrahús. Sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
      3. Almennt sjúkrahús. Sjúkrahús, sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
      4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili. Vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
      5. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, áfengis- og fíkniefnasjúklinga og fatlaða til dvalar eða starfs.
      6. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.
7. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Við 24. gr. bætist nýr töluliður, er verði 3. tl. og orðist svo:
   24.3. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.
8. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   30.1. Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir (ríkisspítalar), skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn þeirra allra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 32. gr. 3. tl., tilnefnir tvo menn, sameinað Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri ríkisspítalanna í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.
   32.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af fimm manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa tvo menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar kýs fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða kýs starfsmannaráð einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá.
   30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama gildir um annað starfslið, er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.
   30.4. Stefnt skal að því, að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. 2. tl. og forstjóri ríkisspítalanna skv. 30. gr. 1. tl. hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Sérstök nefnd metur hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Í

nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytis og er hann jafnframt formaður, fulltrúi félags forstöðumanna sjúkrahúsa, og skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn, og fulltrúi viðkomandi sjúkrahússtjórnar (stjórnarnefndar ríkisspítala), sem skipaður skal í hverju tilviki. Engan má ráða til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan.

30.5. Sjúkrahússtjórnir skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 4 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsanna. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar.

9. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
34. gr. 4. og 5. tl. orðist svo:

34.4. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhald fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

34.5. Ráðherra setur að höfðu samráði við landlækni, dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð, eftir því sem við á, reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga í hverju umdæmi, þar sem m. a. skal kveðið á um lágmarksmenntun sjúkraflutningsmanna, réttindi þeirra og skyldur og búnað sjúkraflutningstækja.

10. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1984. Skulu ofangreind lög þá að fullu úr gildi gengin. Sama gildir um læknastöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslið á launum hjá ríkinu og reknar eru af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um, hafi ráðuneytið viðurkennt þessar stöðvar og starfsemi sem fullnægjandi bráðabirgðalausn. Skulu þessar stöðvar fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaupi þess fastráðna, sérhæfða fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu, og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.

Nd. 419. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. þetta, sem fjallar um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán allt að 50 milljónum króna, gegn tryggingum sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.

Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 1. mars 1983.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, frsm.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Albert Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.
	Magnús H. Magnússon.	

Nd. 420. Frumvarp til laga [222. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við lögin bætist 39. gr., svohljóðandi:
Lög þessi falla úr gildi 31. des. 1983.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Það er yfirlýst stefna Alþýðuflokksins, að leggja beri niður Framkvæmdastofnun ríkisins. Samkvæmt blaðafregnum hefur þeirri stefnu nú bæst liðsauki úr óvæntri átt. 19. febrúar hefur DV það eftir blaðinu Suðurlandi, að á fundi á Selfossi hafi Sverrir Hermannsson alþm. og forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins sagt, að „réttast væri að loka Framkvæmdastofnun ríkisins fram yfir kosningar. Ástæðurnar væru þær, að Framsóknar- og Alþýðubandalagsráðherrar væru að slá kosningavíxla, sem sennilega væru upp á 100 millj. kr., í erlendum lánum. Með **lokun stofnunarinnar** væri hægt að koma í veg fyrir þá óráðsíueyðslu, sem virtist standa fyrir dyrum til andlitslyftingar ráðherrunum.“ Í viðtali við sama blað staðfestir forstjórinn að rétt sé með farið.

Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að sjálfsagt væri fyrir fjárhags- og viðskiptanefndir Alþingis að efna til sérstakrar rannsóknar á því, hvort þessar ásakanir forstjórans hafa við rök að styðjast. Hefðu tillögur stjórnarskrárnefndar um aukið valdsvið og verkefni þingnefnda til eftirlits með framkvæmdavaldinu nú tekið gildi, væri mál af þessu tagi sjálfsagt viðfangsefni þingnefnda.

Í tillögum um efnahagsmál, sem settar voru fram í nafni Alþýðubandalagsins á s. l. sumri, í tilefni af setningu bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar í ágúst 1982, var lagt til (liður 12) að Framkvæmdastofnun skyldi lögð niður og Byggðasjóður gerður sjálfstæður. Þannig virðist þeirri stefnu Alþýðuflokksins, að leggja beri niður Framkvæmdastofnun og breyta öllu stýrikerfi fjárfestingar, hafa vaxið mjög fylgi að undanförnu. Þegar forstjóri stofnunarinnar leggur síðan til að henni verði lokað, er óhjákvæmilegt að láta á það reyna, hvort meiri hluti Alþingis vill ekki taka hann á orðinu. Þetta frumvarp er flutt í því skyni.

2. Íslendingar verja háum hundraðshluta þjóðartekna sinna til fjárfestingar. Vegna lítillar og rýrnandi sparifjármyndunar með þjóðinni er fjárfestingin að stærstum hluta fjármögnuð með erlendum lántökum. Allir viðurkenna, að þegar erlendar skuldir til langs tíma nema um helmingi árlegrar þjóðarframleiðslu og um þriðjungur gjaldeyristekna fer til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánum, þá er efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í hættu. Sérstaklega á þetta við þegar spáð er samdrætti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Sýnu verst er þó, að allt of stórum hluta erlendra lána hefur verið varið til arðlausrar fjárfestingar eða til að standa straum af hallarekstri opinberra stofnana og fyrirtækja. Það eru lykilatriði bættrar hagstjórnar að efla innlendan sparnað með raunávöxt-

un sparifjár og láta strangt arðsemimat ráða því, hvar takmarkað fjárfestingarfé skilar mestum arði fyrir þjóðarbúið. Til þess að þetta megi verða þarf nýtt stýrikerfi fjárfestingar. Liður í því er að leggja niður Framkvæmdastofnun, létta af forræði ráðherra og alþingismanna í atkvæðaleit yfir úthlutun fjárfestingarlána og taka upp ný og betri vinnubrögð við mótun byggðastefnu.

3. Í því efni skal minnt á frumvarp til laga um mörkun byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlana, sem 7 þingmenn Alþýðuflokksins í neðri deild lögðu fram á 104. löggjafarþingi 1981 (97. mál). Þar er gert ráð fyrir því, að gerð byggðaáætlana færist inn í félagsmálaráðuneyti. Jafnframt er ráðgert að Alþingi afgreiði slíkar byggðaáætlanir, og beri þá ábyrgð á fjárveitingum til þeirra, með líkum hætti og vegáætlanir eru nú afgreiddar. Byggðasjóð á ekki að reka sem almennan lánasjóð, þaðan af síður sem eins konar viðbótarlánasjóð. Ef meiri hluti Alþingis tekur ákvörðun um sérstakar aðgerðir og fjárframlög til eflingar einstakra bygðarlaga, ber að gera það með almennum aðgerðum sem beinast að grundvallarþáttum byggðaþróunar, t. d. bættum samgöngum, aukinni þjónustu eða almennri eflingu lífvænlegra byggðakjarna. Þyki sérstök ástæða til að greiða niður fjármagn í þessu skyni, ber að gera það fyrir opnum tjöldum og á ábyrgð meiri hluta Alþingis.

4. Um uppsagnarfrest starfsmanna Framkvæmdastofnunar og forgangsrétt þeirra til starfa, sem losna hjá hinu opinbera, gilda ákvæði laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta á þó ekki við um forstjórana, sem hafa 12 mánaða uppsagnarfrest samkv. lögum um Framkvæmdastofnun.

5. Þess er vænst, verði þetta frumvarp samþykkt, að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til laga um ráðstöfun eigna og skulda Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs. Verði það ekki eru flutningsmenn þessa frumvarps reiðubúnir að leggja fram tillögur um það efni, þ. á m. í hvaða ríkisbönkum sjóðirnir verði framvegis vistaðir og hvaða ríkisstofnanir fái núverandi húsakynni Framkvæmdastofnunar við Rauðarárstíg til afnota.

Ed. 421. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Egill Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Alþingi, 1. mars 1983.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Jón Helgason.	Stefán Jónsson.	

Sþ. 422. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um öryggiskröfur til hjólbarða og um flutningsgjöld af hjólbörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu á tillögugreininni sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. mars 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Steinþór Gestsson.	Guðm. G. Þórarinsson.	Páll Pétursson.
	Halldór Blöndal.	

Sþ. 423. Breytingartillaga [139. mál]

við till. til þál. um öryggiskröfur til hjólbarða og innflutningsgjöld af hjólbörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning og notkun hjólbarða með hliðsjón af því, sem tíðkast í grannlöndum okkar, og kanna jafnframt hvort unnt sé að lækka verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum.

Nd. 424. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fjölmörgum fundum og fengið um málið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: menntamálaráðuneytinu, Landssamtökunum þroskahjálp, Öryrkjabandalaginu, svæðisstjórnum um málefni þroskaheftra, Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, Læknafélaginu, landlækni, Sambandi ísl. sveitarfélaga og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Einnig komu á fund nefndarinnar Magnús Magnússon sérkennslufulltrúi, menntamálaráðuneytinu, Margrét Margeirsdóttir og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson frá félagsmálaráðuneytinu, sem einnig skiluðu athugasemdum um einstakar greinar.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið hefur það tafið afgreiðslu málsins, að í ljós kom að meiri háttar ágreiningur var uppi milli menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis um IV. kafla frumvarpsins, sem snertir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Vegna þessa ágreinings voru félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra boðaðir á fund nefndarinnar.

Nefndin telur að með breytingartillögu, sem hún flytur á sérstöku þingskjali og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða, sé sá ágreiningur eftir atvikum leystur.

Einstakir nefndarmenn höfðu einnig ýmsar efasemdir um þennan kafla, m. a. í ljósi umsagna sem bárust um málið.

Nefndarmenn kynntu sér með sérstakri heimsókn starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar Kjarvalshúsi, sem varpaði skýru ljósi á nauðsyn greiningar- og ráðgjafarstarfsemi fyrir fatlaða, sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Félagsmálanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Guðrún Helgadóttir tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Guðmundar J. Guðmundssonar á tveim síðustu fundum nefndarinnar um málið.

Alþingi, 28. febr. 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Steinþór Gestsson.	Alexander Stefánsson.	Eggert Haukdal.
	Friðrik Sophusson.	

Sþ. 425. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 34. þingi Evrópuráðsins apríl 1982 — janúar 1983.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.
5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.
6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
7. Félagsmál.
8. Menningar- og menntamál.
9. Löggjafarmálefni.
10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
11. Landbúnaðarmál.
12. Sveitarstjórnarmál.
13. Önnur mál.
14. Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun, sem er fyrst og fremst samansett af ráðherranefnd, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd, sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar svo þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi þings Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing, sem er svipað þjóðþingum að samsetningu og hlýðir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta: að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með breytingum á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndunum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 34. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Varafulltrúar voru:

Kjartan Jóhannsson.
Pétur Sigurðsson.

Auk þess mætti Ingólfur Guðnason á þinginu fyrir Guðmund G. Þórarinsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:
Fastanefnd.
Stjórnmálanefnd.
Þingskapanefnd (varamaður).
Laganefnd (varamaður).

Guðmundur G. Þórarinsson:
Sameinaða nefndin.
Vísinda- og tækninefnd.
Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:
Efnahagsnefnd.
Upplýsinganefnd.
Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).
Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).
Fjárhags- og áætlananefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Menntamálanefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.
Vísinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:
Þingskapanefnd.
Fjárhags- og áætlananefnd.
Fastanefnd (varamaður).
Stjórnmálanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

34. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 27.—30. apríl 1982, annar hlutinn 19. september—7. október 1982 og þriðji hlutinn 24.—28. janúar 1983. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strasbourg.

Utanríkisráðherra Kýpur, Nikos A. Rolandis, ávarpaði þingið á vorfundinum. Lýsti hann vonbrigðum sínum yfir því, að þing Kýpur hefði enn ekki getað sent fulltrúa sína á þing Evrópuráðsins. Landfræðilega, sögulega og menningarlega væri Kýpur hluti af Evrópu. Gagnrýndi hann umfjöllun Kýpurmálsins í Evrópuráðinu og benti meðal annars á misræmið í afstöðu Evrópuráðsins til grísku herforingjastjórnarinnar og hinnar tyrknesku. Grikklandi hefði með réttu verið vikið úr Evrópuráðinu á tímum herforingjastjórnarinnar og sama ætti að gilda um Tyrkland nú. Það væri tvískinnungur að fordæma ástandið í Afganistan, Póllandi og við Falklandseyjar og jafnframt hvítþvo sig varðandi innrás og hernám Kýpur af einu aðildarríkja Evrópuráðsins.

Utanríkisráðherra Bretlands gat ekki mætt á vorfundinum og fylgt hefðbundinni skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði vegna ástandsins á Suður-Atlantshafi (Falklandseyjum). Það féll því í hlut varautanríkisráðherra Bretlands, Douglas Hurds. Hurd útskýrði afstöðu bresku stjórnarinnar í Falklandseyjadeilunni.

Spánski þingmaðurinn Jose Maria de Arilza var kjörinn forseti þingsins. Þorvaldur Garðar Kristjánsson var kjörinn einn af varaforsetum þingsins.

Mitterand Frakklandsforseti, Emil van Lennep aðalframkvæmdastjóri OECD og Poul Hartling flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna ávörpuðu haustfund þingsins.

Mitterand nefndi m. a. að Frakkar hefðu afnumið dauðarefsingu, og lét hann í ljós ósk um að bætt yrði grein í mannréttindasáttmála Evrópu þar sem dauðarefsing yrði bönnuð. Mitterand lét einnig í ljós þá skoðun, að Evrópuráðið ætti í framtíðinni að láta meira að sér kveða varðandi aukin samskipti Vestur- og Austur-Evrópu.

Utanríkisráðherra Austurríkis, Willibald Pahr, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

Karl Carstens forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands ávarpaði þingið á fundi þess í janúarmánuði s. l. og minnti á að Strasbourg væri sá staður þar sem Þjóðverjar hefðu endurheimt virðingu sína meðal þjóða Evrópu og þar sem Sambandslýðveldið hefði stigið sín fyrstu spor í alþjóðasamskiptum eftir stríðið.

Leo Tindemans utanríkisráðherra Belgíu fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

Fulltrúar San Marino sátu nú í fyrsta skipti þingið sem áheyrnarfulltrúar.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.

Fyrir þinginu lá skýrsla, sem þingmaður ítalskra kommúnista, Franco Calamandrei, hafði tekið saman og fjallaði um vernd lýðræðis gegn hryðjuverkum í Evrópu. Í skýrslunni er minnst á ákveðna erfiðleika í samstarfi Evrópuríkja að því er varðar baráttuna gegn hryðjuverkum. Samþykkt var tillaga þar sem m. a. er skorað á þau ríki, er ekki hafi fullgilt Evrópusamninginn um hryðjuverk, að fullgilda hann svo að hann geti tekið gildi. Er hvatt til aukins samstarfs við Bandaríkin og Kanada í þessum málum og jafnframt mælst til að mál þessi verði athuguð á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Fyrirmæli um sama efni voru jafnframt samþykkt.

Þingið samþykkti ályktun um Evrópu og Rómönsku Ameríku: Ógnun við mannréttindi. Þá var samþykkt ályktun sem byggðist á skýrslu sem lögð var fram af Antiu Gradin frá Svíþjóð og spánska sósíalistanum Luis Ynaez-Barnuevo. Í ályktuninni er m. a. skorað á Evrópuríki að hætta allri hernaðaraðstoð við þær ríkisstjórnir sem fótumtroðið hafa mannréttindi. Því er beint til Bandaríkjamanna að halda að sér höndunum varðandi

stuðning við slíkar ríkisstjórnir. Þá voru samþykkt fyrirmæli þar sem því er beint til aðildarríkjanna, að þau reyni að liðka til varðandi atvinnu fyrir pólitíska flóttamenn frá Rómönsku Ameríku.

Samþykkt var tillaga um Falklandseyjar þar sem hernám Falklandseyja af argentíska hernum er fordæmt. Lýsir þingið yfir stuðningi sínum við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 502, þar sem þess er krafist, að hernaði verði tafarlaust hætt, að Argentína dragi her sinn frá Falklandseyjum og að ríkisstjórnir Argentínu og Bretlands leiti lausnar á málinu eftir diplómatískum leiðum. Í ályktuninni er lýst fullri samstöðu með Bretum.

Samþykkt var ályktun um ástandið í Póllandi og samskipti Austurs og Vesturs, en skýrsla um þetta efni hafði verið lögð fram af franska Gaullista-þingmanninum Jacques Baumel. Aðgerðir pólska hersins eru harmaðar og fram kemur að þær hafi ekki einungis verið liður í að fótumtroða mannréttindi, m. a. réttindi til að mega safnast saman, og tjáningarfrelsi, heldur hafi þær skaðað efnahag landsins.

Aðgerðir kaþólsku kirkjunnar eru rómaðar. Í ályktuninni kemur fram að þróunin í Póllandi hafi leitt til þess, að Madrid-fundinum var frestað.

Eftir innrás Ísraels í Líbanon s. l. sumar samþykkti fastanefnd þingsins ályktun um ástandið í Líbanon. Er innrásin fordæmd og dauði óbreyttra borgara af líbönskum og palestínskum stofni harmaður. Er skorað á Ísrael að standa við fyrirætlanir sínar um að veita íbúum á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu sjálfstjórn.

Þingið samþykkti síðan ályktun þar sem ísraelski herinn er fordæmdur fyrir að ráðast á vesturhluta Beirut í trássi við alþjóðasamþykktir. Herinn hefði tekið að sér að halda uppi lögum og reglum á þessu svæði og þar af leiðandi bæri hann að hluta ábyrgð á fjöldamorðunum á Palestínumönnunum í Sabra- og Sadila-búðunum. Þá kemur fram að varanlegur friður í Miðausturlöndum getur einungis skapast ef palestínska þjóðin fær sjálf að ákveða framtíð sína, enda eigi hún rétt til eigin heimalands.

Fyrir haustfundinum lá skýrsla austurríska þingmannsins Ludwigs Steiners um ástandið í Tyrklandi. Kom þar fram að fyrir lægju drög að nýrri stjórnarskrá í Tyrklandi, en enginn vissa væri fyrir því, að sá texti, sem fyrir lægi, yrði sá sem þjóðaratkvæði ætti að skera úr um við atkvæðagreiðslu sem fram ætti að fara 7. nóvember. Þar að auki væri allsendis óvíst að þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram þann dag eins og tyrkneska herforingjastjórnin hefði tilkynnt. Allmiklar umræður urðu um skýrsluna nú eins og á 33. þinginu og skiptust menn nú í fylkingar á svipaðan hátt og þá. Það var samróma álit þingmanna vinstri- og miðflokkanna, er gagnrýndu stjórnarskrárdrögin, að stjórnarskráin fæli ekki í sér atriði sem vænst væri af evrópsku lýðræðisríki á þessari öld.

Þingið samþykkti, þrátt fyrir mörg mótatkvæði, ályktun þar sem minnt er á að það sé mikilvægt fyrir áframhaldandi aðild Tyrklands að Evrópuráðinu, að hin nýja stjórnarskrá uppfylli kröfur um þingræði og lýðræði svo og mannréttindi í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Í ályktuninni er kveðið á um atriði er varða stjórnmálaflokka, verkalýðsfélög, svo og að hinar tvær milljónir Tyrkja, sem búa í öðrum löndum, fái að taka þátt í kosningunum.

Samþykkt var ályktun um óformlegt samband þingmanna á Evrópuráðsþingi við aðra þingmenn sem þinga í Strasbourg og að kallaður yrði saman haustið 1983 sérstakur „Strasbourgar-fundur“ þingmanna frá aðildarríkjum OECD.

Samþykkt var tillaga um trúfrelsi o. fl. í Austur-Evrópuríkjum, þar sem minnt er á ákvæði Helsinki-lokasamþykktarinnar og Madrid-ráðstefnuna. Í ályktun um svipað efni eru aðildarríki Madrid-ráðstefnunnar hvött til að koma því til leiðar, að kölluð verði saman sérstök mannréttindaráðstefna og önnur um slökun og afvopnun í sambandi við Helsinki-lokasamþykktina. Þá er því og beint til ríkisstjórna Evrópuráðsríkjanna, að þær beiti sér fyrir því, að allir þeir, sem fangelsaðir hafi verið fyrir að hafa kært brot á Helsinkisamþykktinni frá 1975, verði látnir lausir.

Ástandið í Tyrklandi var á ný tekið á dagskrá þingsins eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá hinn 7. nóvember 1982. Í ályktun, sem samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta, er bent á að hin nýja stjórnarskrá sé afar ófullkomin að því að er varðar mannréttindi, völd þjóðhöfðingja og takmarkað sjálfstæði dómstóla. Minnt er á að ástandið í Tyrklandi sé ekki orðið slíkt, að það sé samrýmanlegt stofnskrá Evrópuráðsins og mannréttindasáttmálanum. Tekið er fram að þingið sé alvarlega að athuga að beina því til ráðherranefndarinnar, að hún vísi Tyrklandi úr Evrópuráðinu. Þá er skorað á tyrknesku ríkisstjórnina að neyta ekki atkvæðisréttar síns í ráðherranefndinni, á meðan ekki er búið að koma á fót lýðræði í Tyrklandi, og að tyrkneskt þing eigi ekki fulltrúa á þingi Evrópuráðsins.

Í ályktun um málefni Gyðinga í Sovétríkjunum er lýst yfir áhyggjum yfir andgyðinglegri stefnu í Sovétríkjunum. Þingið álítur að ástand heimsmálanna eigi ekki að hafa áhrif á rétt sovéskra gyðinga til að fá að yfirgefa landið. Skorað er á Evrópuráðsþingmenn að taka þessi mál upp í þjóðþingum ríkjanna með það fyrir augum að hafa áhrif á ríkisstjórnir til að þær auki þrýsting á Sovétríkin í þessu sambandi og að mál þessi verði tekin upp á Madrid-ráðstefnunni.

5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.

Fyrir þinginu lágu fjórar skýrslur um samskipti iðnaðarríkjanna og þróunarríkjanna. Þýskur þingmaður Kristilegra demókrata, Wilfried Böhm, lagði fram skýrslu um þróun og breytingar á mannfjölda í Evrópu og þróunarríkjunum. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnir aðildarríkjanna að nánara samráð verði haft um mál er lúta að mannfjölda og fólksflutningum. Þá er skorað á ríkisstjórnirnar að styðja Evrópuráðstefnu sem halda á árið 1983 um framlag Evrópu til réttlátari skiptingar auðlinda jarðar og betri samskipta milli ríkja Norðurs og Suðurs.

Samþykkt var ályktun, sem byggð er á skýrslu austurríska þingmannsins Johans Windsteigs um matvælaástandið í heiminum. Er þar m. a. mælst til að ríkisstjórnir auki framlag sitt til matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna o. fl.

Samþykkt var tillaga, sem byggð er á skýrslu þýska þingmannsins Christians Lenzers um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairobi 1981 um nýjar og endurnýjanlegar orkulindir. Tillagan styður niðurstöður Nairobi-ráðstefnunnar.

Í framhaldi af umræðunum í maí 1981 um þarfir mannsins og náttúruauðæfi jarðar lagði Ólafur Ragnar Grímsson fram skýrslu um ráðstefnu varðandi framlag Evrópu til bættra samskipta Norðurs og Suðurs og aukinnar verndar náttúruauðlinda jarðar. Skýrslan tekur til meðferðar það, hve iðnríkin og þróunarríkin eru háð hver öðrum og að finna verði sameiginlega lausn á þessum málum. Samþykkt voru fyrirmæli þar sem ákveðið er að Evrópuráðsþingið kalli saman ráðstefnu á árinu 1983 um ofangreint efni.

Í ályktun, sem byggist á skýrslu sænska þingmannsins Anders Björks um stefnu Evrópuríkja í flugmálum, er skorað á ríkisstjórnir aðildarríkjanna og aðildarríki Evrópsku flugmálastofnunarinnar (ECAC) að reyna að ná samkomulagi við ríkisstjórn Bandaríkjanna um stöðugleika í fargjaldamálum á flugleiðunum yfir Norður-Atlantshaf.

Hinar árlegu umræður um starfsemi OECD fóru fram á haustfundinum. Emil van Lennep aðalframkvæmdastjóri OECD tók þátt í umræðunum svo og þingmenn frá Ástralíu, Kanada, Finnlandi, Japan, Nýja-Sjálandi og Bandaríkjunum. Lögð var fram skýrsla frá Efnahagsnefnd þingsins ásamt álitsgerðum frá nokkrum öðrum nefndum. Samþykkt var umfangsmikil ályktun um hin ýmsu starfssvið OECD.

Í ályktun, sem byggðist á skýrslu Ronalds Browns þingmanns breska Verkamanna-flokksins um efnahagssamskipti Austur- og Vestur-Evrópu, eru aðildarríki Evrópuráðsins m. a. hvött til að auka viðskiptin við Austur-Evrópu bæði af efnahags- og pólitískum ástæðum. Í ályktuninni er sérstaklega vikið að losun úrgangsefna í sjó. Ríkisstjórnir eru

hvattar til að hafa á vettvangi OECD og Alþjóðaorkustofnunarinnar (IAEA) áhrif á aukna fjölbreytni varðandi öflun orkugjafa í ákveðnum Evrópuráðsríkjum með það fyrir augum að gera þessi sömu ríki óháðari kaupum á gasi frá Sovétríkjunum.

Samþykkt var ályktun um neytendamál sem grundvallast á skýrslu frá Franz Oehri frá Liechtenstein.

Í umræðunum um samskipti Japans og Evrópu tóku í fyrsta skipti þátt þingmenn frá Japan. Komu fram ýmis sjónarmið í þeim umræðum, svo sem þau, að Japanir ættu að opna heimamarkað sinn fyrir vörum frá Evrópuríkjum. Aðrir bentu á að japanski markaðurinn væri opnari en markaðir sumra Evrópuríkja og bæri því Evrópumönnum fremur að læra af Japönum og gera vörur sínar samkeppnisfærari á japanska markaðnum. Í fyrirmælum, sem samþykkt voru, er ráðherranefndin hvött til aðgerða með það fyrir augum að efla menningarleg samskipti við Japan. Samhliða fyrirmælunum var samþykkt ályktun þar sem lögð er áhersla á viðskipti Japans og Evrópu og bent á atriði sem mögulega gætu verið til úrbóta í því sambandi.

Lögð var fram skýrsla af þýska þingmanninum Uwe Holtz um þróunarsamstarf og mannréttindi. Er þar m. a. bent á að samfara þróunaraðstoð þurfi einnig að hafa í huga mannréttindi í viðkomandi ríkjum. Samþykkt var tillaga í 15 liðum sem innihalda ábendingar til aðildarríkja í sambandi við þróunaraðstoð þeirra.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Í ályktun, sem byggist á skýrslu sænska þingmannsins Anitu Gradin um pólska flóttamenn, er skorað á aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki að auka aðstoð sína við Pólverja, að taka á móti pólskum flóttamönnum og aðstoða við aðlögun þeirra að nýjum heimkynnum, að halda áfram stuðningi við þær alþjóðlegar stofnanir, sem aðstoða pólska flóttamenn, og að auka aðstoð sína við þau lönd, sem fyrst taka við pólskum flóttamönnum. Poul Hartling tók þátt í umræðunum um skýrslu Flóttamannastofnunarinnar fyrir árin 1980—1981. Hartling minntist m. a. á vandamál Palestínuflóttamanna og fjöldamorðin í Beirut. Þetta væri þó bara eitt dæmi um hörmungar þær sem flóttamenn verða að þola víða í heiminum. Sagði Hartling að aukning á flóttamönnum í heiminum hefði orðið minni undanfarið ár en árin þar á undan. Samþykkt var tillaga þar sem skorað er á flóttamannafulltrúann að sjá til þess, að flóttamenn neyðist ekki til að snúa aftur til landa þar sem þeirra bíði ofsóknir af hálfu ríkisstjórna.

Sænski þingmaðurinn Kerstin Aner fylgdi úr hlaði skýrslu um fólksflutninga til og frá Norðurlöndunum. Í ályktun, sem byggist á skýrslunni, er vikið að reynslu Norðurlandanna á þessu sviði og einkum bent á nauðsyn þess, að ríki, sem senda fólk í atvinnuleit til annarra landa, og móttökuríkin geri með sér samninga um ferðafrelsi, launajöfnuð, ellitryggingar, félagslega þjónustu o. fl. Í tillögu til ráðherranefndarinnar er mælst til að Finnlandi verði boðin aðild að Viðreisnarsjóðnum og gefist jafnframt kostur á að tengjast nánar störfum Evrópuráðsins á sviði fólkflutninga.

7. Félagsmál.

Í álitsgerð fastanefndar þingsins um félagsmálasáttmála Evrópuráðsins eru þau átta lönd, sem enn hafa ekki fullgilt sáttmálann, hvött til þess að bæta úr því.

Allmiklar umræður urðu á haustfundinum um atvinnuleysi, enda eru 17 milljónir manna atvinnulausar í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Fyrir lágu tvær skýrslur um þessi mál. Niðurstöður urðu þær, að samþykkt var með knöppum meiri hluta tillaga til ráðherranefndarinnar um aðgerðir til varnar gegn atvinnuleysi.

Í álitsgerð, sem þingið samþykkti, er skorað á ráðherranefndina að minna ýmis aðildarríki á að þau þurfi að fara meira eftir félagsmálasáttmálanum en þau hafa gert til þessa.

8. Menningar- og menntamál.

Í tillögu til ráðherranefndarinnar er þess óskað, að aukið samráð verði haft innan Evrópuráðsins til styrktar menningarmálum.

Samþykkt var ályktun um byggingar- og menningarmál í borgum og bæjum. Er þar m. a. fjallað um verndun gamalla bygginga og endurbyggingu, minnkun bílaumferðar og að stór svæði verði eingöngu ætluð fótgangandi fólki.

Samþykkt var ályktun, sem byggist á skýrslu franska þingmannsins André Delehedde um handiðn, þar sem m. a. kemur fram að handiðnaðarmönnum hefur fækkað mjög mikið í kjölfar iðnvæðingar.

Lögð var fram sameiginleg skýrsla frá þingmönnum frá Sviþjóð, Bretlandi og Frakklandi þar sem fjallað er um valdbeitingu. Skýrslan fjallar um hryðjuverk, valdbeitingu í fjölmiðlum, í íþróttum og að því er varðar menntamál. Gerð var tillaga um að ríkisstjórnirnar komi sér saman um sameiginlegar siðareglur sem fjölmiðlum sé gert að fara eftir í þessu sambandi. Þingið samþykkti umfangsmikla tillögu um þessi mál sem auk framangreinds fjallar um bann við aga í skólum og rétt nemenda til að þurfa ekki að taka þátt í tilraunum með dýr. Jafnframt var samþykkt tillaga um sérstök Evrópuverðlaun um „ekki-valdbeitingu".

9. Löggjafarmálefni.

Þingið sendi frá sér fyrirmæli til laganefndarinnar um að hún kanni möguleika á því, að komið verði upp sérstakri skrá yfir siðareglur í hernaði.

Samþykkt var tillaga um auglýsingar og alþjóðlegar aðgerðir til að vernda tjáningarfrelsi. Er m. a. lagst gegn því, að mannréttindi séu misnotuð í sambandi við auglýsingastarfsemi.

Breski þingmaðurinn Percy Grieve lagði fram skýrslu frá laganefndinni um Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og mælti fyrir tillögu þar sem lagt er til, að Evrópuráðsríkin skiptist á upplýsingum um hafréttarmál og hafi samráð áður en til þess kemur að fullgilda hafréttarsáttmálann. Enn fremur var lagt til að Evrópuráðið undirbúi sérstaka ráðstefnu um hafréttarmál. Tillaga laganefndarinnar var samþykkt ásamt breytingartillögu frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni o. fl. þar sem lýst var yfir þeim vilja þingsins, að sem almennust þátttaka yrði í fullgildingu hafréttarsáttmálans, svo að hann næði sem best tilgangi sínum.

Samþykkt var tillaga um framsal sakamanna, þar sem m. a. er kveðið á um að slíkt framsal verði einfaldara í sniðum í framtíðinni.

Samþykkt var tillaga þar sem skorað er á ráðherranefndina að styðja þingið í viðleitni þess til að hafa áhrif á ríkisstjórnirnar með það fyrir augum, að útlendingar fái kosningarrétt í löndum Evrópuráðsins. Er einkum átt við ríkisborgara annarra Evrópuráðsríkja í því sambandi.

Í tillögu til ráðherranefndarinnar er hún hvött til að hafa áhrif á ríkisstjórnirnar að draga ekki lengur að fullgilda viðaukana við Genfarsamningana frá 1949 um þessi málefni.

Samþykkt var tillaga til ráðherranefndarinnar um umhverfisskaða sem olíuborpallar valda. Er ráðherranefndin hvött til að taka mál þessi til gaumgæfilegrar athugunar, einkum að því er varðar ábyrgð.

Samþykkt var ályktun um hlutverk þjóðþinga varðandi fullgildingu á Evrópuráðssáttmálum.

Hinn 25. janúar s. l. fór fram kjör dómara frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, Grikklandi, Ítalíu, Möltu, Bretlandi og Sviþjóð í Mannréttindadómstól Evrópu. Kjör dómara í Mannréttindadómstólinn byggist á tillögu ráðherranefndarinnar.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.

Samþykkt var tillaga er kveður á um endurvinnslu úrgangsefna.

Samþykkt var tillaga um verksmiðjur og kjarnorkuver á landamærasvæðum. Er þar einkum fjallað um vernd og réttindi íbúa slíkra svæða.

Í tillögu um umhverfismál í Evrópu eru ríkisstjórnir hvattar til að veita aukið fé til umhverfismála.

Þingið samþykkti fyrirmæli um hinar svonefndu „grænu" hreyfingar og umhverfismál í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Í fyrirmælunum kemur fram nokkur gagnrýni á samtök umhverfissinna.

Samþykktar voru tvær ályktanir og ein tillaga um gervihnetti og samstarf Evrópuríkja á því sviði.

11. Landbúnaðarmál.

Fjallað var um tvær skýrslur um landbúnaðarmál, annars vegar í Miðjarðarhafslöndum og hins vegar í Austur-Evrópulöndum. Samþykktar voru tvær ályktanir þar að lútandi og ein tillaga.

12. Sveitarstjórnarmál.

Þingið samþykkti álitsgerð sem fjallaði um texta þá sem samþykktir höfðu verið á 16. ráðstefnunni um sveitarstjórnarmál í Evrópu.

13. Önnur mál.

Fastanefnd þingsins samþykkti fyrirmæli um stefnu í launamálum starfsmanna skrifstofu Evrópuráðsins í Strasbourg. Samþykktar voru álitsgerðir um fjárlög og starfsemi Evrópuráðsins árið 1983, enn fremur fjárlög og reikninga áranna 1980, 1982 og 1983, svo og fyrirmæli um fjármálahlið tillagna þings Evrópuráðsins.

14. Yfirlit yfir ákvarðanir 34. þings Evrópuráðsins (apríl 1982 — janúar 1983).

Tillögur.

938 um ástandið í Tyrklandi.
939 um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um nýjar og endurnýjanlegar orkulindir.
940 um menningarsamskipti Evrópuríkja.
941 um vernd lýðræðisins gegn hryðjuverkum í Evrópu.
942 um átökin á Falklandseyjum.
943 um endurvinnslu úrgangsefna.
944 um launamál starfsfólks skrifstofu Evrópuráðsins.
945 um lög og reglur varðandi styrjaldir.
946 um ábyrgð varðandi umhverfisspjöll af völdum olíuborpalla.
947 um neytendamál.
948 um baráttuna gegn atvinnuleysi.
949 um iðnað og kjarnorkuver við landamæri.
950 um framsal sakamanna.
951 um atkvæðisrétt í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
952 um auglýsingar og alþjóðlegar aðgerðir til að vernda tjáningarfrelsi.
953 um 23. ársskýrslu flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.
954 um menningartengsl Evrópu og Japans.
955 um mannréttindi í Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráðinu.

956 um farandverkakonur.
957 um alþjóðastofnun um eftirlitskerfi með gervihnöttum.
958 um umhverfismál í Evrópu.
959 um aukaaðild Finnlands að störfum Evrópuráðsins að málefnum er varða fólksflutninga.
960 um ráðstefnu kommúnistaflokka í Evrópu.
961 um vatnsnotkun í Evrópu og annars staðar í heiminum.
962 um þróunarsamstarf og mannréttindi.
963 um aðgerðir í menningar- og fræðslumálum til að draga úr valdbeitingu.
964 um verðlaun um „ekki-valdbeitingu".

Ályktanir.

769 um dag Afganistans 21. mars 1982.
770 um störf alþjóðanefndarinnar um fólksflutninga (TCM).
771 um þróun og breytingar á mannfjölda í Evrópu og þróunarríkjum.
772 um matvælaástandið í heiminum.
773 um stefnu Evrópuríkja í flugmálum.
774 um Evrópu og Rómönsku Ameríku: ógnun við mannréttindi.
775 um ástandið í Póllandi og samskipti Austurs og Vesturs.
776 um ástandið í Líbanon.
777 um Strasbourg-ráðstefnuna.
778 um viðskipti Austur- og Vestur-Evrópu.
779 um hlutverk þjóðþinganna varðandi fullgildingu á samningum Evrópuráðsins.
780 um pólska flóttamenn.
781 um byggingamál í borgum.
782 um handiðn.
783 um ástandið í Líbanon.
784 um samskipti Evrópu og Japans.
785 um starfsemi OECD á árinu 1981.
786 um ástandið í Tyrklandi.
787 um trúfrelsi o. fl. í Austur-Evrópu.
788 um framtíð evrópsku geimferðaáætlunarinnar.
789 um aðra ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um friðsamlega nýtingu geimsins.
790 um fólksflutninga á Norðurlöndum.
791 um ráðstefnu Pýrenea-svæðisins.
792 um landbúnað á Miðjarðarhafssvæðum.
793 um landbúnað í Austur-Evrópu.
794 um ástandið í Tyrklandi.
795 um gyðinga í Sovétríkjunum.

Fyrirmæli.

407 um ráðstefnu um framlag Evrópu til bættra samskipta Norðurs og Suðurs og aukinnar verndar náttúruauðlinda jarðar.
408 um vernd lýðræðisins gegn hryðjuverkum í Evrópu.
409 um Evrópu og Rómönsku Ameríku.
410 um fjárhagsmál er tengjast tillögum þings Evrópuráðsins.
411 um undirbúning að Evrópuskrá yfir siðareglur í hernaði.
412 um hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.
413 um ástandið í Tyrklandi.

414 um samvinnu Evrópuríkja á áttunda áratugnum.
415 um vernd mannréttinda og grundvallarreglna frelsis í Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráðinu.
416 um stækkun á aðalþingsal Evrópuráðsins.
417 um „grænu“ hreyfingarnar og umhverfismálastefnu í Evrópuráðsríkjum.

Álitsgerðir.

108 um sveitarstjórnaráðstefnu Evrópu.
109 um fjárlög þings Evrópuráðsins árið 1980.
110 um fjárlög og reikninga Evrópuráðsins árin 1980, 1982 og 1983.
111 um félagsmálasáttmála Evrópu.
112 um sveitarstjórnarráðstefnu Evrópu.
113 um félagsmálasáttmála Evrópu.

Nd. 426. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. 5. mgr. orðist svo:
   Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til viðkomandi ráðherra.
2. Við 6. gr. Á eftir 11. 3. tl. komi nýr liður sem verði 12. tl., svohljóðandi:
   3. Sérkennsla og námsráðgjöf.
3. Við 8. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Svæðisstjórn mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila.
4. Við 10. gr. Í stað „Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins“ í 3. mgr. komi: viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess, að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samráði við foreldra að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði læknisfræðileg greining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem leitar heppilegra úrræða í samráði við foreldra, svæðisstjórn og aðra þá aðila er þurfa þykir.
6. Við 16. gr.
   a) Upphaf 1. mgr. verði svohljóðandi:
      Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum samkv. 6. gr., skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð o. s. frv.
   b) 1. tl. orðist svo:
      1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
   c) 8. tl. orðist svo:
      8. Veita svæðisstjórnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.
   d) Í stað „Hjálpartækjabanki fyrir börn“ í 11. tl. komi:
      Hjálpartækjaþjónusta.

7. Við 22. gr.
   a) Í stað orðanna „og Tryggingastofnun ríkisins, sbr. reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu“ í 2. mgr. komi: og aðra hlutaðeigandi aðila.
   b) 3. mgr. orðist svo:
      Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða, og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Jafnframt skulu svæðisstjórnir í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum.
8. Við 24. gr. Orðið „bersýnilega“ falli brott.
9. Við 27. gr. Í stað „falaðra“ í 1. mgr. komi (leiðrétting): fatlaðra.
10. Við 28. gr.
    a) Í stað „sveitarsjóður“ í 2. mgr. komi: sveitarsjóðir.
    b) 4. mgr. orðist svo:
       Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana samkv. 7. gr., nema þar sem um sértekjur er að ræða.
11. Við 35. gr. Í stað „33 milljóna króna“ í 1. tl. komi: 55 milljóna króna.
12. Við 39. gr. Á eftir „tillögur“ í 1. mgr. bætist: til viðkomandi ráðuneytis.
13. Við 41. gr.
    a) Í stað „febrúar“ í 1. mgr. komi: mars.
    b) Í stað „kostnaðarálit“ í 2. mgr. komi: kostnaðaryfirlit.
14. Við 43. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr. svohljóðandi:
    Reglugerðir, er snerta framkvæmd 10.—16. gr. og 19. gr. laga þessara, skal senda félagsmálanefndum Alþingis til umsagnar.
15. Við 44. gr.
    a) Í stað „1. janúar 1983“ komi: 1. janúar 1984.
    b) Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
       Ákvæði til bráðabirgða II öðlast þegar gildi.
16. Núverandi ákvæði til bráðabirgða verði rómverskur liður I og við bætist liður II svohljóðandi:

II.

1. Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa 5 manna nefnd, sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrigðisráðherra einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félagsmálaráðherra einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.
   Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar.
2. Menntamálaráðuneytið skal þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi.
   Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Verði um kaup að ræða á húsnæði sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sbr. 16. gr., skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmdasjóðs öryrkja, sem fjármagnar stofnkostnað, sbr. 1. lið ákvæðis til bráðabirgða II.

Sþ. 427. Þingsályktun [66. mál]

um könnun á tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun varðandi landbúnaðinn.

(Afgreidd frá Sþ. 1. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig betur mætti haga tölvuvæddri upplýsingaöflun og nýtingu upplýsinga varðandi bújarðir, bústofn og framleiðslu landbúnaðarins. Nefndin skal skipuð þremur mönnum: einum tilnefndum af Hagstofu Íslands, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands og Framleiðsluráði og einum tilnefndum af Fasteignamati ríkisins.

Sþ. 428. Þingsályktun [121. mál]

um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókunar 1978.

(Afgreidd frá Sþ. 1. mars.)

Samhljóða þskj. 124.

Sþ. 429. Þingsályktun [134. mál]

um fullgildingu samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

(Afgreidd frá Sþ. 1. mars.)

Samhljóða þskj. 138.

Sþ. 430. Frumvarp til fjáraukalaga [223. mál]

fyrir árið 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

	Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1979 er veitt:	Þús kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins, að undanskildu Alþingi	146 887
01	Forsætisráðuneytið	108 887
02	Menntamálaráðuneytið	6 068 224
03	Utanríkisráðuneytið	649 898
04	Landbúnaðarráðuneytið	1 554 663
05	Sjávarútvegsráðuneytið	547 495
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	3 748 090
07	Félagsmálaráðuneytið	818 704
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	20 901 014
09	Fjármálaráðuneytið	1 121 509
10	Samgönguráðuneytið	2 135 149
11	Iðnaðarráðuneytið	3 226 618
12	Viðskiptaráðuneytið	4 821 006
13	Hagstofa Íslands	5 911
14	Ríkisendurskoðun	27 236
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	651 409
	Samtals	46 532 700

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1979. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1979 sýnir, að undanskildum alþingiskostnaði.

Ed. 431. Frumvarp til laga [224. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1979 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum, í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun	Reikningur
00	Æðsta stjórn ríkisins	1 505 668	1 979 460
01	Forsætisráðuneytið	2 746 429	2 855 316
02	Menntamálaráðuneytið	32 368 107	38 436 331
03	Utanríkisráðuneytið	2 188 285	2 838 183
04	Landbúnaðarráðuneytið	10 636 697	12 191 360
05	Sjávarútvegsráðuneytið	4 596 894	5 144 389
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	11 135 492	14 883 582
07	Félagsmálaráðuneytið	7 740 889	8 559 593
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	67 097 230	87 998 244
09	Fjármálaráðuneytið	8 164 514	9 286 023
10	Samgönguráðuneytið	19 191 120	21 326 269
11	Iðnaðarráðuneytið	7 394 531	10 621 149
12	Viðskiptaráðuneytið	20 067 120	24 888 126
13	Hagstofa Íslands	182 473	188 384
14	Ríkisendurskoðun	220 301	247 537
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	7 050 669	7 702 078
	Mismunur	6 664 370	
	Samtals	208 950 789	249 146 024

	Tekjur:	Áætlun	Reikningur
11	Skattar	205 591 745	242 796 436
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	557 444	334 999
13	Ýmsar tekjur	2 801 600	4 904 404
	Mismunur		1 110 185
	Samtals	208 950 789	249 146 024

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1979, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Ed. 432. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Á eftir 7. gr. frumvarpsins komi ný grein er verði 8. gr. þess og breytist númer annarra greina til samræmis við það.
   Greinin orðist svo:
   Við 20. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
   Verði óeðlilegur dráttur á greiðslu lífeyris eða leiðréttingum á greiðslu lífeyris skal lífeyrissjóðurinn greiða það sem á vantar með verðtryggingu. Skal verðtryggingin miðuð við hækkun á lánskjaravísitölu frá þeim tíma er upplýsingar, sem rétt lífeyrisgreiðsla byggist á, hefðu fyrst getað komið í hendur sjóðsins og til þess tíma er greiðsla fer fram.
2. Aftan við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri ákvæðum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum. Það telst ekki skapa rétt skv. eldri lögum í þessu sambandi, að starfshlutfall sjóðfélaga hækki eftir að 7 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.

Ed. 433. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar komu fram tvö atriði, sem ástæða er til að lagfæra í því frv. sem hér er til afgreiðslu. Eru fluttar um það breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

1) Þess eru dæmi, að óeðlilegur dráttur verði á greiðslu lífeyris og þó sérstaklega á leiðréttingu á greiðslu lífeyris. Undirrituðum er til að mynda kunnugt um dæmi þess, að slík leiðrétting hafi dregist á sjötta ár. Í þessu dæmi fylgdi sjóðurinn þeirri aðferð að greiða leiðréttinguna án verðtryggingar, en það svaraði til þess, að elsti hluti leiðréttingarinnar var greiddur með 10 aura virði fyrir hverja krónu sem vangreidd hafði verið 5½ ári áður. Þetta er vitaskuld óhæft með öllu. Því er flutt breytingartillaga um verðtryggingu á vangreiddum lífeyri.

2) Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið varðandi 1. gr., er með lagafrumvarpinu gert ráð fyrir að einhverjir sjóðfélagar hljóti lakari lífeyrisrétt en þeir nú eiga. Hér verður því greinilega að fara fram með gát, hvort heldur núverandi reglur um lífeyrisrétt þykja réttlátar eða ekki. Einfalt er að taka dæmi um að aldraður opinber starfsmaður, sem sé í þann mund að fara á eftirlaun, verði fyrir 25% skerðingu á lífeyrisgreiðslum við samþykkt þessa lagafrumvarps í óbreyttri mynd. Slík röskun á högum verður að teljast mjög tilfinnanleg, einkum og sér í lagi þegar hún gerist fyrirvaralaust með öllu.

Af þessum ástæðum er flutt breytingartillaga á sérstöku þingskjali um ákvæði til bráðabirgða, sem tryggi um sinn rétt þess fólks sem annars yrði fyrir röskun á högum sínum með samþykkt lagafrumvarpsins í óbreyttu formi.

Alþingi, 1. mars 1983.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 434. Frumvarp til laga [225. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Jóhann Einvarðsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

4. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1975 og 1. gr. laga nr. 98/1980) orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmálaflokka, sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um grunnskóla nr. 63/1974 er við það miðað, að starfsmenn fræðsluskrifstofa séu ráðnir af fræðsluráðum að tillögu fræðslustjóra. Fræðslustjóri er embættismaður ríkisins, en fræðsluráð er kosið af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Starfsmenn fræðsluskrifstofa eru því hvorki ráðnir af ríkinu né sveitarfélögum, þótt þeir séu í raun opinberir starfsmenn.

Rekstrarfé fræðsluskrifstofa kemur úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum eða samtökum þeirra. Bókhald er yfirleitt í höndum ríkisbókhaldsins, endurskoðað af ríkisendurskoðun. Að þessu leyti er því farið með fræðsluskrifstofur eins og aðrar ríkisstofnanir sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Það verður því að teljast eðlilegt, að starfsmenn fræðsluskrifstofa séu í samtökum opinberra starfsmanna og eigi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Leitað hefur verið eftir því við stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að starfsmenn fræðsluskrifstofa fengju aðild að honum, en lagaheimild skortir til þess að stjórnin geti heimilað aðild.

Þar sem aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hefur ekki fengist, hafa starfsmenn fræðsluskrifstofa borgað í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda hjá fjármálaráðuneytinu. Þeir hafa ekki heldur fengið aðild að neinu af aðildarfélögum BSRB, þar sem þeir hafa ekki fengið heimild til þess að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Nd. 435. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið í samvinnu við allsherjarnefnd Ed. og mælir með samþykkt þess með breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. mars 1983.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.	Garðar Sigurðsson.

Nd. 436. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Heinesen, Tove Solveig Fredrikka, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 5. ágúst 1927.
2. Mete, Ali Riza, verkamaður á Eskifirði, f. í Tyrklandi 8. febrúar 1954. Fær réttinn 21. júní 1983.
3. Wheat, Johnnie Wayne, símsmiður í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. mars 1954.

Ed. 437. Frumvarp til laga [226. mál]

um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin láti reisa og starfrækja flugstöð fyrir farþega- og vöruafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Stöðin skal vera algerlega aðskilin frá mannvirkjum Varnarliðsins. Tryggja skal henni landrými, svo að þar geti síðar risið aðrar byggingar til sömu eða skyldra þarfa, svo og til samgönguæða að og frá stöðinni.

2. gr.

Stofna skal Byggingarsjóð flugstöðvar, er lúti sérstakri stjórn skipaðri af utanríkisráðherra. Stjórn sjóðsins skal jafnframt hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins. Sjóðurinn skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

Tekjur sjóðsins skulu vera þessar, þrátt fyrir ákvæði annarra laga:

a) 50% af innheimtu flugvallargjalds á Keflavíkurflugvelli.
b) Hagnaður af fríhöfninni.

c) Hagnaður af sölu varnarliðseigna.
d) 50% af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli.
e) Hagnaðarhluti ríkissjóðs af starfsemi Íslenskra aðalverktaka.

Sjóðsstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmdanna að fengnu samþykki utanríkisráðherra.

3. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að gera samninga við bandarísk stjórnvöld um þátttöku þeirra í kostnaði við byggingu stöðvarinnar og gerð athafnasvæðis vegna hennar, svo og um not Varnarliðsins af stöðinni á ófriðar- eða hættutímum.

4. gr.

Utanríkisráðherra skipar byggingarnefnd, er hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins. Hann tekur endanlegar ákvarðanir um gerð flugstöðvarinnar.

5. gr.

Flugstöðin skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum. Allt efni til smíði hennar skal undanþegið aðflutningsgjöldum.

6. gr.

Utanríkisráðherra setur reglugerð um rekstur flugstöðvarinnar, reikningshald og fjárreiður, daglega stjórn og annað sem þörf krefur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki leikur vafi á nauðsyn þess, að ný flugstöð verði reist fyrir millilandaflug á Keflavíkurflugvelli. Á síðasta þingi fluttu Benedikt Gröndal og Geir Hallgrímsson lagafrumvarp um þetta efni, en það varð ekki útrætt. Lagafrumvarp þetta er nú endurflutt í nokkuð breyttri mynd. Veigamesta breytingin er sú, að gerð er tillaga um stofnun sérstaks byggingarsjóðs fyrir flugstöðina og sjóðnum tryggðir ákveðnir tekjustofnar til verkefnisins. Alla þessa tekjustofna má rekja til starfsemi sem fram fer á Keflavíkurflugvelli.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð þegar það var flutt á seinasta þingi:

„Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að reist skuli á Keflavíkurflugvelli afgreiðslustöð fyrir farþega og vörur. Stöðin skal vera íslenskt mannvirki undir íslenskri stjórn og aðskilin frá athafnasvæði Varnarliðsins.

Núverandi flugstöð er með öllu ófær um að gegna þessu hlutverki. Hún er gömul timburbygging, sem meira hefur þegar verið byggt við en reglur leyfa. Í henni er óhjákvæmileg eldhætta, sem gæti leitt til stórslyss þegar farþegafjöldi er mestur í stöðinni. Aðstaða er mjög léleg fyrir marga þætti starfseminnar sem þar fer fram, og nægir þar að minna á eldhús og aðstöðu verkamanna á flughlaði. Þrengsli og vandræði einkenna nálega alla þætti stöðvarinnar.

Mál þetta á sér langan aðdraganda. Fimm ríkisstjórnir hafa fjallað um það án þess að framkvæmdir hafi enn verið ákveðnar. Unnið hefur verið að undirbúningi og stöðin hönnuð þannig að hún hefur verið minnkuð til muna frá fyrstu áætlunum og hugmyndum. Er vissulega tími til kominn að hefjast handa og leysa þann vanda, sem þetta stöðvarmál er.

Saga málsins verður ekki rakin hér, enda hefur það verið gert m. a. í nýlegri skýrslu til Alþingis. Hins vegar er óhjákvæmilegt að rifja upp, að ríkisstjórn komst á sínum tíma að

þeirri niðurstöðu, að Íslendingar mundu ekki ráða við að fjármagna þessa framkvæmd um langa framtíð. Var því farið fram á fjárhagslega þátttöku Bandaríkjamanna, þar sem Varnarliðið fær gömlu stöðina til afnota og mun hafa mikinn hag af aðskilnaði farþegaafgreiðslu og varnarumsvifa. Liggur nú fyrir, að Varnarliðið er reiðubúið til að fjármagna flughlað og leggja að auki 20 milljónir dollara til sjálfrar byggingarinnar, rúman helming áætlaðs kostnaðar, enda verði byggingin vara-sjúkraskýli á vellinum ef á þarf að halda. Það útheimtir engar teljandi breytingar á stöðinni og er engin fórn, því að hún mundi án efa gegna því hlutverki hvort eð er, ef til mikils flugslyss eða hernaðaraðgerða kæmi.

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er og verður „anddyri" Íslands fyrir hundruð þúsunda af farþegum, sem þar hafa viðdvöl, koma til landsins eða fara frá því. Er hér sem annars staðar nauðsynlegt, að þetta verði myndarlegt og menningarlegt umhverfi og afgreiðsla öll sem þægilegust miðað við veðurfar og aðrar aðstæður.

Treysti Íslendingar sér til að fjármagna þessa stöð einir á nógu stuttum tíma væri það ágætt. Margir draga það í efa, og er þá eðlilegt að Varnarliðið taki þátt í kostnaðinum, enda mun starfsaðstaða þess batna til muna við tilkomu stöðvarinnar. Ekki munu áhrif Varnarliðsins eða bandarísk ítök hér á landi aukast við þau útgjöld þeirra, heldur þvert á móti.

Flugstöðin verður alíslenskt mannvirki, rekið eingöngu af Íslendingum og mun bera þann svip, sem Íslendingar setja á hana."

Nd. 438. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

1. málsgr. 3. gr. orðist svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dvalarheimili aldraðra sjómanna var á árinu 1954 heimilað með lögum að stofnsetja og reka happdrætti. Gilti heimild þessi í 10 ár. Hefur heimildin síðan verið framlengd tvívegis um jafnlangan tíma, síðast til ársloka 1984 með lögum nr. 16 1973.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til rekstrar happdrættis verði enn framlengd um 10 ár, þ. e. til ársloka 1994.

Ágóði af happdrættinu rennur lögum samkvæmt í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt er stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna þó að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Ed. 439. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 12. maí 1970, um skipamælingar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það nú liggur fyrir.

Stefán Jónsson og Egill Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm. Lárus Jónsson. Guðmundur Karlsson.

Stefán Guðmundsson. Jón Helgason.

Ed. 440. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til laga um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt með breytingu sem birt er á sérstöku þingskjali.

Stefán Jónsson og Egill Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm. Jón Helgason. Lárus Jónsson.

Guðmundur Karlsson. Stefán Guðmundsson.

Ed. 441. Breytingartillaga [214. mál]

við frv. til laga um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr. orðist svo:

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að og fjalla um mengun frá skipum.

Sþ. 442. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]

um nefnd til að gera úttekt á taprekstri opinberra fyrirtækja.

Flm.: Lárus Jónsson, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera úttekt á rekstrarafkomu ríkisfyrirtækja, kanna, hvers vegna hallarekstur þeirra undanfarið er til orðinn, og gera tillögur til úrbóta.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 15. maí n. k. Kostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur rekstrargrundvöllur opinberra fyrirtækja brostið algjörlega. Eðlilegt er að brugðið sé á það ráð að kanna rækilega orsakir þess vanda og gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta. Nánar verður fjallað um málið í framsöguræðu.

Sem fylgiskjal er prentað skriflegt svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Lárusar Jónssonar. Upplýsingarnar um Áburðarverksmiðjuna eru augljóslega ófullnægjandi.

Fylgiskjal.

Rekstrarafkoma nokkurra fyrirtækja.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Lárusar Jónssonar um rekstrarafkomu nokkurra fyrirtækja á þskj. 132, sent þm. 1. mars.

Spurt er:

1. Hver var rekstrarafkoma eftirtalinna fyrirtækja árið 1981, sem eru að hluta til eða öllu leyti í eigu ríkissjóðs, og hver er áætluð rekstrarafkoma þeirra árið 1982?
   1. Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.
   2. Kísiliðjunnar við Mývatn.
   3. Áburðarverksmiðju ríkisins.
   4. Álafoss hf.
   5. Sementsverksmiðju ríkisins.
   6. Siglósíldar.
2. Ef taprekstur hefur orðið eða er fyrirsjáanlegur hjá þessum fyrirtækjum, hvernig er hann fjármagnaður?
3. Hafa einhver þessara fyrirtækja tekið erlend lán undanfarin ár vegna rekstrartaps (1980—82) og hver er greiðslubyrði þessara lána á árinu 1982?

Svar:

Í eftirfarandi yfirliti er spurningunum svarað eins og þær koma fyrir í fyrirspurninni, þ. e. 1.1. er svar við fyrstu spurningu, 1.2. er svar við annarri spurningu o. s. frv.

Eftirfarandi upplýsingar fengust hjá viðkomandi fyrirtækjum:

1. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði.

1.1 Rekstrartap Járnblendifélagsins 1981 var 64,4 Mkr. Af því voru 37,3 Mkr. vextir, en 39,1 Mkr. afskriftir. Áætlað tap 1982 er 170 Mkr., þar af vextir 120 Mkr. og afskriftir 62,3 Mkr.

1.2. Eftirtaldar ráðstafanir voru gerðar til að mæta rekstrartapi félagsins:

a) Hluthafalán skv. upphaflegum fjármögnunaráætlunum voru jafnvirði 44 millj. norskra króna. Þessi lán þurfti ekki að nota til byggingar verksmiðjunnar þar eð hún varð verulega ódýrari en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Ásamt með venjulegum rekstrarlánafyrirgreiðslum í banka entust þessi hluthafalán til áramóta 1981/1982.

b) Með bankalánum var upphæð USD 6 millj. til 5 ára frá maí 1982, með ábyrgð eigenda félagsins. Lánið safnar upp vöxtum allan lánstímann.

c) Lánsheimild banka allt að USD 10 millj. ótryggð, en bundin skilyrðum um eignarfjárhlutfall fyrirtækisins. Þessi lánsheimild hefur ekki komið að notum vegna gengisþróunar milli norskrar krónu (NOK) og bandaríkjadollars (USD). Skuld skv. þessari heimild er því engin.

d) Hluthafalán 1982 námu samtals jafnvirði 54,6 millj. NOK, sem að verulegu leyti voru notuð til að greiða upp rekstrarlán skv. lið c).

e) Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um framtíðarfjármögnun félagsins.

1.3. Félagið hefur tekið öll þau lán sem að framan er getið og að hluta til samið um frestun afborgana af lánum. Lánin eru öll í erlendum gjaldmiðli. Svo er um samið í lánasamningum við aðra kröfuhafa að hluthafalán eða vextir af þeim megi ekki greiðast fyrr en seint og með miklum takmörkunum gagnvart öðrum lánveitendum. Því er greiðslubyrði félagsins vegna þessara lána 1982 engin.

2. Kísiliðjan við Mývatn.

2.1. Á árinu 1981 var rekstrarhalli 7 Mkr. Áætlaður rekstrarhalli á árinu 1982 er 6 Mkr.

2.2. Vegna taprekstur, endurgreiðslu lána og fjárfestinga hefur Kísiliðjan á árunum 1981 og 1982 átt við fjárhagsörðugleika að etja. Fjárvöntun hefur verið mætt með töku erlendra lána og yfirtöku ríkissjóðs og Manville á hluta af skuldum fyrirtækisins, samtals USD 1 590 000.

2.3. Í árslok 1981 tók Kísiliðjan hf. með milligöngu ríkissjóðs lán sem nam USD 367 000 og á seinni hluta árs 1982 tók Kísiliðjan lán með milligöngu Landsbankans sem nam 350 þús. þýskum mörkum. Endurgreiðslur þessara lána hefjast á árinu 1983.

3. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Rétt er að taka fram að þetta fyrirtæki heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

3.1. Rekstrarhalli árið 1981 var 19 Mkr. eða 12,5% af veltu. Verulegur rekstrarhalli hefur orðið á árinu 1982 en tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

3.2. Rekstrarhalla var að stærstum hluta mætt með erlendum lánum.

4. Álafoss.

Framkvæmdasjóður er eigandi Álafoss.

4.1. Á árinu 1981 var tap á rekstri fyrirtækisins að upphæð 2,9 Mkr. Reiknað er með lítilsháttar hagnaði á árinu 1982.

4.2. Rekstrartapi ársins 1981 var mætt með því að ganga á eigið fé fyrirtækisins.

4.3. Engin erlend lán hafa verið tekin til að mæta rekstrartapi ársins 1981.

5. Sementsverksmiðja ríkisins.

5.1. Rekstrarhalli 1981 var 10,7 Mkr. Gert er ráð fyrir óverulegum rekstrarhalla á árinu 1982.

5.2. Með erlendum lántökum.

5.3. Greiðslubyrði vegna erlendra lána á árinu 1982 nam 6,0 Mkr.

6. Siglósíld.

6.1. Rekstrarhalli 1981 var 3,8 Mkr. Á árinu 1982 var verulegur rekstrarhalli hjá fyrirtækinu, enda framleiðsludagar aðeins 93.

6.2. Fjármögnun taprekstrar er þannig: a) Óendurkræf framlög ríkissjóðs, b) Bráðabirgðalán ríkissjóðs, c) Langtímalán atvinnuleysistryggingasjóðs og d) Langtímalán ríkisábyrgðasjóðs.

6.3 Fyrirtækið hefur ekki tekið erlend lán til að fjármagna taprekstur önnur en lán ríkisábyrgðasjóðs sem að stórum hluta hefur verið varið til fjárfestinga.

Nd. 443. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Útvegsbanka Íslands, nr. 12/1961.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum og fengið umsagnir um það, skriflegar og munnlegar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1983.

Magnús H. Magnússon, frsm. Guðm. J. Guðmundsson. Albert Guðmundsson.

Matthías Bjarnason.

Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing). 318

Nd. 444. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10/1961.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum og fengið umsagnir um það, skriflegar og munnlegar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1983.

Magnús H. Magnússon, frsm. Guðm. J. Guðmundsson. Albert Guðmundsson.

Matthías Bjarnason.

Nd. 445. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 28/1976.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum og fengið umsagnir um það, skriflegar og munnlegar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1983.

Magnús H. Magnússon, frsm. Guðm. J. Guðmundsson. Albert Guðmundsson.

Matthías Bjarnason.

Nd. 446. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Landsbanka Íslands, nr. 11/1961.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum og fengið umsagnir um það, skriflegar og munnlegar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1983.

Magnús H. Magnússon, frsm. Guðm. J. Guðmundsson. Albert Guðmundsson.

Matthías Bjarnason.

Ed. 447. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. mars.)

1. gr.

1. gr. 2. tl. orðist svo:

1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga og hjúkrunar í sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.

2. gr.

3. gr. 5. tl. orðist svo:

3.5. Til þess að sinna kvörtunum og kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar, skipar ráðherra nefnd sem í eiga sæti þrír menn. Landlæknir skal vera formaður en Hæstiréttur tilnefnir tvo, sem ekki mega vera starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar, og skal annar vera embættisgengur lögfræðingur. Sömu reglur gilda um varamenn. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

5.1. Heilbrigðisþing skal haldið eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Verkefni heilbrigðisþings skulu vera ráðgjafar- og umsagnastörf á sviði heilbrigðismála. Til heilbrigðisþings skal boða fulltrúa hinna einstöku þátta heilbrigðisþjónustunnar og einstöku heilbrigðisstétta.

5.2. Ráðuneytið undirbýr heilbrigðisþing í samráði við landlækni og fullvinnur þau mál, er fram koma á þinginu hverju sinni.

4. gr.

8. gr. 2. og 3. tl. orðist svo:

8.2. Héraðslæknar skulu fylgjast með því að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Þeir hafa þar umsjón með heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Þeir skulu annast samræmingu heilbrigðisstarfs í héraðinu.

8.3. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

5. gr.

9. gr. 1. og 2. tl. orðist svo:

9.1. Launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða heilbrigðisstofnunum. Annar kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða greiðist úr ríkissjóði.

9.2. Kostnaður heilsugæslulækna og borgarlæknis í Reykjavík vegna héraðslæknisstarfa greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

13. gr. 1. tl. orðist svo:

13.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti:
Heilsugæslustöð 2 (H2), þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð.
Heilsugæslustöð 1 (H1), þar sem starfar einn læknir hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð. Heilsugæslustöð H, þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur reglulega móttöku sjúklinga.
Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með.
Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1 eða H2 stöð.

7. gr.

14. gr. 3. tl. 4 orðist svo:

4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H2, starfssvæði Helgafellssveit, Flateyjarhreppur, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur.
2) Grundarfjörður H1, starfssvæði Eyrarsveit.
3) Búðardalur H2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Gufudalshreppur, Reykhólahreppur og Geiradalshreppur.
4) Reykhólar H.

14. gr. 4. tl. orðist svo:

1. Patreksfjarðarumdæmi.

1) Patreksfjörður H2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Múlahreppur.
2) Bíldudalur H.

14. gr. 4. tl. 3. orðist svo:

3. Hólmavíkurumdæmi.

1) Hólmavík H1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur.
2) Árnes H.

14. gr. 5. tl. 1 orðist svo:

1. Hvammstangaumdæmi.

1) Hvammstangi H 2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur.

14. gr. 6. tl. 3 orðist svo:

3. Húsavíkurumdæmi.

1) Húsavík H2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
2) Laugar H.
3) Reykjahlíð H.
4) Stórutjarnir H.
5) Kópasker H1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.

14. gr. 7. tl. 1. 3), 4) og 5) orðist svo:

3) Seyðisfjörður H1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
4) Vopnafjörður H1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur.
5) Bakkafjörður H.

14. gr. 7. tl. 2. 2) orðist svo:

2) Eskifjörður H2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

14. gr. 7. tl. 3 orðist svo:

3. Hafnarumdæmi.

1) Höfn H2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
2) Hof H.
3) Djúpivogur H1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
4) Breiðdalsvík H.

14. gr. 8. tl. 3 orðist svo:

3. Árnesumdæmi.

1) Laugarás H2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur
2) Laugarvatn H.
3) Selfoss H2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur.
4) Eyrarbakki H.
5) Stokkseyri H.
6) Hveragerði H2, starfssvæði Ölfushreppur austan Hjalla og Hveragerðishreppur.
7) Þorlákshöfn H1, starfssvæði Ölfushreppur vestan Hjalla og Selvogshreppur.

14. gr. 9. tl. 1 og 2 orðist svo:

1. Keflavíkurumdæmi.

1) Keflavík H2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
2) Grindavík H1, starfssvæði Grindavíkurkaupstaður.
3) Sandgerði H.
4) Gerðar H.
5) Vogar H.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

1) Hafnarfjörður H2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) Garðabær H2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

14. gr. 10. tl. orðist svo:

14.10. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

14. gr. 11. tl. falli niður.

8. gr.

17. gr. orðist svo:

17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar, og skulu þeir skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar og taka laun úr ríkissjóði.

17.2. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil að ráðherra telji þess þörf.

17.3. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf.
17.4. Heimilt er að greiða sjúkraliða laun úr ríkissjóði gegni hann störfum á heilsugæslustöð þar sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fæst ekki til starfa.

9. gr.

19. gr. 1. tl. orðist svo:

19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:
1) Almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
2) Lækningarannsóknir.
3) Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.
4) Heimahjúkrun.
5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
5.2. Mæðravernd.
5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.
5.4. Heilsugæsla í skólum.
5.5. Ónæmisvarnir.
5.6. Berklavarnir.
5.7. Kynsjúkdómavarnir.
5.8. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
5.9. Sjónvernd.
5.10. Heyrnarvernd.
5.11. Heilsuvernd aldraða.
5.12. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
5.13. Félagsráðgjöf, þ. m. t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
5.14. Umhverfisheilsuvernd.
5.15. Atvinnusjúkdómar, sbr. og lög nr. 46/1980.

Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

10. gr.

20. gr. 1. tl. orðist svo:

20.1. Reksturskostnaður heilsugæslustöðva, annar en launakostnaður fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara, greiðist af viðkomandi sveitarfélögum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist sem stofnkostnaður.

11. gr.

Við 21. gr. bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og 3. tl. verði 4. tl.

21.3. Sveitarfélög innan sama heilsugæsluumdæmis geta samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Skal í slíkum tilvikum gera samning um eina stjórn, kosningu fulltrúa sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu. Skal samningurinn staðfestur af ráðherra.

12. gr.

22. gr. orðist svo:

22.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:
a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar.
b) Laun skv. samningi stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

13. gr.

24. gr. orðist svo:

24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknisfræðinnar, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús. Sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús. Sjúkrahús, sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili. Vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, áfengis- og fíkniefnasjúklinga og fatlaða til dvalar eða starfs.
6. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.

14. gr.

Við 24. gr. bætist nýr töluliður, er verði 3. tl. og orðist svo:

24.3. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

15. gr.

26. gr. 1. tl. orðist svo:

26.1. Óheimilt er að setja á stofn eða reka sjúkrahús skv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama gildir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

16. gr.

27. gr. 2. tl. orðist svo:

27.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfi, að ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits landlæknis og viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

17. gr.

29. gr. orðist svo:

29.1. Við hvert sjúkrahús skv. 24. gr. skal starfa yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri.

29.2. Á svæðis- og deildarsjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérdeilda, sem bera ábyrgð á lækningum, sem þar fara fram. Yfirlæknir hefur eftirlit með starfsemi deildarinnar og skal stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust.

29.3. Formaður læknaráðs stofnunarinnar skal vera yfirlæknir hennar allrar nema stjórn ákveði annað. Hann kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmaður stofnunar í samráði við yfirlækna sérdeilda annars vegar og stjórn, framkvæmdastjóra og læknaráð hins vegar.

29.4. Á svæðis- og deildarsjúkrahúsum skulu vera hjúkrunarstjórar deilda. Hjúkrunarstjóri skipuleggur hjúkrun á deildinni í samráði við hjúkrunarforstjóra og ber ábyrgð á henni.

29.5. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti, undirbýr þá og sér um framkvæmd ákvarðana stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru framkvæmdastjóra til ráðgjafar um slíkar áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir hvor á sínu sviði.

29.6. Ráðherra setur yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og framkvæmdastjórum erindisbréf og setur nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í reglugerð að fengnum umsögnum viðkomandi sjúkrahússtjórna.

18. gr.

30. gr. orðist svo:

30.1. Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir (ríkisspítalar), skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn þeirra allra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 32. gr. 3. tl., tilnefnir tvo menn, sameinað Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri ríkisspítalanna í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

32.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af fimm manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa tvo menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar kýs fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða kýs starfsmannaráð einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá.

30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama gildir um annað starfslið, er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.

30.4. Stefnt skal að því, að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. 2. tl. og forstjóri ríkisspítalanna skv. 30. gr. 1. tl. hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Sérstök nefnd metur hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytis og er hann jafnframt formaður, fulltrúi félags forstöðumanna sjúkrahúsa, og skulu þeir skipaðir til fjögurra ár í senn, og fulltrúi viðkomandi sjúkrahússtjórnar (stjórnarnefndar ríkisspítala), sem skipaður skal í hverju tilviki. Engan má ráða til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan.

30.5. Sjúkrahússtjórnir skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 4 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsanna. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar.

19. gr.

31. gr. 3., 4. og 5. tl. orðist svo:

31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr.

31.4. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs skv. hjúkrunarlögum nr. 8/1974. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkra-

húsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.

31.5. Skipa má hvern þann lækni og hjúkrunarforstjóra til starfa skv. þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

20. gr.

33. gr. orðist svo:

33.1. Ráðherra lætur gera áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við heilbrigðismálaráð héraðanna og landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin skal gerð til fjögurra ára og endurskoðast annað hvert ár og staðfest af Alþingi. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

21. gr.

34. gr. 4. og 5. tl. orðist svo:

34.4. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhald fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

34.5. Ráðherra setur að höfðu samráði við landlækni, dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð, eftir því sem við á, reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga í hverju umdæmi, þar sem m. a. skal kveðið á um lágmarksmenntun sjúkraflutningsmanna, réttindi þeirra og skyldur og búnað sjúkraflutningstækja.

22. gr.

38. gr. orðist svo:

38.1 Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðisþjónustu.

38.2 Ráðuneytið og landlæknir skulu í samráði við utanríkisráðuneytið sjá um samstarf á sviði þessara mála á alþjóðavettvangi.

23. gr.

42. gr. orðist svo:

42. Ráðherra er heimilt að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 57/1978 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1984. Skulu ofangreind lög þá að fullu úr gildi gengin. Sama gildir um læknastöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslið á launum hjá ríkinu og reknar eru af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um, hafi ráðuneytið viðurkennt þessar

stöðvar og starfsemi sem fullnægjandi bráðabirgðalausn. Skulu þessar stöðvar fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaupi þess fastráðna, sérhæfða fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu, og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.

Nd. 448. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal.

1. gr.

74. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Ráðstöfunarstundir til þessara starfa miðast við allt að 1.25 vikustundir á nemanda. Við forskólann skulu starfa kennarar sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi Kjaradóms.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frv. er lögð til veruleg lenging á skólatíma 6 ára barna (heimilað kennslumagn 1.25 vikust. 34 starfsvikur í stað 0.65 vikust.). Helstu rökin eru þau, að aðeins aukinn skólatími gefur raunhæfa möguleika á markvissu starfi í þessum árgangi. Aukinn skólatími 6 ára barna gefur kost á að nám 6, 7 og 8 ára barna sé skipulagt í einni heild. Nám 6 ára barna fellur þannig eðlilega inn í skólastarfið, en mikill misbrestur er á því nú. Margt mælir með lengingu skólatímans, og má í því sambandi benda á að börn eru mun lengur á leikskólum eða dagheimilum og verður því upphaf skólagöngunnar viss vonbrigði sem skaðað geta barnið og skapað neikvæða afstöðu til skólans.

Að sjálfsögðu verður kennsluskipan að miðast við aðstæður í hverju skólahéraði, og má benda á að í þéttbýli og annars staðar þar sem því verður við komið er eðlilegt að börn séu í skólanum frá kl. 9—12 eða kl. 13—16 fimm daga vikunnar. Með vaxandi útivinnu foreldra er nauðsyn að þjóðfélagið komi til móts og auki þannig velferð bæði barna og foreldra. Mikilvægt er að samfelldur skóladagur sé hjá nemendum þannig að þeir venjist ungir á staðfestu og góð vinnubrögð.

Ed. 449. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og m. a. sent það til umsagnar 14 aðila. Þrátt fyrir ítrekanir hafa nefndinni ekki enn borist umsagnir nema frá 5 aðilum. Hefði því nefndin þurft að eiga þess kost að hafa lengri tíma til umfjöllunar frumvarpsins. Enn fremur verður málið enn erfiðara viðfangs vegna mikils ágreinings um sum veigamikil atriði frumvarpsins. Af þessu er ljóst að frumvarp þetta getur ekki fengið nægilega meðferð á þessu þingi sem rofið verður innan fárra daga.

Með tilliti til þessa gerir meiri hluti nefndarinnar eftirfarandi tillögu til

RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Í trausti þess, að frekari endurskoðun verði gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og frumvarp um það efni lagt fram á næsta reglulegu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. mars 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason. Salome Þorkelsdóttir.

Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 450. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum og fengið umsagnir um það frá nokkrum aðilum.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og leggur minni hluti nefndarinnar til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Stefán Guðmundsson.

Ed. 451. Lög [164. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 254.

Ed. 452. Lög [78. mál]

um breytingu á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 80.

Ed. 453. Lög [166. mál]

um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 257.

Ed. 454. Lög [71. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 73.

Ed. 455. Lög [116. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 119.

Ed. 456. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá minni hl. félagsmálanefndar (ÓRG, GB, StefG).

Við 1. gr. 2. töluliður orðist svo:
Með árlegu framlagi úr ríkissjóði að upphæð 115 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1982.

Ed. 457. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið. Á fund nefndarinnar kom Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Egill Jónsson og Lárus Jónsson.

Alþingi, 3. mars 1983.

Eiður Guðnason, form., frsm. Jón Helgason. Guðm. Karlsson.
Stefán Guðmundsson. Stefán Jónsson.

Nd. 458. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál, umsagnir hafa borist frá dómsmálaráðuneyti og sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Nefndin telur rétt að hreppurinn hljóti kaupstaðarréttindi, en án þess að um leið verði stofnað til nýs bæjarfógetaembættis. Með skírskotun til þessa leggur nefndin til að sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu verði jafnframt bæjarfógeti, sbr. breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. mars 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Alexander Stefánsson, frsm.
Guðm. J. Guðmundsson. Friðrik Sophusson. Steinþór Gestsson.

Nd. 459. Breytingartillaga [149. mál]

við frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

2. gr. orðist svo:

Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

Nd. 460. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. mars.)

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 9. tl. og orðist svo:

9. Helming tekna samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.

Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa tl. við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. og 9. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

7. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1983 af tekjum ársins 1982.

Nd. 461. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 3. mars 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., með fyrirvara.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr., með fyrirvara.	Friðrik Sophusson, frsm.
Steinþór Gestsson.	Guðm. J. Guðmundsson.	Eggert Haukdal, með fyrirvara.

Nd. 462. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá Vilmundi Gylfasyni og Pétri Sigurðssyni.

5. gr. frumvarpsins orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gildi til ársloka 1987.

Nd. 463. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Guðmundi J. Guðmundssyni, Ingólfi Guðnasyni, Albert Guðmundssyni, Magnúsi H. Magnússyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins komi ný grein er verði 4. gr. Jafnframt verði 4. gr. frumvarpsins 5. gr. þess. Greinin orðist svo:
2. mgr. 80. gr. laganna orðist svo:
Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. og 1. tl. 1. mgr. 66. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.

Nd. 464. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Sighvatur Björgvinsson, Albert Guðmundsson, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 5. tl. 44. gr. laganna komi nýr tl. sem verði 6. tl. og orðist svo:
Fyrir einstaklinga, sem ekki falla undir liði 1—5, skal greiða 25% kostnaðar við tannlækningar aðrar en við gullfyllingar, krónur eða brýr.

2. gr.

Á eftir 5. tl. sömu lagagr. komi nýr tl. sem verði 7. tl. og orðist svo:
Fyrir gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir, sem ekki falla undir 2. tl., skal greiða 20% kostnaðar.

3. gr.

Aftan við sömu lagagrein komi ný málsgr. er orðist svo:
Skylt er tannlæknum að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun í því formi, sem Tryggingastofnun ríkisins óskar eftir, þegar greiðsla er innt af hendi. Framvísa ber þessari kvittun við sjúkrasamlög þegar sótt er um endurgreiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 104. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Við 1. umræðu um afgreiðslu málsins kom það fram hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að önnur leið kæmi til greina, en hún væri sú að veita skattafslátt vegna mikilla útgjalda við tannlækningar. 1. flutningsmaður þessa frumvarps taldi rétt að freista þess á þessu þingi að fá afgreitt frumvarp um skattafslátt vegna tannviðgerða, enda virtist sú leið, sem lögð var til á síðasta þingi, að almannatryggingar greiddu hluta kostnaðar við tannlækningar fyrir alla landsmenn, ekki eiga hljómgrunn þegar það var til umfjöllunar á því þingi.

Nú hefur Alþingi fellt frumvarp um að veita skattafslátt vegna tannviðgerða, en ráðherra upplýst að með reglugerð yrði ákveðið að fara þá leið sem þingmenn Alþýðuflokksins lögðu til að lögfest yrði á síðasta þingi, — og sú ákvörðun hefði verið samþykkt í ríkisstjórninni.

Í 43. gr. almannatryggingalaga er ákvæði sem heimilar víðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin er í þeirri grein laganna, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar **ná til fleiri hópa** en gert er ráð fyrir í almannatryggingalögum og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækningakostnaði **viðbótarhópa.**

Hér er einungis talað um viðbótarhópa, og draga verður í efa að ráðherra geti með einfaldri reglugerðarheimild ákveðið þátttöku almannatrygginga í greiðslu tannlækninga fyrir alla landsmenn án samþykkis löggjafans, enda ljóst að slík breyting hefur veruleg útgjöld í för með sér.

Þar sem mjög víðtæk samstaða virðist nú vera á Alþingi um að hluti af tannlækningakostnaði verði greiddur fyrir alla landsmenn, er eðlilegt að löggjafinn taki af allan vafa um, að svo skuli gert, og frumvarpið fái afgreiðslu á Alþingi nú fyrir þinglok.

Með frumvarpi þessu fylgir óbreytt greinargerð sú sem fylgdi samhljóða frumvarpi sem þingmenn Alþýðuflokksins lögðu fram á síðasta Alþingi.

„Þó skólatannlækningar hafi fyrst byrjað í Reykjavík árið 1922 og regluleg tannskoðun og skýrslugerð 1926, þá má segja að tannvernd hafi fyrst hlotið viðurkenndan sess sem nauðsynlegur hluti af heilsuvernd landsmanna með lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, en þar er sú stefna mörkuð, að tannlækningar verði hluti af þeirri læknisþjónustu sem veita eigi í heilsugæslustöðvum.

Með lögum frá 1974 kemur svo til þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga í tannlækningakostnaði ákveðinna þjóðfélagshópa. — Þær meginreglur, sem gilda um þátttöku almannatrygginga í tannlækningum, eru eftirfarandi:

1. Fyrir börn yngri en 5 ára 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6—15 ára greiðir sjúkrasamlag tannviðgerðir að fullu, en 75% af kostnaði við gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir og tannréttingar.

   Auk þess greiðir sjúkrasamlag 75% kostnaðar við tannréttingar hafi meðferð verið hafin innan 16 ára aldurs.

   Heimilt er einnig að greiða 75% aðgerðar á 17—18 ára unglingi ef nauðsynlegt var að fresta aðgerðinni.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka þessar greiðslur í 75% og fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%. Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir þroskahefta njóti þeir fullrar tekjutryggingar.

Þegar þáverandi heilbrigðismálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu sagði hann m. a.:

„Þar sem hvort tveggja kemur til, að greiðsla á tannlæknaþjónustu mun auka útgjöld sjúkrasamlaga verulega og uppbygging þjónustustöðva tekur nokkurn tíma, er eðlilegt að láta réttinn til greiðslu frá sjúkrasamlögum takmarkast fyrstu árin við ákveðna þjóðfé-

lagshópa. Í þessum áformum um uppbyggingu og þróun þessarar þjónustu í áföngum er farið inn á svipaða braut og Norðmenn hafa fylgt þegar þeir hafa tekið tannlækningar inn í sitt kerfi.“

Það er því ljóst að afstaða ríkisvaldsins var á þeim tíma sú, að hér væri aðeins stigið fyrsta skrefið í þeim áfanga að færa tannlækningar undir tryggingakerfið.

Þó að á þessum tíma hafi verið stigið stórt skref í heilsuvernd og heilbrigðisþjónustu landsmanna, þá er samt stór hluti þjóðarinnar sem að öllu leyti verður að kosta þennan nauðsynlega þátt heilbrigðisþjónustunnar úr eigin vasa.

Afleiðing þess er að tannvernd margra er í algjöru lágmarki.

Tannskemmdir ná því oft að þróast í slæma tannátu og oft á tíðum ýmsa tannvegssjúkdóma sem verða illviðráðanlegir. Í öllum tilfellum eru þá aðgerðir gífurlega kostnaðarsamar og ekki nema á færi einstakra manna að ráða við, nema steypa sér út í miklar skuldir. Auk þess geta slæmir tannsjúkdómar í vissum tilfellum valdið öðrum sjúkdómum, en í læknisfræðiritum um orsakir og afleiðingar sjúkdóma hefur komið fram að slæmir tannsjúkdómar geti valdið hjarta- og nýrnakvillum og einnig liðagigt.

Hér er því um svo mikilvægan þátt í allri heilbrigðisþjónustu landsmanna að ræða, að hann ætti að skipa sess í heilsuvernd landsmanna sem önnur heilbrigðisþjónusta með meiri þátttöku hins opinbera í kostnaði en verið hefur. Stjórnvöldum ber að gefa þessum þætti heilsuverndar meiri gaum og leita leiða til úrbóta.

Í blaðagrein í ágústmánuði s. l. hefur tryggingatannlæknir eftirfarandi að segja um tannlækningar og tannsjúkdóma:

„Allur þorri þeirra sjúklinga, sem náð hafa þrítugsaldri, þarf á meiri háttar tannaðgerðum að halda. — Því veldur fyrst og fremst tannvegsbólga (bólgan í stoðvef tanna). Það er staðreynd að flestir, sem náð hafa fertugsaldri, hafa sýkst af tannvegsbólgu sem brýtur niður stoðvef tannanna og losar um þær svo að þær tapast um síðir sé ekkert að gert. Bólgan varir oft í mörg ár eða áratugi og er á háu stigi ill- eða ólæknandi, svo að viðgerðir á tönnum þessara einstaklinga hafa tekið á sig skipulagt undanhald, þ. e. a. s. lafað er í lengstu lög á þeim tönnum, sem nægan styrk hafa hverju sinni til að bera upp brýr eða parta, uns þær sligast og gervigómurinn verður eina úrræðið. Mikill minni hluti tannvegssjúklinga nær fullum bata við tannkvilla vegna vanhæfni. Þetta er nöturleg staðreynd, en sannleikur engu að síður. Þetta telja margir vera nú stærsta vandamál í tannlækningum. Það mundi því ekki teljast óeðlilegt þótt tryggingakerfið styddi við bakið á þeim sjúklingum sem leita vilja sér lækninga vegna tannvegsbólgu.“

Af þessu má draga þá ályktun, að skipulögð tannvernd og reglubundnar skoðanir og eftirlit hjá tannlæknum séu mjög brýnn og nauðsynlegur þáttur í heilsuvernd landsmanna til að koma í veg fyrir alvarlega tannsjúkdóma.

Allir vita að tannlæknaþjónusta er mjög dýr, og víst er að það er ekki á allra færi að veita sér hana svo vel sé. Því verður að draga í efa að hægt sé að koma við skipulagðri tannvernd og eftirliti meðan hið opinbera styður ekki meira við bakið á þessum heilbrigðisþætti en raun ber vitni — og ýtir undir með raunhæfum aðgerðum að draga úr alvarlegum tannsjúkdómum og kostnaðarsömum.

Þó efalítið megi rekja það til vanrækslu í mörgum tilfellum, að ekki sé leitað reglulega til tanneftirlits eða lækninga á tannskemmdum og öðrum tannsjúkdómum, þá er óhætt að fullyrða að ein af meginorsökunum fyrir tíðum og slæmum tannsjúkdómum og oft miklum tannviðgerðum er sá mikli kostnaður sem oftast fylgir tannlæknaþjónustu. — Einstaklingar, sem ekki fá greitt samkvæmt almannatryggingakerfinu, verða að bera þennan kostnað alfarið sjálfir og veigra sér því við í lengstu lög að leita sér þessarar þjónustu. Almannatryggingakerfið tekur að þessu leyti lítið mið af lágtekjuhópum, heldur er miðað við vissa aldurshópa.

Afleiðing þess er oft sú, að ekki er leitað tannlækninga fyrr en í óefni er komið og tannsjúkdómurinn orðinn erfiður viðureignar og kostnaðurinn við tannlækningar þá kominn á það stig að fæstir geta staðið undir honum.

Á árinu 1980 var áætlað að kostnaðurinn við þá hópa, sem greitt fá samkvæmt almannatryggingalögum, væri um 3,5 milljarðar g. kr. Þar af voru útgjöld sjúkrasamlaga um 2 330 000 þús. g. kr. Í Reykjavík var heildarkostnaðurinn um 1 171 000 þús., þar af greitt frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur 565 000 þús. g. kr., og laun tannlækna og annar kostnaður vegna skólatannlækninga voru um 606 000 þús. g. kr.

Þó þessar tölur séu háar er þó hér í fæstum tilfellum um dýrustu tannlækningarnar að ræða, en eingöngu börn og unglingar fá greiddan hluta kostnaðar sem fylgir þeirri dýru þjónustu sem er gullfyllingar, krónu- eða brúaraðgerðir.

Verður að ætla að einmitt þeir aldurshópar, sem utan tryggingakerfisins standa í þessu efni, verði helst að leita þeirra aðgerða.

Kostnaður, sem þegar er greiddur af almannatryggingakerfinu samkvæmt lögum, er því mikill og erfitt að gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem yrði ef undir almannatryggingakerfið félli almennt tannlæknaþjónusta landsmanna, enda engar skýrslur til um það, hvað sá kostnaður er í raun mikill, eða forsendur sem á megi byggja við slíka útreikninga.

Mörg rök mæla með því, að tannlækningar falli í meira og víðtækara mæli undir almannatryggingakerfið og því samfara fáist virkara eftirlit með tannlækningum en nú er. Má þar einkum nefna eftirfarandi:

1. Vegna upplýsingaskorts er erfitt að koma við skipulögðum rannsóknum á tíðni hinna ýmsu tannsjúkdóma sem á megi byggja skipulega tannvernd og þátttöku hins opinbera í henni og gildi hafi við fræðilega könnun á stöðu tannlækninga hér á landi. Til þess að slík rannsókn hefði raunhæft gildi yrði að taka með tannaðgerðir og tíðni þeirra hjá öllum aldurshópum. Sá grundvöllur skapaðist með meiri þátttöku hins opinbera í tannlæknaþjónustu, en í formi nákvæmlega sundurliðaðra greiðslukvittana fyrir tannaðgerðir opnaðist möguleiki á skipulögðum rannsóknum í því efni og þróun þeirra í framtíðinni. — Grundvöll yrði þar með hægt að leggja að skipulögðu fyrirbyggjandi starfi í tannlækningum.
2. Þátttaka hins opinbera gerði mörgum kleift að leita fyrr með nauðsynlegar aðgerðir til tannlækna, sem þýðir sparnað og fyrirbyggjandi aðgerðir.
3. Draga mundi úr tíðni tannskemmda og alvarlegra tannsjúkdóma og komið í veg fyrir að þeir þróuðust á erfitt og jafnvel óviðráðanlegt stig.
4. Sundurliðuð og nákvæm greiðslukvittun skapar einnig virkt eftirlit með gjaldtöku tannlækna.

Nokkuð er misjafnt á hinum Norðurlöndunum hvernig fyrirkomulagi á þátttöku hins opinbera í tannlæknaþjónustu er háttað, en í flestum þeirra er hún þó mun meiri en hér á landi.

Benda má einnig á að í Bretlandi eiga allir kost á tannlækningum sem hið opinbera tekur að einhverju eða öllu leyti þátt í. Taxtar tannlækna eru ákveðnir af taxtanefnd, skipaðri jafnmörgum fulltrúum tannlækna og ríkisvaldsins auk hlutlauss oddamanns. — Sjúklingar greiða aðeins hluta kostnaðar (um 17% af heildarkostnaði t. d. árið 1975), þó eru fjölmennir hópar undanþegnir öllum greiðslum. Heildarupphæð fyrir meðferð þeirra, sem ekki eru undanþegnir öllum greiðslum, fer þó aldrei fram úr ákveðnu hámarki, sem var fyrir 5 árum um 30 pund. — Undanþegnar öllum greiðslum eru t. d. 1) verðandi mæður, 2) börn innan 16 ára, 3) unglingar 16—21 árs sem ekki eru í skóla, 4) skólanemendur í heilsdagsskólum, 5) ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar, 6) láglaunafólk með ríkisstyrk, 7) fjölskyldur hópa í lið 5 og 6.

Flutningsmenn telja rétt að stíga ekki stærra skref nú til að taka þessa þjónustu inn í heilbrigðiskerfið en lagt er til í þessu frv. Réttara sé að gera það í áföngum, þar sem erfitt er að gera sér grein fyrir kostnaði tannlæknaþjónustunnar í landinu.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, gæti næsta skref verið að gera könnun á heildarkostnaði við tannlækningar á Íslandi. Flutningsmenn telja að það verði ekki gert nema með þeim hætti sem frumvarpið leggur til, þ. e. a. s. að endurgreiða tiltölulega lítinn hluta alls tannlæknakostnaðar landsmanna. Lægri prósentuhlutur en frv. gerir ráð fyrir kemur vissulega til greina, en þess ber þó að gæta, að óveruleg endurgreiðsla gæti rýrt gildi slíkrar könnunar, ef allir reikningar skiluðu sér ekki.

Flutningsmenn leggja ekki til í frv. að sérstökum tekjum verði varið til að standa straum af þessum kostnaði, enda erfitt að áætla hann. Hugleiða mætti þó hvort tekjur ríkisins af innflutningi sælgætis og annars sætmetis gætu ekki staðið straum af þessum kostnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessu ákvæði væri stigið það skref að fella undir almannatryggingakerfið tannlækningar að hluta til fyrir alla einstaklinga sem þurfa á tannlæknaþjónustu að halda og ekki er nú þegar greitt fyrir samkvæmt almannatryggingalögum. Lagt er til að greiða skuli 25% kostnaðar við allar tannlækningar aðrar en við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Um 2. gr.

Gullfyllingar, krónu- eða brúaraðgerðir eru einn dýrasti þáttur tannlæknaþjónustunnar. Ekki er óalgengt að fyrir meiri háttar aðgerðir sé kostnaðurinn oft á bilinu 30 000—60 000 kr. Á skattframtölum fyrir árið 1979 hefur komið fram að meðalárslaun þá voru um 53 þús. kr. Er því auðvelt reikningsdæmi að sjá að fólk með lágar og meðaltekjur getur ekki staðið undir þessum kostnaði. Hér er því lagt til að þátttaka hins opinbera í kostnaði við gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir verði 20%.

Um 3. gr.

Til að ná fram virku eftirliti með greiðslum fyrir þessa þjónustu er nauðsynlegt að skylda tannlækna til að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun, þannig að á greiðslukvittun fyrir tryggða sjúklinga komi skýrt fram fyrir hvers konar þjónustu greitt er. Sú greiðslukvittun, sem hingað til hefur gilt fyrir þá sem greiðslu fá gegnum almannatryggingakerfið, er ekki í því formi að hægt sé að hafa virkt eftirlit með gjaldtöku tannlækna, en verkþættir aðgerða eru ekki flokkaðir í núgildandi kvittanaformi. Það kvittanaform hefur því ekkert raunhæft upplýsingagildi til að hafa eftirlit með gjaldtöku tannlækna, eins og mikilvægt er þegar þjónustan er greidd af opinberu fé. Sundurliðuð greiðslukvittun er ekki síður mikilvæg til að hægt sé að koma við skipulögðum rannsóknum á tíðni hinna ýmsu tannsjúkdóma sem á megi byggja skipulega tannvernd og gildi hefði einnig við fræðilega könnun á stöðu tannlækninga hér á landi.

Því er í þessari grein lögð sú skylda á tannlækna að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun í því formi sem Tryggingastofnun ríkisins óskar eftir.“

Nd. 465. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Það er skoðun minni hluta, að sveitarfélögin eigi að ráða sjálf yfir tekjustofnum sínum. Það sé því á valdi hverrar sveitarstjórnar að veita afslátt eða lækka álagningu fasteignagjalda.

Til að létta álögur á sumarbústaðaeigendur tel ég réttara að fella niður gjald til sýsluvegasjóðs af sumarbústöðum.

Rétt er að fram komi að sumarbústaðir á vegum stéttarfélaga eru undanþegnir fasteignagjöldum.

Minni hl. leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 3. mars 1983.

Alexander Stefánsson.

Ed. 466. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. mars.)

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 9. tl. og orðist svo:

9. Helming tekna samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.

Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa tl. við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. og 9. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

7. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður.

4. gr.

2. mgr. 80. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. og 1. tl. 1. mgr. 66. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1983 af tekjum ársins 1982.

Sþ. 467. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um viðræðunefnd við Alusuisse.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar (EH, FrS, ÓÞÞ, HÁ, JBH, SvH).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að óska án tafar eftir viðræðum við Alusuisse um endurskoðun á samningi íslenska ríkisins við fyrirtækið um rekstur Íslenska álfélagsins. Til að annast viðræðurnar skal ríkisstjórnin þegar skipa 6 manna viðræðunefnd og skal hver þingflokkur tilnefna einn fulltrúa, forsætisráðherra einn og Landsvirkjun einn. Nefndin kýs sér formann.

Við endurskoðun á samningnum verði lögð rík áhersla á verulega hækkun raforkuverðs. Jafnframt verði leitað eftir hækkun á raforkuverði sem gildi aftur í tímann.

Alþingi telur að stækkun álversins komi til greina í tengslum við viðunandi hækkun á raforkuverði; einnig komi til greina að nýr hluthafi gerist aðili að Íslenska álfélaginu.

Þá verði og leitað eftir samkomulagi um breytingar á skattaákvæðum samningsins.

Til að stuðla að því, að viðræður geti hafist án tafar, verði fallist á að setja deilumál um verð á súráli, rafskautum og skatta í gerðardóm sem aðilar koma sér saman um.

Viðræðunefndin skal hafa fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem þegar liggja fyrir um mál þetta. Enn fremur er nefndinni heimilt að leita samstarfs við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur komið í ljós að iðnaðarráðherra hefur ekki auðnast að ná víðtækri samstöðu um hagsmunamál þjóðarinnar gagnvart Alusuisse. Ekkert tillit hefur verið tekið til ábendinga annarra í máli þessu og ráðherra lagt fram þingmannafrumvarp í neðri deild Alþingis um einhliða aðgerðir. Þar með hefur ráðherrann siglt málinu inn á brautir sem enginn sér fram úr.

Að þessari tillögu standa allir nefndarmenn atvinnumálanefndar nema fulltrúi Alþýðubandalagsins, Garðar Sigurðsson. Nefndarmenn vilja með þessari tillögu leggja áherslu á víðtæka samstöðu til að ná fram mikilvægum hagsmunamálum og telja það best gert með þeim hætti sem fram kemur í tillögunni.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Ed. 468. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 3. mars 1983.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Eiður Guðnason, fundaskr. Stefán Jónsson.
Stefán Guðmundsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 469. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein svohljóðandi:

77. gr. orðist svo:
Skattamálum skal skipa með lögum.
Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna, þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu, eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum.

Sþ. 470. Þingsályktun [51. mál]

um könnun vélhjólaslysa.

(Afgreidd frá Sþ. 3. mars.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á tíðni, orsökum og afleiðingum vélhjólaslysa í umferðinni. Könnunin skal unnin á vegum dómsmálaráðuneytisins í samráði við heilbrigðismálaráðuneytið.
Skal áliti skilað í skýrsluformi til næsta reglulegs Alþingis ásamt tillögum um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Ed. 471. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og varð sammála um að leggja til að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Fjarverandi afgreiðslu var Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 2. mars 1983.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Egill Jónsson.
Guðm. Karlsson.	Geir Gunnarsson.	Karl Steinar Guðnason.

Nd. 472. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 4. mars 1983.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Magnús H. Magnússon.	Guðm. J. Guðmundsson.
	Albert Guðmundsson.	

Nd. 473. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði fellt.

Alþingi, 4. mars 1983.

Matthías Bjarnason, frsm.	Matthías Á. Mathiesen.	Magnús H. Magnússon.
	Albert Guðmundsson.	

Nd. 474. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur minni hlutinn til að það verði samþykkt.

Alþingi, 4. mars 1983.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm.	Guðm. J. Guðmundsson.

Sþ. 475. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]

vegna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

Með vísun til 3. gr. laga nr. 70 frá 17. maí 1982 um kísilmálverksmiðju á Reyðarfirði samþykkir Alþingi niðurstöður skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunar hf. dags. 7. janúar 1983 og ályktar að stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar sem hér liggur fyrir er flutt samkvæmt 3. gr. laga nr. 70 frá 17. maí 1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en í greininni segir m. a.:

„Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.
b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.
c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar."

Með bréfi dagsettu 7. janúar 1983 sendi stjórn fyrirtækisins iðnaðarráðherra skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir sem hún hefur gert samkvæmt fyrirmælum í 3. gr. laga um verksmiðjuna og var skýrslan samþykkt samhljóða ásamt niðurstöðum á stjórnarfundi þann 6. janúar s. l. Skýrslunni var dreift til alþingismanna um miðjan janúar s. l. og í framhaldi af því sent sérstakt erindi til allra þingflokka vegna málsins.

Á grundvelli skýrslunnar telur stjórn félagsins, að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu og að stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988, en allan undirbúning á næstunni beri að miða við, að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986. Nánari ákvarðanir um tímasetningu innan framangreindra marka skuli teknar á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og almenna þróun efnahagsmála í heiminum.

Stjórnin telur störf sín hafa mótast af varfærni og hafi hún leitast við að leggja sjálfstætt mat á rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni verksmiðjunnar og leitað til innlendra og erlendra ráðgjafa í því sambandi. Um mat á þróun markaðar fyrir kísilmálm og hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Íslandi sneri stjórnin sér til bandarískra fyrirtækisins Chase Econometrics, en áður hafði verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins fengið breska fyrirtækið Commodities Research Unit Ltd. til að gera sambærilega athugun.

Niðurstöður beggja þessara aðila hníga mjög í sömu átt og telja þeir að markaður fyrir kísilmálm fari vaxandi og verksmiðja á Íslandi geti í framtíðinni framleitt kísilmálm á samkeppnishæfu verði.

Stjórnin hefur haft samband við fjölmarga aðila, sem látið hafa í ljós áhuga á samvinnu um sölumál, eða vilja taka að sér sölu á framleiðslu verksmiðjunnar í heild eða að hluta.

Þá hefur stjórnin unnið að gerð samninga um kaup á vélbúnaði í verksmiðjuna og hafa náðst fram verulegar verðlækkanir frá upphaflegum tilboðum. Liggja nú fyrir samningsdrög um kaup á búnaði til verksmiðjunnar.

Meginniðurstöður arðsemisútreikninga eru þær, að afkastavextir verði 11.2% miðað við varfærna spá Chase Econometrics um verðþróun á kísilmálmi. Er þetta heldur meiri arðsemi en gert var ráð fyrir á síðasta ári í greinargerð með frumvarpi til laga um verksmiðjuna. Á grundvelli aðalspár Chase Econometrics um markaðsþróun áætlar stjórnin, að arðsemi heildarfjárfestingar (afkastavextir) í verksmiðjunni verði 13.5%.

Í arðsemisútreikningum er gert ráð fyrir, að verksmiðjan greiði að meðaltali tæplega 18 mill á kílóvattstund fyrir raforku, en í niðurstöðum stjórnar verksmiðjunnar kemur fram, að hún telji að verð á raforku til kísilmálmverksmiðjunnar eigi að vera sambærilegt við raforkuverð til hliðstæðra fyrirtækja.

Niðurstöður skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. um starfsemi félagsins og athuganir skv. 3. gr. laga nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði eru:

Niðurstöður:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur, á grundvelli þessarar skýrslu að:

— kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu.
— stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988, en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986.
— ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum.
— auka þurfi hlutafé félagsins.
— verð raforku til Kísilmálmvinnslunnar skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.
— vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda og erlenda."

Fylgiskjal

Skýrsla stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. „Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði". (janúar, 1983).

KÍSILMÁLMVINNSLAN HF
ICELANDIC METALS P.L.C.

Fylgiskjal

KÍSILMÁLMVERKSMIÐJA Á REYÐARFIRÐI

SKÝRSLA STJÓRNAR KÍSILMÁLMVINNSLUNNAR HF.

JANÚAR 1983

EFNISYFIRLIT

1. Niðurstöður

2. Inngangur

3. Markaðsmál
   3.1 Forsendur
   3.2 Markaðsstærð
   3.3 Framleiðslugeta
   3.4 Verðspár
   3.5 Sölufyrirkomulag
   3.6 Söluverð
   3.7 Verð á kísilmálmi í dag

4. Undirbúningur og stofnkostnaður
   4.1 Búnaður
   4.2 Kostnaðaráætlun
   4.3 Framkvæmdaáætlun
   4.4 Tækniþekking
   4.5 Verðmæti kísilryks

5. Fjármögnun
   5.1 Fjármögnun framkvæmda
   5.2 Rekstrarfjárþörf

6. Rekstraráætlun
   6.1 Hráefni
   6.2 Starfsfólk
   6.3 Raforka
   6.4 Forsendur rekstraráætlana
   6.5 Rekstrarreikningar

7. Arðsemi
   7.1 Arðsemi
   7.2 Áhrif breyttra forsendna á afkomu
   7.3 Samkeppnishæfni

8. Eignaraðild

Viðauki 1. Bókanir stjórnarmanna

Viðauki 2. Heimildir og önnur gögn

KÍSILMÁLMVINNSLAN HF
ICELANDIC METALS LTD

Hr. Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Iðnaðarráðuneytinu
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK

Dags. 7.1.1983 Tilv. vor

Dags. Tilv. yðar

Hr. iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. sendir yður hér með skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir sem hún hefur gert samkvæmt fyrirmælum í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Á fundi stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f. þann 6.janúar 1983 var lokið við gerð skýrslunnar og hún samþykkt samhljóða ásamt niðurstöðum. Bókanir stjórnarmanna eru í viðauka með skýrslunni.

Virðingarfyllst,

Halldór Árnason

Axel Gíslason

Eggert Steinsen

Geir A. Gunnlaugsson

Geir H. Haarde

Hörður Þorhallsson

Sveinn Þórarinsson

HEIMILISFANG SUÐURLANDSBRAUT 32, 105 REYKJAVÍK | NAFNNÚMER 5594-3494 | SÍMI 91-82777 | TELEX 2124 ICETRA IS | BANKI L. Í. REYÐARFIRÐI | HLAUPAR.NR. 4001

1. Niðurstöður

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. telur, á grundvelli þessarar skýrslu að:

- kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu.

- stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986-1988, en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986.

- ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum.

- auka þurfi hlutafé félagsins

- verð raforku til Kísilmálmvinnslunnar skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.

- vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda og erlenda.

2. Inngangur

Með lögum um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem samþykkt voru á Alþingi 7.maí 1982, var ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag til að reisa og reka kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Stofnfundur Kísilmálmvinnslunnar h.f. var haldinn 4.júní 1982. Stjórn félagsins var kosin til eins árs af Alþingi 7.maí 1982, og skipa hana eftirtaldir aðal- og varamenn:

Halldór Árnason, iðnráðgjafi - formaður
Sveinn Þórarinsson, verkfræðingur - varaformaður
Axel Gíslason, framkvæmdastjóri
Eggert Steinsen, verkfræðingur
Geir A.Gunnlaugsson, prófessor
Geir H.Haarde, hagfræðingur
Hörður Þórhallsson, sveitarstjóri

til vara:

Inger Linda Jónsdóttir, lögfræðingur
Þorsteinn Ólafsson, viðskiptafræðingur
Aðalsteinn Valdimarsson, skipstjóri
Þráinn Jónsson, framkvæmdastjóri
Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri
Sverrir Hermannsson,alþingismaður
Theodór Blöndal, tæknifræðingur

Iðnaðarráðherra skipaði formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Framkvæmdastjóri var ráðinn Egill Skúli Ingibergsson, verkfræðingur, frá og með 1.júlí s.l. og skrifstofa opnuð í byrjun júlímánaðar og hafa starfsmenn verið fjórir.

Í 3.gr. áðurnefndra laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er verkefni stjórnar félagsins skilgreint þannig:

"Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið, skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.

b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.

c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr.200.000.000 í hlutafé til viðbótar."

Á liðnum mánuðum hefur stjórn félagsins unnið að ofangreindum verkefnum og er í skýrslu þessari gerð grein fyrir meginniðurstöðum í athugunum stjórnarinnar og starfsemi félagsins.

Um þessar mundir er óvenju mikil lægð á öllum mörkuðum í málmiðnaði, og hefur raunverð á kísilmálmi aldrei verið lægra en nú. Störf stjórnarinnar hafa því mótast af varfærni og hefur hún leitast við að leggja sjálfstætt mat á rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni verksmiðjunnar. Í þessu starfi hefur verið leitað til ýmissa ráðgjafa, bæði innlendra og erlendra. Við athuganir á verksmiðjusvæðinu, öflun tilboða í ofna og endurskoðun kostnaðar- og tímaáætlana, hefur Almenna Verkfræðistofan h.f. unnið ásamt verkfræðistofunum Fjarhitun h.f., Hnit h.f., Rafteikningu h.f. og Teiknistofunni h.f. Einnig hafa Verkfræðistofa Austurlands h.f. og Hönnun h.f. unnið að afmörkuðum verkefnum. Sem ráðgjafa í málum er varða kaup og rekstur kísilmálmofna réði stjórnin Fredrik Schatvet, efnafræðing, sem var tækni-

legur framkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar á Grundartanga. Ennfremur hefur Þorsteinn Þorsteinsson, rekstrarhagfræðingur hjá Hagvangi, unnið að rekstrar- og fjármögnunaráætlunum.

Mat á þróun markaðar fyrir kísilmálm, bæði hvað varðar verð og stærð er einn mikilvægasti og jafnframt vandasamasti þátturinn í athugun stjórnarinnar. Í því efni var leitað til bandaríska fyrirtækisins Chase Econometrics um athugun á hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Íslandi. Verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins hafði áður á fyrri stigum undirbúnings fengið breska fyrirtækið Commodities Research Unit Ltd. til þess að gera sambærilega athugun. Var aftur leitað til þeirra og þeir beðnir að endurskoða sínar markaðsspár miðað við breyttar efnahagslegar forsendur. Niðurstöður beggja hníga mjög í sömu átt. Báðir telja að markaður fyrir kísilmálm fari vaxandi og verð á markaðinum muni ráðast af framleiðslukostnaði nýrra verksmiðja, og verksmiðja á Íslandi geti í framtíðinni framleitt kísilmálm á samkeppnishæfu verði.

Samhliða mati á markaðshorfum fyrir kísilmálm, hefur stjórnin kannað leiðir til þess að selja væntanlega framleiðslu. Var samband haft við fjölmarga aðila, sem látið hafa í ljós áhuga á samvinnu um sölumál, eða vilja taka að sér sölu framleiðslunnar, allrar eða hluta hennar.

Þá hefur og verið unnið að gerð samninga um kaup á vélbúnaði í verksmiðjuna og hafa náðst fram verulegar verðlækkanir frá upphaflegum tilboðum. Liggja nú fyrir samningsdrög með fyrirvara um ákvörðun Alþingis varðandi byggingu verksmiðjunnar.

Stjórnin kannaði einnig þann möguleika að kaupa notaða verksmiðju, sem flutt yrði til landsins. Niðurstöður þeirrar athugunar voru neikvæðar.

Á sjálfu verksmiðjusvæðinu hafa farið fram ýmsar athuganir vegna grundunar mannvirkja, hafnargerðar og vatnsveitu. Hafnar eru nokkrar mælingar vegna mengunarhættu frá verksmiðjunni og unnið að undirbúningi enn frekari mælinga til þess að meta áhrif verksmiðjunnar á umhverfið.

Megin verkefni stjórnarinnar hefur verið að taka afstöðu til þess hvort leggja eigi til við Alþingi að verksmiðjan verði byggð og þá hvenær hún eigi að hefja framleiðslu. Við mótun þessarar ákvörðunar hefur tillit verið tekið til fjölmargra atriða, m.a.:

- Verðþróunar kísilmálms, sölu og markaðsmála.
- Kostnaðar við byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.
- Hvenær eftirspurn eftir kísilmálmi verður það mikil að þörf verði fyrir nýjar verksmiðjur og að markaðsverð ákvarðist af framleiðslukostnaði þeirra.
- Verðs og afhendingaröryggis raforku.
- Undirbúnings- og framkvæmdatíma.
- Rekstrarkostnaðar- og arðsemisreikninga.
- Samkeppnishæfni verksmiðjunnar

Í skýrslunni er fjallað um þessi atriði og fleiri er varða verksmiðjuna og taka þarf afstöðu til.

Að lokum skal tekið fram að reynt hefur verið að komast hjá því að endurtaka í skýrslu þessari upplýsingar, sem fram koma í skýrslu verkefnisstjórnar iðnaðarráðuneytisins, "Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði", [1.1], en áhersla lögð á að greina frá viðbótarupplýsingum, athugunum og ályktunum sem stjórnin hefur af þeim dregið.

3. Markaðsmál

Rétt er að skipta umfjöllun markaðsmála í tvo meginþætti. Í fyrsta lagi er um að ræða upplýsingar um markaðsmál, þ.e. stærð markaðar, verðlag og samkeppnisaðstöðu. Í öðru lagi er um að ræða mótun markaðsstefnu á grundvelli þessara upplýsinga.

Í samræmi við ákvæði laganna hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. unnið að báðum þessum þáttum, en augljóst er, að sá þáttur er varðar mótun markaðsstefnu og undirbúningur því samfara verður ekki unninn nema að takmörkuðu leyti fyrr en endanleg ákvörðun hefur verið tekin um byggingu verksmiðjunnar. Telja verður að þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um markaðinn og líklega þróun hans, séu nægjanlegar til þess að unnt sé að meta hvort verksmiðjan geti verið vænlegur kostur.

Verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins fékk Commodities Research Unit Ltd. (í þessari skýrslu nefnt CRU) til þess að kanna alþjóðlegan markað fyrir kísilmálm og samkeppnishæfni íslenskrar kísilmálmverksmiðju, og er niðurstöður að finna í skýrslu CRU "The International Silicon Metal Market and the Competitive Position of an Icelandic Silicon Metal Producer" [1.2] frá því í janúar 1982.

Vegna mikilvægis þess að byggt sé á eins traustum grunni og kostur er, þegar ákvörðun er tekin um byggingu verksmiðjunnar, ákvað stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. að afla sér enn frekari gagna um kísilmálmmarkaðinn og fékk Chase Econometrics (í þessari skýrslu nefnt Chase) til þess að gera aðra slíka könnun. Niðurstöður þeirra athugana er að finna í skýrslu Chase "The Feasibility of a Silicon Metal Plant in Iceland" [1.4] frá október 1982.

Auk þess lét Chase Kísilmálmvinnslunni í té athugun, sem gerð hafði verið á kísilmálmmarkaðinum í Bandaríkjum Norður-Ameríku og er að finna í skýrslu frá apríl 1982, [1.5].

Þar eð efnahagsforsendur þær er athugun CRU var byggð á höfðu breyst, var CRU fengið til þess að endurskoða sína markaðsspá. Niðurstöður er að finna í skýrslu CRU "The International Silicon Metal Market, Revised Forecasts" [1.6], frá nóvember 1982.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. hefur einnig, til þess að fá enn frekari upplýsingar, haft samband við fjölmarga aðila sem eru í beinum tengslum við kísilmálmmarkaðinn.

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum þessara athugana, og þeim forsendum sem markaðsspár byggja á.

3.1. Forsendur

Kísilmálmur er aðallega notaður í áliðnaði og efnaiðnaði, og eftirspurn því mjög háð ástandi iðngreina, sem byggja á þeim. Þær mikilvægustu eru framleiðsla flutningstækja, véla og varanlegra neysluvara svo og byggingariðnaður. Ástand þessara greina er aftur háð almennu efnahagsástandi og markaðsspár því að miklu leyti háðar þeim spám um hagvöxt, aukningu vergrar þjóðarframleiðslu, og öðrum efnahagsforsendum, sem lagðar eru til grundvallar.

Skýrsla CRU [1.2] frá janúar 1982, er byggð á þeirri forsendu að á árunum 1980-1990 verði hagvöxtur OECD-landanna að meðaltali 2,8%, en með ákveðnum sveiflum. Umsögn Þjóðhagsstofnunar [3.4] um þessa forsendu er að fyrri hluta áratugarins verði vöxturinn minni, en spáin varkár þegar litið er á allt tímabilið. Á þessum grundvelli var CRU fengið til að gera nýja markaðsspá [1.6] byggða á minni vexti þjóðarframleiðslu fyrri hluta áratugarins, til samræmis við ábendingar Þjóðhagsstofnunar.

Chase [1.4] byggir á svipuðum forsendum í aðalspá (standard scenario) sinni, þar sem spáð er um vöxt iðnaðarframleiðslu, þrjú 5 ára tímabil. Chase sýnir einnig þann möguleika(contingency scenario) að vöxtur verði heldur minni en í aðalspánni og er sú spá kölluð varfærnisspá. Aðalspáin sýnir ívið meiri hagvöxt en spá CRU gerir ráð fyrir.

Þróun þess efnaiðnaðar sem notar kísilmálm, og oftast er nefndur silikoniðnaður, hefur verið ör á undanförnum árum. Hér er að miklu leyti um að ræða nýjar vörur sem leyst hafa aðrar af hólmi og þar með óbeint stækkað kísilmálmmarkaðinn.

CRU telur að spá um silikoniðnað geti ekki nema að nokkru leyti byggst á spám um hagvöxt. Til að glöggva sig betur á þessum þætti átti CRU viðtöl við notendur kísilmálms í efnaiðnaði. Í ljós kom að flestir þeirra eru að auka afkastagetu sína, eða þegar búnir að ákveða að auka hana verulega. Spá CRU tekur að nokkru leyti mið af þessum stækkunaráformum og er spá þeirra um notkun í silikoniðnaði langtum hærri en spá um aukningu þjóðarframleiðslu og helstu iðngreina þ.e. 7% í Bandaríkjunum, 14-15% í Japan og 12-13% í Evrópu á ári.

Chase telur aftur á móti að markaður fyrir afurðir silikoniðnaðar sem notar kísilmálm sé að mettast og þar af leiðandi ekki forsvaranlegt að gera ráð fyrir að notkun efnaiðnaðar á kísilmálmi vaxi mikið umfram vöxt helstu iðngreina.

Upplýsingar sem stjórnin hefur aflað frá öðrum aðilum, benda til þess að vöxtur silikoniðnaðarins verði frekar í samræmi við spá CRU en Chase. Stjórnin telur þó rétt að sýna varfærni og nota spá Chase.

3.2. Markaðsstærð

Spár um þróun markaðar, sem sýndar eru í töflu 3.1. og á línuriti 3.1., eru byggðar á grundvelli ofangreindra meginforsendna. Í öllum tilfellum er spáð aukningu á markaði fyrir kísilmálm. Spár CRU eru báðar hærri en spár Chase. Árlegur meðalvöxtur áranna 1982-1995 er um 7% í spám CRU. Í aðalspá gerir Chase ráð fyrir að vöxtur verði tæp 5%, en 4% í varfærnisspá. Í báðum tilfellum dregur nokkuð úr vexti er líður á tímabilið. Þessi munur á spám CRU og Chase byggist aðallega á mismunandi áliti á þróun silikoníðnaðarins.

Tafla 3.1. Spár um heildarmarkað fyrir kísilmálm, 1980-1995 (án A-Evrópu og Kína). Þús.tonn.

Ár	CRU (1)	CRU (2)	CHASE (3)	CHASE (4)	CHASE (5)	
1980	376	-	440	392	392	
1981	371	-	382	386	386	
1982	399	356	383	358	358	
1983	436	387	415	392	374	
1984	462	423	449	429	421	
1985	467	446	457	465	474	
1986	497	467	459	453	432	
1987	550	503	487	475	433	
1988	597	546	514	507	469	
1989	630	589	539	542	511	
1990	640	598	558	571	544	
1991	689	623		580	557	
1992	758	680		595	549	
1993	846	758		615	555	
1994	903	829		638	583	
1995	937	861		658	603	

1) Upphafleg spá CRU.
2) Endurskoðuð spá CRU.
3) Spá Chase frá apríl 1982.
4) Aðalspá Chase (standard scenario).
5) Varfærnisspá Chase (contingency scenario).

3.3 Framleiðslugeta.

Núverandi afkastageta kísilmálmverksmiðja (utan Austur-Evrópu og Kína) er áætluð 600-620.000 tonn á ári. Þegar meta á hver eðlileg nýting þessarar afkastagetu sé, þá er nauðsynlegt að hafa í huga að hér er um fræðileg afköst að ræða. Þau afköst sem hægt er að ná í raun eru háð raforku, fáanlegu hráefni, ástandi á vinnumarkaði og fjölmörgum öðrum rekstrar- og efnahagsþáttum. Raunveruleg afköst reynast því verulega lægri. Þannig var nýting heildarafkastagetu um 76% seinni hluta síðasta áratugar, þegar mikil eftirspurn var eftir kísilmálmi. Nýting einstakra verksmiðja var þó mun hærri. Eðlileg nýting afkastagetu núverandi kísilmálmverksmiðja er því talin vera 75%. Má því ætla að núverandi verksmiðjur anni 450-470.000 tonna markaði. Miðað við núverandi eftirspurn er talið að nýting sé um 60% og er það mjög lágt. Þess verður að geta að heildarafkastageta kísilmálmverksmiðja er ekki nákvæmlega skilgreind. Sem dæmi má nefna að með í tölunni eru verksmiðjur á Spáni og í Portúgal með 60-65.000 tonna afkastagetu. Þær verksmiðjur eru ekki allar starfræktar eins og er, og óvíst hvort þær taka til starfa aftur, vegna þess hve orkuverð þar er hátt. Aftur á móti eru ekki taldar með þær verksmiðjur í Japan, sem hætt hafa starfrækslu á undanförnum árum. Útilokað er talið að þær muni taka til starfa aftur. Í þessum tölum er heldur ekki reiknað með þeim möguleika að breyta járnblendiofnum í kísilmálmofna.

Til að meta hvenær gangsetning verksmiðju á Íslandi er hagkvæmust, athugaði Chase [1.4] hvenær þörf verður fyrir nýjar verksmiðjur. Gengið er út frá framangreindri afkastagetu, að viðbættum þeim verskmiðjum sem ákveðið er að byggja en að ekki verði um frekari aukningu á framleiðslugetu að ræða. Með því að bera þá afkastagetu, sem þannig fæst, saman við spár um þróun markaðarins, fæst mat á því hvenær svigrúm myndast fyrir nýjar verksmiðjur.

LÍNURIT 3.1



Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing). 323

Niðurstaða Chase [1.4] er sú, að hagkvæmast sé að hefja framleiðslu á árunum 1987-1988. Þó benda þeir á að til greina komi að byrja nokkru fyrr, ef einhver af núverandi verksmiðjum yrði lögð niður eða að hætt yrði við byggingu á verksmiðju, sem tekin hefur verið ákvörðun um. Samkvæmt spánum er ekki greinileg þörf fyrir nýjar verksmiðjur, fyrr en á síðari hluta þessa áratugar. Samkvæmt spá Chase [1.4] væri það ekki fyrr en 1988 sem þörf væri fyrir íslensku verksmiðjuna eða jafnvel síðar. Ef þróun markaðar verður meira í líkingu við markaðsspá CRU, er þessi þörf til staðar nokkru fyrr.

Þótt framangreindar spár bendi til þess að þörf fyrir nýjar verksmiðjur sé ekki til staðar fyrr en á síðari hluta þessa áratugar, þá getur af ýmsum ástæðum verið rétt að hefja framleiðslu nokkru fyrr. Nokkrar verksmiðjur í Evrópu hafa nú hætt framleiðslu og ljóst að sumar þeirra, t.d. á Spáni, hefja ekki framleiðslu aftur. Þá gæti ákvörðun um verksmiðju á Íslandi seinkað eða jafnvel valdið því að hætt yrði við aðrar verksmiðjur. Þannig kemur til greina ef þróun markaðarins verður hagstæð, að hefja rekstur verksmiðjunnar árið 1986.

3.4 Verðspár

Verð á kísilmálmi er háð tveim þáttum, annars vegar kostnaði við framleiðslu og hins vegar markaðsástandi. Framleiðslukostnaður er að nokkru leyti tengdur orkuverði og raunhækkanir orkuverðs hafa því haft áhrif á kísilmálmverð til hækkunar á síðasta áratug. Yfirleitt má meta markaðsástandið með því að athuga nýtingu afkastagetu kísilmálmverksmiðja í heiminum, á hverjum tíma. Lágt verð og léleg nýting fara saman og öfugt. Þegar spár um markaðsverð eru skoðaðar, verður að hafa þetta í huga.
Í spánum er gert ráð fyrir að ný afkastageta komi til þegar þörf er fyrir hana. Komi ný fyrirtæki inn fyrr, getur það haft áhrif á verðlag til lækkunar. (25.000 tonna aukning á afkastagetu lækkar að öðru jöfnu heildarnýtingu í iðnaðinum um 2-3 prósentustig).

Hinar ýmsu spár um markaðsverð sem gerðar hafa verið fyrir Kísilmálmvinnsluna, eru sýndar í töflu 3.2. og línuriti 3.2. Sýnt er skráð markaðsverð framleiðenda fyrir kísilmálm til áliðnaðar í Bandaríkjunum, miðað við fast verðlag 1982. Með skráðu verði framleiðenda er átt við það verð sem helstu framleiðendur tilkynna að þeir séu tilbúnir að selja á. Frá því verði er að jafnaði veittur afsláttur eins og vikið verður að síðar. Í 2., 5. og 6. dálki í töflu 3.1. er sýnt fast verð þegar áætluð áhrif raunhækkana á kostnaði hafa verið dregin frá. Það verð er nothæft sem grundvöllur rekstrarreikninga á föstu verðlagi.

Eins og fram kemur í töflu 3.2. þá spá bæði CRU og Chase mjög svipaðri verðþróun. Eru þá bornir saman dálkar 2, 5 og 6, en dálkar 1, 3 og 4 eru ekki sambærilegir. Í þeim er gert ráð fyrir mismunandi raunverðshækkunum aðfanga. Meðalverð áranna 1986-1995 er samkvæmt CRU 1.595 $/tonn, en Chase 1.661 $/tonn og 1.615 $/tonn og er fyrri talan aðalspá en sú síðari varfærnisspá.

Skýring á þessari mjög svo sambærilegu niðurstöðu er sú, að þrátt fyrir það að spárnar séu gerðar með mismunandi aðferðum, þá byggja þær báðar í raun á þeirri sömu meginforsendu , að verðið á markaðnum miðist við framleiðslukostnað í nýjum verksmiðjum. Spá CRU framreiknar verðþróun síðasta áratugar á grundvelli ákveðinna forsendna um þróun hagstærða. Síðasti áratugur einkenndist af mikilli aukningu á notkun kísilmálms. Þörf varð fyrir margar nýjar verksmiðjur og markaðsverðið réðst af framleiðslukostnaði þeirra.

Spá Chase byggir á þeirri meginforsendu að þegar nýting nálgast 75% hækki verðið þannig að það nálgist framleiðslukostnað frá nýjum verksmiðjum. Framboð og eftirspurn ráði verðinu, vöxtur markaðarins kalli á nýjar verksmiðjur, sem einungis verði byggðar ef verðið er í samræmi við framleiðslukostnað.

Nauðsynlegt er að hafa í huga þessa forsendu beggja verðspánna, þegar þær eru metnar og notaðar. Á þetta ekki hvað síst við, þegar meta á samkeppnishæfni íslensku verksmiðjunnar.

Í megintilviki arðsemisútreikninga verður varfærnisspá Chase án raunhækkana á kostnaði notuð. (Dálkur (6) í töflu 3.2).

Tafla 3.2. Spár um markaðsverð á kísilmálmi 1982-1995.

Skráð verð í Bandaríkjunum í $/tonn.
Á föstu verðlagi miðað við mitt ár 1982.

Ár	CRU (1)	CRU (2)	CHASE (3)	CHASE (4)	CHASE (5)	CHASE (6)
1982	1490	1490	1369	1369	1369	1369
1983	1527	1529	1384	1234	1365	1217
1984	1614	1562	1435	1331	1396	1295
1985	1639	1583	1685	1678	1617	1610
1986	1672	1630	1778	1712	1682	1620
1987	1660	1649	1730	1575	1615	1470
1988	1637	1619	1816	1706	1672	1570
1989	1638	1615	1896	1832	1721	1663
1990	1627	1591	1843	1805	1650	1616
1991	1570	1537	2005	1915	1770	1691
1992	1566	1534	1915	1831	1668	1595
1993	1614	1588	1831	1853	1573	1592
1994	1618	1592	1910	1959	1618	1660
1995	1625	1600	1966	1998	1643	1670

1) Verðspá er miðuð við raunhækkun á orkuverði. Í þessu tilfelli er reiknað með að olíuverð hækki ca. 2% á ári umfram almennar verðhækkanir.

2) Verðspáin er miðuð við að engar raunhækkanir verði á orku.

3) Aðalspá (Standard scenario).

4) Varfærnisspá (Contingency scenario).

5) Aðalspá (Standard scenario) án raunhækkana á kostnaði. Raunhækkanir eru 1.39% á ári að meðaltali.

6) Varfærnisspá (Contingency scenario) án raunhækkana á kostnaði.

LÍNURIT 3.2


SPÁR UM MARKAÐSVERÐ KÍSILMÁLMS
SKRÁÐ VERÐ Í BANDARÍKJUNUM Í $ /TONN
1800
1700
1600
1500
1400
1300
1200
100
0
1982
'83
'84
'85
'86
'87
'88
'89
'90
'91
'92
'93
'94
1995
ÁR
CHASE (6)
CHASE (5)
CRU (1)

3.5 Sölufyrirkomulag

Þegar fjallað er um sölufyrirkomulag á kísilmálmi er nauðsynlegt að greina á milli hinna tveggja aðalmarkaða fyrir kísilmálm, þ.e. kísilmálm fyrir silikoniðnað annars vegar og áliðnað hins vegar. Ef selja á kísilmálm til silikoniðnaðarins, eru gæði og afhendigaröryggi mikilvægust. Einnig er mikilvægt að sem best samband sé milli framleiðanda og notanda. Þegar kísilmálmur er seldur til áliðnaðar vegur verðið hins vegar þyngst.

Framleiðendur silikonefna eru fáir og hver þeirra hefur sínar eigin gæðakröfur. Náið samband framleiðanda og kaupanda er því skilyrði þess að hægt sé að uppfylla þær kröfur sem viðkomandi kaupandi gerir um gæði kísilmálmsins. Gera verður ráð fyrir því að til þess að selja á þessum markaði verði að fullvissa silikonframleiðendurna um að framleiðsla Kísilmálmvinnslunnar uppfylli gæðakröfur þeirra og ekki verði breytingar á þeim gæðum sem boðin eru. Af þessu leiðir, að langan tíma getur tekið að komast inn á þennan markað, jafnvel nokkur ár. Samningar á þessum markaði eru ársfjórðungslegir, þótt flestir silikonframleiðendur gefi til kynna hvaða magn þeir hyggist kaupa á næsta ári. Eftir að tekist hefur að komast inn á þennan markað má reikna með reglulegri sölu, svo fremi að gæðakröfur séu uppfylltar og verð sé í samræmi við almennt markaðsverð.

Í rekstrarreikningum er gert ráð fyrir því að fyrstu tvö árin verði ekki um neina sölu að ræða á þessum markaði en síðan vaxi salan um 10% af árlegri framleiðslu þar til 40% framleiðslunnar eru seld silikonframleiðendum.

Í áliðnaði eru kaupendur margir og oft smáir og þar skiptir verð mestu máli. Flestir framleiðendur uppfylla skilyrði um gæðakröfur kaupenda og efnagreining viðkomandi farms er nægjanleg upplýsing um gæði. Margir framleiðendur nota umboðsmenn til þess að annast sölu á þessum markaði, utan næsta nágrennis. Undantekning er þó Elkem og Sofrem sem hafa sína eigin sölumenn víða um heim. Flestir framleiðendur krefjast þess þó að vita hvert hver farmur fer til þess að koma í veg fyrir spákaupmennsku. Framleiðendur eru þannig í beinu sambandi við alla stærri kaupendur, þótt umboðsmenn annist söluna. Samningar eru að jafnaði ársfjórðungslegir, með ákvæðum um verð, magn og afhendingu.

Í skýrslu verkefnisstjórnar [1.1] er lýst fjórum meginleiðum til þess að selja framleiðslu Kísilmálmvinnslunnar:

1. Kísilmálmvinnslan h.f. annist sjálf alla afurðasölu.
2. Gerður verði markaðssamningur við eitt fyrirtæki, sem selji allan kísilmálm frá verksmiðjunni.
3. Kísilmálmvinnslan h.f. gerist aðili að sölusamtökum annarra framleiðenda á kísilmálmi.
4. Kísilmálmvinnslan h.f. selji afurðir í gegnum eigin umboðsmenn í einstökum löndum.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. hefur kannað allar þessar leiðir og átt viðræður við fjölmarga aðila um sölu á kísilmálmi (sjá heimildaskrá). Einnig hefur verið rætt við tvo framleiðendur kísilmálms um stofnun sameiginlegs sölufyrirtækis, eða söluskrifstofu, sem annist sölu kísilmálms frá Kísilmálmvinnslunni og öðru hvoru þessara fyrirtækja.

Viðræður þessar eru þó ekki það langt á veg komnar að ljóst sé hvernig slíkt sameiginlegt sölufyrirtæki yrði uppbyggt og hvort hægt verði að tryggja hagsmuni Kísilmálmvinnslunnar nægjanlega innan þess.

Með hliðsjón af þeirri lýsingu á markaði fyrir kísilmálm, sem gefin var hér að framan, getur verið vænlegt að velja blöndu af þessum leiðum og virðist það sölufyrirkomulag heppilegast að Kísilmálmvinnslan sjálf, eða í samvinnu við annan framleiðanda, selji beint til silikonframleiðenda og stórra kaupenda í áliðnaði. Umboðsmenn í einstökum löndum eða svæðum selji aftur á móti til allra smærri kaupenda í áliðnaði. Kostir slíks fyrirkomulags eru þeir helstir, að Kísilmálmvinnslan mótar sjálf markaðsstefnuna og hvernig brugðist er við breytingum á markaðinum. Beint samband er tryggt við silikonframleiðendur og stærstu kaupendur á álmarkaði og upplýsingar um markað og tæknileg efni berast beint, auk þess sem framleiðsla Kísilmálmvinnslunnar verður til sölu á öllum helstu markaðssvæðum.

Nauðsynlegt er að byggja sem fyrst upp þekkingu innan fyrirtækisins á sölu og markaðsmálum. Því er ljóst að söludeild þarf að vera innan fyrirtækisins og full ástæða til að hafa hana það öfluga að hún geti selt beint til helstu kaupenda. Samvinna við annan framleiðanda ætti að tryggja að þegar í upphafi verði til staðar haldgóð þekking á markaðsmálum.

Þótt sú leið, að fela einum aðila sölu allrar framleiðslunnar, tryggi eflaust betur í upphafi, að framleiðsla seljist þá hefur sú leið svo marga ókosti, að hún er vart talin koma til greina. Áhrif á markaðsstefnuna yrðu lítil, trygging söluaðilans á sölu leiddu til lægra verðs, samband við helstu kaupendur yrði lítið o.fl. Á það skal einnig bent, að reynsla þeirra fáu aðila, sem farið hafa þessa leið, er slæm.

Chase fjallar sérstaklega í skýrslu sinni um hvaða leið Kísilmálmvinnslan eigi að velja til þess að selja afurðir sínar. Niðurstöður þeirra eru nokkuð á sömu leið og að framan greinir, að höfuðáherslu eigi að leggja á að selja silikonframleiðendum í Evrópu, og að fyrirtækið eigi að hafa öfluga eigin söluskrifstofu, sem selji til silikonframleiðenda og stærstu kaupenda í áliðnaði, en nota mætti umboðsmenn til að selja til smærri kaupenda.

Stjórnin telur, að þegar ákvörðun Alþingis um byggingu verksmiðjunnar liggur fyrir, eigi að kanna til hlýtar þau tilboð, sem borist hafa frá öðrum kísilmálm-framleiðendum, um sölusamvinnu. Stefnt verði að því að tryggja eðlileg áhrif Kísilmálmvinnslunnar við mótun markaðsstefnu, að samband við helstu kaupendur verði tryggt og að fullt jafnræði ríki milli aðila.

Í rekstrarkostnaðaráætlun er gert ráð fyrir því að kostnaður vegna sölu verði 3.5% af fob-verði, en auk þess muni 2 starfsmenn í fyrirtækinu vinna við sölu- og markaðsmál.

3.6 Söluverð

Í verðspám er miðað við skráð verð framleiðenda í Bandaríkjunum, eins og að framan greinir, og er það að öllu jöfnu hærra en það raunverð sem kísilmálmur er seldur á. Mismunur raunverðs og skráðs verðs er afar háður markaðsaðstæðum hverju sinni, og er lítill þegar eftirspurn er mikil en mikill þegar lægð er á markaðinum. Í markaðsspá Chase [1.4] er spáð um það hve mikill munur verði á söluverði í Evrópu og skráðu verði í Bandaríkjunum. Er sú spá lögð til grundvallar við ákvörðun á raunverulegu söluverði í rekstraráætlun. Þessi verðmunur er mjög breytilegur milli ára. Í aðalspá er hann 0-8%, en að meðaltali 4 %, og í varfærnisspá mestur 14% en minnstur 0%, að meðaltali 6 %. Að auki er gert ráð fyrir, að Kísilmálmvinnslan verði að veita afslátt fyrstu 2 árin, 8% fyrsta árið og 4% annað árið.

Eins og að framan greinir er talið rétt að lögð verði mikil áhersla á það að selja afurðir verksmiðjunnar til silikonframleiðenda og er stefnt að því að 40% framleiðslunnar fari á þann markað í framtíðinni. Markaðsverð er nokkru hærra en til áliðnaðar eða allt að 10%. Í rekstraráætlun er reiknað með 5% hærra verði og er sú tala höfð þetta lág meðal annars til þess að taka tillit til kostnaðarauka vegna hreinsunar málmsins.

Nauðsynlegt er að áætla hvernig framleiðslumagni Kísilmálmvinnslunnar verður skipt á markaðssvæði, bæði vegna mismunandi flutningskostnaðar og tolla. Hér er gert ráð fyrir því að 18.000 tonn fari árlega til Evrópu, 3.000 tonn til Bandaríkja Norður-Ameríku og 4.000 tonn til Japan. Flutningskostnaður er áætlaður 30 $/tonn til Evrópu, 100 $/tonn til Bandaríkjanna og 125 $/tonn til Japan. Í Bandaríkjunum og Japan þarf að greiða tolla af innfluttum kísilmálmi og er hann 9% annars vegar en 7% hins vegar. Verði kísilinnihald kísilmálmsins yfir 99% lækkar tollur í Bandaríkjunum í 5,3%. Ekki þarf að greiða toll í Evrópu.

Sölukostnaður er áætlaður 3,5% af fob-verði. Miðað við framangreindar forsendur verður meðal skilaverð til verksmiðjunnar árið 1988 1.321 $/tonn, en 1.413 $/tonn að meðaltali á árunum 1988-1995 og er þá miðað við varfærnisspá. Gert er ráð fyrir að öll framleiðsla verksmiðjunnar seljist á framangreindu verði. Gert er ráð fyrir því að nýting afkastagetu verksmiðjunnar verði 87%. Er það talið raunhæft, miðað við reynslu í nálægum löndum.

Við mölun og aðra meðhöndlun kísilmálmsins myndast fínefni. Samkvæmt upplýsingum frá öðrum framleiðendum, er myndun fínefna á bilinu 4-6% og fara þau til endurbræðslu (einangrun í töppunarpönnum) eða eru seld silikonframleiðendum. Það er því ekki talin þörf á því að verðfella kísilmálminn sérstaklega vegna myndunar fínefna, gagnstætt því sem gera þarf fyrir kísiljárn.

3.7 Verð á kísilmálmi í dag

Mikil lægð er nú á öllum mörkuðum í málmiðnaði og verð á kísilmálmi hefur aldrei verið lægra. Fjölmargir framleiðendur kísilmálms eiga í rekstrarerfiðleikum og ný verksmiðja á Íslandi væri rekin með miklu tapi við þessar aðstæður.

Í lok ársins 1981 var innflutningsverð á kísilmálmi til Evrópu 1.200-1.250 $/tonn, í apríl 1982 990-1.015 $/tonn og í nóvember s.l. var það 870-930 $/tonn. Verð í Japan er nokkru hærra og var nú í október 1.020 $/tonn. Í Bandaríkjunum er meðalverð 1982 talið vera um 1.150 $/tonn.
Meginorsakir þessa lága verðs er sá efnahagssamdráttur sem nú ríkir í heiminum, og sú minnkun iðnaðarframleiðslu, sem honum hefur fylgt. Eins og áður er getið þá er talið að nýting afkastagetu í kísilmálmiðnaðinum sé nú um 60% og er því eðlilegt að kísilmálmur sé seldur langt undir skráðu verði. Verðfallið í gjaldmiðli sumra framleiðslulanda er þó minna en fram kemur í verði skráðu í dölum, vegna gengisbreytinga.

Það er nokkuð samdóma álit þeirra sem stjórn Kísilmálmvinnslunnar hefur rætt við að verð lækki ekki mikið úr þessu. Flestir telja að verð hækki brátt aftur, en skoðanir eru nokkuð skiptar um það, hvenær batans sé að vænta og hversu örar verðhækkanir verða, þegar þær koma. Þó má ætla að ekki verði miklar hækkanir 1983, nokkrar 1984, en 1985 hækki verð aftur. Í þessu sambandi má benda á að Chase [1.4] telur að það verði ekki fyrr en síðari hluta árs 1983, sem vart verði við bata, en verðhækkanir þá verði þó það litlar að árið 1983 verði lítið betra en 1982. Það verði ekki fyrr en 1985 sem verð hafi hækkað að marki.

Þegar bornar eru saman spár um verð á kísilmálmi og raunverð í dag, þá verður að hafa í huga að verðspárnar spá fyrst og fremst skráðu verði framleiðenda og þær gera ráð

fyrir eðlilegu jafnvægi milli framleiðslukostnaðar í nýjum verksmiðjum og verðlags. Þess er því ekki að vænta að þær sýni verðsveiflu eins og þá sem nú hefur átt sér stað. Slíkt á þó ekki að draga úr gildi þeirra til lengri tíma, miðað við gefnar forsendur um efnahagsþróun.

Ef spár um efnahagsbata reynast réttar mun nýting afkastagetu kísilmálmfyrirtækjanna vaxa aftur. Því má gera ráð fyrir að síðari hluta þessa áratugar verði hún aftur orðin jafnhá og í lok síðasta áratugar og verð þar af leiðandi mun hærra en í dag og endurspegli framleiðslukostnað í nýjum verksmiðjum.

4 Undirbúningur og stofnkostnaður

4.1 Búnaður

Á fyrra stigi undirbúnings að byggingu kísilmálmverksmiðjunnar var haft samband við 7 framleiðendur, sem líklegir voru taldir til þess að hafa reynslu í hönnun og framleiðslu vélbúnaðar fyrir verksmiðjuna. Í ljós kom eftir ítarlega athugun, að tvö fyrirtæki, Elkem A.S. í Noregi og Mannesmann Demag í Þýskalandi, voru talin hafa næga reynslu og sýndu verkefninu áhuga. Bindandi tilboð í vélbúnað verksmiðjunnar bárust frá þessum tveim fyrirtækjum í apríl s.l. Fulltrúar beggja komu síðan til funda í Reykjavík í maí og júní s.l. til þess að útskýra tilboðin nánar og ræða um tæknilega útfærslu, fyrirkomulag í verksmiðjunni, verð og skilmála.

Ráðgjafar Kísilmálmvinnslunnar luku samanburði tilboða og skiluðu greinargerð í september s.l. Í sama mánuði heimsótti stjórn og starfsmenn Kísilmálmvinnslunnar bæði áðurnefnd fyrirtæki og skoðuðu verksmiðjur.

Í október s.l. mættu fulltrúar Elkem og Demag til viðræðna í Reykjavík um tilboð þeirra og samningsdrög sem Kísilmálmvinnslan hafði látið gera. Í drögunum komu fram sjónarmið og kröfur um fyrirkomulag og gæði tækjabúnaðar svo og almenn samningsskilyrði, greiðslufyrirkomulag, tryggingar og ábyrgðir. Í framhaldi af því bárust endurskoðuð tilboð beggja sem nú voru bæði á föstu verði og höfðu lækkað verulega. Á fundunum náðist samkomulag við báða aðila um öll meginatriði varðandi kaup á vélbúnaði. Samningsdrög liggja því fyrir við bæði þessi fyrirtæki.

Stefnt er að því að ganga frá samningi við annan ofnaframleiðandann í febrúar á þessu ári, með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um byggingu verksmiðjunnar. Þetta er gert til þess að tryggja að hið hagstæða verð vélbúnaðar, sem náðst hefur, gildi fyrir það gangsetningartímabil sem stjórnin miðar við, þ.e. árabilið 1986-88. Að samningnum gerðum getur Kísilmálmvinnslan látið hefja hönnun verksmiðjunnar. Framleiðsla vélbúnaðar hefst þó ekki fyrr en Kísilmálmvinnslan tilkynnir framleiðandanum að það skuli gert.

4.1.1 Rannsóknir á byggingarsvæði og umhverfi.

Jarðvegsrannsóknir - Vegagerð.

Sumarið 1982 var könnuð þykkt lausra jarðlaga á verksmiðjusvæðinu. Jafnframt voru tekin sýni úr nálægum malarnámum og þau rannsökuð hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Niðurstöður af þeim rannsóknum liggja fyrir í skýrslu frá september 1982 [1.12]. Upplýsingar eru því til staðar til undirbúnings útboðsgagna vegna lóðarframkvæmda.
Vegna grundunar ofnhúss og rafbræðsluofna kannaði Orkustofnun fyrirhugað ofnhússtæði. Grundunarvandamál virðist ekki til staðar á því svæði sem kannað var [1.13]. Þá ákvað ríkisstjórnin að leggja veg frá þjóðvegi að verksmiðjusvæði, og er lagningu hans lokið.

4.1.2 Steypuefnarannsóknir

Samið var við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um rannsókn á steypuefnum úr sjó niður af fyrirhugaðri verksmiðjulóð. Niðurstöður [1.12] sýna að framleiða má alla venjulega steypu úr þessu efni. Fyrri rannsóknir á þessu efni og á öðrum steypuefnum úr námum innar úr Reyðarfirði gáfu svipaðar niðurstöður.
Steypuefni til byggingarframkvæmda verður því ekki vandamál, en þó má vera að einhvern hluta steypuefnis, vegna sérstakra bygging hluta, þurfi að sækja upp á Hérað.

4.1.3 Vatnsveita

Í júlímánuði s.l. gerði Kísilmálmvinnslan h.f. samning við Orkustofnun um rannsókn á vatnsöflun í nágrenni verksmiðjusvæðisins.
Bráðabirgðagreinargerð stofnunarinnar [1.14] liggur nú fyrir. Helstu niðurstöður eru þær, að í næsta nágrenni verksmiðjunnar er ekkert tryggt vatn að fá, en með tengingu við vatnsveitu Reyðarfjarðar og aukinni vatnsöflun til hennar, sem er möguleg, má telja víst að vel verði séð fyrir vatnsþörf kísilmálmverksmiðjunnar.

4.1.4 Hafnarrannsóknir

Hafnarmálastofnun ríkisins tók að sér dýptarmælingar og botnrannsóknir á fyrirhuguðu hafnarstæði við Mjóeyri í landi Sómastaðagerðis. Dýptarmælingum er lokið vestan Mjóeyrar og botnrannsóknum mun ljúka á þessu ári.
Áður hafði Hafrannsóknastofnun kannað dýpi og þykkt setlaga á strandlengjunni frá Mjóeyri austur að Grjótá.
Fyrirliggjandi rannsóknarniðurstöður staðfesta fyllilega fyrri hugmyndir um að þarna séu ákjósanleg og hagkvæm hafnarskilyrði fyrir stór skip.

4.1.5 Veðurathuganir

Á vegum Staðarvalsnefndar setti Veðurstofa Íslands upp tvo vindhraðamæla í Sómastaðagerði í októbermánuði 1981.
Nú nýverið voru settir upp vindhraðamælar við Eskifjörð og í Kollaleiru innst í Reyðarfirði.
Veðurfarsþætti og hönnunarforsendur tengdar þeim verður því hægt að meta með nokkru öryggi þegar kemur fram á næsta ár.

4.1.6 Umhverfisrannsóknir

Í mars s.l. var gefin út skýrsla á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs, er nefnist "Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði - Rannsóknir á lífríki og umhverfi" [1.15]. Þar er lagt til að rannsóknir á lífríki og umhverfi verksmiðjunnar verði í megindráttum sniðnar eftir þeim rannsóknum sem gerðar voru á Grundartanga.

Fljótlega eftir stofnun Kísilmálmvinnslunnar h.f. var haft samband við áðurnefnda aðila og leitað eftir samstarfi um nauðsynlegar rannsóknir. Til að undirbúa og hafa umsjón með rannsóknum var sett á fót nefnd þriggja manna. Í henni eiga sæti fulltrúar frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúverndarráði og Kísilmálmvinnslunni h.f. Nefndin vinnur nú að undirbúningi rannsókna á loftgæðum, gróðurfari og tilvist þungra málma í mosa og kræklingi

Mengun frá kísilmálmverksmiðjunni berst fyrst og fremst með ofnreyknum út í andrúmsloftið, og er hún samskonar og frá járnblendiverksmiðjum, en þó minni vegna hreinni hráefna. Mengun frá þessum verksmiðjum er sama eðlis og fram kemur við bruna kola og olíu, en hvorki myndast aska né sót. Mælingar á vindi og breytingum hitastigs með hæð í Reyðarfirði eru þegar hafnar í þeim tilgangi að kanna hvernig reykurinn dreifist.

Til skamms tíma hefur þurft að urða ryk sem hreinsað er úr reyk kísilmálmverksmiðja. Á næstu árum verður þetta umhverfisvandamál að mestu úr sögunni, því kísilryk er orðin söluvara, eins og fram kemur í kafla 4.4.

Sótt var um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna til Heilbrigðiseftirlits ríkisins 29.júní s.l.

4.2 Kostnaðaráætlun

Stofnkostnaðaráætlunin frá mars 1982 hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hafa á tækjabúnaði, fyrirkomulagi og verði.

Þar eð hönnun mannvirkja verksmiðjunnar hefur ekki farið fram, er sá hluti áætlunarinnar byggður á reynslu frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, magntölum sambærilegra mannvirkja og áætluðum einingarverðum. Hliðsjón hefur einnig verið höfð af þeim rannsóknum sem gerðar voru á verksmiðjusvæðinu síðastliðið sumar. Kostnaður vélbúnaðar tekur mið af tilboðum ofnaframleiðenda og áætlun um nauðsynlegan viðbótarbúnað. Kostnaður vegna rannsókna og undirbúnings er talinn með í stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Kostnaðaráætlunin, sem miðuð er við þriggja ára framkvæmdatíma frá upphafi verks til gangsetningar á fyrri ofni, er sýnd í töflu 4.1.

Helstu forsendur áætlunarinnar eru:

1. Verð vélbúnaðar er byggt á samningsdrögum við ofnaframleiðendur um vélbúnað verksmiðjunnar. Verðlag og gengi gjaldmiðla miðast við 1.október 1982.
2. Magntölur jarðvinnu eru miðaðar við aðstæður á staðnum, svo langt sem rannsóknir ná og hliðsjón höfð af rauntölum frá Grundartanga.
3. Þar sem við á er stuðst við einingarverð frá Grundartanga og áætlaða launataxta.

4. Samkostnaður er eftirfarandi

   - Almennur rekstur félagsins þar til verksmiðja tekur til starfa
   - Kranakostnaður, og rafmagn á byggingartíma
   - Frumathuganir, tryggingargjöld
   - Vinnubúðir, stofnkostnaður
   - Rekstur vinnubúða
   - Starfsmenn verkkaupa og bílakostnaður
   - Flutningar og ferðakostnaður
   - Þjálfun starfsfólks

5. Undanskilinn í áætluninni er kostnaður vegna hafnar, vatnsveitu og háspennulínu að verksmiðju.

Tafla 4.1 Kostnaðaráætlun

2 x 21 MW Kísilmálmverksmiðja, Reyðarfirði — VERÐLAG: 1.okt. 1982

NÚMER	MATSÞÁTTUR	EIN-ING	MAGN	HEILDARVERÐ EFNI	HEILDARVERÐ VINNA	HEILDARVERÐ VÉLAR	SAMTALS KR.
1	Vegur að lóð og höfn			475.000	1.525.000	2.140.000	4.140.000
2	Lóð			3.970.000	8.350.000	12.510.000	24.830.000
3	Byggingar og undirstöður			143.456.000	105.969.000	12.714.000	262.139.000
4	Hráefnaflutningakerfi			43.728.000	3.390.000	200.000	47.318.000
5	Ofnar, 2 x 21 MW			164.062.000	11.250.000	680.000	175.992.000
6	Töppun, storknun, pökkun			39.958.000	1.200.000	70.000	41.228.000
7	Vatnshreinsun og kælibúnaður			"	"	"	"
8	Reykhreinsivirki			57.700.000	945.000	60.000	58.705.000
9	Afl kerfi			25.300.000	5.000.000	"	30.300.000
10	Hjálparbúnaður			16.200.000	7.900.000	50.000	24.150.000
11	Tæki og áhöld			21.485.000	100.000	"	21.585.000
12	Varahlutir			"	"	"	"
13	Honnun og tæknileg umsjón hönnuða			"	40.000.000	"	40.000.000
14	Samkostnaður			90.351.000	164.469.000	48.933.000	303.753.000
	Samtals			600.699.000	158.068.000	67.257.000	1.026.024.000
	US $. pr. 1.10. 1982 = 14.627 kr.						
	Áætl. pr. 1.10. 1982 í US $.			41.079.000	10.806.000	4.599.000	70.184.000


ALMENNA VERKFRÆÐISTOFAN H.F
PELLSMÚLA 26 REYKJAVÍK
KÍSILMÁLMVERKSMIÐJA
REYÐARFIRÐI
FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 19.11.'82
LÍNURIT 4.2.
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
M A M J J Á S O N D J F M A M J J Á S O N D J F M A M J J Á S O N D J F M A M J J Á S O N D J F M A M J J Á S O N D J F M A M J J Á S
ÁKVÖRÐUN UM OFNAKAUP
OFNAR I OG II
HÖNNUN ÚTBOÐ FRAML. UPPSETN.
UPPSETN.
VINNUBÚÐIR, SKRIFSTOFA OG MÖTUN
RANNSÓKNIR
HÖNNUN ÚTBOÐ
LÓÐ
LÓÐ
LAGNIR
FRÁG. YFIRBORÐS
LÓÐ OG LAGNIR
RANNSÓKNIR
RANNS.
HÖNNUN
ÚTBOÐ
FRAMKVÆMD
I
II
UNDIRSTÖÐUR
HÖNNUN
ÚTBOÐ FRAML. OG FLUTN.
UPPSETNING I
UPPSETNING II
BYGGINGAR STÁLGRIND OG KLÆÐNING
HÖNNUN
ÚTBOÐ
FRAMKVÆMD
STEYPA OG INNRÉTTINGAR
"LAYOUT" S FRUMHÖNNUN HÖNNUN
INNKAUP OG FRAMLEIÐSLA
FLUTN.
UPPSETNING I
GANGSETNING I
UPPSETN. II
GANGSETNING II
OFN, VÉLAR OG TÆKI
RANNSÓKNIR
RANNS.
HÖNNUN
ÚTBOÐ
FRAMKVÆMD
HÖFN
RANNSÓKNIR
RANNS.
HÖNNUN
ÚTBOÐ
FRAMKVÆMD
VATNSVEITA

2 x 21 MW KÍSILMÁLMVERKSMIÐJA Á REYÐARFIRÐI LÍNURIT 4.2



4.3 Framkvæmdaáætlun

Við gerð framkvæmdaáætlunar hefur verið höfð hliðsjón af framkvæmdum við byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, enda mannvirki öll og verkþættir mjög sambærilegir.

Athugað var hver áhrif lengd framkvæmdatímans hefur á byggingarkostnað, að meðtöldum vöxtum á byggingartímanum. Í ljós kom að kostnaður er minnstur ef milli 3 og 4 ár líða frá því að framkvæmdir hefjast þar til fyrri ofn verksmiðjunnar tekur til starfa. Stytting þessa tíma í 2 ár leiðir til hækkunar kostnaðar um allt að 100 millj.kr. Vegur þar þyngst að byggingarvinna að vetri til eykst og framleiðni minnkar verulega þegar framkvæmdum er þjappað svo mikið saman.

Á línuriti 4.1 er sýnd sú framkvæmdaáætlun sem kostnaðaráætlunin er byggð á. Um 3 ár líða frá því að framkvæmdir hefjast á verksmiðjusvæðinu þar til fyrri ofninn er gangsettur og síðari ofninn 10 mánuðum síðar.

Vegna framkvæmdaáætlunarinnar ber að hafa í huga að mannvirki verksmiðjunnar hafa ekki verið hönnuð og nákvæmar upplýsingar um stærð einstakra verkþátta liggja því ekki fyrir. Hagkvæmustu og endanlegu framkvæmdaáætlunina er því ekki hægt að gera fyrr en hönnun er nokkru lengra á veg komin en nú er. Línurit 4.2 sýnir áætlun um dreifingu mannafla á byggingartímanum í samræmi við framkvæmdaáætlunina.

Ef verksmiðjan á að hefja starfrækslu árið 1986 er hagkvæmast í samræmi við framangreint að hefja framkvæmdir á verksmiðjulóð nú í sumar. Verði ákveðið að gangsetning fyrri ofns verði ekki fyrr en 1987 eða 1988, flyst öll áætlunin tilsvarandi.

4.4 Tækniþekking

Munurinn á fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði , og járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga liggur fyrst og fremst í stærð ofnanna og gerð rafskautanna. Framleiðsluaðferð kísilmálms er svipuð og járnblendis, en öllu vandasamari. Sjálf málmbræðslan er viðkvæmari og nauðsynlegt getur verið að hreinsa hluta kísilmálmsins, en þess þarf ekki með járnblendi.

Við byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga var gerður tæknisamningur við Elkem, meðeiganda í fyrirtækinu, til þess að tryggja að nauðsynleg tækniþekking væri til staðar. Síðar hefur sú tækniþekking færst yfir á íslenskar hendur og reynsla, sem fengist hefur við byggingu og rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, komið að beinum notum við undirbúning kísilmálmverksmiðjunnar.

Til þess að ná tökum á framleiðslu kísilmálms, er nauðsynlegt að afla nokkurrar tækniþekkingar til viðbótar erlendis frá. Ekki er þó talið erfiðleikum háð að afla þeirrar þekkingar sem með þarf, enda hefur framleiðsla kísilmálms verið í aðalatriðum óbreytt undanfarna áratugi. Í þessu sambandi hefur verið leitað álits ráðgjafa Kísilmálmvinnslunnar, Fredriks Schatvet. Telur hann á grundvelli reynslunnar frá Grundartanga að íslenskt starfsfólk verksmiðjunnar muni ná góðum tökum á rekstri hennar á fyrsta starfsári. Í fyrstu sé þó nauðsynlegt að hafa aðgang að fólki með þekkingu og reynslu í framleiðslu kísilmálms. Þá telur hann einnig mikilvægt að við verksmiðjuna starfi sérfræðingar á sviði málmfræða.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. telur að nauðsynleg tækniþekking verði tryggð með eftirfarandi hætti:

1. Í samningi við ofnaframleiðanda verði gert ráð fyrir að hann hafi umsjón með byggingu verksmiðjunnar og rekstri ofnanna, þar til fullum afköstum er náð. Kísilmálmvinnslan tekur við ofnrekstrinum, þegar umsömdum gæðum, nýtingu og afköstum er náð. Ofnaframleiðandi sjái einnig um þjálfun þeirra starfsmanna sem bera munu ábyrgð á ofnrekstrinum. Sérfræðingar framleiðandans fylgist þar að auki með rekstri í nær tvö ár eftir gangsetningu fyrsta ofns.

2. Gerður verði gagnkvæmur tæknisamvinnusamningur við framleiðanda á kísilmálmi. Fyrstu ár samningstímabilsins veiti viðkomandi Kísilmálmvinnslunni þá tækniaðstoð, sem á þarf að halda, en síðar verði um gagnkvæma tæknisamvinnu að ræða. Þegar hefur verið rætt nokkuð við tvo aðila um slíkan samning.

3. Í fyrirtækinu verði sérstök tækni- og þróunardeild sem hafi það hlutverk að fylgjast með nýjungum og þróa framleiðsluna.

4. Gerður verði samvinnusamningur við Íslenska járnblendifélagið h.f. Þegar er hafin nokkur samvinna milli Kísilmálmvinnslunnar og Íslenska járnblendifélagsins um það hvernig fyrirkomulag kísilmálmverksmiðjunnar eigi að vera, og er þar byggt á reynslu frá Grundartanga.

Í rekstraráætlunum er gert ráð fyrir því að á tæknideild starfi 4 tæknimenn og 1 aðstoðarmaður og fyrstu þrjú árin verði að greiða 2% af söluverðmæti vegna tækniaðstoðar, síðan 1% í tvö ár, en eftir það verði fyrirtækið sjálfu sér nógt um tækniþekkingu.

4.5 Verðmæti kísilryks.

Þar til fyrir nokkrum árum var ryk, sem myndast við framleiðslu kísilmálms látið berast með lofti út í umhverfið. Eftir að kröfur komu fram um aukna umhverfisvernd, þurfti með verulegum kostnaði, að hreinsa rykið úr útblástursloftinu, og urða það.

Fyrir nokkrum árum kom í ljós, að hægt er að bæta steypu með því að blanda í hana eða sementið, kísilryki. Rannsóknir síðustu ára hafa leitt í ljós kosti slíkrar íblöndunar, samanber skýrslu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins [1.16]. Jafnframt rannsóknum á notagildi ryks til sementsíblöndunar, eru aðrar leiðir til notkunar þess í athugun og bendir flest til, að þarna geti verið um allverðmæta hliðarframleiðslu að ræða.

Í viðræðum við ofnaframleiðendur hefur nokkuð verið rætt um hvernig rykið skuli meðhöndlað, þ.e.a.s. hvaða búnað þurfi til þess að gera rykið að markaðsvöru og hvers virði sú vara geti orðið. Elkem býður jafnframt samningi um ofna, samning til 5 eða 10 ára um að kaupa allt ryk sem til fellur hjá Kísilmálmvinnslunni.

Ýmislegt bendir til þess að verðmæti ryksins eigi eftir að vaxa á næstu árum. Kísilmálmverksmiðja Indel á Ítalíu selur nú 1/3 af sínu ryki fyrir 280 DEM/tonn, en afganginn og það, sem áður var búið að grafa, á mun lægra verði, en losnar við allt ryk og þar með kostnað af dysjun.

Samkvæmt upplýsingum frá Ålborg Portland Cement er verð á ryki frá kísilmálmframleiðslu nú 600-800 DKR/tonn, komið til kaupenda, og búast má við að 1985 hafi það náð þreföldu verði sements, og komi til með að hækka enn frekar.

Af þessu er því ljóst að sala á ryki getur orðið nokkur tekjulind fyrir verksmiðjuna, og til viðbótar sölutekjum kemur sparnaður, sem því fylgir að þurfa ekki að dysja rykið. Hafa ber þó í huga að flutningskostnaður á rykinu á markað í Evrópu, verður verulegur vegna þess hve rúmfrekt það er.

Í rekstrarkostnaðarreikningi er gert ráð fyrir því að selja um 10.000 tonn af ryki árlega. Ekki er þó gert ráð fyrir viðbótarstofnkostnaði vegna tækja, en söluverð fyrstu 3 árin haft lægra er því nemur.

5 Fjármögnun

5.1 Fjármögnun framkvæmda

Áætluð heildarfjárfesting í Kísilmálmvinnslunni er 1.032 millj.króna, eins og fram kemur í kafla 4. Við þessa fjárhæð bætist lántökukostnaður og vextir af stofnlánum á byggingartíma. Heildarstofnkostnaður verður því 1.117,7 millj.króna.

Ýmsar fjármögnunarleiðir hafa verið kannaðar með viðræðum við bankastofnanir og tækjaframleiðendur. Með hliðsjón af þeim viðræðum telur stjórnin,að fjármögnun framkvæmda verði að grundvallast á almennum bankalánum með ríkisábyrgð annars vegar og útflutningslánum hins vegar, auk hlutafjár fyrirtækisins.

Af athugunum stjórnarinnar er ljóst,að hagkvæmni útflutningslána þeirra sem í boði eru, er ekki eins mikil og talið hefur verið. Vaxtamunur útflutningslánanna og almennra bankalána er nú minni en áður og kostnaður vegna ábyrgða vegna útflutningslánanna er verulegur. Getur því komið í ljós að hagkvæmara verði að fjármagna alla fjárfestinguna umfram hlutafé með almennum bankalánum, sem tryggð yrðu með ríkisábyrgð. Í því tilfelli mun stjórn Kísilmálmvinnslunnr h.f. óska eftir því að heimild til ríkisábyrgðar verði hækkuð, þannig að hún taki til allra lána vegna byggingar verksmiðjunnar.

Miðað við núgildandi lagaheimildir nægja hlutafé, lán með ríkisábyrgð og útflutningslán ekki til þess að fjármagna byggingu verksmiðjunnar að fullu og er í rekstrarkostnaðaráætlun gert ráð fyrir viðbótarláni án ríkisábyrgðar til þess að fjármagna það sem á vantar. Talið er að erfitt verði að fá þetta lán á viðunandi kjörum. Stjórnin telur nauðsynlegt að heimildir til ríkisábyrgðar á láni verði hækkaðar, eða hlutafé aukið, þannig að viðbótarlán þurfi ekki að taka.

Miðað við þær forsendur, sem nú eru fyrir hendi, gæti fjármögnun orðið með eftirfarandi hætti:

1. Útflutningslán sem nemur 85% af kaupverði véla að viðbættu ábyrgðargjaldi. Samtals 320,4 millj.kr.

2. Stofnlán með ríkisábyrgð að hámarki 393 millj.kr.

3. Viðbótarlán, án ríkisábyrgðar, til að brúa stofnfjárþörf, sem tryggt verði með veði, 109,3 millj.kr.

4. Hlutafé að upphæð 295 millj.kr.

Í útreikningi á heildarlánsfjárþörf eru vextir af stofnlánum út árið 1986 taldir til vaxta á byggingartíma, en vextir síðan taldir til rekstrargjalda frá 01.01.1987.

Lán 1. Útflutningslán.

Verð véla og búnaðar nemur samtals 368,5 millj.kr. og útflutningslán því 313,2 millj.kr. Kjör á láninu eru miðuð við norska útflutningslánaskilmála.

Með ábyrgðargjaldi er lánið samtals 320,4 millj.kr.

Nafnvextir:	12,15% á ári í NOK.
Raunvextir:	4,0 % á ári í NOK.
Ábyrgðargjald:	2,03% af lánsupphæð.
Þóknun:	0,8% af lánsupphæð.
Þóknun v/skuldb.:	0,5% á ári af óhafinni lánsupphæð.
Lánstími:	5 ár, 2 greiðslur á ári, í 1.sinn 31.12.1987.

Lán 2. Lán með ríkisábyrgð.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast lán að upphæð 300 millj. kr. miðað við lánskjaravísitölu 1.3.1982. Lánsupphæðin er því 393 millj.kr. miðað við lánskjaravísitölu 1.10.1982.

Lánið yrði tekið í svipuðum hlutföllum mynta og söluáætlun er miðuð við, til þess að minnka áhættu vegna gengisþróunar.

Vextir:	Millibankavextir að viðbættu 0,75%.
	Heildarraunvextir áætlast þannig:
	1983 7% á ári
	1984 6% á ári
	1985 5% á ári
Ábyrgðargjald:	1,5% til ríkisábyrgðarsjóðs.
Stimpilgjald:	0,5% v/baktryggingar gagnvart ríkisáb.sj.
Þóknun til banka:	0,5% af lánsupphæð.
Þóknun v/skuldb.:	0,5% af óhafinni lánsupphæð.
Lánstími:	12 greiðslur á 6 mánaða fresti.
	Fyrsta greiðsla á árinu 1989.

Lán 3. Viðbótarlán með veðtryggingu.

Lánsupphæð:	109,3 millj.kr.
Vextir:	Millibankavextir að viðbættu 1,5%.
	Heildarraunvextir áætlast þannig:
	1983 8% á ári
	1984 7% á ári
	1985 6% á ári
Stimpilgjald:	0,5% við þinglýsingu.
Þóknun til banka:	1,0% af lánsupphæð.
Lánstími:	Sami og lán 2.

Hlutafé.

Heildarhlutafé ríkisins er skv. lögum allt að 225 millj.kr. miðað við lánskjaravísitölu 1.3.1982. Hlutafé 1.10.1982 verður 295 millj.kr.

Með ofangreindum kjörum á lánum verður heildarstofnkostnaður þessi:

Fjárfesting:	1.032	millj.	kr.
Vextir á byggingartíma:	58,5	"	"
Lántökukostnaður:	27,2	"	"
Alls:	1.117,7	"	"

Fjármögnun:

Útflutningslán:	320,4	millj.	kr.
Lán m/ríkisábyrgð:	393,0	"	"
Viðbótarlán, veðtr.:	109,3	"	"
Hlutafé:	295,0	"	"
Alls:	1.117,7	"	"

Hlutafé verður samkvæmt þessu 26,4% af heildarstofnkostnaði. Til þess að bæta eiginfjárstöðu félagsins, telur stjórnin rétt að hlutafé verði aukið.

.2 Rekstrarfjárþörf.

Þörf fyrir rekstrarfé myndast vegna birgða hráefnis, birgða af fullunnum vörum og veittum gjaldfresti til kaupenda.

Ekki hafa verið gerðir hagkvæmnisútreikningar vegna birgða m.t.t. öryggisbirgða og lægri flutningskostnaðar stærri farma, en hér er reiknað með þriggja vikna öryggisbirgðum. Við þær er bætt helmingi af farmi og þannig fengnar meðalbirgðir hráefnis.

Miðað er við 60 daga meðalgjaldfrest til kaupenda. Með hliðsjón af reynslu Íslenska Járnblendifélagsins er þetta talið raunhæft meðaltal. Gjaldfrestur verður lengri í slæm markaðsástandi.

Rekstrarfjárþörfin er byggð á eftirfarandi forsendum:

Meðalbirgðir hráefna:	45 dagar
Meðalbirgðir framleiðsluvara:	60 dagar
Meðalgjaldfrestur skuldunauta:	60 dagar
Meðalgjaldfrestur lánadrottna:	45 dagar
Handbært fé:	3% af nettósölu

Þessar forsendur eru þær sömu og í skýrlsu Resources Development Group (RDG) [1.3], ágúst 1982, og falla vel að því sem almennt gerist á markaðinum. Áætluð meðalrekstrarfjárþörf verður um 140 millj.kr.

Íslenska Járnblendifélagið hefur fjármagnað rekstrarfjárþörf sína svo til eingöngu með erlendum bankalánum. Átti sú leið einnig að vera fær fyrir Kísilmálmvinnsluna.

Varðandi tryggingu og ábyrgðir rekstrarlána er vakin athygli á því,að í eðlilegum rekstri standa hráefnisbirgðir, fullunnar vörur og kröfur á skuldunauta sem auðseljanlegar eignir að baki lánunum. Að öðru jöfnu er það ekki nema þegar rekstrarlán eru notuð til að fjármagna rekstrartap, að vandamál koma upp í sambandi við ábyrgðir.

Þó verður að telja að miðað við núverandi ástand á fjármagnsmörkuðum, geti verið erfitt að fá rekstrarlán á bestu kjörum, nema eiginfjárhlutfall sé tiltölulega hátt og/eða um víkjandi stofnlán sé að ræða, t.d. að ríkissjóður taki lán og endurláni verksmiðjunni.

Í rekstraráætlun eru vextir af rekstrarláni áætlaðir þeir sömu og af viðbótarstofnláni, þ.e. 6% raunvextir frá árinu 1986.

6 Rekstraráætlun

6.1 Hráefni

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. hefur kannað hráefniskaup fyrir verksmiðjuna og telur að tryggja megi nægilega mikið hráefni af tilskyldum gæðum. Megin hráefnið til framleiðslu á kísilmálmi er kvars. Auk þess er notuð blanda af olíukoxi, kolum og trékurli ásamt rafskautum úr kolefni. Fjölmörg tilboð hafa borist í allt hráefni verksmiðjunnar og telur stjórnin ekki nauðsyn á frekari könnun fyrr en bygging verksmiðjunnar er ákveðin.

Hráefnisverð, sem lagt er til grundvallar í rekstrarkostnaðarreikningum,er í samræmi við þau tilboð sem borist hafa frá hráefnisseljendum og miðast við 1.október 1982. Til ákvörðunar á flutningskostnaði hráefnis til landsins hefur verið leitað upplýsinga hjá íslensku skipafélögunum, og er mið tekið af langtímasamningum um hráefnisflutninga, en ekki því lága verði sem nú gildir.

Nokkrum erfiðleikum er háð að spá fyrir um raunverðshækkanir hráefnisins, komnu til verksmiðjunnar, næstu áratugina, en talið er að verð þess sé að mjög takmörkuðu leyti háð verði á kísilmálmi. Flutningskostnaður hráefnisins til landsins er stór hluti verðsins og breytingar á honum hafa því mikil áhrif á hráefnisverðið.

Kvars er það hráefni sem mestu ræður um gæði kísilmálmsins og því áríðandi,að strax eftir að framkvæmdir eru ákveðnar, að gerðir verði langtímasamningar um kaup á kvarsi. Einkum er þetta nauðsynlegt til þess að tryggja sölu til silikonframleiðenda. Langtímasamningar um kaup á úrvals kvarsi er forsenda þess að tryggja megi trú þeirra á því,að Kísilmálmvinnslan framleiði stöðugt málm af þeim gæðum, er þeir krefjast.

Þó kvars sé að finna í miklu magni víðsvegar í heiminum, þá er rétt að benda á að kröfur um gæði kvars til kísilmálmframleiðslu eru miklar, mun meiri en til framleiðslu kísiljárns. Ekkert bendir til þess að skortur verði á kvarsi í framtíðinni og vinnsla þess er einföld. Þess vegna er talið að verð á því sé fyrst og fremst háð vinnslukostnaði í viðkomandi löndum. Spá Chase [1.4.] gerir ráð fyrir því að raunverð á kvarsi til verksmiðjunnar hækki um 1,5% á ári frá 1985-1995.

Kol, sem notuð eru til kísilmálmframleiðslu, verða að uppfylla strangar gæðakröfur og vera öskusnauð. Verð þessara kola er verulega hærra en annarra kola, sem notuð eru til málmframleiðslu, en raunverð þeirra hefur haldist nokkuð stöðugt síðasta áratuginn. Þess er þó að vænta að í framtíðinni hækki verð þessara kola nokkuð og spáir Chase að raunverð þeirra hækki um 2,3% árlega á árunum 1985-1995.

Olíukox, ódýrasti kolefnisgjafinn í kísilmálmframleiðslu, er hliðarframleiðsla olíuhreinsunarstöðva og eru þau notuð til margra hluta annarra en framleiðslu á kísilmálmi. Verð er mjög háð framboði og eftirspurn og markaður undanfarinna ára hefur verið mjög óstöðugur. Spádómar um verð í framtíðinni eru því erfiðir og gerir Chase ekki ráð fyrir neinum raunverðshækkunum, þótt vænta megi nokkurra sveiflna í verði milli ára.

Trékurl er notað í framleiðslu kísilmálms sem kolefnisgjafi, til þess að auka efnavirkni kolefnisblöndunnar og bæta ofnreksturinn. Kurl er hliðarframleiðsla í trjáiðnaði og er hægt að kaupa það,bæði í Evrópu og N-Ameríku. Gert er ráð fyrir því, að hentugra verði fyrir Kísilmálmvinnsluna að kaupa trjáboli, flytja þá heila til landsins og kurla þá síðan. Ekki er að vænta neinna raunhækkana á trjábolum eða kurli, en Chase gerir þó ráð fyrir 0,5% raunverðshækkun á ári frá 1985-1995. Þess má geta að Skógrækt ríkisins vinnur að könnun á hagkvæmni þess að rækta rótarskóga til framleiðslu á kurli.

Kolefnisrafskaut, sem notuð eru við kísilmálmframleiðslu, eru af sérstakri gerð og framleidd af tveim aðal framleiðendum. Í rekstraráætlun fyrir Kísilmálmvinnsluna er gert ráð fyrir því að notuð verði forbökuð skaut og er ekki talið að raunverð þeirra hækki á næstu áratugum. Chase spáir að raunverð þeirra lækki frekar á árunum 1985 til 1995, eða um 3% samtals. Kísilmálmverksmiðja Indel á Ítalíu hefur í nokkur undanfarin ár notað þrýstimótuð rafskaut, sem leitt hafa til verulegs sparnaðar í rafskautakostnaði. Indel hefur boðið Kísilmálmvinnslunni þessa tækni til kaups, og myndi rafskautakostnaður lækka verulega ef keypt yrði.

Í verðspá þeirri fyrir kísilmálm, sem rekstrarreikningar eru byggðir á, hafa áhrif framangreindra raunhækkana á hráefni verið fjarlægð og því er þar miðað við fast hráefnisverð.

Í áætlunum Kísilmálmvinnslunnar er reiknað með að neyðarbirgðir svari til 3 vikna framleiðslu og að farmar miðist við 4-6 vikna notkun. Meðalbirgðir eru því hráefni, sem svara til 5½ vikna framleiðslu, en birgðageymslur rúma hráefni til 8 vikna. Þó er æskilegt að hafa aðstöðu til þess að geyma stærri farma af kvarsi og trjábolum/kurli, þar sem hægt er að geyma þau hráefni utandyra. Í þessum áætlunum hefur verið tekið mið af reynslu Íslenska járnblendifélagsins, en þeir hafa öðlast nokkra reynslu í meðhöndlun svipaðra efna, annarra en kurls. Neyðarbirgðir þeirra hafa til skamms tíma svarað til tveggja vikna framleiðslu.

6.2 Starfsfólk

Við gerð áætlunar um fjölda starfsmanna við rekstur kísilmálmverksmiðjunnar, er tekið mið af rekstri verksmiðjunnar á Grundartanga og þeirri reynslu, sem þar hefur fengist. Mismunur á starfsmannafjölda verksmiðjanna er fyrst og fremst vegna þess, að framleiðslumagn kísilmálmverksmiðjunnar verður um 40% af framleiðslu Grundartangaverksmiðjunnar, og hráefnisnotkun minni.

Rekstrarkostnaðaráætlun byggir á að starfslið verði 137 manns þegar tveir ofnar verða komnir í rekstur, en 100 manns fyrir einn ofn.

Rekstur skrifstofu Kísilmálmvinnslunnar, þ.e. húsnæði, starfsfólk, stjórn og annað, þangað til framleiðsla hefst, er tekinn með í liðnum "Samkostnaður" í fjárfestingaráætluninni. Í þeim lið er einnig gert ráð fyrir kostnaði vegna þjálfunar starfsfólks.

6.3 Raforka

Nokkrar viðræður hafa farið fram milli Kísilmálmvinnslunnar h.f. og Landsvirkjunar um orkuafhendingu og hvert raforkuverð yrði til kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ekki er þó talið tímabært að ganga frá samningi um orkukaup fyrr en ákvörðun liggur fyrir um byggingu verksmiðjunnar.

Í skýrslum Landsvirkjunar [1.7], [1.8], [1.9] er gerð grein fyrir athugunum á forsendum fyrir orkuafhendingu til Kísilmálmvinnslunnar. Megin niðurstöður er að finna í bréfum Landsvirkjunar frá 18.sept.[3.10] og 18.nóv.[3.11]. Í síðara bréfi Landsvirkjunar segir eftirfarandi um orkuafhendingu til kísilmálmverkmsiðju á Reyðarfirði:

"Eins og fram hefur komið áður í viðræðum milli fulltrúa Landsvirkjunar og Kísilmálmvinnslunnar h.f. telur Landsvirkjun að orkuafhending til kísilmálmverksmiðjunnar geti hafist árið 1985, en orkuafhendingaröryggið yrði ekki eins tryggt og gert er ráð fyrir í samningum Landsvirkjunar við forgangsorkukaupendur á tímabilinu frá því að verksmiðjan hefur starfsemi sína fram til þess tíma að Blönduvirkjun verður gangsett.

Ef gert er ráð fyrir að Blönduvirkjun hefji orkuvinnslu haustið 1987 og reiknað með að orkuafhendingaröryggið verði svipað og reiknað er með til fjarvarmaveitna má gera ráð fyrir að miklar líkur séu á því að kísilmálmverksmiðjan fái þá orku sem hún þarfnast á umræddu tímabili fram að gangsetningu Blönduvirkjunar. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir myndi hins vegar þurfa að skerða orkuafhendingu mjög verulega veturna 1985/6 og 1986/7 ef um mjög þurr vatnsár yrði að ræða. Vísast hér til bréfs Landsvirkjunar frá 16.sept. s.l. og áðurnefndra viðræðna um þessi mál. Með því orkuafhendingaröryggi, sem hér um ræðir, þykir Landsvirkjun hæfilegt að reikna með verðlagningu á orkunni sem svarar til um 8 mill/KWh á núverandi verðlagi."

Í fyrra bréfi Landsvirkjunar er eftirfarandi tafla sem sýnir hve mikla raforku Kísilmálmvinnslan getur fengið afhenta og tekið við árin 1985/6 og 1986/7, áður en Blönduvirkjun er tekin í notkun haustið 1987 eins og nú er áætlað.

Tafla 6.1. Orka aflögu fyrir kísilmálmverksmiðju.
Orkuþörf eins ofns er 170 GWh/ár
" tveggja ofna er 340 "

	1.9.85 - 31.8.86		1.9.86 - 31.8.87	
	1 ofn	2 ofnar	1 ofn	2 ofnar
Mæld og útreiknuð vatnsár	GWh	GWh	GWh	GWh
Meðaltal 30 ára	160	310	170	330
" 6 þurrustu ára	130	200	170	270
" 3ja " "	120	180	160	250
Þurrasta ár	80	130	140	200

Orka fyrir einn ofn áætlast nægileg sumarið 1985.

Svo sem taflan sýnir er það háð vatnsbúskap á virkjunarsvæði Landsvirkjunar, hve mikla orku Kísilmálmvinnslan getur fengið og tekið við, áður en til skerðingar á afgangsorku til annarrar stóriðju eða hitaveitna, sem kyntar eru með olíu/rafmagni, kemur.

Orkuþörf Kísilmálmvinnslunnar fyrir einn 21 MW ofn í fullum rekstri er 170 GWh á ári og er þá miðað við 87% nýtingu afkastagetu.

Af þessu er ljóst að nokkur óvissa er um orkuafhendingu til verksmiðjunnar ef rekstur er hafinn með einum ofni 1985 og síðan tveim 1986. Aftur á móti er orkuafhending allörugg á einn ofn 1986 og tvo ofna 1987, enda hefji Blönduvirkjun orkuvinnslu á því ári. Verði Blönduvirkjun frestað og hún ekki komin í gagnið 1987 er ljóst, að orkuafhending til verksmiðjunnar getur skerst verulega. Nauðsynlegt er því að gangsetning Blöndu og kísilmálmverksmiðjunnar haldist í hendur.

Hvað varðar flutning orkunnar til verksmiðjunnar er nú gert ráð fyrir því að 1984 verði lokið lagningu Suðurlínu og

hringtenging komin á. Hafa ber þó í huga, að byggðalínukerfið er viðkvæmt fyrir vissum línubilunum þrátt fyrir Suðurlínu, og ekki nægilega stöðugt eftir að báðir ofnar verksmiðjunnar eru teknir í notkun, nema að kerfið hafi verið styrkt eða Kröfluvirkjun skili mun meira afli en þeim 15 MW, sem reiknað hefur verið með. Áætlanir Landsvirkjunar miða við, að Sprengisandslína verði tekin í notkun 1987 og er talið að þá verði öryggi línukerfisins til Austurlands nægilega tryggt fyrir orkuflutning til verksmiðjunnar.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. hefur ekki lagt á það endanlegt mat, hvert orkuafhendingaröryggi eða hlutfall forgangsorku og afgangsorku þarf að vera til þess að rekstrarafkoma fyrirtækisins sé trygg. Ljóst er þó að þótt tæknilega sé rekstur kísilmálmverksmiðju nokkuð sveigjanlegur hvað varðar afhendingaröryggi orku, þá hefur orkuskömmtun og þar með minni nýting verksmiðjunnar veruleg áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækisins, eins og nánar er fjallað um í kafla 7.2.

Í framangreindu bréfi frá 18.nóv. s.l. kemur fram að Landsvirkjun gerir ráð fyrir að orkuverð verði í byrjun 8 mill/kWh miðað við það afhendingaröryggi, sem um yrði að ræða fram að gangsetningu Blönduvirkjunar. Síðan segir í bréfinu:

> "Landsvirkjun hefur reiknað með að kísilmálmverksmiðjan fái forgangsorku þegar Blönduvirkjun hefur starfsemi sína og benda athuganir Landsvirkjunar til þess að forgangsorkuverð til stóriðju muni þá liggja á bilinu 18-22 mill/KWh á núverandi verðlagi. Lægri mörkin eru m.a. við það miðuð að raunvextir liggi á bilinu 4-5% og verksmiðjan kaupi orku að fullu um leið og Blönduvirkjun verður gangsett með viðunandi skilmálum um kauptryggingu og verðbætur. Einnig er hér miðað við að stofnkostnaður Blöndu, að meðtöldum vöxtum og opinberum gjöldum, fari ekki verulega fram úr áætlun."

Í greinargerð með áðurnefndu bréfi Landsvirkjunar [3.11] kemur einnig fram, að eðlilegt virðist að kísilmálmverksmiðjan verði látin njóta hagstæðustu kjara, sem Landsvirkjun getur boðið upp á, með tilliti til þess hve vel hún fellur að uppbyggingaráformum Landsvirkjunar. Að öllu

samanlögðu telur Landsvirkjun að endanlegt verð geti orðið nær neðri mörkum þess, sem að ofan greinir.

Hvað varðar orkuverðið þá telur stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. að í stað þess að grundvalla orkuverð til nýrrar stóriðju á kostnaðarverði frá nýjum orkuverum, eigi grundvöllurinn að vera sá, að öll orkuiðjan standi sameiginlega undir eðlilegri hlutdeild sinni af kostnaði við uppbyggingu og rekstur raforkukerfisins og að verðið til fyrirtækjanna eigi að vera sambærilegt. Í því sambandi má nefna að eldri fyrirtæki hafa lægri fjármagnskostnað og geta því greitt hærra orkuverð.

Í rekstraráætlunum hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. valið í megintiliviki að reikna með 18,0 mill/kWh. Er það gert til samræmis við upplýsingar Landsvirkjunar, en þar með er ekki sagt að þetta sé það verð sem stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. telur eðlilegt. Þá er reiknað með 8 mill/kWh frá gangsetningu fram á haustið 1987, í samræmi við upplýsingar Landsvirkjunar.

6.4 Forsendur rekstraráætlana

Verðlag

Verðlag og gengi miðast við 1.október 1982:

Vísitala byggingarkostnaðar		1331 stig
Gengi:	1 USD ($)	14,627 ISK
	1 DEM	5,8009 "
	1 NOK	2,1014 "
	1 SEK	2,3323 "

Sala

Söluáætlun

Miðað er við spár Chase um skráð verð. Afslættirnir eru einnig miðaðir við spár Chase. Þegar afslættirnir hafa verið dregnir frá, fæst raunverð, sem er áætlað cif verð í Evrópu. Á fyrstu tveim rekstrarárum er reiknað með viðbótarafslætti, sem nemur 8% á fyrsta ári og 4% á öðru ári. Árið 1996 og seinni ár, er reiknað með meðalverði og meðalafslætti áranna 1986-1995.

Verð á kísilmálmi til silikoniðnaðar er áætlað 5% hærra en verð til áliðnaðar.

Verð á kísilryki er áætlað fob 200 NOK/tonn fyrstu þrjú árin, en hækki síðan í 275 NOK/tonn.

Fræðileg hámarksafköst (nafnafköst), eru 28.900 tonn á ári. Ef tillit er tekið til eðlilegra rekstrar- og rafmagnstruflana er nýting talin um 87%, þannig að áætluð framleiðsla er um 25.000 tonn á ári. Reiknað er með að það taki 3 mánuði að ná fullum afköstum í ofnum og er tekið tillit til þess í rekstrarreikningum.

Hlutfall milli sölu til silikoniðnaðar annars vegar og áliðnaðar hins vegar er skýrt í kafla 3, um markaðsmál.

Sölukostnaður

Til að fá fram skilaverð (nettó sölutekjur) til verksmiðjunnar þarf að draga söluþóknun, flutningskostnað og tolla frá cif-söluverðmæti. Söluþóknun er áætluð 3,5% af fob-söluverðmæti. Flutningskostnaður og tollar miðast við ákveðna skiptingu milli markaðssvæða.

Tafla 6.2 Skipting sölu á markaði, flutn.kostn og tollar

	skipting %	magn tonn	flutn.kostn. $/tonn	tollar %
Evrópa	72,0	18.000	30	0
Bandaríkin	12,0	3.000	100	9,0
Japan	16,0	4.000	125	7,0
Alls	100,0	25.000		

Vegið meðaltal flutningskostnaðar er 54 $/tonn og tolla 2,2%.

Auk þessa er reiknað með 0,11% flutningstryggingu af cif-verði og 12,30 kr/tonn í hafnargjöld.

Rekstrarkostnaður

Hráefni

Tafla 6.3. Verð hráefnis fyrir kísilmálm til áliðnaðar.

	kg/tonn	kr/tonn	(fob/flutn.kostn)	kr/tonn af kísilm.
Kvars	2.703	402	(126/263)	1.087
Kol	1.059	1.945	(1.243/688)	2.060
Kox	248	1.787	1.463/293)	443
Kurl	1.198	1.058	(504/541)	1.267
Rafskaut	122	22.516	(21.633/878)	2.735
Rekstrarvörur	-	-	-	127
Samtals	5.330			7.719

Tölur í svigum sýna fob-verð og flutningskostnað. Við þetta verð er bætt 0,11% tryggingu og 12,30 kr./tonn í hafnargjöld. Hráefni fyrir kísilmálm til silikoniðnaðar er dýrara vegna þess að kaupa þarf betra kvars fyrir þá vinnslu. Hafnargjöld af verksmiðjunni eru áætluð samtals 1,95 millj.kr. á ári. Farmgjöld eru áætluð samtals 76 millj.kr. á ári.

Raforka

Áætluð raforkunotkun er 12.800 kWh á framleitt tonn af kísilmálmi, og önnur notkun 700 kWh á tonn.
Á tímabilinu apríl 1986 - ágúst 1987 er reiknað með 8 mill á kWh samkvæmt tilboði Landsvirkjunar, en 18 mill frá sept. 1987, raforkukostnaður verður þá um 86 millj.kr. á ári.

Laun

Reiknað er með sömu meðallaunum og í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, þ.e. 323.000 kr. á ári. Starfsmannafjöldi er 137 við full afköst. Launakostnaður er því um 44 millj.kr. á ári. Á fyrsta ári er reiknað með 30 manns í vinnu allt árið og 70 manns í ca. 10 mánuði, samtals 87 ársverkum.

Annar kostnaður

Tækniráðgjöf er áætluð 2,0% af nettó söluverðmæti á fyrstu tveim rekstrarárum og síðan 1% í þrjú ár. Að þeim tíma liðnum er reiknað með að verksmiðjan ráði yfir nægilegri tækniþekkingu.

Viðhaldskostnaður er áætlaður 2,0 millj.kr. á fyrsta ári, 3,0 millj.kr. á öðru ári og síðan 5,0 millj.kr. á ári í fimm ár. Þá hækkaður í 7,5 millj.kr. og síðan aftur eftir fimm ár í 10,0 millj.kr. Til hliðsjónar var haft, að viðhaldskostnaður Íslenska járnblendifélagsins 1982 er talinn verða um 5 millj.kr.

Ýmis kostnaður, rekstur mötuneytis, akstur og ferðakostnaður starfsfólks o.fl. er áætlaður 3,0 millj.kr. á fyrsta ári og síðan 6,0 millj.kr. á ári. Hér er einnig tekið mið af Íslenska járnblendifélaginu, en þar er þessi liður um 8 millj.kr. 1982. Nokkrir liðanna, t.d. mötuneyti, eru háðir starfsmannafjölda og er tillit tekið til þess að starfsmenn Kísilmálmvinnslunnar verða færri.

Opinber gjöld

Fasteignaskattur	1,25% af byggingarkostnaði.
Vatnsskattur	0,15% af byggingarkostnaði.
Lóðarleiga	45.000 kr. á ári.
Iðnlánasjóðsgjald	0,05% af rekstrarkostnaði.
"Aðstöðugjald"	1,0% af rekstrarkostnaði.
Eignarskattur	1,212% af uppsöfnuðu varasjóðstillagi.
Tekjuskattur	65,65% af hagnaði eftir að 25% hafa verið lögð í varasjóð. Tap fyrri ára frádráttarbært.

Fasteignaskatt og vatnsskatt á að reikna af fasteignamati. Hér er valin sú leið að reikna þá af byggingarkostnaði og verður fasteignaskatturinn þá um 7,3 millj.kr. á ári, en vatnsskatturinn 1,2 millj.kr. Ljóst er að þessir skattar eru samkvæmt þessari aðferð verulega ofáætlaðir, því fasteignaskattur Íslenska járnblendifélagsins var um 2 millj.kr. árið 1982. Aðstöðugjald verður 4,5-5,0 millj.kr. á ári. Eignarskattur greiðist af nettóeign og er hér reiknaður af uppsöfnuðu varasjóðstillagi. Í rekstrarreikningum er gert ráð fyrir að arði sé úthlutað, eða að gefin séu út jöfnunarbréf sem honum nemur. Eignarskatturinn fer hækkandi og verður um 4,0 millj.kr. síðustu ár áætlunartímabilsins.

Til einföldunar í útreikningum eru aðstöðugjald og eignaskattur látin koma til gjalda árið eftir að þau falla til. Þetta bætir rekstrarútkomu fyrstu 3ja áranna um 1,5-2,0 millj.kr., en breytir ekki fjármagnsstreymi, þar sem gjöldin eru greidd eftir á.

Tekjuskatti er hliðrað til um eitt ár í fjárstreymisáætlun, þar sem hann er greiddur árið eftir.

6.5 Rekstrarreikningar

Megintilvik rekstrarreikninga, sem sýna afkomu áranna 1986-2001 er í töflu 6.4. Í arðsemisútreikningum er þó miðað við 20 ára rekstrartímabil, þ.e. tímabilið 1986-2005. Fjárstreymisáætlun miðuð við þessa rekstrarreikninga er sýnd í töflu 6.5.

Heildarframleiðslukostnaður á hvert tonn kísilmálms er um 18.900 kr. (1.293 $/tonn). Hann er fundinn með því að reikna meðalframleiðslukostnað (hráefni, raforka, laun, annar kostnaður) fyrstu sextán rekstrarárin og bæta við hann afskriftum miðað við 20 ára afskriftartíma, 6% raunvöxtum á heildarlánsfé eins og það er í upphafi og vöxtum af rekstrarfé.

Í megintilviki rekstrarreikninga er meðal skilaverð til verksmiðjunnar 20.668 kr. á tonn (1.413 $/tonn).

7 Arðsemi

7.1 Arðsemi

Á grundvelli þeirra forsendna, sem fram koma í 3. til 6.kafla hér á undan, um markað, fjárfestingu, fjármögnun og rekstrarkostnað, voru gerðar athuganir á hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Könnuð var arðsemi verksmiðjunnar með mismunandi stærð og fjölda ofna og var verksmiðja með tveim 21 MW ofnum talin heppilegust.

Í skýrslu Chase [1.4] eru tvær spár um markaðsþróun. Önnur spáin um verðþróun (standard scenario), tekur mið af þeirri þróun efnahagsmála, sem almennt er spáð og hefur hún hér verið kölluð aðalspá. Hin spáin (contingency scenario), sem gengur út frá varfærnari forsendum um þróun efnahagsmála, hefur hér verið kölluð varfærnisspá.

Með hliðsjón af þeirri óvissu sem ríkir um þróun efnahagsmála, telur stjórnin rétt í megintilviki arðsemisreikninga að miða við varfærnisspá Chase. Líkur á því að raunveruleg útkoma verði jafngóð eða betri, en rekstrarreikningar sýna, eru því meiri, en ef miðað hefði verið við aðalspána.

Niðurstöður rekstrarreikninga sýna,að arðsemi heildarfjárfestingar í verksmiðjunni er í megintilviki 11,2% fyrir skatta, 8,2 % eftir skatta. Arðsemi eigin fjár er10,2 %. Verg sala(cif) í meðalári er áætluð um 573 millj.kr. og nettósölutekjur um 523 millj.kr.

Samkvæmt rekstrarreikningum verður um rekstrartap að ræða á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar. Stafar þetta m.a. af óhagræði í rekstri með aðeins einn ofn og kostnaði við að komast inn á markað. Á fyrstu tveimur árunum er gert ráð fyrir því að veittur verði viðbótarafsláttur, sjá kafla 6.4, er jafngildir um 25 millj.kr. tekjumissi. Samkvæmt megintilviki,þegar varfærnisspá Chase er lögð til grundvallar,verður rekstrartap fyrstu þrjú árin samtals

117 millj.kr., sem jafnast síðan út með hagnaði næstu tveggja ára. Ef aðalspá Chase er lögð til grundvallar verður rekstrartap fyrstu tvö árin samtals 64 millj.kr., sem jafnast út með hagnaði næstu tveggja ára þar á eftir.

Viðbótarskýring á miklum erfiðleikum í upphafi reksturs samkvæmt megintilviki er, að samkvæmt varfærnisspá Chase er verð árið 1987, annað starfsár verksmiðjunnar, tiltölulega lágt, eins og fram kemur í töflu 3.2 og línuriti 3.2. Verði verðþróunin í samræmi við varfærnisspána mætti draga verulega úr rekstrarerfiðleikum fyrstu áranna með því að fresta gangsetningu til ársins 1988, en þá yrði tap fyrstu tvö árin samtals um 63 millj.kr., sem jafnaðist út með hagnaði næstu tveggja ára á eftir.

Hver rekstrarafkoma verksmiðjunnar verður í reynd fyrstu starfsár hennar,er þannig mjög háð því hver verður þróun markaðs og efnahagsmála. Hafa ber einnig í huga,að byggingartími verksmiðjunnar er langur, 3-4 ár, og spár um markaðsverð einstakra ára eru óvissu háðar, þótt telja megi að markaðsspárnar segi nokkuð rétt til um verðþróunina til langs tíma.

Eins og fram kemur í kafla 6.4 eru fasteignaskattur og vatnsskattur sennilega ofáætlaðir í rekstrarreikningum. Má því búast við að rekstrarstaða verksmiðjunnar verði heldur betri en reikningarnir sýna. Einnig er ljóst að veltuskattar eins og það aðstöðugjald sem gert er ráð fyrir í reikningum, íþyngja rekstrinum, einkum fyrstu árin. Stjórnin telur,að við ákvörðun á skattlagningu fyrirtækisins skuli tekið tillit til samkeppnisstöðu þess á erlendum mörkuðum.

Eftirfarandi ber að hafa í huga þegar sjóðsstreymið er athugað:

Í fyrsta lagi eru vextir stofnlána á fyrsta ári um 30 millj.kr., en færðir á stofnkostnað og fjármagnaðir með stofnláni. Rekstur ársins 1986 ber því enga vexti af stofnlánum.

Í öðru lagi er fyrsta afborgun af vörukaupaláni á árinu 1987 og af ríkisábyrgðarláni og viðbótarláni á árinu 1989. Slíkt greiðslufyrirkomulag lána er forsenda viðunandi greiðsluafkomu fyrstu árin.

Í þriðja lagi er reiknað með, að rekstrarfjárþörf verði fjármögnuð með sérstöku rekstrarláni, sem er áætlað um 31,5 millj.kr. á fyrsta ári og hækkar smám saman í um 140,0 millj.kr.

Þegar verðlag er lágt skv. markaðsspá og afborganir lána í hámarki, má búast við vissum erfiðleikum sbr. árin 1987, 1990 og 1992. Í megin tilviki eru þessir erfiðleikar þó vel viðráðanlegir árin 1990 og 1992 vegna jákvæðrar greiðsluafkomu áranna á undan. Árið 1987 verður þessi fjárþörf fjármögnuð með viðbótar rekstrarláni.

Ef aðalspá Chase er lögð til grundvallar verður arðsemi verksmiðjunnar nokkuð betri, eða 13,7% af heildarfjárfestingu fyrir skatta, 10,0% eftir skatta og 13,9% af eigin fé, enda eru nettó sölutekjur 27 millj.kr hærri í meðalári en í megin tilvikinu. Í þessu tilfelli er rekstrartap fyrstu tvö árin, samtals um 60 millj.kr., sem jafnast með hagnaði næstu tveggja ára. Hins vegar er sjóðsstreymið jákvætt þegar á fyrsta ári um 27 millj.kr.

Útreikningar á rekstrarafkomu og arðsemi eru gerðir á föstu verðlagi og þar af leiðandi eru vextir sem reiknað er með, áætlaðir raunvextir. Þegar um árlegar verðhækkanir er að ræða, verður arðsemi lakari vegna aukinnar rekstrarfjárþarfar, þó að gert sé ráð fyrir að tekju- og rekstrarliðir hækki jafnmikið. Skattar sem greiðast eftir á (aðstöðugjald, eignaskattur og tekjuskattur) bæta þetta þó upp að einhverju leyti.

Í skýrlsu RDG [1.3] eru sýnd áhrif mismunandi verðlagsforsendna á arðsemi. Í megin tilviki, þar sem árlegar verðhækkanir eru 7,5-8,5% á byggingartíma og 6% eftir það, er arðsemi heildarfjármagns fyrir skatta 11,9%. Við 10% árlegar verðhækkanir verður arðsemi 11,5% en 13,1% þegar verðlag er stöðugt. Þessir útreikningar gefa góða vísbendingu um áhrif verðlagsforsendna á arðsemi, en taka þó ekki tillit til eftirágreiðslu tekjuskatts, þar sem um arðsemi fyrir skatta er að ræða.

7.2 Áhrif breyttra forsendna á afkomu

Til að kanna áhrif breyttra ytri skilyrða, hafa verið gerðir útreikningar á afkomu með breyttum forsendum (viðkvæmnisathugun). Þær breytingar frá megintilviki sem athugaðar hafa verið eru þessar:

Söluverð:
- hækkað um 10%
- lækkað um 10%

Raforkuverð:
- 12 mill/kWh
- 22 mill/kWh

Hráefnisverð:
- hækkað um 10%
- lækkað um 10%

Nýting:
- aukin um 10%
- minnkuð um 10%

Stofnkostnaður:
- hækkaður um 10%
- lækkaður um 10%

Vextir:
- hækkaðir um 2 prósentustig

TAFLA 6.4 BL.1 MEGINTILVIK ARÐSEMISREIKNINGA
OFNAR 2X21 MW

SALA	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
VERÐ, ÁLGÆÐI																		
Listaverð $/tonn			1620	1470	1575	1663	1616	1691	1596	1592	1960	1670	1615	1615	1615	1615	1615	1615
Afsláttur %			18	17	8	2	3	0	5	8	5	4	6	6	6	6	6	6
Söluverð $/tonn			1328	1220	1444	1630	1568	1691	1515	1465	1577	1603	1518	1518	1518	1518	1518	1518
Gengi kr/$			14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627
Söluverð kr/tonn			19431	17846	21127	23838	22928	24734	22164	21423	23067	23450	22205	22205	22205	22205	22205	22205
VERÐ, KÍSILGÆÐI																		
Söluverð kr/tonn			20402	18739	22184	25030	24075	25971	23272	22494	24220	24623	23316	23316	23316	23316	23316	23316
VERÐ KÍSILRYK																		
Söluverð kr/tonn			420	420	420	420	577	577	577	577	577	577	577	577	577	577	577	577
MAGN																		
Nafnafkost tonn			9000	25850	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860	28860
Nýting %			87	83	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87
Heildarframl. tonn			7756	21456	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000
Birgðasofnun tonn			1000	3200														
Heildarsala tonn			6756	18256	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000
ÁLGÆÐI																		
Hlutfall %			100	100	90	80	70	60	60	60	60	60	60	60	60	60	60	60
Sala tonn			6756	18256	22500	20000	17500	15000	15000	15000	15000	15000	15000	15000	15000	15000	15000	15000
KÍSILGÆÐI																		
Hlutfall %			0	0	10	20	30	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40	40
Sala tonn			0	0	2500	5000	7500	10000	10000	10000	10000	10000	10000	10000	10000	10000	10000	10000
KÍSILRYK																		
Hlutfall %			44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44	44
Sala tonn			2990	8032	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000	11000
VELTA																		
Álgæði			132065	325795	475362	476764	401242	371013	332453	321349	346001	351750	333078	333078	333078	333078	333078	333078
Kísilgæði			0	0	55459	125150	180559	259709	232717	224944	247201	246225	233155	233155	233155	233155	233155	233155
Kísilryk			1256	3374	4620	4620	6347	6347	6347	6347	6347	6347	6347	6347	6347	6347	6347	6347
Sala alls			133321	329169	535441	606534	588147	637070	571517	552640	594549	604322	572580	572580	572580	572580	572580	572580
SÖLUKOSTN. O.FL.																		
Sölukostnaður			4133	10197	16615	18840	18210	19142	17690	17099	18411	18717	17723	17723	17723	17723	17723	17723
Flutningskostn.			5451	14241	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050	20050
Tollar			2773	6843	11147	10640	12218	13245	11869	11472	12352	12557	11891	11891	11891	11891	11891	11891
Sölukostn. o.fl.			12358	31280	47812	51530	50478	52437	49608	48621	50813	51324	49664	49664	49664	49664	49664	49664
NETTÓ-SÖLUTEKJUR			120963	297889	487629	555004	537669	584633	521909	504019	543736	552998	522916	522916	522916	522916	522916	522916

TAFLA 6.4 BL.NR.2 MEGINTILVIK ARÐSEMISREIKNINGA

OFNAR 2X21 MW

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
NIÐURSTÖÐUR SÖLUÁÆTLUNAR																		
Brutto-sölutekjur			133311	329169	535441	606534	588147	637070	571517	552440	594549	604322	572580	572580	572580	572580	572580	572580
-söluskatn. o.fl.			12357	31680	47912	51530	50478	53037	49608	48621	50813	51324	49664	49664	49664	49664	49664	49664
Netto-sölutekjur			120953	297489	487629	555004	537669	584033	521909	504019	543736	552998	522916	522916	522916	522916	522916	522916
KOSTNAÐUR																		
FRAMLEIÐSLA																		
Heildarsala tonn			6795	18256	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000	25000
Hlutfall afgæða %			100	100	90	80	70	60	60	60	60	60	60	60	60	60	60	60
HRÁEFNI																		
Afgæði kr/tonn sí			7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719	7719
Kísilg. kr/tonn sí			8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195	8195
Hráefniskostnaður			52458	140918	194165	195358	196545	197735	197735	197735	197735	197735	197735	197735	197735	197735	197735	197735
RAFORKA																		
Orkuthorf kwh/tonn			13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500	13500
Orkuverð mill/kwh			8	11.72	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18
Gengi kr/$			14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627	14.627
Raforkuverð kr/kwh			.12	.17	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26	.26
Raforkukostnaður			10736	42253	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859	88859
LAUN																		
Launak./ársverk			323	323	323	323	323	323	323	323	323	323	323	323	323	323	323	323
Fjöldi ársverka			87	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137
Launakostnaður			28101	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251	44251
ANNAR KOSTNAÐUR																		
Tæknirádgjöf			2419	5950	9753	5550	5377											
Viðh.,fast.sk. ofl			5000	17500	19500	19500	19500	19500	19500	22000	22000	22000	22000	22000	24500	24500	24500	24500
Adst.-og idnadargj				1400	3456	5622	5628	5866	5451	5304	5265	4624	4593	4561	4561	4587	4587	4587
Eignaskattur			0	0	0	0	0	2	342	526	663	1112	1601	2001	2400	2790	3179	3567
FRAML.KOSTN. ALLS			98714	252272	359984	359137	360159	355912	356138	358674	358773	358581	359029	359406	362305	362721	363110	363498
REKSTUR																		
Netto-sölutekjur			120953	297489	487629	555004	537669	584033	521909	504019	543736	552998	522916	522916	522916	522916	522916	522916
-br.kost.(hráefni)			63194	183171	283024	284414	285404	286598	286594	286594	286594	286594	286594	286594	286594	286594	286594	286594
FRAMLEGÐ			57759	114318	204606	270790	252265	297439	235315	217425	257143	266404	236323	236323	236323	236323	236323	236323
-laun og annað			35520	69101	76960	74923	74756	69318	69544	72080	72179	71987	72445	72812	75711	76128	76517	76904
REKSTRARAFKOMA			22239	45217	127646	195867	177510	228121	165771	145345	184964	194416	163878	163510	160611	160195	159806	159418
-afskriftir			44479	88959	88959	88959	88959	86013	83068	83068	23763	23763	23763	23763	23763	23763	23763	23763
-vextir stofnlana				38240	37104	33584	27881	20949	14018	9009	4640	1092						
-vextir rekstrarl.			1890	4764	7570	8399	8211	8803	8079	7852	8315	8423	8072	8072	8053	8053	8053	8053
HAGNAÐUR F/ SKATT			-24130	-86745	-5987	64925	52460	112355	60606	45416	148246	161139	132043	131675	128795	128379	127990	127602
(tekjusk.stofn)	0	0	-24130	-110875	-116862	-51937	523	112355	60606	45416	148246	161139	132043	131675	128795	128379	127990	127602
(eignask.stofn)		0	0	0	0	0	131	28219	43371	54725	91787	132071	165082	198001	230200	262794	294292	326192
-tekjuskattur	0	0	0	0	0	0	257	55321	29841	22362	72993	79341	65015	64834	63416	63211	63019	62828
NETTÓ-HAGNAÐUR	0	0	-24130	-86745	-5987	64925	52202	57034	30765	23055	75253	81798	67028	66842	65380	65168	64971	64774
REKSTRARFJÁRÞÖRF																		
Rekstrarfjárthorf			31494	79398	126175	139984	136841	146719	134652	130865	138579	140378	134535	134535	134223	134223	134223	134223

TAFLA 6.5 FJÁRSTREYMISÁÆTLUN OFNAR 2X21 MW

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
FJÁRMAGNSSTREYMI																							
Rekstrarafkoma				22239	45217	127646	195867	177510	228121	165771	145345	184964	194416	163878	163510	160611	160195	159806	159418	159418	159418	159418	159418
-vextir af rekstl.				1890	4764	7570	8399	8211	8803	8079	7852	9315	9423	8072	8072	8053	8053	8053	8053	8053	8053	8053	8053
Fjármagnsstreymi fyrir skatta			0	20350	40453	120075	187468	169299	219318	157692	137493	176649	185994	155806	155438	152558	152142	151753	151365	151365	151365	151365	151365
-gr. tekjuskattur				0	0	0	0	0	257	55321	29841	22362	72993	79341	65015	64834	63416	63211	63019	63019	63019	63019	63019
Fjármagnsstreymi eftir skatta			0	20350	40453	120075	187468	169299	219061	102371	107652	154287	113001	76465	90423	87724	88726	88542	88346	88346	88346	88346	88346
-vextir stofnlana					38240	37104	33584	27881	20949	14018	9009	4640	1052										
-afb. stofnlana					32040	64080	105941	147802	147802	115762	83722	83722	41861										
Nettó-fjárstreymi			0	20350	-29827	18892	47943	-6384	50309	-27409	14922	65925	70048	76465	90423	87724	88726	88542	88346	88346	88346	88346	88346
Uppsafnað fjárstr.		0	0	20350	-9477	9415	57356	50974	101284	77875	88795	154721	224769	301234	391657	479381	568107	656649	744995	833341	921686	1010032	1098378
ÚTREIKNINGUR AFKASTAVÍÐTA																							
Heildarfjárfesting	140000	185000	385000	290000	32000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjárstr. f.skatta	0	0	0	20350	40453	120075	187468	169299	219318	157692	137493	176649	185994	155806	155438	152558	152142	151753	151365	151365	151365	151365	151365
Greiðslurað 1	-140000	-185000	-385000	-269650	8453	120075	187468	169299	219318	157692	137493	176649	185994	155806	155438	152558	152142	151753	151365	151365	151365	151365	151365
Fjárstr. e.skatta	0	0	0	20350	40453	120075	187468	169299	219061	102371	107652	154287	113001	76465	90423	87724	88726	88542	88346	88346	88346	88346	88346
Greiðslurað 2	-140000	-185000	-385000	-269650	8453	120075	187468	169299	219061	102371	107652	154287	113001	76465	90423	87724	88726	88542	88346	88346	88346	88346	88346
Hlutafé	60000	70000	150000	15000																			
Nettó-fjárstreymi	0	0	0	20350	-29827	18892	47943	-6384	50309	-27409	14922	65925	70048	76465	90423	87724	88726	88542	88346	88346	88346	88346	88346
Greiðslurað 3	-60000	-70000	-150000	5350	-29827	18892	47943	-6384	50309	-27409	14922	65925	70048	76465	90423	87724	88726	88542	88346	88346	88346	88346	88346
Vextir	0	.01	.02	.03	.04	.05	.06	.07	.08	.09	.1	.11	.12	.13	.14	.15	.16	.17	.18	.19	.2	.21	.22
Núvirði gr.radar 1	1907319	1570896	1285873	1043635	837140	660610	509203	379276	267175	170418	86690	14094	-48956	-103908	-151592	-193269	-229653	-261441	-289322	-313521	-334760	-353321	-369531
Núvirði gr.radar 2	1075627	860407	677095	520479	386279	270968	171633	85856	11618	-52759	-106685	-157348	-199749	-234735	-269027	-297336	-321089	-340433	-362055	-378687	-393018	-405497	-416340
Núvirði gr.radar 3	803378	647420	517379	408673	317581	241071	176669	122349	76443	37582	4631	-23346	-47130	-67368	-84602	-99284	-111796	-122455	-131570	-139253	-145812	-151372	-156072

Arðsemi verksmiðjunnar með þessum mismunandi rekstrarforsendum er sýnd á töflu 7.1

Tafla 7.1 Arðsemi kísilmálmverksmiðju við mismunandi skilyrði.

	Arðsemi heildar fjármagns		Arðsemi eigin fjár
	f.skatta	e.skatta	
Megintv.(varfspá Chase)	11,2	8,2	10,2
Aðalspá Chase	13,5	9,9	13,6
Söluverð:			
- hækkað um 10%	15,3	11,2	16,4
- lækkað um 10%	6,3	4,6	3,6
Raforkuverð:			
- 12 mill/KWh	13,1	9,5	12,9
- 22 mill/KWh	9,7	7,1	8,0
Hráefnisverð:			
- hækkað um 10%	9,5	6,9	7,7
- lækkað um 10%	12,7	9,3	12,7
Nýting:			
- aukin um 10%	13,1	9,6	12,9
- minnkuð um 10%	9,2	6,7	7,4
Stofnkostnaður:			
- hækkaður um 10%	9,4	6,9	7,7
- lækkaður um 10%	12,7	9,3	12,7
Vextir:			
- hækkaðir um 2 prósentustig	11,2	8,5	8,8

Þessar niðurstöður eru dregnar upp á mynd 7.1, þar sem arðsemi heildarfjármagns er sýnt sem fall af hlutfallslegu fráviki frá megintilviki. Því meiri sem halli línunnar er, því viðkvæmari er arðsemin fyrir breytingum á viðkomandi rekstrarþætti.

Afurðaverð

Eins og vænta má, er söluverð sá þáttur, sem hefur mest áhrif á arðsemi verksmiðjunnar. Hækkun söluverðs um 10% veldur hækkun á arðseminni um 4,1 prósentustig og samsvarandi lækkun minnkar hana um 4,9 prósentustig. Í seinna tilfellinu yrði um verulega rekstrarfjárörðugleika að ræða. Nettó fjárstreymi yrði neikvætt árin 1987 til 1993, en uppsafnað fjárstreymi yrði ekki jákvætt fyrr en 1996.

Ef arðsemisreikningar byggðir á aðalspá Chase eru athugaðir, sést að arðsemi heildarfjárfestingarinnar er 1,8% lægri en í því tilfelli þegar söluverð var hækkað um 10%. Hafa ber í huga að markaðsspár spá fyrir um langtímaþróun verðs og byggja á að jafnvægi sé milli vaxandi eftirspurnar og aukningar á framleiðslugetu. Þó spá sé rétt með tilliti til þróunar meðalverðs, geta sveiflur milli ára verið stærri, en hún gerir ráð fyrir. Þetta getur leitt til þess að meiri sveiflur verði á sjóðsstreymi og afkomu verksmiðjunnar en reikningar sýna.

Breytingar á söluverði um $\pm$ 10% svara til þess að meðalskilaverð til verksmiðjunnar breytist úr því að vera 1413 $/tonn í megintilvikií 1554 $/tonn, þegar söluverð er hækkað um 10%, og í 1272 $/tonn þegar það er lækkað tilsvarandi.

Nýting

Athuguð voru áhrif mismunandi nýtingar verksmiðjunnar á arðsemina. Breyting á nýtingu hefur svipuð áhrif og breytt sölumagn. Í ljós kemur að nýting hefur næst á eftir söluverðinu, mest áhrif á arðsemina. Ef nýtingin batnar um 10% eykst arðsemin um 2 prósentustig, samsvarandi lækkun minnkar hana um 2,2 prósentustig.

Nýtingin er háð mörgum tæknilegum atriðum. Árvekni við ofnreksturinn skilar sér m.a. í færri rafskautabrotum og minni framleiðslutöfum. Vel menntað og hæft vinnuafl mun

LÍNURIT 7.1

2 x 21 MW **KÍSILMÁLMVERKSMIÐJA**

ARÐSEMI VIÐ MISMUNANDI SKILYRÐI



því ráða miklu um arðsemi verksmiðjunnar og styrkir samkeppnisstöðu hennar.

Tæknilega séð þolir verksmiðjan tiltölulega vel ótrygga orkuafhendingu, en þessi athugun sýnir að rekstrarafkoma hennar er viðkvæm fyrir afhendigaröryggingu.

Raforkuverð

Ef raforkuverð er hækkað frá því sem er í megin tilviki um 4 mill í 22 mill, eða um 22,2%, minnkar arðsemin um 1,5 prósentustig, en ef raforkuverðið lækkar um 6 mill í 12 mill, eða um 33,3%, hækkar hún um 1,9 prósentustig.

Hráefni

Þar sem hráefni er mjög stór hluti af rekstrarkostnaðinum hafa breytingar á hráefnisverði tiltölulega mikil áhrif á rekstrarafkomuna. Hækkun á hráefnisverði um 10% minnkar arðsemina um 1,7 prósentustig, samsvarandi lækkun eykur hana um 1,5 prósentustig.

Stofnkostnaður

Athuguð voru áhrif breytinga á stofnkostnaði, hækkun hans um 10% lækkar arðsemina um 1,8 prósentustig, en 10% lækkun hækkar arðsemina um 1,5 prósentustig.

Vextir

Hækkun vaxta um 2 prósentustig hefur einungis áhrif á arðsemi fjárfestingarinnar eftir skatta, sem hækkar um 0,3 prósentustig og arðsemi eigin fjár, sem lækkar um 1,4 prósentustig.

7.3 Samkeppnishæfni

Samkvæmt markaðsspám vex markaður fyrir kísilmálm um nálægt 5% árlega. Gert er ráð fyrir því, að verð kísilmálms mótist af vaxandi markaði og taki fyrst og fremst mið af framleiðslukostnaði nýrra verksmiðja, þegar eðilegri nýtingu núverandi verksmiðja er náð. Samkeppnishæfni kísilmálmverksmiðju á Íslandi ber því að meta með tilliti til framleiðslukostnaðar annarra nýrra verksmiðja. Framleiðslukostnaður í flestum eldri verksmiðjum er lægri en í nýjum vegna minni fjármagnskostnaðar.

Álitlegasti markaður fyrir íslenskan kísilmálm er í Evrópu. Flutningskostnaður er lægri en helstu keppinautanna, sem flestir eru staðsettir utan Evrópu, og íslensk framleiðsla nýtur tollfríðinda umfram þá. Auk þess er gert ráð fyrir að vöxtur silikoniðnaðarins verði á næsta áratug meiri í Evrópu en annars staðar, en talið er að leggja eigi megin áherslu á að komast inn á þann markað. Framleiðsla kísilmálms í Evrópu er einnig að dragast saman vegna orkuverðs og orkuskömmtunar. Dæmi um það er að framleiðslu er nú hætt á Spáni, nema fyrir heimamarkað, miklir erfiðleikar eru í Portúgal, og nokkur óvissa ríkir um framleiðslu á Ítalíu.

Í töflu 7.3 er sýnt mat Chase [1.4] á samkeppnishæfni nýrra verksmiðja í nokkrum löndum á markaði í Evrópu.

Tafla 7.3 Samkeppnisstaða nýrra verksmiðja á Evrópumarkaði, að mati Chase.

Verðeining $/tonn

	Framlkostn. við verksm.vegg	Flutn kostn á sjó	Tollar	Flutnk. á landi	Verð til kaupenda
KANADA	1.179	30	83	20	1.312
ÍSLAND	1.379	15	0	20	1.414
FRAKKL.	1.399	0	0	20	1.419
NOREGUR	1.406	10	0	20	1.435
S-AFRÍKA	1.325	40	83	20	1.468
BRASILÍA	1.330	40	83	20	1.473
ÁSTRALÍA	1.318	60	83	20	1.481
U.S.A.	1.390	30	83	20	1.523

Samkvæmt töflunni er Kanada með lægst verð til kaupenda, en Ísland í öðru sæti.

Við athugun á samkeppnishæfni er fróðlegt að líta á helstu verðmyndunarþætti í heildarframleiðslukostnaði og eru þeir sýndir í töflu 7.4 og er hún einnig byggð á Chase [1.4]. Fram kemur að fjögur lönd eru með lægri framleiðslukostnað en Ísland.

Tafla 7.4 Verðmyndunarþættir í nýjum verksmiðjum, að mati Chase.

Verðeining $/tonn

	Hráefni	Raforka(mill)	Annar kostn.	Fjárm. kostn.	Framlkostn
KANADA	336	168 (12,5)	314	361	1.179
ÁSTRALÍA	337	269 (20)	324	388	1.318
S-AFRÍKA	313	269 (20)	290	453	1.325
BRASILÍA	278	215 (16)	376	461	1.330
ÍSLAND	484	201 (15)	306	388	1.379
U.S.A.	330	403 (30)	309	348	1.390
FRAKKL.	383	337 (25)	304	375	1.399
NOREGUR	422	269 (20)	327	388	1.406

Samkvæmt töflu 7.4 er hráefniskostnaður talinn hæstur hér á landi. Hráefni er allt innflutt erlendis frá og flutningskostnaður því hár. Í þessu sambandi má þó benda á að verksmiðjur í Noregi flytja kvars frá Spáni og kol og kox frá Bandaríkjunum.

Raforkukostnaður er samkvæmt töflunni næst lægstur á Íslandi og er þá gert ráð fyrir því, að orkuverð hér sé 15 mill á kWh. Kanada er með lægst orkuverð, en Ísland og Brasilía með svipað.

Annar framleiðslukostnaður er nokkuð svipaður í öllum löndunum. Rétt er að minna á að hæfni starfsfólks er mikilvæg og má í þessu sambandi geta þess að íslenskt starfsfólk hefur reynst vel, bæði í álverinu í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Nýting verksmiðjunnar ætti af þeim sökum að geta orðið sambærileg við það sem best gerist í öðrum löndum.

Fjármagnskostnaður er mjög svipaður hér og hjá flestum öðrum. Bent skal á að æskilegt er, að hlutafé fyrirtækisins sé sem mest til þess að lánsfjárkostnaður verði sem lægstur. Slíkt styrkir samkeppnishæfni Kísilmálmvinnslunnar.

Ef tölur þær, sem nú liggja fyrir um hráefnis-, raforku- og annan kostnað í kísilmálmverksmiðju á Íslandi eru lagðar til grundvallar, fjármagnskostnaður af heildarfjárfestingu og rekstrarfjármunum reiknaður með sömu raunvöxtum og í rekstraráætlun og verksmiðjan afskrifuð á 20 árum, fæst að framleiðslukostnaður á Íslandi verður 1.343 $ á tonn, sem er svipað og niðurstaða Chase.

Rétt er að taka fram, að upplýsingar um orkuverð til nýrra verksmiðja í töflunni eru ekki í samræmi við ýmsar aðrar heimildir. Í Kanada er nú t.d. boðin raforka til orkuiðju á 7-8 mill á kWh og nýjustu tillögur í Noregi leiddu til orkuverðs um 15 mill. Einnig liggja fyrir upplýsingar um að orkuverð sé sem næst 25 mill í Brasilíu og 25 mill í Ástralíu.

Ef reynt er að meta hvaða möguleikar eru til þess að bæta samkeppnishæfni íslenskrar verksmiðju, þá er orkuverðið veigamesti kostnaðarþátturinn sem íslensk stjórnvöld geta að nokkru ráðið. Hagstætt orkuverð er meginforsenda þess að hagkvæmt sé að byggja kísilmálmverksmiðju á Íslandi. Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. telur að til þess að bæta samkeppnishæfni og greiðslustöðu verksmiðjunnar verði orkuverð til hennar að vera lægra en þau 18 mill á kWh sem nefnd eru í bréfi Landsvirkjunar [3.11]. Telur stjórnin eins og fram kemur í kafla 6.3 , að grundvöllur raforkuverðs til orkufreks iðnaðar eigi að vera að öll orkuiðjan standi sameiginlega undir eðlilegri hlutdeild sinni af kostnaði við uppbyggingu og rekstur raforkukerfisins,og verðið til fyrirtækjanna eigi að vera sambærilegt.

Eitt stærsta vandamál, sem við er að glíma í orkufrekum iðnaði eru hinar miklu sveiflur sem orðið geta í afurðaverði og valda þær oft miklum greiðsluerfiðleikum hjá framleiðendum og þá sérstaklega hjá nýjum fyrirtækjum með háan fjármagnskostnað. Til þess að styrkja samkeppnisstöðu Kísilmálmvinnslunnar vill stjórnin því benda á þann möguleika að tengja raforkuverðið söluverði kísilmálms.

Þau rök má færa fyrir þessu fyrirkomulagi, að við núverandi tæknistig er útflutningur orku frá Íslandi ekki mögulegur, nema með því að nýta hana til orkuiðju. Með framleiðslu kísilmálms til útflutnings er því óbeint verið að flytja út orku. Því má telja eðlilegt að orkuframleiðandinn þ.e. Landsvirkjun taki nokkurn þátt í þeirri áhættu sem óstöðugt markaðsverð veldur.

8 Eignaraðild

Í lögum um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er ríkisstjórninni heimilað að kveðja til samstarfs um starfsemi félagsins aðra eignaraðila, en þó þannig að 51% af hlutafé skal jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

Í viðræðum stjórnar við aðila á kísilmálmmarkaðinum og erlenda banka hefur komið í ljós að víðtæk eignaraðild að fyrirtækinu kynni að styrkja stöðu þess á ýmsan hátt. Einnig hefur komið fram áhugi hjá nokkrum aðilum á því að ræða þátttöku í fyrirtækinu, þegar horfur um framtíðarafkomu þess liggja fyrir.

Auk þeirrar áhættudreifingar,sem fælist í eignaraðild fleiri aðila að verksmiðjunni,er einkum þrennt, sem rennir stoðum undir það að átt sé samstarf við aðra aðila, sem þegar hafa haslað sér völl á kísilmálmmarkaðinum.

Hið fyrsta snertir fjárhagsstöðu fyrirtækisins, en víðtækari eignaraðild tryggði aukið hlutafé í fyrirtækið, en það yrði til bóta fyrir allan rekstur þess og minnkaði þörfina fyrir lántökur.

Annað atriði varðar sölu framleiðslu verksmiðjunnar. Kæmi hér annars vegar til greina samstarf við aðra kísilmálmframleiðendur, en hins vegar eignaraðild notenda, sem eflaust veitti meiri tryggingu fyrir sölu framleiðslunnar en ella. Kæmi í því sambandi helst til greina að leita hófanna við silikonframleiðendur. Reyndar hefur einnig komið fram í könnunum stjórnarinnar, að a.m.k. einn umboðsaðili væri reiðubúinn að leggja fram allt að 10% hlutafjár gegn því að fá einkasöluleyfi á framleiðslu fyrirtækisins . Það skal þó tekið fram,að stjórnin telur slíka eignaraðild umboðsaðila ekki æskilega.

Þriðja atriðið er tæknilegs eðlis og snýr fyrst og fremst að tæknilegri samvinnu og aðgangi að tækniþekkingu. Mikilvægi þessa þáttar er mest í byrjun en gera má ráð fyrir að það minnki eftir því sem starfsmenn fyrirtækisins öðlast meiri reynslu.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. telur að þótt meðeignaraðild annarra en ríkisins sé ekki nauðsynleg til þess að byggja eða reka kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, þá sé rétt að kanna nánar áhuga innlendra og erlendra aðila á eignaraðild. Ef niðurstaða könnunarinnar verður sú, að eignaraðild annarra en ríkisins treysti rekstrargrundvöll fyrirtækisins og dreifi þeirri áhættu sem fylgir rekstrinum, telur stjórnin rétt að áðurnefnd heimild verði nýtt.

Stjórnin telur jafnframt koma til athugunar að horfið verði frá lagaákvæði um 51% eignaraðild íslenska ríkisins að Kísilmálmvinnslunni, ef hagstætt þykir.

Viðauki 1 Bókanir stjórnarmanna

Við afgreiðslu skýrslunnar gerðu stjórnarmenn svofelldar bókanir.

Við undirritaðir samþykkjum skýrsluna, en óskum að gera svofellda grein fyrir atkvæðum okkar.

Niðurstöður athugana sýna að hagkvæmast er að dreifa byggingarframkvæmdum á þrjú til fjögur ár. Þótt telja megi að markaðsspár segi nokkuð rétt til um verðþróun þegar til lengri tíma er litið, eru spár fyrir einstök ár vafasamari. Því verður ekki sagt til um með þriggja ára fyrirvara, hvert áranna 1986-1988 verði hagkvæmast að hefja framleiðslu. Við teljum því rétt að taka nú þegar ákvörðun um að hefja byggingarframkvæmdir sumarið 1983, svo framleiðsla geti hafist 1986.

(sign.) Halldór Árnason

(sign.) Hörður Þórhallsson

(sign.) Aðalsteinn Valdimarsson

Ég óska að gera svofellda grein fyrir atkvæði mínu til viðbótar sameiginlegri bókun minni með Herði Þórhallssyni og Aðalsteini Valdimarssyni.

Arðsemisútreikningar sýna, að verksmiðjan getur greitt 18 mill á kWh fyrir raforku, sem er talinn framleiðslukostnaður í nýjum virkjunum. Þetta er ein aðalforsenda þess að ég tel verksmiðjuna þjóðhagslega hagkvæma.

Af athugunum stjórnar Kísilmálmvinnslunnar h.f., ætti að vera ljóst að hægt er að afla hráefnis, tækniþekkingar og byggja upp öflugt markaðskerfi án erlendrar eignaraðildar. Af viðræðum stjórnar Kísilmálmvinnslunnar við erlenda aðila tengda framleiðslu og viðskiptum með kísilmálm, virðist mér að hagsmunum félagsins sé best borgið með því að það hafi alla þætti málsins í sínum höndum, eins og ætla má að stefnt sé að í 2. grein laga nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Með tilvísun til þess er að framan greinir, tel ég að stjórn Kísilmálmvinnslunnar h.f. hafi ekki haldbær rök fram að færa, er geri erlenda eignaraðild álitlega. Verði hins vegar horfið að því ráði að bjóða erlendum aðilum hlutdeild í verksmiðjunni sem minnihlutaaðilum, ber að gera það án nokkurra forréttinda eða einkaréttarstöðu, t.d. varðandi tækniþjónustu og sölu á framleiðslu verksmiðjunnar.

(sign.) Halldór Árnason

Niðurstöður þær sem stjórn Kísilmálmvinnslunnar hefur komist að, byggja á spám um framtíðarþróun kísilmálmmarkaðarins.
Við teljum að stjórn Kísilmálmvinnslunnar og stjórnvöld verði að vera undir það búin að endurmeta núverandi áform um verksmiðjuna, ef forsendur markaðsspánna breytast.
Með hliðsjón af þeirri óvissu sem framundan er í þróun alþjóðlegra efnahagsmála, teljum við undirritaðir:

- að ótímabært sé að ákveða nú þegar byggingarframkvæmdir og gangsetningartíma verksmiðjunnar.

- að stjórn félagsins skuli, að fengnu samþykki Alþingis á niðurstöðum skýrslunnar og að óbreyttum forsendum, taka lokaákvörðun um upphaf byggingarframkvæmda og gangsetningartíma verksmiðjunnar.

(sign.) Axel Gíslason

(sign.) Eggert Steinsen

(sign.) Geir A. Gunnlaugsson

(sign.) Geir H. Haarde

Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslu stjórnarinnar, teljum við að það eigi að vera eitt af forgangsverkefnum stjórnarinnar á næstu mánuðum að fylgja eftir síðasta lið í niðurstöðum skýrslunnar og reyna að fá til samstarfs um verksmiðjurekstrinn erlenda aðila, sem reiðubúnir eru að taka á sig hluta þeirrar miklu fjárhagsáhættu sem rekstri kísilmálmverksmiðju fylgir. Við teljum óverjandi að íslenskir skattborgarar taki einir á sig alla þá áhættu, sem í þessari starfsemi felst.

Rétt er að taka sérstaklega fram að stjórnin hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort kísilmálmverkmsiðja sé hagstæðasti kostur sem fyrir hendi er í innlendri orkuiðju, þótt stjórnin telji að verksmiðjan geti verið vænlegur kostur, enda var slíkt mat ekki á verksviði stjórnarinnar. Af sömu ástæðu hefur stjórnin að sjálfsögðu ekki lagt mat á það hvort önnur staðsetning en nú er ráðgerð gæti komið til greina.

(sign.) Geir H. Haarde
(sign.) Eggert Steinsen

Ég tel nauðsynlegt að leggja áherslu á það að stofnkostnaðaráætlun, framkvæmdaáætlun og spá um mannafla á byggingartíma eru ekki unnar á grundvelli hönnunar á mannvirkjum verksmiðjunnar, þar eð hönnun þeirra hefur ekki farið fram.

Ég tel því að áætlanir séu einungis nægilega nákvæmar til þess að fá vísbendingu um hagkvæmni verksmiðjunnar en að áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um byggingu hennar sé nauðsynlegt að gerð verði frumáætlun sem innifeli í það minnsta:

Yfirlitsuppdrætti sem sýni verksmiðjuna í heild.
Yfirlitsuppdrætti af einstökum mannvirkjum verksmiðjunnar.
Lauslegar kostnaðaráætlanir fyrir einstök mannvirki.
Stuttar lýsingar mannvirkja.

Á grundvelli þessarar áætlunar verði síðan gerð sundurliðuð framkvæmdaáætlun, ný spá um dreifingu mannafla á byggingartíma og arðsemisreikningar endurskoðaðir.

Ég vil einnig benda á að auk þess sem kostnaður vegna hafnar, vatnsveitu og háspennulínu að verksmiðjunni er undanskilinn í þessum áætlunum er heldur ekki tekið tillit til hugsanlegra endurbóta sem nauðsynlegar kunna að reynast í samgöngum vegna flutninga á starfsfólki milli landshluta á byggingartíma verksmiðjunnar. Ekki er heldur tekið tillit til kostnaðar við þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru í rafmagnsmálum ef unnt á að vera að tryggja nægilega öruggan rekstur verksmiðjunnar.

Öll þessi atriði hljóta að vega þungt þegar meta á þjóðhagslega hagkvæmni verksmiðjunnar.

(sign.) Eggert Steinsen

Viðauki 2 Heimildir og önnur gögn.

1 Skýrslur

1.1	Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði - Niðurstöður hagkvæmniathugunar - Lokaskýrsla verkefnisstjórnar iðnaðarráðuneytisins.	Mars 1982
1.2	CRU - The International Silicon Metal Market and Competitive Position of an Icelandic Silicon Metal Producer	Janúar 1982
1.3	RDG - Resources Development Group Icelandic Silicon Smelter Preliminary Analysis	Apríl 23.82
1.4	Chase Econometrics - The Feasibility of a Silicon Metal Plant in Iceland	Okt.31.82
1.5	Chase Econometrics Ferroalloys - Statistical Update	Apríl 1982
1.6	CRU - The International Silicon Metal Market Revised Forecasts	Nóv.1982
1.7	Landsvirkjun (LV) - Greinargerð um framkvæmdaþörf og rekstraröryggi í hinu samtengda landskerfi á tímabilinu 1982-1988	Apríl 1982
1.8	LV - Stöðugleikaathugun á íslenska raforkukerfinu	Sept. 1982
1.9	LV - Skýrsla um rafmagnsverð til stóriðju	Sept. 1982
1.10	LV - Greinargerð um rafmagnsverð til stóriðju	Sept. 1982
1.11	Orkustofnun (OS) - Vatnsbúskapur Austurlands III - Lokaskýrsla	Apríl 1982
1.12	Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins (RB) Steypuefni og fyllingarefni vegna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði	Sept. 1982

1.13	OS - Berggrunnskönnun og berggæðamat við Sómastaðagerði	Okt. 1982
1.14	OS - Forkönnun á vatnsöflun vegna kísilmálmverkmsiðju á Reyðarfirði	Júlí 1982
1.15	Heilbrigðiseftirlit ríkisins - Náttúruverndarráð - Kísilmálmverksmiðj á Reyðarfirði - Rannsóknir á lífríki og umhverfi	Mars 1982
1.16	RB - Rannsóknir á áhrifum kísilryks á eiginleika sements og steinsteypu	Ágúst 1982

2 Ýmsar fundargerðir frá fundum stjórnarmanna og starfsmanna.

2.1	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	06.07.1982
2.2	Den Norske Creditbank (DNC)	03.08.1982
2.3	Exportfinans og Elkem	04.08.1982
2.4	Indel - Ospitale di Cadore	07.08.1982
2.5	Krupp Industrie und Stahlbau	06.09.1982
2.6	Fesil a.s.	13.09.1982
2.7	Fesil a.s.	14.09.1982
2.8	T.R.Scandinavia	14.09.1982
2.9	Eisen und Metall	15.09.1982
2.10	Dr. Mario Cavigli	16.09.1982
2.11	Indel - Opsitale di Cadore	17.09.1982
2.12	Amalgamated Metals	22.09.1982
2.13	Indel	06.10.1982
2.14	CRU	11.10.1982
2.15	Brandeis Intsel	12.10.1982
2.16	Mitsui	12.10.1982
2.17	Derby & Co.	13.10.1982
2.18	C.ITOH & Co.	13.10.1982
2.19	Brandeis Intsel	13.10.1982
2.20	Midland Bank plc.	14.10.1982
2.21	Scandinavian Bank	14.10.1982
2.22	Sumitomo Bank	14.10.1982
2.23	Union Carbide	05.11.1982

3 Önnur gögn (bréf og telex)

3.1 Chase Econometrics
3.2 Fesil Engineering
3.3 Íslenska Járnblendifélagið
3.4 Þjóðhagsstofnun
3.5 Elettrocarbonium S.P.A.
3.6 Sudamin
3.7 Samband málm- og skipasmiðja (SMS & SRF)
3.8 Nesskip h.f.
3.9 Eimskip h.f.
3.10 Landsvirkjun
3.11 Landsvirkjun

Auk þessa er fjöldi bréfa - skýrslna og annarra upplýsinga frá ofnaframleiðendunum Elkem í Noregi og Mannesmann Demag í Þýskalandi.

Sþ. 476. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 4. mars 1983.

Geir Gunnarsson, form.	Guðmundur Bjarnason, fundaskr., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson.
Lárus Jónsson.	Alexander Stefánsson.	Karvel Pálmason.
Egill Jónsson.	Friðrik Sophusson.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 477. Frumvarp til laga [233. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Í 3. gr. laganna breytist 39. tl. og orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði, sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þingmönnum í efri deild sem sæti eiga í Rannsóknaráði ríkisins og kosnir eru af Alþingi. Tilgangur frumvarpsins er að opna heimild í tollalögum til að Ísland geti uppfyllt öll meginatriði sáttmála UNESCO um niðurfellingu aðflutningsgjalda af tækjum og búnaði til vísinda-, mennta- og menningarmála, svokallaðs Flórens-sáttmála. Þingsályktunartillaga hefur verið lögð fram af sömu flutningsmönnum um aðild Íslands að sáttmála þessum og er vísað til ítarlegrar greinargerðar með henni um efnisatriði sáttmálans.

Fyrir Alþingi liggur tillaga ríkisstjórnarinnar til þingsályktunar um stefnumótun í málefnum vísinda og rannsókna, þar sem stefnt er að því að efla þá starfsemi í þjóðarbúskapnum og hvetja til aukinna rannsókna á vegum einkaaðila sem og opinberra stofnana. Nýlega birti fjármálaráðuneytið auglýsingu (nr. 219 23. apríl 1982) sem felur í sér að ýmis rannsóknatæki, sem keypt eru af fyrirtækjum í samkeppnisgreinum iðnaðar, njóti sömu undanþágu frá aðflutningsgjöldum og vélar og aðföng til sömu greina, skv. 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Með þessu frumvarpi er stefnt að því, að allar vísinda- og menntastofnanir, sem rannsóknir stunda, fái að njóta sömu aðstöðu og að um framkvæmd þessa heimildarákvæðis verði farið með hliðstæðum hætti og um fyrirtæki sé að ræða. Við ákvörðun um veitingu undanþágu til einstakra stofnana, sem vafi leikur á að stundi rannsóknir, er eðlilegt að leitað sé umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins sem reglubundið geri könnun á því, hverjir stundi rannsóknir og þróunarstarfsemi, og birti heildarskýrslu um þá aðila annað hvert ár. Verður því ekki séð að vandkvæðum sé bundið að framkvæma þetta ákvæði.

Í núverandi 39. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum. Þá eru í 40. tl. 3. gr. laganna ákvæði um að veita megi Norrænu eldfjallastöðinni undanþágu frá aðflutningsgjöldum.

Íslenskar vísindastofnanir kaupa tæki sín og búnað annaðhvort fyrir framlög á fjárlögum eða fyrir eigið aflafé. Að svo miklu leyti sem fé er veitt á fjárlögum til tækjakaupa sýnist engin ástæða til að láta það fé renna að verulegu leyti aftur til ríkissjóðs í gegnum aðflutningsgjöld, — þeim mun síður sem fjárveitingar til tækjakaupa mæta oft afgangi við afgreiðslu fjárlaga. Að svo miklu leyti sem tækin eru keypt af eigin aflafé stofnananna er enn síður ástæða til að skerða ráðstöfunarfé þeirra með greiðslu aðflutningsgjalda. Fremur er þörf á að hvetja stofnanirnar til að auka þátt eigin tekna með því að selja þjónustu og leita þátttöku atvinnufyrirtækja í rannsóknaverkefnum.

Í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins, sem fylgir þingsályktunartillögu um stefnumótun í rannsóknum og þróunarstarfsemi, er lögð mikil áhersla á þetta atriði. Telja flutningsmenn að frumvarp þetta sé í samræmi við þá stefnumótun sem felst í langtímaáætlun Rannsóknaráðs.

Sþ. 478. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um staðfestingu Flórens-sáttmála.

Flm.: Friðrik Sophusson, Stefán Jónsson, Stefán Valgeirsson, Karl Steinar Guðnason, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af varningi til mennta-, vísinda- og menningarmála, svonefndum Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. Jafnframt þessu verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá.

Greinargerð.

Inngangur.

Árið 1950 var á aðalfundi UNESCO (General Conference), sem haldinn var í Flórens á Ítalíu, samþykktur sáttmáli um niðurfellingu gjalda af efni til mennta-, vísinda- og menningarmála og ákveðið að leggja samninginn fyrir aðildarríkin til staðfestingar. Samningur þessi miðar að því að efla mennta-, vísinda- og menningarmálastarfsemi landanna og greiða fyrir streymi hvers kyns efnis, tækjabúnaðar og tækja milli aðildarríkja í þeim tilgangi að stuðla að menningarlegum og efnahagslegum framförum í aðildarríkjunum.

Sáttmáli þessi, sem nefndur hefur verið Flórens-sáttmáli, kveður á um niðurfellingu aðflutningsgjalda af eftirfarandi efni og búnaði, sem skilgreint er nánar í viðaukum samningsins (Annexes A-E).

Annex A	Bækur, tímarit og skýrslur (hvers kyns sérútgáfur).
Annex B	Listaverk, safngripir með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi.
Annex C	Sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni með menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi.
Annex D	Vísindatæki og búnaður.
Annex E	Vörur til afnota fyrir blinda.

Á aðalfundi UNESCO í Nairobi í nóvember 1976 var svo samþykkt **viðaukabókun** við Flórens-sáttmálann, þar sem gildi hans var víkkað út allverulega og bætt við eftirfarandi flokkum:

Annex C1	Hvers kyns lesmál og sýningarefni, svo og hljóðritað efni.
Annex F	Íþróttatæki.
Annex G	Hljóðfæri og annar búnaður til tónlistariðkana.
Annex H	Efni og vélar til bókagerðar og útgáfu blaða, tímarita og skýrslna.

Fram að þessu hafa rúmlega 70 ríki (sjá meðf. lista) staðfest sáttmála þennan og gerst aðilar að honum. Öll hafa þau staðfest Flórens-sáttmálann frá 1950, en hins vegar hefur aðeins hluti ríkjanna staðfest **viðaukabókunina,** sem m. a. innifelur margvíslegar vörur til afþreyingar og tómstundaiðkana og eru víða tollaðar bæði af tekjuástæðum og verndarástæðum í einstökum ríkjum.

Afstaða Íslands.

Ísland er eitt af fáum ríkjum í flokki svokallaðra þróaðra ríkja, sem ekki hefur gerst aðili að sáttmála þessum. Ísland hefur þó í reynd framfylgt öllum ákvæðum Flórens-sáttmálans frá 1950 að undanteknu ákvæðinu um aðflutningsgjöld af vísindatækjum (Annex D). Menntamálaráðuneytið mun ítrekað hafa óskað eftir því við fjármálaráðuneytið, að gerðar yrðu þær breytingar á tollskrá sem gerðu kleift að uppfylla ákvæði samningsins og staðfesta hann, en fjármálaráðuneytið hefur hingað til færst undan því.

Ekki er með góðu móti hægt að sjá hvaða rök mæla á móti því, að Ísland gerist fullgildur aðili að þessum sáttmála. Því miður mun hafa verið borið við, að erfitt væri að gera greinarmun á tækjum og búnaði til rannsókna og hliðstæðum tækjum til annarra nota og því veruleg hætta á misnotkun. Á það var bent að gera mætti tæmandi lista yfir þær stofnanir, sem vísindarannsóknir stunda, og tollflokka, sem sáttmálinn næði til, og koma þannig í veg fyrir misnotkun. Var þá talið að eitt yrði yfir alla að ganga og fyrirtæki og einkaaðilar ættu að njóta þessarar undanþágu frá aðflutningsgjöldum ekki síður en opinberar stofnanir. Á þessum forsendum hefur fjármálaráðuneytið ekki viljað fallast á að Ísland staðfesti samninginn.

Nú hefur fjármálaráðuneytið hins vegar auglýst að ýmis tæki til rannsókna, gæðaeftirlits og vöruþróunar, sem að öðru jöfnu falla undir Annex D í Flórens-sáttmála og flutt eru inn af fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum, fái niður felld aðflutningsgjöld eins og um tæki og framleiðslubúnað væri að ræða í samræmi við 12. tl. 3. gr. í tollskrárlögum. Þar sem flest stærri innlend fyrirtæki í framleiðslugreinum falla nú orðið undir þessa skilgreiningu eru það nánast eingöngu opinberar stofnanir sem ekki njóta þessara skilyrða, og er þar með brostin sú röksemd, að ekki skuli mismunað í þessu efni. Jafnframt virðist nú talið gerlegt að taka afstöðu til þess, hvaða tæki eru flutt inn til rannsókna.

Ákvæði sáttmálans um vísindatæki og búnað (Annex D) er eftirfarandi:

Annex D Vísindatæki og búnaður.

Vísindaleg tæki og búnaður ætluð eingöngu til kennslu eða hreinna vísindastarfa, að því tilskildu:

a) að þau séu ætluð vísinda- eða menntastofnun í opinberri eign eða einkaeign, sem fengið hefur heimild þar til bærra yfirvalda í innflutningslandinu til að flytja inn slíkt tæki og búnað án aðflutningsgjalda, og eiga að notast án viðskiptalegs tilgangs undir eftirliti og ábyrgð þessara stofnana;
b) að tæki og búnaður með sama vísindalegt gildi séu ekki framleidd í innflutningslandinu.

Í **viðaukabókun** við samninginn frá 1976 er skilgreiningin einnig látin ná til varahluta, aukabúnaðar og verkfæra til viðhalds og stillingar á vísindatækjum og jafnframt afnumin sú takmörkun, að tækin skuli eingöngu ætluð til kennslu eða vísindastarfa. Þá eru í viðaukanum vörur sem nú eru allmikið tollaðar og eru söluvara á almennum markaði, eins og íþróttatæki og hljóðfæri. Í tillögu þessari er ekki gert ráð fyrir að Ísland staðfesti **viðaukabókunina** að svo stöddu.

Mikilvægir hagsmunir fyrir rannsóknir.

Augljóst er að hér er um mjög mikið hagsmunamál fyrir rannsóknastarfsemina í landinu að ræða. Í töflu 1 er skrá yfir þá tollflokka sem ná yfir tæki og búnað sem ætlað má að nær eingöngu séu notuð til vísindaiðkana, rannsókna og skyldrar starfsemi. Í töflunni sést hve mikið var flutt inn af tækjum árið 1981 í hverjum þessara tollflokka og hvaða aðflutningsgjöld mætti reikna ofan á CIF-verðmæti þessa búnaðar. Kemur í ljós að af innflutningi, sem að CIF-verðmæti var 57 030 þús. kr., mátti reikna toll, sem nam 8 087 þús. kr., og vörugjald að upphæð 18 053 þús. kr. Heildarupphæð aðflutningsgjalda án jöfnunargjalds nam því 26 140 þús. kr., eða 46% ofan á CIF-verðmætið. Í mörgum tilvikum er þó þetta hlutfall miklu hærra.

Í töflu 2 er listi yfir tollflokka sem jöfnum höndum ná yfir tæki sem notuð eru til vísindastarfsemi og annarra hluta. Fer þá eftir innflytjandanum (kaupandanum) hvort fella bæri niður aðflutningsgjöld eftir Flórens-sáttmálanum. Í töflunni eru tölur um innflutninginn 1981 svo og reiknaðan toll og vörugjöld af honum. Heildarupphæð aðflutningsgjalda er 30% ofan á CIF-verðmæti. Ekki er þó hægt að segja um hve mikill hluti þessara tækja hefur í reynd farið til vísindaiðkana.

Af ofangreindum tölum er ljóst að aðflutningsgjöld af vísindatækjum eru umtalsverð fjárhagsleg byrði fyrir íslenska rannsóknastarfsemi og veruleg hindrun á framförum á því sviði. Íslenskar rannsóknastofnanir fjármagna tækjakaup sín annars vegar af fjárveitingum til tækjakaupa og hins vegar af eigin aflafé sem þær fá fyrir greidda þjónustu og rannsóknaverkefni sem greidd eru af utanaðkomandi aðilum, þ. á m. atvinnufyrirtækjum. Í báðum tilfellum verður að telja álagningu aðflutningsgjalda óskynsamlega ráðstöfun, ekki síst eftir að slík aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af flestum atvinnufyrirtækjum í landinu. Fjárveitingar á fjárlögum til tækjakaupa eru venjulega af skornum skammti og eru því miður oft látnar mæta afgangi við afgreiðslu fjárlaga. Mörg dæmi eru til þess, að þegar umsóknir um fjárveitingar til tækjakaupa hafa verið skornar niður nægi fjárveiting ekki nema til greiðslu aðflutningsgjaldanna af hinum fyrirhuguðu tækjakaupum. Þá þykir sárt að sjá verulegan hluta naumra fjárveitinga renna aftur til ríkissjóðs. Þegar um ráðstöfun á eigin tekjum stofnana til tækjakaupa er að ræða sýnist jafnórökrétt að ríkissjóður skuli taka hluta af þeim tekjum í opinber gjöld, ekki síst þegar nú liggur fyrir sú stefnumótun að hvetja þær stofnanir, sem tök hafa á, að leita eigin tekna utan fjárlaga, m. a. frá atvinnuvegunum.

Svo sem fram hefur komið leggja Íslendingar minna fé til rannsókna en flestar aðrar þjóðir á sama þróunarstigi. Er það síst til að bæta ástandið, ef fjármagn til tækjakaupa er skert um allt að helming með aðflutningsgjöldum.

Nýlega hefur menntamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lagt fram tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í rannsóknum og þróunarstarfsemi í landinu, þar sem stefnt er að því að efla þessa starfsemi á öllum sviðum til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og þjóðfélagið og bæta skilyrði fyrir rannsóknastarfsemi, bæði á vegum atvinnufyrirtækja, einkaaðila og opinberra stofnana. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að niðurfelling aðflutningsgjalda af tækjum og búnaði til vísindarannsókna sé afar mikilvægt skref í þessu efni.

Samhliða þessari þingsályktunartillögu er flutt í Ed. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., en því frv. er ætlað að breyta lögunum til samræmis við fyrirhugaða aðild að Flórens-sáttmálanum.

Skrá um ríki sem staðfest hafa sáttmála um afnám aðflutningsgjalda af vörum til mennta-, vísinda- og menningarmála.

(Flórens-sáttmáli frá 1950.)

Afganistan
Austurríki
Bandaríkin
Barbados-eyjar
Belgía
Bólivía
Danmörk
Efri-Volta
Egyptaland
El Salvador
Filipseyjar
Fílabeinsströndin
Fiji-eyjar
Finnland
Frakkland
Gabon
Ghana
Grikkland
Guatemala
Haíti
Holland
Írak
Íran
Írland
Ísrael
Ítalía
Japan
Jórdanía
Júgóslavía
Kamerún
Kampútsea
Kenýa
Kongó
Kúpa
Kýpur
Laos alþýðulýðveldið
Líbýa
Luxemborg
Madagaskar
Malaví
Malaysía
Malta
Marokkó
Máritanía
Mónakó
Níger
Nígería
Níkaragúa
Noregur
Nýja-Sjáland.
Pakistan
Pólland
Rúanda
Rúmenía
Singapor
Síerra León
Sólómonseyjar
Spánn
Sri Lanka
Stóra-Bretland
Sviss
Svíþjóð
Sýrland
Taíland
Tanzanía
Trinidad og Tóbagó
Túnis
Ungverjaland
Úganda
Vatíkanið
Vestur-Þýskaland
Víetnam
Zaíre
Zambía

Tafla 1: Tæki sem nær eingöngu eru notuð til rannsókna — innflutningur 1981.

Tollsk.nr.	Flórens-sáttm.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.)
90.06.00	Fl.	Stjörnufræðileg tæki og áhöld	35	23	8.05	32	9.94	17.99
90.07.11		Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðil. ranns.	15	22	3.3	—	—	3.3
• 90.07.12		Ljósmyndavélar, ót. a., 3 kg og þyngri	0	1 137	—	—	—	—
90.07.13		Ljósmyndavélar fyrir 60 mm filmur og stærri	20	1 080	216.0	—	—	216.0
90.07.21		Leifturljósatæki fyrir 300 ⅄ wattsekúndur og fleiri	15	45	6.75	—	—	6.75
90.07.29		Önnur	35	949	332.15	40	512.46	844.61
90.07.31		Hlutar og fylgitæki til myndavéla og tækja í nr. 90.07.11, 90.07.13, 90.07.21	15	72	10.80	—	—	10.80
• 90.07.32		Til myndavéla í nr. 90.07.12	0	44	—	—	—	—
90.11.00	Fl.	Rafeinda- og prótonsmásjár, rafeinda- og prótondiffraktógrafar	35	47	16.45	32	20.30	36.75
90.12.00	Fl.	Optískar smásjár	35	837	292.95	32	361.58	654.53
90.14.20	Fl.	Annað í nr. 90.14 (tæki til landmæl., veðurfr. o. þ. h.)	35	1 118	391.30	32	482.98	874.28
90.15.00	Fl.	Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg eða minna, einnig með lóðum er þeim heyra til	7	301	21.07	—	—	21.07
90.16.10	Fl.	Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (áhöld, tæki og vélar)	7	3 602	252.14	32	1 233.32	1 485.46
90.16.20	Fl.	— Hlutar og fylgitæki	7	237	16.59	32	81.15	97.74
90.20.00	Fl.	Röntgentæki o. þ. h. með tilheyrandi búnaði	15	6 558	983.70	32	2 413.34	3 397.04
90.22.00	Fl.	Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika o. þ. h.	7	610	42.70	—	—	42.70
90.23.02	Fl.	Aðrir hitamælar	35	1 882	658.70	32	813.02	1 471.72
90.23.03	Fl.	Loftþyngdarmælar	35	142	49.70	32	61.34	111.04
90.23.04	Fl.	Háhitamælar, flotvogir og rakamælar	7	270	18.90	—	—	18.90

Tollsk.nr.	Flórens-sáttm.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.)
90.23.09	Fl.	Annað	35	181	63.35	32	78.19	141.54
• 90.24.01	Fl.	Hitastillar (termóstatar)	35	3 275	1 146.25	32	1 414.8	2 561.05
• 90.24.09	Fl.	Annað	7	2 914	203.98	32	997.7	1 201.68
• 90.25.00	Fl.	Tæki og áhöld til fysískrar og kemískrar greiningar o. þ. h.	7	1 911	133.77	32	654.3	780.07
90.26.01	Fl.	Notkunarmælar fyrir rafmagn	35	1 820	637.00	32	786.2	1 423.2
90.26.02	Fl.	Mælar til prófunar á tækjum er falla í nr. 90.26	7	1	0.07	32	0.3	0.37
• 90.26.09	Fl.	Aðrir	35	1 636	572.60	32	706.7	1 279.30
• 90.27.01	Fl.	Snúnings- og framleiðsluteljarar, snúningshraðamælar, segulmagnsmælar, snúðsjár	7	600	42.00	—	—	42.0
90.27.09	Fl.	Annað	25	187	46.75	32	14.96	61.71
• 90.28.10	Fl.	Rafeindatæki til sjálfvirkra stillinga	7	1 946	136.22	32	666.3	802.52
90.28.20	Fl.	Rafeindatæki og áhöld til að mæla eða greina jónageislun	7	330	23.10	32	112.99	136.09
• 90.28.39	Fl.	Önnur	7	9 211	644.77	32	3 153.85	3 798.62
• 90.28.40	Fl.	Sjálfvirk stillitæki, þó ekki rafeindatæki	7	567	39.69	32	194.14	233.83
• 90.28.50	Fl.	Önnur tæki og áhöld, þó ekki rafeindatæki og áhöld	7	2 392	167.44	32	819.02	986.46
90.29.01	Fl.	Til tækja og áhalda sem teljast til nr. 90.28.31	4	3 964	158.56	—	—	158.56
• 90.29.09	Fl.	Annað	7	6 011	420.77	32	2 058.17	2 478.94
70.17.01		Glervara	0	167	—	—	—	—
70.17.09		Annað	35	941	329.35	32	406.51	735.86
				57 030	8 086.92		18 053.84	26 140.48

* Tollundanþága fyrir samkeppnisiðnað skv. 3. gr., 12. tl. tollskrárlaga.

Tafla 2: Tæki sem ýmist eru notuð til rannsókna eða annarra nota.

Tollskr.nr.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.
• 40.14.05	Vörur úr toggúmmíi til tækninota	0	2 663	—	—	—	—
70.03.00	Gler í kúlum, stönglum og pípum	0	91	—	—	—	—
82.09.02	Hnífablöð úr ódýrum málmi	0	140	—	32	44.8	44.8
82.09.09	Aðrir hnífar úr ódýrum málmi	80	1 436	1 148.80	—	—	1 148.8
83.07.03	Lampar, sérstaklega gerðir til notkunar við uppskurði	35	101	35.35	—	—	35.35
83.14.00	Merki (fiska- og fuglamerki)	17	380	64.60	—	—	64.60
• 84.11.12	Loftþjöppur	0	4 349	—	—	—	—
84.35.53	Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar o. þ. h.	7	23 897	1 672.79	—	—	1 672.79
• 84.57.00	Vélar til vinnslu á gleri o. fl.	0	2	—	—	—	—
• 85.11.10	Rafbræðslu- og hitunarofnar og tæki til hitunar efna o. þ. h.	0	6 651	—	—	—	—
• 85.11.20	Rafmagns- eða lasergeisla-suðu-, lóðningar- og skurðar-vélar og -tæki og hlutar til þeirra	0	6 839	—	—	—	—
85.15.25	Svarthvít sjónvarpstæki, einnig með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljómflutningstækjum	75	331	248.25	32	185.36	433.61
85.15.40	Önnur útvarpstæki	75	7 275	5 456.25	32	4 074.00	9 530.25
85.15.60	Sjónvarpsmyndavélar	35	1 422	497.70	—	—	497.70
85.15.79	Önnur	35	60	21.00	—	—	21.00
85.20.20	Úrhleðslulampar, þó ekki þeir sem senda útfjólublá geisla	40	3 653	1 461.20	32	1 636.54	3 097.74
• 85.20.40	Lampar, sem senda innrauða eða útfjólubláa geisla, og bogalampar	40	131	52.4	32	58.69	111.09
• 85.20.50	Hlutar	40	3	1.2	32	1.34	2.54
85.21.10	Sjárör	35	174	60.90	32	75.17	136.07
85.21.20	Aðrir rafeindalampar og -lokar	35	1 095	383.25	32	473.04	856.29
• 85.21.31	Ljóshemlar	0	211	—	—	—	—

Tollskr.nr.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar-gjalds o. fl.
*85.21.32	Samsettir transitorar og díóður	0	1 492	—	—	—	—
*85.21.39	Annað	35	447	156.45	32	193.10	349.55
*85.21.40	Rafeindadvergrásir	0	1 645	—	—	—	—
*85.21.50	Uppsettir þrýstirafmagnskristallar	0	323	—	—	—	—
85.21.60	Hlutar	35	44	15.40	32	19.01	34.41
85.22.10	Flýtar fyrir rafeindir og hlutar til þeirra	0	8	—	—	—	—
85.22.20	Annað	35	1 669	584.15	32	721.01	1 305.16
90.01.09	Annað	35	177	61.95	32	76.46	138.41
90.02.09	Annað	50	1 254	627.00	—	—	627.00
90.05.00	Sjónaukar með eða án prisma fyrir annað augað eða bæði	35	795	278.25	32	343.44	621.69
			68 758	12 826.89		7 901.97	20 728.86

* Tollundanþága fyrir samkeppnisiðnað skv. 3. gr. 12. tl. tollskrárlaga

Nd. 479. Breytingartillaga [22. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

Við 1. gr. Í stað „¼%“ komi: ½%.

Nd. 480. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og rætt við forstöðumann jarðeignadeildar ríkisins, sem veitti nefndinni upplýsingar svo sem óskað var eftir. Fyrir liggur að hreppsnefnd Holtahrepps mælir með því, að heimild verði gefin til að selja ábúanda jörðina.

Landbúnaðarnefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 4. mars 1983.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson.
Pétur Sigurðsson.	Eggert Haukdal.	Stefán Valgeirsson.
	Skúli Alexandersson.	

Sþ. 481. Nefndarálit [140. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með tillögunni með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, með hverjum hætti hagkvæmast muni að bæta hafnaraðstöðuna í Þorlákshöfn. Sú könnun beinist einkum að:

1) möguleikum á stækkun hafnarinnar, bæði til að auka og bæta aðstöðu fiskiskipa og til að geta tekið inn stærri skip,
2) möguleikum á að hindra sandburð inn í höfnina og fyrir innsiglingu til hafnarinnar,
3) norðurgarði hafnarinnar sem hefur þegar skemmst og liggur undir frekari skemmdum.

Vita- og hafnamálastofnun skal hraða þessari rannsókn eins og kostur er og skila kostnaðaráætlun í tæka tíð fyrir afgreiðslu næstu fjárlaga.

Alþingi, 3. mars 1983.

Eggert Haukdal, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Friðrik Sophusson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Halldór Ásgrímsson.
	Sverrir Hermannsson.	

Sþ. 482. Nefndarálit [124. mál]

um till. til þál. um eflingu rannsókna á laxastofninum.

Frá atvinnumálanefnd.

Atvinnumálanefnd fjallaði um tillögu til þingsályktunar um eflingu rannsókna á laxastofninum, 124. mál Sþ., á fundi sínum 3. mars 1983. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 4. mars 1983.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.
Sverrir Hermannsson.	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 483. Frumvarp til laga [158. mál]

um bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. mars.)

Samhljóða þskj. 241 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gildi til ársloka 1987.

Ed. 484. Frumvarp til laga [214. mál]

um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. mars.)

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að og fjalla um mengun frá skipum.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 485. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Til þess að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls var það samkomulag gert, að stjórnarskrárnefndir beggja deilda störfuðu saman að afgreiðslu málsins. Hagstofustjóri mætti á fund nefndarinnar varðandi ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin ræddi efni frumvarpsins ítarlega og varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu á 2. gr., sem prentuð er á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að vera bornar.

Alþingi, 4. mars 1983.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Magnús H. Magnússon.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Páll Pétursson.	Ragnar Arnalds.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Nd. 486. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá stjórnarskrárnefnd.

2. gr. orðist svo:

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi þegar kosning fer fram er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

Nd. 487. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974 um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannig:
Grunnskóli er níu ára skóli.

2. gr.

Í 4. gr. falli brott orðin: fyrir 7—10 ára börn.

3. gr.

Í 10 gr. falli brott orðin:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra og ákveða þau fjölda fulltrúa í fræðsluráði samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Í Reykjavík kýs borgarstjórn fræðsluráð.

Í reglugerð skal kveðið á um fundi fræðsluráðs, um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og fulltrúa samtaka sveitarfélaga. Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Í reglugerð skal kveðið á um fundi fræðsluráðs með skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

5. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

1. Það er fulltrúi sveitarfélaga um framkvæmd skólahalds í fræðsluumdæminu.

Brott fellur 5. töluliður og númeraröð annarra tölulíða breytist í samræmi við það.

6. gr.

4. tölul. 14. gr. orðist þannig:

4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri skólastarfs, hvort tveggja í samráði við menntamálaráðuneytið. Hann kynnir sér einnig starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.

Við bætist 9. liður svohljóðandi:

9. Hann skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.

7. gr.

15. gr. orðist þannig:

Samtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu og ræður hann starfsfólk skrifstofunnar að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er fræðsluráði að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara og skólaráð undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Almennur kennarafundur getur í upphafi hvers skólaárs kosið þriggja manna kennararáð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennara eða kennararáð á um meðferð tiltekins máls og skal þá vísa málinu til skólanefndar. Ef samkomulag tekst ekki, má vísa málinu til fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða, skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

9. gr.

21. gr. orðist svo:

Skylt er starfsmönnum skóla að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m. a. með því að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra í skólahverfinu og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Nú óska foreldrar sem börn eiga í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur eftir að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð sem vinni m. a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og sé skólanum til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda.

Nemendaráð hvers skóla setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

Setja skal leiðbeinandi reglur um hlutverk og starfsskipan foreldrafélags og nemendaráðs.

10. gr.

22. gr. verði þannig.

Við hvern grunnskóla er heimilt að stofna skólaráð sem sé ráðgefandi um stjórn skólans, starfshætti hans og þróun. Skólaráð fjalli m. a. um skólareglur, skólatíma og stundaskrár, félagslíf skólans, námsmat, nýtingu húsnæðis og hvað eina er varðar daglegan rekstur skólans.

Fulltrúar í skólaráð skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn.

Skólaráð skipa: skólastjóri eða staðgengill hans, tveir fulltrúar kennara, tveir nemendur, tveir af hálfu foreldra, einn fulltrúi úr hópi starfsmanna skólans annarra en kennara og einn fulltrúi skólanefndar. Skólaráð kýs sér formann, ritara og varaformann. Það skal halda gerðabók. Fundir skulu haldnir eigi sjaldnar en þrisvar á hverju skólaári og oftar ef þurfa þykir. Skylt er fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs er ráðið óskar þess. Menntamálaráðuneytið setur skólaráði erindisbréf.

11. gr.

Á eftir 1. mgr. 26. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Tillöguuppdrættir að gerð skólamannvirkja skulu kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi.

12. gr.

27. gr. orðist þannig:

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982 um listskreytingasjóð ríkisins.

13. gr.

28. gr. orðist svo:

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra og skólastjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr.

Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð hvaða búnaður og kennslutæki skulu vera í skólum miðað við stærð og hlutverk.

14. gr.

Upphaf 1. mgr. 29. gr. orðist þannig:

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar með taldir skólastjóra- og kennarabústaðir . . .

Upphaf 3. mgr. verði: Sveitarstjórn getur . . .

15. gr.

31. gr. orðist þannig:

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Menntamálaráðuneytið skipar eða setur yfirkennara við skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, skólastjóra og fræðslustjóra, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Um þóknun fyrir slík störf fer eftir kjarasamningum. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

16. gr.

Aftan við 2. mgr. 32. gr. bætist: þessara laga og lög nr. 51/1978.

3. mgr. fellur brott.

17. gr.

34. gr. orðist svo:

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla. Ennfremur ræður skólastjóri með samþykki sveitarstjórnar eða skólanefndar í hennar umboði starfsfólk til að annast vörslu í heimavist og umsjón með félagsstörfum nemenda, svo og starfsfólk mötuneytis. Sveitarstjórn ræður með samþykki skólastjóra, skólaritara, húsvörð, skólabílstjóra og annað starfsfólk er hún telur þörf á.

18. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist þannig:

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

19. gr.

41. gr. orðist svo:

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 9 mánuðir á hverju skólaári er hefst 1. september og lýkur 31. maí.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur menntamálaráðuneytið að fengnum meðmælum fræðslustjóra veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla, getur menntamálaráðuneytið heimilað það, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð.

20. gr.

J- og k-liðir 42. gr. falla brott svo og 1. mgr. þar á eftir.

Þess í stað kemur svofelld málsgrein:

Þátttöku í atvinnulífinu skal skipuleggja sem hluta náms í grunnskóla, svo og vettvangsferðir.

Veita skal nemendum námsráðgjöf, starfsfræðslu, kynlífsfræðslu, umferðarfræðslu, fræðslu um jafnréttismál, fjölmiðlun, ávana- og fíkniefni og ýmsar valgreinar í grunnskóla.

Í stað næstsíðustu mgr. kemur:

Ráðuneytið gefur út leiðbeiningar um kennslu nemenda með sérþarfir, sbr. 50. og 51. gr.

21. gr.

Í lok 1. mgr. 43. gr. falla niður orðin: eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.

Í lok 3. mgr. falla niður orðin: og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

22. gr.

Á eftir 2. mgr. 44. gr. (um vikulegan kennslutíma) kemur:

Þar sem forskóladeildir starfa við grunnskóla skal vikulegur kennslutími vera sem næst 600—800 mínútur á viku.

23. gr.

45. gr. orðist svo:

Í grunnskóla skal jólaleyfi veitt í því sem næst tvær vikur, samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudags eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.

24. gr.

1. mgr. 46. gr. orðist svo:

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla verði sem næst 24, þó aldrei hærra en 28. Nemendafjöldi í einstökum bekkjardeildum fari ekki yfir 30.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 42. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa, þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tillhögun eigi námsefni það, sem kenna ber.

25. gr.

Í 1. mgr. 47. gr., innan sviga, komi: (1.—7. bekkjar).

26. gr.

48. gr. orðist svo:

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í aldursflokki ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

27. gr.

Í 51. gr. a-, c- og d-lið bætist orðið: kennara, aftan við orðin: börn, sem að dómi . . .

28. gr.

Í stað fyrri mgr. 57. gr. komi:

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr., og skulu nemendur stöðugt fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu a. m. k. gefa vitnisburð í lok hvers námsáfanga.

29. gr.

58. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið leggur skólunum til samræmd próf eða könnunarpróf. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins.

Kveða skal nánar á um fyrirkomulag prófanna í reglugerð.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

30. gr.

59. gr. orðist svo:

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið því.

Jafnframt skal nemandinn fá vitnisburðarblað þar sem skráðar eru valgreinar hans, úrslit samræmdra prófa og vitnisburður skólans í öllum námsgreinum.

31. gr.

60. gr. hljóði svo:

Í reglugerð skal kveða á um fjölda þeirra daga sem heimilt er að verja til námsmats skv. 57. og 58. gr.

32. gr.

62. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, námsmat, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Námsgagnastofnun að útgáfu nýrra námsgagna í þeim námsgreinum, sem ráðuneytið hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við stofnanir, sem veita kennaramenntun.

33. gr.

66. gr. orðist svo:

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skal starfa í hverju fræðsluumdæmi landsins sem sérstök deild í fræðsluskrifstofu.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkv. lögum þessum.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta starfar fyrir grunnskóla.

Heimilt er ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu að miða störf sín einnig við nemendur sem eru yngri eða eldri en sem nemur skólaskyldualdri, eftir því sem ástæða þykir til vegna varnaðarstarfs eða eftirverndar.

Heimilt er að tryggja þjónustu ráðgefandi læknis og annarra sérfræðinga.

Ákveða skal í reglugerð hver skuli vera lágmarksþjónusta á sviði ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

34. gr.

67. gr. orðist þannig:

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta grunnskóla skal styðja einstaka skóla í viðleitni þeirra til að bæta starfshætti sína og auka varnaðarstarf. Hún skal vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi og vinna að því að sálfræðileg og uppeldisfræðileg þekking nýtist skólunum á sem flestum sviðum.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skal veita foreldrum og kennurum ráðgjöf og fræðslu varðandi uppeldi, nám og kennslu en jafnframt vera nemendum til ráðgjafar og aðstoðar. Hún annast athuganir á nemendum sem eiga í erfiðleikum eða nýtast ekki hæfileikar til náms, starfs eða þroska, tekur til meðferðar nemendur sem sýna merki geðrænna erfiðleika og leiðbeinir um meðferð þeirra eða vísar á viðeigandi meðferðarúrræði.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan skal sem mest samþætt starfi grunnskóla og skal skipuleggja starfið í samvinnu við skólastjórn, kennara og annað starfslið skólans.

35. gr.

68. gr. orðist svo:

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólastjóra.

Fulltrúi ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar á rétt á að sitja fundi fræðsluráðs og skólanefndar þegar fjallað er um starfsemi ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum og kennurum.

36. gr.

69. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, lætur í té faglegar leiðbeiningar og annast sérfræðilega umsjón með starfseminni. Ráðuneytið hefur forgöngu um rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu og skólamál. Skal þar lögð meginhersla á að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu til umbóta og framþróunar í almennu skólastarfi.

37. gr.

70. gr. orðist svo:

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu vera sálfræðingar, uppeldisfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar. Sálfræðingar og félagsráðgjafar skulu hafa öðlast löggildingu, sbr. lög nr. 40/1976 um sálfræðinga og lög nr. 41/1975 um félagsráðgjöf. Um menntun og starfsreynslu uppeldisfræðinga, sérkennara svo og annarra kennslufræðilega sérmenntaðra starfsmanna er starfa kunna sem ráðgjafar, sbr. 66. gr., skal ákveða nánar í reglugerð. Menntamálaráðuneytið setur eða skipar forstöðumann sálfræðideildar að fengnum tillögum fræðslustjóra og aðra sérmenntaða starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu að fengnum tillögum forstöðumanns og fræðslustjóra.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um verksvið og framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og gefur út erindisbréf handa starfsmönnum.

38. gr.

71. gr. orðist svo:

Við grunnskóla er heimilt að ráða skólaráðgjafa er hafi umsjón með námsráðgjöf og starfsfræðslu í samvinnu við kennara. Starf þetta skal einkum miða við efstu bekki grunnskólans. Ákveðið skal með reglugerð um starfssvið skólaráðgjafa, kröfur um menntun þeirra er starfinu gegna og framkvæmd námsráðgjafar og starfsfræðslu.

39. gr.

Fyrirsögn X. kafla verði:

Skólasöfn.

72. gr. orðist svo:

Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Ennfremur er heimilt að setja á stofn kennslu- og skólasafnamiðstöðvar í fræðsluumdæmum í samvinnu við Námsgagnastofnun þar sem slíkt þykir henta að mati menntamálaráðuneytisins.

Að skólasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, ennfremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólasafnverði.

Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

40. gr.

Í stað 56/1973 í lok 2. mgr. 73. gr. komi: 57/1978.

41. gr.

88. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 1 árs frá gildistöku. Ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda á landinu öllu haustið 1984 hafi Alþingi ekki ákveðið annað.

Jafnframt falla úr gildi önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Í grunnskólalögum, 88. gr., segir að stefnt skuli að því að níunda ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna, þ. e. árið 1980. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur tvisvar verið frestað með sérstakri lagabreytingu (lög nr. 41/1980 og lög nr. 39/1981). Frestun var ákveðin vegna þess að talið var eðlilegt að endanleg ákvörðun um lengd skólaskyldu héldist í hendur við afgreiðslu frumvarps til laga um framhaldsskóla. Frumvarp til laga um framhaldsskóla hefur fimm sinnum verið lagt fyrir Alþingi, þ. e. á 98. löggjafarþingi (1976/77), 99. (1977/78), 100. (1978/79), 101 (1979/80) og 104. (1981/82), en eigi orðið útrætt.

Í frumvarpinu er lagt til að skólaskyldan verði 9 ár eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Ýmis atriði hafa verið rædd í sambandi við endurskoðun laganna svo sem hvort taka ætti upp fræðsluskyldu fyrir 6 ára börn, þ. e. að fræðsla fyrir þau stæði til boða, án þess að skylt væri að hagnýta sér hana. Hinn 20. nóvember 1979 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að kanna og gera tillögur um forskólakennslu. Nefndin skilaði áliti í desember 1981 og leggur til að fræðsluskyldu verði komið á fyrir 6 ára börn, en kennslu 5 ára barna verði hætt í skóla, en gert ráð fyrir að þau eigi aðgang að dagvistarstofnunum þar sem um þær er að ræða. Ráðuneytið telur margt mæla með fræðsluskyldu fyrir 6 ára börn, en það kostar nokkra fjármuni t. d. í auknu kennaraliði og húsakosti. Hefur ráðuneytið ekki tekið ákvæði um þetta efni í frumvarpið og ekki var gerð tillaga um slíkt af hálfu endurskoðunarnefndar laganna, en hinsvegar eru sett í frv. ákvæði um aukið kennslumagn fyrir 6 ára börn að því marki sem endurskoðunarnefndin leggur til.

Þá var einnig rætt um lenging skólaskyldu úr 8 í 9 ár. Um þetta atriði eru skiptar skoðanir.

Árlegur starfstími grunnskóla er nú yfirleitt 7—9 mánuðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sem meginreglu að skólarnir starfi í 9 mánuði og í gildandi kjarasamningum eru laun grunnskólakennara miðuð við 9 mánaða starf, einnig við þá skóla sem starfa í 8 mánuði. Nánar er rætt um þetta atriði í skýringum við 19. gr.

Í 10. gr. er heimilað að koma á fót skólaráði, sem skipað sé fulltrúum kennara, nemenda og foreldra. Er þetta gert til þess að mynda frekari umræðu- og samstarfsvettvang þessara aðila.

Í 39. gr. er ákveðið að skólasafnverðir skuli settir eða skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

Varðandi ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu eru gerðar nokkrar breytingar og vísast til umsagnar um 33.—38. gr.

Frumvarp það sem nú er lagt fram um breyting á lögum um grunnskóla er samið í menntamálaráðuneytinu en stuðst við tillögur nefndar sem skipuð var 25. maí 1979 til þess að endurskoða lögin. Í þessari nefnd áttu sæti Jónas Pálsson, formaður, Sveinn Kjartansson, fræðslustjóri og Örlygur Geirsson, deildarstjóri. Ennfremur hefur verulegt tillit verið tekið til ábendinga sem komu fram á 75 manna ráðstefnu sem menntamálaráðuneytið efndi til í Munaðarnesi 29. og 30. október 1981.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Felld er niður setningin „þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla“ en slík skipting í fræðslustig er ekki lengur fyrir hendi.

Um 2. gr.

Heimildin til að stofna útibú aðalskóla er ekki samkvæmt þessu bundin eingöngu við 7—10 ára börn.

Um 3. gr.

Niður fellur sú breyting sem gerð var með lögum nr. 29/1978, þ. e. heimildarákvæði þess efnis að stofna megi sérstök fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þús. íbúum eða fleiri. Breyting þessi er gerð í samræmi við álit nefndar og ráðstefnu í Munaðarnesi.

Um 4. gr.

Landshlutasamtök hafa ekki lagalegan grundvöll og er því talið eðlilegra að sveitarfélögin eða samtök þeirra kjósi fulltrúa í fræðsluráð, þ. m. t. borgarstjórn Reykjavíkur.

Lagt er til að nánari ákvæði um fundi, fundarboðun og starfshætti fræðsluráðs verði ákv. í reglugerð en ekki bundin í lögum eins og nú er.

Um 5. gr.

Að fenginni reynslu og samkvæmt eðli málsins er vafasamt að fræðsluráð geti farið með stjórn fræðslumála í umboði menntamálaráðuneytisins sem engin áhrif hefur á kjör manna til starfa þar og í reynd hafa fræðsluráð eingöngu litið á sig sem fulltrúa heimaaðila.

Núverandi 5. töluliður um leiðsögukennara o. fl. flyst óbreyttur í 14. gr. þar sem hann á betur heima.

Um 6. gr.

Breyting á 4. tölulið er orðalagsbreyting, þ. e. skólastarfs í stað nemenda og menntamálaráðuneytis í stað skólarannsóknadeildar.

Um 7. gr.

„Samtök sveitarfélaga“ komi í stað „landshlutasamtaka“ áður í 1. og 3. mgr. Tillaga er gerð um að fræðslustjóri (var áður fræðsluráð) ráði starfsfólk fræðsluskrifstofunnar með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 8. gr.

Hér er sú breyting gerð að ákvæðinu um kennararáð er breytt í heimildarákvæði. Kennararáð hafa þegar víða sannað gagnsemi sína og fært ákvarðanatöku nær þeim sem vinna á vettvangi. Meðan nýir stjórnarhættir og samstarfsform eru að festa rætur í skólunum er allt eins heppilegt að leggja frumkvæði í þessu efni á herðar starfsmanna sjálfra. Tilkoma skólaráðs, sbr. 10. gr., kann einnig að valda vissum breytingum í stjórnun en ætti í sjálfu sér ekki að draga úr þörf kennara sem starfsmanna að móta starfshætti skóla með öflugu starfi innan kennararáðs.

Um 9. gr.

Hér eru sameinaðar 21. og 22. gr. gildandi laga, er fjalla um foreldrafélög og nemendaráð. Lögð er áhersla á aukin samskipti heimila og skóla, en þau geta orðið með ýmsum hætti. Má þar nefna fræðslu og kynningu á skólamálum almennt, upplýsingar um innra starf skólans og samstarf foreldra, kennara og nemenda.

Í kaflanum um nemendaráð er lögð áhersla á að það fjalli fyrst og fremst um eigin málefni (þ. e. málefni nemenda sjálfra) og höfð í huga þau áhrif sem nemendur geti haft á skólastarfið að öðru leyti með fulltrúum í skólaráði, sbr. 10. gr. frv.

Ekki er talin þörf á að lögbinda foreldrafélög og nemendaráð eða kveða nánar á um starfsemi þeirra sem er að mestu háð þeim áhugaefnum sem efst eru á baugi hverju sinni.

Um 10. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Sú nýbreytni sem komið var á með grunnskólalögum 1974, um stofnun nemendaráða og foreldrafélaga, hefur víða ekki náð þeim tilgangi og árangri sem til var ætlast. Tilgangur með stofnun skólaráðs er sá að auka aðild nemenda og foreldra að stjórn og innra starfi skólans.

Málaflokkar þeir sem skólaráð fengi til umfjöllunar væru til að mynda skólareglur, starfstími skóla, ferðalög nemenda, félagsstörf nemenda, fyrirkomulag námsmats, fyrirkomulag skólalóðar, nýting húss og búnaðar, tilrauna- og rannsóknaverkefni, ráðstöfun starfsdaga nemenda, valgreinar, öryggi á vinnustað, brunavarnir, umferðaröryggi í nágrenni skóla, skipulag skólaaksturs o. fl.

Í umsögnum kom fram það álit að við alla grunnskóla skyldi vera skólanefnd því að óhugsandi væri að ein skólanefnd gæti fylgst með starfi og aðstöðu margra skóla, t. d. í Reykjavík. Varpað var fram þeirri hugmynd að samstarfsnefndir með skólastjórn, fulltrúum nemenda, foreldra, starfsfólks og annarra aðila skólans gætu komið til greina sem sá sameiginlegi vettvangur hagsmunaaðila er nú skortir. Skólaráð kemur til móts við þessar hugmyndir.

Um 11. gr.

Bætt er inn nýrri málsgrein þess efnis að almenningi skuli kynnt fyrirhuguð skólabygging. — Greinin að öðru leyti óbreytt.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Bætt er við ákvæði þess efnis að ráðuneytið ákveði í reglugerð búnað skóla o. fl. sem taki mið af stærð og hlutverki.

Um 14. gr.

Gerðar eru tvær breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi, og til að taka af tvímæli, eru skólastjóra- og kennaraíbúðir taldar til skólamannvirkja, sem skólanefnd skal hafa umsjón og umráð yfir. Í öðru lagi er kveðið á um að sveitarstjórn í stað skólanefndar skuli heimilt að ráðstafa skólahúsnæði til gisti- og veitingarekstrar í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Um 15. gr.

Lagt er til að um ráðningu yfirkennara fari eins og um ráðningu kennara og fjalla þá skólastjóri, skólanefnd og fræðslustjóri um umsóknir þær sem berast.

Lagt er til að sömu aðilar sem nefndir eru í 3. mgr. fjalli um hvort ráða skuli í stöðu yfirkennara þar sem skóli starfar á fleiri en einum stað í byggðarlaginu.

Fellt er brott ákvæðið um lágmarkskennsluskyldu yfirkennara því að það er samningsatriði í kjarasamningum.

Bætt er inn í síðustu mgr. „Um þóknun fyrir slík störf fer eftir kjarasamningum". Felld er niður síðasta mgr. 31. gr.

Um 16. gr.

Vitnað er til laga nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra. Niður er felld síðasta málsgrein 32. gr. þar sem hún er óþörf, sbr. áðurnefnd lög um embættisgengi.

Um 17. gr.

Þeirri meginreglu er fylgt við ráðningu starfsfólks samkv. þessari grein, að skólastjóri ráði, með samþykki skólanefndar eða sveitarstjórnar, starfsfólk sem laun fær samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna og eru því í flestum tilfellum ríkisstarfsmenn, en á hinn bóginn ráði sveitarfélög annað starfsfólk.

Um 18. gr.

Niður er fellt ákvæðið um að skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skuli ekki fá skipun fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla. Um þetta er ákvæði í lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkuð breytt frá gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að reglulegur starfstími skóla verði 9 mánuðir í stað 7—9 mánaða áður.

Mestur hluti nemenda í þéttbýli stundar nú nám 9 mánuði ársins. Hluti nemenda í þéttbýli og dreifbýli stundar nám 8—8½ mánuð. Skemmri árleg skólaganga en 8 mánuðir á sér hins vegar eingöngu stað hjá miklum minnihluta nemenda búsettum í dreifbýli og fer skólaganga nemenda þar allt niður í 7 mánuði á ári þótt slíkt heyri nú til undantekninga. Þróunin hefur gengið í þá átt að samræma skólagöngu nemenda með árlegri lengingu starfstíma skóla jafnhliða því sem vikulegur starfstími skóla er nú nær eingöngu 5 daga vikunnar í stað 5—6 daga áður.

Óeðlilegt verður að teljast að munur á skólagöngu nemenda eftir búsetu þeirra geti numið allt að tveim mánuðum á ári og í sumum tilfellum orðið mun meiri. Í ljósi þessa og með hliðsjón af því að oftlega hefur verið á það bent að árlegur skólatími á Íslandi sé stuttur og styttri en í flestum nágrannalöndum er hér lagt til að meginreglan verði sú að starfstími hvers skóla verði 9 mánuðir á ári.

Þá má benda á að samkvæmt kjarasamningum fá kennarar óskert árslaun án tillits til hvort kennt er 8 eða 9 mánuði. Breyting þessi hefur því ekki í för með sér aukinn kennslukostnað.

Árlega hefjist skólahald 1. september og því ljúki 31. maí. Menntamálaráðuneytinu sé hins vegar heimilt með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum að veita undanþágu frá þessari meginreglu, bæði hvað snertir starfstíma og einnig það að hluti skólahaldsins verði á sumartíma fyrir alla bekki skólans en slík heimild gilti áður eingöngu um 1.—6. bekk. Um nánari framkvæmd þessara mála skal ákveða í reglugerð.

Um 20. gr.

J- og k-liðir um verklegt nám og ýmsar valgreinar eru felldir brott. Efni þeirra kemur í næstu mgr. þar sem einnig eru talin ýmis viðfangsefni sem taka skal til meðferðar í grunnskóla skv. ákv. í öðrum lögum en er að jafnaði ekki ætlaður sérstakur tími á stundaskrá. Þá er breytt ákvæðinu um atvinnuþátttöku nemenda þar sem það hefur reynst óframkvæmanlegt. Efni næstsíðustu málsgreinar er breytt þar sem ekki er talið raunhæft að gefa út sérstakar námsskrár fyrir nemendur með sérþarfir til viðbótar almennum námsskrám fyrir grunnskóla.

Um 21. gr.

1. mgr. 43. gr. fjallar um tómstundir og félagsstörf á vegum skóla. Með því að fella brott orðin „eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.“ er lögð meiri áhersla en áður á þessa starfsemi, eins hafa aðstæður gjörbreyst síðan lögin tóku gildi. Tilvísun í 77. gr. fellur niður af því að gert er ráð fyrir ákvæðum þeirrar greinar í væntanlegu frumvarpi til laga um skólakostnað.

Þá er fellt niður niðurlag 3. mgr. 43. gr. um að kennsluskylda kennara lækki, sé þeim falið að annast félagsstörf í skólum. Hér er um fyrirkomulags- og samkomulagsatriði að ræða sem ekki virðist eðlilegt að binda í lögum.

Um 22. gr.

44. gr. er óbreytt að öðru leyti en því að bætt er inn nýju ákvæði um að vikulegur starfstími forskóladeilda skuli vera sem næst 600—800 mínútur á viku. Engin lagaákvæði eru nú í gildi um lengd vikulegs starfstíma á forskólastigi. Vikulegur starfstími er nú í reynd sem næst 400—600 mínútur á viku í þéttbýli en skemmri í dreifbýli.

Forskóli fyrir 6 ára börn (og í einstaka tilfelli einnig 5 ára) er nú rekinn á mörgum þéttbýlissvæðum sem hluti grunnskóla í viðkomandi byggðarlögum. Þetta verður að telja æskilega þróun. Þannig er líklegt að yngri börnin fái markvissara uppeldi og fræðslu en annars miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður og rétt að tengja þessa starfsemi við grunnskólann. Óeðlileg skil milli forskóla og grunnskóla, sem víða um lönd hafa orðið, t. d. á Norðurlöndum, þykja nú flestum ákaflega óheppileg og reynt með ýmsum aðgerðum að draga úr þeim.

Um 23. gr.

Í núgildandi lögum er tilgreint að jólaleyfi skuli veitt frá og með 21. desember til og með 3. janúar, þ. e. í hálfan mánuð.

Þessar ákveðnu dagsetningar hafa haft í för með sér að lögin eru ýmist sniðgengin eða þau hafa leitt til verulegra óþæginda fyrir nemendur og beinan aukakostnað fyrir rekstraraðila skólans. Sérstaklega á þetta við þar sem um heimavistarskóla er að ræða og aka þarf nemendum sérstaklega til dvalar 1—2 nætur í stað fimm daga vistunar. Því er hér lagt til að veitt verði því sem næst tveggja vikna jólaleyfi samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins hverju sinni.

Gert er ráð fyrir að leyfisdagar verði tilkynntir árlega í upphafi hvers skólaárs með útgáfu sérstaks skóladagatals eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Ákvæði um páskaleyfi er óbreytt.

Um 24. gr.

Í gildandi lögum eru sett tvenns konar ákvæði um hámarksfjölda nemenda í skólum, þegar frá eru taldir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla. Í fyrsta lagi skal meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla ekki fara yfir 28 og í öðru lagi að nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild skal ekki fara yfir 30.

Með ákvæðum þessum hefur löggjafinn ákveðið hver skuli vera mestur fjöldi nemenda í bekkjardeild. Í því felst þó ekki nein stefnumörkun um það hvert skuli vera almennt meðaltal nemenda í bekkjardeildum. Það liggur ljóst fyrir að fjöldi nemenda í bekkjardeild verður til jafnaðar mun lægri en hámarkstölur segja til um. Verulegur ágreiningur er um það hversu náið samband er milli námsárangurs og bekkjarstærðar. Sá námshópur sem þó virðist að öðru jöfnu vera heppileg meðaltalseining á grunnskólastigi er 24 nemenda bekkjardeild. Annars vegar er slíkur meðaltalshópur, undir venjulegum kringumstæðum, ekki of stór til að unnt sé að sinna hverjum einstaklingi, auk þess sem sú bekkjarstærð er heppileg til ýmiss konar skiptikennslu. Hins vegar nýtist fjármagn til kennslumála einna best, þegar meðaltalsbekkjarstærð verður ekki öllu minni en 24 nemendur.

Í tillögum þessum er því sett fram sú viðmiðunartala að meðaltal nemenda í bekkjardeild hvers grunnskóla sé 24, þar sem slíku verður við komið.

Um 25. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við ákvæði 48. gr., sbr. 26. gr. þessa frv.

Um 26. gr.

Reynslan hefur sýnt að unnt er að koma við samkennslu með góðum árangri í 7.—9. bekk ekki síður en öðrum bekkjum grunnskóla, en núverandi ákvæði koma í veg fyrir slíka kennsluskipan. Þó er kveðið á um að nemendafjöldi í aldursflokki 8. og 9. bekkjar sé ekki minni en 12.

Um 27. gr.

Mikilvægt er að kennarar eigi hlut að ákvörðunum sem teknar eru um nemendur er njóta eiga sérkennslu.

Um 28. gr.

Hér er lögð sérstök áhersla á þá stefnumótun að námsmatið sé hluti af náminu og í þágu nemandans sjálfs en ekki til röðunar í flokka og þess vegna lögð áhersla á að hann fái stöðuga vitneskju um hvernig honum vegnar og hver námsárangur hans sé miðað við markmið námsskrár.

Um 29. gr.

Ákvæði um stöðluð próf eru felld brott þar eð þau hafa ekki reynst raunhæf. Ekki þykir heldur rétt að binda í lögum að prófa skuli í tilteknum greinum.

Um 30. gr.

Greininni er breytt til samræmis við breytingar á 29. gr. frv.

Um 31. gr.

Þau atriði sem kveðið er á um í 60. gr. laganna eiga tvímælalaust frekar heima í reglugerð.

Um 32. gr.

Gerðar eru nauðsynlegar orðalagsbreytingar á greininni.

Um 33. gr.

Framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er komin vel á veg í ýmsum fræðsluumdæmum landsins.

Fellt er niður að binda í lögum heimildarákvæði um að fræðsluráð, tvö eða fleiri, geti sameinast um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Í stað þess er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið geri í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um skipan þessara mála á þeim grundvelli, að hvert fræðsluumdæmi eigi aðgang að þjónustu í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Víða á landinu starfar forskóli fyrir 6 ára börn í tengslum við grunnskólann. Frv. gerir ráð fyrir heimild til að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta taki einnig til nemenda á forskóla- og framhaldsskólaaldri, þegar þörf er á vegna varnaðarstarfa eða eftirmeðferðar.

Heimildarákvæði um þjónustu ráðgefandi læknis er haldið eins og í gildandi lögum, en það gert rýmra að því leyti, að það getur einnig tekið til annarra sérfræðinga en lækna.

Ekki þykir rétt að lögbinda hver skuli vera lágmarksþjónusta ráðgjafar- og sálfræðideilda, heldur verði það ákveðið með reglugerð.

Um 34. gr.

Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum, nema hvað aukin áhersla er lögð á, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta verði sem mest samþætt starfi grunnskóla og skipulögð í samvinnu við starfslið skólanna.

Um 35. gr.

Réttur til að sitja fundi fræðsluráðs og skólanefndar er í frv. miðaður við einn fulltrúa frá hverri ráðgjafar- og sálfræðideild. Í gildandi lögum hafa allir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar rétt til fundarsetu. Framkvæmdin hefur þó jafnan í reynd verið þannig, að fulltrúi starfsmanna hefir setið fundina en ekki allt starfsfólkið.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um að menntamálaráðuneytið hafi með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar og um skyldur og frumkvæði ráðuneytisins að því er varðar leiðbeiningar, umsjón og eftirlit svo og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu og skólamál.

Um 37. gr.

Ákvæði um hvaða sérfræðingar skuli vinna við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og hvaða sérmenntun þeir skuli hafa eru í 66. og 71. gr. gildandi laga. Í frv. eru menntunarkröfur að því er varðar sálfræðinga og félagsráðgjafa sambærilegar við gildandi lög.

Breyting er, að gert er ráð fyrir að ráða megi uppeldisfræðinga til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Ákvæði eru í frv. um að með reglugerð skuli kveða á um, hvaða kröfur skuli gera um menntun uppeldisfræðinga og sérkennara, svo og annarra kennslufræðilega sérmenntaðra starfsmanna, sem starfa kunna sem ráðgjafar, sbr. 33. gr. frv. Eðlilegt virðist varðandi kröfur til sérfræðimenntunar að þær verði sambærilegar hvað sálfræðinga og uppeldisfræðinga varðar og á sama hátt hvað félagsráðgjafa og sérkennara varðar.

Um 38. gr.

Við setningu grunnskólalaga 1974 voru felld úr frv. ákvæði um ráðningu skólaráðgjafa, sem starfa skyldu í 7.—9. bekk grunnskólans.

Reynslan hefur leitt í ljós, að brýn þörf er fyrir námsráðgjöf og starfsfræðslu á unglingastigi og þó einkum fyrir nemendur 9. bekkjar, sem við lok grunnskólans þurfa að taka ákvarðanir um val framhaldsnáms og þess framtíðarstarfs, sem þeir með náminu ætla að búa sig undir.

Í þessari gr. frv. er gert ráð fyrir heimild til að ráða skólaráðgjafa. Námsráðgjöf og starfsfræðsla er þó ennþá engan veginn fullmótuð og fátt sérmenntaðs starfsfólks til að veita þessa þjónustu. Hlýtur því að taka nokkur ár, að hún komist að fullu til framkvæmda.

Um 39. gr.

Bætt er í 72. gr. laganna ákvæði um stofnun kennslu- og skólasafnamiðstöðva í fræðsluumdæmum svo og um ráðningu skólasafnvarða.

Kennslu- og skólasafnamiðstöðvar í fræðsluumdæmum myndu veita skólunum margháttaða kennslufræðilega þjónustu, samhæfa innkaup þeirra í kennslutækjum og námsgögnum og annast útlán þeirra eftir því sem henta þætti.

Að því er varðar skólasafnsverði þá er gert ráð fyrir að þeir verði ríkisstarfsmenn.

Um 40. gr.

Vitnað er til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu.

Um 41. gr.

Hér er gert ráð fyrir að 9 ára skólaskylda komi til framkvæmda haustið 1984, hafi Alþingi ekki innan þess tíma ákveðið annað.

Nd. 488. Frumvarp til laga [236. mál]

um Launasjóð íslenskra rithöfunda.

(Lagt fyrir á Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Launasjóður íslenskra rithöfunda hefur það hlutverk að greiða höfundum laun fyrir ritstörf og efla þannig bókmenntir og ritlist í landinu.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum ætluð fjárveiting úr ríkissjóði sem nemi eigi lægri upphæð en svarar 400 mánaðarlaunum menntaskólakennara á fyrsta starfsári.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa höfundar íslenskra skáldrita og annarra listrænna ritverka.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við stéttarsamtök rithöfunda þar sem meðal annars er kveðið á um stjórn, vörslu, úthlutun og greiðslur úr sjóðnum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af nefnd skipaðri af menntamálaráðherra og fylgdi svofelld greinargerð:

„Hinn 23. september 1981 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 29/1975 um launasjóð rithöfunda og reglugerð nr. 437/1979 þeim lögum samkvæmt.

Nefndarmenn voru þessir: Sigurlaug Bjarnadóttir, menntaskólakennari, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins — Stefán Júlíusson, rithöfundur, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins — Tryggvi Gíslason, skólameistari, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins — Vésteinn Ólafsson, dósent, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins. Formaður nefndarinnar skipaður af menntamálaráðherra var Haukur Ingibergsson.

Nefndin hélt alls sex sameiginlega fundi auk þess sem nefndarmenn unnu að ákveðnum verkefnum á milli funda.

Nefndin aflaði sér ýmissa gagna og leitaði m. a. eftir skoðunum Rithöfundasambands Íslands, Félags íslenskra rithöfunda og Félags íslenskra leikritahöfunda um það hvernig þessi samtök teldu rétt að skipa málum Launasjóðsins.

Var nefndin sammála um framangreint frumvarp til laga um Launasjóð íslenskra rithöfunda. Nefndinni var einnig falið að semja reglugerð í samræmi við tillögur sínar um frumvarp til laga. Hefur nefndin orðið sammála um eftirfarandi reglugerð um Launasjóð íslenskra rithöfunda.

Reglugerð um Launasjóð íslenskra rithöfunda.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn Launasjóðs íslenskra rithöfunda til þriggja ára, formann án tilnefningar og fjóra meðstjórnendur samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands. Ákveðið skal með atkvæðagreiðslu á aðalfundi Rithöfundasambandsins með hvaða hætti fulltrúar þess skuli tilnefndir. Engan má skipa í stjórn tvívegis í röð né oftar en tvisvar samanlagt. Stjórnarmenn mega ekki vera félagar í Rithöfundasambandi Íslands. Sjóðsstjórn annast úthlutun úr sjóðnum og skal hafa lokið störfum 15. febrúar ár hvert. Menntamálaráðherra ákveður þóknun hennar.

2. gr.

Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða starfslaun til höfunda íslenskra skáldrita og annarra listrænna ritverka. Upphæð starfslauna á mánuði hverjum skal nema hæstu byrjunarlaunum menntaskólakennara. Starfslaun eru veitt eftir umsóknum skemmst til tveggja og lengst til níu mánaða í senn. Höfundar eiga rétt til að sækja um starfslaun árlega.

3. gr.

Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum með venjulegum hætti. Í umsókn skal getið verka sem höfundur hefur látið frá sér fara eða vinnur að. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórnin og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn um starfslaun. Höfundur, sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjá mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi á meðan hann nýtur starfslauna. Slík kvöð fylgir ekki tveggja mánaða starfslaunum enda skulu þau veitt vegna verka sem birst hafa næsta almanaksár á undan. Sjóðsstjórn er heimilt að veita höfundum starfslaun í skemmri tíma en þeir sóttu um nema höfundur hafi beinlínis beðist undan því í umsókn sinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Launasjóð íslenskra rithöfunda og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 437/1979 um launasjóð rithöfunda.

Í lögunum og reglugerðinni er að finna eftirfarandi breytingar frá fyrri lögum og reglugerð:

1. Nafni sjóðsins er breytt.
2. Í lögin er sett grein um markmið sjóðsins.
3. Viðmiðun fjárveitingar er breytt.
4. Ákvæðum um þá sem hafa rétt til greiðslu úr sjóðnum er breytt.
5. Ákvæðum um stjórn sjóðsins er breytt.

Hér eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum breytingum:

Nafn sjóðsins.

Í lögum nr. 29/1975 er nafn sjóðsins launasjóður rithöfunda. Nefndin telur rétt að nafn sjóðsins verði Launasjóður íslenskra rithöfunda.

Markmið sjóðsins.

Í lögum nr. 29/1975 um launasjóð rithöfunda er ekki kveðið á um markmið sjóðsins. Nefndin telur það vera galla og að eðlilegt sé að fyrsta grein laganna sé um markmið sjóðsins. Telur nefndin það hlutverk Lauasjóðs íslenskra rithöfunda að greiða höfundum laun fyrir ritstörf og efla þannig bókmenntir og ritlist í landinu.

Fjárveiting.

Í lögum nr. 29/1975 er gert ráð fyrir því að stofnfé sjóðsins sé 21.7 milljónir króna og greiðist úr ríkissjóði. Nefndin telur að eðlilegra sé að miða við að ríkissjóður leggi ákveðinn fjölda mánaðarlauna á ári hverju til Launasjóðs íslenskra rithöfunda og gerir að tillögu sinni að fjárhæð, sem svarar 400 mánaðarlaunum menntaskólakennara á fyrsta starfsári, sé varið árlega í þetta verkefni. Hér er um aukningu að ræða frá fyrri árum þegar til sjóðsins hefur verið veitt í kringum 300 mánaðarlaunum árlega en undanfarin ár hafa umsóknir numið um 800 mánaðarlaunum.

Réttindi til greiðslu úr sjóðnum.

Samkvæmt fyrri lögum höfðu rétt til greiðslu úr launasjóðnum íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita auk þess sem heimilt var að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku. Nefndin hefur endurskoðað þessa grein þannig að rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa höfundar íslenskra skáldrita og annarra listrænna ritverka. Þar á nefndin við að meginhlutverk sjóðsins sé að greiða höfundum íslenskra skáldrita laun en höfundar annarra listrænna ritverka þar á meðal fræðirita geti einnig komið til greina, þó nefndin telji eðlilegra að höfundar fræðirita njóti styrks úr öðrum sjóðum s. s. Vísindasjóði. Þá telur nefndin að með tilkomu Þýðingarsjóðs sé ekki ástæða til að þýðendur eigi að jafnaði kost á greiðslu úr Launasjóði íslenskra rithöfunda.

Skipan stjórnar.

Samkvæmt fyrri lögum sátu í stjórn launasjóðs rithöfunda þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt tilnefningu stjórnar Rithöfundasambands Íslands. Nefndin leggur til þá breytingu að formaður stjórnar sjóðsins sé skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar en menntamálaráðherra skipi fjóra meðstjórnendur samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands. Telur nefndin það eðlilegt að menntamálaráðherra skipi formann án tilnefningar þar sem hér er um að ræða fjárveitingu af almannafé. Þá er sett ákvæði í reglugerð um að það skuli ákveðið með atkvæðagreiðslu á aðalfundi Rithöfundasambandsins með hvaða hætti fulltrúar þess skuli tilnefndir. Fyrri ákvæði reglugerðar um tímalengd skipunar og að engan megi skipa í stjórn tvívegis í röð né oftar en tvisvar samanlagt eru látin standa óbreytt. Einnig að stjórnarmenn megi ekki vera félagar í Rithöfundasambandi Íslands.“

Sþ. 489. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um kapalkerfi.

Flm.: Albert Guðmundsson, Jósef H. Þorgeirsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Eggert Haukdal, Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Friðrik Sophusson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að þau fjölmörgu kapalkerfi, sem nú eru starfandi víðs vegar um landið, fái leyfi til áframhaldandi starfsemi í samræmi við túlkun gildandi laga.

Ríkisstjórnin skipi jafnframt nefnd fimm manna sem hafi eftirlit með starfsemi kapalstöðva, þar til önnur skipan hefur verið ákveðin með lögum.

Greinargerð.

Á síðustu misserum hafa fjölmörg kapalkerfi fyrir sjónvarp verið stofnsett víðs vegar um landið. Hefur það verið gert í fjölbýlishúsum, heilum hverfum og byggðarlögum með almennri þátttöku íbúanna. Ágreiningur hefur verið um lögmæti þessarar starfsemi, en hvorki stjórnvöld né ákæruvald hafa amast við nefndum kapalkerfum. Í trausti þess, að almennur skilningur væri til staðar og viðurkennt, að þróun kapalkerfa og notkun þeirra yrði ekki stöðvuð, hafa einstaklingar, félög og fyrirtæki lagt í verulegar fjárfestingar og gert sér far um að bæta þjónustu og gæði þess efnis sem sýnt er.

Til dæmis hefur í vaxandi mæli þess verið gætt, að efni sé sýnt án þess að réttur sé brotinn á höfundum, framleiðendum eða eigendum. Kapalsjónvarp nýtur vinsælda, ekki síst í fjölmörgum sjávarplássum þar sem félagsstarf er af skornum skammti og afþreying og tilbreyting af þessu tagi vel þegin.

Í síðustu viku gerðist það, að ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur eigendum eins fyrirtækis, Videoson hf., sem rekur kapalkerfi á höfuðborgarsvæðinu. Kapalkerfi fyrirtækisins nær til sex þúsund heimila og hefur auk þess veitt mörgum öðrum kapalkerfum þjónustu í útvegun löglegs og frambærilegs myndefnis. Videoson hefur verið rekið í þeirri góðu trú, að þjónusta þess væri virt og metin, enda hefur hún aldrei farið leynt í þau þrjú ár sem fyrirtækið hefur starfað. Í reynd hafa stjórnvöld viðurkennt starfsemi Videoson með því að leggja söluskatt á þjónustu þess og hafa tekið tolla og aðflutningsgjöld af innflutningi tækja sem notuð eru í þágu kapalstöðvarinnar.

Videoson hf. stöðvaði þegar í stað allar útsendingar þegar kæran var gefin út, og hefur það valdið umróti meðal viðskiptavina fyrirtækisins, bæði þeirra, sem Videoson hf. sendir myndefni beint, og eins hinna, sem njóta þeirrar þjónustu að fá efni sent frá Videoson hf. Er þar um að ræða allmörg kapalkerfi úti á landi.

Starfsemi þessara stöðva margra hverra hefur stöðvast og mun stöðvast á næstunni, ef ekki verður úr bætt.

Þar sem réttarstaða Videoson og annarra kapalstöðva er óljós og erfið eftir ákæru saksóknara og Alþingi mun fyrirsjáanlega ekki hafa tök á að samþykkja lagabreytingar, sem taka af allan vafa um hina lagalegu stöðu kapalsjónvarpsstöðva, er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Á það er bent, að útvarpsstjóri hefur á undanförnum misserum og oftsinnis í vetur gefið leyfi til sérstakra útvarpsstöðva á vegum ýmissa hópa einstaklinga, einkum skólafólks. Væntanlega er það gert í skjóli þess, að útvarpsstjóri telur það ekki brot á útvarpslögum. Sú leið sýnist því vel fær, að ríkisstjórnin í heild sinni beini þeim tilmælum til útvarpsstjóra, að

sams konar leyfi verði gefið út til handa kapalsjónvarpsstöðvum þeim, sem fram að þessu hafa starfað í landinu, og það leyfi stæði þar til Alþingi gefst ráðrúm til að taka til afgreiðslu frumvarp útvarpslaganefndar, sem mælir með setningu lagaákvæða sem heimila kapalsjónvarpsstöðvar með skilyrðum.

Sá umþóttunartími er sjálfsagt í samræmi við skoðanir meiri hluta alþingismanna, enda hefur enginn þeirra, svo vitað sé, amast við starfsemi kapalstöðvanna.

Eðlilegt þykir að meðan þetta millibilsástand varir sé skipuð sérstök nefnd sem fylgist með starfsemi þessari þar til önnur skipan kemst á.

Nd. 490. Frumvarp til laga [130. mál]

um málefni fatlaðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. mars.)

Samhljóða þskj. 134 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Málefni fatlaðra heyra undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisþjónusta, þ. m. t. læknisfræðileg endurhæfing, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðslu- og uppeldismál undir menntamálaráðuneyti, félagsleg hæfing og endurhæfing, atvinnumál og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Félagsmálaráðuneytið skal annast málefni fatlaðra samkv. lögum þessum.

Sérstök nefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og kallast hún stjórnarnefnd. Stjórnarnefndin gætir þess að ráðstafanir varðandi alla þjónustu opinberra aðila verði samræmdar. Stjórnarnefndin skal skipuð 7 mönnum til 4 ára í senn.

Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, en samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til viðkomandi ráðherra.

Þegar fjallað er um vinnumál fatlaðra skal stjórnarnefndin kalla til fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins eftir því sem ástæða er til.

6. gr. hljóðar svo:

Á hverju svæði skal stefnt að því að eftirfarandi þjónusta verði veitt:

1. Frumgreining. Eftirlit með nýfæddum börnum og frumathugun þegar grunur vaknar um fötlun af einhverju tagi.
2. Þroskaþjálfun og leikfangaþjónusta.
3. Sérkennsla og námsráðgjöf.
4. Hjálpartækja- og flutningsþjónusta.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Sálfræðiþjónusta.
7. Hæfing og endurhæfing.
8. Verkþjálfun og starfsprófun.
9. Iðjuþjálfun.
10. Atvinnuleit.
11. Félagsráðgjöf.

Stefnt skal að því að útvega aðstöðu til tímabundinnar og varanlegrar vistunar á fósturheimilum.

Veita skal fötluðum þjónustu á almennum stofnunum eftir því sem unnt er.

Uppbygging og starfsemi þeirra skal þannig úr garði gerð að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að fenginni umsögn stjórnarnefndar að fella niður eða bæta við þjónustuþáttum. Þá getur ráðherra í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa svæðisbundið eða fyrir landið allt að fengnum tillögum svæðisstjórna og stjórnarnefndar.

8. gr. hljóðar svo:

Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 7. gr., 5., 7., 9. og 13. tl. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum, þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra.

Sé umsókn um vistun synjað, er hægt að vísa málinu til stjórnarnefndar, sem leitar lausnar.

Að fengnum tillögum stjórnarnefndar getur ráðherra ákveðið að fleiri stofnanir skv. 7. gr. falli undir ákvæði 1. mgr.

10. gr. hljóðar svo:

Fatlað barn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelur í heimahúsi eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið.

Viðkomandi svæðisstjórn skal sjá um að þessi aðstoð verði veitt.

Kjósi framfærendur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili þá til þess hæfa og aðstoðina nauðsynlega, skal greiða fyrir 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar og samkvæmt 8. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Heimilt er að hækka þessar greiðslur beri brýna nauðsyn til að mati svæðisstjórnar.

Greiðsla á aðstoð skv. þessari grein annast lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

14. gr. hljóðar svo:

Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess, að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samráði við foreldra að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði læknisfræðileg greining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem leitar heppilegra úrræða í samráði við foreldra, svæðisstjórn og aðra þá aðila er þurfa þykir.

16. gr. hljóðar svo:

Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum samkv. 6. gr., skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og heyrir hún undir félagsmálaráðuneytið. Hlutverk og starfssvið hennar er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.

3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga, sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.
4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstæðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.
5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.
6. Þjálfun starfsstétta, sem annast þjónustu við fatlaða samkvæmt 6. og 7. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir og þá skóla sem annast menntun starfsmanna á viðkomandi sviðum.
7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
8. Veita svæðisstjórnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.
9. Beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fötlunar og veita faglega ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisstjórnir.
10. Vera félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við útgáfu upplýsingabæklinga á þessu sviði, sbr. 25. gr.
11. Hjálpartækjaþjónusta.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann vera ábyrgur fyrir faglegri starfsemi stofnunarinnar og samskiptum við aðrar stofnanir.

Framkvæmdastjóri skal sjá um fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar og umsjón með daglegum rekstri. Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra er jafnframt stjórnarnefnd Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

22. gr. hljóðar svo:

Svæðisstjórnir skulu stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða, hver á sínu svæði, sem hefur það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi.

Atvinnuleitin skal starfa í nánum tengslum við félagsmálaráðuneytið, vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila.

Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða, og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Jafnframt skulu svæðisstjórnir í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum.

Leggja skal áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola vinnuálag sem fullt starf hefur í för með sér.

Þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja samkv. lögum nr. 52/1956 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar samkvæmt 1. mgr.

24. gr. hljóðar svo:

Þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi, ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið

sækja. Sé að mati svæðisstjórnar gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur hún krafið veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

27. gr. hljóðar svo:

Ef félög koma á fót stofnunum samkvæmt 7. gr., 3.—10. tl. og 12.—14. tl., er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Stjórnarnefnd er heimilt að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Jafnframt er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingunum.

28. gr. hljóðar svo:

Kostnaður vegna reksturs samkvæmt 1. tl. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað, sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

Af kostnaði vegna reksturs stofnana, sem ekki greiðist af eigin fé, skv. 7. gr. 3., 4., 11. og 14. tl., greiðir ríkissjóður 85%, en sveitarsjóðir 15%.

Um kostnað vegna rekstrar skv. 2. og 12. tl. 7. gr. fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva, enda séu slíkar stofnanir byggðar og reknar skv. þeim lögum.

Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana samkv. 7. gr., nema þar sem um sértekjur er að ræða.

Þegar um er að ræða sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum, skal greiða hann af rekstursfé viðkomandi stofnana.

35. gr. hljóðar svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 55 milljóna króna miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.
2. Tekjur Erfðafjársjóðs.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

39. gr. hljóðar svo:

Svæðisstjórnir skulu fylgjast með framkvæmd laganna hver á sínu svæði og gera tillögur til viðkomandi ráðuneytis um úrbætur, ef í ljós kemur að misbrestur er á því að sú þjónusta sé veitt er lög þessi kveða á um.

Upplýsingar þar um skulu sendar stjórnarnefnd ásamt rökstuddum áætlunum um úrbætur. Stjórnarnefnd skal fylgjast með að unnið sé að úrlausn þeirra ábendinga er fram koma.

41. gr. hljóðar svo:

Svæðisstjórnir og stofnanir skv. 7. gr. skulu senda viðkomandi ráðuneyti reikning yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok mars ár hvert.

Sundurliðað kostnaðaryfirlit yfir framkvæmdir, sem úthlutað hefur verið til, skal í árslok senda stjórnarnefnd.

43. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um hlutverk stjórnarnefndar skv. 3. gr., um störf svæðisstjórna, sbr. 5. gr., um ákvæði 10. gr., um framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 34., 35. og 36. gr.

Reglugerðir, er snerta framkvæmd 10.—16. gr. og 19. gr. laga þessara, skal senda félagsmálanefndum Alþingis til umsagnar.

44. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta ásamt síðari breytingum, lög nr. 27/1970 um endurhæfingu og 2. og 3. gr. laga nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Ákvæði til bráðabirgða II öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

I.

Þær stofnanir fatlaðra, er starfa við gildistöku laganna, skulu á næsta ári eftir gildistöku laganna senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 11. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi. Starfsleyfi skal síðan veitt innan árs frá því að umsókn er lögð fram.

II.

1. Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa 5 manna nefnd, sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrigðisráðherra einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félagsmálaráðherra einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.

   Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar.
2. Menntamálaráðuneytið skal þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi.

   Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Verði um kaup að ræða á húsnæði sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sbr. 16. gr., skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmdasjóðs öryrkja, sem fjármagnar stofnkostnað, sbr. 1. lið ákvæðis til bráðabirgða II.

Ed. 491. Lög [184. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 4. mars.)

Samhljóða þskj. 311.

Nd. 492. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Magnúsi H. Magnússyni, Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Friðrik Sophussyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem verði 1. gr. og orðist svo:

Við 36. gr. laganna bætist nýr stafliður svohljóðandi:

c) Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

Nd. 493. Frumvarp til laga [149. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. mars.)

Samhljóða þskj. 178 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

Nd. 494. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Jóni Baldvin Hannibalssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 1. gr.

a. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
   Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:
b. 2. mgr. orðist svo:
   Skiptingu þingsæta milli kjördæma skal ákveða í kosningalögum.
c. 3. málsgr. orðist svo:
   Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal þess gætt, að hver þingflokkur fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína.

Ed. 495. Frumvarp til laga [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

Flm.: Stefán Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Helgi Seljan, Eiður Guðnason, Jón Helgason.

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknað í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Við 2. málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Vari refsivist lengur en þrjá mánuði skal óheimilt að innheimta opinber gjöld hjá fanga meðan afplánun stendur yfir, svo og tvöfaldan þann tíma eftir að henni lýkur, allt að einu ári. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Nánari reglur um þetta má setja með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Komið hefur í ljós að skuldakröfur, sem hlaðast á fanga meðan þeir afplána refsingu, hvort heldur barnsmeðlög eða opinber gjöld, og til innheimtu koma annað tveggja meðan á afplánun stendur ellegar strax að henni lokinni, verða þeim gjarnan um megn er þeir reyna að ná fótfestu á ný í samfélaginu og rétta við fjárhag sinn. Leiðir það stundum til þess, að laun þeirra renna öll til skuldagreiðslu, en lífeyrir verður enginn. Hér er síður en svo um nýtt vandamál að ræða, en það hefur orðið miklu brýnna en áður á síðustu misserum vegna hækkandi dráttarvaxta. Ljóst er að sjóðir hins opinbera munu lítils sem einskis í missa, þótt haldið verði á innheimtu gagnvart þessu fólki með þeim hætti sem fyrir mælir í frumvarpinu. Hitt má ætla, að vægðaraukinn, sem hér er ráðgerður, geti auðveldað þeim, sem það vilja af einlægni, að bæta ráð sitt.

Tekið skal fram að ákvæði 2. gr. varðandi skyldu Innheimtustofnunar sveitarfélaga mælir aðeins fyrir um það, að hún skuli enn sem fyrr standa skil á endurgreiðslu sveitarfélaganna til Tryggingastofnunar ríkisins.

Nd. 496. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á eftir 3. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

39. gr. orðist svo:

Fastanefndir Alþingis hafa rétt til að heimta hvers konar skýrslur, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Fundir nefnda Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði.

Nd. 497. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:

2. málsl. 51. gr. orðist svo:
Ráðherrar eiga ekki atkvæðisrétt á Alþingi.

Nd. 498. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

1. 1. gr. falli niður.
2. Ný. 1. gr. orðist svo:
   Á eftir 31. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein, 31. gr. A, svohljóðandi:
   Við kosningar til Alþingis skal kjósandi eiga þess kost að merkja við listabókstaf eða einstakling eða einstaklinga á listum allt upp í tölu kjörinna alþingismanna í viðkomandi kjördæmi.
   Nánari ákvæði um þessa kosningatilhögun skulu sett í kosningalögum.

Nd. 499. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Á eftir 48. gr. komi ný gr., 48. gr. A, svohljóðandi:

Löggjafarvald og framkvæmdavald skulu aðskilin. Alþingismenn setja lög og hafa eftirlit með framkvæmd laga, en er óheimilt að vinna umboðsstörf hjá framkvæmdavaldinu og stofnunum þess.

Ed. 500. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. mars.)

Samhljóða þskj. 151 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
9. gr. laganna orðist svo:
Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðbótum af veittum lánum.

2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði að upphæð 115 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1982.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977, og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnar hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði samkvæmt VII. kafla þessara laga.

Ed. 501. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 1. gr.
   a) 2. tl. orðist svo:
   Með árlegum framlögum af byggingarsjóðsgjöldum, 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
   b) Nýr töluliður komi er verði 5. tl. og orðist svo:
   Með 2% launaskatti samkvæmt lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Ný grein komi á eftir 3. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:
   Lán skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 42 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.
4. Við 10. gr. 1. mgr. falli niður.
5. Ný grein komi í stað 13. gr. og orðist svo:
   37. gr. laganna orðist svo:
   Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:
   a) Með tekjum af eigin fé.
   b) Með árlegu framlagi úr ríkissjóði á fjárlögum sem nema skal 80% af áætlaðri fjármagnsþörf sjóðsins vegna byggingar verkamannabústaða.
   c) Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 10% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.
   d) Með lántökum.
   Eigið fé sjóðsins skal m. a. varið til lánveitinga vegna sölu á eldri verkamannabústöðum og til lækkunar á framlögum skv. stafliðunum b og c hér að framan.
   Veðdeild Landsbanka Íslands annast afgreiðslu lána úr sjóðnum og innheimtu þeirra fyrir hans hönd. Heimilt er ráðherra að ákveða að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að almennum innlánsstofnunum skuli falið að annast afgreiðslu lána og innheimtu þeirra.
6. Við 18. gr. Greinin falli niður.
7. Við 19. gr. 2. og 3. mgr. falli niður.
8. Við 26. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
   Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélags skv. b- og c-lið 36. gr. mega nema 80% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúða þeirra, sem gilda til viðmiðunar fyrir fyrirhugaðar íbúðir, sbr. ákvæði 35. gr. laga þessara. Annan kostnað við framkvæmdirnar skal hlutaðeigandi byggingaraðili bera. Nú verður

raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur áætluðu verði staðalíbúðar, og skal þá hlutaðeigandi byggingaraðili standa undir þeim umframkostnaði.

b) Við 4. mgr. bætist:

Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 52. gr.

9. Við 31. gr. Greinin falli niður.

10. Við 32. gr. Greinin orðist svo:

Við 73. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita þeim viðbótarlán við önnur lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem taka út sparifé sitt til þess að kaupa eða byggja íbúð. Húsnæðismálastjórn skal setja nánari reglur um þær lánveitingar.

Nd. 502. Frumvarp til laga [239. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

Flm.: Albert Guðmundsson, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands né ráðuneytisstjóra.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ákvæði sem fela kjaradómi að ákveða laun ýmissa opinberra starfsmanna. Flutningsmenn þessa frv. telja eðlilegt að í hópi þeirra verði þeir tveir embættismenn, lögreglustjórinn í Reykjavík og ríkisskattstjóri, sem hér er bætt við. Við teljum að störf þeirra séu þess eðlis, að það sé í alla staði æskilegra að ekki sé um samninga að ræða heldur ákvörðun kjaradóms.

Ljóst er að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða og við nánari athugun væri rétt að laun fleiri embættismanna væru ákveðin af kjaradómi.

Nd. 503. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Á eftir 7. gr. gildandi laga komi nýr kafli, auðkenndur II., undir fyrirsögninni: **Réttur til útvarps.** Númeraröð kafla og greina breytist í samræmi við það.

II KAFLI

Réttur til útvarps.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. má veita öðrum aðilum leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi samkv. 3.—6. gr. þessara laga og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd skipa 7 menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi, eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

9. gr.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar opinbera dreifingu dagskrárefnis með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Það telst eigi útvarp í skilningi laga þessara ef útsending nær aðeins til þröngs hóps manna, sem tengdir eru nánum vináttu- eða fjölskylduböndum, eða eingöngu er um að ræða sendingu upplýsinga og boða innan húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum.

10. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og félögum, sem til þess eru stofnuð, tímabundið leyfi til útvarps til viðtöku almennings á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- og desimetrabylgjum samkv. úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf, þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðvar. Aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðva skulu vera í samræmi við reglugerð, sem Póst- og símamálastofnunin setur og framfylgir.
2. Sveitarstjórnir á svæðum, þar sem stofna skal útvarpsstöð, mæli með veitingu leyfis.
3. Óheimilt er að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsreksturs.
4. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

   Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því, að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og synjað þeim um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með hætti, sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá eins fljótt og við verður komið fella úrskurð um kæruefnið og er þá sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.

5. Útvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni, sem ekki hefur verið aflað leyfis eða útsendingarréttar höfundarétthafa fyrir.
6. Um eftirlit með dagskrárefni fer eftir gildandi lögum og reglum þar um. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög, eftir því sem við á.
7. Útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til útvarps, skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu, sem fyrirhuguð er. Ef óskað er skal einnig láta í té dagskrá á böndum. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd, hver sé útvarpsstjóri, er beri ábyrgð á útvarpsefni skv. V. kafla útvarpslaga. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
8. Óheimilt er að aðrir aðilar en félag það, sem leyfi hefur til útvarpsreksturs, kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi útvarpsstöðvar, þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.
9. Gerður skal samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar, er leyfi fær, þar sem nánar er kveðið á um félagsform, reglur, tímalengd samnings og upphæð leyfisgjalds. Hann skal enn fremur kveða á um fjárhagslega ábyrgð svo og eftirlit með fjárreiðum og dagskrárefni viðkomandi stöðvar.

11. gr.

Útvarpsstöðvar, er fengið hafa leyfi til þráðlausra útsendinga, sbr. 10. gr., skulu hafa leyfi til að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

Útvarpsréttarnefnd gefur út reglur um auglýsingar, m. a. með hliðsjón af lengd dagskrár viðkomandi stöðva og samanburði við hlut auglýsinga og reglur um flutning í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Útvarpsréttarnefnd ákveður auglýsingartaxta með hliðsjón af tillögum viðkomandi útvarpsstöðva svo og gildandi töxtum Ríkisútvarpsins og annarra fjölmiðla á svæði þeirra. Rísi ágreiningur í þessu efni milli útvarpsréttarnefndar og Ríkisútvarpsins, skal vísa honum til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Sé þráðlausum útsendingum svo háttað, að einungis áskrifendur með sérstakan útbúnað ná þeim, er slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá.

12. gr.

Fyrir útvarp með þráð gilda eftirfarandi reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. gr.

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því, að viðkomandi sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpi útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. tölul. þessarar greinar, en ekki öðrum skilyrðum 10. eða 12. gr. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.
3. Útvarpsstöð, er leyfi fær til útsendingar um þráð, er óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá, en getur innheimt afnotagjöld.
4. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum í 2., 4., 7. og 9. tölulið 10. gr., sé móttaka bundin við 36 íbúðir eða færri. Sama gildir innan stofnunar (t. d. sjúkrahúsa, skóla eða gistihúsa) eða vinnustaða.
5. Heimilt er að senda hvers konar upplýsingar um símakerfi til landsins til almennrar móttöku.

13. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Heimil er öllum móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni, sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 10. og 12. gr. laga þessara, eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar, brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

14. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 10.—13. gr. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps, séu reglur brotnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi skal þegar í stað kjósa útvarpsréttarnefnd, sbr. 8. gr. Starfstími hennar skal fyrst um sinn vera tvö ár, sbr. þó 8. gr.

Leyfi til útvarps, sem veitt verða í fyrsta sinn samkv. ákvæðum 10. gr., má ekki veita til lengri tíma en tveggja ára.

Lög þessi skal endurskoða innan tveggja ára frá setningu þeirra.

Greinargerð.

1. Hinn 23. september 1981 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða útvarpslög, nr. 19/1971. Í nefndinni áttu sæti: Markús Á. Einarsson, veðurfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar, Andrés Björnsson, útvarpsstjóri, Benedikt Gröndal, fyrrv. forsætisráðherra, Ellert B. Schram, ritstjóri, Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri, Ólafur R. Einarsson, menntaskólakennari, og Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður útvarpsráðs.

Í október 1982 skilaði nefndin áliti til menntamálaráðherra. Í þessari álitsgerð lagði nefndin fram drög að frumvarpi til nýrra útvarpslaga, ásamt almennri greinargerð og skýringum við einstakar greinar. Auk þess var í viðauka birt sérálit einstakra nefndarmanna. Jafnframt fylgdu fylgiskjöl, m. a. um tækniþróun í hljóðvarps- og sjónvarpsmálum og yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum.

2. Aðalatriðið í tillögum útvarpslaganefndar er þetta: Lagt er til að ákvæði 2. gr. útvarpslaga um einkarétt Ríkisútvarpsins verði afnumið. Heimilt verði að veita fleiri aðilum leyfi til útvarps (en með útvarpi er í frumvarpinu átt við hvort tveggja, hljóðvarp og sjónvarp). Jafnframt fylgja ítarleg ákvæði um það, með hvaða skilyrðum slík leyfi verði veitt. Lagt er til að útvarpsréttarnefnd, skipuð 7 mönnum kjörnum af Alþingi, sjái um leyfisveitingar og alla framkvæmd þess.

3. Aðspurður um það, hvers vegna hann hafi ekki lagt frumvarpsdrög útvarpslaganefndar fyrir Alþingi, hefur menntamálaráðherra borið við andstöðu í eigin flokki og innan ríkisstjórnarinnar. Flutningsmaður þessa frumvarps er ósáttur við þá afstöðu ráðherra, þar sem hér er um mjög brýnt mál að ræða. Íslensk stjórnvöld hafa reynst

óviðbúin þeirri tæknibyltingu, sem nú á sér stað í útvarps- og sjónvarpsmálum. Þetta frumvarp er tilraun til að leysa með löggjöf vandamál, sem upp eru komin í þjóðfélaginu, af þeim sökum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar verði tilraunir um nýja skipan þessara mála og þannig reynt að stýra þróuninni, fremur en að hrekjast undan henni. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Frumvarpsdrög útvarpslaganefndar eru í sex köflum: 1. Um rétt til útvarps. 2. Um Ríkisútvarpið sérstaklega. 3. Um fjármál Ríkisútvarpsins. 4. Um dreifingu og réttindi. 5. Um ábyrgð á útvarpsefni. 6. Ýmis ákvæði. Það er 1. kaflinn, um rétt til útvarps, sem geymir flest nýmæli og brýnast er að löggjafarvaldið taki afstöðu til. Hinir kaflarnir samsvara að mestu ákvæðum eldri laga. Þess vegna er ekki eins brýnt að leggja endurskoðun þeirra fyrir Alþingi.

4. Hér er sá kostur valinn að flytja óbreyttan 1. kafla frumvarpsdraga útvarpslaganefndar, kaflann sem fjallar um rétt til útvarps. Aðalatriði þessa kafla er afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins á rekstri útvarps. Jafnframt eru í þessum kafla sett fram ítarleg ákvæði um það, með hvaða skilyrðum öðrum aðilum verði veitt leyfi til útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps. Það er m. ö. o. gerð tilraun til að móta stefnu í málinu, stýra þróuninni, fremur en stöðva hana.

5. Skv. skýrslu myndbandanefndar til menntamálaráðherra (dags. 4. des. 1981) er það hafið yfir allan vafa, að dreifing efnis í stórum stíl af myndböndum um myndbandakerfi brýtur í bága við íslensk lög. Þessi starfsemi varðar við útvarpslög (einkaréttur Ríkisútvarpsins), í mörgum tilvikum er talið að eigi sér stað „stórfelld brot á höfundarétti", á fjarskiptalögum, hegningarlögum, lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og lögum um vernd barna og ungmenna. Álitamál er, hvort sumt af þessari starfsemi brjóti í bága við VI. kafla síðastgreindra laga um kvikmyndaeftirlit. Að minnsta kosti getur komið til álita refsiábyrgð, t. d. skv. 210. gr. almennra hegningarlaga og ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, að mati myndbandanefndar. Nefndin telur einnig að útsendingar „af þessu tagi" séu „háðar eftirliti barnaverndanefnda, sbr. 43. gr. laga um vernd barna og ungmenna".

Það er eitt út af fyrir sig stórlega ámælisvert, að æðstu yfirvöld mennta- og dómsmála skuli uppvís að því að bregðast þeirri frumskyldu sinni að framfylgja settum lögum. Upplýst er að íslensk stjórnvöld hafa a. m. k. á þriðja ár látið átölu- og afskiptalaust að gildandi lög séu þverbrotin í mörgum greinum.

6. Skv. gildandi lögum bar stjórnvöldum að stöðva þá þróun, sem orðin er í myndbandavæðingu og kaplasjónvarpi. Hinn kosturinn var sá að breyta lögunum og freista þess að laga þau að gerbreyttum aðstæðum. Tillögur útvarpslaganefndar stefna í þá átt. Verði þær tillögur að lögum er fengin lagaheimild fyrir afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins. En hvort heldur um er að ræða staðarútvarp eða lokuð sjónvarpskerfi ber að sækja um leyfi fyrir slíkri starfsemi. Þau leyfi eru veitt að uppfylltum lágmarksskilyrðum. Þar með er mótuð stefna í stað stjórnleysis, stefnt að auknu frjálsræði með ábyrgð.

7. Þetta er sú leið sem flutningsmaður þessa frumvarps telur að eigi að fara. Fyrstu skrefin átti að stíga fyrir löngu. Það mátti öllum ljóst vera, sem fylgdust með þróun þessara mála í grannlöndum okkar. Hinn kosturinn er sá að hefja allsherjarmálaferli gegn þeim, sem nú hafa gerst brotlegir við úrelt lög, og reyna þannig með valdboði að stöðva þróun, sem ekki verður stöðvuð og ástæðulaust er að reyna að stöðva.

Sem nánari greinargerð með þessu frv. er vísað til álits útvarpslaganefndar frá því í október 1982, bæði almennrar greinargerðar og skýringa við einstakar lagagreinar. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á fylgiskjölum með áliti útvarpslaganefndar, einkum: Fylkir Þórisson: Staða og hugsanleg framvinda í hljóðvarps- og sjónvarpstækni (fylgiskjal III), og Markús Á. Einarsson: Lauslegt yfirlit um skipan útvarpsmála í nálægum löndum (fylgiskjal IV).

Nd. 504. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   3. gr. 5. tl. orðist svo:
   3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Heimilt er að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   31. gr. 3., 4. og 5. tl. orðist svo:
   31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr.
   31.4. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs skv. hjúkrunarlögum nr. 8/1974 og viðkomandi sjúkrahússtjórnar. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.
   31.5. Skipa má hvern þann lækni og hjúkrunarforstjóra til starfa skv. þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

Ed. 505. Lög [156. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Afgreidd frá Ed. 7. mars.)

Samhljóða þskj. 382.

Ed. 506. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. mars.)

1. gr.

Við 4. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því, að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmri starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

3. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár (í fullu starfi).

4. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi, sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

5. gr.

1. og 2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.

6. gr.

2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið, hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild á að sjóðnum, miðast elli-, örorku- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til, og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

8. gr.

Við 20. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Verði óeðlilegur dráttur á greiðslu lífeyris eða leiðréttingum á greiðslu lífeyris skal lífeyrissjóðurinn greiða það sem á vantar með verðtryggingu. Skal verðtryggingin miðuð við hækkun á lánskjaravísitölu frá þeim tíma er upplýsingar, sem rétt lífeyrisgreiðsla byggist á, hefðu fyrst getað komið í hendur sjóðsins og til þess tíma er greiðsla fer fram.

9. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánum.

10. gr.

Gildistökuákvæði.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sjóðfélagar, sem þegar hafa lokið greiðslu iðgjalda í 32 ár og enn eru í starfi, eiga rétt á því að kaupa sér lífeyrisrétt vegna hlutastarfs fyrir liðinn tíma sem ekki hafa verið greidd iðgjöld fyrir í samræmi við ákvæði 4. mgr. 10. gr. Tilkynningar um slík réttindakaup skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri ákvæðum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum. Það telst ekki skapa rétt skv. eldri lögum í þessu sambandi, að starfshlutfall sjóðfélaga hækki eftir að 7 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.

Ed. 507. Frumvarp til laga [148. mál]

um notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts á árinu 1983.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. mars.)

1. gr.

Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamati. Fasteignir, sem notaðar eru til íbúðar, skulu sem skattstofn eignarskatts þó ekki hækka meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 508. Lög [175. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 26. apríl 1978.

(Afgreidd frá Ed. 7. mars.)

Samhljóða þskj. 383.

Nd. 509. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

1. Við 2. gr. frv. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sveitarstjórn er óheimilt að hafna forkaupsrétti, ef kaupandi gefur sig fram er fullnægir skilyrðum 47. gr. Skal auglýst eftir kaupendum með opinberri auglýsingu. Gefi kaupandi sig ekki fram innan 4ra vikna frá birtingu auglýsingar, getur sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti.
2. Við 4. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Mismunur á innkaupsverði og endursöluverði að frádregnum kostnaði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna, enda fellur þá niður skylda sveitarfélags til að leggja fram 10% af fjárhæð nýrrar lánveitingar úr sjóðnum.

Nd. 510. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Matthías Bjarnason og Pálmi Jónsson.

Alþingi, 7. mars 1983.

Guðrún Helgadóttir, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Magnús H. Magnússon, frsm.

Guðm. G. Þórarinsson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 511. Breytingartillögur [230. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „25%“ komi: 20%.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Orðið „sundurliðaða“ falli brott.
4. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1983.

Ed. 512. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hlutinn með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara.	Guðm. Bjarnason.

Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 513. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Guðm. Bjarnason.	Davíð Aðalsteinsson.	Lárus Jónsson.

Ed. 514. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. lög nr. 27 23. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Guðm. Bjarnason.

Ed. 515. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið fulltrúa frá fjármálaráðuneytinu til viðræðna. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Lárus Jónsson.	Guðm. Bjarnason.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 516. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund Halldór J. Kristjánsson lögfræðing, iðnaðarráðuneytinu, og Björn Friðfinnsson frá Reykjavíkurborg. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. mars 1983.

Skúli Alexandersson, form.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm.
Jósef H. Þorgeirsson.	Pálmi Jónsson.	Páll Pétursson.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Nd. 517. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. mars 1983.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Magnús H. Magnússon.
Pálmi Jónsson.	Matthías Bjarnason.	Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Ed. 518. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. mars 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Stefán Guðmundsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 519. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða II. 2. mgr. 2. tl. orðist svo:

Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Verði um kaup að ræða á húsnæði, sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sbr. 16. gr., skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Nd. 520. Frumvarp til laga [241. mál]

um breytingu á lögum um skógrækt nr. 3 6. mars 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi nýr kafli er verði IV. kafli: **Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.**

Núverandi IV. kafli laganna verði V. kafli, V. kafli verði VI. kafli o. s. frv.

25. gr. laganna verður 29. gr., 26. gr. verður 30. gr. o. s. frv.

2. gr.

25. gr. hljóði svo (ný grein):

Ríkissjóður styrkir ræktun nytjaskóga á bújörðum í þeim héruðum landsins sem til þess hafa æskileg skilyrði, enda verði slík ræktun þáttur í búskap bænda eða jarðareigenda eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla.

3. gr.

26. gr. hljóði svo (ný grein):

Styrkur samkvæmt 25. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við ræktunina.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

a) Að skógræktarstjóri hafi staðfest skógræktaráætlun fyrir héraðið, að fenginni umsögn viðkomandi búnaðarsambands. Áætlanir skulu byggðar á könnun á skógræktarskilyrðum héraðsins og landi þeirra jarða er til greina koma.
b) Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda, og landeiganda ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar, meðferð landsins og forkaupsrétt Skógræktar ríkisins næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

4. gr.

27. gr. hljóði svo (ný grein):

Girðingar um nytjaskóga skulu gerðar samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga þessara.

Vanefni viðsemjandi Skógræktar ríkisins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 26. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað samningsaðila.

5. gr.

28. gr. hljóði svo (ný grein):

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingavaldsins um framlög til héraðsskógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé sem veitt er hverju sinni milli héraða samkvæmt staðfestum áætlunum.

Nefnd þriggja manna, skipuð fulltrúum viðkomandi búnaðarsambands, skógræktarfélags og Skógræktar ríkisins, annast framkvæmd héraðsskógræktaráætlunar.

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur með skógrækt á Íslandi er tvíþættur. Skógar eru ræktaðir til að prýða og bæta landið, en skógar eru einnig ræktaðir til nytja, framleiðslu borðviðar, girðingarstaura, jólatrjáa og skrautgreina. Skógarafurðir eru einnig nýttar sem eldiviður og gæti sá þáttur haft vaxandi þýðingu í framtíðinni. Auk þessa hefur skógrækt margþættan tilgang annan sem má færa undir óbeinar nytjar. Skógar skapa skjól, vernda og bæta jarðveg, vernda annan gróður og auka fjölbreytni hans. Skógrækt eykur þannig notagildi landsins á margvíslegan hátt, m. a. eru skóglendi víða mjög eftirsótt til útivistar.

Mikill og vaxandi áhugi er nú fyrir því meðal bænda og forvígismanna skógræktarmála að hafist verði handa um enn frekari skógrækt í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja þannig grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Er fyrirhugað að unnið verði að slíkri ræktun með skipulegum hætti á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga eða héraðsskógræktaráætlana. Með ræktun nytjaskóga er verið að leggja í sjóð fyrir framtíðina. Slík fjárfesting fer ekki að skila arði fyrr en eftir 25 til 30 ár og er því talið nauðsynlegt og eðlilegt að hið opinbera stuðli að því að þessi nýja búgrein geti orðið að raunveruleika hér á landi. Því er þetta frumvarp flutt.

Hugmyndina um sérstakar áætlanir um bændaskóga eða héraðsskógræktaráætlanir má rekja til Fljótsdalsáætlunar sem hrundið var í framkvæmd fyrir 13 árum.

Aðdragandi að Fljótsdalsáætlun var sá að á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1961 var því hreyft að gera þyrfti bændum kleift að stunda skógrækt á jörðum sínum þar sem skilyrði væru til þess. Skógræktarfélag Íslands vann síðan að málinu og hafði stjórn þess samvinnu um það við Skógræktarfélag Austurlands og skógarvörðinn á Hallormsstað, með það í huga að byrjað yrði á Austurlandi þar sem skógrækt hafði sýnt hvað bestan árangur. Þessir aðilar unnu að undirbúningi Fljótsdalsáætlunar.

Fjárveiting til Fljótsdalsáætlunar fékkst fyrst 1969. Byrjað var að girða það ár og að planta 1970. Síðar var bætt við nokkrum girðingum og eru nú 11 jarðir með í Fljótsdalsáætlun og girt land samkvæmt henni er um 370 ha. Í sum helstu svæðin er nú plöntun langt komin og hefur nær eingöngu verið notað lerki sem er tiltölulega hraðvaxin trjátegund.

Árangur þykir hafa orðið mjög góður af skógræktinni í Fljótsdal og hefur það stóraukið áhuga bænda þar og á Fljótsdalshéraði fyrir skógrækt til viðarframleiðslu. Lerkið hefur vaxið þar með þeim ágætum að senn er tímabært að grisja það og falla þá til girðingarstaurar en nokkru lengur þarf að bíða þess að annar nytjaviður fáist, svo sem borðviður.

Málið hefur vakið áhuga í öðrum landshlutum og margar samþykktir hafa verið gerðar af skógræktarfélögum og samtökum bænda þess efnis að gerðar verði fleiri héraðsskógræktaráætlanir og verulegur stuðningur veittur til þeirra af almannafé.

Með landgræðsluáætlun 1981—85 sem samþykkt var á síðasta Alþingi var veitt nokkru fé til skógræktaráætlana og hefur það verið notað til undirbúningsstarfs og til að vinna að gerð skógræktaráætlunar í Eyjafirði og í Árnessýslu. Fjárveiting þessi er ekki meiri en svo að nægja mætti til undirbúnings áætlana næstu árin. Í Eyjafirði hefur skógræktarfélagið í samvinnu við búnaðarsambandið unnið að könnun á vexti trjáa í skógarreitum víðs vegar um héraðið. Þar var einnig leitað til bænda og kannað hverjir hefðu áhuga á að taka þátt í skógrækt og hve mikið land þeir væru reiðubúnir til að leggja undir skógrækt. Reyndust þar 40 bændur vera reiðubúnir að hefja skógrækt og leggja til þess um 900 ha. Á Suðurlandi hefur Skógræktarfélag Árnesinga unnið að svipuðum undirbúningi í samvinnu við búnaðarsambandið og hefur þegar verið haft samband við bændur er hafa til þess aðstæður og eru reiðubúnir að hefja skógrækt. Suður-Þingeyingar eru einnig komnir af stað með könnun meðal bænda og á næsta sumri er fyrirhugað að kanna þar árangur skógræktar og meta land sem til greina kemur. Hreyfing er einnig á þessum málum á fleiri svæðum sem til greina koma, t. d. Borgarfirði.

Hliðstæðar skógræktaráætlanir og hér um ræðir hafa verið gerðar í ýmsum öðrum löndum. Nærtækast er að vitna til skógræktar í vestur- og norðurhéruðum Noregs þar sem skógar voru orðnir litlir eða nær engir. Þekkt er svonefnd Örstaáætlun í Vestur-Noregi um 1950 sem ruddi brautina þar í landi. Í Noregi er veitt ríkisframlag til skógræktar, mismunandi eftir landshlutum og héruðum, frá 45—50% í skógarfylkjum og upp í 75% í ýmsum fjarða- og fjallabyggðum og í Norður-Noregi. Auk þess greiða sveitarfélög framlag þannig að samanlögð framlög nema 90% af kostnaði við ræktunina. Til slíks kostnaðar telst m. a. hreinsun af kjarrlendi og annar undirbúningur landsins, plöntur og gróðursetning, girðingar um ný svæði, framræsla á raklendi í skógum og mýrum og í vissum tilfellum áburður á landið. Þá er einnig tekin með umhirða eftir gróðursetningu, svo sem hreinsun á teinungi og eyðing illgresis og endurgróðursetning, þegar fylla þarf í skörð sem myndast, svo og hreinsun á skurðum. Þessi umhirða er styrkt á vissum svæðum þar til skógurinn fer að gefa gagnvið.

Í Norður-Svíþjóð eru á svipaðan hátt veitt framlög til skógræktar sem nema allt að 90% kostnaðar. Hliðstæð framlög munu vera greidd í Skotlandi, Austurríki og víðar.

Ljóst er að þær kynslóðir sem ríða á vaðið og leggja grunn að skógum fyrir framtíðina „alheimta ei daglaun að kvöldum". Þrátt fyrir þetta er mikill áhugi á því að hafist verði handa í stærri stíl en áður. Virðist því ekki ástæða til að bíða lengur þegar möguleikarnir blasa við.

Á það hefur einnig verið bent að þegar svo háttar að við höfum þurft að draga úr kvikfjárrækt gerist þörfin enn brýnni fyrir ný verkefni í sveitum. Af sömu ástæðum þykir eðlilegra nú en áður að taka hluta af beitilandi jarða til annarra nota og liggur þá friðun til skógræktar beinast við þar sem hennar er kostur. Frjósemi lands sem nú yrði friðað mundi á allan hátt aukast og um leið verðgildi þess. Í því fælist varanleg endurheimt tapaðra gæða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Hér kemur fram tilgangur þessa frumvarps, sem er að ríkissjóður hvetji til og styrki ræktun nytjaskóga á bújörðum. Forsenda fyrir slíkum stuðningi er að skógræktin verði liður í búskap á viðkomandi bújörð. Í öðrum greinum frv. koma fram ýmis skilyrði, sem uppfylla þarf áður en styrkur verður veittur.

Um 3. gr.

Styrkur ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga á bújörðum getur í hverju tilviki mest orðið 80% af stofnkostnaði við ræktunina en viðkomandi bóndi eða jarðareigandi ber 20%. Skógrækt ríkisins ákvarðar hverju sinni og semur um hvað skuli teljast til stofnkostnaðar í þessu sambandi, en meginþættir stofnkostnaðar eru vinna, girðingarefni og plöntur.

Gert er ráð fyrir að bændur vinni við ræktunina eins og þeir hafa frekast tök á. Fagmenn á vegum Skógræktar ríkisins eða skógræktarfélaga annist verkstjórn við girðingar, segi fyrir um plöntuval, plöntun og hirðingu. Ræktun nytjaskóga yrði því verulegur atvinnugjafi í sveitunum, en að svo miklu leyti sem bændur ynnu störfin ekki sjálfir, yrði það kjörin sumarvinna ungs fólks.

Eftir að skógræktarlandið hefur verið girt og í það plantað, verða bændur að sinna og bera kostnað af viðhaldi, hirðingu og umsjón með nytjaskógum, eins og nánar á að semja um í samningi þeirra og Skógræktar ríkisins skv. b.-lið 2. mgr. þessarar greinar. Vanefni þeir skyldur sínar skv. þessum samningi m. a. um framangreind atriði, er Skógræktinni heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað samningsaðila.

Vilji leiguliði rækta nytjaskóg á ábúðarjörð sinni, þarf landeigandi að samþykkja samninginn skv. b.-lið 2. mgr. þessarar greinar. Við ábúðarlok leiguliða á jörð fer um framlög hans til skógræktarinnar eins og um aðrar umbætur í hans eigu á jörðinni skv. ábúðarlögum, nú 16. gr. l. 64/1976. Framlög ríkissjóðs skulu fylgja jörðinni.

Í samningi um forkaupsrétt Skógræktar ríksins þarf að tryggja að kaupverðið verði ekki hærra en sem nemur kaupverði landsins að viðbættum framlögum landeiganda til skógræktarinnar.

Um 4. gr.

Í 16. gr. l. 3/1955 um skógrækt eru ítarleg ákvæði um gerð skógræktargirðinga.

Um 5. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 6. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Nd. 521. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [206. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

Samhljóða þskj. 367 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

Nd. 522. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 14. gr. A, svohljóðandi:

Forsætisráðherra skal vera þjóðkjörinn. Kjörgengur er hver sá maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis.

Forsætisráðherra skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Frambjóðandi skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Kjósa skal í tveimur umferðum, ef nauðsyn krefur, og skulu tvær vikur líða í milli. Sá er réttkjörinn, er einfaldan meiri hluta hlýtur í fyrri umferð. Nái enginn frambjóðenda slíkum meiri hluta skal í síðari umferð kosið milli þeirra tveggja, er flest atkvæði hlutu í fyrri umferð. Sá þeirra er þá réttkjörinn forsætisráðherra, er fleiri atkvæði hlýtur. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann réttkjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal um framboð og kjör forsætisráðherra ákveðið með lögum.

Nd. 523. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Á eftir 14. gr. B komi ný grein, 14. gr. C, svohljóðandi:

Nú deyr forsætisráðherra eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá utanríkisráðherra taka við embætti hans og gegna því til loka kjörtímabilsins.

Nú getur forsætisráðherra ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skal utanríkisráðherra þá fara með vald hans.

Nd. 524. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Á eftir 15. gr. komi ný grein, 15. gr. A, svohljóðandi:

Ráðherrar mega ekki vera alþingismenn. Nú er alþingismaður skipaður ráðherra, og skal þá varamaður hans taka sæti á Alþingi þann tíma, er hann gegnir ráðherrastörfum.

Nd. 525. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Á eftir 17. gr. komi ný grein, 17. gr. A, svohljóðandi:
Forsætisráðherra getur efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða mál sem vera skal.

Nd. 526. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
24. gr. falli niður.

Nd. 527. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
28. gr. falli niður.

Nd. 528. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Á eftir 43. gr. komi ný grein, 43. gr. A, svohljóðandi:
Alþingi markar stefnu lýðveldisins í utanríkismálum. Ríkisstjórnin skal ávallt bera undir þingið mikilvæg utanríkismál.

Nd. 529. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
1. málsliður 24. gr. laganna orðist svo:
Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar, orlofsheimili og sumarbústaðir.

Við afgreiðslu málsins voru fjarstaddir Friðjón Þórðarson, Steinþór Gestsson og Halldór Blöndal.

Alþingi, 8. mars 1983.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Alexander Stefánsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Árni Gunnarsson.

Nd. 530. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt á sinn fund Ólaf St. Valdimarsson skrifstofustjóra samgönguráðuneytis.
Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Við afgreiðslu málsins voru fjarstaddir Friðjón Þórðarson, Steinþór Gestsson og Halldór Blöndal.

Alþingi, 8. mars 1983.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Alexander Stefánsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson.

Árni Gunnarsson.

Nd. 531. Frumvarp til laga [143. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. mars.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðbótum af veittum lánum.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði að upphæð 115 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1982.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977, og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnar hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði samkvæmt VII. kafla þessara laga.

2. gr.

9. töluliður 11. gr. laganna orðist svo:

Lán til byggingarsamvinnufélaga og annarra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Lán samkvæmt 1. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum og fyrirtækjum til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Lánsfjárhæð til hverrar íbúðar fer eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúða sbr. 35. gr.

Ef umsækjandi um lán ætlar að byggja leiguíbúð eina eða fleiri eða leigja sína fyrri íbúð þegar byggingu er lokið, skal hann undirrita skuldbindingu um að hann muni leigja hana til íbúðar þegar nýja íbúðin er fullgerð.

Ef lántakandi stendur ekki við skuldbindingu sína samkvæmt framansögðu, sameinar íbúðina annarri íbúð eða tekur til annarra nota en íbúðar, fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara.

Samkvæmt þessari grein skal einnig veita lán til þeirra, sem byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða til einkaeignar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til umsækjenda, sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð, er talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

4. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Lán samkvæmt 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum sem byggja íbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar ákveða hámarkshlutfall lána samkvæmt þessari grein fyrir næsta ár. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fokheld.

Heimilt er að selja lífeyrisþegum hlutdeild í íbúð sem byggð er samkvæmt þessari grein með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta. Nánari reglur um slíka hlutareign leigutaka skulu settar í reglugerð.

Að fengnu leyfi Seðlabanka Íslands er sveitarfélögum, eða öðrum sem byggja samkvæmt þessari grein, heimilt að selja verðtryggð skuldabréf til einstaklinga, sem með kaupum á skuldabréfum vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili. Skuldabréfin skulu tryggð með öðrum veðrétti í viðkomandi íbúð næst á eftir veði Byggingarsjóðs ríkisins og vera verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Heimilt er að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra flytur úr íbúðinni eða vistheimilinu, svo og við andlát hans.

Ekki er heimilt að ráðstafa meira en helming íbúða eða vistrýma í hverjum byggingaráfanga gegn sölu á skuldabréfum, nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að setja það skilyrði fyrir lánum að íbúðir fyrir aldraða séu í næsta nágrenni við heilsugæslustöð.

5. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Lán til viðbyggingar eða endurbóta á eldra húsnæði má nema allt að 40% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu. Ef um viðbyggingu er að ræða og jafnframt eldra húsið endurbyggt og hvor verkþáttur um sig uppfyllir reglur húsnæðismálastjórnar um lánshæfni má lánið nema samtals allt að 80% af fullu láni til nýbyggingar.

6. gr.

Í 2. mgr. 24. gr. laganna falli brott orðin „og með bakábyrgð sveitarstjórnar".

7. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja húsnæði sem talið er heilsuspillandi, sé það álitið hagkvæmt, að mati byggingarfróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefna.

Í 4. mgr. 25. gr. laganna falli brott orðin „og með bakábyrgð sveitarstjórnar".

8. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð láns skv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% kostnaðar vegna framkvæmda skv. 26. gr.

Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Ef lántaki er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið, að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu, er heimilt að fresta afborgunum um óákveðinn tíma. Gildir þá ekki ákvæði 1. ml. um hámarkslánstíma. Lánið fellur þó í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um lánskjör.

9. gr.

Við 32. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Nú notfærir byggingarsamvinnufélag, sem uppfyllir ákvæði VIII. kafla laga þessara, eða viðurkenndur framkvæmdaaðili í byggingariðnaði sér ekki heimild til framkvæmdaláns hjá Byggingarsjóði ríkisins og skal þá heimilt að greiða út lán til ofangreindra aðila með þeim

hætti að fyrri hluti lánsins komi til útborgunar einum mánuði eftir fokheldisstig og seinni hluti sex mánuðum síðar.

10. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands. Þó skulu vextir af lánum samkvæmt 5. tl. 11. gr. vera bundnir við 0.5% og lán samkv. 6. tl. 11. gr. vera vaxtalaus. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og innheimtuþóknun lánastofnana af lánum sjóðsins.

4. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagar lána samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera eigi færri en fjórir á ári. Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að fjölga gjalddögum, ef það er talið æskilegt. Gjalddaga lána samkvæmt 8. og 9. tl. 11. gr. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

11. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó húsnæðismálastjórn að fengnu samþykki félagsmálaráðherra að ákveða hærra lánshlutfall og lengja lánstíma til þeirra sem enga íbúð eiga fyrir og hafa ekki átt íbúð eða aðra sambærilega eign á síðustu tveimur árum. Þá skal viðmiðun lána til nýbygginga á lögbýlum vera einum staðli hærri en gildir miðað við fjölskyldustærð lántakanda.

12. gr.

Við 36. gr. laganna bætist nýr stafliður svohljóðandi:

c) Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

13. gr.

e-liður 37. greinar laganna falli brott.

14. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Verði umsóknir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða eða leiguíbúða fleiri en sjóðurinn getur veitt á því ári skal húsnæðismálastjórn gera áætlun til þriggja ára í senn um það hvernig þörfum hvers sveitarfélags fyrir slíkar íbúðir verði fullnægt.

15. gr.

Við 42. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar:

Ef nauðsynlegt er vegna aðstöðu á byggingarstað eða af öðrum ástæðum að byggja bílskúr eða bílskýli með íbúðum í verkamannabústöðum þá skal kostnaður við þær framkvæmdir dreginn frá byggingarkostnaði íbúðanna áður en lán til þeirra er ákveðið.

Við endursölu á íbúð í verkamannabústöðum skal bílskúr eða bílskýli sem tilheyrir íbúðinni metið sérstaklega, og er eigi skylt að staðgreiða seljanda þann hlut eignarinnar.

16. gr.

2. mgr. 48. gr. laganna orðist svo:

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal stjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar til sölu. Í auglýsingunni skal koma fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

17. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp í áætlað kostnaðarverð innan mánaðar frá því að úthlutun fer fram. Stjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga á framlagi kaupenda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að hluti kaupenda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð í verkamannabústað ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum samkvæmt ákvörðun stjórnar verkamannabústaða, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann var búinn að greiða auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

18. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður verkamanna skal að jafnaði taka 1. veðrétt í íbúð fyrir þeim lánum sem hann veitir. Nú á kaupandi að íbúð í verkamannabústað rétt á láni í lífeyrissjóði og er þá heimilt að lífeyrissjóðurinn taki 1. veðrétt fyrir sínu láni en Byggingarsjóður verkamanna 2. veðrétt, enda lækki lán Byggingarsjóðs verkamanna sem því nemur.

19. gr.

Úr 4. ml. 1. mgr. 52. gr. laganna falli niður orðin:

„sem nemur 10% af byggingarkostnaði".

Niður falli síðasti málsliður 1. mgr. svohljóðandi:

„Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð".

Úr 3. mgr. 52. gr. falli niður orðin:

„þ. e. 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. ár hvert".

20. gr.

Í stað orðanna í 53. gr. laganna „sem tilgreint er í 48. gr. fyrstu 30 árin" komi: sem tilgreint er í 54. gr. fyrstu 15 árin.

21. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Eigandi íbúðar í verkamannabústað, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það stjórn verkamannabústaða eða sveitarstjórn, sem kaupir íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerða samkvæmt þeim.

Stjórn verkamannabústaða skal í umboði sveitarstjórnar annast innkaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum, ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Við innkaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt mati matsnefndar félagslegra íbúða.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði

íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin er afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt mati matsnefndar, svo og lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá þeim tíma þegar íbúðin var afhent til söludags. Frá því verði skal draga fyrningu skv. 4. mgr. þessarar greinar. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en sem nemur 80% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 80% af söluverði íbúðarinnar.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá matsnefnd félagslegra íbúða afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar m. a. byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Eftirstöðvar áhvílandi lána hjá Byggingarsjóði verkamanna skulu þá afskrifaðar í sama hlutfalli.

22. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna orðist svo:

Nú samþykkir sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúnahreppi að leysa hluta af íbúðaþörf þeirri, sem fram kemur við könnun samkvæmt 40. gr. þessara laga, með byggingu leiguíbúða samkvæmt b-lið 36. gr., og sendir þá sveitarstjórn Húsnæðisstofnun ríkisins tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórnin formlega umsókn um lán til framkvæmdanna úr Byggingarsjóði verkamanna. Á sama hátt skulu þeir aðilar er hyggjast standa að byggingu leiguíbúða samkvæmt c-lið 36. gr., að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórn, senda inn formlega umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna. Í umsókn umsóknaraðila skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar.

23. gr.

57. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal fela tæknideild Húsnæðisstofnunarinnar að yfirfara tillögu byggingaraðila á sama hátt og fyrir er mælt í 44. gr., að því er verkamannabústaði varðar.

24. gr.

1. mgr. 58. gr. laganna orðist svo:

Telji húsnæðismálastjórn, að fenginni umsögn tæknideildar, fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir ákvæði b- eða c- liðar 36. gr. þessara laga, heimilar hún byggingaraðila að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

25. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:

Þegar framkvæmdaheimild hefur verið veitt gerir Húsnæðisstofnun framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi byggingaraðila leiguíbúða. Skal þar kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar hluta hans í fjármögnun framkvæmdanna samkvæmt 1. mgr. 60. gr. þessara laga. Miða skal við, að lánsfé komi til greiðslu í samræmi við framkvæmdahraða og skal byggingaraðili senda skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni sem Húsnæðisstofnun nefnir til.

26. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga skv. b-lið 36. gr. mega nema 80% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúða þeirra, sem gilda til viðmiðunar fyrir fyrirhugaðar íbúðir, sbr. ákvæði 35. gr. laga þessara. Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. c-lið 36. gr. mega nema allt að 65% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Annan kostnað við framkvæmdirnar skal hlutaðeigandi byggingaraðili bera. Nú verður raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur áætluðu verði staðalíbúðar, og skal þá hlutaðeigandi byggingaraðili standa undir þeim umframkostnaði.

Heimilt er aðilum er byggja leiguíbúðir skv. c-lið 36. gr. að selja leigutaka hlutareign í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni, en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, en án vaxta. Nánari reglur um hlutareign leigutaka skulu settar í reglugerð.

Lán til leiguíbúða skulu að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í þeim íbúðum sem byggðar eru.

Lánin skulu veitt til 31 árs og vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðist síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á 30 árum. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 52. gr.

Gjalddagar lánanna skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

27. gr.

62. gr. laganna orðist svo:

Leiguíbúðum, sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga samkvæmt b-lið 36. gr., skal stjórn verkamannabústaða ráðstafa í umboði sveitarstjórnar. Við úthlutun íbúðanna skulu þeir hafa forleigurétt sem búa við lakastar aðstæður, svo sem láglaunafólk, einstæð foreldri og aðrir þeir, sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, þ.á m. ungt fólk fyrstu búskaparárin.

Leiguíbúðum, sem byggðar eru samkvæmt c-lið 36. gr., skal lántakandi ráðstafa.

Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og um ákvörðun húsaleigu skulu sett í reglugerð.

28. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Nú er talið hagkvæmt að kaupa eldra húsnæði til nota sem leiguíbúð og er þá Byggingarsjóði verkamanna heimilt að veita lán til slíkra kaupa samkvæmt 60. gr., enda fullnægi húsnæðið þeim almennu kröfum, sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði, og kaupverð sé eigi hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar. Lánveiting sjóðsins má þá nema sama hlutfalli af kaupverði að frádregnum áhvílandi lánum og lánað er til nýbygginga.

29. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum, meðan á þeim hvíla lán frá Byggingarsjóði verkamanna.

30. gr.

Við 66. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Verðlagning íbúða í verkamannabústöðum skal fara fram samkvæmt ákvæðum þessarar greinar til ársloka 1983 en frá þeim tíma greiðast ekki frekari verðbætur á eftirstöðvar af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Frá 1. jan. 1984 reiknast fullar verðbætur samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á eign seljanda í íbúðinni eins og hún var við árslok 1983.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá matsnefnd félagslegra íbúða afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar m. a. byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Eftirstöðvar áhvílandi lána hjá Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skulu þá afskrifaðar í sama hlutfalli.

31. gr.

Við 73. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita þeim viðbótarlán við önnur lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem taka út sparifé sitt til þess að kaupa eða byggja íbúð. Húsnæðismálastjórn skal setja nánari reglur um þær lánveitingar.

32. gr.

75. gr. laganna orðist svo:

Póstgíróstofan skal annast innheimtu á skyldusparnaði samkvæmt lögum þessum með sama hætti og orlofsfé af tímakaupi launafólks. Skylt er launagreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skila því til Póstgíróstofunnar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði frá skattstjóra um undanþáguheimild sína.

33. gr.

76. gr. laganna orðist svo:

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni sem skylt er að greiða hann samkvæmt lögum þessum, eða vanrækir að skila til Póstgíróstofunnar fjármagni sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna, er hann ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtur annarra skatta, þ. á m. varðandi fjárnám og álagningu dráttarvaxta.

34. gr.

Á eftir VII. kafla laganna komi nýr kafli, er verði VIII. kafli, 77.—83. gr., með fyrirsögninni: Um byggingarsamvinnufélög, og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að VIII. kafli verður IX. kafli og 77.—79. gr. verða 84.—86. gr.

35. gr.

77. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið, og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum skv. lögum nr. 46 1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum, sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra, sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“, og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

36. gr.

78. gr. laganna orðist svo:

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46 frá 1937 um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarkstala stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum, er miði m. a. að því, að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna á fullnægjandi hátt félagsmönnum að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal síðan rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ hlutar atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna enda séu fundirnir lögmætir samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meirihluti í öðru eða einu þeirra félaga, sem í hlut á, og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

37. gr.

79. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri, meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 32. gr. laga þessara er heimilar að greiða lán til byggingarsamvinnufélaga með þeim hætti að fyrri hluti lánsins greiðist einum mánuði eftir fokheldisstig og seinni hluti sex mánuðum síðar. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélögum er veitt lán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokaáfanga skuli skilað.
c. Með varasjóðstillagi, er nemi allt að 2% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð.
d. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð, er nemur minnst 1/5 hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann, og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða bönkunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki, sem hann á aðild að, og ganga þá, ásamt vöxtunum, upp í byggingarkostnaði.

   Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

38. gr.

80. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna, og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu téð skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir, sem fyrr uppfylltu skilyrðið, gangi fyrir hinum, sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum, koma þeir, sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð, en ekki enn eignast tilskilinn 1/5 hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir, sem eiga meiri stofnsjóðseign, ganga fyrir hinum, sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis, sem fyrr gengu í félagið. Þeir félagsmenn, sem ekki eru íbúðareigendur, skulu þó hafa forgangsrétt fyrir þeim, sem eiga hús eða íbúð fyrir á félagssvæðinu, sem að áliti stjórnar félagsins fullnægir íbúðaþörf þeirra.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum, eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun. Yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

39. gr.

81. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareigenda í málum, sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar, uns íbúðirnar hafa verið afhentar, og heimilt er henni að taka að sér málarekstur á síðara stigi, ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða, að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði, allt að þeirri fjárhæð, sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

Byggingarsamvinnufélag verður ekki krafið skaðabóta af einstökum félagsmönnum eða byggingarflokki, nema tjón verði rakið til mistaka eða vanrækslu stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins.

40. gr.

82. gr. laganna orðist svo:

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að

gerast félagi í byggingasamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

41. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Enn fremur skal hún með lánum skv. 32. gr. laga þessara stuðla að því að unnt sé að ljúka framkvæmdum á sem skemmstum tíma.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

42. gr.

Töluliður 1 til 6 í ákvæði til bráðabirgða falli brott en í stað þeirra komi eftirfarandi:

1. Ríkisstjórn er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að fresta hluta afborgana af fullverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins ef greiðslubyrði lánanna eykst frá því sem hún var í október 1982 vegna hækkunar á lánskjaravísitölu umfram hækkun vísitölu kauptaxta verkamanna, samkvæmt útreikningum kjararannsóknanefndar. Þeim afborgunum sem frestað er samkvæmt framansögðu skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengjast eftir þörfum svo að greiðslubyrði lánsins aukist ekki af þeim sökum.
2. Ríkisstjórninni er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974 til 1979 ef uppfærðar eftirstöðvar láns nema hærri fjárhæð en 250 þúsundum króna miðað við október 1982. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðun er tekin um vaxtalækkun.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36 frá 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og lög nr. 59 frá 1973, um breytingu á lögum nr. 30 frá 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 51/1980 og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 532. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um laxveiðar Færeyinga í sjó.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt á mörgum fundum þingsályktunartillögu Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Alberts Guðmundssonar um laxveiðar Færeyinga í sjó.

Utanríkismálanefnd varð sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar svo

BREYTTRAR:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að stöðva veiðar Færeyinga á Atlantshafslaxinum í hafinu í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, enda verði að því stefnt, að allar laxveiðar í sjó verði bannaðar á Norður-Atlantshafi.

Alþingi, 8. mars 1983.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Halldór Ásgrímsson.	Albert Guðmundsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Sþ. 533. Þingsályktun [186. mál]

um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Sþ. 8. mars.)

Samhljóða þskj. 314.

Sþ. 534. Þingsályktun [139. mál]

um öryggiskröfur til hjólbarða og innflutningsgjöld af hjólbörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning og notkun hjólbarða með hliðsjón af því, sem tíðkast í grannlöndum okkar, og kanna jafnframt hvort unnt sé að lækka verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum.

Ed. 535. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 8. mars 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Stefán Guðmundsson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um landvörn við Markarfljót.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Steinþór Getsson, Jón Helgason,
Eggert Haukdal, Garðar Sigurðsson, Magnús H. Magnússon,
Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, með hvaða hætti sé hagkvæmast að koma í veg fyrir áframhaldandi landbrot Markarfljóts sunnan varnargarða beggja vegna fljótsins, en þó sérstaklega á vesturbakka þess, frá Dalseli til sjávar, þar sem nú eru einnig í stórhættu vatns- og rafmagnsveitur Vestmanneyinga, ásamt öðrum veitumannvirkjum.

Greinargerð.

Allt frá því að varnargarðar og brú á Markarfljóti voru gerð hefur fljótið brotið land beggja vegna árinnar neðan brúar.

Ágangur hefur verið það mikill að gera hefur þurft varnargarða að austan svo til samfellt niður með grónu landi að Seljanesmúla, en þaðan var byggður tæplega 3 m langur varnargarður til að varna því að fljótið rynni til austurs yfir gróin lönd undir Eyjafjöllum.

Að vestan hefur einnig þurft að byggja varnargarða til að varna því að fljótið eða kvíslar úr því brytu sér farveg til vesturs um Landeyjar. Þessir garðar (Fauskagarðar) ná nú um 4.5 km niður fyrir brú.

Neðan við þessa garða hefur Markarfljót brotið mikið land og þá einkum á vesturbakkanum.

Austan Dalsels hefur fljótið brotið um 800 m breiða spildu af grónu landi og um 1200 m breiða spildu af grónu landi austan Brúna og Tjarna, ef miðað er við kort, sem gerð voru sumarið 1929, og loftmyndir, sem teknar voru sumarið 1976.

Mjög erfitt er að áætla með nokkurri nákvæmni hve mikið af grónu landi hefur horfið vegna þessa vatnságangs, en lauslegir útreikningar sýna að þetta er sennilega á bilinu 300—400 ha.

Á síðustu árum hefur fljótið brotið mjög af landi niður undir sjó, og sýna þær mælingar, sem framkvæmdar hafa verið síðan um mitt sumar 1978, að á kafla, sem er 0,4—0,8 km ofan við ströndina, hefur landbrot verið um 5—6 m á mánuði að meðaltali á þeim 4 árum, sem mælingar hafa verið gerðar.

Vatnsveita Vestmannaeyja liggur þarna tæpa 2 km vestan við bakka Markarfljóts, og ef landbrot heldur áfram með sama hraða má reikna með að fljótið nái vatnsleiðslunni á fyrsta tug næstu aldar, en mesta hættan liggur í því, að fljótið leggist með fullum krafti á vesturbakkann, og þá má búast við að landbrotið verði mun hraðar en nú er.

Samkvæmt langtímaáætlun í vegagerð er reiknað með að ný brú verði byggð á Markarfljót á 2. tímabili áætlunar eða einhvern tíma á árunum 1986—90.

Sú brú verður um 5 km neðan við núverandi brú, en þaðan eru um 10 km niður að sjó.

Á austurbakka á eftir að verja 7 km, en á vesturbakkanum þarf að verja alla leið frá væntanlegri brú og niður að sjó.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er fyrst og fremst sá að vekja athygli á máli sem ekki þolir langa bið, þar sem mjög veruleg hætta er á að Markarfljót geti valdið enn þá meiri skemmdum en orðið er, sé ekki brugðið fljótt við.


Gunnarshólmi
Stóra-dímonargarður
Telgingar
Ljósadíll
Fauskagarður
Litla-dímonargarður
Steinmóðurmýr
Stóri-Dalur
Bjarkarland
Dalssel
Nýr garður
Borgareyrar
Hólmabúir
Fauskur
Selsá
Selsá-Valnhólsá
Brúnir
Tjarnir
Selsá-Mýrar
Selsá-Hjáleiga
Selsá-Landsgarður
Selsá-Landsfoss
Selsá-Land
Fiskármýri

Ed. 537. Frumvarp til stjórnskipunarlaga [243. mál]

um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Flm.: Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra.

I.

1. gr.

Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.
Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands.
Handhafar ríkisvaldsins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar.

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara með löggjafarvaldið.
Forseti, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.
Dómendur fara með dómsvaldið.

II.

3. gr.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningabærra manna og mest 6000. Að öðru leyti skal ákveðið með lögum um framboð og kjör forseta.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Sá sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtímabili hans er lokið, og skal þá innan sex mánaða kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum önnur launuð störf.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en Þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti ber ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

12. gr.

Forseti hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forseti ákveður hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Jafnframt ákveður hann tölu þeirra og skiptir störfum með þeim að tillögu forsætisráðherra.

Ríkisstjórn skal njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hún skal því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur.

Hafi viðræður um stjórnarmyndun samkvæmt 2. málsgrein ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan 8 vikna, er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.

Ríkisstjórn eða ráðherra skal láta af störfum, ef meiri hluti Alþingis lýsir yfir vantrausti.

14. gr.

Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.

Lög og þær stjórnarráðstafanir, sem krefjast undirritunar forseta, skulu bornar upp við forseta í ríkisráði. Ákveða skal með lögum hvaða önnur málefni eru þar borin upp.

15. gr.

Ráðherrar fara með vald forseta, sbr. þó 13. og 24. gr., og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Hæstiréttur dæmir þau mál.

16. gr.

Ríkisstjórnarfundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ríkisstjórnarfund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.

17. gr.

Ríkisstjórnin hefur aðsetur í Reykjavík.

18. gr.

Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

19. gr.

Fyrir skal mælt í lögum um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Engan má skipa starfsmann ríkisins, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Þeir starfsmenn, sem forseti skipar, skulu vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

20. gr.

Forseti og ríkisstjórn gera samninga við önnur ríki.

Enga samninga má gera, er hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða lofthelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. Gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra samninga við önnur ríki.

21. gr.

Forseti stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hvenær því skuli slitið, að tillögu forsætisráðherra. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður Alþingi á sama hátt til aukafunda þegar nauðsyn er til.

22. gr.

Forseti getur, að tillögu forsætisráðherra, frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

23. gr.

Forseti getur rofið Alþingi með samþykki þess og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 4 mánuðum eftir að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.

24. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta eigi síðar en þremur vikum eftir að það var samþykkt. Áður en forseti tekur ákvörðun um staðfestingu frumvarpsins, getur hann óskað eftir því, að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að ósk um hana var borin fram. Sé frumvarpið þar fellt, er forseta heimilt að neita að staðfesta það. Sé það samþykkt, skal forseti staðfesta það.

25. gr.

Birta skal lög. Lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

Einnig skal birta mikilvægar stjórnvaldsákvarðanir, sem hagsmuni almennings varða.

26. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti að tillögu ráðherra gefið út bráðabirgðalög milli þinga, en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau þó brjóta í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalög 3 mánuðum eftir að þing er sett, og falla þau þá úr gildi.

27. gr.

Forseti getur, að tillögu ráðherra, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna málshöfðunar Alþingis, nema með samþykki þess.

III.

28. gr.

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurkjördæmi.
   Til þess telst Reykjavík.
2. Reykjaneskjördæmi.
   Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.
3. Vesturlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
4. Vestfjarðakjördæmi:
   Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
   Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
   Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
   Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

Þingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti

Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.
c. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt c-lið sömu málsgreinar.

29. gr.

Alþingi starfar í einni málstofu.

30. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

31. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt hefur til Alþingis.

Hæstaréttardómarar og ríkissaksóknari eru þó ekki kjörgengir.

IV.

32. gr.

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti að tillögu forsætisráðherra ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

33. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

34. gr.

Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti, að tillögu forsætisráðherra, ákveðið að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

35. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

36. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

37. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína.

38. gr.

Alþingi kýs forseta sinn, og stýrir hann störfum þess.

39. gr.

Alþingi kýs fastanefndir til upphafs næsta þings til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum. Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál, er almenning varða, og veitt þeim rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum og einstökum samtökum eða fyrirtækjum.

Þá getur Alþingi kjörið sérstakar nefndir þingmanna til að rannsaka mál, þegar brýn ástæða þykir til, og skal í lögum kveðið á um réttindi, skyldur og starfsháttu slíkra nefnda.

40. gr.

Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til þingsályktana hafa þingmenn, ráðherrar og ríkisstjórn.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum á Alþingi. Meira en helmingur þingmanna þarf að vera á fundi til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál við hverja umræðu; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði og lagafrumvarpið í heild.

41. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Í frumvarpinu skal fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár.

42. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

43. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins, né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

44. gr.

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.

Þeir, sem endurskoðun annast, skulu eiga aðgang að öllum skýrslum, skjölum og öðrum gögnum, sem þeim þykir þurfa til þess að geta leyst starfann af hendi.

Nánar skal fjallað um endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í lögum.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki setja neinn alþingismann í varðhald eða höfða mál á hendur honum án samþykkis þingsins, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema Alþingi leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum, krafist þess, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, og sker þá þingfundur úr.

49. gr.

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

V.

50. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

51. gr.

Hæstiréttur er æðsti dómstóll landsins. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin með lögum. Hið sama gildir um aðra dómstóla landsins.

52. gr.

Ríkissaksóknari fer með ákæruvaldið. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin í lögum. Ríkissaksóknari er einungis bundinn af lögunum í embættisstörfum sínum.

53. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Ekki má fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum.

54. gr.

Dómstólar eiga úrskurðarvald um réttarágreining, með þeim undantekningum, sem ákveðnar eru í lögum. Þeir skera úr öllum ágreiningi um valdmörk stjórnvalda og hvort lög brjóta í bág við stjórnarskrá.

Enginn getur frestað réttaráhrifum stjórnvaldsboðs með því að skjóta málinu til dóms.

55. gr.

Dómendum Hæstaréttar, öðrum umboðsstarfalausum dómendum og ríkissaksóknara verður ekki vikið úr embætti nema með dómi. Ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti gegn vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana.

VI.

56. gr.

Landið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstjórnarinnar. Stjórnir sveitarfélaga skulu kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.

57. gr.

Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum, sem og skiptingu á verkefnum sveitarfélaga og ríkisins, skal skipað með lögum. Um tekjustofna sveitarfélaga skal einnig fjallað í lögum.

58. gr.

Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal og skipað með lögum.

VII.

59. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

60. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

61. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, er hann sjálfur tilnefnir, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VIII.

62. gr.

Allir skulu njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum.

63. gr.

Mannréttinda skulu menn njóta án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti.

64. gr.

Frelsissviptingu verður því aðeins beitt, að til hennar sé sérstök lagaheimild, enda fari um framkvæmd hennar eftir lögmæltum reglum. Sá sem orðið hefur að þola frelsissviptingu af hálfu stjórnvalda, skal eiga rétt til þess að bera málið undir dómara og hljóta úrlausn hans án ástæðulauss dráttar.

Hver sá, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni. Skal án undandráttar leiða hann fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í gæsluvarðhald. Engum manni skal haldið í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, og megi láta hann lausan gegn tryggingu, skal ákveða í dómsúrskurði hver trygging skuli vera. Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, sem aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

65. gr.

Allir skulu hljóta réttláta meðferð mála sinna fyrir dómstólum. Hver sá, sem sakaður er um refsiverða háttsemi, skal talinn saklaus, uns sekt hans hefur verið sönnuð lögum samkvæmt.

66. gr.

Enginn skal sekur fundinn um refsivert athæfi, nema brot hans hafi varðað refsingu að lögum á þeim tíma, er það var framið. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en heimilt var á þeim tíma, þegar refsivert verk var unnið.

67. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa bréf- og símleynd, nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Ákvæði um vernd upplýsinga um einkahagi manna skulu sett í lögum.

68. gr.

Virða ber skoðanafrelsi manna. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi.

70. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

71. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

72. gr.

Enginn Íslendingur verður sviptur ríkisborgararétti sínum og engum þeirra meinað að koma inn í landið. Allir, sem eiga löglega dvöl í landinu, skulu frjálsir ferða sinna og ráða búsetu sinni. Öllum skal frjálst að fara úr landi.

73. gr.

Allir skulu eiga rétt á félagslegri aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli eða af öðrum ástæðum, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

74. gr.

Allir skulu eiga rétt til að njóta menntunar og fræðslu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

75. gr.

Rétti manna til vinnu og orlofs skal skipað með lögum.

IX.

76. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum.

77. gr.

Skattamálum skal skipað með lögum.

Óheimilt er eftir mitt ár að setja lög, sem leiða til hækkunar skatta á tekjur liðins árs eða eignir í lok liðins árs.

78. gr.

Alþingi kýs fulltrúa, sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess, að stjórnsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna, og skal nánar um það fjallað í lögum.

Sérhver sá, sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda, getur leitað til ármanns með erindi sitt.

79. gr.

Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga.

Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti að öðrum náttúruauðæfum skal skipað með lögum.

80. gr.

Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu.

Landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar nýtingar landsins til útivistar. Nánar skal fjallað um rétt þennan í lögum.

81. gr.

Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

82. gr.

Fjórðungur alþingiskjósenda getur óskað eftir því, að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni. Um framkvæmd slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu skal nánar fyrir mælt í lögum.

83. gr.

Sé tillaga um breytingu á stjórnarskránni samþykkt á Alþingi, skal fara fram um hana þjóðaratkvæðagreiðsla. Hljóti hún þar samþykki og sé einnig samþykkt óbreytt á Alþingi að loknum næstu kosningum, skal hún staðfest af forseta, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins samkvæmt 59. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

84. gr.

Með stjórnskipunarlögum þessum er úr gildi numin stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 51 14. ágúst 1959 og stjórnarskipunarlög nr. 9 5. apríl 1968.

Greinargerð.

Á þeim árum, er stofnun lýðveldisins var í undirbúningi, þótti það einsýnt, að endurskoða skyldi stjórnarskrána frá 1874 í heild. Það verk er hins vegar svo viðamikið, að ekki reyndist unnt að ljúka því 1944.

Tvær nefndir störfuðu um þessar mundir samtímis að endurskoðun stjórnarskrárinnar, önnur undir formennsku Gísla Sveinssonar, hin var ráðgjafarnefnd undir forystu Sigurðar Eggerz. Nokkrum árum síðar, 1947, tók við stjórnarskrárnefnd, sem Bjarni Benediktsson var formaður fyrir. Árið 1972 var enn skipuð stjórnarskrárnefnd, og var Hannibal Valdimarsson formaður hennar.

Í desember 1978 var skipuð stjórnarskrárnefnd sú, sem síðan hefur starfað. Í henni eiga sæti:

Gunnar Thoroddsen, formaður
Gylfi Þ. Gíslason
Jón Baldvin Hannibalsson
Matthías Bjarnason
Ólafur Ragnar Grímsson
Ragnar Arnalds
Sigurður Gizurarson
Tómas Tómasson
Þórarinn Þórarinsson

Ráðunautur nefndarinnar er Gunnar G. Schram og ritari Guðmundur Benediktsson.

Í ágústmánuði 1980 sendi nefndin frá sér tvær skýrslur. Önnur þeirra var „yfirlit um ýmis atriði, sem koma til athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar". Hin „hugmyndir um breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi".

2. desember 1982 gaf nefndin út skýrslu um kjördæmamálið og í janúar 1983 skýrslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild.

Svo sem greint er frá í formála þeirrar skýrslu „hefur ýmsum greinum stjórnarskrárinnar verið breytt allverulega frá því sem nú er, en aðrar greinar eru óbreyttar... Hefur náðst samstaða í nefndinni um að senda þingflokkunum þessa skýrslu sem grundvöll að umræðum innan þeirra um textann. Nefndarmenn hafa gert fyrirvara um afstöðu flokka sinna og sína, þegar málið kemur fyrir Alþingi."

Skrá um helstu breytingar og nýmæli.

1. Lýðræði, þingræði og jafnrétti skulu vera grundvallarreglur stjórnskipunarinnar. Stjórnvöld ríkisins fari með vald sitt í umboði þjóðarinnar.
2. Þingræðisreglan staðfest með því að ríkisstjórn skuli njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hún skuli því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um að meiri hluti þings sé henni ekki andvígur.
3. Hafi viðræður um stjórnarmyndun ekki leitt til nýrrar ríkisstjórnar innan átta vikna er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.
4. Breytt ákvæði um skipun og setningu ríkisstarfsmanna.
5. Samningar Íslands við önnur ríki skulu allir kunngerðir Alþingi.
6. Forseti getur aðeins rofið Alþingi með samþykki þess sjálfs. Þingrofsrétturinn þannig verulega þrengdur.
7. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags.
8. Synjunarvaldi forseta breytt. Frumvarp fái ekki lagagildi fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu, sé það þar samþykkt.
9. Heimild til bráðabirgðalaga þrengd frá því sem nú er.
10. Alþingi starfi í einni málstofu.

11. Kosningaaldur lækkaður og lögheimilisskilyrði rýmkað.
12. Veruleg breyting gerð á ákvæðum um nefndir Alþingis og vald þeirra.
13. Nýtt fyrirkomulag á endurskoðun ríkisreikninga.
14. Landsdómur lagður niður.
15. Ákvæði um ríkissaksóknara tekin í stjórnarskrá.
16. Skýrt fram tekið að ráðherrar fara með vald forseta **nema** á tveimur sviðum, við stjórnarmyndanir og staðfestingarneitun.
17. Ákvæði tekin upp um Hæstarétt og dómsmálakaflinn allur gerður ítarlegri.
18. Mannréttindakaflinn gerður miklum mun ítarlegri. Ný mannréttindi tekin upp í kaflann.
19. Mun ítarlegri ákvæði um réttindi sveitarfélaga landsins.
20. Bann við afturvirkni skattalaga.
21. Ákvæði um auðlindir landsins.
22. Ákvæði um náttúruvernd.
23. Ákvæði um heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu.
24. Ný ákvæði um það hvernig stjórnarskránni verði breytt.
25. Umboðsmaður eða ármaður Alþingis. Hlutverk hans að kanna kærur vegna meintra misgerða yfirvalda gagnvart borgurunum.

Varðandi kjördæmamálið vísast til athugasemda um 28. gr.

Um 1. gr.

Hér er fram tekið þegar í upphafi, að Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi. Er það til áherslu á frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar bæði í eigin málum og gagnvart öðrum ríkjum. Með því er jafnframt minnt á þann merka viðburð í þjóðarsögunni, er Ísland hlaut fullveldisviðurkenningu þann 1. desember 1918. Stjórnarformið lýðveldi var lögfest með stjórnarskránni nr. 33 17. júní 1944.

Í 1. gr. núgildandi stjórnarskrár segir aðeins: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.“

Önnur og þriðja málsgrein greinarinnar eru því nýmæli.

Í annarri málsgrein er fram tekið hverjar eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands: lýðræði, þingræði og jafnrétti. Þessi þrjú atriði hafa í raun verið og eru hornsteinar íslenskrar stjórnskipunar, þótt þeirra hafi ekki verið getið í stjórnarskrá til þessa.

Í lýðræðishugtakinu felst það meðal annars, að allir þegnar þjóðfélagsins, sem kosningarrétt hafa, kjósa æðstu handhafa löggjafar- og framkvæmdarvalds í leynilegum og almennum kosningum. Handhafar framkvæmdarvaldsins eru bundnir að lögum og öllum landsmönnum tryggð grundvallarmannréttindi. Dómstólar landsins eru sjálfstæðir, eiga einungis að dæma eftir lögum, en eru ekki bundnir við nein fyrirmæli framkvæmdarvaldshafa.

Þingræðisreglan er nú á órækan hátt lögfest í stjórnarskrá.

Eitt meginmarkmið sjálfstæðisbaráttunnar var það að fá innlenda stjórn, er ábyrg væri gagnvart Alþingi. Þótt Alþingi væri með stjórnarskránni 1874 veitt hlutdeild í löggjafarvaldinu í hinum svonefndu sérmálum, fékk það ekki jafnframt því rétt til áhrifa á meðferð framkvæmdarvaldsins. Einn af ráðherrum dönsku stjórnarinnar fór með málefni Íslands, en Alþingi hafði engin áhrif á skipun hans, og hann átti aldrei sæti á Alþingi. Æðsti fulltrúi konungsvaldsins hér á landi var landshöfðinginn. Hann átti sæti á Alþingi stöðu sinni samkvæmt en bar enga ábyrgð gagnvart Alþingi, og það réð engu um skipun hans í embætti.

Á þessu ástandi varð grundvallarbreyting með stjórnskipunarlögum nr. 16/1903, heimastjórnarlögunum. Samkvæmt þeim lögum skyldi ráðherra Íslands vera innlendur maður, hafa aðsetur í Reykjavík, eiga stöðu sinni samkvæmt sæti á Alþingi og bera ábyrgð fyrir því. Árið eftir voru sett sérstök lög, nr. 2/1904, um ábyrgð ráðherra Íslands.

Hefur jafnan verið talið, að með heimastjórnarlögunum frá 1903 hafi þingræði verið í raun lögleitt hér á landi, þótt þess væri hvergi getið berum orðum í þeim stjórnskipunarlögum. Með stjórnlagabreytingum, sem fylgdu í kjölfar sambandslagasamningsins frá 1918, lögum nr. 9/1920, var hins vegar upp tekið það ákvæði, að stjórnskipulagið skyldi vera þingbundin konungsstjórn. Með því ákvæði var þingræðinu veitt ótvíræð stoð í stjórnarskránni. Var það tekið óbreytt í lýðveldisstjórnarskrána 1944, nema hvað lýðveldi kom í stað konungsstjórnar.

Ákvæðið er hér skýrar orðað og beinlínis fram tekið, að þingræðið sé ein af grundvallarreglum stjórnskipunarinnar. Nánari ákvæði um það, hvað í þingræðisreglunni felst, og um framkvæmd hennar er síðan að finna í 13. gr. frumvarps þessa.

Ákvæðið um að jafnrétti skuli vera ein af grundvallarreglum stjórnarskrárinnar er nýmæli í stjórnarskrá. Í margvíslegri löggjöf sér þess hins vegar stað, að gert sé ráð fyrir almennu jafnrétti landsmanna, svo að segja má að þessa hafi gætt að verulegu leyti í íslenskri réttarskipan, bæði sem skráðrar og óskráðrar reglu. Má þar meðal annars nefna réttarfarslög, lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þá byggja almenn hegningarlög nr. 19/1940 á þeirri grunnreglu. Og almenn lög um jafnrétti kvenna og karla voru sett árið 1976, nr. 78. Þegar árið 1911 voru sett lög um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta, nr. 37. Með lögum nr. 38/1954 var í fyrsta sinn ákveðið, að konur og karlar skuli hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

Hér er hin almenna jafnréttisregla hins vegar í fyrsta sinn lögbundin í stjórnarskrá, og tekur hún til allra sviða íslensks réttar.

Í mannréttindakafla frumvarpsins er síðan nánar vikið að jafnréttisreglunni. Segir þar í 62. gr., að allir skuli njóta jafnréttis að lögum og mannréttinda á jafnréttisgrundvelli, sbr. 63. gr.

Síðasta málsgrein 1. greinar frumvarpsins er einnig nýmæli. Hér er sú grundvallarregla lögfest, að handhafar ríkisvaldsins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar. Uppspretta alls ríkisvaldsins er því hjá þjóðinni, sbr. 3. gr. frönsku mannréttindayfirlýsingarinnar frá 1789: „Allt þjóðfélagsvald á rætur sínar hjá þjóðinni."

Hér er sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar lögfestur í stjórnarskrá. Engin stofnun eða einstaklingar geta farið með ríkisvald í þjóðfélaginu nema það sé beinlínis frá þjóðinni runnið og með fullri heimild hennar.

Framkvæmd þessa ákvæðis endurspeglast m. a. í því, að þjóðin velur í almennum, leynilegum kosningum þjóðhöfðingjann og æðstu handhafa löggjafar- og framkvæmdarvalds. Tiltekin löggjafarmálefni skal bera undir þjóðaratkvæði samkvæmt þessu frumvarpi og núgildandi stjórnarskrá. Og ekki verður stjórnarskránni breytt samkvæmt þessu frumvarpi nema að undangenginni sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um það, hverjir séu handhafar ríkisvaldsins. Er greinin efnislega óbreytt frá núgildandi ákvæði um það efni, en sérstaklega er nú fram tekið, að ríkisstjórnin fer ásamt forseta og öðrum stjórnvöldum með framkvæmdarvaldið. Er það staðfesting á gildandi stjórnarframkvæmd, sbr. 13. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. Þótti því eðlilegt að nefna ríkisstjórnina einnig í þessari upphafsgrein.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi stjórnarskrárákvæði.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. stjórnarskrárinnar, nema hvað niður eru felld orðin „að fráskildu búsetuskilyrðinu“.

Ákvæðið um 5 ára búsetuskilyrði fyrir kosningarrétti var numið úr stjórnarskránni með stjórnlagabreytingu nr. 9/1968 og lögheimili gert að skilyrði í staðinn. Þykir eðlilegt, að forsetaefni fullnægi öllum skilyrðum kosningarréttar til Alþingis og þá einnig lögheimilisskilyrðinu, en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að það verði verulega rýmkað frá því sem nú er, sbr. 30. gr.

Í þessa grein frumvarpsins er nú flutt ákvæðið um meðmælendur forsetaefnis. Er tala þeirra tvöfölduð, í samræmi við fjölgun kjósenda frá 1944.

Núgildandi stjórnarskrárákvæði um þetta efni, 5. gr., heimilar að ákveða með lögum, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar. Þetta heimildarákvæði er fellt brott, þar sem óþarft þótti að geta þess sérstaklega í stjórnarskrá. Löggjafanum er eftir sem áður heimilt að mæla fyrir um slíka skiptingu meðmælenda eftir landsfjórðungum.

Um 5. gr.

Ákvæðið er samhljóða núgildandi stjórnarskrá um þetta atriði.

Til álita kom, hvort hér skyldi gera þá kröfu, að forseta yrði jafnan að kjósa með meiri hluta greiddra atkvæða. Var á það bent, að væru frambjóðendur allmargir, gæti forsetaefni náð kjöri með atkvæðatölu, sem væri langt undir helmingi greiddra atkvæða. Yrðu þá tvennar kosningar fram að fara.

Niðurstaðan varð sú, að ekki er gerð tillaga um breytingu á núgildandi fyrirkomulagi, m. a. vegna þeirrar fyrirhafnar og kostnaðar, sem tvennar kosningar hafa í för með sér.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. stjórnarskrárinnar, þó þannig, að lagt er til, að nýjar kosningar skuli fara fram innan 6 mánaða frá því er sæti forseta verður laust. Þótti eðlilegt að kveða á um tiltekin tímamörk í þessu efni.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Allnokkrar umræður áttu sér stað í stjórnarskrárnefnd um það, hvort ástæða væri til þess að gera breytingar á greininni, kjósa sérstakan varaforseta eða fela t. d. forseta Hæstaréttar eða forseta sameinaðs Alþingis að gegna varaforsetaembætti. Þóttu ýmsir annmarkar á þeim leiðum. Varð niðurstaðan sú að leggja til, að núgildandi fyrirkomulag handhafa forsetavalds haldist óbreytt. Það er talið hafa gefist vel, þótt einstætt sé í sinni röð meðal þjóða.

Um 9. gr.

Hér hefur sú breyting verið gerð á 9. gr. stjórnarskrárinnar, að látið er nægja að taka fram í 1. málsgrein, að forseti megi ekki hafa með höndum önnur launuð störf. Nú er hins vegar fram tekið, að hann megi ekki hafa með höndum „launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja“. Nefndin taldi, að óþarft væri að tíunda þessa aðila sérstaklega í greininni, auk þess sem hugsanlega gæti komið til ágreinings um það, til hvaða aðila skilgreiningarnar tækju. Aðalatriðið væri, að skýrt kæmi fram, að forseta er ekki heimilt að hafa með höndum önnur launuð störf. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um valdsvið forseta. Umræður fóru fram um það í stjórnarskrárnefnd, hvort lagt skyldi til að breytingar yrðu gerðar á valdsviði og verkefnum forseta frá því, sem nú er. Ýmsir kostir voru ræddir í því efni.

Í fyrsta lagi var fjallað um þær hugmyndir, sem ræddar voru við endurskoðun stjórnarskrárinnar 1942—44, að löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið væru með öllu aðskilin, forseti kjörinn sem oddviti framkvæmdarvaldsins, er skipaði ráðherra sína úr hópi utanþingsmanna og þingræðið þar með afnumið. Væri hér um stjórnarfyrirkomulag að ræða áþekkt hinu bandaríska forsetaveldi.

Í öðru lagi var rætt um að ganga nokkru skemmra til breytinga, auka vald forseta frá því sem nú er, en afnema þó ekki þingræðið.

Var vakin athygli á valdsviði forseta Finnlands, en stjórnarskráin mælir meðal annars fyrir um veruleg áhrif hans á mótun utanríkisstefnu landsins. Þá var þeim hugmyndum og hreyft, að forseti fengi aukið vald í þeirri mynd, að hann skipaði upp á sitt eindæmi hæstaréttardómara og ef til vill nokkra æðstu embættismenn landsins aðra.

Sú hugmynd að taka upp forsetaveldi og afnema þingræðið fékk ekki hljómgrunn í nefndinni. Ekki þótti heldur ástæða til þess að auka valdsvið og verkefni forseta frá því, sem nú er, en talið er, að reynslan sýni, að núverandi skipan þessara mála hafi gefist vel. 11. gr. er því óbreytt frá gildandi stjórnarskrá, að öðru leyti en því, að sú orðalagsbreyting er gerð í 1. málsgrein, að í stað orðanna: „Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum“ kemur: „Forseti ber ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum“.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 13. gr.

Efni greinar þessarar er að mestu leyti nýmæli. Hér er fjallað um þingræðið og stjórnarmyndanir, en um hvorugt atriðið eru skýr ákvæði í gildandi stjórnlögum. Auk þess segir í greininni, að forseti skipi ráðherra og veiti þeim lausn, ákveði tölu þeirra og skipti með þeim störfum. Það ákvæði er samhljóða 15. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 1. málsgrein er nú beinlínis fram tekið, að forseti ákveði hverju sinni, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Er hér drepið á eitt mikilvægasta hlutverk forseta í stjórnskipuninni, verk sem hann vinnur á eigin ábyrgð, en ekki eftir tillögu ráðherra sem oftast endranær. Hér er honum það í sjálfsvald sett, til hverra forystumanna stjórnmálaflokkanna hann leitar um stjórnarmyndun, og er það vald forseta undirstrikað í málsgreininni.

Í 2. málsgrein er vikið að kjarna þingræðisreglunnar. Það ófrávíkjanlega skilyrði er hér sett, að ríkisstjórn skuli njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis (minnihlutastjórn). Er hér um að ræða hina hefðbundnu skilgreiningu á þingræðinu og þótti rétt og sjálfsagt að festa hana í stjórnarskrá. Þá er bætt við í þessari málsgrein nánari skýrgreiningu á framkvæmd þingræðisreglunnar. Er þar sagt, að ríkisstjórn skuli því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur. Hér er sú skylda lögð á forseta að kanna svo óyggjandi sé að hans mati, að í raun sé fyrrnefnt skilyrði í 2. málslið 2. málsgreinar uppfyllt að því er varðar þá ríkisstjórn, sem við völdum á að taka. Myndi forseti væntanlega framkvæma slíka könnun með viðtölum við formenn þingflokkanna og á þann annan hátt, er hann teldi fullnægjandi. Þá fyrst myndi honum heimilt að rita undir skipunarbréf hinnar nýju ríkisstjórnar, að ljóslega liggi fyrir, að meiri hluti Alþingis er

henni ekki andvígur. Ef á því leikur vafi að mati forseta, bæri honum skylda til að neita um slíka undirritun. Í ákvæðinu felst því aukin trygging fyrir réttri framkvæmd þingræðisreglunnar.

Í 3. málsgrein er fjallað um stjórnarmyndanir. Ekki eru nú í stjórnarskrá eða lögum nein ákvæði, sem mæla fyrir um það, hve langan frest forseti skuli veita þingflokkunum til stjórnarmyndunar, áður en gripið er til þess ráðs að skipa utanþingsstjórn. Er það því nú undir sjálfstæðu mati hans komið. Þess eru ýmis dæmi, að stjórnarmyndanir hafi dregist mjög á langinn og hafa allt að fjórir mánuðir liðið frá því stjórn sagði af sér, þar til ný var mynduð. Utanþingsstjórn hefur hins vegar aðeins einu sinni verið skipuð, sú er sat árin 1942—44.

Nefndin taldi eðlilegt, að í stjórnarskrá yrðu sett ákvæði um tiltekin tímamörk í þessu efni. Leggur hún til, að fram sé tekið, að forseta sé heimilt að skipa utanþingsstjórn, ef viðræður flokkanna um stjórnarmyndun hafa ekki leitt til myndunar nýrrar ríkisstjórnar innan 8 vikna. Með þessu ákvæði er flokkunum veittur þessi tiltekni stjórnarmyndunarfrestur. Innan þess tíma væri forseta óheimilt að skipa ríkisstjórn. Eftir að fresturinn er liðinn er honum það jafnan heimilt, en þó ekki ótvírætt skylt. Gæti hann eftir eigin ákvörðun veitt flokkunum nokkru lengri frest en 8 vikur, ef ljóst er að stjórnarmyndun af hálfu flokkanna er skammt undan. Orðalagið ber með sér, að sú stjórn, sem forseti skipar að fresti liðnum, þarf ekki að vera utanþingsstjórn, ef svo ber undir, heldur gæti hún verið skipuð mönnum bæði utan þings og innan, jafnvel þingmönnum eingöngu. Er meginmarkmið þessa ákvæðis það að veita flokkunum nokkurt aðhald við stjórnarmyndanir, koma í veg fyrir, að þær dragist óhóflega á langinn, og veita forseta skýrari heimildir til skipunar ríkisstjórnar að eigin frumkvæði en nú er um að ræða.

Í 4. málsgrein er enn vikið að kjarna þingræðisreglunnar, þar sem ákveðið er, að ríkisstjórn eða ráðherra skuli láta af störfum, ef meiri hluti Alþingis lýsir yfir vantrausti á hana eða einstakan ráðherra. Hér er um fasta stjórnskipunarvenju að ræða, sem lögbundin er með ákvæðinu.

Um 14. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 16. gr. stjórnarskrárinnar, en þó nokkru ítarlegri.

Í 2. málsgrein núgildandi 16. gr. segir, að lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli bera upp fyrir forseta í ríkisráði. Þessu ákvæði til fyllingar er tilskipun um starfsreglur ríkisráðs nr. 82/1943. Er í 5. gr. tilskipunarinnar greint, hvaða mál skuli bera upp fyrir forseta á ríkisráðsfundum, auk laga.

Í 2. málsgrein 14. gr. frumvarpsins eru sett nokkru ítarlegri stjórnarskrárákvæði um þetta atriði. Segir þar, að lög og þær stjórnarráðstafanir, sem krefjast undirritunar forseta, skuli bornar upp við forseta í ríkisráði. Hér er fyrst og fremst um að ræða þær stjórnarráðstafanir, sem ákveðið er í sjálfri stjórnarskránni, að atbeina forseta þurfi til, svo sem gerð samninga við önnur ríki, og jafnframt veiting þeirra embætta, sem lög mæla fyrir um, að forseti veiti. Að því frágengnu skal ákveða með lögum, hvaða önnur málefni eru borin upp fyrir forseta á ríkisráðsfundum, Hér er því ekki um verulega efnisbreytingu að ræða, en skýrar fram tekið, hvaða mál skuli fyrir ríkisráðsfundi koma.

Um 15. gr.

Hér eru helstu ákvæði 13. og 14. greinar núgildandi stjórnarskrár sameinuð í einni grein.

Fyrsta setning þessarar frumvarpsgreinar er nýmæli að því leyti til, að hér er vitnað til þeirra tveggja sviða, þar sem ráðherrar fara ekki með vald forseta, heldur hann einn, án atbeina þeirra. Að öðru leyti fara ráðherrar með vald forseta. Undantekningarnar felast í 13. og 24. gr. frumvarpsins. Þær lúta að valdi forseta til stjórnarmyndunar og til þess að neita

að staðfesta lög. Með þessu er valdsvið forseta, og þá einnig ráðherranna, skýrt afmarkað, þannig að glöggt á að vera, hver valdskipting þessara aðila er samkvæmt stjórnlögum, en nokkurs misskilnings hefur viljað gæta í því efni.

Þá er sú meginbreyting gerð frá ríkjandi skipan í þessari grein, að Landsdómur er lagður niður, en svo mælt fyrir, að Hæstiréttur dæmi í þeim málum, er Alþingi kærir ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra.

Landsdómur var upphaflega settur á stofn með lögum nr. 11/1905, en nú gilda um hann lög nr. 3/1963. Hlutverk Landsdóms er að fara með og dæma þau mál, er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra. Sjö dómendur eru sjálfkjörnir í dóminn, þar á meðal fimm hæstaréttardómarar, en átta kýs Alþingi til 6 ára í senn. Landsdómur hefur, sem kunnugt er, aldrei komið saman. Nefndin er þeirrar skoðunar, að Hæstiréttur geti fullt eins vel fjallað um þau mál, er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum vegna embættisbrota, og ekki sé ástæða til þess að halda í stjórnarskrá ákvæðum um sérstakan dómstól í því efni. Er því þessi tillaga gerð.

Að því er ráðherraábyrgð varðar, er engin tillaga gerð um breytingar á þeim ákvæðum í stjórnarskránni, sem um hana fjalla, svo sem þau eru nánar útfærð í lögum um ráðherraábyrgð nr. 4/1963.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. stjórnarskrárinnar. Í stað ráðherrafunda er orðið ríkisstjórnarfundir notað, þar sem tíðkanlegt er orðið, að nokkrir ráðherranna komi saman til funda til þess að fjalla um einstök mál, ráðherranefndir, en hér er átt við fundi ríkisstjórnarinnar í heild.

Um 17. gr.

Greinin er samhljóða síðari málslið 13. gr. stjórnarskrárinnar. Ráðuneyti er hér nefnt ríkisstjórn.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Í núgildandi stjórnarskrá eru ákvæði um þetta efni í 20. gr. Eru þar meðal annars ákvæði um, að forseti veiti þau embætti, sem lög mæla, og um frávikningu og flutning embættismanna. Í löggjöf er nú ekki lengur gerður greinarmunur á embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins hvað réttarstöðu þeirra varðar almennt, sbr. lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þorri ríkisstarfsmanna er nú ráðinn til starfa með ráðningarsamningi með gagnkvæmum uppsagnarfresti, en lögbundið er, að í ýmis störf skipar forseti eða ráðherra.

Í þessari frumvarpsgrein er ekki lengur fjallað um frávikningu eða flutning ríkisstarfsmanna sérstaklega, heldur segir, að fyrir skuli mæla í lögum um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Myndi það og taka til annarra atriða, er varða starfskjör þeirra, svo sem flutning í starfi, uppsögn og frávikningu. Meginlögin, sem um það efni gilda eftir sem áður, eru lög nr. 38/1954. Forseti veitir að sjálfsögðu og þau embætti, sem lög mæla, þótt þess sé ekki sérstaklega getið í greininni, og hefur áfram frávikningarvald svo sem nú er.

Ekki er lengur rætt um embætti eða embættismenn í greininni af ofangreindum ástæðum, heldur almennt um starfsmenn ríkisins í heild. Óbreytt eru þau skilyrði, að engan má skipa starfsmann ríkisins nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt, og að þeir starfsmenn, sem forseti skipar, skuli vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Þá er það ljóst, að eftir sem áður má ákveða í lögum, að ekki megi víkja tilteknum

starfsmönnum ríkisins úr embætti nema með dómi, svo sem nú gildir um hæstaréttardómara og aðra umboðsstarfalausa dómara, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar og 55. gr. frumvarps þessa.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um sama efni og í 21. gr. stjórnarskrárinnar. Í 2. mgr. hefur verið bætt lofthelgi. Hefur greinin jafnan verið túlkuð á þann hátt, þótt lofthelgi hafi ekki verið sérstaklega nefnd.

Þá er og tekið fram nú, að samninga við önnur ríki geri forseti og ríkisstjórn, en það leiðir af 18. gr. frumvarpsins, að meðundirritunar ráðherra er jafnan þörf. Eðli málsins samkvæmt myndi það að jafnaði vera utanríkisráðherra, sem samninga gerir við önnur ríki ásamt forseta, svo sem verið hefur hingað til.

Niðurlag greinarinnar er nýmæli. Er þar mælt svo fyrir, að gera skuli Alþingi grein fyrir gerð allra samninga við önnur ríki. Ástæða er til þess, að Alþingi sé gefinn kostur á að fylgjast sem best með slíkri samningagerð, sem oft er hin mikilvægasta, en ekki ber samkvæmt núgildandi ákvæði að leggja formlega fyrir Alþingi nema lítinn hluta samninga Íslands við önnur ríki. Þessari skyldu er unnt að fullnægja til dæmis með skýrslu utanríkisráðherra í utanríkismálanefnd, eða á þinginu sjálfu. Myndi það fara eftir atvikum, hvort slík skýrsla er gefin áður en samningar eru gerðir eða að samningsgerðinni lokinni.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 22. gr. stjórnarskrárinnar, nema hvað fram er tekið, að forseti stefni saman Alþingi og ákveði hvenær því er slitið, að tillögu forsætisráðherra. Er þar um staðfestingu á framkvæmd þessa ákvæðis að ræða.

Í stjórnarskrárnefnd gerðu fulltrúar Alþýðuflokks tillögu um, að greinin yrði svohljóðandi:

„Forseti Alþingis stefnir saman Alþingi ár hvert".

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 23. gr. stjórnarskrárinnar með sömu viðbót um tillögu forsætisráðherra og getið var í 21. gr.

Fulltrúar Alþýðuflokks gerðu tillögu um, að greinin yrði svohljóðandi:

„Forseti Alþingis getur frestað fundum Alþingis í allt að tvær vikur, en þó eigi oftar en tvisvar á ári. Alþingi sjálft getur þó samþykkt afbrigði frá þessum ákvæðum en þó eigi samþykkt lengri frestun en nemur 4 mánuðum á ári. Forseti Alþingis getur kallað saman Alþingi, þó frestur hafi verið ákveðinn, telji hann brýnt að kveðja Alþingi saman til fundar".

Um 23. gr.

Verulegar breytingar hafa verið gerðar á þeirri grein stjórnarskrárinnar, sem fjallar um þingrof, 24. gr. Meginbreytingin er sú, að ekki verði heimilt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs. Fram til þessa hefur þingrofsrétturinn verið eingöngu í höndum forsætisráðherra og ríkisstjórnar, án þess að Alþingi réði þar nokkru um. Hefur ákvæðið jafnan verið túlkað svo, að heimilt væri að rjúfa þing, þótt ríkisstjórn, sem að þingrofinu stæði, væri komin í minni hluta á þingi, eða hún hefði jafnvel þegar hlotið vantraust. Fyrir slíkt er girt með þessu nýja ákvæði og þingrofsrétturinn því verulega þrengdur frá því sem nú er. Stjórn, sem komin er í minni hluta, gæti t. d. ekki lengur til hans gripið. Frestir eru hér einnig styttir. Stofna skal til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá þingrofi, í stað tveggja mánaða nú, og Alþingi skal koma saman ekki síðar en 4 mánuðum eftir að það var rofið, í stað átta mánaða nú.

Þá er það einnig nýmæli, að alþingismenn skuli halda umboði sínu til kjördags. Kemur þetta ákvæði í veg fyrir, að landið verði þingmannalaust, en það á sér stað, ef þingrofið er

látið taka gildi frá dagsetningardegi þingrofsúrskurðar fram til kosninga. Að vísu hefur þingrof yfirleitt verið látið taka gildi frá kjördegi, en þó eru þar undantekningar frá. Þykir rétt að setja í stjórnarskrá ákvæði, er tryggi, að kjörnir fulltrúar löggjafarsamkundunnar haldi umboði sínu, þrátt fyrir að þingrof hafi átt sér stað.

Fulltrúar Alþýðuflokks gerðu tillögu um, að greinin yrði svohljóðandi:

„Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi ef Alþingi samþykkir tillögu þar um, og skal þá ganga til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá dagsetningu þingrofsúrskurðar. Alþingi komi saman eigi síðar en innan tveggja mánaða frá því kosningar fara fram í kjölfar þingrofs".

Um 24. gr.

Á meðan konungsstjórn var hér á landi, hafði konungur algjört neitunarvald gagnvart lögum, sem Alþingi hafði samþykkt. Síðasta lagasynjunin átti sér stað 1914. Með lýðveldisstjórnarskránni var gerð breyting á þessari skipan. Um lagasynjunarvald forseta var ekki lengur að ræða, hvorki algjört né frestandi. Í 26. gr. stjórnarskrárinnar er forseta að vísu heimilað að neita að staðfesta lagafrumvarp. Engu að síður fær það lagagildi, en skal þá, svo fljótt sem kostur er, borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað. Ella halda þau gildi sínu.

Lagt er til, að veruleg breyting verði á þessu ákvæði. Er hún á þá lund, að áður en forseti tekur ákvörðun um staðfestingu frumvarpsins, getur hann óskað eftir því, að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Ef frumvarpið er fellt, er forseta heimilt að neita að staðfesta það. Sé það samþykkt, skal hann á hinn bóginn staðfesta það. Ástæðan til þessarar breytingar er eftirfarandi: Neiti forseti nú að staðfesta lagafrumvarp, hefur það í för með sér þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Forseti er þá á öndverðum meiði við þing og ríkisstjórn, sem þegar hafa samþykkt frumvarp, sem hann neitar staðfestingar. Óhjákvæmilegt er, að í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar komi þessir aðilar fram sem andstæðingar. Er slíkt á allan hátt óæskilegt. Hins vegar skerst ekki í odda á sama hátt, ef forseti getur kannað hug þjóðarinnar til málsins áður en hann tekur ákvörðun sína.

Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru mikilsverð vísbending fyrir forseta í þessu efni. Ef frumvarpið er fellt, getur forseti neitað staðfestingar, en honum er það þó ekki skylt. Sé frumvarpið hins vegar samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni, er forseta ætíð skylt að veita því staðfestingu sína.

Um 25. gr.

Fyrri málsgreinin er samhljóða 27. gr. stjórnarskrárinnar, nema hvað við er bætt því ákvæði, að lög öðlist ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. En það í sjálfu sér er ekkert nýmæli, heldur einungis staðfesting á ákvæðum, sem hingað til hafa verið í lögum en ekki stjórnarskrá. Rétt er talið að taka þetta atriði fram í stjórnarskránni sjálfri.

Önnur málsgreinin er nýmæli. Ekki einungis lög, heldur einnig ýmsar ákvarðanir, sem stjórnvöld taka, geta skipt almenning miklu máli. Lagaskylda er að birta ýmsar þeirra, svo sem reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, sbr. lög nr. 64/1943. Auk þess skal birta í Lögbirtingablaði ýmsar tilkynningar og auglýsingar. Ekki er hins vegar skylda nú að birta allar stjórnvaldsákvarðanir, er almenning varða og mikilvægar eru. Rétt þykir að láta það ekki vera lagaatriði einungis, hverjar stjórnvaldsákvarðanir skuli birta og hverjar ekki, heldur mæla fyrir um birtingarskyldu í stjórnarskrá, þegar ljóst er að slíkar ákvarðanir varða hagsmuni almennings sérstaklega. Er það síðan hlutaðeigandi stjórnvalda að meta, í ljósi þessa ákvæðis, hverjar stjórnvaldsákvarðanir skuli birta á óyggjandi hátt.

Um 26. gr.

Hér er rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga verulega þrengdur frá því sem nú er. Nýmæli er í fyrsta lagi, að bráðabirgðalög skulu ætíð lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings. Ekki er

nú um slíka skyldu að ræða, heldur fer það eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, hvenær þingtímans bráðabirgðalög eru lögð fram.

Í öðru lagi felst veruleg takmörkun í því ákvæði, að hafi Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalögin 3 mánuðum eftir þingsetningu falla þau úr gildi. Nú falla bráðabirgðalög ekki úr gildi fyrr en við þinglausnir, hafi þau ekki verið áður felld.

Þá er það og nýmæli, að kynna skal viðkomandi þingnefnd efni bráðabirgðalaga áður en þau eru sett. Gefur það meðal annars stjórnarandstöðunni tækifæri til þess að taka afstöðu til laganna áður en gildistaka þeirra á sér stað og gera sjónarmið sín heyrinkunn. Með því er ríkisstjórn veitt meira aðhald um útgáfu bráðabirgðalaga en nú er.

Fulltrúar Alþýðuflokks leggja til að greinin falli niður.

Um 27. gr.

Um þau atriði, sem grein þessi tekur til, er nú fjallað í 29. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er um að ræða náðunarvald forseta, en því getur hann aðeins beitt að tillögu ráðherra (dómsmálaráðherra). Er það óbreytt tilhögun frá því, sem tíðkast hefur. Í seinni tíð reynir raunar mun minna á náðanir en áður, þar sem reynslulausn er beitt í mjög vaxandi mæli, sbr. V. kafla hegningarlaga nr. 19/1940. Hana ákveður dómsmálaráðherra eða annað stjórnvald, sem hann hefur fengið úrlausn slíks máls. Þá veitir forseti almenna uppgjöf saka, að tillögu ráðherra, svo sem tíðkast hefur. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna málshöfðunar Alþingis, nema með samþykki þess. Þetta ákvæði er óbreytt frá núgildandi ákvæði, nema hvað Hæstiréttur kemur í stað Landsdóms, sem lagt er til að lagður verði niður.

Nú hefur forseti einnig vald til að ákveða, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Ekki þykir lengur ástæða til þess að hafa þessa heimild í stjórnarskrá eftir að ákæruvaldið var almennt flutt frá dómsmálaráðherra í hendur sérstökum embættismanni, ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um saksókn.

Þrátt fyrir niðurfellingu þessa ákvæðis væri unnt að mæla fyrir um vald dómsmálaráðherra til niðurfellingar saksóknar með sérstökum lagaákvæðum, sbr. 24. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Um 28. gr.

Fyrir liggur að samkomulag hefur tekist milli allra þingflokkanna um breytingar á kjördæmisákvæðum stjórnarskrárinnar. Hafa formenn flokkanna lagt fram á Alþingi frumvarp þess efnis um breytingar á stjórnarskránni (206. mál).

Svo horfir sem frumvarp formannanna muni verða samþykkt á Alþingi næstu daga. Í samræmi við þessa afstöðu mikils meiri hluta alþingismanna er texti 1. greinar kjördæmafrumvarps formannanna tekinn upp í 28. gr. frumvarps þessa. Helstu breytingar frá núgildandi ákvæðum 31. gr. stjórnarskrárinnar eru þær, að þingsæti verða 63 í stað 60, og fellt er niður svokallað kjördæmakjör og landskjör. Kjördæmin eru jafnmörg og óbreytt frá því, sem verið hefur. Gert er ráð fyrir, að bundin verði í stjórnarskrá lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi, en kosningalög kveði á um skiptingu þingsæta milli kjördæma að öðru leyti. Samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar skal gæta þess svo sem kostur er, að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína.

Þótt samkomulag þingflokkanna hafi verið tekið upp í 28. gr. þessa frumvarps er ástæða til þess að vekja athygli á því, að unnt hefði verið að fara aðrar leiðir sem hefðu leitt til meiri jafnaðar atkvæða milli kjördæma án þess að þurft hefði að fjölga þingmönnum úr tölunni 60.

2. desember 1982 sendi stjórnarskrárnefnd þingflokkum og fjölmiðlum „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um kjördæmamálið".

Er þar fjallað á ítarlegan hátt um það, hverjar leiðir og kostir einstakir nefndarmenn telja að komi til greina um breytingar á kjördæmaskipan landsins frá því, sem nú er. Hafa þar eftirfarandi sjónarmið verið höfð efst í huga: Í fyrsta lagi að leiðrétta það misvægi atkvæða, sem skapast hefur vegna búsetubreytinga í landinu á liðnum áratugum. Í öðru lagi að tryggja sem mest jafnvægi milli einstakra þingflokka.

Í skýrslunni er bent á ýmsar leiðir að ofangreindum markmiðum. Ýmist byggjast breytingarnar á núverandi kjördæmaskipan eða breyttri skipan á ýmsan hátt. Þá er í sumum kostunum gert ráð fyrir óbreyttri þingmannatölu, eða alls 60, en aðrir kostir gera ráð fyrir nokkurri fjölgun þingmanna, allt frá 3—9. Jafnframt er gerð ítarleg grein fyrir því, hvernig breyta má reglunum um úthlutun uppbótarsæta milli flokkanna. Þá hafa og verið ræddar breyttar reglur um grundvöll úthlutunar þingsæta innan hvers kjördæmis.

Mikilvæga aðstoð við samningu þessara tillagna og yfirlits hafa veitt Hagstofa Íslands og Reiknistofnun Háskólans.

Með þeirri þingsályktun, sem leiddi til stofnunar stjórnarskrárnefndar, var henni m. a. falið að leggja fram tillögur um breytingar á kjördæmaskipaninni. Í skýrslu þessari er að finna leiðir og hugmyndir, sem nefndarmenn hafa sett fram og óskað eftir að yrðu reiknaðar út í þessu sambandi.

Það var einróma álit nefndarinnar, að með breyttu kosningafyrirkomulagi yrði að draga stórlega úr misvægi atkvæða eftir búsetu kjósenda, enda þótt nokkur ágreiningur væri um, hversu langt bæri að ganga.

Þá var það einnig sjónarmið stjórnarskrárnefndar að tryggja, að stjórnmálaflokkar fengju þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.

Stjórnarskrárnefnd taldi einnig nauðsynlegt að auka möguleika kjósenda til að hafa áhrif á val frambjóðenda og þingmanna.

Alllöngu áður en stjórnarskrárnefnd skilaði greinargerð sinni um kjördæmamálið, höfðu formenn stjórnmálaflokkanna hafið viðræður um leiðir í því máli. Nefndin gerði því ekki ákveðnar tillögur um það mál, eins og hún gerði um önnur atriði stjórnarskrárinnar.

Í skýrslu hennar frá 2. desember 1982 eru hins vegar settar fram margar hugmyndir og útreikningar á því, hverjum árangri og útkomu hver þeirra skilaði. Sú hugmynd, sem flutningsmaður þessa frumvarps taldi æskilegasta, er merkt A3 í þeirri skýrslu.

Tillagan felur í sér þessi meginatriði:

1) Tala þingmanna er óbreytt, þeir yrðu áfram 60.
2) Í hverju kjördæmi er kjörnum þingmönnum fækkað um einn, en þessum átta þingmönnum bætt við tölu landskjörinna (uppbótar) þingmanna, sem nú eru ellefu, svo að þeir yrðu samtals nítján.
3) Í stað þess, að nú er fyrsti uppbótarmaður hvers flokks ákveðinn eftir atkvæðatölu, annar eftir hlutfalli og svo koll af kolli, yrði uppbótarsætum úthlutað eftir atkvæðatölu, nema þriðji uppbótarmaður kæmi inn á hlutfalli.
4) Útkoman yrði sú, að jöfnuður milli flokka yrði mjög nærri réttu lagi, og veruleg lagfæring næðist um misvægi milli kjördæma.

Um þessa leið segir svo í skýrslu stjórnarskrárnefndar:

„Í tillögu A3 er reynt að þoka misvægi eftir búsetu verulega niður eftir þeirri einu leið, sem fær er við óbreyttan þingmannafjölda, sem er sú að fækka kjördæmakjörnum þingmönnum. Uppbótarsætin nýtast að mestu til jöfnunar eftir búsetu, þar sem þeim er einkum úthlutað eftir atkvæðatölu. Þar sem þriðji uppbótarmaður hvers lista kemur inn á hlutfalli, er sá möguleiki fyrir hendi, að litlir flokkar fái uppbótarmann úr fámenniskjördæmunum. **Hægt er að tryggja að hvert kjördæmi hljóti uppbótarsæti. Fjöldi þingmanna úr hverju kjördæmi yrði í engu tilviki minni en nú eru kjördæmakosnir.**“

Um 29. gr.

Hér er lagt til, að deildaskipting Alþingis verði afnumin og það starfi í einni málstofu.

Frá því að Alþingi var endurreist til 1874 starfaði það aðeins í einni deild. Með stjórnarskránni 1874, sem konungur setti Íslendingum án samþykkis Alþingis, var deildaskipting upp tekin, en hún var þó í samræmi við vilja Alþingis. Efnisleg rök lágu og til hennar á þeim tíma, sem verið hafa grundvallarrök deildaskiptingar þjóðþinga um heim allan, þ. e. kjörið er með mismunandi hætti til hinna tveggja deilda.

Árið 1874 var ákveðið, að hinir 6 konungkjörnu þingmenn skyldu sjálfkjörnir til efri deildar, auk sex annarra þingmanna, sem voru kjörnir af Alþingi til setu í deildinni.

Er konungkjör var afnumið með stjórnskipunarlögunum nr. 12/1915 og landskjör sett í staðinn, voru hinir landskjörnu þingmenn einnig sjálfkjörnir til efri deildar. En eftir að landskjörið í sinni eiginlegu mynd var fellt niður 1934 og jöfnunarþingsæti lögleidd í staðinn, hafa þingmenn kosið úr sínum hópi lögboðna tölu til efri deildar, nú 20 alls. Því má segja, að deildaskiptingin hafi misst sína fyrri þýðingu, þar sem nú um langt skeið hefur enginn munur verið á kjöri til hinna tveggja deilda þingsins. Horfnar eru því hinar sögulegu forsendur deildaskiptingarinnar.

Fyrir nokkru var deildaskipting þjóðþinga Dana og Svía afnumin. Hefur nefndin kynnt sér hver reynsla er af þeirri breytingu, m. a. með persónulegum viðtölum við forseta beggja þinganna. Ljúka þeir upp einum munni um, að breyting þessi hafi verið mjög til bóta, og í hvorugu landinu hafa komið fram tillögur um afturhvarf til fyrra horfs. Aðalkostina telja þeir vera þá, að mál gangi greiðar og hraðar og þátttaka þingmanna í þingstörfum hafi almennt aukist. Segja má, að fyrra atriðið hafi ekki þurft að koma neinum á óvart. Í tveimur deildum geta umræður orðið allt að 8 — og 9 ef frumvarp fer fyrir sameinað þing. Í danska þjóðþinginu eru umræður um hvert frumvarp hins vegar þrjár, svo sem um fjárlög hér á landi. Á hinn bóginn er almenna reglan sú, að aðeins ein umræða fer fram um hvert lagafrumvarp í Svíþjóð, en þá hefur það hlotið ítarlega athugun í þingnefnd.

Í þessu sambandi má vitna til viðtals, sem formaður nefndarinnar og ráðunautur hans áttu þann 29. maí 1979 við dómsmálaráðherra Svíþjóðar, Sven Romanus (sjá „Skýrsla um viðræður um stjórnarskrármálefni í maí—júní 1979 á Norðurlöndum", Stjórnarskrárnefnd 1979, bls. 17). Sagði ráðherrann, að „tvímælalaust væri góð reynsla af störfum sænska þingsins í einni málstofu. Kostir breytingarinnar hafi fyrst og fremst verið þeir, að málsmeðferð er nú öll miklu einfaldari en áður ... Afleiðing einföldunar málsmeðferðar hafi verið sú, að afgreiðsla mála gengur nú öll miklu hraðar fyrir sig en áður. Hins vegar hafi þótt nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á skipan og störfum þingnefnda, er deildaskiptingin var afnumin".

Voru þá teknar upp í sænska þinginu fastar þingnefndir eftir málaflokkum, en fram til þess tíma var aðeins um að ræða lausanefndir, er fjölluðu um hvert einstakt lagafrumvarp.

Hér er vikið að mjög mikilvægu atriði. Tvímælalaust verður nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á störfum þingnefnda, er þingið verður ein málstofa. Um það þarf að fjalla í lögum um þingsköp, en þegar hafa verið gerðar tillögur um gjörbreytt stjórnarskrárákvæði um þingnefndir, sbr. 39. gr. frumvarps þessa. Er til þess ætlast samkvæmt því, að þingnefndir fái mun meiri völd en þær hafa í dag og verði virkari í störfum.

Við afnám deildafyrirkomulagsins er gert ráð fyrir því, að hvert lagafrumvarp verði rætt við þrjár umræður, auk þess sem ítarlegar umræður fari fram um það í nefnd — mun ítarlegri en nú tíðkast, sé á því talin þörf. Ætti slík meðferð að vera fullnægjandi og má á það benda í þessu sambandi, að eitt mikilvægasta frumvarp þingsins, fjárlagafrumvarpið, sætir aðeins þremur umræðum. Hefur það verið talið fullnægjandi.

Á það skal að lokum drepið, að því sjónarmiði hefur verið hreyft, að við eina málstofu verði óhjákvæmilegt að skerða málfrelsi þingmanna frá því sem nú er. Sá ótti sýnist ekki á

rökum reistur, né hefur það verið reynslan á þeim Norðurlöndum, sem horfið hafa að einni málstofu.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins gerðu þann fyrirvara við tillögur um afnám deildaskiptingar Alþingis, að jafnhliða því að slík breyting er samþykkt þurfi að nást samkomulag milli þingflokka um meginatriði í þeim breytingum á starfsháttum Alþingis og þingsköpum, sem fylgja skulu afnámi deildaskiptingarinnar.

Um 30. gr.

Verulegar breytingar á skilyrðum kosningarréttar eru gerðar í þessari grein frumvarpsins frá því sem nú er, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar.

Kosningaaldurinn er lækkaður í 18 ár. Er það í samræmi við lækkun á aldurshámarki í lögum sem lúta að ýmiss konar réttindaneyslu í þjóðfélaginu. Með lögum nr. 26/1979 var hinn almenni lögræðisaldur lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Og með lögum nr. 64/1979 var giftingaraldurinn lækkaður úr 20 árum í 18 ár.

Í flestum nágrannalöndum hefur kosningaaldurinn verið lækkaður í 18 ár. Telur nefndin rétt að gera tillögu um, að kosningaaldur skuli vera 18 ár í stað 20 nú.

Önnur breytingin varðar lögheimilisskilyrði. Því er haldið sem kosningarréttarskilyrði. Heimilað er þó að gera undantekningar frá þeirri reglu í lögum um kosningar til Alþingis. Er það rýmkun frá núverandi ákvæði, sem er óundanþægt.

Þriðja meginbreytingin, sem lagt er til að gerð verði á þessari grein, er sú, að niður verði fellt það kosningarréttarskilyrði, að menn hafi óflekkað mannorð.

Nefnd sú, sem skipuð var til að endurskoða hegningarlögin, en tillögur hennar leiddu til breytinga á VII. kafla þeirra, sbr. lög nr. 31/1961, lagði til í áliti sínu, að óflekkað mannorð yrði numið úr stjórnarskrá og lögum um sveitarstjórnarkosningar. Taldi nefndin, að frá sakfræðilegu sjónarmiði væri óæskilegt að beita sviptingu almennra þjóðfélagsréttinda sem viðurlögum við brotum. Er stjórnarskrárnefnd sömu skoðunar í þessu efni. Ákvæðið um óflekkað mannorð var numið úr sveitarstjórnarlögum, og er þar því ekki lengur kosningarréttarskilyrði, sbr. lög nr. 81/1967. Þá má og geta þess, að miklir erfiðleikar hafa verið á framkvæmd þessa ákvæðis, eftir að þess er ekki lengur getið í dómum í opinberum málum, hvort brot hefur mannorðsflekkun og sviptingu kosningarréttar og kjörgengis í för með sér. Verða nú sveitarstjórnir, sem kjörskrár semja, að meta slíkt upp á sitt eindæmi.

Um 31. gr.

Fyrri málsgreinin er efnislega samhljóða fyrri málsgrein 34. gr. stjórnarskrárinnar. Í síðari málsgreininni er sérstaklega fram tekið að hæstaréttardómarar séu þó ekki kjörgengir. Er það sama regla og gilt hefur samkvæmt 2. málsgrein 34. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir: „Þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir". Nú er ákvæðið hins vegar í frumvarpinu bundið við dómara Hæstaréttar, auk ríkissaksóknara. Ef stofnuð yrðu embætti annarra umboðsstarfalausra dómara, myndu þeir vera kjörgengir til Alþingis.

Um 32. gr.

Ákvæði 35. gr. stjórnarskrárinnar um að Alþingi skuli koma saman ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar er löngu orðið úrelt. Hér er tekinn upp sá samkomudagur þess, sem lengi hefur tíðkast og ráð er nú fyrir gert í lögum, sbr. lög nr. 3/1967 um samkomudag Alþingis. Við er síðan bætt, að forseti taki ákvörðun um annan samkomudag, ef því er að skipta, að tillögu forsætisráðherra.

Fulltrúar Alþýðuflokks gerðu tillögu um, að greinin yrði svohljóðandi:

„Reglulegt Alþingi komi saman ár hvert hinn 10. dag októbermánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, og skal hvert þing standa þar til næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Um 33. gr.

Greinin er samhljóða 36. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 37. gr. stjórnarskrárinnar. Við er bætt, að forseti taki ákvörðun sína að tillögu forsætisráðherra.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 36. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða upphafi 48. gr. stjórnarskrárinnar. Óþarft þótti hins vegar að halda því ákvæði, að þeir væru eigi bundnir við neinar reglur frá kjósendum sínum. Jafnframt er það ákvæði fellt niður, að embættismenn, sem kosnir eru á þing, þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna; liggur slíkt í hlutarins eðli.

Um 38. gr.

Grein þessi er að efni til hin sama og 52. gr. stjórnarskrárinnar, með þeirri breytingu, sem leiðir af afnámi deildaskiptingar.

Um 39. gr.

Í stjórnarskránni eru nú engin ákvæði um fastanefndir Alþingis, þótt þær gegni mjög mikilvægu hlutverki í störfum þingsins, svo sem kunnugt er. Þykir sjálfsagt að geta þeirra í stjórnarskrá, en nánar er fjallað um hlutverk þeirra og verksvið í þingskapalögum.

Annað nýmæli er það í þessari grein, að Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál, er almenning varða. Yrði það gert með sérstakri samþykkt þingsins hverju sinni. Eins og ákvæðið er hér orðað, verður að telja að þessi heimild sé ekki bundin við það, að hlutaðeigandi mál sé á dagskrá Alþingis, heldur taki hún til allra mála, sem Alþingi telur ástæðu til að kanna sérstaklega. Til þess að slíkt starf fastanefnda þingsins nái sem best tilgangi sínum er heimilt að veita nefndunum rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum þeirra, og einstökum samtökum eða fyrirtækjum. Væri þessum aðilum skylt að sinna slíkri kvaðningu þingnefndar, ólíkt því sem nú er. Ef opinber starfsmaður neitar að gefa skýrslu fyrir þingnefnd, yrði hann væntanlega talinn sekur um brot gegn 140. gr. hegningarlaga. Sama skylda til skýrslugjafar hvílir á lögaðilum, sem ekki eru í þjónustu hins opinbera. Hins vegar hafa nefndirnar ekki slíka heimild til að krefjast skýrslugjafar af einstökum mönnum, sem ekki eru í opinberri þjónustu.

Ekki eru ákvæði um það í greininni, hvort það starf fastanefnda þingsins, sem hér um ræðir, skuli fara fram fyrir luktum dyrum. Í þessu sambandi má geta þess, að allnokkrar umræður urðu um það við setningu hinnar nýju sænsku stjórnarskrár (1974), hvort slíkar kannanir og yfirheyrslur þingnefnda skyldu vera opnar almenningi. Varð niðurstaðan sú, að tekið er fram, að svo skuli ekki vera.

Hér hefur verið fjallað um störf og verksvið fastanefnda þingsins, en þau ákvæði eru öll nýmæli.

Í 2. málsgrein 39. gr. frumvarpsins er hins vegar fjallað um sérstakar rannsóknarnefndir þingsins, sem eiga sér hliðstæðu í 39. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er um sérstaklega kjörnar rannsóknarnefndir að ræða, er brýn ástæða þykir til. Nánar skal kveðið á um réttindi,

skyldur og starfsháttu slíkra nefnda í lögum, væntanlega þingskapalögum. Núgildandi ákvæði 39. gr. hefur verið sárasjaldan beitt, síðast árið 1955, er neðri deild kaus slíka rannsóknarnefnd.

Fulltrúar Alþýðuflokks gerðu tillögu um, að greinin yrði svohljóðandi:

„Fundir í nefndum Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði, nema nefnd ákveði annað. Nefndir Alþingis hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlega og bréflega, af embættismönnum og opinberum aðilum."

Fulltrúar Alþýðubandalags töldu, að ákveða þyrfti hvort, og þá á hvern hátt, fundir nefnda þingsins skuli haldnir í heyranda hljóði.

Um 40. gr.

Í þessari grein er að finna meginefni 38., 44., 45., 53 og 55. gr. stjórnarskrárinnar, með þeim breytingum, sem leiðir af því, að lagt er til, að Alþingi starfi í einni málstofu. Ákvæði 38. gr. og 55. gr. um frumkvæðisrétt deilda og þingmanna til þess að bera fram mál hafa verið sameinuð í þessari grein. Þá er hér upp tekið meginefni 44., 45. og 53. gr. stjórnarskrárinnar um meðferð mála og fullnaðarsamþykkt þeirra. Þar sem gert er ráð fyrir því í 29. gr. frumvarpsins, að Alþingi starfi aðeins í einni málstofu, er lagt til, að þar fari fram þrjár umræður um hvert mál, svo sem í deildum áður, og hlýtur það fullnaðarafgreiðslu að þeim loknum. Til afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga þarf þrjár umræður einnig, og er það óbreytt frá því sem nú er.

Ákvæði 45. og 53. gr. stjórnarskrárinnar um tilskilinn fjölda þingmanna á fundi haldast óbreytt, en óþarft þykir að taka það sérstaklega fram, að þeir skuli greiða atkvæði um þau mál, sem á dagskrá eru.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að á eftir 40. gr. kæmi ný grein, svohljóðandi:

„Frumvarp til laga eða þingsályktun, sem felur í sér, að ríkisvaldið eða forræði íslenskra stjórnvalda sé að einhverju leyti selt í hendur alþjóðlegrar stofnunar eða samtaka, telst ekki samþykkt nema hlotið hafi 5/6 hluta greiddra atkvæða á Alþingi. Nú hlýtur frumvarpið ekki tilskilinn meiri hluta, og getur þá ríkisstjórnin borið frumvarpið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef minnst 50% kosningabærra manna taka þátt í atkvæðagreiðslunni og 2/3 hlutar þeirra greiða atkvæði með frumvarpinu, telst það samþykkt."

Um 41. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. málsgrein 42. gr. stjórnarskrárinnar, en við er bætt því ákvæði, að í fjárlagafrumvarpi skuli einnig fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld stofnana ríkisins og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 41. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. stjórnarskrárinnar, nema hér er rætt um fasteignir ríkisins í stað landsins.

Um 44. gr.

Í dag er endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja aðallega framkvæmd af ríkisendurskoðuninni, sem starfar undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Nokkrar ríkisstofnanir og fyrirtæki hafa endurskoðendur, sem kosnir eru af Alþingi eða skipaðir af viðkomandi ráðherra. Þá eru þrír yfirskoðunarmenn ríkisreiknings kosnir árlega af sameinuðu Alþingi.

Með þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, er lagt til að endurskoðunin fari eingöngu fram á vegum Alþingis og í umboði þess. Þannig yrði endurskoðun ríkisins óháð framkvæmdarvaldinu.

Á undanförnum árum og áratugum hefur sú stefna orðið ríkjandi erlendis að gera aðalendurskoðunarstofnun ríkisins sem óháðasta. Jafnframt hefur hlutverk slíkra stofnana breyst mikið. Ekki er lengur látið nægja að framkvæma hina hefðbundnu bókhaldsendurskoðun (fjárhagsendurskoðun) heldur er í síauknum mæli framkvæmd svonefnd „stjórnsýsluendurskoðun“ (forvaltningsrevision), sem er m. a. fólgin í því, að athugað er, hvernig stjórnendum stofnana hefur tekist að leysa af hendi þau verkefni, sem þeim hafa verið falin.

Endurskoðun á vegum ríkisins í öðrum löndum er skipulögð með ýmsum hætti. Stjórnskipuleg staða aðalendurskoðunarstofnunar ríkisins er mismunandi. Í sumum löndum er stofnunin dómstóll, í öðrum fremur eftirlitsstjórnvald með fámennu starfsliði. Sums staðar er sérstök endurskoðunarlöggjöf, annars staðar eru ákvæði um ríkisendurskoðun aðeins í stjórnarskránni.

Samkvæmt tillögu þessari er ætlast til, að sett séu sérstök lög, sem fjalli nánar um tilhögun endurskoðunar ríkisins.

Um 45. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 49. gr. stjórnarskrárinnar, en fellt er niður það ákvæði, að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Frelsissvipting sakir skulda hefur verið almennt óheimil hér á landi í tæpa öld, sbr. 18. gr. laga nr. 19/1887 um aðför. Með varðhaldi er hér átt við gæsluvarðhald, sem er þáttur í rannsókn sakamáls.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 50. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 47. gr.

Efnislega er greinin hin sama og 51. gr. stjórnarskrárinnar, nema að niður er fellt, að ráðherrar eigi rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja. Á slíkt ákvæði fremur heima í þingskapalögum en stjórnarskrá.

Um 48. gr.

Efnislega er hér um sömu ákvæði að ræða og í 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 49. gr.

Efnislega sama ákvæði og í 58. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 50. gr.

Ákvæðið tekur einkum til þess, hvernig dómstólaskipanin skuli vera almennt og t. d. hvaða sérdómstóla skuli setja á stofn.

Þýðing 50. gr. frumvarpsins felst einkum í tvennu, þ. e. banni við því, að handhafi framkvæmdarvalds gefi fyrirmæli um skipun dómsvalds án beinna fyrirmæla í lögum, og banni við því, að handhafi framkvæmdarvalds setji fyrirmæli um skipan dómsvaldsins, þótt þau hafi stoð í lögum, þ. e. framsal löggjafarvaldsins í hendur framkvæmdarvaldshafa er ekki heimilt.

Um 51. gr.

Eðlilegt er, að æðsti dómstóll þjóðarinnar sé nefndur á nafn í stjórnarskrá. Ákvæðið hefur þá þýðingu, að almenni löggjafinn getur ekki breytt þeirri skipan, að til skuli vera Hæstiréttur, og að hann sé æðsti dómstóll landsins. Í 2. málslið 51. gr. frumvarpsins er

ákveðið, að öll atriði, sem þýðingu hafa í sambandi við starfsemi Hæstaréttar, þ. e. skipun réttarins, valdsvið og starfsemi, skuli ákveðin með lögum. Ákvæði þetta felur í sér bann við afskiptum framkvæmdarvaldshafa, hvort sem slík afskipti eiga sér stað með beinni lagaheimild eða ekki. Það er almenni löggjafinn, sem verður t. d. að taka af skarið um það, hvaða verkefni eru fengin dómstólum til úrlausnar. Samkvæmt 51. gr. frumvarpsins skal þetta ekki aðeins gilda um Hæstarétt, heldur einnig um aðra dómstóla landsins.

Ákvæði 51. gr. frumvarpsins er nýtt. Telja verður, að það setji frekari skorður við afskiptum af málefnum dómstóla heldur en núgildandi stjórnarskrá gerir ráð fyrir. Því verður að telja, að ákvæðið stuðli að auknu sjálfstæði dómstólanna.

Um 52. gr.

Eðlilegt er að geta um embætti ríkissaksóknara í stjórnarskrá og tryggja stöðu hans þar gagnvart löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi. Hvorki almenni löggjafinn né handhafi framkvæmdarvalds getur breytt því, ef greinin verður að lögum, að til skuli vera embætti ríkissaksóknara og að hann skuli fara með ákæruvaldið.

2. málsliður 52. gr. frumvarpsins er á því reistur, að ríkissaksóknari fari með þýðingarmikil völd. Það skiptir ýmsa aðila í þjóðfélaginu miklu máli, hvort ríkissaksóknari hefst handa út af meintu réttarbroti og hvernig því máli lýkur frá hans hendi. Nauðsynlegt er, að ríkissaksóknara sé tryggt hlutleysi í þessum störfum með svipuðum hætti og dómara í dómsstörfum.

Ákvæði 52. gr. frumvarpsins er nýtt. Telja verður, að það auki réttaröryggi á því sviði, sem greinin tekur til.

Um 53. gr.

Dómstólar eru sá þáttur ríkisvaldsins, sem er ætlað að tryggja það, að einstaklingar og lögpersónur nái lagalegum rétti sínum. Til þess að ná þessu markmiði verður að tryggja hlutleysi dómstólanna. Í því felst m. a., að tryggja verður sjálfstæði dómenda í starfi. Því er svo fyrir mælt í 1. málslið 53. gr. frumvarpsins, að dómendur skuli einungis fara eftir lögunum í embættisverkum sínum. Dómendur mega því ekki taka við fyrirmælum frá neinum í störfum sínum. Þeim ber einungis að fara eftir lögum eins og þau eru á hverjum tíma, þegar þeir taka ákvarðanir í dómaraverkum sínum.

Ákvæði 2. málsliðar 53. gr. frumvarpsins er ætlað að tryggja hlutleysi dómstóla. Það getur auðveldlega valdið tortryggni í garð dómstóla, ef dómendur hafa, auk dómarastarfa, föst umboðsstörf hjá opinberum aðilum. Slíkt er hér bannað, nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Er þetta ákvæði nýmæli í stjórnarskrá.

Um 54. gr.

Í 54. gr. frumvarpsins segir, að dómstólar eigi úrskurðarvald um ágreining um valdmörk stjórnvalda. Telja verður, að þetta ákvæði sé sambærilegt við 1. málslið 60. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt ákvæðinu eiga dómstólar úrskurðarvald um það, hvort stjórnvöld hafa farið formlega rétt að við ákvarðanatöku, og einnig um það, hvort ákvörðunin standist lög að efni til. Í því sambandi má þó geta þess, að dómstólar hafa sjaldan heimild til þess að hnekkja ákvörðun stjórnvalds, sem hvílir eingöngu á mati samkvæmt tiltekinni lagaheimild, nema þegar um formgalla á ákvörðuninni er að ræða.

Ákvæði í 54. gr. frumvarpsins um að dómstólar eigi úrskurðarvald um það, hvort lög brjóti í bág við stjórnarskrá, er nýtt, en þess ber að geta, að dómstólar hafa jafnan túlkað ákvæðið á þessa lund. Löng réttarvenja er fyrir slíkri framkvæmd, og er hún staðfest með ákvæðinu.

Fyrsti málsliður 1. málsgreinar 54. gr. frumvarpsins felur í sér nýmæli. Hér er kveðið á um verkefni dómstóla. Rétt er að stjórnarskráin hafi að geyma almenn fyrirmæli um þetta

efni. Aðalreglan er sú, að dómstólar eiga úrskurðarvaldið um réttarágreining, en þó má kveða á um undantekningar frá þessu í lögum. Þess eru raunar mörg dæmi, að æðstu handhöfum framkvæmdarvalds eða öðrum stjórnsýsluaðilum er fengið endanlegt úrskurðarvald með lögum í tilteknum málaflokkum. Löggjafinn hefur þó ekki óbundnar hendur um framsal dómsvalds í hendur annarra aðila en dómara. Í sumum málaflokkum er dómstólum fengið úrskurðarvald í sjálfri stjórnarskránni, sbr. til dæmis 65. gr. stjórnarskrárinnar, og í öðrum tilfellum má vera, að framsal dómsvalds af hálfu löggjafans í hendur annarra aðila en dómstóla sé það víðtækt, að það samræmist ekki fyrrgreindum fyrirmælum frumvarpsins, ef að lögum yrði. Telja verður samkvæmt þessu, að þýðing umrædds ákvæðis felist í tvennu: Það setur vissar skorður á framsal dómsvalds af hálfu löggjafans, og það veitir líkur fyrir því, að lagagreinar, sem fela í sér framsal dómsvalds, verði í vafatilvikum túlkaðar í samræmi við aðalregluna í 1. málslið 1. málsgreinar 54. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er í þessu sambandi að gera sér ljóst, að dómstólar eiga ávallt síðasta orðið um það, hvort framsal dómsvalds í hendur annarra en dómstóla sé í samræmi við stjórnarskrána.

Ákvæði í 2. málsgrein 54. gr. frumvarpsins er efnislega það sama og í 2. málslið 60. gr. stjórnarskrárinnar. Það felur í sér, að málskot til dómstóla frestar ekki réttaráhrifum stjórnvaldsboðs. Hins vegar getur úrlausn dómstóls frestað réttaráhrifum stjórnvaldsboðs.

Um 55. gr.

Ákvæði 55. gr. frumvarpsins er fyrst og fremst ætlað að tryggja hlutleysi dómenda og ríkissaksóknara. Slíkt hlutleysi verður ekki tryggt fyllilega nema því aðeins, að ákvæði séu í stjórnarskránni, sem tryggja það, að þeim verði ekki vikið úr starfi, nema ávirðingar á hendur þeim, sem nægja til brottvikningar, séu sannaðar í dómsmáli. Það nær fyrst og fremst til dómenda Hæstaréttar og ríkissaksóknara, en auk þess til annarra umboðsstarfalausra dómenda. Dómstólar skera úr um hvaða dómarar skuli taldir umboðsstarfalausir í þessu sambandi. Ákvæðinu svipar til 2. málsliðs 61. gr. stjórnarskrárinnar, en er þó víðtækara.

Um 56. gr.

Nú er mjög stuttlega fjallað um sveitarfélög í stjórnarskránni og aðeins í einni grein hennar, 76. gr.

Nýmæli er, að í þessari grein segir, að landið skiptist í sveitarfélög, og jafnframt, að stjórnir þeirra skuli kjörnar í almennum, leynilegum kosningum. Er það til þess að undirstrika rétt íbúa sveitarfélaga til þess að velja sjálfir stjórnir þeirra.

Um 57. gr.

Hér er það nýmæli, að tekið er fram, að skiptingu verkefna milli sveitarfélaga og ríkisins skuli skipað með lögum. Jafnframt að hið sama gildi um tekjustofna sveitarfélaga. Með því er gefið til kynna, að um slíka tekjustofna þeirra skuli jafnan vera að ræða.

Um 58. gr.

Grein þessi er nýmæli. Veitir hún íbúum sveitarfélags rétt til þess að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins, ef þeir telja ástæðu til. Hér eru því lýðræðisleg réttindi íbúanna aukin og skulu tryggð í framkvæmd með lögum. Má ætla, að heimildin verði sérstaklega notuð, þegar um umdeild mál er að ræða, sem íbúar sveitarfélagsins vilja fá að segja álit sitt á áður en til lykta eru ráðin. Svipaðar heimildir hafa gefið góða raun erlendis, m. a. í Bandaríkjunum og Sviss.

Um 59. og 60. gr.

Báðar þessar greinar eru samhljóða gildandi stjórnarskrárákvæðum, sbr. 62. og 63. gr.

Um 61. gr.

Grein þessi er óbreytt frá núgildandi stjórnarskrárákvæði, nema hér er utanþjóðkirkjumönnum heimilað að greiða gjöld til einhvers viðurkennds styrktarsjóðs að eigin vali eða Háskóla Íslands. Áður runnu gjöldin einvörðungu til Háskólans eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla. Hér er því um mun rýmri heimild að ræða.

Fulltrúar Alþýðubandalags töldu, að orðalag þessa kafla, VII. kafla stjórnarskrárinnar, þyrfti að athuga nánar.

Um 62. gr.

VIII. kafli geymir ákvæði um vernd mannréttinda. Er þar um að ræða viðurkenningu mannréttinda, sem flest eiga sér langa hefð meðal þjóða, sem búa við svipaða stjórnskipan og Íslendingar. Mörg þessara mannréttinda njóta verndar í núgildandi stjórnarskrá. Þá hefur verið höfð hliðsjón af skuldbindingum Íslands á þessu sviði samkvæmt þjóðarétti, en Ísland hefur gerst aðili fjögurra alþjóðasáttmála um víðtæka og almenna vernd mannréttinda. Þessir sáttmálar eru Evrópuráðssamningur um vernd mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu) frá 4. nóvember 1950 ásamt síðari viðaukum, Félagsmálasáttmáli Evrópu frá 18. október 1961, alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem samþykktur var á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 16. desember 1966 (Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna), og alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, einnig samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, 16. desember 1966.

VIII. kafli fjallar bæði um borgaraleg og stjórnmálaleg mannréttindi, sbr. 62.–69. gr., og félagsleg mannréttindi, sbr. 70.–75. gr. Borgaraleg og stjórnmálaleg mannréttindi lýsa sér fyrst og fremst í takmörkun á afskiptum handhafa ríkisvalds af einstaklingum, en ákvæði um félagsleg mannréttindi ætlast hins vegar til aðgerða af hálfu ríkisins á tilteknum sviðum. Ákvæðin um félagsleg mannréttindi eru stefnuyfirlýsingar, sem þurfa nánari útfærslu í almennum lögum.

Í 62. grein er lagður sá hornsteinn undir vernd mannréttinda, að frelsi, persónulegt öryggi og jafnrétti skuli varið með stjórnskipulegum ákvæðum. Síðar í VIII. kafla eru ýmis nánari ákvæði um þessi efni.

Hliðsjón hefur verið höfð af 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. grein fjórða viðauka við þann sáttmála, 9. og 14. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 65. grein núgildandi stjórnarskrár.

Greinin er nýmæli.

Um 63. gr.

Hér er ákveðið, að menn skuli njóta mannréttinda án nokkurrar þeirrar mismununar, sem ekki verði réttlætt. Tekið er mið af 14. grein Mannréttindasáttmála Evrópu og 26. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Greinin er nýmæli.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að á eftir 63. gr. kæmi ný grein, svohljóðandi:

„Konur og karlar eiga jafnan rétt á öllum sviðum og ber að tryggja þeim sömu tækifæri til starfa og jafnt kaup fyrir sambærilega vinnu.“

Um 64. gr.

Í fyrri málsgrein 64. gr. er orðuð sú meginregla, að til frelsissviptingar þurfi jafnan sérstaka lagaheimild. Jafnframt er svo mælt fyrir, að sá maður, sem frelsi er sviptur, eigi skýlausan rétt á því að bera lögmæti frelsisskerðingar undir dómstóla. Ef lagaheimild hefur brostið til þeirra aðgerða, ber að láta hann lausan. Tekið er fram, að dómara beri að leggja úrskurð á málið án ástæðulauss dráttar.

Í síðari málsgrein 64. gr. eru sérákvæði um handtöku og gæslu sakaðra manna við rannsókn og meðferð refsimála. Svipað ákvæði er í 65. gr. núgildandi stjórnarskrár.

Um 65. gr.

Í fyrri málslið 65. gr. er mönnum tryggð réttlát meðferð mála fyrir dómstólum. Er þetta ákvæði að því leyti rýmra en 6. grein Mannréttindasáttmála Evrópu, að 65. gr. tekur til allra dómsmála. Hins vegar eru ekki tekin í 65. gr. nákvæm ákvæði um það, hvað felist í réttlátri málsmeðferð, en ákvæði af því tagi eru í nefndu ákvæði umrædds mannréttindasáttmála. Geta þau orðið til leiðbeiningar við skýringu 65. gr.

Í síðari málslið 65. gr. felst sú regla fyrst og fremst, að við meðferð máls megi dómari ekki fyrir fram ganga út frá því sem vísu, að sakaður maður sé sekur, og einnig sú regla, að allur vafi á sekt sökunauts skuli metinn honum í hag. Hliðstætt ákvæði er í 2. málsgrein 6. greinar Mannréttindasáttmála Evrópu og 14. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Greinin er nýmæli.

Um 66. gr.

Hér er lagt bann við því, að refsilög verði látin hafa afturvirk áhrif. Bannið nær einnig til þess, að beitt sé óhæfilega rúmri lögskýringu. Bann af þessu tagi er bæði í 7. grein Mannréttindasáttmála Evrópu og 15. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Greinin er nýmæli.

Um 67. gr.

Samkvæmt þessari grein skal heimili og einkalíf í víðtækum skilningi njóta verndar sem mannréttindi. Friðhelgi heimilis eða einkalífs verður ekki skert, nema til þess sé sérstök heimild í lögum. Höfð er hliðsjón af 66. gr. núgildandi stjórnarskrár, 8. grein Mannréttindasáttmála Evrópu og 17. og 23. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Nútímatækni við skráningu hvers konar upplýsinga getur leitt til óhæfilegrar hnýsni og afskipta af einkahögum manna. Er því boðið, að lög skuli setja um þetta efni.

Um 68. gr.

Hér er kveðið á um rétt manna til að afla sér upplýsinga, rétt til að mynda sér skoðanir og til að koma skoðunum sínum og hvers konar upplýsingum á framfæri við aðra. Þótt kveðið sé svo að orði, að menn verði að bera ábyrgð á þeim hugsunum, sem þeir tjá, er ekki þar með sagt, að löggjafinn hafi óhefta heimild til að skerða tjáningarfrelsi.

10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu, 19. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 72. grein núgildandi stjórnarskrár hafa einkum verið hafðar til hliðsjónar við samningu 68. gr.

Um 69. gr.

Hér er kveðið á um vernd fundafrelsis og félagafrelsis. Aðeins má stofna félög í löglegum tilgangi. Í þeim fyrirvara felst, að markmið og starf félaga megi ekki fara í bág við lög, sem lýsa tiltekna háttsemi ólögmæta.

Hér hafa verið hafðar til hliðsjónar 11. grein Mannréttindasáttmála Evrópu og 21.—22. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Um 70. gr.

Hér eru tekin upp með óbreyttu orðalagi ákvæði 67. gr. núgildandi stjórnarskrár til verndar eignarrétti.

Fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks lögðu til, að greinin orðaðist svo:

„Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi sanngjarnt verð fyrir.“

Um 71. gr.

Hér eru tekin upp óbreytt ákvæði 69. gr. núgildandi stjórnarskrár til verndar atvinnufrelsi.

Um 72. gr.

Í fyrsta málslið 72. greinar er kveðið á um þau réttindi íslenskra ríkisborgara, að þeir verði eigi gegn vilja sínum sviptir íslenskum ríkisborgararétti og að þá megi aldrei hindra í að koma til landsins.

Í öðrum og þriðja málslið 72. gr. er mælt fyrir um rétt allra manna til að ráða för sinni og dvöl innanlands og rétt til að fara úr landi. Þessi ákvæði eiga sér hliðstæðu í 2. grein fjórða viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu og 12. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Um 73., 74. og 75. gr.

Hér er kveðið á um skyldu ríkisins til að tryggja landsmönnum ákveðin félagsleg réttindi. Um er að ræða stefnumörkun, sem löggjafinn verður að útfæra nánar í almennum lögum.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að 74. gr. orðaðist svo:

„Öll börn og unglingar eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.“

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að 75. gr. orðaðist svo:

„Sérhver maður á rétt til að afla sér lífsviðurværis með vinnu, sem hann velur sér, og skulu stjórnvöld með lögum gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja þennan rétt.

Sérhver maður skal njóta öryggis við störf, heilsusamlegra vinnuskilyrða og orlofs.“

Ný grein.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að á eftir 75. gr. kæmi ný grein, er hljóðaði svo:

„Sérhver maður á rétt til að taka á lýðræðislegan hátt þátt í ákvörðunum um málefni vinnustaðar síns.“

Um 76. gr.

Hér eru tekin upp óbreytt ákvæði 68. gr. núgildandi stjórnarskrár.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að greinin orðaðist svo:

„Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga eða stofnanir, sem Íslendingar einir eiga. Veita má sendiráðum, alþjóðastofnunum og erlendum mönnum sem hér eiga lögheimili undanþágu frá þessu ákvæði með lögum.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslensk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.“

Um 77. gr.

Hér eru tekin upp óbreytt ákvæði 77. gr. núgildandi stjórnarskrár í fyrri málsgrein.

Seinni málsgreinin er nýmæli. Full ástæða þykir til þess, vegna fenginnar reynslu, að banna afturvirkni skattalaga, svo sem nánar segir í greininni. Eftir mitt ár, þegar álagningu er lokið, er óheimilt að setja lög, sem leiða til hækkunar skatta, sem þegar hafa verið lagðir á, og tekur þetta bann bæði til nýrrar álagningar á tekjur liðins árs og eignir í lok liðins árs.

Um 78. gr.

Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna, ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda, sem getið er í greininni. Áþekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa, og eru þau talin hafa gefið góða raun. Embætti ármanns eða umboðsmanns þjóðþingsins tíðkast meðal annars í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Hefur starf þeirra leitt til þess, að mun auðveldara og greiðara er fyrir þá, sem telja sig órétti beitta af yfirvöldum, að fá leiðréttingu mála sinna.

Um 79. gr.

Grein þessi er nýmæli. Lýst er yfir þjóðareign að auðlindum hafs og hafsbotns við Ísland. Jafnframt að náttúruauðlindir landsins skuli vera ævarandi eign Íslendinga. Afsal þeirra til útlendinga er því lýst óheimilt. Að því er einstakar auðlindir snertir, svo sem vatns- og virkjunarrétt, jarðhita- og námuréttindi, er gert ráð fyrir því, að um yfirráðarétt þeirra verði fjallað í lögum. Er í greininni ekki tekin afstaða til þess, hvort eða að hve miklu leyti slík náttúruauðæfi skuli vera ríkiseign. Er það undir ákvörðun Alþingis komið.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að greinin orðaðist svo:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.

Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni, skal að öðru leyti skipað með lögum. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna.

Með þeim takmörkunum, sem hér segir, skal við það miða, að eignarréttur haldist á jörðum, beitiréttur í óbyggðum og önnur þau hlunnindi í heimalöndum og utan þeirra, sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum."

Fulltrúar Alþýðuflokks lögðu til, að greinin orðaðist svo:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Auðlindir hafsins og sjávarbotns, innan íslenskrar lögsögu, eru sameign þjóðarinnar. Þau náttúrugæði, svo sem landsvæði, svo og vatns- og virkjunarréttindi, jarðhita- og námaréttindi, og önnur réttindi bundin eignarrétti lands, sem eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir, skulu vera þjóðareign. Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, sem skal með lögum ákveða aðgangs- og nýtingarrétt almennings, svo og landverndar- og umgengnisskyldu. Með sérstökum lögum getur Alþingi veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum réttindi til nytja lands og landgæða."

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að á eftir 79. gr. kæmu tvær nýjar greinar, er orðuðust svo:

Fyrri grein:

„Ísland er friðlýst land. Aldrei má leyfa geymslu kjarnorkuvopna eða annarra gereyðingarvopna í landinu, né heldur flutning þeirra um Ísland, lofthelgi þess eða fiskveiðilögsögu."

Seinni grein:

„Íslensk stjórnvöld skulu á alþjóðavettvangi styðja afvopnun og frið, sjálfsákvörðunarrétt þjóða og verndun mannréttinda."

Um 80. gr.

Greinin er nýmæli. Vernd náttúru landsins og auðlinda þess í nútíð og framtíð er svo mikilvægt mál, að það á heima í stjórnarskrá. Verndarskyldan hvílir bæði á ríki og einstaklingum.

Sérstök áhersla er hér lögð á það, að landsmönnum öllum sé tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Er svo fyrir mælt, að í lögum skuli sá réttur sérstaklega tryggður.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að greinin orðaðist svo:

„Landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Stjórnvöldum er skylt að vernda náttúru landsins og auðlindir þess, svo að tryggt sé að allir landsmenn geti notið útivistar og varðveittur sé sá höfuðstóll, sem felst í auðæfum náttúru landsins. Nánar skal í lögum fjalla um umgengnisrétt landsmanna við landið og verndun náttúru og auðlinda landsins og hvernig tryggja skal að ekki spillist að óþörfu líf, land eða haf."

Um 81. gr.

Greinin er samhljóða 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 82. gr.

Í stjórnarskránni er ekkert almennt ákvæði um heimild eða rétt til þess að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram. Í tveimur tilvikum skal þó leggja mál undir dóm kjósenda samkvæmt núgildandi ákvæðum. Er það þegar forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar, sbr. 26. gr., og ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipan ríkisins, sbr. 2. málsgrein 79. gr.

Rétt þykir að taka upp í stjórnarskrá almennt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, sem veiti kjósendum slíkan lýðræðislegan rétt. Gert er ráð fyrir því, að fjórðungur alþingiskjósenda geti óskað eftir því, að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni. Eru þar engin sérstök mál undanskilin. Úrslit í slíkri atkvæðagreiðslu eru ekki bindandi fyrir Alþingi, en ætla má, að þau verði engu að síður mjög stefnumótandi og tillit tekið til niðurstöðunnar af hálfu þess, Nauðsynlegt verður að setja sérstaka löggjöf um þjóðaratkvæði það, sem hér er rætt um, nái tillagan fram að ganga.

Fulltrúar Alþýðubandalags lögðu til, að í stað „fjórðungur" kæmi „fimmtungur" í greininni.

Um 83. gr.

Lagt er hér til, að nýr háttur verði hafður á við breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli. Ekki er hins vegar lengur skylt að rjúfa þing strax og fyrra þingið hefur samþykkt stjórnarskrárbreytinguna og um enga þingrofsskyldu að ræða eins og nú er. Nýmæli er það einnig, að nú skal fara fram sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytinguna að loknu samþykki fyrra þingsins. Ráðast því örlög breytingarinnar af vilja þjóðarinnar. Svo er hins vegar ekki í dag, þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer ekki fram um stjórnarskrárbreytingu sérstaklega, heldur eiga sér einvörðungu stað almennar alþingiskosningar eftir þingrof, þar sem um margt annað er kosið en stjórnarskrárbreytinguna.

Síðari málsgrein 83. gr. er samhljóða 2. málsgrein 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar í janúar 1983 gerðu þeir Matthías Bjarnason og Tómas Tómasson svolátandi athugasemd:

„Eins og fram kemur í inngangi að þessari skýrslu áskilja allir nefndarmenn sér rétt til að gera fyrirvara um einstakar greinar framanritaðra tillagna um breytingu á stjórnar-

skránni. Við undirritaðir höfum gert okkar athugasemdir við einstakar greinar, sem við teljum ekki ástæðu til að skýra nánar í þessari skýrslu en munum gera grein fyrir þeim í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, sem tilnefndi okkur í nefndina. Það er okkar skoðun að það flýti ekki fyrir lausn stjórnarskrármálsins að skjalfesta öll ágreiningsatriði fyrr en þau hafa verið rædd innan hvers þingflokks og milli stjórnmálaflokkanna. Ef þá hefur ekki tekist að jafna ágreining er eðlilegast að okkar dómi að lagðar séu fram breytingartillögur þegar málið er komið til umræðu á Alþingi.

Alþingi samþykkti þingsályktun 6. maí 1978 um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipan, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög. Þessi nefnd átti að skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum. Nefndin var skipuð haustið 1978 og kom saman til fyrsta fundar 1. des. 1978. Því miður voru störf nefndarinnar stopul og oft leið langur tími á milli funda. Þetta gerði það m. a. að verkum að nefndin hefur farið langt fram úr þeim tíma sem henni var ætlað og ennþá eru eftir töluverð störf óunnin. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var gert ráð fyrir að stjórnarskrárnefnd lyki störfum fyrir árslok 1980, „þannig að Alþingi hafi nægan tíma til þess að ljúka afgreiðslu stjórnarskrár- og kjördæmamálsins fyrir lok kjörtímabilsins".

Kjördæmamálið hefur verið mikið rætt opinberlega og ætti því að vera auðvelt að ljúka afgreiðslu þess. Öðru máli gegnir um stjórnarskrármálið, því breytingar á stjórnarskránni hafa litla umræðu fengið meðal þjóðarinnar og er varhugavert að afgreiða það með miklum flýti."

Nd. 538. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 10 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1982, um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Greinargerð.

Í 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, var upphaflega stefnt að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna, þ. e. haustið 1980.

Hins vegar er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í lögunum, að Alþingi fjalli nánar um 9 ára skólaskyldu áður en hún kemur til fullra framkvæmda.

Á þingskjali 487 er frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, stjórnarfrumvarp, sem vísað hefur verið til menntamálanefndar Nd. Alþingis.

Við blasir að frumvarpið á þskj. 487, svo veigamiklar breytingar sem það hefur inni að halda, nái ekki afgreiðslu á þessu þingi.

Alþingi frestaði með lögum 1980 að láta 9 ára skólaskyldu koma til framkvæmda það ár, og var frestunin framlengd með lögum nr. 39/1981 og enn framlengd með lögum 39/1982 eitt ár í senn.

Þar sem fyrir liggur að grunnskólar landsins eru ekki enn þá undir það búnir að framkvæma lögin um 9 ára grunnskólaskyldu, þykir nefndinni nauðsynlegt að flytja frumvarp þetta um frestun 9 ára skólaskyldu um eitt ár, þ. e. til haustsins 1984.

Nd. 539. Frumvarp til laga [245. mál]

um eftirmenntun í iðnaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Eftirmenntun í iðnaði skal skipulögð sem þáttur í fullorðinsfræðslu og miðar einkum að því að endurnýja og auka þekkingu og verkkunnáttu starfsfólks í iðnaði með tilliti til nýrrar tækni og breytinga í störfum sem af henni leiða.

Eftirmenntunin skal m. a. felast í miðlun þekkingar og verktækni svo og þjálfun í vinnuaðferðum og meðferð tækjabúnaðar.

Í reglugerð skal kveðið á um undirbúning og skipulagningu námskeiða til eftirmenntunar í iðnaði skv. lögum þessum.

2. gr.

Fræðslumiðstöð iðnaðarins er sjálfstæður aðili með sérstöku reikningshaldi undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins. Miðstöðin skal starfa í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Fræðslumiðstöðin skal hafa á hendi þróunarstörf, þjónustu og undirbúning vegna eftirmenntunar í iðnaði, sbr. 3. gr. Jafnframt stuðlar Fræðslumiðstöðin að samstarfi milli stofnana, starfsgreina, skóla og annarra aðila um aðgerðir til að efla og samræma eftirmenntun í iðnaði.

3. gr.

Fræðslumiðstöðin skal stuðla að fjölbreyttu framboði eftirmenntunarnámskeiða. Í því skyni vinnur Fræðslumiðstöðin m. a. að eftirtöldum verkefnum:

(1) veitir aðilum í iðnaði aðstoð og ráðgjöf við að greina fræðsluþarfirnar,
(2) aflar nauðsynlegrar þekkingar á viðkomandi sviði og sér um gerð og útgáfu námsgagna og kennsluleiðbeininga,
(3) þjálfar menn til leiðbeininga- og kennslustarfa,
(4) heldur tilraunanámskeið til að prófa námsefni og kennsluaðferðir,
(5) hefur með höndum upplýsinga- og kynningarstarf vegna eftirmenntunarnámskeiða,
(6) samræmir eftirmenntunarnámskeið.

4. gr.

Við undirbúning og val verkefna skal Fræðslumiðstöðin hafa samráð við samtök í iðnaði sem láta fræðslumál til sín taka og hagsmuna eiga að gæta. Jafnframt skal Fræðslumiðstöðin leitast við að örva frumkvæði starfsfólks og samtaka í iðnaði að eftirmenntun og veita ráðgjöf og aðstoð í þeim efnum.

5. gr.

Fela má Fræðslumiðstöðinni að hafa umsjón með eða annast að öllu leyti rekstur eftirmenntunarnámskeiða í iðnaði sem styrkt eru af ríkinu.

6. gr.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar skal fjármögnuð á eftirfarandi hátt:

(1) með fjárveitingu á fjárlögum,
(2) með tekjum af seldri þjónustu,
(3) með öðrum tekjum.

7. gr.

Iðnaðarráðherra skipar til tveggja ára í senn fimm manna stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar og jafnmarga til vara:

a) einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
b) einn tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands,
c) einn tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands,
d) einn tilnefndan af menntamálaráðuneyti og
e) einn fulltrúa iðnaðarráðuneytis.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

Stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar fer ásamt ráðherra með yfirstjórn miðstöðvarinnar. Stjórnin skal m. a. gera áætlanir um starfsemina, fjalla um umsóknir um aðstoð við námskeiðahald og samræma námskeið.

8. gr.

Iðnaðarráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar, forstöðumann Fræðslumiðstöðvarinnar til 4ra ára í senn. Forstöðumaður annast daglega stjórn, samhæfingu verkefna og ber ábyrgð á fjárreiðum Fræðslumiðstöðvarinnar.

Ráðherra ræður að fengnum tillögum forstöðumanns annað starfslið Fræðslumiðstöðvarinnar. Við val starfsmanna skal reynt að tryggja að miðstöðin hafi jafnan á að skipa starfsmönnum með trausta reynslu úr iðnaði og staðgóða þekkingu á kennslufræði og námsgagnagerð.

9. gr.

Með reglugerð skal kveða nánar á um einstök verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar, hlutverk stjórnar og verkaskiptingu hennar og forstöðumanns, samstarf við samtök í iðnaði og aðra þætti í framkvæmd laganna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt

Frumvarp þetta miðar að því að efla eftirmenntun í iðnaði með því að koma betra skipulagi á undirbúning hennar frá því sem verið hefur. Til grundvallar er m. a. lögð sú stefnumótun að samtök í iðnaði hafi með höndum framkvæmd fræðslunnar, eftir því sem aðstæður frekast leyfa, en ríkið veiti tiltekna aðstoð og þjónustu við undirbúning eftirmenntunarnámskeiða og standi fyrir nauðsynlegu þróunarstarfi á þessu sviði.

Með frumvarpinu er lagt til að þróunarstarf sem verið hefur í mótun s. l. þrjú ár með samstarfi ráðuneyta, tæknistofnana og samtaka í iðnaði verði örvað og því komið í fastara form. Lagt er til að svonefnd Fræðslumiðstöð iðnaðarins, sem verið hefur vettvangur þessa starfs, verði gerð að sérstakri starfseiningu í tengslum við tækni- og rannsóknastofnanir iðnaðarins og þá aðila sem halda eftirmenntunarnámskeið.

Meginverksvið Fræðslumiðstöðvarinnar yrði hvers konar þróunar- og undirbúningsstörf vegna eftirmenntunarnámskeiða. Þannig myndi Fræðslumiðstöðin m. a. aðstoða við greiningu á fræðsluþörfum í iðnaðinum, útbúa og gefa út viðeigandi námsefni og kennsluleiðbeiningar, þjálfa menn til leiðbeiningastarfa og samræma eftirmenntunarnámskeið.

Í frv. er gert ráð fyrir að stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar verði skipuð fimm fulltrúum frá samtökum vinnumarkaðarins, tæknistofnunum iðnaðarins og ráðuneytum. Forstöðumaður yrði ráðinn til 4ra ára í senn en auk hans þyrftu að starfa við miðstöðina 3—4 sérhæfðir starfsmenn.

Gert er ráð fyrir því að starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar verði að verulegum hluta fjármögnuð með fjárveitingum á fjárlögum á sama hátt og verið hefur um eftirmenntun í iðju og iðnaði.

Við framlagningu frumvarpsins hefur m. a. verið tekið mið af samþykkt Alþingis um iðnaðarstefnu frá 3. maí 1982 þar sem hvatt er til að „... aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu bæði á sviði verkkunnáttu og stjórnunar ...“ Jafnframt er með frv. komið nokkuð til móts við óskir samtaka í iðnaði varðandi aukinn stuðning ríkisins við eftirmenntun fyrir starfsfólk í iðnaðinum.

Aðdragandi að starfsemi Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins

Á undanförnum þremur árum hefur verið unnið að því á vegum iðnaðarráðuneytisins í samstarfi við fjölmarga aðila að byggja upp undirstöður fyrir eftirmenntun í iðnaðinum og greinum sem honum eru tengdar.

Þetta starf hófst með skipun Eftirmenntunarnefndar á árinu 1979. Voru nefndinni m. a. falin eftirtalin verkefni:

— Að skilgreina þarfir starfsfólks í iðnaði fyrir menntun og þjálfun umfram þá fræðslu sem veitt er í verkfræðsluskólum og af aðilum utan skólakerfisins.
— Að hafa umsjón með þróunarstarfi og gerð kennslugagna fyrir hin ýmsu starfssvið og leggja á ráðin um námsinntak, tímaþörf og umfang einstakra námsþátta.
— Að gera tillögur um þjálfun leiðbeinenda í þessu skyni í samráði við viðkomandi starfsgreinasamtök.
— Að gera tillögur um verkaskiptingu milli þeirra aðila, sem nú veita eftirmenntun í iðnaði, þannig að komist verði hjá skörun, jafnframt því sem leitast verði við að skapa eðlileg tengsl við grunnnám og annað framhaldsnám.

Nefndin skilaði í mars 1980 áfangaskýrslu um störf sín þar sem m. a. var gerð grein fyrir þeim leiðum sem nefndin taldi vænlegastar til að efla eftirmenntun í iðnaðinum og tilraunaverkefni sem nefndin beitti sér fyrir í þremur starfsgreinum: málmiðnaði, byggingariðnaði og verksmiðjuiðnaði. Að verkefninu var unnið í nánu samstarfi við samtök iðnaðarins í þessum greinum. Var fyrst og fremst stefnt að því að (1) fá yfirlit yfir fræðsluþarfirnar og (2) kanna hvaða námsefni ætti við í hverju tilviki og hvernig best yrði staðið að gerð þess. Starf nefndarinnar varð til þess að glæða áhuga fyrir eftirmenntun í iðnaðinum.

Eftirmenntunarnefnd hélt áfram störfum sínum á árinu 1980 og lauk störfum í maí 1981. Á þessu tímabili gekkst nefndin fyrir tilraunanámskeiðum sem lagður hafði verið grunnur að. Voru samtals haldin 7 námskeið á tímabilinu sept. 1980 til apríl 1981. En meginstarf

nefndarinnar fólst í því að leggja grundvöll að **þróunarverkefni um eftirmenntun** og skapa samstöðu um skipulag þess og framkvæmd hjá stofnunum og samtökum iðnaðarins.

Skýrsla nefndarinnar um þetta efni (Lýsing á hugmyndum um framkvæmd þróunarverkefnis varðandi eftirmenntun og starfsþjálfun í iðnaði) kom út í sept. 1980. Megininntak hennar fólst í tillögu um að: „... sett verði á laggirnar **vinnustöð** (Fræðslumiðstöð iðnaðarins) sem verði vettvangur undirbúnings- og skipulagsvinnu vegna eftirmenntunarnámskeiða." Lagði nefndin til að mynduð yrði sérstök verkefnisstjórn til að stýra þróunarstarfinu.

Iðnaðarráðuneytið ákvað að hrinda tillögum Eftirmenntunarnefndar í framkvæmd og skipaði hinn 14. maí 1981 Verkefnisstjórn um eftirmenntun til að koma Fræðslumiðstöðinni á laggirnar. Frá sama tíma var Eftirmenntunarnefnd leyst frá störfum. Jafnframt ákvað ráðuneytið að verja nokkru fé af aðlögunargjaldi ársins 1980 til að koma starfseminni af stað.

Fræðslumiðstöð iðnaðarins hóf starfsemi sína í október 1981 í húsakynnum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á Keldnaholti. Forstöðumaður var þá ráðinn og einnig starfsmaður til að vinna að frágangi námsgagna.

Fræðslumiðstöðin hefur gefið út upplýsingabæklinga þar sem er að finna yfirlit yfir þau námskeið sem undirbúin hafa verið og standa til boða.

Samstarf við fræðsluyfirvöld og skóla hefur verið mikill styrkur fyrir starfsemina. Áður en iðnaðarráðuneytið tók ákvörðun um að koma Fræðslumiðstöðinni á laggirnar voru teknar upp viðræður við menntamálaráðuneytið og menntamálaráðherra kynnt málið. Tilnefndi menntamálaráðuneytið einn mann af fimm í verkefnisstjórnina.

Kostnaðaráhrif

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður beri kostnað af þróunarstarfi og undirbúningi eftirmenntunarnámskeiða sem unnið yrði að hjá Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Á móti kæmu nokkrar sértekjur af námsgögnum, þátttökugjöldum og þjónustu.

Frá árinu 1975 hefur nokkru fjármagni verið varið á fjárlögum „Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði" (sbr. fjárlagalið með þessu heiti). Gera verður ráð fyrir að ráðstafanir þær sem felast í frumvarpinu hafi í för með sér talsverða hækkun á þessum útgjaldalið.

Fram til ársins 1980 var því takmarkaða fjármagni sem veitt var í þessu skyni eingöngu varið til að styrkja samtök sem stóðu fyrir eftirmenntunarnámskeiðum. Síðan hefur fjárveiting þessi verið notuð til að standa straum af kostnaði við undirbúning námskeiða sem Eftirmenntunarnefnd og síðar Fræðslumiðstöð iðnaðarins hafa unnið að í samstarfi við samtök í iðnaði.

Á fjárlögum fyrir árið 1983 voru veittar kr. 1.3 milljónir til eftirmenntunr í iðnaði. Þessi upphæð er mun lægri en iðnaðarráðuneytið hafði gert tillögu um á grundvelli áætlunar sem gerð var af Verkefnisstjórn um eftirmenntun. Við gerð þeirrar áætlunar var tekið mið af beiðnum, sem borist höfðu Fræðslumiðstöðinni frá samtökum í iðnaði, um aðstoð við undirbúning námskeiða.

Á grundvelli þeirrar jákvæðu reynslu sem fengist hefur af starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar virðist nauðsynlegt að gera í fyrstu ráð fyrir 3—4ra manna föstu starfsliði við miðstöðina. Þörfum fyrir viðbótarstarfslið virðist skynsamlegt að mæta með aðkeyptri vinnu eða tímabundnum ráðningum. Undir öllum kringumstæðum þarf að tryggja að fjárveitingar til starfseminnar nægi til að unnt sé að veita þá lágmarksþjónustu sem frumvarpið kveður á um og iðnaðurinn þarf á að halda.

Reynslan sýnir að þarfir iðnaðarins fyrir eftirmenntun og starfsþjálfun eru talsvert breytilegar frá einum tíma til annars og því er nokkrum erfiðleikum bundið að áætla vinnumagn og fjárþörf vegna undirbúnings námskeiða.

Hugsanlegt er að sjóðir iðnaðarins kunni í vissum tilvikum að geta veitt stuðning til afmarkaðra verkefna sem Fræðslumiðstöðinni yrði falið að vinna að. Einkum gæti það átt við um fræðslu sem tengdist iðnþróunarverkefnum sem styrkt væru af sjóðunum.

Eins og fram kemur annars staðar í greinargerðinni tekur frv. þetta ekki til þátta sem snerta rekstur eftirmenntunarnámskeiða. Hinsvegar er gert ráð fyrir því að tilraunanámskeið (þar sem námsefni og námsgögn yrðu prófuð) verði í umsjá Fræðslumiðstöðvarinnar eins og verið hefur og að litið verði á kostnað við þau sem hluta af undirbúningskostnaði við námskeiðin.

Frumvarpið byggir á þeirri forsendu að eftirmenntun í iðnaði sé þáttur í fullorðinsfræðslu og svipaðar reglur muni gilda um hugsanlegan stuðning ríkisins við rekstur námskeiða í iðnaði og um fullorðinsfræðslu almennt þegar sett yrðu lög um það efni.

Samstarf við aðila í iðnaði og fræðslukerfi

Mjög góð samvinna hefur tekist við ýmis samtök í iðnaðinum um verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar. Hafa samtökin látið í ljós ánægju með starfsemina og jafnframt hvatt til þess að hún verði efld til muna, m. a. með auknum fjárveitingum.

Iðnfræðsluskólar og aðrir verkmenntaskólar hafa sýnt starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar mikinn áhuga. Hafa skólar, sem til hefur verið leitað, léð aðstöðu til námskeiðahalds og einnig hafa skólarnir sóst eftir því námsefni sem unnið hefur verið á vegum Fræðslumiðstöðvarinnar. Telja verður það eðlilegan gang mála að námsefni sem mótað er og notað við eftirmenntun verði hagnýtt eins og frekast er kostur í öllum verkmennta- og tækniskólum í landinu.

Stefna þarf að sem virkastri þátttöku samtaka og starfshópa í iðnaði í framkvæmd eftirmenntunar. Þetta á jafnt við um stefnumörkun til lengri tíma og val og undirbúning einstakra námskeiða, inntak þeirra og framkvæmd.

Í mörgum tilvikum munu óskir um aðstoð við fræðslustarf koma frá félögum eða samtökum sem eiga aðild að einhverjum heildarsamtökum, t. d. sérgreinasamböndum innan Alþýðusambands Íslands. Sama getur átt við um beiðnir sem berast frá einstökum fyrirtækjum, skólum eða stofnunum. Eðlilegt er að þá kanni Fræðslumiðstöðin viðhorf til verkefnisins hjá þeim heildarsamtökum eða aðilum sem standa að baki verkbeiðanda. Þetta er ekki síst nauðsynlegt m. t. t. samræmingar á skyldum verkefnum og í ljósi þess að verkaskipting milli iðngreina er víða óljós og viðhorf oft nokkuð mismunandi á því hvaða iðngrein tiltekinn verkþáttur eða nýjung tilheyrir.

Til þess að framangreind umfjöllun verði ekki of þung í vöfum væri æskilegt að Fræðslumiðstöðin gæti snúið sér til eins aðila, t. d. fræðslunefnda sérgreinasambanda, til að ræða um verkefnin og skapa um þau nauðsynlega samstöðu. Fræðslumiðstöðin þarf jafnframt að leitast við að örva frumkvæði samtaka og starfshópa að eftirmenntun. Eðlilegur vettvangur í þessu sambandi eru tengsl við vinnustaði, fundir með fræðslunefndum samtaka og þátttaka starfsmanna Fræðslumiðstöðvarinnar í fundum og ráðstefnum þar sem fræðslumál eru á dagskrá.

Þá þarf Fræðslumiðstöðin einnig að veita eftir föngum faglega aðstoð við eftirmenntun sem samtök og ýmsir aðilar hefðu frumkvæði að og kostuðu.

Hlutverk og starfshættir Fræðslumiðstöðvarinnar

Eftirmenntun hefur fengið góðan byr í umræðu um iðnþróun en í reynd hefur ekki tekist að efla hana sem skyldi. Fræðslumiðstöðinni er ætlað það meginverkefni að vinna að þróun og undirbúningi eftirmenntunar í iðnaði. Orðið „miðstöð“ lýsir nokkuð vel því sem að er stefnt, þ. e. að skapa vettvang fyrir þetta starf.

Gert er ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin starfi í tengslum við rannsókna- og þjónustustofnanir iðnaðarins og þá einkum Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Báðar þessar stofnanir hafa miklu og vaxandi fræðsluhlutverki að gegna. Sú sérhæfða þjónusta sem Fræðslumiðstöðinni er ætlað að veita mun auðvelda þessum stofnunum að mæta auknum kröfum um og þörfum fyrir fræðslu og koma þannig á framfæri með virkari hætti en áður þekkingu og árangri af rannsóknum og tækniþjónustu.

Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan hefur þegar fengist jákvæð reynsla að starfi Fræðslumiðstöðvarinnar. Þannig er með frumvarpi þessu í reynd verið að koma fastari skipan á starfsemi sem verið hefur í mótun á síðustu tveimur árum. Gera verður ráð fyrir að starfsemin þróist og taki breytingum í samræmi við hraðfara tækniþróun og síbreytilegar þarfir í iðnaðinum.

Eigi starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar að bera tilætlaðan árangur verður hún að vera í sterkum tengslum við iðnaðinn sem henni er ætlað að þjóna. Miðstöðin má undir engum kringumstæðum verða „stofnun“ í þeirri merkingu að á verkefni hennar verði litið sem óbreytanleg frá einum tíma til annars. Starfsemin verður þvert á móti að miðast við mikinn sveigjanleika og miðstöðin að geta brugðið skjótt við þegar nýjar þarfir í iðnaði kalla á aðgerðir í fræðslumálum.

Gert er ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin stuðli að víðtæku samstarfi þeirra aðila sem vinna að eftirmenntun í iðnaði. Hér er um mjög þýðingarmikið en um leið vandasamt verkefni að ræða. Enginn einn aðili á vegum stjórnvalda hefur haft með höndum samræmingu á eftirmenntun í iðnaði og því hefur þróunin orðið sú að „hver hefur reynt að bjarga sér“. Fræðslumiðstöðinni er að sjálfsögðu ekki ætlað að grípa inn í störf stofnana og aðila sem fást við eftirmenntun heldur er til þess ætlast að hún setji sig í samband við þessa aðila og kanni hug þeirra og möguleika til samstarfs um tiltekin námskeið eða þætti sem tengjast undirbúningi þeirra.

Enda þótt starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar verði í fyrstu afmörkuð við undirbúning vegna námskeiða, getur í vissum tilvikum verið hagkvæmt að fela Fræðslumiðstöðinni að hafa umsjón með eða annast að öllu leyti rekstur námskeiða sem styrkt eru af ríkinu. Því þykir eðlilegt að hafa í frumvarpinu heimild um þetta atriði.

Eftirmenntun í ljósi tækniþróunar

Í iðnríkjunum hefur á síðustu árum verið mikið ritað og rætt um hvernig stuðla megi að því að verkmenntun hverju nafni sem nefnist haldist sem best í hendur við tækniþróunina. Þar hefur tækniþróunin leitt til endurmats á fyrri viðhorfum til verkmenntunar. Ekki er lengur gert ráð fyrir því að fólk geti lært til starfa í eitt skipti fyrir öll eins og áður var talið gerlegt. Þekkingarforði og leikni sem menn tileinkuðu sér í námi og starfi fyrir t. d. einum áratug hefur ekki sama notagildi og fyrr: (1) Ný efni eru stöðugt að koma til sögunnar í iðnaði, (2) vélar og verkfæri breytast og nýr tækjabúnaður krefst annars konar þekkingar, (3) vinnutilhögun breytist með breyttri tækni og framleiðsluaðferðum, svo dæmi séu nefnd.

Af framangreindum ástæðum hefur hvarvetna reynst æ örðugra að aðhæfa frumfræðsluna þeirri öru þróun sem er að gerast á öllum sviðum iðnaðar og í atvinnulífi yfirleitt. En einnig í eftirmenntun hefur tækniþróunin knúið menn til að endurskoða fyrri starfshætti og halda inn á nýjar brautir. Talað er um að vinna og nám verði að haldast í hendur gegnum alla starfsævi einstaklingsins. Tilboð um margskonar fræðslu fyrir fólk sem komið er til starfa er viðleitni í þá átt að auðvelda starfsmönnum iðnfyrirtækjanna að endurnýja þekkingarforðann og fá þjálfun í nýjum vinnubrögðum. Þessi fræðsla er oft í formi stuttra námskeiða þar sem tiltölulega afmarkað efni er tekið fyrir í einu og reynt að tengja efnið og starfsþjálfunina sem best störfum í viðkomandi grein. Á allra síðustu árum, einkum eftir að örtölvuvæðing hófst fyrir alvöru í iðnaðinum, hefur verið talið nauðsynlegt að auka til muna fjölbreytni í

framboði eftirmenntunarnámskeiða, þ. e. bjóða upp á námskeið sem ná til mun fleiri sviða en áður var talið nauðsynlegt. Jafnframt er lögð áhersla á að við mótun á inntaki hvers námskeiðs þurfi í ríkara mæli en gert hefur verið að horfa lengra til framtíðarinnar jafnvel þótt iðnaðurinn og atvinnulífið kalli ekki í svipinn á þekkingu á viðkomandi sviði.

Vegna framangreindra breytinga á inntaki og umfangi eftirmenntunar er, t. d. í öðrum aðildarríkjum OECD, gert ráð fyrir að auka þurfi verulega fjármagn til eftirmenntunar. Auk tillagna um að námskeiðin nái til fleiri sviða eru uppi kröfur um aukin gæði námsins sem að vissu marki mun þýða lengri og um leið kostnaðarsamari námskeið.

Þörfin fyrir eftirmenntun í iðnaðinum

Þörfin fyrir eftirmenntun í iðnaði hefur lengi verið til staðar hér á landi. Þessi þörf hefur þó orðið æ ljósari eftir að hér hófst sú aðlögun iðnaðarins sem leiddi af inngöngu Íslands í EFTA. Í kjölfar aðildarinnar var mikið rætt um nauðsyn „strúktúrbreytinga“ í iðnaðinum, einkum þó í framleiðslugreinum. Úttektir voru gerðar á stöðu ýmissa iðngreina og settar fram tillögur um aðgerðir til úrbóta. Í nær öllum tilvikum var lögð áhersla á að stórauka þyrfti fræðslu og starfsþjálfun fyrir starfsfólk fyrirtækjanna. Átti það jafnt við um stjórnunar- og framleiðslustörf.

Um samræmdar aðgerðir í eftirmenntun hefur ekki verið að ræða á undanförnum árum sem best má marka af því að enginn einn aðili á vegum iðnaðarins eða ríkisins hefur haft með höndum þróunarstörf varðandi undirbúning og skipulagningu eftirmenntunar og starfsþjálfunar.

Þau samtök í iðnaði sem á undanförnum árum hafa að eigin frumkvæði reynt að koma á eftirmenntunarnámskeiðum hafa flest gefist upp eftir skamman tíma. Undantekningar í þessu efni eru þó til. Má sem dæmi nefna rafiðnaðinn sem um árabil hefur staðið fyrir eftirmenntunarnámskeiðum og með því móti bætt úr brýnustu þörfunum á því sviði. Í flestum greinum framleiðsluiðnaðarins þar sem þarfirnar hafa verið hvað mestar, m. a. vegna breyttra framleiðsluaðferða, aukinnar vélvæðingar og hagræðingar, hefur sáralítið miðað í þá átt að skapa skilyrði fyrir eftirmenntun og starfsþjálfun. Í þessum greinum hefur allur þorri starfandi fólks ýmist enga eða mjög stutta starfsmenntun (framhaldsnám) að baki. Fræðsla og starfsþjálfun í sem bestum tengslum við störfin getur því gjörbreytt stöðu þessa fólks á vinnumarkaðinum og um leið verið mikil lyftistöng fyrir þær iðngreinar sem nú eiga í harðastri samkeppni við innfluttan iðnvarning.

Starfsþjálfun er gildur þáttur í eftirmenntun og yfirleitt æskilegt að tengja hana (fræðilegri) umfjöllun um viðkomandi starf eða svið. Um þetta efni er m. a. fjallað í Áliti samstarfsnefndar um iðnþróun, skýrslu sem út kom í maí 1979. Þar segir:

„Starfsþjálfun vinnuafls í iðnaði er sennilega einn mikilvægasti liðurinn í iðnaðarframförum víða um lönd á síðari árum. Varðar þetta raunar endurmenntun og símenntun starfsliðs á öllum stigum rekstrar, þ. e. framleiðslu og stjórnunar. Er þetta bæði hluti af viðleitni til að auka framleiðni, en jafnframt til að gefa starfsfólki meiri lífsfyllingu, sem fylgir meiri innsýn í starfið og betri tökum á þeim verkum sem það þarf að skila“.

Helstu áherslur varðandi námskeiðahaldið

Eftirmenntunarnámskeiðin munu að langstærstum hluta verða fyrir almennt starfsfólk í iðnaði og skyldum greinum, þ. e. iðnlært og óiðnlært fólk og aðra starfshópa sem ekki eiga völ á námskeiðum við sitt hæfi hjá fræðslustofnunum eða aðilum innan eða utan fræðslukerfisins.

Námskeiðin munu verða mjög fjölbreytileg að því er varðar viðfangsefni, tímalengd og tilhögun alla. Áherslu þarf einkum að leggja á umfjöllun um nýjungar í verktækni og

meðferð efna á viðkomandi sviði, þætti sem snerta vöruvöndun og vinnugæði, leiðsögn og þjálfun í vinnuaðferðum og stjórnun, þjálfun í meðferð véla og tækja eða sambland af öllum þessum þáttum.

Við mótun eftirmenntunarnámskeiða þarf sérstaklega að gæta þess að fræðslan taki mið af þeirri þróun sem vænta má í viðkomandi iðngrein eða starfi á næstu árum. Um leið þarf að tryggja að fræðslan sé sem best tengd viðfangsefnum vinnustaðanna á hverjum tíma.

Ekki er gert ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin undirbúi námskeið um stjórnunarmálefni eða rekstrartækni fyrir stjórnendur fyrirtækja. Samstarf, t. d. um þekkingaröflun vegna námsefnisgerðar, við aðila sem sjá um undirbúning og framkvæmd slíkrar fræðslu er hinsvegar nauðsynlegt því fræðsla um stjórnun og rekstrarmálefni þarf að tengjast með eðlilegum hætti fræðslu og starfsþjálfun fyrir fólk í framleiðslu- og þjónustustörfum í iðnaðinum. Hér má nefna samstarf við aðila eins og Stjórnunarfélag Íslands sem nýtur nokkurs stuðnings ríkisins til að sinna fræðslustarfi um stjórnunarmálefni.

Varðandi áherslu á fræðslu um ýmsa þætti stjórnunar fyrir almennt starfsfólk í iðnaði þarf að hafa í huga að vegna tækniþróunar er stöðugt að breytast verkaskipting milli greina og starfshópa innan þeirra. Fræðsla sem áður var talið að ætti eingöngu erindi til fólks í beinum stjórnunarstörfum (framkvæmdastjórar, tæknimenn, verkstjórar o. fl.) getur fyrr en varir verið orðin ómissandi fyrir fólk í beinum framleiðslu- og þjónustustörfum. Dæmi hér um er þörfin fyrir almenna fræðslu um notkun og möguleika tölvu og ýmiss konar sjálfvirknibúnað sem er að ryðja sér til rúms í iðnaðinum.

Möguleikar starfsfólks til að sækja námskeið

Þar sem frv. tekur fyrst og fremst til undirbúningsþátta vegna eftirmenntunar eru ekki í því nein ákvæði um ráðstafanir til að auðvelda starfsfólki í iðnaðinum að notfæra sér þá fræðslu og starfsþjálfun sem í boði er. Það gefur auga leið að verkefni þau sem Fræðslumiðstöðinni er skv. frumvarpinu ætlað að vinna að koma því aðeins að tilætluðum notum að jafnhliða séu starfsfólki sköpuð eðlileg skilyrði til að afla sér aukinnar þekkingar. Í þessu sambandi vegur þungt hvort fólk hefur t. d. möguleika á að taka sér frí frá störfum til að sækja námskeið og hvort það missir með öllu laun meðan á námskeiði stendur.

Á öðrum Norðurlöndum þar sem eftirmenntunarnámskeið í tengslum við atvinnuvegi eiga sér langa hefð að baki (t. d. Specialarbejderuddannelsen í Danmörku eða Arbetsmarknadsutbildningen í Svíþjóð) njóta þátttakendur yfirleitt verulegs fjárhagslegs stuðnings. Þessi stuðningur er með mismunandi hætti eftir löndum, ýmist frá opinberum aðilum, atvinnuvegasamtökum eða sérstökum sjóðum.

Hér á landi hefur miðað hægt við að undirbúa jarðveginn fyrir eftirmenntun að þessu leyti. Í verksmiðjuiðnaði þar sem þörfin er hvað brýnust fyrir fræðslu og starfsþjálfun hefur fólk yfirleitt ekki ráð á að taka sér launalaust leyfi frá störfum þótt slíkt væri í boði. Hvati til að afla sér menntunar er líka sjaldnast fyrir hendi því engar formlegar kröfur eru gerðar um starfsmenntun. Námskeið eða annars konar viðbótarmenntun veitir fólki í verksmiðjuiðnaði heldur engin formleg starfsréttindi eða rétt til hærri launa.

Ekki er eins ástatt um allar starfsgreinar í þessu efni. Í löggildum iðngreinum er menntun viðurkenndur þáttur í sambandi við launaákvarðanir og tillit hefur verið tekið til þátttöku í námskeiðum við skipan fólks í launaflokka. Ýmsir starfshópar í þjónustu ríkisstofnana, með langskólanám að baki, hafa vissa möguleika á að sækja lengri eða skemmri námskeið án þess að missa laun á meðan.

Á síðustu árum hafa ýmis samtök komið á vísi að starfsmenntasjóðum sem gegna því hlutverki að veita styrki til þeirra sem vilja auka starfsmenntun sína. Dæmi hér um eru samtök opinberra starfsmanna. Þá hafa einstakar starfsstéttir, t. d. rafiðnaðarmenn, farið þá leið að reikna álag á útselda vinnu til að standa undir kostnaði við eftirmenntun.

Einu lagaákvæði um hugsanlegan stuðning við þátttakendur á eftirmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiðum eru í lögum um atvinnuleysistryggingar (nr. 57/1973) þar sem stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum á „viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum“ tiltekinn styrk vegna þátttöku í námskeiðum, ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum. Þessi lagaheimild mun lítið hafa verið notuð.

Þjálfun leiðbeinenda og kennara

Gert er ráð fyrir því að Fræðslumiðstöðin hafi milligöngu um að útvega og þjálfa leiðbeinendur og kennara vegna eftirmenntunarnámskeiða. Í því sambandi þarf að leggja sérstaka áherslu á að fá leiðbeinendur með mikla reynslu og þekkingu úr iðnaðinum. En einnig yrði leitað til starfsmanna á tækni- og þjónustustofnunum iðnaðarins, kennara við verkmennta- og tækniskóla og annarra aðila með þekkingu á viðkomandi sviði.

Á námskeiðum sem haldin yrðu í þessu skyni yrði sérstaklega fjallað um kennslutækni og efnistök með tilliti til sérstöðu væntanlegra þátttakenda á eftirmenntunarnámskeiðum. Í því sambandi þarf að hafa í huga að starfsfólk í iðnaði hefur sjaldnast fengið sömu þjálfun í námstækni (því að læra) og langskólagengið fólk. Í stað mikilla „fræðilegra“ útlistana þarf því að leitast við að tengja námið sem best praktískum viðfangsefnum og reynslu sem þátttakendur færa með sér frá vinnustöðum í viðkomandi starfsgreinum.

Á leiðbeinendanámskeiðunum þarf að taka tillit til þess að þeir sem þau sækja munu sjaldnast hafa kennslureynslu að baki. Í mörgum tilvikum væri æskilegt að velja leiðbeinendur úr hópi þeirra sem fengist hafa við stjórnunarstörf á vinnustað, t. d. verkstjóra eða framleiðslustjóra. Markmið námskeiðanna yrði því ekki að gera menn að kennurum, í venjulegri merkingu þess orðs, heldur að veita viðkomandi tilsögn í nokkrum grundvallaratriðum þess að „segja öðrum til“, leggja á ráðin um hvaða hjálpargögn (s. s. myndefni) sé æskilegt að nota og hvernig meðhöndla skuli kennslutæki á borð við myndvarpa, skyggnuvél o. þ. h.

Námskeið sem miðast við þessar forsendur og markmið standa yfirleitt ekki til boða á vegum aðila í fræðslukerfinu og því er nauðsynlegt að Fræðslumiðstöðin hafi forgöngu um að koma þeim á laggirnar.

Námsefnisgerð

Gert er ráð fyrir því að umfangsmesti þátturinn í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar verði að sjá um öflun þekkingar og samantekt á námsefni vegna kennslu og starfsþjálfunar. Bæði þarf að útbúa og gefa út í aðgengilegu formi námsefni og vinnugögn fyrir þátttakendur og kennsluleiðbeiningar og ýmiss konar hjálpargögn fyrir leiðbeinendur á námskeiðunum.

Vinnsla og útgáfa námsefnis er sérhæft og oft tímafrekt viðfangsefni. Þessum þætti í undirbúningi eftirmenntunarnámskeiða hefur til þessa verið alltof lítill gaumur gefinn. Sama máli gegnir um þá forvinnu sem námsefnisgerðin hvílir á: þ. e. greiningu á inntaki og efnisþáttum hvers námskeiðs.

Til þess að námskeiðin verði hagnýt og markviss og komi að sem bestum notum fyrir þátttakendur er mikilvægt að skilgreina vel strax á fyrsta stigi undirbúningsins til hvaða verksviða eða starfshópa hvert einstakt námskeið á að skírskota og hvaða þekkingu þarf að koma til skila (markmiðslýsing). Þetta er undirstöðuþáttur í undirbúningi allrar eftirmenntunar og því gert ráð fyrir að Fræðslumiðstöðin verði aðilum sem óska eftir fræðslu innan handar við að greina fræðsluþarfirnar.

Viðhorf til undirbúnings af þessu tagi hafa sem kunnugt er breyst á síðustu árum og á það jafnt við um frumfræðslu og eftirmenntun. Reynt er eftir fremsta megni að komast hjá því að tilviljanir ráði því hvernig til tekst með fræðslu á stuttum námskeiðum. Ítarleg

umfjöllun, áður en námskeið hefst, um það hvað og hvernig skuli kennt, hvaða námsefni eigi við, o. fl. er viðleitni í þá átt að bæta gæði fræðslunnar.

Við efnis- og þekkingaröflun vegna námsefnisgerðar þarf að leita víða fanga og hagnýta sem best kunnáttu og reynslu frá vinnustöðum og þekkingu á rannsókna- og tæknistofnunum. Í sumum tilvikum mun þurfa að sækja þekkingu og efni erlendis frá og koma þá að góðum notum þau tengsl sem komist hafa á milli tæknistofnana hér og á öðrum Norðurlöndum.

Vegna skorts á sérmenntuðu starfsliði og nauðsynlegri stýringu og verkstjórn hefur hingað til ekki, nema að mjög takmörkuðu leyti, verið unnt að hagnýta tilboð tæknistofnana á öðrum Norðurlöndum varðandi útvegun kennsluefnis og námsgagna sem þar eru notuð á eftirmenntunarnámskeiðum. Þessi gögn mun sjaldnast hægt að þýða og nota hér óbreytt heldur þarf að vinna úr þeim og aðlaga þau þörfum starfsfólks í iðnaði hérlendis.

Í mörgum tilvikum yrði frumvinna við samantekt námsefnis falin aðilum utan Fræðslumiðstöðvarinnar samkv. fyrirfram gerðum verksamningum. Það kæmi síðan í hlut miðstöðvarinnar að ganga frá námsefninu, fyrst í takmörkuðu upplagi til prófunar á tilraunanámskeiðum og síðan til útgáfu í stærra upplagi.

Leggja þarf eftir föngum áherslu á að koma lesefni til skila á góðu en um leið auðskiljanlegu máli. Samstarf tæknimanna og málfræðinga er æskilegt við mótun nýyrða og málvöndun. Námsefnisgerð um tæknileg efni á með þessu móti að geta stuðlað að því að auðga íslenskt mál, bægja frá lélegum erlendum tökuorðum og slettum en festa þess í stað í sessi góð nýyrði og hugtök. Það gefur auga leið að hér er um að ræða „undirmarkmið" í námsefnisgerð og bæði vegna tíma og kostnaðar mun þurfa að rata meðalhóf í þessu efni.

Tilraunanámskeið

Talið er nauðsynlegt að Fræðslumiðstöðin sleppi ekki hendi af undirbúningi hvers námskeiðs fyrr en námsefnið hefur verið prófað á tilraunanámskeiði. Þessi námskeið færu þannig fram að drög að námsefninu yrðu látin þátttakendum í té í upphafi námskeiðs og síðan leitað eftir ábendingum þeirra um hugsanlegar breytingar meðan á kennslunni stendur. Jafnframt gæfist leiðbeinendum kostur á að kynnast námsefninu og gera tillögur um breytingar á því, kennsluleiðbeiningum og hjálpargögnum.

Með því að fá ábendingar og gagnrýni frá fólki úr röðum þeirra sem síðar eiga að njóta fræðslunnar og þeim sem ætlað er að miðla henni, fæst nokkur trygging fyrir því að námsefnið skiljist og höfði til viðkomandi starfshóps eða iðngreinar.

Að loknum tilraunanámskeiðum yrði námsefnið endurskoðað með hliðsjón af framkomnum ábendingum og síðan gefið út í hæfilegu upplagi.

Tilraunanámskeiðin munu að sjálfsögðu þjóna hagnýtum tilgangi fyrir þátttakendur og því er gert ráð fyrir því að þeir greiði tiltekin þátttökugjöld. Ekki er þó hægt að gera ráð fyrir því að gjöldin standi undir nema litlum hluta kostnaðar við þessi námskeið. Því verður að taka tillit til þessa kostnaðar í áætlunum um verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar og líta á hann sem eðlilegan hluta af þróunarkostnaði við hvert einstakt námskeið.

Samræming eftirmenntunar

Með því að sameina í einni miðstöð undirbúningsstörf vegna eftirmenntunarnámskeiða opnast möguleikar á margskonar hagræðingu og sparnaði miðað við þann kost að þessi verkefni séu dreifð á hendur margra aðila. Sú stutta reynsla sem fengist hefur af starfsemi Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins staðfestir þetta:

(1) Í samstarfi við aðila í iðnaði og fræðslukerfi á að vera unnt að safna á einn stað upplýsingum um hvar skórinn kreppir varðandi fræðslu og starfsþjálfun. (2) Miðstöðin á þegar fram í sækir að geta veitt upplýsingar um hvar tiltekna fræðslu sé að fá, þ. e. hvaða

aðilar standi fyrir eftirmenntunarnámskeiðum, hvert sé efni námskeiðanna, hvort um sé að ræða sérstök inntökuskilyrði, o. fl. (3) Í vissum tilvikum mun sama námsefni geta hentað fólki úr starfsgreinum sem í fljótu bragði virðast ólíkar. (4) Unnt á að vera að koma í veg fyrir tvíverknað við samningu námsefnis og úrvinnslu og þýðingar á erlendu námsefni. (5) Möguleikar eru á að samnýta tækjabúnað og aðstöðu við vinnslu námsgagna (Dæmi: Sameiginlegt ritvinnslukerfi tæknistofnana og Fræðslumiðstöðvar). — Mörg fleiri atriði mætti nefna í þessu sambandi.

Þegar á heildina er litið má leiða að því mörg rök að sameiginleg miðstöð fyrir undirbúning eftirmenntunar í iðnaði sé ekki aðeins hagsmunamál iðnaðarins og þess fólks sem við hann starfar heldur geti þessi starfsemi, ef vel er á málum haldið, orðið lyftistöng fyrir skólastarf í landinu og almenna verkmennt þjóðarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er eftirmenntun í iðnaði skilgreind sem þáttur í fullorðinsfræðslu en gert ráð fyrir að síðar verði sett heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem lög þessi falli að.

Skilgreind eru almenn markmið eftirmenntunar í iðnaði. Telja verður eðlilegt að túlka hugtakið „iðnaður“ rúmt þegar tekin er afstaða til beiðna um aðstoð við undirbúning eftirmenntunar samkvæmt frumvarpinu. Eftirmenntunarnámskeiðin munu einkum verða fyrir almennt starfsfólk í iðnaði og skyldum greinum, þ. e. iðnlært og óiðnlært fólk og aðra starfshópa sem ekki eiga völ á námskeiðum við sitt hæfi hjá fræðslustofnunum innan eða utan fræðslukerfisins.

Í greininni er lagt til að settar verði í reglugerð nánari leiðbeiningar um hvernig unnið skuli að undirbúningi námskeiða frá því ósk um fræðslu kemur fram og þar til efni og skipulag námskeiðs er fullmótað.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um að starfrækja skuli sérstaka miðstöð, Fræðslumiðstöð iðnaðarins, sem hafi það meginverkefni að vinna að þróun og undirbúningi eftirmenntunar í iðnaði. Gert er ráð fyrir því að miðstöðin starfi í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Í reglugerð yrði kveðið á um hvernig tengslum og samstarfi Fræðslumiðstöðvarinnar við þessar stofnanir yrði háttað.

Þá er í greininni ákvæði um að Fræðslumiðstöðin skuli stuðla að samstarfi milli stofnana, starfsgreina, skóla og fleiri aðila í þeim tilgangi að efla og samræma eftirmenntun í iðnaði.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um þau verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar sem rétt þykir að binda í lögum. Með afmörkun málsliða 1—5 er lögð áhersla á að undirbúningur námskeiða sé röð verkþátta (ferli) þar sem hver er öðrum háður og árangur starfsins sé undir því kominn að engin hlekkur bresti.

Um 1. tl.: Leggja þarf áherslu á að skilgreina vel strax á fyrsta stigi undirbúnings hvaða þekkingu þarf að koma til skila (markmiðslýsing) og til hvaða verksviða eða starfshópa hvert einstakt námskeið á að skírskota.

Um 2. tl.: Við þekkingaröflun og útvegun námsefnis þarf að hagnýta sem best kunnáttu og reynslu frá vinnustöðum og þekkingu á rannsókna- og tæknistofnunum. Einnig þarf að hagnýta tengsl við erlendar tæknistofnanir. Gera verður ráð fyrir því að námsefnisgerð verði einn umfangsmesti þátturinn í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar.

Um 3. tl.: Leiðbeinendanámskeið af því tagi sem hér er gert ráð fyrir standa ekki til boða í fræðslukerfinu og því er nauðsynlegt að Fræðslumiðstöðin hafi forgöngu um að koma þeim á laggirnar. Leggja þarf sérstaka áherslu á að fá leiðbeinendur með mikla reynslu og þekkingu úr iðnaðinum. Einnig yrði leitað til starfsmanna á tækni- og þjónustustofnunum iðnaðarins og kennara við verkmennta- og tækniskóla.

Um 4. tl.: Tilraunanámskeið skv. greininni eru einskonar gæðaprófun á námsgögnum og kennsluaðferðum áður en námskeið eru fullmótuð og námsefni er gefið út.

Um 5. tl.: Hér er kveðið á um að Fræðslumiðstöðin skuli veita upplýsingar og annast kynningarstarf varðandi eftirmenntunarnámskeið. Liður í slíku kynningarstarfi væri útgáfa á bæklingum um námskeið sem standa til boða fyrir starfsfólk í iðnaði.

Um 6. tl.: Sú yfirsýn sem Fræðslumiðstöðin mun fá yfir fræðsluþarfir í iðnaðinum á að auðvelda samræmingu á beiðnum hinna ýmsu aðila þannig að komist verði hjá tvíverknaði og skörun verkefna. Í vissum tilvikum getur t. d. sama fræðsluefni hentað fólki í ólíkum starfsgreinum. Einnig á Fræðslumiðstöðin að geta aflað upplýsinga um hvort aðrir aðilar hafi á boðstólum viðeigandi fræðsluefni.

Um 4. gr.

Lagt er til að áhersla verði lögð á víðtækt samráð við hagsmunasamtök í iðnaði við val á verkefnum og undirbúning námskeiða. Einnig er lögð áhersla á að Fræðslumiðstöðin geti með ráðgjöf og aðstoð örvað frumkvæði starfsfólks og samtaka að fræðslumálum.

Um 5. gr.

Greinin felur í sér heimild til að fela Fræðslumiðstöðinni önnur verkefni en þau sem greinir í 3. gr. frumvarpsins. Hagkvæmt getur verið bæði fyrir iðnaðinn og stjórnvöld að Fræðslumiðstöðin taki að sér að hafa umsjón með eða annast að öllu leyti rekstur tiltekinna námskeiða sem t. d. tæknistofnanir iðnaðarins eða samtök í iðnaði teldu utan síns verkahrings að sjá um.

Ákvæði þessu er fyrst og fremst ætlað að taka til námskeiða sem rekin eru með fjárstuðningi ríkisins eða opinberra sjóða. Þó má gera ráð fyrir að óskir kæmu fram frá samtökum í iðnaði um aðstoð við rekstur námskeiða og er þá skv. ákvæðinu heimilt að veita slíka aðstoð.

Um 6. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um fjármögnun á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar.

Um 1. tl.: Gera verður ráð fyrir að fjármagna þurfi starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar að stærstum hluta með fjárveitingu á fjárlögum.

Um 2. tl.: Hér er einkum átt við tekjur af sölu námsgagna og þátttökugjöldum.

Um 3. tl.: Til greina kemur að Fræðslumiðstöðin leiti eftir stuðningi hjá sjóðum iðnaðarins til afmarkaðra þróunarverkefna.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar verði skipuð fimm mönnum. Gert er ráð fyrir því að stjórnir tæknistofnananna komi sér saman um tilnefningu fulltrúa stofnananna. Þá er gert ráð fyrir að samtök vinnumarkaðarins tilnefni sína fulltrúa í samráði við hlutaðeigandi aðildarsamtök í iðnaðinum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 540. Frumvarp til laga [246. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar, skal breytt til samræmis við endurskoðun, sem farið hefur fram á honum, sbr. 7. gr. laga nr. 93/1975, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Grunntala vísitölunnar með breyttum grundvelli skal miðuð við byggingarkostnað í Reykjavík í desember 1982, og síðan skal hún reiknuð fjórum sinnum á ári miðað við byggingarkostnað í fyrra hluta mánaðanna mars, júní, september og desember. Við þessa ákvörðun vísitölu byggingarkostnaðar hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

2. gr.

Vísitala samkvæmt verðlagi í desember 1982 með grunntölu 100 miðað við október 1975 skal gilda á tímabilinu janúar-mars 1983. Eftir það skal hver vísitala, reiknuð samkvæmt síðari málsgrein 1. gr., gilda í 3 mánuði frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, þ. e. í apríl-júní, júlí-september og október-desember 1983, o. s. frv.

Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 93/1975 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í desember 1982.

3. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar með grunntölu 100 í desember 1982 skulu tengdar við vísitölur með grunntölu 100 í október 1975 sem hér segir: Fyrr nefndar vísitölur eins og þær eru með 2 aukastöfum skulu margfaldaðar með desembervísitölu 1982 (október 1975= 100), og síðan deilt með 100. Sú útkoma, sem þá fæst, skal sléttuð með því, að sleppt sé broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í eitt stig. Hagstofan annast þennan útreikning og birtir niðurstöður hans jafnóðum. — Hliðstæð tenging skal eiga sér stað milli vísitalna með grunntölu 100 í desember 1982 og vísitalna með grunntölu 100 hinn 1. október 1955 (sbr. lög nr. 25/1957).

4. gr.

Til frekari upplýsingar og til fyrirgreiðslu í sambandi við verksamninga er Hagstofunni heimilt að reikna og birta vísitölur, er sýna byggingarkostnað á öðrum tímum en þeim, sem lögfestir eru í þessum lögum. Slíkar vísitölur mega t. d. vera með þeim hætti, að þær miðist við breytta launataxta frá því, sem var í síðustu lögbundinni vísitölu, en við óbreytt verðlag að öðru leyti.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 93/1975, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd neðri deildar flytur frumvarp þetta að beiðni Hagstofu Íslands. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur varðandi einstök ákvæði og frumvarpið í heild. Frumvarpinu fylgir eftirfarandi greinargerð.

Núgildandi vísitala byggingarkostnaðar var sett á laggirnar með lögum nr. 93 31. desember 1975, en grunntími hennar (= 100) var í þeim ákveðinn október 1975. Í 7. gr. þessara laga er mælt svo fyrir, að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða vísitölu byggingarkostnaðar. Slík endurskoðun hefur verið á döfinni síðastliðin tvö ár. Niðurstaða hennar liggur nú fyrir í formi tillögu um breyttan grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Verk þetta hafa unnið þeir Guðmundur Pálmi Kristinsson, deildarverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og Vilhjálmur Ólafsson viðskiptafræðingur, deildarstjóri á Hagstofunni. Hinn fyrr nefndi hefur haft veg og vanda af byggingartæknilegri hlið verkefnisins, sem að sjálfsögðu er meginþáttur þess. Hinn síðar nefndi hefur meðal annars séð um vöruval í grundvöll vísitölunnar og aflað verðupplýsinga.

Með setningu byggingarreglugerðar, nr. 292 16. maí 1979, sem gildir fyrir allt landið, voru á ýmsum verksviðum gerðar auknar kröfur til gæða bygginga. Má þar nefna bætta einangrun, sterkari steypu, meiri járnbendingu veggja, og aukið öryggi raflagna. Eiga þessar breytingar verulegan þátt í því, að talið var nauðsynlegt að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Við þetta bættist, að tækniþróun hefur á síðari árum gengið í átt til vandaðri frágangs á ýmsum verksviðum — er þar öðru fremur um að ræða raflögn og málun. Val efnis til byggingar hefur og tekið talsverðum breytingum frá þeim tíma, er grundvöllur 1975 var unninn. Þá hafa og komið til breyttar byggingaraðferðir. Má þar sem dæmi nefna, að uppmæling uppsláttar er í hinum breytta grundvelli miðuð við notkun léttra kerfismóta, unninna með handafli, svo og að í honum er glerísetning með loftræstri aðferð. Að því er varðar innréttingar er reiknað með aukinni stöðlun, sem þýðir lækkun kostnaðar. Annað, sem hefur orðið að taka tillit til í þessu sambandi og skiptir miklu máli, eru breytingar á uppmælingartöxtum, sem hafa átt sér stað síðan 1975 og einkum síðustu árin. Er hér um að ræða breytingar, sem hafa orðið á taxtamínútum verðskráa.

Að fram farinni gagngerðri athugun varð niðurstaðan sú, að ákveðið var að miða við óbreytt íbúðarhús frá því, sem 1975–vísitalan er byggð á. „Vísitöluhúsið“ er fjölbýlishús í Reykjavík, nánar tiltekið eitt stigahús (endastigahús) af þrem í fjögra hæða íbúðarblokk. Neðsta hæðin er á mörkum þess að teljast jarðhæð eða kjallari. Í þessu stigahúsi eru 10 íbúðir, þrjár 2ja herbergja, þrjár 3ja herbergja og fjórar 4ja herbergja íbúðir. Á jarðhæð (kjallara) er ein íbúð, geymslur, þvottahús o. fl. Bílskúrar fylgja ekki húsinu. Flatarmál (utanmál) hússins er 240 m^2 og rúmmálið 2844 m^3.

Verkefnið, sem fyrir lá, var þannig að reikna upp byggingarkostnað „vísitöluhússins“ til samræmis við núverandi byggingarhætti í víðustu merkingu þess orðs. Hér þurfti sem sé að taka tillit til aukinna gæðakrafna og annars í byggingarreglugerð 1979, svo og til fyrr nefndra breytinga að því er varðar áorðna tækniþróun og þess háttar. Frá hlutaðeigandi fagaðilum fengust nákvæmir útreikningar á vinnukostnaði „vísitöluhússins“ að því er varðar allar meginþingreinar, þ. e. húsasmíði, múrun, málun, rafvirkjun, pípulagningu, veggfóðrun og gólfdúkalagningu. Frá gjaldskrárnefndum Arkitektafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands fengust áætlanir um greiðslur til félaga þessara samtaka fyrir hönnun og teiknun „vísitöluhússins“. — Eins og við gerð 1975-grundvallar eru útgjöld til skrifstofuhalds og til fjármögnunar byggingarkostnaðar ekki tekin í hinn breytta grundvöll. Er þetta nokkur vöntun — einkum hið síðara — en slík útgjöld er erfitt að meta og grundvöll vantar til framfærslu þeirra.

Allur byggingarkostnaður er miðaður við verðlag og laun í Reykjavík og nágrenni. Mikil vandkvæði tæknilegs eðlis fylgja því að taka tillit til byggingarkostnaðar úti á landi. Í því sambandi skal það undirstrikað, að aðalnot vísitölu byggingarkostnaðar eru af **hlutfallslegum** breytingum hennar í heild og á einstökum hlutum hennar, og að ekki er ástæða til að ætla, að þær séu verulega aðrar á höfuðborgarsvæði en annars staðar á landinu.

Ekki er rúm til að birta í þessari greinargerð hinn breytta grundvöll með fullri sundurgreiningu, en hér fer á eftir samandregið yfirlit, þar sem sýndur er heildarkostnaður við byggingu „vísitöluhússins", annars vegar samkv. gildandi grundvelli og hins vegar samkv. breyttum grundvelli. Sýnd er skipting á verkgreinar og eftir byggingarstigi. Í báðum tilvikum er miðað við verðlag og launakostnað í desember 1982, og fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Áf. = (byggingar)áfangi 1. áf.: fokhelt hús 2. áf.: tilbúið undir tréverk 3. áf.: lokafrágangur	Fjárhæðir samkv. gildandi vísitölu miðað við verðlag í desember 1982, í þúsundum kr.				Fjárhæðir samkv. vísitölu með breyttum grundvelli miðað við verðlag í desember 1982, í þúsundum kr.				Fjárhæðir breyttrar vísitölu hærri, %
	1. áf.	2. áf.	3. áf.	Alls	1. áf.	2. áf.	3. áf.	Alls	
01 Húsasmíði	752	482	1 292	2 526	865	524	1 220	2 609	3,3
02 Múrverk	751	998	74	1 822	857	1 143	112	2 112	15,9
03 Pípulögn	20	310	167	497	31	342	172	545	9,7
04 Raflögn	92	193	220	506	93	206	248	548	8,3
05 Blikk- og járnsmíði	27	63	–	91	27	63	–	91	–
06 Málun	–	130	230	360	–	177	307	484	34,4
07 Dúkalögn og veggfóðrun	–	36	307	343	–	37	309	345	0,6
08 Vélavinna, akstur, uppfylling	178	19	8	204	172	17	7	196	−3,9
09 Yfirstjórn, ýmis verkamannavinna	78	113	68	259	78	113	68	259	–
10 Ýmislegt	16	36	15	67	28	41	16	85	26,9
Samtals	1 915	2 381	2 380	6 676	2 153	2 664	2 459	7 276	8,9
Þar af: Vinnuliðir	741	1 307	611	2 659	881	1 502	683	3 065	15,3
Efnisliðir	911	854	695	2 460	1 009	950	759	2 718	10,5
Annað (01—03, 08, 10)	263	220	1 074	1 557	263	213	1 017	1 494	−4,0
11 Teikningar	.	.	.	267	.	.	.	289	8,2
12 Frágangur lóðar	.	.	.	218	.	.	.	218	–
13 Opinber gjöld	.	.	.	356	.	.	.	378	6,2
Vísitalan alls	.	.	.	7 517	.	.	.	8 162	8,6

Í þessu yfirliti kemur fram, að byggingarkostnaður „vísitöluhússins" samkvæmt breyttum grundvelli er í heild 7,6% hærri en samkvæmt 1975–grundvelli. Eins og við er að búast er hækkunin mjög breytileg fyrir einstakar verkgreinar, og kemur þar margt til. Í línum neðarlega í yfirlitinu, þar sem sýnd er sundurliðun á vinnuliði og efnisliði, kemur fram, að kostnaðaraukinn samkvæmt breyttum grundvelli nemur alls 664 þús. kr., að ófrádreginni lækkun á liðnum „annað". Þar af eru 406 þús. kr. á vinnuliðum (61%), og 258 þús. kr. á efnisliðum (31%). Hækkun vinnukostnaðar stafar bæði af auknu vinnumagni vegna vandaðri frágangs (sbr. það, sem áður segir þar um) og af verðskrárhækkunum.

Um einstakar greinar frumvarpsins er ekki ástæða til að fjölyrða. Þar er svo að segja engu breytt frá því, sem er í 1975–lögum, nema tímasetningum, enda er gert ráð fyrir sömu útreiknings- og gildistímum og verið hafa. Öll ákvæði 1975–laganna koma fram óbreytt eða í hliðstæðu formi í frumvarpinu, nema 6. gr. 1975–laganna, þar sem eru ákvæði varðandi notkun vísitölunnar til ákvörðunar á vátryggingarverði húsa. Þau ákvæði eru nú orðin úrelt og þýðingarlaus samkvæmt samdóma áliti vátryggjenda húsa, og hafa þau því ekki verið tekin í frumvarpið.

Í 5. gr. frumvarpsins eru endurtekin ákvæði 1975–laganna um endurskoðun á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar á 5 ára fresti.

Ed. 541. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið upplýsingar frá Þór Magnússyni og Guðmundi Ólafssyni, starfsmönnum Þjóðminjasafnsins, og Leó Kristjánssyni og Sveinbirni Björnssyni, starfsmönnum Raunvísindastofnunar Háskólans. Þessir sérfræðingar fjölluðu um niðurstöður segulmælinga og aldursgreininga, auk þess að gera grein fyrir ýmsum vandamálum við staðsetningu skips á umræddum stað og varðveislu skipsins eftir að það hefði verið grafið upp. Einnig kom á fund nefndarinnar Kristinn Guðbrandsson, fulltrúi þeirra aðila sem unnið hafa að undirbúningi að björgun skipsins.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem nefndinni voru látnar í té, mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt. Í 1. gr. frumvarpsins er tilskilið að fjárveitinganefnd Alþingis skuli veita samþykki sitt áður en ábyrgð á lánveitingu yrði látin í té. Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar beinir því til fjárveitinganefndar, að hún beiti sér fyrir því, að afgreiðsla ábyrgðarinnar verði tengd eftirfarandi atriðum:

1) Frekari boranir verði framkvæmdar til að afla nánari upplýsinga.
2) Í fyrstu verði veitt ábyrgð fyrir hluta af þeirri upphæð, sem tilgreind er í 1. gr. frumvarpsins, til að fjármagna þann þátt björgunarinnar, sem nægir til að grafa niður á það skip sem talið er að sé í sandinum á umræddum stað. Þannig verði kannað, hvort um skipið Het Wapen sé að ræða, áður en lengra verður haldið.
3) Komi í ljós að hér sé um að ræða skipið Het Wapen verði ákveðið, með hvaða hætti skipið skuli varðveitt, áður en ábyrgð vegna frekari lánveitinga verður látin í té.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar birtir sem fylgiskjal með nefndarálitinu þá álitsgerð sem Leó Kristjánsson, forstöðumaður Jarðeðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans, lét nefndinni í té.

Alþingi, 9. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Davíð Aðalsteinsson. Guðm. Bjarnason.

Lárus Jónsson.

Fylgiskjal.

Álitsgerð frá Leó Kristjánssyni, forstöðumanni Jarðeðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans.

Orkustofnun og Raunvísindastofnun Háskólans hafa öðru hvoru verið Bergi Lárussyni og félögum til aðstoðar eða ráðgjafar vegna jarðeðlisfræðilegra mælinga. Undirritaður sérfræðingur við R. H. hefur tekið þátt í leit þeirra að járni á Dynskógafjöru 1968, gert mælingar við uppgröft á Skeiðarársandi 1974—75 og unnið að mælingum og útreikningum vegna frekari leitar að Indíafarinu Het Wapen van Amsterdam 1982.

Við mælingar 1982 var einkum notaður segulsviðsmælir, sem R. H. fékk að gjöf frá Vísindaakademíu Bandaríkjanna 1980, en Jón Jónsson, jarðfræðingur við Orkustofnun, sá um flestar mælingar.

Ég hef kynnt mér margs konar söguleg gögn, sem tengjast þessu máli, og niðurstöður annarra við leitina, að svo miklu leyti sem þær hafa verið aðgengilegar.

Helstu niðurstöður mínar eru sem hér segir:

1. Nákvæmar mælingar á styrk jarðsegulsviðsins eru eina mæliaðferðin, sem til greina kemur við fyrstu leit að skipinu. Mælingarnar eru ódýrar og fljótlegar; fram koma frávik í sviðinu (anomalies) nálægt járnhlutum, en einnig geta komið fram minni háttar truflanir vegna náttúrulegra fyrirbrigða.

   Rafsegul- og rafmælingar, sem reynt var að nota við leitina á árunum fram undir 1974, eru tilgangslausar í innan við 200 m fjarlægð frá sjó.
2. Það svæði á Skeiðarársandi, þar sem líklegast er að Het Wapen sé, mun hafa verið að mestu segulmælt mjög vandlega af bandarískum aðilum 1974. Bil milli mælilína var þó nokkuð í gleiðara lagi (50 m), og ekki var mælt utan við ströndina, eða í ýmsum bleytusvæðum og álum Skeiðarár. Ýtarleg skýrsla eða kort af þessum mælingum mun ekki liggja fyrir, en grafið var í ca. 12 m dýpt í eitt frávik eftir tilvísun Bandaríkjamannanna. Þar fannst ekkert, og getur frávikið hafa stafað af áhrifum eldingar á sandinn.
3. Við mælingar haustið 1981 austan Skeiðarár (rétt við 17°V), þar sem ekki hafði verið segulmælt fyrr, fann Jón Jónsson segulfrávik á tveim stöðum. Þessi frávik voru svipuð að stærð og 1—2 km á milli.
4. Vestara frávikið var kannað nánar af mér, Jóni Jónssyni og Jósep Hólmjárn í mars og apríl 1982. Kort af niðurstöðum og túlkun þeirra fylgja hér með. Þess skal gætt, að túlka má slík frávik á marga mismunandi vegu; niðurstöður um dýpi á orsök og um lengd orsakarinnar má telja nokkuð öruggar, en um breidd hennar eða heildarmagn járns á staðnum óvisst.
5. Fyrrnefnt vestara segulfrávik er um 100 m frá sjó. Vegna tímaskorts var ekki kannað eystra frávikið, en hið þriðja fannst, einnig 1—2 km austan þess sem kannað var nákvæmlega. Þessi tvö eystri segulfrávik eru í sjávarkambinum, þ. e. innan við 30 m frá sjó. Líklegt er að þessi frávik stafi frá flökum þýskra gufutogara, sem þarna strönduðu 1903 og 1906. Þetta þyrfti þó að kanna nánar, jafnvel með borunum, því heimildir um staðsetningu þessara stranda eru ónákvæmar.
6. Segulmælingarnar bentu til þess, að á 12—14 m meðaldýpi gæti verið verulegt magn járns, varlega áætlað yfir 100 smálestir. Það er dreift á svæði sem er 15—25 m að lengd og 0—10 m á breidd. Tilvist þessa járns, og timburs að auk, hefur nú verið staðfest með borunum.

7. Segulmælingarnar, ásamt mælingum mínum á einum járnkjarna úr borununum, benda til heldur meira járnmagns en talið var mundu vera eftir í flaki Het Wapen. Einnig er halli segulstefnu annar en búast hefði mátt við. Þetta gæti þó átt orsakir í ýmsu, s. s. járnhlutum eða járngrýti í kjölfestu skips. Meðan á uppgrefti stendur, má endurtaka slíkar mælingar til að kanna nánar staðsetningu járnhluta, og einnig reyna rafsegulmælingar þegar nær þeim dregur.
8. Enn ein mæliaðferð, sem gefið gæti nokkra vísbendingu um stærð og lögun skips þess, sem þarna hlýtur að vera undir, eru hljóðsveiflumælingar. Þær eru þó dýrar og erfiðar í túlkun, og heppileg tæki til þeirra ekki til í landinu.

   Fyrst og fremst verður því að treysta á niðurstöður borana. Tel ég að fleiri borana með nákvæmum staðsetningum sé þörf, áður en hugsanlegar framkvæmdir við uppgröft hefjast.
9. Mjög líklegt má teljast, skv. vísbendingum af efni borkjarna, að leitarmenn hafi fundið flak Het Wapen van Amsterdam. Vottorð um slíkt frá til þess bærum erlendum vísindastofnununum þurfa þó að liggja fyrir.

   Vart er hægt að tala um þennan fund sem ótvíræðan fornleifafund fyrr en örugglega ákvarðanlegar menjar hafa náðst, svo sem merktir hlutir, munir (t. d. vopn, leirmunir, pípur) sérkennandi fyrir Austurindíafélagið eða Holland á 17. öld, eða myntir.
10. Allmörg skipsflök frá 15.—18. öld hafa fundist á síðustu 20 árum, þar af yfir tylft af skipum Austurindíafélagsins, og verið bjargað úr þeim ýmsum munum. Þessi fundur yrði því ekki alveg einstæður, en engu að síður afar merkilegur. Mjög mikilvægt er að fornleifafræðingar með reynslu í slíkum björgunarstörfum ráði miklu um aðferðir við björgun og varðveislu fornmenja eins og þeirra sem þarna kann að vera um að ræða.
11. Utan safngripa og e. t. v. nokkurra tuga smálesta af eir og tini er ekki hægt að búast við miklum verðmætum í flaki Het Wapen. Aðeins eitt dæmi er um að gull hafi fundist í flaki Austurindíaskips, og silfursjóðir voru í skipum á útleið en tæpast á heimleið.
12. Íslenskar vísindastofnanir gætu séð um hluta hins vísindalega starfs sem fram þarf að fara í tengslum við hugsanlegan uppgröft. Þar má nefna: verkfræðilega ráðgjöf, nákvæma leit að málmhlutum, kortlagningu, skráningu gripa og nánari könnun íslenskra sagnfræðiheimilda um strandið. Til þess eru þó stofnanirnar sem stendur mjög vanbúnar að tækjum, mannskap og fjármagni, a. m. k. þær sem heyra undir menntamálaráðuneyti.


ANA
MÆLING 23. APR. 1982
0
200
500
1000
100
10 M


ENDURBÆTT LIKAN
ANA
VSV
2.2 m
13 m
10m
10m
A
B
C
F, 13°
INN
J
45°


ANA
0
200
500
1000
B
C
A
-100
10 M

Ed. 542. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál, að ógjörlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen-svæðinu fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotnsins. Samkvæmt 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera, sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotnsins er einnig ótvírætt eign strandríkisins.

Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbotn þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar, en tilheyrir Íslandi samkvæmt 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig, að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða yfirborð landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reykjaneshrygg, Jan Mayen-svæðinu og Rockall-hásléttu, falli undir sjávarútvegsráðuneytið, en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú **vísað til ríkisstjórnarinnar** til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga, þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi.

Alþingi, 9. mars 1983.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., frsm.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Stefán Jónsson.
	Egill Jónsson.	

Ed. 543. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 76 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum að undanförnu. Klofnaði nefndin í afstöðu sinni til málsins og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Nefndinni bárust athugasemdir við frv. frá samtökum atvinnubifreiðastjóra og er í breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar tekið tillit til þeirra sjónarmiða, er þar komu fram, og lagt til að veggjaldið verði lækkað verulega á þyngri bifreiðum. Einnig er lagt til að tollur af hjólbörðum fyrir stærri bifreiðar verði lækkaður um helming, og er það áfangi í því að lækka tolla af hjólbörðum almennt.

Rætt var í nefndinni hvort veita ætti undanþágu frá greiðslu veggjalds þeim öryrkjum sem fengið hafa eftirgjöf af innflutningsgjöldum bifreiða sinna. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu og tollstjóraembættinu er talið að flókið yrði að framkvæma slíka eftirgjöf. Telur nefndin því eðlilegra að mæta auknum rekstrarkostnaði vegna veggjaldsins með því að hækka eftirgjöf af innflutningsgjöldum af bifreiðum til öryrkja og leggur til að það verði athugað nánar.

Alþingi, 9. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Guðm. Bjarnason, frsm.
	Davíð Aðalsteinsson.	

Ed. 544. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, KJ, GB, DA).

1. Við 1. gr. frv. Greinin orðist svo:
   1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
   Af öllum bifreiðum og bifhjólum skal frá og með árinu 1983 greiða árgjald, veggjald, sem skal renna óskipt til vegagerðar. Skal gjaldið nema kr. 1.00 af hverju kílógrammi eigin þyngdar bifreiðar upp að 2000 kg, kr. 0.70 fyrir hvert kg frá 2001 kg til og með 5000 kg eigin þyngdar hverrar bifreiðar og kr. 0.50 fyrir hvert kg þar umfram. Þó skal hámark veggjalds vera 7600 kr. fyrir hverja bifreið.
2. 5. gr. frumvarpsins verði 6. gr., en við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:
   Tollur á vörum í tollskrárnúmeri 40.11.20 í 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., lækki úr 40% í 20%.
3. Heiti frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Ed. 545. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingartillögu, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Guðm. Bjarnason.	Davíð Aðalsteinsson.

Alþt. 1982. A. (105. löggjafarþing).

Ed. 546. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um breytingu á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. orðist svo:

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknað í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrr en 2 árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Um dráttarvexti fer skv. 3. málsgr. 8. gr. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

Nd. 547. Frumvarp til laga [247. mál]

um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

I. KAFLI

Umdæmaskipting þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Landinu er skipt í kirkjusóknir. Sóknir mynda prestaköll, prófastsdæmi og biskupsdæmi, svo og kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings.

Mörk sókna og prestakalla og prófastsdæma skulu óbreytt vera, svo sem þau hafa mótast af lögum og í lagaframkvæmd, en um breytingar á þeim fer eftir því, sem greinir í lögum þessum og í öðrum lögum, er við eiga, sbr. einkum lög nr. 35/1970.

Um mörk vígslubiskupsdæma fer eftir því sem segir í lögum nr. 38/1909 og um kjördæmi vegna kosninga til kirkjuþings svo sem greinir í lögum nr. 48/1982.

Landið allt er eitt biskupsdæmi uns önnur skipan kann að verða á því gerð.

II. KAFLI

Um kirkjusóknir og skipan þeirra.

a. Almenn ákvæði.

2. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar, sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhags- og félagsleg eining, en tengist öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi og með annars konar samstarfi, sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um, eða einstakar sóknarnefndir stofna til.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni, sbr. 8. og 9. gr., og bera sameiginlegar skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmætum ákvörðunum.

b. Stærð kirkjusókna, sóknarmörk og breytingar á þeim.

3. gr.

Í kirkjusókn skulu að jafnaði eigi vera fleiri en 4000 sóknarmenn og eigi færri en 100. Nú verða sóknir mannfleiri eða mannfærri, og skal héraðsfundur þá gera tillögur um, hvernig við skuli bregðast, að fengnum tillögum sóknarnefnda og aðalsafnaðarfunda.

Sóknarmörk skulu vera glögg. Við ákvörðun þeirra skal taka tillit til félagslegra aðstæðna, samgangna, staðhátta og hefðar.

Við skipulagningu í þéttbýli skal taka mið af líklegri skipan sókna og staðsetningu kirkna og höfð í því efni samráð við sóknarprest, sóknarnefndir og prófast.

4. gr.

Aðalsafnaðarfundur eða aðalsafnaðarfundir, ef mál varðar fleiri sóknir en eina, gera tillögur til héraðsfunda um skiptingu kirkjusóknar, sameiningu sókna og um sóknarmörk svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu. Héraðsfundur (safnaðarráð) getur einnig átt frumkvæði að tillögum í þessu efni, einkum er 1. málsgr. 3. gr. á við, en mál skal þá leggja fyrir aðalsafnaðarfund (aðalsafnaðarfundi) til samþykktar.

Ákvarðanir samkvæmt 1. málsgr. taka gildi, ef aðalsafnaðarfundur samþykkir þær eða meirihluti aðalsafnaðarfunda, ef því er að skipta, svo og héraðsfundur. Nú ná tillögur um þessi efni eigi samþykki allra þeirra aðilja, sem greindir voru, og sker kirkjumálaráðherra þá úr, að fengnum tillögum biskups.

Þegar ný sókn er löglega stofnuð, er presti þess prestakalls, sem hin nýja sókn tekur yfir, skylt að annast þar kirkjulega þjónustu.

Nú er hin nýja sókn hluti af tveimur prestaköllum, og ákveður þá kirkjumálaráðherra, að fengnum tillögum biskups, hvor hinna tveggja presta á að þjóna sókninni. Sama er, ef sókn er hluti úr fleiri en tveimur prestaköllum.

5. gr.

Nú er kirkjusókn skipt og tekin upp ný sókn eða sóknarmörk færð til, og skal þá miða fjárskipti sóknanna við hlutfallslegan fjölda þeirra sóknarmanna, sem breytingin tekur til. Ef aðilja greinir á um fjárskiptin, geta viðkomandi sóknarnefndir krafist þess, að kirkjumálaráðherra skipi tvo menn í nefnd með prófasti, er útkljái ágreiningsefnið til fullnaðar. Prófastur er formaður nefndarinnar. Nefndin veitir aðiljum færi á að skýra mál sitt, og kannar hún málsefni eftir föngum. Hún kveður að svo búnu á um fjárskiptin, þ. á m. um greiðslukjör.

6. gr.

Nú er sókn aflögð með því að hún sameinast annarri sókn eða sóknum, og skulu eignir hennar þá renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna, sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við fjölda sóknarmanna, er hverri sókn bætist.

Þegar sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki, skal prófastur varðveita eignir hennar, en lausafé skal þá ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði með bestu fáanlegu kjörum. Nú er aflögð sókn endurreist og veitt sóknarréttindi á ný með samþykki héraðsfundar, og á sú sókn þá rétt til framangreindra eigna.

Þegar sókn er aflögð samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsgr., getur biskup, að fengnum tillögum aðalsafnaðarfundar og héraðsfundar, þá mælt svo fyrir, að sóknarkirkjan verði greftrunarkirkja.

III. KAFLI

Um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu.

a. Sóknarmenn.

7. gr.

Sóknarmenn eru allir þeir, sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjunni. Um skráningu óskírðra í þjóðkirkjunni fer að öðru leyti eftir ákvörðun laga um trúfélög nr. 18/1975.

b. Réttur sóknarmanna á kirkjulegri þjónustu o. fl.

8. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og þátttöku í almennu safnaðarstarfi. Þeir sóknarmenn, sem ekki geta notið kirkjulegrar þjónustu í sókn sinni, svo sem vegna vistunar á stofnunum utan sóknar eða vegna dvalar utan sóknar ella, t. d. vegna sjúkleika eða af atvinnuástæðum, eiga rétt á slíkri þjónustu í þeirri sókn, sem þeir búa í eða dveljast.

9. gr.

Sóknarmenn eiga rétt á guðsþjónustum í sóknum sínum, er skal að jafnaði miða við eftirfarandi tilhögun:

A. Ef sóknarmenn eru 600 hið fæsta skal almenn guðsþjónusta haldin hvern helgan dag. Ef tveir prestar þjóna sömu sókn, skulu a. m. k. vera tvær guðsþjónustur hvern helgan dag.

B. Í sókn með 300 til 600 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta annan hvern helgan dag.

C. Í sókn með 100 til 300 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta fjórða hvern helgan dag.

D. Í sókn með færri en 100 sóknarmönnum skal vera almenn guðsþjónusta áttunda hvern helgan dag.

Prófastur endurskoðar þjónusturétt vegna fjölgunar eða fækkunar sóknarmanna eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og kveður á um hann, að fengnum tillögum sóknarnefnda.

10. gr.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum og í öðrum opinberum kosningum innan þjóðkirkju, þegar þeir eru fullra 16 ára.

Sóknarmönnum er skylt að hlíta þeim skyldum, sem á þá eru lagðar með lögum og lögmætum samþykktum safnaðarfunda og ákvörðunum kirkjustjórnar, sem stoð eiga í lögum.

IV. KAFLI
Um safnaðarfundi.

11. gr.

Aðalsafnaðarfund skal halda ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál, sem lögmælt er, að undir hann beri, svo og þau mál, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim, sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmætum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundi skal halda, ef meirihluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna, sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum, sbr. 10. gr. 1. málsgr.

12. gr.

Sóknarnefnd boðar safnaðarfundi með þriggja daga fyrirvara hið skemmsta á sama hátt og tíðkanlegt er um messuboð í sókninni.

Fundarefni skal kynnt í fundarboði.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á safnaðarfundum.

V. KAFLI

Um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti.

a. Sóknarnefndir, skipun og verkaskipting. Endurskoðendur.

13. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd, sem annast framkvæmdir á vegum sóknarmanna og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti eða sóknarprestum og starfsmönnum sóknarinnar.

14. gr.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum, þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö, og níu, ef sóknarmenn eru 4000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi, þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1000 eða 4000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk, og ákveður aðalsafnaðarfundur þá, hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a. m. k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru, og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir voru kosnir í.

Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis, þegar hún telur ástæðu til.

15. gr.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. málsgr.

Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, sem haldinn er eftir gildistöku laga þessara, skal kjósa sóknarnefndir samkvæmt þeim í öllum kirkjusóknum landsins, og fellur umboð sóknarnefndar niður, þegar ný sóknarnefnd hefir verið kosin samkvæmt þessu.

Að tveimur árum liðnum frá kosningunni skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, þ. e. einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu, og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé um þetta innan nefndarinnar. Kjörtímabili hins hluta nefndarinnar lýkur eftir fjögur ár frá frumkosningu. Skal þessi kjörtilhögun síðan gilda til frambúðar að breyttu breytanda.

Nú andast sóknarnefndarmaður, flytur úr sókninni eða hverfur úr sóknarnefnd af öðrum ástæðum. Skal þá kjósa aðalmann í hans stað á næsta aðalsafnaðarfundi fyrir þann hluta kjörtímabilsins, sem þá er eftir að því er þann mann varðar. Varamaður hans gegnir starfi uns sú kosning fer fram.

16. gr.

Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem hafa náð sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá, sem átt hefir sæti í sóknarnefnd, getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.

Aðalsafnaðarfundi er heimilt að kveða svo á, að hver sóknarnefndarmaður hafi ákveðið verksvið í safnaðarstarfinu. Skal það þá kynnt á aðalsafnaðarfundi, áður en kosning fer fram.

Sóknarnefnd skiptir að öðru leyti með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara þegar eftir að kjör í sóknarnefnd hefir farið fram. Skipa þeir framkvæmdanefnd, þegar sóknarnefndarmenn eru fleiri en fimm.

Sóknarnefnd getur skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök málefni, þ. á m. um byggingarframkvæmdir.

Aðalsafnaðarfundur kýs tvo menn og aðra tvo til vara til fjögurra ára í senn til að endurskoða reikninga sóknarinnar og kirkjubyggingareikninga, ef því er að skipta.

b. Starfshættir og verkefni sóknarnefnda.

17. gr.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim. Fundur er ályktunarfær, ef meirihluti nefndarmanna sækir fundinn. Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi. Ennfremur organisti, meðhjálpari, hringjari, kirkjuvörður og formenn kirkjulegra félaga, sem tengjast sókninni, ef málefni þessara aðilja eru sérstaklega til umræðu þar.

18. gr.

Sóknarnefnd vinnur að þeim verkefnum, sem henni eru ætluð í lögum og stjórnvaldsreglum eða fengin henni með samþykktum safnaðarfunda, svo og að málum, sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur eða biskup vísar til hennar.

19. gr.

Sóknarnefnd er í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefir umsjón með kirkju safnaðarins svo og safnaðarheimili og ræður því, ásamt sóknarpresti, hvernig afnotum af þeim skuli háttað.

Sóknarnefnd skal gæta að réttindum kirkju og gera prófasti viðvart, ef út af bregður.

20. gr.

Sóknarnefnd sér um, að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni. Skal hún ásamt sóknarpresti hafa forystu um kirkjubyggingu, endurbyggingu kirkju eða stækkun kirkju og byggingu safnaðarheimilis, eftir því sem aðalsafnaðarfundur mælir fyrir um.

Sóknarnefnd sér um, að kirkju sé vel við haldið og búnaði hennar, og skal leitast við að fegra og prýða kirkju og umhverfi hennar eftir því sem kostur er. Á þetta einnig við um safnaðarheimili.

Sóknarnefnd annast vörslu og ávöxtun á lausafé kirkjunnar (safnaðarheimilis) og ber ábyrgð á fjárreiðum sóknarinnar og skal reikningsfærsla öll vera skipuleg og glögg. Sóknarnefnd leggur fram á aðalsafnaðarfundi endurskoðaða reikninga sóknarinnar fyrir umliðið ár. Að fenginni samþykkt þeirra skulu reikningarnir sendir áritaðir af sóknarnefnd til prófasts eigi síðar en 1. júní ár hvert, nema prófastur veiti rýmri frest. Nú gerir prófastur athugasemdir við reikning, sem sóknarnefnd getur eigi fallist á, og er henni þá kostur að láta fylgja skýringar sínar og andsvör til héraðsfundar, er úrskurðar reikninginn, sbr. 32. gr.

21. gr.

Sóknarnefnd er sóknarpresti og starfsfólki sóknarinnar til stuðnings í hvívetna og stuðlar að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarmanna.

Um afskipti sóknarnefndar af álagningu kirkjugjalda og innheimtu þeirra er mælt í lögum.

Um ráðningu starfsmanna sókna eru ákvæði í 25. gr.

Um störf sóknarnefndar í sambandi við veitingu prestsembætta fer svo sem fyrir er mælt í lögum.

c. Safnaðarfulltrúar.

22. gr.

Sóknarnefnd kýs úr sínum hópi safnaðarfulltrúa og annan til vara til setu á héraðsfundi. Þá skal kjósa til fjögurra ára í senn. Umboð núverandi safnaðarfulltrúa fellur niður, er nýkjörin sóknarnefnd, sbr. 15. gr. 2. málsgr., hefir kosið safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum þessum.

Sóknarnefnd sendir prófasti starfsskýrslu sóknarinnar eigi síðar en þremur vikum áður en héraðsfundur er haldinn. Safnaðarfulltrúi gerir grein fyrir störfum og samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundi eftir að héraðsfundur var haldinn.

d. Bókhald og erindisbréf.

23. gr.

Sóknarnefnd heldur þessar bækur:

1. Gerðabók og skulu þar bókaðar fundargerðir sóknarnefnda og safnaðarfunda. Ef byggingarnefnd kirkju er skipuð, skal hún halda sérstaka gerðabók.
2. Bréfabók, þar sem varðveitt skulu bréf til sóknarnefndar og afrit af bréfum, er hún ritar.
3. Sjóðsbók, þar sem bókfærð eru öll útgjöld sóknarinnar og tekjur, gjafir, áheit og annað, er fjármál varðar, og vísað til fylgiskjala.
4. Kirkjubók og skal í hana rita allar kirkjuathafnir og greina í megindráttum frá öðrum safnaðarstörfum.
5. Kirkjuskrá um sóknarkirkju, byggingarsögu hennar, viðhald kirkju og réttindi hennar o. fl.

Bækur samkvæmt 1.–3. tölulið löggildir prófastur, en sóknin kostar andvirði þeirra. Bækur samkvæmt 4. og 5. tölulið löggildir biskup og leggur sókninni til.

24. gr.

Biskup Íslands setur sóknarnefndum almennt erindisbréf, að fenginni umsögn prófastsfundar og kirkjuráðs.

VI. KAFLI

Um starfsmenn kirkjusókna.

25. gr.

Sóknarnefnd ræður organista, meðhjálpara, hringjara, umsjónarmann kirkju (kirkjuvörð) og aðra slíka starfsmenn og semur um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma. Rétt er sóknarnefnd að ráða starfsmenn til að annast ákveðin safnaðarstörf, enda hafi safnaðarfundur heimilað það. Um kaup og kjör og ráðningartíma fer sem í 1. málsgr. greinir.

Biskup Íslands staðfestir erindisbréf sóknarnefndar fyrir þessa starfsmenn.

Starfsmenn sókna, sem ráðnir eru í hálft starf hið minnsta, eiga rétt á setu á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétti, sbr. 31. gr.

26. gr.

Stofna skal til námskeiða fyrir sóknarnefndarmenn, safnaðarfulltrúa og aðra starfsmenn sókna, eftir því sem fé er veitt til þess, og skal þar fjallað um almenn safnaðarstörf eða sérstaka þætti þeirra. Námskeiðin skulu haldin á vegum prófastsdæmis, biskupsdæmis eða kirkjulegra samtaka. Skulu sóknarnefndir sjá um að þátttakendur fái greiddan dvalar- og ferðakostnað.

27. gr.

Aðalsafnaðarfundur getur kveðið svo á, að mynda skuli starfsmannanefnd innan sóknar. Þar eiga sæti sóknarprestur (sóknarprestar), sóknarnefnd, formenn safnaðarfélaga og kirkjukórs og starfsmenn sóknarinnar, sem ráðnir eru í hálft starf hið minnsta. Starfsmannanefnd fjallar um störf og starfsháttu starfsmanna sóknarinnar, starfsskilyrði þeirra og það, sem til umbóta horfir og samræmingar í þeim efnum. Formaður sóknarnefndar boðar fundi starfsmannanefndar, er haldnir skulu a. m. k. einu sinni á ári, en skylt er að boða til fundar, ef þrír þeirra, sem sæti eiga í nefndinni, æskja þess. Starfsmannanefnd heldur sérstaka gerðabók. Samþykktir hennar eru ekki bindandi, nema safnaðarfundur staðfesti þær.

28. gr.

Nú kemur upp ágreiningur varðandi störf starfsmanna innan sóknar og verður eigi leystur þar á vettvangi. Er þá rétt að vísa málinu til prófasts, sem leitar lausnar í samráði við sóknarprest. Ef eigi tekst að leysa málið, skal ágreiningnum vísað til héraðsfundar til úrskurðar, en aðiljar geta skotið þeim úrskurði til biskups til fullnaðarúrlausnar.

VII. KAFLI

Um héraðsfundi og héraðsnefndir.

a. Um héraðsfundi.

29. gr.

Héraðsfundi skal halda í prófastsdæmi eigi síðar en 31. október ár hvert, en til aukahéraðsfunda skal stofna samkvæmt því, sem segir í 33. gr.

Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til umræðna um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Þar skulu rædd þau málefni, sem lög leggja til héraðsfunda eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska, að þar séu rædd.

30. gr.

Prófastur boðar héraðsfund skriflega með hálfsmánaðar fyrirvara og skal fundarboð, er greini fundarefni, sent öllum þeim, sem rétt eiga til setu á héraðsfundi, sbr. 31. gr.

Fundur er ályktunarfær, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á héraðsfundi.

Mál, sem eigi eru greind í fundarboði, verða eigi tekin til umræðu, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fundarmanna samþykki.

31. gr.

Atkvæðisrétt á héraðsfundi eiga þjónandi prestar prófastsdæmis og safnaðarfulltrúar. Á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis skulu safnaðarráðsfulltrúar hafa atkvæðisrétt.

Sóknarnefndarmenn og aðrir þeir, sem sæti eiga í starfsmannanefnd sóknar, sbr. 27. gr., eiga rétt á fundarsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

32. gr.

Prófastur leggur fram á héraðsfundi endurskoðaða reikninga kirkna í héraðinu fyrir næstliðið reikningsár til umræðu og úrskurðar. Á héraðsfundi skal ennfremur gerð grein fyrir starfsemi og fjárreiðum héraðssjóðs á umliðnu starfsári, ef slíkum sjóði er til að dreifa, og fjárreiðum prófastsdæmis.

33. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skylt er að boða slíkan fund, ef ¼ hluti atkvæðisbærra fundarmanna óskar þess. Um fundarboðun fer samkvæmt 30. gr.

34. gr.

Hver sá, sem rétt á til setu á héraðsfundi, getur óskað að bera þar upp tillögur sínar um kirkjuleg málefni, sem heyra undir starfssvið héraðsfunda. Hann skal mælast til þess við héraðsnefnd, að málefni þessi verði rædd þar og greind í fundarboði.

35. gr.

Þeir fundarmenn á héraðsfundi, sem verða í minni hluta við einstakar samþykktir fundarins, geta óskað þess, að sérálit þeirra fylgi ályktunum fundarins til biskups, ef um er að ræða málefni, sem til úrskurðar hans eða kirkjumálaráðherra kemur.

b. Um héraðsnefnd.

36. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa milli héraðsfunda og er hún framkvæmdarnefnd héraðsfunda. Prófastur er formaður héraðsnefndar, en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn, einn safnaðarfulltrúa og einn prest, til fjögurra ára í senn og varamenn þeirra með sama hætti.

Héraðsfundur kýs tvo endurskoðendur reikninga héraðssjóðs og tvo til vara til fjögurra ára í senn.

Héraðsnefnd fylgir eftir samþykktum héraðsfunda og sendir þær biskupi og öðrum, sem eiga hlut að máli. Hún er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum að því er varðar sameiginleg málefni prófastsdæmisins. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs og gerir tillögur um kirkjulega starfsemi á vegum prófastsdæmisins. Er henni heimilt með samþykki héraðsfundar að ráða starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum. Héraðsnefnd undirbýr héraðsfundi.

Prófastur kveður héraðsnefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Nefndarmenn fá greidda reikninga fyrir útlagðan kostnað úr héraðssjóði.

VIII. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

37. gr.

Kirkjumálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök atriði, er varða framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

38. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og skulu kosningar á sóknarnefndum, safnaðarfulltrúum og héraðsnefndum prófastsdæma fara fram jafnskjótt og föng eru á, en umboð núverandi sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa fellur niður, þegar slík kosning hefir farið fram, sbr. 15. og 22. gr.

Við gildistöku laganna falla úr gildi 4. gr. tilskipunar um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi, lög nr. 36, 16. nóvember 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda og lög nr. 71/1941 og nr. 39/1961 um breytingu á þeim lögum, og ennfremur 11.–13. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð. Ennfremur önnur þau ákvæði laga, er eigi fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. haldast ákvæði lokamálsgreinar 1. gr. laga nr. 35/1970, þó svo, að í stað tölunnar 5000 kemur töluorðið 4000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Athyglisvert er að á rúmum áratug hefur skattheimta til hins opinbera aukist úr 29.2% af þjóðarframleiðslu í 38.1% eða aukist um nærri 10%. Þessi skattahækkun nemur um 4 milljörðum nýkr. á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.

Á milli áranna 1977 (þá réðu sjálfstæðismenn stefnunni í skattamálum) og 1983 hefur skattheimta hins opinbera aukist um 6.5% af þjóðarframleiðslunni. Þetta jafngildir 2 700 milljónum króna eða 57 800 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu á verðlagi fjárlaga.

Skattahækkunin til ríkisins á þessu tímabili nemur 5.7% af þjóðarframleiðslu eða 2 370 millj. króna, sem jafngildir 51 500 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu (verðlag fjárlagafrumvarpsins).

Í tíð núverandi ríkisstjórnar nemur skattahækkunin til ríkisins 3.1% af þjóðarframleiðslu, sem jafngildir 1 290 millj. króna eða 28 000 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu (verðlag fjárlagafrumvarpsins).

Að auki hafa skattar hækkað til sveitarfélaga frá 1980 um 0.4%, sem fyrst og fremst stafar af 10% hækkun útsvars. Þessi skattahækkun nemur 3 600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

Skattahækkunin er sýnd á eftirfarandi töflu:

	Skattar til ríkis %	Skattar til sveitarfélaga %	Skatttekjur hins opinbera %
1970	22.4	6.8	29.2
1971	24.1	6.9	31.0
1972	25.8	6.7	32.5
1973	26.2	6.0	32.2
1974	26.3	6.0	32.3
1975	26.8	7.0	33.8
1976	26.2	7.2	33.4
1977	25.0	6.6	31.6
1978	26.3	6.4	32.7
1979	27.6	7.0	34.6
1981	28.8	7.3	36.1
1982	30.7	7.4	38.1(áæ.)
1983 (frv.)	30.7	7.4	38.1 (áæ.)

Þegar haft er í huga, að á þessu mikla skattahækkunartímabili hafa bein framlög ríkissjóðs til vegamála verið skorin freklega niður, er ljóst, að þessi nýi skattur verður að skoðast í samhengi við heildarstefnuna í skatta- og ríkisfjármálum sem lýst hefur verið hér að framan.

Bein framlög ríkissjóðs til vegamála hafa verið sem hér segir frá 1978 (fast verðlag vegáætlunar 1983):

	M. kr.
1978	118.5
1979	35.9
1980	47.8
1981	89.7
1982	16.3
1983	20.4

Á meðfylgjandi fylgiskjölum koma fram mótrök atvinnubifreiðastjóra gegn þessum skatti.

Alþingi, 8. mars 1983.

Lárus Jónsson, frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Fylgiskjal I.

LANDVARI
Landsfélag vörubifreiðaeigenda
á flutningaleiðum

Reykjavík, 8. mars 1983.

Til alþingismanna í fjárhags- og viðskiptanefndum,
efri og neðri deildar Alþingis.

Til viðbótar hjálagðri stjórnarsamþykkt Landvara frá 23. febrúar s. l., þá vill stjórn Landvara gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar:

Samkvæmt athugasemdum við lagafrumvarpið eru forsendur þess þær, að innflutningsgjöld á bifreiðar hafi verið lækkuð og þar með dragi úr útgjöldum bifreiðaeigenda um 120 millj. króna á ári. Einnig kemur fram að frumvarpið sé byggt á áliti og niðurstöðum starfshóps um fjáröflun til vegaframkvæmda sem birt var í nóvember 1981 þar sem lagt var til að innflutningsgjald af bifreiðum yrði lækkað en í þess stað tekið upp árlegt gjald. Af lestri athugasemda við lagafrumvarpið má sjá að hin fyrirhugaða skattlagning „auðveldi almenningi kaup og endurnýjun bifreiða“ og „að með því að tengja þetta gjald þyngd bifreiða samrýmist þessi tillaga orkusparnaðarsjónarmiðum“.

Með frumvarpi þessu hafa niðurstöður starfshópsins verið verulega rangtúlkaðar. Starfshópurinn lagði til annars vegar að innflutningsgjöld yrðu **almennt** lækkuð ásamt því að taka upp árlegt gjald. Byggðist þetta á endurgjaldssjónarmiðum eða eins konar gjaldfresti á tollum. Hins vegar lagði starfshópurinn fram beinar tillögur um breytingar á þáverandi skattlagningu áður en breyting á innflutningsgjöldum næði fram að ganga. Í þessum beinu tillögum starfshópsins, sbr. bls. 33 í áliti starfshópsins, var lagt til að gjaldstiga km-gjalds skv. ökumæli yrði breytt þannig, að gjaldið hækkaði hlutfallslega mest á stórar og þungar bifreiðar. Þessari breytingartillögu var hrint í framkvæmd í ársbyrjun 1982 með þeim afleiðingum, að þungaskattur skv. ökumæli á vöruflutningabifreiðar meðlima í Landvara hækkaði um 100% á milli ára. Á meðan innflutningsgjöld hafa einungis verið lækkuð af alminnstu fólksbifreiðum er bersýnilega rangt og ósanngjarnt að leggja á eigendur vöruflutningabifreiða nýtt gjald, og er það ekki í samræmi við álit og niðurstöður starfshópsins.

Eigendur vöruflutningabifreiða geta varla gætt „orkusparnaðarsjónarmiða“ við kaup á atvinnutækjunum, og nefna má að frá því að starfshópurinn skilaði áliti sínu hafa nýjar vöruflutningabifreiðar hækkað úr ca. kr. 800 000.00 í ca. kr. 2 000 000.00 eða um 150% og hafa kaup þeirra bifreiða því ekki verið auðvelduð.

Félagar í Landvara annast vöruflutninga á milli Stór-Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðarinnar. Fyrirhugað „veggjald“ kemur því til með að auka flutningskostnað og hækka vöruverð í dreifbýli. Má í þessu sambandi nefna að ríkissjóður leggur nú þegar þung gjöld á vörukaupendur úti á landi. Vörukaupandi á Húsavík þarf að greiða af hverju tonni, sem hann kaupir og fær flutt frá Reykjavík með bifreið, kr. 238.00 í þungaskatt og kr. 514.00 í söluskatt af flutningnum eða samtals kr. 752.00. Á sama hátt greiðir vörukaupandi á Neskaupstað af hverju tonni kr. 326.00 í þungaskatt og kr. 606.00 í söluskatt af flutningnum eða samtals kr. 932.00. Með fyrirhuguðu veggjaldi er enn þá verið að auka á þann aðstöðumun sem er á milli íbúa dreifbýlisins og íbúa Stór-Reykjavíkursvæðisins. Auk þess

að greiða veggjaldið af þeim bílum, sem íbúar úti á landi eiga og nota í sínum heimabyggðum, þurfa þeir að greiða aukaveggjald og söluskatt af því vegna þeirrar vöru sem flutt er til þeirra.

F. h. Stjórnar Landvara

Aðalgeir Sigurgeirsson,
form.

Stefán Pálsson,
frkvstj.

LANDVARI
Landsfélag vörubifreiðaeigenda
á flutningaleiðum

Reykjavík, 23. febrúar 1983.

Í tilefni af frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, gerði stjórn Landvara í dag svohljóðandi ályktun:

„Stjórn Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum mótmælir harðlega fyrirhuguðum skatti og bendir á hve gífurlegt gjald hér er um að ræða. Bifreiðir félagsmanna eru að meðaltali um 11 tonn og nemur skatturinn því kr. 11 000.00 á hverja bifreið. Bifreiðarnar eru þegar ofskattaðar og má í því sambandi nefna þungaskatt skv. ökumæli sem er í dag kr. 2.97 á hvern ekinn km fyrir algengustu flutningabíla. Skattur þessi hefur frá því í desember 1978 hækkað úr gkr. 15.60 eða um 1804% á sama tíma og vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað úr 240 stigum í 1482 stig eða um 518%.

Stjórn Landvara bendir einnig á að allir slíkir skattar og gjöld á vöruflytjendur auki mjög flutningskostnað og hækki vöruverð í dreifbýli. Frumvarpið er hrein aðför að atvinnurekstri félagsmanna og er því skorað á alþingismenn að samþykkja ekki frumvarpið."

Fylgiskjal II.

Landssamband vörubifreiðastjóra

24. febrúar 1983.

Samgöngumálanefnd
efri deildar Alþingis,
hr. Eiður Guðnason, formaður,
Alþingi.

Landssamband vörubifreiðastjóra leyfir sér hér með að mótmæla framkomnu frumvarpi um sérstakan þungaskatt á bifreiðir, sem nemur einni krónu á hvert kíló eigin þyngdar hverrar bifreiðar.

Augljóst er, að slík skattlagning yrði afar þungbær eigendum vörubifreiða, sem vega frá kg 7000 upp í 12 000. Vörubifreiðir eru atvinnutæki og því óeðlilegt að skattleggja þær með þessum hætti umfram einkabifreiðir, sem flestar vega nú um og undir 1000 kg.

Hjálagt leyfum vér oss að senda yður ljósrit af skeytum og undirskriftum, sem Landssambandinu hafa borist frá hinum ýmsu félögum vörubifreiðastjóra.

Virðingarfyllst,
f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra,

Herluf Clausen,
formaður.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, febrúar 1983.

Fyrir þingnefnd í Alþingi munu nú liggja eins konar drög að frumvarpi um enn nýjar skattaálögur á bifreiðaeigendur, uppfundið í samgönguráðuneyti, og skal nú knýja bifreiðaeigendur til að greiða ríkinu eina krónu af kílói eigin þyngdar hverrar bifreiðar í landinu, og að sögn ráðuneytishugsuða skal skattur þessi renna til Vegasjóðs, líkt og þungaskatturinn á sínum tíma. Í eins konar greinargerð segir að á móti skuli felldur niður skattur, sem kallaður hefur verið gúmmígjald, og einhver aðflutningsgjöld, en við vörubílstjórar teljum slík rök fyrir nýjum skattaálögum fáránleg og ekki frekari orðum að eyðandi.

Við, sem höfum atvinnu og afkomu af akstri eigin vörubifreiðar, teljum að nú hafi verið fullhátt til höggs reitt og eigi megi lengur láta kyrrt liggja. Við teljum einfaldlega, að nú þegar hafi hið skattglaða ríkisvald gengið fram á ystu nöf við að skattleggja lífsafkomu okkar, og bendum á að nú síðast í febrúar töldu hinir skattglöðu fulltrúar ríkisvaldsins rétt að hækka þungaskatt af mælabifreiðum um hvorki meira né minna en 63% á einu bretti, sem gerir á ársgrundvelli miðað við óbreytt gjald út árið í skatt til ríkisins kr. 113 600.00 af vörubifreið sem er 22 tonn fulllestuð og ekur 40 þúsund km yfir árið, en mundi þó aldrei aka nema ca. 18 þúsund km með hlassi þótt svo okkur sé gert að greiða þungaskatt af bifreiðinni fulllestaðri allt árið. Þarna teljum við rangt við haft af ríkisins hálfu og mótmælum slíkum rangindum harðlega sem hreinni tekjuupptöku af ríkisins hálfu.

Við bendum á í þessu sambandi að 1977 er bundið með lögum frá Alþingi að þungaskattur skuli fylgja byggingarvísitölu. En hvað skeður? Allt frá árinu 1978 eru samdar reglugerðir í ráðuneytum sem hækka þungaskatt af vörubifreiðum milli áranna '78 til '82 um hvorki meira né minna en 1166,6% umfram byggingarvísitölu, þrátt fyrir lagaákvæði frá Alþingi frá 1977.

Á þessu sama árabili hefur dekkjakostnaður hækkað nær 633%, olíukostnaður um nær 507%, en á þessu sama tímabili hefur vinnutaxti vörubifreiða hækkað um 321%.

Þessari gegndarlausu skattpíningu ríkisvaldsins mótmælum við vörubifreiðastjórar harðlega. Lengur munum við ekki sætta okkur við að vera skattlagðir langt umfram aðra þjóðfélagsþegna.

Við förum þess á leit, að hinn fyrirhugaði nýi skattur verði alls ekki lagður á vörubifreiðar sem menn hafa sitt lífsviðurværi af.

Virðingarfyllst,

Vörubílstjórafélagið Þróttur.

Ed. 555. Lög [149. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.

(Afgreidd frá Ed. 9. mars.)

Samhljóða þskj. 493 (sbr. 178)

Nd. 556. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Friðrik Sophussyni, Steinþóri Gestssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ný grein komi á undan núverandi 1. gr. og orðist svo:
1. mgr. 51. gr. falli brott.

Nd. 557. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. mars.)

1. gr.

1. málsliður 24. gr. laganna orðist svo:
Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar, orlofsheimili og sumarbústaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 558. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. að undanförnu. Mjög skammur tími hefur gefist til umfjöllunar og þær sérstæðu aðstæður ríkja, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir.

Nefndin telur að við ríkjandi aðstæður eigi að takmarka erlendar lántökur til hins ýtrasta.

Mikilvægt er að lánsfjárheimildir verði afgreiddar fyrir þinglok, og fullur vilji hefur verið fyrir því í nefndinni. Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt að vandlega verði fjallað um notkun fjármagnsins og ekki komi fram fullnægjandi skýringar í frv. varðandi öll atriðin, enda liggur fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ekki fyrir.

Til að bæta úr því varð nefndin sammála um að samráð verði haft við fjárveitinganefnd varðandi ráðstöfun fjárins eins og fram kemur í breytingartillögu á þskj. 559.

Í frumvarpinu koma fram áætlanir um lántökur einkaaðila. Í starfi nefndarinnar hefur komið fram að lántökur þessar séu eitthvað vanáætlaðar. Mikilvægt er að langlánanefnd takmarki heimildir eftir því sem nokkur kostur er.

Varðandi framkvæmdir Landsvirkjunar kemur fram í fylgiskjali að útlit sé fyrir að anna megi núverandi markaði fram á haustið 1988 og jafnvel eitthvað lengur. Hins vegar er mikilvægt að stofna til nýrra atvinnufyrirtækja í orkufrekum iðnaði. Nefndin telur að áformum um orkuöflun verði að fylgja ákveðnar tímasetningar um orkusölu.

Samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að stöðva framkvæmdir við Suðurlínu og ljúka verkinu á árinu 1984. Þegar hefur verið keypt allt efni vegna línunnar og aðeins eftir að leggja hluta hennar. Ekki er einsýnt að hagkvæmast sé að fresta þessu verki af þeim verkefnum, sem Landsvirkjun hyggst vinna að á árinu, og nauðsynlegt að fyrirtækið meti það á ný í ljósi þrenginga varðandi erlendar lántökur.

Nefndin vill leggja áherslu á að áform um orkuöflun og orkudreifingu fái frekari umfjöllun á næstunni og síðan verði leitað eftir heimildum til viðbótar síðar á árinu þegar frekari ákvarðanir liggja fyrir.

Nefndarmenn eru samþykkir brtt. á þskj. 559, sem formaður nefndarinnar flytur.

Nánari grein verður gerð fyrir brtt. og málinu að öðru leyti í framsögu.

Alþingi, 9. mars 1983.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðm. J. Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Vinnumálaskrifstofa
félagsmálaráðuneytis
Arnarhváli
101 Reykjavík

8. mars 1983

Uppsagnir starfsmanna.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1983, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi, er gert ráð fyrir að 160 Mkr. sé varið til framkvæmda við byggðalínur. Var farið fram á 285 Mkr. til þessara framkvæmda.

Niðurskurður á framkvæmdafé úr 285 Mkr. í 160 Mkr. hefur í för með sér að stöðva verður framkvæmdir við Suðurlínu, en það leiðir af sér uppsögn 40—50 starfsmanna Rafmagnsveitnanna, sem við verkið vinna skv. verksamningi við Landsvirkjun. Hér er um að ræða línumenn og rafvirkja, sem eru félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

21. febrúar 1983.

Endurskoðun áætlunar um heildarlán og erlendar lántökur á lánsfjáráætlun 1983.

Vísað er til töflu með endurskoðaðri áætlun um innlenda lánsfjáröflun og greinargerðar um skiptingu verðbréfakaupa lífeyrissjóðanna. Í framhaldi af þessu verður hér reynt að draga ályktanir um heildarlántökur og erlendar lántökur.

1. Opinberar framkvæmdir.

Í stað fjárlagaáætlunar, en á forsendum hennar, breytist **innlend fjáröflun** sem hér segir:

M.kr.:	Fjárlagaáætlun	Endursk. áætlun
Útgáfa spariskírteina	200	150
Innheimta umfr. innlausn	360	330
Bankakerfi (sparisjóðir)	103	20
Lífeyrissjóðir	85	50
Annað (Landsvirkjun)	73	73
Alls	821	623

Minnt er á fyrirvara við lán sparisjóða og lífeyrissjóða (hér talin skv. hærra tilviki). Því hvort Landsvirkjun reiknar með 73 m. kr. lánagreiðslum er vísað til hagsýslunnar. (Svo er talið vera).

Þessar 623 m. kr. nægja til að fjármagna lán til Byggðasjóðs og Lánasjóðs námsmanna í B-hluta og aðrar framkvæmdir en vegagerð í A-hluta, alls 556 m. kr. skv. tilviki I eða 514 m. kr. skv. tilviki III.

Brýna nauðsyn ber til að skera niður framkvæmdir frá tilviki III sem þessu svarar. Virðist það skaðlausast gert með því að fresta sem mestu af Blönduvirkjun og Suðurlínu. Þar á móti telur hagsýslan, að ekki verði hjá því komist, að lántökur Landsvirkjunar verði 610 m. kr., skv. tilviki II.

Sé gert ráð fyrir, að slík lausn geti lánast, koma út eftirgreindar heildarstærðir:

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir, m. kr.	Fyrri áætlun tilvik III	Endursk. áætlun
Innlend fjáröflun	821	623
Erlend fjáröflun	2 295	2 405
Alls	3 116	3 028

Um þessi atriði þarf hið fyrsta að taka ákvarðanir.

2. Fjárfestingarlánasjóðir.

Mismunandi áætlanir um Framkvæmdasjóð eru sem hér segir:

M. kr.:	Áætlun F.Í. 18/10	Fjárl.- og hags. 17/1, III	Endursk. áætlun
Eigið ráðstöfunarfé	50	50	50
Lán frá innl. bönkum	200	100	103
Lán frá lífeyrissjóðum	300	230	187
Erlend lán	470	598	640
Alls = lánveitingar	1 020	978	980

Þar sem Framkvæmdasjóður hefur að venju þegar lagt strangt og aðhaldssamt mat á lánaþarfirnar, má telja mjög örðugt að skera þær frekar niður úr ofangreindum 1 020 m. kr. Auk þess eru áætlaðar 20 m. kr. til Iðnþróunarsjóðs.

Yfirlit um áætlaðar heildarlánveitingar fjárfestingarlánasjóða liggur enn ekki fyrir, en er væntanlega í vinnslu hjá Framkvæmdasjóði.

3. Atvinnufyrirtæki, erlend lán.

Fyrri áætlun greiðslujafnaðardeildar Seðlabankans frá 16. nóvember sýndi **1 080 m. kr.** erlendar lántökur atvinnufyrirtækja. Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerði tilraun til niðurfærslu þeirrar áætlunar í fjórum tilvikum, í **660 m. kr.** skv. tilviki III.

Nú hefur áætlunin verið endurunnin með hliðsjón af nýrri vitneskju um einstök áform, sbr. vinnublað 21. febrúar. **Niðurstaðan er** 1 150 m. kr. lántökur m. v. gengisforsendur fjárlagaáætlunar. Lántökuform þessi mega að langmestu leyti teljast þegar bundin og heimiluð, svo að ekki verður haggað nema gerðar séu sérstakar og óvenjulegar ráðstafanir til að rifta áorðnum áformum og skuldbindingum.

4. Heildaráætlun um erlendar lántökur.

Hér verða dregnar saman þær áætlanir, sem fyrir liggja um erlendar lántökur skv. framansögðu, en ekki er enn unnt að taka saman heildaryfirlit um lánveitingar til fjárfestingar.

Erlendar lántökur m. kr.:	Áætlun F. og h. 17/1 tilvik III	Endurskoðuð áætlun
Opinberar framkvæmdir	2 295	2 405
Fjárfestingarlánasjóðir	618	660
Atvinnufyrirtæki	660	1 150
Alls	3 573	4 215

Svo vill til, að fyrra áætlunartilvikið er nánast hið sama í krónum talið sem erlendar lántökur fyrra árs, 3 546 m. kr. Sú fjárhæð umreiknuð eftir gengisforsendu áætlunarinnar mundi hins vegar nema 4 940 m. kr. Það standa hins vegar engin rök til þess að taka aftur svo mikil lán sem gert var fyrir ári. Knýjandi nauðsyn ber til að beita þrengri takmörkunum en felast í endurskoðaðri áætlun, 4 215 m. kr. Sú tala kemur eigi að síður fram við það, að ekki er sjáanlegur neinn kostur á að komast lægra eftir allt sem á undan er gengið. Þarf jafnvel að beita verulegri ýtni og hörku til þess að komast niður í það mark frá hinum upphaflegu áætlunum.

Fylgiskjal III.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

3. mars 1983

Löng erlend lán.
(Sbr. 2. töflu um greiðslujöfnuð í Hagtölum mánaðarins.)

Staða í lok hvers tímabils í millj. króna á föstu gengi[1])	1978	1979	1980	1981	1982[2])
Erlend lán alls	10 503	11 757	13 743	16 311	19 600
1. Opinberir aðilar	6 918	7 790	8 953	10 299	12 785
1.1 Ríkisstj. og ríkisstofn.	4 104	4 563	4 925	5 268	6 700
1.2. Ríkisfyrirtæki	2 129	2 487	3 179	4 089	5 160
1.3. Bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra	685	740	849	942	925
2. Lánastofnanir	1 976	2 065	2 289	3 079	3 950
2.1. Seðlabankinn	253	223	204	188	166
2.2. Viðskiptabankar	931	1 008	1 207	1 738	2 025
2.3. Fjárfestingarlánasjóðir	792	834	878	1 153	1 759
2.3.1. Framkvæmdasjóður	615	664	698	945	1 535
2.3.2. Fiskveiðasjóður	177	170	173	169	155
2.3.3. Aðrir lánasjóðir	—	—	7	39	69
3. Lán einkaaðila	1 609	1 902	2 501	2 933	2 865
3.1. Fiskiskipalán (þ. m. t. vélar o. fl.)	317	317	326	316	...
3.2. Lán vegna fiskiðnaðar	8	5	4	1	...
3.3. Önnur skipalán	399	430	276	469	...
3.4. Flugvélalán	219	259	475	440	...
3.5. Önnur lán	666	891	1 420	1 707	...

[1]) Umreiknað til gengis 31. desember 1982 samkvæmt gengi SDR.
[2]) Bráðabirgðatölur.

Fylgiskjal IV.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

3. mars. 1983

Erlendar lántökur 1982.
Í millj kr.

	Lánsfjárlög[1]) (apríl 1982)	Bráðabirgðatölur[2]) 1982
Opinberir aðilar	1 420,6	2 151,9
B-hluti fjárlaga	768,2	1 082,1
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	512,1	643,5
Landsvirkjun	404,6	623,0
Orkubú Vestfjarða	39,5	20,5
Steinullarverksmiðja, Sjóefnavinnsla, Stálbræðsla	40,0	—
Iðnrekstrarsjóður, Orkunýtingarsjóður	10,0	—
Annað	18,0	—
Sveitarfélög	140,3	426,3
Hitaveita Reykjavíkur	—	—
Aðrar hitaveitur	115,3	351,0
Rafmagnsveita Reykjavíkur	—	53,9
Reykjavíkurhöfn	—	11,8
Annað, ófyrirséð	25,0	9,6
Lánastofnanir	300,2	584,4
Framkvæmdasjóður	274,0	554,1
Iðnþróunarsjóður	26,2	23,4
Útflutningslánasjóður	—	6,9
Atvinnufyrirtæki	535,0	845,4
Járnblendifélagið	20,0	104,5
Skip, samtals	175,0	349,8
(Fiskiskip)	(90,0)	(157,1)
(Önnur skip)	(45,0)	(128,6)
(Endurbætur)	(40,0)	(64,1)
Flugvélar	10,0	5,0
Innlend skipasmíði	165,0	89,2
Endurbætur innanlands	30,0	44,9
Vélar og tæki	60,0	150,0
Ýmislegt	75,0	102,0
Samtals	2 255,8	3 581,7

[1]) Gengisforsenda: 39% yfir meðalgengi 1981 (USD = 10,06 krónur).
[2]) Gert upp á meðalgengi 1982 (USD = 12,542 krónur).

Fylgiskjal V.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

21. febrúar 1983

Endurskoðuð áætlun um innlenda lánsfjáröflun 1983.

	Útkoma 1981	Bráðab.-áætlun 1982	Drög að lánsfjáráætlun 1983	Endursk. áætlun 1983. m. v. verðlagsh. 42%
1. **Markað opinberum framkvæmdum:**				
1.1. Útgáfa spariskírteina	51,1	131,9	200,0	150,0
1.2. Innheimta umfr. innlausn	110,0	120,0	360,0	330,0
1.3. Innheimta	(167,7)	(240,0)	(381,0)	(381,0)
1.4. Innlausn	(−57,7)	(−120,0)	(−21,0)	(−51,0)
1.5. Verðbréfakaup bankakerfis[1])	75,6	70,4	103,0	20,0
1.6. Annað	26,1	55,0	—	—
1. Alls	262,8	377,3	663,0	500,0
2. **Markað fjárfestingarlánasjóðum:**				
2.1. Lán Atv.trsj. til Byggingarsj.	118,8	52,4	76,3	76,3
2.2. Skyldusp. nettó til Byggingarsj.	8,9	25,0	42,0	42,0
2.3. Lán bankakerfis til Framkv.sj.[2])	55,4	76,8	103,0	103,0
2. Alls	183,1	131,7	221,3	221,3
3. **Verðbréfakaup lífeyrissjóða, til skiptingar:**				
3.1. Til opinberra framkvæmda	56,7	55,0	85,0	
3.2. Til fjárfestingarlánasjóða	283,6	413,7	680,0	
3.3. Til Framkvæmdasjóðs	70,2	90,3		
3.4. Til Byggingarsjóðs ríkisins	119,6	128,9		
3.5. Til Byggingarsjóðs verkam.	13,4	66,8		
3.6. Til Stofnlánad. skv. áætlun	6,5	9,0	13,0	13,0
3.7. Til fjárf.l.sj. skv. áætlun	209,7	295,0	624,0	
3.8. Til annarra sjóða	73,9	118,7	56,0	
3. Alls	340,3	468,7	765,0	770,0
Innlend lánsfjáröflun, alls	786,0	971,3	1 649,3	1 491,3

Aths.:

[1]) Endurskoðuð áætlun 1983 gerir ráð fyrir 4% af innlánaaukningu sparisjóða, en um það er enn ósamið.
[2]) Gert er ráð fyrir 4% af innlánaaukningu viðskiptabanka skv. yfirlýsingu sambands þeirra.

Fylgiskjal VI.

Hr. iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Reykjavík, 1982-03-04

Varðandi: **Heimild til erlendrar lántöku fyrir Hitaveitu Akureyrar árið 1983.**

Hitaveita Akureyrar hefur nú nýfarið orðið þess áskynja, að ekki er gert ráð fyrir nýjum erlendum lántökum fyrir Hitaveitu Akureyrar á lánsfjáráætlun fyrir árið 1983. Öllum má vera það ljóst, eftir það sem á undan er gengið, að Hitaveita Akureyrar hefur þörf fyrir nýjar lántökur á árinu 1983, óvissa hefur hins vegar verið um hve stórar lántökurnar þurfi að vera.

Nú er orðið ljóst, að lánsfjárþörf hitaveitunnar verður USD 2 000 000,00 — á árinu 1983 og sótt hefur verið um þessa lántökuheimild til langlánanefndar.

Vill undirritaður hér með f. h. Hitaveitu Akureyrar beiðast þess, að þér, hæstvirtur iðnaðarráðherra, beitið yður fyrir því, að ofangreindri lánsupphæð verði komið inn á lánsfjáráætlun fyrir árið 1983, upp kominn misskilningur þar með leiðréttur og Hitaveitu Akureyrar þannig tryggður grundvöllur að eðlilegum rekstri.

Virðingarfyllst,
f. h. Hitaveitu Akureyrar
Wilhelm V. Steindórsson
hitaveitustjóri.

Fylgiskjal VII.

Landsvirkjun
Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis
c/o Hr. alþingismaður Halldór Ásgrímsson

07.03.1983

Í framhaldi af fundi fulltrúa Landsvirkjunar og nefndarinnar fimmtudaginn 3. þ. m. óskar Landsvirkjun eftir að koma eftirfarandi upplýsingum og skýringum á framfæri varðandi fyrirhugaðar fjárfestingar Landsvirkjunar 1983 og hlutaðeigandi lánsfjárþörf.

Frumvarp til lánsfjárlaga 1983 var til umfjöllunar á fundi stjórnar fyrirtækisins föstudaginn 4. þ. m. að því er varðar Landsvirkjun, en fyrirtækið hefur lagt fram hugmyndir um framkvæmdir og lánsfjáröflun á árinu 1983 sem hafa miðast við það í stórum dráttum að ljúka við Sultartangastíflu og Suðurlínu á árinu, en hvort tveggja var í áætlun iðnaðarráðherra 1983, halda áfram með Kvíslaveituframkvæmdir þannig, að þeim megi ljúka á árinu 1986, og hefja framkvæmdir við Blönduvirkjun með það fyrir augum að tryggja það, að gangsetning þeirrar virkjunar gæti orðið haustið 1987. Landsvirkjun hefur einnig gert ráð fyrir áframhaldandi rannsóknastarfsemi sem miðar einkum að því að treysta sem best áætlanagerðina um þær virkjanir, sem eru á næsta leiti, og auka svigrúmið í virkjanavalinu. Þá hefur fyrirtækið gert ráð fyrir því að ljúka í ár eftirstöðvum framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun auk ýmissa minni háttar framkvæmda. Hugmyndir Landsvirkjunar um framkvæmdir á árinu 1983 hafa í för með sér fjárfestingar sem nema alls um 1224 milljónum króna með vöxtum á byggingartíma og lánsfjáröflun að sömu fjárhæð, og er Blanda og Suðurlína hér með talin.

Nú liggur fyrir í áðurnefndu frumvarpi að reiknað er með 860 milljónum króna með vöxtum til framkvæmda Landsvirkjunar í ár, þar af eru 500 milljónir króna til framkvæmda á Þjórsársvæði, 200 milljónir króna til Blönduvirkjunar og 160 milljónir króna til Suðurlínu.

Landsvirkjun telur að athuguðu máli að við frumvarpið megi una að því er hlut Landsvirkjunar snertir, sbr. þó eftirfarandi:

Þjórsársvæðið og rannsóknir.

Mjög óráðlegt virðist vera að fresta framkvæmdum við Sultartangastíflu, þar sem það verk er bundið af verksamningi. Frestun framkvæmda í þessu verki getur leitt af sér aukakostnað sem nemur yfir 50 milljónum króna, auk þess sem tekin er mjög aukin áhætta, ef mannvirki þetta á að standa ófullgert einn vetur til viðbótar. Þá skal einnig á það minnt, að rekstraröryggi Búrfellsstöðvar eykst mjög verulega, þegar mannvirki þetta verður tekið í notkun. Hægt er að fullgera Sultartangastíflu á þessu ári innan þeirra lánsfjármarka, sem áðurnefnt frumvarp gerir ráð fyrir, eins og sést á meðfylgjandi yfirliti, dags. 2. þ. m. Þar er einnig gert ráð fyrir, að dregið verði úr framkvæmdum við Kvíslaveitur og rannsóknarstarfsemi auk þess sem ýmsum minni háttar framkvæmdum verði frestað. Þó að dregið verði úr framkvæmdum við Kvíslaveitur á þessu ári mun vera unnt að ljúka þeirri mannvirkjagerð ásamt stækkun Þórisvatns árið 1986, en þetta þýðir hins vegar óhjákvæmilega minna framkvæmdajafnvægi og aukningu vinnuaflstoppa sem verður til kostnaðarauka síðar. Þá er óheppilegt að draga svo mjög úr rannsóknastarfseminni sem sýnt er á yfirlitinu, þó við það megi una eins og á stendur.

Blönduvirkjun.

Þær 200 milljónir, sem ætlaðar eru til Blönduvirkjunar í frumvarpinu, nægja til þess að tryggja það, að Blöndu megi gangsetja haustið 1987 eins og stefnt hefur verið að.

Hér skal þess getið, að ef tekin væri ákvörðun nú um það að fresta gangsetningu Blöndu um eitt ár eða til ársins 1988, mætti hér fresta fjárfestingu, sem nemur u. þ. b. 100 milljónum króna, fram til næsta árs.

Ef Kvíslaveiturnar og stækkun Þórisvatns verða tilbúnar á tilsettum tíma, er útlit fyrir að anna megi núverandi markaði fram á haustið 1988 og jafnvel eitthvað lengur. Frestun Blönduvirkjunar myndi hins vegar leiða af sér, að ekki væri unnt að auka orkusölu til orkufreks iðnaðar fyrr en um leið og sú virkjun kemur í gagnið. Væri þá svigrúm til að sjá nýjum orkufrekum iðnaði fyrir orku verulega þrengt.

Suðurlína, aðveitustöðvar o. fl.

Í ljós hefur komið, að nú þegar hefur þeirri upphæð, sem lánsfjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir vegna Suðurlínu, 160 milljónum króna, verið ráðstafað í bindandi verksamninga og efniskaup. Þessi lánsfjárheimild þýðir að hætta verður við öll frekari áform um framkvæmdir á árinu, og sú vinna, sem í gangi er, myndi stöðvast í byrjun júní. Stöðvun þessarar framkvæmdar hefur einhvern kostnaðarauka í för með sér, auk þess sem ársfrestun yrði á því, að orkuafhendingaröryggi á byggðalínuhringnum yrði bætt, eins og að er stefnt með þessari framkvæmd.

Að öllu samanlögðu virðist sem fyrirliggjandi frumvarp til lánsfjárlaga geri ráð fyrir lánsfjárheimild til Landsvirkjunar sem við megi una með þeim skýringum og fyrirvörum, sem að ofan greinir.

Virðingarfyllst,
Halldór Jónatansson
aðst. framkvæmdastjóri.

Stofnkostnaður Landsvirkjunar 1983 (BV-1600).

Áætlun LV, sem send var iðnaðarráðuneytinu í nóv. s. l., og fyrirhugaður niðurskurður á lánsfjáráætlun.

	Verðlag 1983, byggingarvísitala 1600	
	Áætlun LV í okt. 1982, með vöxtum m. kr.	Hugsanleg breyting í samræmi við niðurskurð m. kr.
Hrauneyjafossvirkjun	109,3	57[1])
Sultartangastífla	289,3	292[2])
Kvíslaveitur og Þórisvatn	67,5	48[3])
Mælingar (Sprengisandslína o. fl.)	12,9	12[4])
Rannsóknir (Þjórsársvæði, Fljótsdalsv.)	92,0	60[5])
Sigöldulón, yfirfall	15,3	21[6])
Viðbygging á Geithálsi	10,7	0[7])
Mötuneyti Búrfelli	4,6	5[8])
Straumfræðistöð	6,1	0[9])
Ýmislegt, ófyrirséð	61,4	5[10])
Samtals	669,1	500
Blönduvirkjun	270,0	200[11])
Suðurlína, aðveitustöðvar o. fl.	284,9	160[12])
	1 224,0	860

Athugasemdir:

1) Fyrri áætlun of há, einkum vegna þess að meira var gert árið 1982 en reiknað hafði verið með áður. Auk þess er áætlun um kröfugerð verktaka o. fl. mun lægri en áður.
2) Samningsbundið og því ekki hægt að fresta.
3) Aðeins reiknað með styrkingu á stíflugrunnum við Svartá, Þúfuver og Eyvindarver og lúkningu botnrásar í Þúfuversstíflu.
4) Talið nauðsynlegt til að halda opnum möguleika, að línan geti komist í gagnið 1987.
5) Rannsóknir á Fljótsdalsheiði skornar næstum alveg niður og svipuð upphæð skorin niður á Þjórsársvæði.
6) Áríðandi framkvæmd, ný kostnaðaráætlun.
7) Þarfnast ekki skýringa.
8) Samningsbundið og þegar framkvæmt að mestu leyti.
9) Þarfnast ekki skýringa.
10) Frestun á ýmsu smálegu og minnkun svigrúms.
11) Áætlun aðeins skert vegna stífluframkvæmda á Auðkúluheiði sem fresta má, án þess að fresta þurfi gangsetningu Blönduvirkjunar til 1988.
12) Frestun alls sem er ekki þegar samningsbundið. Lúkning frestast til 1984.

Fylgiskjal VIII.

Húsnæðisstofnun ríkisins

2. marz 1983.

Byggingarsjóður ríkisins.

M. kr.

Innstreymi	1982	Áætlun 1982
Ríkissjóður	69.7	59.8
Skyldusparnaður (nettó)	29.3	20.0
Atvinnuleysistryggingasjóður	52.4	52.4
Lífeyrissjóðir	128.9	187.0
Afborganir, vextir og vísitala	191.4	175.0
Sjóðslækkun	43.9	
Tekjur tæknideildar	4.6	4.2
Annað	3.8	1.6
	524.0	500.0
Útstreymi		
Rekstrarkostnaður	17.0	13.0
Afborganir, vextir og vísitala	109.0	107.4
Sjóðshækkun		1.4
Annað	4.9	4.2
Lán 1982	393.1	374.0
	524.0	500.0
Lán 1982		
Nýbyggingar (1.+2.+3. hluti)	159.0	167.0
Eldri íbúðir	105.4	115.0
Leiguíbúðir og heimili fyrir aldraða og dagv.st.	14.8	17.0
Viðbyggingar og endurbætur	27.0	14.0
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis	3.1	4.0
Einstaklingar með sérþarfir	3.5	3.0
Orkusparandi breytingar	6.1	7.0
Tækninýjungar og rannsóknir		1.0
Ýmsir framkvæmdaaðilar	32.0	20.0
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga	42.2	26.0
	393.1	374.0

Sjóður 1. janúar 1982: 29.5
Sjóður 31. desember 1982: −14.4

Skyldusparnaður, brúttó (inn): 212.3
Skyldusparnaður, brúttó (út): 183.0

Fylgiskjal IX.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun

8. mars 1983

Til: fjárhags- og viðskiptanefndar
Frá: fjárlaga- og hagsýslustofnun

Efni: **Svör við framkomnum fyrirspurnum á fundi nefndarinnar 2. mars 1983.**

1. Sundurliðun á lánsfé til hluta- og eiginfjárframlaga.

Landsvirkjun	10 400
Vegna skuldar Útvegsbanka við Seðlabanka, sbr. lög nr. 13/1981	7 500
Alþjóðaframfarastofnun	3 660
Alþjóðabankinn	8 255
Grænfóðurverksmiðjur	4 500
Heimildir skv. 6. gr. fjárlaga og sérlögum	70 685
	105 000

Til frekari skýringar er vísað til frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1983, bls. 188.

2. Heildarlánsfjáröflun til A-hluta ríkissjóðs nemur 525 000 þús. kr., sbr. fylgiskjal 1, bls. 8 í lántökufrumvarpi. 472 000 þús. kr. eru sérstaklega ætlaðar til verkefna, sem upp eru talin. Þær 53 000 þús. kr., sem eftir standa, til ótilgreindra verkefna sem geta verið hafnarframkvæmdir, flugvallagerð og til orkumála.
3. Aðstoð við Flugleiðir alls 34 400 þús. kr. er vegna niðurfellingar á tekjum ríkissjóðs af Norður-Atlantshafsflugi Flugleiða árið 1982. Hér er um að ræða lendingargjöld, launaskatt, opinber gjöld félagsins o. fl.
4. Skuldastaða byggðalána og Kröfluvirkjunar. Hjálagt er yfirlit úr Ríkisreikningi árið 1981 um rekstur og efnahag byggðalína og Kröfluvirkjunar 1974—1981. Þar sem aðeins kemur fram staða skulda 1980 og 1981 hefur verið aflað yfirlits um stöðu skulda 1979, sbr. eftirfarandi:

Skuldastaða í árslok hvert ár að meðtöldu endurmati skv. gildandi vísitölu í árslok hvert ár
(í þús. kr.)

	1979	1980	1981
Byggðalínur	209.239	400.899	611.879
Kröfluvirkjun	240.027	407.670	558.223

Ekki er fyrirliggjandi endurmat skulda fyrir 1979 né uppgjör ársins 1982.

Nd. 559. Breytingartillögur [221. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

1. 2. gr. falli niður.
2. 3. gr. verði 2. gr. og í stað tölunnar „860 000 þús. kr.“ komi: 800 000 þús. kr.
3. 4. gr. verði 3. gr. og í stað tölunnar „33 000 þús. kr.“ komi: 8 000 þús. kr.
4. 6. gr. verði 5. gr. og breytist þannig:
   a) Í stað tölunnar „145 100 þús. kr.“ í 2. tölulið komi: 180 000 þús. kr.
   b) Við greinina bætist nýr töluliður:
      3. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. 7. gr. verði 6. gr. og orðist svo:
   Sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra er heimilt að taka lán á árinu 1983 vegna framkvæmda og skuldbreytinga samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila og fjárhæð allt að 20 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Ný grein verði 8. gr. og orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán Byggðasjóðs að fjárhæð allt að 5 000 þús. kr. vegna smíði fiskiskipa innanlands.
7. Í stað tilvitnana í „3., 4., 5., 6. og 7. gr.“ í 9. gr. komi: 2., 3., 4., 5. og 6. gr.
8. 1. og 2. málsgr. 25. gr. orðist svo:
   Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilega afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.
   Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra, svo og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.
9. Ný grein verði 28. gr. og orðist svo:
   Lánsfé samkvæmt lögum þessum skal ráðstafa í samræmi við fjárlög fyrir árið 1983. Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér viðbót við heimildir fjárlaga skal því fé ráðstafað að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, og skal núverandi fjárveitinganefnd starfa þar til önnur hefur verið kjörin.

Nd. 560. Frumvarp til laga [154. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. mars.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Åsberg, Berne Gunnar, nemi í Reykjavík, f. 5. apríl 1955 í Svíþjóð.
2. Bache, Mary Suzanne, kennari í Reykjavík, f. 6. júlí 1947 í Englandi.

3. Baran, Tadeusz, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1948 í Póllandi. Fær réttinn 27. ágúst 1983.
4. Blanco, Hugo Roberto, nemi í Reykjavík, f. 16. maí 1953 í Argentínu.
5. Cates, James Michael, verkamaður í Hafnarfirði, f. 29. mars 1964 á Íslandi.
6. Ericson, Sandra May, húsmóðir á Dalvík, f. 29. nóvember 1953 í Bandaríkjunum.
7. Eriksen, Liv Synnöve, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. 7. febrúar 1935 í Noregi.
8. Fernandez, Danièle, kennari í Reykjavík, f. 5. apríl 1950 í Marokkó.
9. Garðar Ragnvaldsson, rafvirki í Kópavogi, f. 6. nóvember 1955 á Íslandi.
10. Grimm, Karl Heinz, hjúkrunarmaður í Reykjavík, f. 25. júlí 1949 í Vestur-Þýskalandi.
11. Guillemette, Robert Charles Eugène, kennari í Reykjavík, f. 3. október 1948 í Frakklandi.
12. Heinesen, Tove Solveig Fredrikka, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 5. ágúst 1927.
13. Henriksen, Rosa Kristiane Jakobine, verkakona í Keflavík, f. 11. febrúar 1961 á Grænlandi.
14. Hentze, Amy Evarda, húsmóðir á Skagaströnd, f. 5. febrúar 1939 í Færeyjum.
15. Hovgaard, Jacob Pauli Frimodt, verkamaður í Reykjavík, f. 17. mars 1922 í Færeyjum.
16. Jablonkay, Andras Daniel, kennari í Reykjavík, f. 13. júlí 1945 í Austurríki.
17. Jacobsen, Turid Egholm, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. júní 1935 í Noregi.
18. Joelsen, Sofie Katrine Deodora, húsmóðir á Kjalarnesi, f. 12. maí 1953 á Grænlandi.
19. Kashima, Miyako, prestur í Reykjavík, f. 3. febrúar 1947 í Japan.
20. Krajacic, Marijan, verkamaður í Reykjavík, f. 26. febrúar 1948 í Júgóslavíu.
21. Lozanov, Krsto, rafsuðumaður í Reykjavík, f. 28. nóvember 1937 í Búlgaríu.
22. Mahmood, Pirshing Karim, nemi í Kanada, f. 26. apríl 1950 í Írak.
23. Maciaszek, Jadwiga Maria, saumakona í Reykjavík, f. 20. maí 1949 í Póllandi.
24. Mete, Ali Riza, verkamaður á Eskifirði, f. í Tyrklandi 8. febrúar 1954. Fær réttinn 21. júní 1983.
25. Munasinghe, Dulatirathna, rafmagnsverkfræðingur í Reykjavík, f. 24. júlí 1940 í Sri Lanka.
26. Ojeda, Fernando Sabido y, línumaður í Reykjavík, f. 22. apríl 1951 á Spáni.
27. Plédel, Hervé Jean Louis, kennari í Reykjavík, f. 16. apríl 1950 í Frakklandi. Fær réttinn 14. október 1983.
28. Suarez, Maria Emma, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. apríl 1954 á Filipseyjum.
29. Szebesta, Krzysztofa Maria, snyrtifræðingur í Reykjavík, f. 23. mars 1930 í Póllandi.
30. Tetzschner, Kamma Agnete, fóstra í Garðabæ, f. 28. ágúst 1939 í Danmörku.
31. Thepchai, Nareumon, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. mars 1952 í Thailandi.
32. Wahed, Faisal Abdul Malek, verkamaður í Reykjavík, f. 11. nóvember 1949 í Yemen.
33. Wallewik, Paal Ólafur, nemi í Reykjavík, f. 10. mars 1958 á Íslandi.
34. Wheat, Johnnie Wayne, símsmiður í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. mars 1954.
35. Wilkinson, Janine Ruth, kennari í Hafnarfirði, f. 16. ágúst 1955 í Englandi.
36. Zanoria, Priscilla, verkfræðingur í Reykjavík, f. 16. janúar 1955 á Filipseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanögn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 561. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um samkomudag Alþingis að loknum næstu kosningum.

Flm.: Matthías Bjarnason, Ragnar Arnalds, Magnús H. Magnússon, Matthías Á. Mathiesen, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram.

Greinargerð.

Þar sem allt útlit er fyrir að breyting á stjórnarskránni verði samþykkt í samræmi við samkomulag fjögurra flokka og þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu nauðsynlegt að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar til Alþingis hafa farið fram.

Í stjórnarskrárnefndum beggja deilda þings kom það skýrt fram, að fulltrúar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks töldu óhjákvæmilegt, að þing kæmi saman fljótlega eftir næstu kosningar, og áskildu þeir sér rétt til að flytja frumvarp eða tillögu um það efni. Flutningur þessarar tillögu kemur því ekki á óvart og er staðfesting á fyrri yfirlýsingum fulltrúa flokkanna.

Tillagan er flutt af fulltrúum þessara þriggja flokka í stjórnarskrárnefnd neðri deildar.

Ed. 562. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um samkomudag Alþingis að loknum næstu kosningum.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karl Steinar Guðnason, Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram.

Greinargerð.

Þar sem allt útlit er fyrir að breyting á stjórnarskránni verði samþykkt í samræmi við samkomulag fjögurra flokka og þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu nauðsynlegt að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar til Alþingis hafa farið fram.

Í stjórnarskrárnefndum beggja deilda þings kom það skýrt fram, að fulltrúar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks töldu óhjákvæmilegt, að þing kæmi saman fljótlega eftir næstu kosningar, og áskildu þeir sér rétt til að flytja frumvarp eða tillögu um það efni. Flutningur þessarar tillögu kemur því ekki á óvart og er staðfesting á fyrri yfirlýsingum fulltrúa flokkanna.

Tillagan er flutt af fulltrúum þessara þriggja flokka í stjórnarskrárnefnd efri deildar.

Nd. 563. Breytingartillaga [221. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Alexander Stefánssyni, Jósef H. Þorgeirssyni, Sighvati Björgvinssyni, Albert Guðmundssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Skúla Alexanderssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Friðjóni Þórðarsyni og Steingrími Hermannssyni.

Á eftir 27. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán að upphæð 10 millj. króna sem verja skal sem byrjunarframlagi til byggingar á ferjuskipi sem ætlað er að starfrækja á Breiðafirði.

Nd. 564. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Halldóri Ásgrímssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 8. gr. Liður 17.4 falli brott.

Nd. 565. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Matthías Bjarnason, Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson, Páll Pétursson, Karvel Pálmason, Sverrir Hermannsson, Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Ingólfur Guðnason.

1. gr.

7. tl. 28. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur, orkustyrkur og barnabætur sem um ræðir í VI kafla laga þessara.

2. gr.

Á eftir 68. gr. laganna komi ný grein er verði 68. gr. a og orðist svo:

Orkustyrkur.

Ríkissjóður skal greiða orkustyrk til manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr.

Skal orkustyrkur nema 35% af sannanlegum beinum kostnaði manns á tekjuárinu við orkukaup til heimilisþarfa, svo sem kaup á orku til upphitunar íbúðarhúsnæðis til eigin þarfa og kaup á orku til ljósa og eldunar á heimili. Skal styrkurinn ákveðinn af skattstjóra á grundvelli framlagðra orkureikninga. Kaupi maður jafnframt orku til annarra þarfa en heimilisþarfa, t. d. vegna atvinnurekstrar, getur skattstjóri áætlað heimilisnot með hliðsjón af stærð húsnæðis og tegund orkugjafa. Ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut skal orkustyrkur greiddur því hjóna sem hærri hefur tekjur skv. 1. tl. 63. gr.

Orkustyrkur greiðist út til skattaðila að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda hans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
7. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt að kveða svo á reglugerð að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um að útborganlegur orkustyrkur skiptist til greiðslu á fleiri en einum útborgunardegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Með frv. þessu er gerð tillaga um að farin verði ný leið til þess að jafna orkukostnað íslenskra heimila, en mikill mismunur á orkuverði eftir búsetu er án efa það mál, sem nú stefnir byggðajafnvægi í mesta hættu og mun án efa, ef svo heldur fram sem horfir, leiða til mestu búseturöskunar á stuttum tíma sem orðið hefur á Íslandi. Ekkert eitt mál veldur íbúum landsbyggðarinnar nú jafnmiklum búsifjum og einmitt misréttið í orkuverði, einkum í húshitunarmálum. Það misrétti verður að leiðrétta ef tryggja á eðlilega og nauðsynlega byggð í landinu.

Sú nýja leið, sem í frv. er gerð tillaga um að farin verði til þess að draga úr stórfelldum mismun á orkuverði eftir búsetu, er í því fólgin, að samhliða einhverri beinni verðjöfnun og niðurgreiðslu á orkuverði, eins og átt hafa sér stað, verði tiltekinn hluti orkukostnaðar heimila skv. reikningum notaður til lækkunar álagðra opinberra gjalda, sem eins konar skattafsláttur, og nemi orkuafsláttur hærri fjárhæð en nemur álögðum opinberum gjöldum verði mismunurinn greiddur út til viðkomandi úr ríkissjóði.

Þeim mun hærri sem útgjöld heimilis vegna orkunotkunar verða, þeim mun hærri skattafsláttar nýtur viðkomandi, og sé um lágtekjufólk að ræða, sem ekki nýtist orkukostnaður til skattafsláttar vegna lágra tekna, fá slík heimili hluta útlagðs orkukostnaðar í raun endurgreiddan úr ríkissjóði í mynd ónotaðs skattafsláttar eða orkustyrks. Þannig er í senn tekið tillit til misjafns orkuverðs í landinu, mishárra útgjalda fjölskyldna vegna orkunotkunar og mishárra tekna til þess að standa undir slíkum útgjöldum, jafnframt því sem sneitt er hjá flóknum og umdeildum reglum um framkvæmd niðurgreiðslna, sem ætíð hljóta að valda árekstrum. Með því að beita í senn nokkrum niðurgreiðslum og verðjöfnun á orku samhliða aðferðum eins og þeim, sem hér er gerð tillaga um, má draga úr ágöllum hverrar einstakrar aðferðar, en nýta jafnframt kosti hverrar og einnar. Síðan er hægt að breyta áhersluþunga með því t. d. að auka niðurgreiðslu/verðjöfnun samfara því sem dregið yrði úr því hlutfalli útlagðs orkukostnaðar, sem heimilað er til skattafsláttar, eða það hlutfall yrði aukið ef dregið yrði úr niðurgreiðslum. Í frv. er lagt til, að hlutfall þetta verði 35%, en sú tillaga þarfnast nánari skoðunar með hliðsjón af því niðurgreiðslustigi, sem ákveðið verður á útsöluverði á orku.

Frumvörp hafa áður verið flutt á Alþingi um að útlagður orkukostnaður verði heimilaður til frádráttar frá tekjum áður en skattar eru á þær lagðir. Hér er hins vegar um að ræða aðra og nýrri hugmynd — þá, að útlagður orkukostnaður verði notaður að hluta til þess að veita afslátt frá sköttum, eftir að þeir hafa verið á lagðir, og greiðist út til aðila sem orkustyrkur að því marki sem útlagður orkukostnaður samkv. framansögðu kann að vera umfram álögð gjöld.

Flutningsmönnum er ljóst, að ekki eru nú tök á því að afgreiða frv. þetta, svo skammur tími sem eftir er af áformuðum starfstíma Alþingis. Í yfirlýsingu þinflokkanna fjögurra, sem gefin var í sambandi við flutning frv. um breytingu í stjórnarskrá lýðveldisins, er sagt, að þingflokkarnir muni beita sér fyrir sérstöku átaki til þess að draga úr félagslegu og efnalegu misrétti eftir búsetu. Stærsta viðfangsefnið í því sambandi er án efa varðandi jöfnun orkuverðs, og í sambandi við þá athugun, sem fara mun fram á sérstöku átaki í þeim efnum, vilja flm. þessa frv. að sú hugmynd, sem í frv. felst, komi til sérstakrar skoðunar og í þeim tilgangi er frv. þetta flutt.

Nd. 566. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við 13. gr. 3. málsgr. Niður falli orðin „að dómi ráðherra“.

Nd. 567. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til laga um fjölskylduráðgjöf.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og varð ekki sammála um afgreiðslu þess frá nefndinni.

Minni hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. mars 1983.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Guðrún Helgadóttir.

Nd. 568. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til laga um fjölskylduráðgjöf.

Frá minni hl. félagsmálanefndar (JS og GHelg).

1. 1. gr. orðist svo:

Gera skal ráðstafanir til þess, að foreldrar eigi kost á fjölskylduráðgjöf er taki til fræðslu um uppeldi barna, leiðbeininga í sambúðar- og skilnaðarmálum og annarra málefna er varða hag og þroska barna og fjölskyldna þeirra. Félagsmálaráðuneytið skal

starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og skal sérfræðingur á þessu sviði veita henni forstöðu. Félagsmálaráðuneytið setur reglugerð um hvernig háttað verði greiðslu fyrir þjónustu miðstöðvarinnar samkvæmt gjaldskrá.

2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 31. des. 1985.

Nd. 569. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið á sinn fund Klemens Tryggvason hagstofustjóra.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 9. mars 1983.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Garðar Sigurðsson.	Eggert Haukdal.	Friðrik Sophusson.
	Magnús H. Magnússon.	

Ed. 570. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að kostnaður við uppgröft skips af því tagi, sem hér er tilgreint, sé einungis mjög takmarkaður hluti af kostnaði við raunverulega björgun.

Ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana, svo sem að hindra þornun, þá mun skipið eyðileggjast á skömmum tíma eftir að andrúmsloft tekur að leika um það. Talið er að kostnaður við slíkar aðgerðir sé a. m. k. 100 milljónir króna. Auk þess krefjast slíkar aðgerðir rækilegs undirbúnings. Um þetta hefur ekkert verið fjallað.

Uppgröftur skipsins þýðir því annaðhvort enn meiri kostnað en hér er tilgreindur eða eyðileggingu fornminja.

Það, sem að ofan er rakið, miðast við að fundið sé flak af skipinu Het Wapen. Það er þó ekki óyggjandi. Þvert á móti hafa vísindamenn við Háskóla Íslands einmitt bent á að þeir telji frekari rannsóknir í formi borana nauðsynlegar til að fá betri upplýsingar um það, hvað í sandinum leynist.

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til skoðunar í allan vetur, enda er þetta eitt af fyrstu málum þingsins. Lengi var beðið eftir umsögnum opinberra aðila og fengust þær ekki fyrr en eftir ítrekaðan eftirrekstur. Af þeim ástæðum var það fyrst nú fyrir fáum vikum sem raunveruleg skoðun málsins gat hafist í nefndinni. Við þá athugun kom í ljós, að áhugi og vilji var fyrir því hjá mörgum nefndarmanni að afgreiða málið, enda var hér um að ræða mál, sem skipta mun sköpum fyrir fjölmarga aðila, einkum húsbyggjendur sem eru að kikna undir greiðslubyrði lána þar eð lánskjaravísitala hefur hækkað talsvert umfram kaupgjald og allar greiðsluáætlanir húsbyggjenda og annarra lántakenda hafa þar með farið úr skorðum.

Eins og vænta mátti höfðu lánastofnanir og fulltrúar þeirra ýmsar úrtölur fram að færa um efni frv. við nefndina. Allir voru þeir sammála um, að sjálft úrlausnarefnið væri brýnt og knýjandi og sú hugmynd um lausn, sem í frv. er gerð tillaga um, sé skynsamleg. Úrtölurnar beindust hins vegar að framkvæmdinni, — á henni væru tæknilegir örðugleikar, vafasamt sé hvort hægt sé að ráða slíkum málum til lykta með löggjöf o. s. frv., o. s. frv. Urðu þessar úrtölur til þess að hafa þau áhrif á nefndarmenn, sem áður höfðu lýst sig fylgjandi ákvæðum frv., að þeir treystu sér ekki til þess lengur, en vilja afgreiða málið með vísun til ríkisstjórnarinnar með ýmsum yfirlýsingum og vilyrðum um skilning og góðan vilja.

Þótt ekki sé efast um þann skilning og góðan vilja, sem fram kom í þessari afgreiðslu og látinn hefur verið í ljós af ýmsum fulltrúum lánastofnana, þá er hætt við að á framkvæmdinni geti orðið bið komi ekki til atbeina Alþingis, sem lögin setti um verðtryggingu fjárskuldbindinga og ætlaðist til við þá afgreiðslu, að greiðslubyrði færi ekki fram úr launaþróun í landinu. Vart eru meiri framkvæmdaörðugleikar í máli því, sem frv. fjallar um, en voru á verðtryggingunni skv. lánskjaravísitölu þegar hún var upp tekin, og er ekki vitað að lánastofnanir hafi kvartað mjög undan tæknilegum örðugleikum í því sambandi. Þá fellst minni hl. nefndarinnar ekki heldur á þær röksemdir, að með samþykkt frv. væri verið að skerða réttmæta verðtryggingu útlánakrafna lánastofnana þar sem aðeins er um að ræða tiltekna lengingu lánstíma að hluta til, en enga skerðingu verðtryggingar.

Minni hl. n. leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. mars 1983.

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 605. Frumvarp til lánsfjárlaga [221. mál]

fyrir árið 1983.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. mars.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 852 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 000 þús. kr.

2. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 860 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum.

3. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1983 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila að fjárhæð allt að 33 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 31 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1983 að fjárhæð 95 800 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1983 að fjárhæð 180 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra er heimilt að taka lán á árinu 1983 vegna framkvæmda og skuldbreytinga samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila og fjárhæð allt að 20 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1983 að fjárhæð 612 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Byggðasjóðs að fjárhæð allt að 5 000 þús. kr. vegna smíði fiskiskipa innanlands.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 2., 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II KAFLI

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs eigi fara fram úr 69 825 þús. kr. á árinu 1983. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 22 828 þús. kr. á árinu 1983.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands eigi fara fram úr 26 600 þús. kr. á árinu 1983.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 15 515 þús. kr. á árinu 1983.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 141 514 þús. kr. á árinu 1983.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 158 050 þús. kr. á árinu 1983.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga eigi fara fram úr 5 510 þús. kr. á árinu 1983.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 16 185 þús. kr. á árinu 1983. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1983 rennur í ríkissjóð.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 8 522 þús. kr. á árinu 1983.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 39 960 þús. kr. á árinu 1983.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 353 þús. kr. á árinu 1983.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 10 356 þús. kr. á árinu 1983.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1983 eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 1 439 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 16 564 þús. kr. á árinu 1983.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 68 000 þús. kr. á árinu 1983.

III KAFLI

25. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra, svo

og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982 er nemi allt að 100 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1983—1985 að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fiskiskipum innanlands, sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng og með vélarafl allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Þótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

28. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán að upphæð 10 millj. króna sem verja skal sem byrjunarframlagi til byggingar á ferjuskipi sem ætlað er að starfrækja á Breiðafirði.

29. gr.

Lánsfé samkvæmt lögum þessum skal ráðstafa í samræmi við fjárlög fyrir árið 1983. Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér viðbót við heimildir fjárlaga skal því fé ráðstafað að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, og skal núverandi fjárveitinganefnd starfa þar til önnur hefur verið kjörin.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 606. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1983.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.
Stefán Jónsson.	Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 607. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá Albert Guðmundssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Pétri Sigurðssyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist nýr málsliður er orðist svo:
Þá skulu undanþegin gjaldinu ökutæki sem skráð eru í eigu sveitarfélaga, enda séu þau eingöngu notuð innan takmarka sveitarfélagsins til eigin þarfa þess.

Nd. 608. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá Árna Gunnarssyni og Jóni Baldvin Hannibalssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda í eitt ár.

Ed. 609. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 8. gr. Við bætist nýr liður sem orðist svo:
17.4 Heimilt er að greiða sjúkraliða laun úr ríkissjóði gegni hann störfum á heilsugæslustöð þann tíma sem hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fæst ekki til starfa.

Nd. 610. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls.

Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir þeirri skattheimtu sem hér er stofnað til.

Það er ljóst, að ríkisstjórnin ætlar að halda við þá iðju sína að bæta pinklum á þjóðfélagsþegnana fram á síðasta dag.

Þungaskattur á bifreiðar var felldur niður 1974, í stað þess tekið upp bensíngjald, sem grundvallast á því, að skattlagning bifreiða sé samkvæmt notkun þeirra en ekki þunga.

Það er hins vegar vitað, að í vaxandi mæli hefur ríkisstjórnin dregið til ríkissjóðs tekjur af umferðinni og þannig rýrt tekjur Vegasjóðs, en framlag ríkissjóðs verið skorið niður. Þess vegna á nú að bæta enn einum skattinum við.

Öllum þessum vinnubrögðum er lýst í nefndaráliti minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. Þar er og gerð grein fyrir þróun þessara mála. Þó er ástæða til að benda á að sá skattur, sem nú skal á lagður, kemur ákaflega misjafnlega niður bæði á einstaklinga og fyrirtæki.

Eðlilegt er t. d. að telja að þyngri byrðar verði ekki lagðar á aldraða og öryrkja með góðu móti vegna þeirrar nauðsynjar sem þeim er að hafa bifreið til umráða. Af þeim sökum leggjum við til, að þeir verði undanþegnir við álagningu hins nýja skatts, og flytjum breytingartillögu á þingskjali 611.

Alþingi, 11. mars 1983.

Matthías Á. Matthiesen, frsm. Matthías Bjarnason. Albert Guðmundsson.

Nd. 611. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyt. á þeim lögum, og um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist nýr málaliður er orðist svo:

Undanþegin gjaldinu eru ökutæki sem skráð eru í eigu manna, sem náð hafa 67 ára aldri fyrir upphaf gjaldárs, og manna, sem njóta örorkulífeyris skv. lögum um almannatryggingar.

Ed. 612. Frumvarp til laga [251. mál]

um Jarðboranir ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

1. gr.

Ríkið starfrækir fyrirtæki er nefnist Jarðboranir ríkisins. Skal það rekið sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Jarðboranir ríkisins heyra undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Jarðborana ríkisins er að eiga og reka jarðbora til notkunar við rannsóknir á orkulindum landsins og við vinnslu á orku úr jörðu. Þeim er heimilt að bora í öðru skyni eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Gerður skal verksamningur um hvert verkefni sem Jarðboranir ríkisins taka að sér.

Ráðherra skal setja gjaldskrá fyrir Jarðboranir ríkisins.

Gjaldskrá Jarðborana ríkisins skal ákveðin með hliðsjón af því að tekjur af borunum standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði fyrirtækisins miðað við eðlilegan afskriftatíma og hæfilega arðgjöf.

4. gr.

Heimilt er að veita Jarðborunum ríkisins stofntillag af fé á fjárlögum til kaupa á tækjum til borana sem talið er þjóðhagslega æskilegt að fyrirtækið eigi, en áætlanir sýna að ekki verður unnt að fjármagna með arði af notkun þeirra.

5. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Jarðborana ríkisins til 5 ára í senn. Forstjóri ræður aðra starfsmenn fyrirtækisins. Um starfskjör fastráðinna starfsmanna fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna hverju sinni.

6. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Jarðborana ríkisins.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af vinnu og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna jarðhitaborana.

8. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til orkulaga.

Rétt þykir að hafa sérlög um Jarðboranir ríkisins í stað þess að fjallað sé um slíkt fyrirtæki í almennum orkulögum svo sem verið hefur.

Meginbreytingar sem frumvarp þetta felur í sér frá gildandi lögum eru að:

1) Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins, eins og verið hefur, heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum forstjóra sem ráðherra skipar.
2) Ný ákvæði eru sett um starfshætti fyrirtækisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða frá gildandi lögum að fellt er niður ákvæði um að ráðherra feli Orkustofnun eða öðrum aðila að annast rekstur fyrirtækisins.

Um 2. gr.

Hér er nánar og skýrar kveðið á um hlutverk og verkefni Jarðborana ríkisins en gert er í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um starfshætti Jarðborana ríkisins sem leiðir af því að hér er um að ræða verktakafyrirtæki. Lagt er til að verksamningar verði gerðir í öllum tilvikum.

Um 4. gr.

Oft er þess óskað að Jarðboranir ríkisins kaupi sérhæfð tæki til að leysa verkefni á sviði borana sem nauðsynlegt er að framkvæma vegna rannsókna eða vinnslu. Enda þótt nauðsynlegt sé talið að þessi tæki séu til taks öðru hverju, geta verkefnin verið svo strjál að fyrirtækið geti ekki fjármagnað kaup á þeim með arði af verksölu. Því er lagt til að heimilt verði að veita Jarðborunum ríkisins stofntillag til kaupa á slíkum tækjum ef það er talið þjóðhagslega hagkvæmt.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að tekin verði upp heimild um niðurfellingu söluskatts og aðflutningsgjalda af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins til jarðhitaborana. Talið er að slík heimild hafi ekki verið fyrir hendi nema að því er varðar hitaveitur sem sérstök lög ná til. Reglur þær sem hér er lagt til að teknar verði upp eru til samræmis við það sem tíðkast hefur um vatnsaflsvirkjanir um langa hríð. Eðlilegt er að hliðstæðar reglur gildi um virkjun jarðvarma og vatnsafls.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 613. Frumvarp til laga [252. mál]

um Rafmagnsveitur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins eru sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir yfirstjórn þess ráðherra sem fer með orkumál.

2. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins annast eftirtalin verkefni:

1. Að afla raforku, dreifa henni og selja, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu á orkuveitusvæði sínu.
2. Að selja til hitaveitna heitt vatn, hitað í kyndistöðvum Rafmagnsveitna ríkisins.
3. Önnur verkefni sem ráðherra kann að fela þeim.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar. Stjórnin hefur ásamt rafmagnsveitustjóra á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins til fimm ára í senn og nefnist hann rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Rafmagnsveitustjóri hefur á hendi daglega stjórn á rekstri fyrirtækisins og framkvæmdum þess. Hann gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun Rafmagnsveitna ríkisins og ber ábyrgð á fjárreiðum þeirra.

Nánari ákvæði um starfssvið rafmagnsveitustjóra skulu sett í reglugerð.

Ráðherra ræður, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, forstöðumenn aðaldeilda Rafmagnsveitna ríkisins og svæðisrafveitustjóra.

Rafmagnsveitustjóri ræður annað starfslið fyrirtækisins í samráði við forstöðumenn viðkomandi deilda.

Um starfskjör fastráðinna starfsmanna fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

5. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins afla fjár til nauðsynlegra framkvæmda:

1. Með ráðstöfun fjár úr rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.
2. Með lántökum.
3. Með sérstöku stofntillagi eiganda til rafvæðingar í sveitum, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

4. Með sérstöku stofntillagi eiganda til framkvæmda í raforkumálum sem ráðist er í vegna byggðasjónarmiða og ekki geta borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga.
5. Með öðrum sérstökum fjárframlögum.

Rafmagnsveitustjóri skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um nýjar framkvæmdir, þar með taldar framkvæmdir samkvæmt 3. og 4. tl. 1. mgr., lántökur og önnur fjárframlög. Rafmagnsveitustjóri skal auk þess gera framkvæmda- og fjárhagsáætlun til næstu fjögurra ára eða lengri tíma samkvæmt ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Tekjum Rafmagnsveitna ríkisins af starfseminni skal varið til að standa undir rekstrarkostnaði þeirra og nauðsynlegri eignaaukningu. Ennfremur er heimilt að leggja allt að 10% af heildartekjum fyrirtækisins í varasjóð. Tekjuafgangur sá, sem eftir verður þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í ríkissjóð.

Rafmagnsveitustjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning Rafmagnsveitna ríkisins.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar á meðal um:

1. Starfssvið og starfshætti stjórnar.
2. Stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningar svo og um meðferð varasjóðs.
3. Starfsmannahald og verkaskiptingu aðaldeilda.
4. Skilyrði sem Rafmagnsveitur ríkisins mega setja rafveitum sem kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri svo og til að tryggja Rafmagnsveitum ríkisins greiðslu fyrir þá orku er þær selja og til að stuðla að góðri nýtingu orkunnar.
5. Skiptingu orkuveitusvæðis í rekstrarsvæði.

8. gr.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins er svæði utan orkuveitusvæða annarra rafveitna eftir því sem mannvirki þeirra til vinnslu, flutnings og dreifingar raforku ná til.

9. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins ásamt dráttarvöxtum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda. Stöðva má afhendingu rafmagns ef ekki er staðið í skilum með greiðslur á réttum eindaga og gjaldanda hefur sannanlega verið sýnd greiðsluáskorun.

10. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins eru undanþegnar tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignarafsals til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skulu Rafmagnsveitur ríkisins greiða fasteignagjöld af íbúðar-, skrifstofu- og geymsluhúsnæði í eigu fyrirtækisins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi IX. kafli orkulaga nr. 58/1967 og 12. og 14. gr. laga nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem samið hefur verið á vegum iðnaðarráðuneytisins er flutt samhliða frumvarpi til nýrra orkulaga. Sú breyting er gerð á núverandi skipan að flutt eru sérstök lagafrumvörp um einstök fyrirtæki á sviði orkumála. Með því móti er á skipulegri hátt en nú er greint milli lagaákvæða um yfirstjórn og almenna skipan orkumála og lagaákvæða um einstök fyrirtæki, sjóði og stofnanir. Eitt þeirra lagafrumvarpa er frumvarp það til laga um Rafmagnsveitur ríkisins sem hér er lagt fram.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði það skipulag á stjórn fyrirtækisins sem komið hefur verið á undanfarin ár, sérstaklega skipting orkuveitusvæðis í rekstrarsvæði.

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitna ríkisins er í Reykjavík og hefur hún á hendi yfirstjórn fyrirtækisins undir stjórn rafmagnsveitustjóra. Starfseminni er nú skipt í aðaldeildir, þ. e. áætlanadeild, fjármáladeild, rekstrardeild, starfsmannadeild, tæknideild og tölvudeild, auk Kröfluvirkjunar (sbr. meðfylgjandi skipurit).

Aðalskrifstofa Rafmagnsveitna ríkisins annast sameiginlega þætti starfseminnar sem hagkvæmt er að hafa á einum stað, svo sem sameiginlegar fjárreiður, bókhald, innheimtu, tölvuvinnslu, innkaup, gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana, undirbúning og framkvæmd ákveðinna verka.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins er nú skipt í sex rekstrarsvæði sem hverju um sig er stjórnað af svæðisrafveitustjóra.

Rekstrarsvæði Rafmagnsveitna ríkisins eru:

1. Svæði sem afmarkast af Vesturlandskjördæmi, með svæðisskrifstofu í Stykkishólmi.
2. Svæði sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi vestra, með svæðisskrifstofu á Blönduósi.
3. Svæði sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi eystra, með svæðisskrifstofu á Akureyri.
4. Svæði sem afmarkast af Austurlandskjördæmi, með svæðisskrifstofu á Egilsstöðum.
5. Svæði sem afmarkast af Suðurlandskjördæmi, með svæðisskrifstofu á Hvolsvelli.
6. Svæði sem afmarkast af Reykjaneskjördæmi, en því svæði er stjórnað frá Reykjavík.

Starfssvið svæðisskrifstofanna er umsjón með starfsemi Rafmagnsveitnanna á viðkomandi rekstrarsvæði undir yfirstjórn aðalskrifstofu í Reykjavík.

Með samningi þeim sem gerður var þann 11. ágúst 1982 milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar er ráð fyrir því gert að Landsvirkjun taki að sér að reisa og reka nýjar vatnsaflsvirkjanir á Norður- og Austurlandi frá og með 1. október 1982. Einnig tók Landsvirkjun þann 1. janúar 1983 við uppbyggingu og rekstri á 132 kV meginstofnlínukerfi landsins, hinum svonefndu byggðalínum. Með gerð þessa samnings er hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins breytt á þann veg að framvegis munu þær fyrst og fremst annast flutning og dreifingu á raforku innan hinna einstöku landshluta, nema þar sem önnur raforkufyrirtæki gegna því hlutverki. Eftir sem áður munu Rafmagnsveitur ríkisins þó sjá um rekstur eigin orkuvera.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga verulegan hluta í flestum aðveitustöðvum byggðalína og sjá um rekstur á þeim hluta, auk þess hafa Rafmagnsveiturnar samkvæmt sérstökum samningi tekið að sér þjónustu fyrir Landsvirkjun á eignarhluta hennar í viðkomandi aðveitustöðvum ásamt byggðalínum. Ennfremur eiga Rafmagnsveiturnar 50% af fjargæslukerfi og raflínusíma byggðalína og sjá um rekstur á hluta Landsvirkjunar í þessu stjórnkerfi.

Helstu nýmæli samkvæmt frumvarpinu eru að lögfest verður til frambúðar sú skipan stjórnar Rafmagnsveitnanna sem nú er ákveðin með lögum um verðjöfnunargjald og framlengd hefur verið árlega. Telja verður það óviðunandi festuleysi um skipan mála er varða yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins að ákvæði um stjórn fyrirtækisins séu til eins árs í senn.

Hlutverk Rafmagnsveitnanna er í frumvarpinu skilgreint með hliðsjón af breyttu starfssviði fyrirtækisins sem leiðir af ofangreindum samningi og þeirri stefnumörkun að Landsvirkjun skuli vera aðalorkuöflunarfyrirtæki landsmanna.

Það nýmæli er og í frumvarpinu að lagt er til að rafmagnsveitustjóri verði skipaður til 5 ára í senn. Er það í samræmi við mótaða stefnu og viðhorf um endurnýjun í æðstu stöður framkvæmdavaldsins.

Þá er það nýmæli í frumvarpinu að skilgreint er orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga nú vatnsaflsvirkjanir víða um land. Uppsett afl þeirra er um 14 MW og raforkuframleiðslan að jafnaði samtals um 95 GWh á ári. Frá 1. janúar 1979 hafa Rafmagnsveitur ríkisins annast yfirumsjón með uppbyggingu og rekstri Kröfluvirkjunar, en á árinu 1982 nam orkuvinnsla hennar um 113 GWh. Að öðru leyti kaupa Rafmagnsveiturnar raforku frá öðrum, aðallega Landsvirkjun, og flytja hana eftir stofnlínukerfum með 33 til 132 kílóvolta spennu. Stofnlínur þessar eru samtals rúmlega 1300 km að lengd og eru þær í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum.

Á árinu 1982 nam orkuvinnsla í orkuverum Rafmagnsveitna ríkisins 222 GWh en frá öðrum voru keyptar 635 GWh. Orkuvinnsla í eigin orkuverum, þar með talin Kröfluvirkjun, nam því um 26% af heildarorkuöfluninni 1982.

Þá eiga og reka Rafmagnsveitur ríkisins um 60 aðveitustöðvar víðsvegar um land. Um 90% af dreifikerfum í sveitum landsins, með 11 og 19 kílóvolta spennu, eru í umsjá Rafmagnsveitna ríkisins og heildarlengd þeirra lína um 6150 km.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka dreifistöðvar á um 50 þéttbýlisstöðum á landinu en selja raforku í heildsölu til rúmlega 210 aðila, einkum rafveitna í eigu þéttbýlissveitarfélaga.

Á árinu 1982 seldu Rafmagnsveitur ríkisins 221 GWh af raforku í smásölu í sveitum landsins, 216 GWh í smásölu í þéttbýlisstöðum og 311 GWh í heildsölu, sem er um 42% af heildarraforkusölunni.

Þá eiga Rafmagnsveitur ríkisins rúmlega 30 olíurafstöðvar með samtals um 35 MW af uppsettu afli. Að síðustu má geta tveggja kyndistöðva sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka á Höfn í Hornafirði og á Seyðisfirði í tengslum við hitaveitur.

Í árslok 1982 voru íbúar á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins um 46 þúsund en sölumælar voru þá rétt tæplega 20 þúsund að tölu.

Rafvæðingu í sveitum og styrkingu dreifikerfa í sveitum hefur frá upphafi orðið að fjármagna með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði, þar eð rekstrarútgjöld vegna dreifikerfanna eru yfirleitt hærri en tekjurnar.

Hluti af þessum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins er þess eðlis að tekjur af þeim nægja ekki til að standa undir kostnaði og er því nauðsynlegt að fjármagna þær að hluta til með óafturkræfum framlögum eiganda sem er ríkissjóður. Þannig þurfa Rafmagnsveitur ríkisins oft að ráðast í framkvæmdir við stofnlínur og aðveitustöðvar o. fl., sem eru taldar nauðsynlegar vegna byggðasjónarmiða en eru ekki arðbærar vegna þess litla raforkumarkaðar, sem um er að ræða víða um land. Í frumvarpinu er því lagt til að tekin verði upp skýrari ákvæði um þennan þátt í starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Um 2. gr. lið 1: Töluliðurinn er efnislega óbreyttur frá núgildandi ákvæðum um sama efni.

Í tengslum við grein þessa er rétt að geta þess að meirihluti þeirrar raforku sem Rafmagnsveitur ríkisins dreifa er keyptur frá öðrum aðilum og þá aðallega frá Landsvirkjun. Á árinu 1982 keyptu Rafmagnsveitur ríkisins þannig 635 GWh af öðrum aðilum en orkuvinnsla í eigin orkuverum, þar með talin Kröfluvirkjun, var 222 GWh.

Um 2. gr. lið 2: Rafmagnsveitur ríkisins réðust í það á árunum 1980 og 1981 að byggja upp kyndistöðvar á Höfn í Hornafirði og Seyðisfirði til að hita vatn með rafmagni eða olíu og selja hitaveitum á viðkomandi stöðum. Lagt er til að fyrirtækið ráðist á næstu árum í uppbyggingu á fleiri kyndistöðvum ef athuganir leiða í ljós að slíkt sé arðbært.

Um 2. gr. lið 3: Sú staða getur komið upp að ráðherra orkumála telji eðlilegt að fela Rafmagnsveitum ríkisins ýmis verkefni sem að öðru jöfnu eru ekki í verkahring þeirra. Sem dæmi um þetta má nefna að frá og með 1. janúar 1979 var Rafmagnsveitum ríkisins falið að annast yfirumsjón með rekstri Kröfluvirkjunar svo og framhald á byggingu virkjunarinnar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að í stjórn fyrirtækisins verði 5 menn, skipaðir af ráðherra orkumála. Er þessi skipun hin sama og verið hefur um árabil. Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni mann í stjórnina í stað Sambands íslenskra rafveitna. Þykir eðlilegra að Samband sveitarfélaga tilnefni mann þar sem fyrirtækið þjónar fjölmörgum sveitarfélögum sem ekki eiga aðild að Sambandi íslenskra rafveitna.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra skipi rafmagnsveitustjóra ríkisins til að vera forstjóra Rafmagnsveitnanna til fimm ára í senn. Þetta er í samræmi við stefnumótun um endurnýjun í æðstu stöður framkvæmdavaldsins.

Í greininni er verksvið rafmagnsveitustjóra skilgreint en lagt til að um verksvið hans svo og önnur atriði er varða stjórn fyrirtækisins verði nánari ákvæði í reglugerð.

Vegna mikilvægis starfa forstöðumanna aðaldeilda og svæðisrafveitustjóra er lagt til að ráðherra ráði þá starfsmenn að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra. Lagt er til að rafmagnsveitustjóri ráði aðra starfsmenn fyrirtækisins.

Um ráðningu starfsmanna gilda að öðru leyti almenn lög og starfsreglur um ráðningu ríkisstarfsmanna.

Um 5. gr.

Um 5. gr. lið 1: Eins og fram kemur í almennri greinargerð hér að framan er það fé, sem eftir stendur af tekjum Rafmagnsveitna ríkisins þegar rekstrarútgjöld hafa verið greidd, notað til að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum fyrirtækisins.

Um 5. gr. lið 2: Stofnkostnaður við raforkuframkvæmdir er almennt mikill og endingartími langur og er því nauðsynlegt fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að taka lán vegna framkvæmda hverju sinni þar sem eigin fjármögnun hrekkur ekki til.

Um 5. gr. lið 3: Rafvæðingu í sveitum landsins svo og styrkingu dreifikerfa í sveitum er óhjákvæmilegt að fjármagna með sérstöku stofntillagi eiganda sem er ríkissjóður.

Um 5. gr. lið 4: Hluti af almennum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins getur ekki borið sig fjárhagslega, svo sem ýmsar framkvæmdir við stofnlínur og aðveitustöðvar o. fl. sem Rafmagnsveitur ríkisins þurfa að ráðast í og sem nauðsynlegar eru taldar m. a. vegna byggðasjónarmiða. Hér er því lagt til að Rafmagnsveitum ríkisins verði veitt fé sem sérstakt stofnfjárframlag vegna slíkra framkvæmda.

Um 5. gr. lið 5: Nauðsynlegt getur reynst að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins með öðrum sérstökum fjárframlögum eins og gert er t. d. með svonefndu verðjöfnunargjaldi á raforku. Sama gildir einnig um fjárframlög vegna niðurgreiðslu á raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförnum árum gert framkvæmdaáætlun til tveggja ára í senn, en einnig hafa verið gerðar framkvæmdaáætlanir til fimm ára. Hér er lagt til að lögfest verði að rafmagnsveitustjóri geri fjárhagsáætlanir til 4 ára eða lengri tíma ef ráðherra telur það rétt.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í grein þessari er lagt til að lögfest verði að orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins verði svæði utan orkuveitusvæða annarra rafveitna eftir því sem mannvirki fyrirtækisins til vinnslu, flutnings og dreifingar á raforku ná til. Um orkuveitusvæði annarra rafveitna fer samkvæmt 11. gr. orkulaga.

Orkuveitusvæðinu er skipt í sex rekstrarsvæði og skv. 5. tl. 7. gr. er lagt til að nánar verði í reglugerð kveðið á um skiptingu orkuveitusvæðis í rekstrarsvæði.

Um 9. gr.

Lagt er til að tilhögun gjaldskrármála Rafmagsnveitna ríkisins verði óbreytt þannig að ráðherra setji þeim gjaldskrá að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra.

Þá er lagt til að lögfest verði úrræði Rafmagnsveitna ríkisins vegna vanskila og eru þau samhljóða ákvæðum þeim sem lagt er til að gildi um orkusölufyrirtæki almennt.

Um 10. gr.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um skattfrelsi fyrirtækisins en verið hefur. Þá er tekið upp það nýmæli að gera Rafmagnsveitunum skylt að greiða opinber gjöld vegna íbúðar-, skrifstofu- og geymsluhúsnæðis fyrirtækisins, en fyrirtækið hefur verið undanþegið slíkum gjöldum. Þessi breyting þýðir áætlaðan útgjaldaauka fyrir Rafmagnsveiturnar um kr. 150 000,- á árinu 1983. Þrátt fyrir það þykir ekki rétt að undanþiggja fyrirtækið fasteignagjöldum af slíku húsnæði heldur verði aðeins orkumannvirki í eigu Rafmagnsveitna ríkisins undanþegin slíkum gjöldum.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.


RARIK
Rafmagnsveitur ríkisins.
SKIPULAG
RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS
frá 1. júlí 1982
T. 7.05.'82
U.
Rafmagnsveitustjóri
Áætlanadeild
Tölvudeild
Starfsmannahald
Innri endurskoðun
Rekstrardeild forstöðumaður
Kraftuvirkjun
Söludeild
Mælastöð
Skýrslugerð Áætlanir
Rafmagnseftirlit
Birgðavarsla
Byggðalínur
Rafveitustjóri III Vesturland
Rafveitustjóri III Norðurland vestra
Rafveitustjóri III Norðurland eystra
Rafveitustjóri III Austurland
Rafveitustjóri III Suðurland
Tæknideild forstöðumaður
Línudeild
Véladeild
Rafmagnsdeild
Byggingadeild
Teiknistofa
Fjármáladeild forstöðumaður
Gagnavinnsla
Innheimta
Fjárvarsla
Bókhald
Áætlanir Eftirlit
Innkaup

Ed. 614. Frumvarp til laga [253. mál]

um Orkustofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

1. gr.

Orkustofnun er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstöku reikningshaldi undir yfirstjórn þess ráðherra sem fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er að:

1. Vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál, m. a. við gerð orkumálaáætlunar.
2. Annast yfirlitsrannsóknir á hverskonar orkulindum á íslensku yfirráðasvæði, eðli þeirra, skilyrðum og leiðum til hagkvæmrar nýtingar og halda í því sambandi skrá um orkulindirnar.
3. Annast virkjunarrannsóknir einstakra virkjunarkosta vatnsafls, jarðhita og annarra orkulinda á forathugunar- og forhönnunarstigi uns virkjunaraðili tekur við undirbúningi.
4. Annast rannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar, orkuþörf hennar og hagkvæmustu leiðum til að fullnægja henni með innlendum orkulindum, innfluttum orkugjöfum og orkusparnaði.
5. Rannsaka og fylgjast með þróun orkumála innanlands og utan, gefa út rit með skýrslum, upplýsingum og almannafræðslu um orkumál og annast skipti á upplýsingum um orkumál við erlenda aðila á því sviði.
6. Vinna að samræmingu í orkurannsóknum á Íslandi og stuðla að samvinnu allra sem starfa að rannsóknum og áætlanagerð á sviði orkumála, og málum er þeim tengjast, svo sem umhverfisvernd.
7. Hafa umsjón með orkulindum í eigu ríkisins.
8. Stuðla að rannsóknum á sviði orkunýtingar og eftir atvikum taka þátt í þeim.
9. Annast gegn greiðslu sérhæfðar rannsóknir á sviði orkumála fyrir íslensk orkufyrirtæki eða aðra aðila eftir því sem tilefni gefst og önnur verkefni leyfa.
10. Annast önnur verk sem ráðherra felur stofnuninni eða samþykkir að hún taki að sér.

3. gr.

Stjórn Orkustofnunar skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Ráðherra orkumála skipar stjórn stofnunarinnar og skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Orkustofnunar til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Nefnist hann orkumálastjóri. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í greinum er máli skipta fyrir störf hans. Ráðherra ræður, að fengnum tillögum orkumálastjóra, forstöðumenn aðaldeilda. Orkumálastjóri ræður aðra fasta starfsmenn Orkustofnunar.

Um starfskjör fastráðinna starfsmanna fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

5. gr.

Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar. Þar skal m. a. kveða á um:

1. Verkaskiptingu stjórnar stofnunarinnar og forstjóra.
2. Skiptingu hennar í aðaldeildir.
3. Skyldur fyrirtækja, einstaklinga og stofnana til að láta Orkustofnun í té gögn varðandi orkumál sem hún þarf á að halda til að geta gegnt hlutverki sínu.

6. gr.

Ef ráðist er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlunum á vegum Orkustofnunar, skal slíkur rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði og endurgreiðast ríkissjóði. Endurgreiðslu skal lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hagnýting hefst.

7. gr.

Orkustofnun er undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi I. og X. kafli orkulaga nr. 58/1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til nýrra orkulaga. Sú breyting er gerð frá gildandi orkulögum að flutt eru sérstök lagafrumvörp um Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkusjóð og Jarðboranir ríkisins, í stað þess að fella þau öll í eitt frumvarp. Með því móti er á skipulegri hátt en nú er greint á milli lagaákvæða um yfirstjórn og almenna skipan orkumála annarsvegar og einstök fyrirtæki og stofnanir hinsvegar.

Með frumvarpinu er verksvið Orkustofnunar skýrar en nú er afmarkað við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ýmis starfsemi sem nú heyrir undir Orkustofnun í einu eða öðru formi, en varðar ekki meginhlutverk hennar, verði fengin öðrum aðilum í hendur. Hinsvegar er Orkustofnun fengið nýtt og mikilvægt hlutverk sem er að vera ráðherra til ráðuneytis við gerð orkumálaáætlunar.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru þessar:

a) Breytt er áherslum í skilgreiningu á hlutverki stofnunarinnar og það afmarkað við orkumál.
b) Skilgreind er verkaskipting í virkjunarrannsóknum milli Orkustofnunar og virkjunaraðila.
c) Yfir Orkustofnun verði sett stjórn þriggja manna skipuð af ráðherra orkumála.
d) Ekki er gert ráð fyrir að Orkustofnun annist rekstur Jarðborana ríkisins eins og verið hefur.
e) Orkustofnun er leyst undan því hlutverki að annast hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neysluvatnsleitar.
f) Tækninefnd Orkustofnunar er lögð niður.
g) Orkumálasstjóri er skipaður til fimm ára í senn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er Orkustofnun ætlað að vera sjálfstæð ríkisstofnun er sé ráðherra til ráðuneytis um orkumál og annist orkurannsóknir. Þetta er í megindráttum samhljóða núverandi orkulögum.

Um 2. gr.

Helstu breytingar varðandi hlutverk stofnunarinnar eru þessar:

1) Í samræmi við ákvæði í frumvarpi til orkulaga um orkumálaáætlun er Orkustofnun ætlað að vera ráðherra til ráðuneytis við gerð hennar. Er þess vænst að hafa megi mikil not af rannsóknum stofnunarinnar við gerð þeirrar áætlunar, ekki síst á sviði orkubúskapar. Þess er og vænst að mikið af undirbúningsvinnu að orkumálaáætlun verði unnið á stofnuninni og að Orkustofnun geti við þennan undirbúning verið tengiliður ráðherra og hinna fjölmörgu sem starfa að orkumálum hér á landi.
2) Lögð er meiri áhersla en í gildandi lögum á hverskonar rannsóknir á sviði orkubúskapar, á rannsóknir á öðrum orkulindum en vatnsorku og jarðhita, á almannafræðslu um orkumál og skipti við erlenda aðila á því sviði og samræmingu og samvinnu í orkurannsóknum og orkuáætlunum hér á landi.
3) Kveðið er skýrar á en í gildandi lögum um verkaskiptingu milli Orkustofnunar og virkjunaraðila í virkjanarannsóknum og stefnt að því að lögfesta þá verkaskiptingu á þessu sviði sem þróast hefur í reynd. Orkustofnun er fyrst og fremst ætlað að starfa með langtímasjónarmið í huga, annast svonefndar forathuganir á sviði vatnsorku, jarðhita og annarra orkulinda og velja álitlegustu virkjunarkosti til frekari rannsókna. Með forathugun og forhönnun er hér átt við þá áfangaskiptingu virkjunarrannsókna sem skilgreind hefur verið á undanförnum árum á sviði vatnsaflsvirkjana og jarðhitarannsókna (Sjá m. a. ítarlega skilgreiningu í skýrslu Orkustofnunar OS82075/VOD12, Undirbúningur vatnsaflsvirkjana, markmið og framkvæmd eftir Jón Ingimarsson, Birgi Jónsson, Davíð Egilsson og Freystein Sigurðsson, grein í Fréttabréfi Verkfræðinga 4. árg. 11. tbl. 14. sept. 1979 um áfangaskiptingu áætlana um virkjun háhita eftir Sveinbjörn Björnsson og erindi á Orkuþingi 1981 um skipulag jarðhitarannsókna eftir Valgarð Stefánsson). Gert er ráð fyrir að Orkustofnun annist rannsóknir á forathugunarstigi og hún eigi að jafnaði einnig frumkvæði að forhönnunarrannsóknum og forhönnun virkjunarhugmynda, nema virkjunaraðili sé þegar skilgreindur og kjósi að taka frumkvæði fyrr í sínar hendur. Í því tilviki mundi Orkustofnun vinna að rannsóknum eftir beiðni virkjunaraðilans gegn greiðslu, sbr. 9. lið 2. gr. Forhönnun virkjunarhugmyndar ásamt rannsóknarskýrslum og öðrum gögnum yrði sá grundvöllur sem virkjunaraðilar geta byggt á val einstakra kosta til ítarlegri rannsóknar og hönnunar sem þeir sjálfir bera kostnað af.
4) Orkustofnun er lögð sú skylda á herðar að annast framhaldsrannsókn virkjanakosta fyrir íslensk orkufyrirtæki gegn greiðslu eftir því sem tilefni gefst og önnur verkefni leyfa. Niðurstöður þessara rannsókna yrðu m. a. nýttar við verkhönnun, gerð útboðsgagna, byggingu virkjunar og til ráðgjafar um rekstur hennar. Þetta er í samræmi við það sem tíðkast hefur, þótt stofnunin hafi ekki haft lagaskyldu til þess nema að takmörkuðu leyti. Þykir eðlilegt að kveða skýrar á um skyldur hennar í þessu efni.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að Orkustofnun lúti stjórn þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Með tilliti til umfangs og starfs stofnunarinnar þykir rétt að sérstök stjórn verði sett yfir Orkustofnun.

Um 4. gr.

Nýmæli er að ráðherra skipar forstjóra Orkustofnunar, orkumálastjóra, til fimm ára í senn. Er þetta í samræmi við markaða stefnu um endurnýjun í æðstu stöður framkvæmdavaldsins.

Um 5. gr.

Enda þótt gildandi orkulög geri ráð fyrir reglugerð um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar, hefur hún ekki verið sett. Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurbótum á innra skipulagi og stjórnsýslu á Orkustofnun til að auðvelda henni að gegna hlutverki sínu. Meðfylgjandi skipurit sýnir stjórnskipulag og þá skiptingu starfseminnar í deildir sem stuðst er við nú. Lagt er til að með reglugerð megi festa í sessi þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði er í gildandi orkulögum (73. gr.) en þar er gert ráð fyrir að endurgreiðsla renni í Orkusjóð. Fjárveitingar til rannsókna Orkustofnunar koma að mestu beint úr ríkissjóði á fjárlögum og því er eðlilegt að endurgreiðslur renni beint þangað.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi ákvæðum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Stjórnskipulag Orkustofnunar. Skipurit.



Ed. 615. Frumvarp til laga [254. mál]

um Orkusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

1. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins sem ber ábyrgð á skuldbindingum hans. Stjórn sjóðsins lýtur yfirstjórn þess ráðherra er fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla, með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir og rannsóknir á sviði orkumála, að hagkvæmum orkubúskap og hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins.

3. gr.

Stjórn Orkusjóðs skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Ráðherra orkumála skipar stjórn sjóðsins og skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna. Stjórn sjóðsins skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Orkumálastjóri skal vera framkvæmdastjóri Orkusjóðs.

Stjórn Orkusjóðs semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Stjórn Orkusjóðs gerir tillögur um lán og styrkveitingar úr sjóðnum og leitar staðfestingar ráðherra.

Þegar tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði vegna jarðhitaleitarlána skal stjórn Orkusjóðs leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs, vexti og önnur útlánskjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru samkvæmt b-lið 5. gr. skulu vera verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en 10 ár.

4. gr.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs er:

a. Vextir og afborganir af lánum sem sjóðurinn veitir.
b. Fé það sem veitt er á fjárlögum hverju sinni.
c. Lán sem sjóðurinn tekur til starfsemi sinnar, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, lánsfjárlögum eða sérstökum lögum.
d. Endurgreiðslur styrkja úr Orkusjóði skv. 8. gr.

5. gr.

Heimilt er að veita lán úr Orkusjóði sem hér segir:

a. Til framkvæmda við hitaveitur og rafveitur.
b. Til opinberra aðila, félaga og einstaklinga til að leita og afla jarðvarma með jarðfræðilegum yfirborðsrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana.
c. Til einkarafstöðva utan samveitusvæða og hagnýtingar jarðhita utan hitaveitusvæða.
d. Til orkusparandi aðgerða.

6. gr.

Heimilt er að veita af fjárveitingum sem sjóðurinn hlýtur í því skyni styrk til framkvæmda á sviði orkumála sem nauðsyn þykir til bera að ráðast í af félagslegum ástæðum, en áætlanir sýna að ekki geta borið sig fjárhagslega án sérstakra óafturkræfra framlaga. Styrkinn skal veita sem stofnframlag og má það nema allt að þeirri fjárhæð sem stofnkostnaður fer fram úr því sem framkvæmdin getur staðið undir.

7. gr.

Úr Orkusjóði má veita styrk til rannsóknaverkefna í tengslum við framkvæmdir þær sem taldar eru í 5. og 6. gr.

8. gr.

Ef ráðist er í framkvæmdir, sem taldar eru í 5. gr. og undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlunum sem styrktar hafa verið með fé úr Orkusjóði skv. 7. gr., skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hagnýting hefst.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu stjórnar Orkusjóðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka vegna jarðhitaleitarlána skv. b-lið 5. gr. ef tiltekin borun reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en búist hafði verið við, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir.

9. gr.

Orkusjóður skal vera í vörslu Seðlabanka Íslands sem hefur á hendi afgreiðslu, innheimtu, bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð vegna sjóðsins.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

10. gr.

Ráðherra getur að beiðni Orkusjóðs falið Orkustofnun að hafa eftirlit með þeim framkvæmdum sem sjóðurinn veitir fé til. Er þá skylt að láta stofnuninni fyrirfram í té fullnægjandi upplýsingar um hið fyrirhugaða verk og gefa henni kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins er hún telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið.

11. gr.

Orkusjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, þar með talin stimpilgjöld af eigin lántökum.

12. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi X. kafli orkulaga nr. 58/1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem samið hefur verið á vegum iðnaðarráðuneytisins er flutt samhliða frumvarpi til nýrra orkulaga. Sú breyting er gerð á núverandi skipan að flutt eru sérstök lagafrumvörp um fyrirtæki, sjóði og stofnanir á sviði orkumála en í orkulögum eru hinsvegar almenn ákvæði um yfirstjórn og almenna skipan orkumála.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að Orkusjóður, sem er eign ríkisins, lúti yfirstjórn þess ráðherra sem fer með orkumál. Hlutverk sjóðsins samkvæmt frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmum orkubúskap og hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með fjárhagslegum stuðningi við orkuframkvæmdir og rannsóknir. Lagt er til að Orkusjóður geti stutt félagslegar framkvæmdir á sviði orkumála. Lagt er til að Orkusjóður lúti stjórn þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Orkumálastjóri annast daglega framkvæmdastjórn en Seðlabanki Íslands vörslu sjóðsins, afgreiðslu, innheimtu, bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð. Þetta er sama skipan og tíðkast hefur. Gert er ráð fyrir að rannsóknar- og undirbúningskostnaður sem Orkusjóður hefur borið verði endurgreiddur sjóðnum ef ráðist er í framkvæmdir orkumannvirkja sem hann hefur þannig kostað undirbúning á. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið Orkustofnun eftirlit með framkvæmdum og rannsóknum sem sjóðurinn veitir fé til.

Samkvæmt gildandi lögum takmarkast hlutverk sjóðsins við að (1) styrkja rafveitur í strjálbýli, (2) veita lán til einkarafstöðva utan samveitusvæða, (3) veita lán til hitaveituframkvæmda og (4) veita lán til jarðhitaleitar. Samkvæmt frumvarpinu eru styrkir úr sjóðnum ekki lengur takmarkaðir við strjálbýli og ekki við rafveitur einar, heldur ná þeir einnig til hitaveitna. Það er líka nýmæli að sjóðurinn geti styrkt orkurannsóknir. Þá er það einnig nýmæli að Orkusjóður geti lánað til orkusparandi aðgerða.

Helstu nýmæli frumvarpsins að öðru leyti eru að lagt er til að sjóðurinn lúti þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar, í stað þingkjörins Orkuráðs. Með þessari breytingu er stefnt að skýrari og eðlilegri verkaskiptingu löggjafar- og framkvæmdavalds að því er tekur til viðfangsefna Orkusjóðs. Auk þess þykir eðlilegt að Orkustofnun og Orkusjóður séu sjálfstæðir aðilar sem lúti hvor sinni stjórn.

Að frumvarpi þessu eru felldar þær breytingar á ákvæðum orkulaga um Orkusjóð sem fram komu í frumvarpi til laga um breytingu á orkulögum sem lagt var fyrir Alþingi í desember 1982. Þær breytingar varða lán til jarðhitaleitar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði skýrt á um að ráðherra sá sem fer með orkumál hafi með höndum yfirstjórn Orkusjóðs.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að hlutverk Orkusjóðs verði óbreytt að öðru leyti en því að heimilt verði að veita fjárhagslegan stuðning við rannsóknir á sviði orkumála auk framkvæmda eins og nú er.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að sjóðurinn lúti stjórn þriggja manna sem ráðherra skipar í stað þingkjörins orkuráðs sem lagt verður niður.

Að öðru leyti er lagt til að óbreytt tilhögun gildi um yfirstjórn Orkusjóðs.

Lagt er til að áður en stjórn Orkusjóðs gerir tillögur um lánveitingu til jarðhitaleitar skuli leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri svo og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarmans. Gert er ráð fyrir að fyrst og fremst verði leitað til Orkustofnunar, en fleiri aðilar búa yfir þekkingu á þessu sviði og eru færir um að veita nauðsynlega ráðgjöf.

Þá er lagt til að tekin verði upp ákvæði um að lán til jarðhitaleitar skuli vera verðtryggð en það mun jafna mjög greiðslubyrði lánanna á lengri tíma. Nú bera lánin hæstu lögleyfðu fasteignalánsvexti og greiðslubyrði vaxta fyrstu árin hefur því verið mjög þung. Gert er ráð fyrir að lánstími geti verið allt að 10 árum en hann hefur samkvæmt núgildandi lögum verið 5

ár. Með hliðsjón af endingartíma borhola er óvarlegt að gera ráð fyrir lengri lánstíma en 10 árum.

Um 4. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt ákvæðinu er sambærilegt því sem nú er. Felldur er niður, sem sérstakur tekjustofn, rekstrarhagnaður Rafmagnsveitna ríkisins og Jarðborana ríkisins.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að breytt verði heimild um að veita lán úr Orkusjóði þannig að aukin áhersla er lögð á lán til jarðhitaleitar og hitaveitna. Þá er það nýmæli að lagt er til að tekin verði upp heimild til að lána fé úr Orkusjóði til rannsókna til undirbúnings borana og rannsókna á vinnslueiginleikum auk borunarinnar sjálfrar. Er þess að vænta að fjárskortur muni þá síður hindra að ráðist verði í rannsóknir sem nauðsynlegar eru áður en til borunar eða virkjunar jarðvarma kemur. Jafnframt er það nýmæli að heimilt verður að veita lán til hagnýtingar jarðhita utan hitaveitusvæða.

Að lokum er lagt til að tekinn verði upp nýr lánaflokkur til orkusparandi aðgerða.

Um 6. gr.

Lagt er til að tekinn verði upp almennt ákvæði um styrkveitingar úr Orkusjóði til framkvæmda á sviði orkumála sem nauðsynlegt þykir að ráðist sé í af félagslegum ástæðum, en áætlanir sýna að ekki geta borið sig fjárhagslega án sérstakra óafturkræfra framlaga.

Hér er um almennt heimildarákvæði að ræða. Ekki þykir rétt að afmarka heimildarákvæði þetta frekar, enda eru þær félagslegu ástæður sem upp kunna að koma breytilegar.

Innan ákvæðis þessa rúmast gildandi heimildir til sveitarafvæðingar og styrkingar dreifikerfa í sveitum.

Um 7. gr.

Í samræmi við breytt hlutverk sjóðsins um að fjárhagslegur stuðningur Orkusjóðs skuli ná til rannsókna á sviði orkumála, auk framkvæmda eins og verið hefur, er lagt til að tekin verði upp almenn heimild til styrkveitinga úr Orkusjóði til rannsóknaverkefna í tengslum við framkvæmdir sem lán er veitt til úr sjóðnum eða styrktar eru af fé sjóðsins.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lagaákvæðum um Orkusjóð að öðru leyti en því að lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka vegna jarðhitaleitarlána, ef lítill eða enginn árangur næst við leitina og sérstakar ástæður mæla með því að mati stjórnar Orkusjóðs.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Greinin felur ekki í sér efnisbreytingar frá gildandi lagaákvæðum um sama efni.

Um 11. gr.

Greinin felur ekki í sér efnisbreytingar frá gildandi lagaákvæðum um sama efni.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 616. Frumvarp til orkulaga. [255. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Orkulind:	Hverskonar náttúrugæði sem menn geta notað til að afla sér orku úr.
Orkugjafi:	Efni sem geymir orku og notandi getur nýtt á notkunarstað, eða geislun af náttúrulegum uppruna sem hann getur notað orku úr á notkunarstað.
Orkuvinnsla:	Breyting orku úr einu formi í annað eða færsla orku í óbreyttu formi úr náttúrulegri orkulind á stað á yfirborði jarðar, hvort tveggja í hagnýtingarskyni.
Orkuver:	Mannvirki til orkuvinnslu.
Raforkuver:	Mannvirki til raforkuvinnslu.
Vatnsaflsstöð:	Mannvirki til raforkuvinnslu úr vatnsorku.
Rafveita:	Mannvirki til að dreifa raforku til almennra nota eða fyrirtæki sem annast sölu raforkunnar til almennings.
Hitaveita:	Mannvirki til að dreifa varma til almennra nota eða fyrirtæki sem annast sölu varmans til almennings.
Flutningslína:	Lína sem ætlað er að flytja raforku milli staða fremur en að dreifa henni til notenda.
Stofnlínukerfi:	Kerfi flutningslína er flytur raforku frá orkuverum milli landshluta og til aðveitustöðva.
Orkumannvirki:	Sameiginlegt heiti mannvirkja til að vinna, flytja og dreifa orku.

Stórnotandi: Raforkunotandi, sem notar 100 GWh/ári hið minnsta og kaupir raforkuna beint af framleiðanda eftir sérstökum samningi.

Orkurannsóknir: Hverskonar rannsóknir á orkulindum, vinnslu, flutningi, dreifingu og notkun orku.

II. KAFLI
Eignarhald íslenskra orkulinda.

2. gr.

Orkulindir á yfirráðasvæði íslenska ríkisins, þar með talið hafsvæðið og hafsbotninn innan íslenskrar efnahagslögsögu, hvort sem er orka fallvatna, jarðhita, eldsneyti eða önnur náttúrugæði sem nýta má til orkuvinnslu, eru eign íslenska ríkisins með þeim takmörkunum sem leiðir af gildandi rétti.

Nýting orkulinda í eigu ríkisins skal ávallt vera í þágu þjóðarheildarinnar. Mál er varða meðferð eignarréttar ríkisins á orkulindum heyra undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

III. KAFLI
Yfirstjórn orkumála.

3. gr.

Ráðherra sá sem fer með orkumál hefur með höndum yfirstjórn allra orkumála. Um framkvæmd orkumála fer eftir lögum þessum og sérlögum.

IV. KAFLI
Stefnumótun í orkumálum

4. gr.

Meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar skulu sett fram í sérstakri áætlun, orkumálaáætlun, er tekur til 10 ára hið minnsta. Ráðherra leggur slíka áætlun fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögu á fjögurra ára fresti eða oftar ef tilefni þykir til.

Í orkumálaáætlun skal m. a. gerð grein fyrir orkuþörf þjóðarinnar á áætlunartímablinu, nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi orkugjafa, meginframkvæmdum í orkumálum, orkurannsóknum og verðlagningu á orku.

Í áætluninni skal í megindráttum gerð grein fyrir fjármagnsþörf á tímabilinu sem hún tekur til, bæði til fjárfestingar í orkumannvirkjum og til rekstrar þeirra, til innflutnings á orkugjöfum og til orkurannsókna.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um orkumál landsins og framkvæmd orkumálaáætlunar.

V. KAFLI
Vinnsla og flutningur orku.

Raforka

5. gr.

Til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 1 MW að ástimpluðu afli þarf leyfi ráðherra.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Áður en ráðherra veitir leyfi skv. 1. mgr. skal hann ganga úr skugga um að hin ráðgerða framkvæmd samrýmist orkumálaáætlun og gildandi samrekstrar- og orkusölusamningum. Ráðherra skal setja þau skilyrði önnur fyrir veitingu leyfis sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talin umhverfisvernd.

Þeim sem við gildistöku þessara laga eiga og reka raforkuver stærra en 1 MW skal heimilt að halda þeim rekstri áfram, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Um raforkuver til almenningsþarfa í eigu annarra en Landsvirkjunar skal gerður samrekstrarsamningur milli eiganda þess og Landsvirkjunar, þar sem kveðið er á um tilhögun á rekstri orkuversins.

Um vatnsaflsstöðvar og leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Það er hlutverk Landsvirkjunar að reisa og reka raforkuver og stofnlínukerfi í samræmi við orkumálaáætlun og selja rafveitum og einstökum stórnotendum raforkuna.

Landsvirkjun starfar eftir sérstökum lögum.

Jarðhiti

7. gr.

Til vinnslu og flutnings jarðhita þarf leyfi ráðherra ef hámarksafköst nema 10 MW varmaafls eða meira, reiknað frá + 40 gráðum celsíus.

Hitaveitur sem starfa skv. 13. gr. þurfa ekki sérstakt leyfi til vinnslu eða flutnings á jarðhita skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar á meðal skynsamlega heildarnýtingu jarðhitasvæða og umhverfisvernd.

Um vinnslu á jarðhita fer að öðru leyti eftir jarðhitalögum.

Eldsneyti

8. gr.

Til vinnslu á eldsneyti úr jörðu í þeim tilgangi að selja það almenningi þarf leyfi ráðherra. Til vinnslu á eldsneyti í öðrum tilgangi þarf leyfi ráðherra ef hámarksafköst vinnslunnar nema 50 smálestum eldsneytis á ári eða meiru.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið skynsamleg heildarnýting eldsneytis og umhverfisvernd.

Um vinnslu eldsneytis úr jörðu fer að öðru leyti eftir námalögum.

9. gr.

Til rannsóknar á og leitar að eldsneyti í hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu, eins og hún er mörkuð í 6. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þarf leyfi ráðherra. Slík leyfi skulu bundin við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár.

Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar sem ráðherra telur nauðsynlegar. Ráðherra sendir Orkustofnun umsóknir til umsagnar áður en hann veitir leyfi.

Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið óhindraður aðgangur íslenskra stjórnvalda að upplýsingum sem fram koma við leitina, verndun lífríkis í sjónum umhverfis landið og önnur umhverfisvernd.

Um veitingu leyfis til rannsóknar og leitar að eldsneyti í hafsbotni fer samkvæmt lögum þessum, lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, svo og sérlögum sem sett kunna að verða um þetta efni.

10. gr.

Íslenska ríkinu einu er heimil vinnsla hverskonar eldsneytis úr hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu.

Ráðherra getur í umboði ríkisins með samningi heimilað öðrum aðila að vinna eldsneyti úr hafsbotni, en afla skal staðfestingar Alþingis á slíkum samningi áður en vinnsla er hafin.

VI. KAFLI

Orkudreifing.

Rafveitur

11. gr.

Það er hlutverk sveitarfélaga og ríkis að reisa og reka rafveitur.

Til að starfrækja rafveitu til almenningsþarfa þarf leyfi sem ráðherra veitir. Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar um veituna sem ráðherra telur nauðsynlegar. Umsóknir skulu sendar Orkustofnun til umsagnar áður en leyfi er veitt.

Leyfi veitir leyfishafa einkarétt til dreifingar raforku og skal bundið við tiltekið svæði, sem nefnist orkuveitusvæði rafveitunnr. Verði breyting þar á skal ráðherra afturkalla eldra leyfi og gefa út nýtt er tekur til hins breytta svæðis. Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir veitingu leyfis sem hann telur nauðsynleg til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið jafnrétti notenda, skynsamleg og hagkvæm dreifing raforku, hagkvæm stærð rekstrareininga og umhverfisvernd.

Leyfishafa er skylt að selja raforku öllum sem þess óska innan orkuveitusvæðis rafveitunnar, með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim.

12. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins starfa samkvæmt sérstökum lögum. Orkuveitusvæði þeirra er svæði utan orkuveitusvæða starfandi rafveitna skv. 11. gr., eftir því sem mannvirki þeirra til vinnslu, flutnings og dreifingar raforku ná til.

Hitaveitur

13. gr.

Það er hlutverk sveitarfélaga, samtaka orkunotenda og ríkisins að reisa og reka hitaveitur.

Til að starfrækja hitaveitu þarf leyfi sem ráðherra veitir. Leyfisumsækjandi skal veita þær upplýsingar um veituna sem ráðherra telur nauðsynlegar. Umsóknir skulu sendar Orkustofnun til umsagnar áður en leyfi er veitt.

Leyfið veitir leyfishafa einkarétt til dreifingar varma og skal bundið við tiltekið svæði sem nefnist orkuveitusvæði hitaveitunnar. Verði breyting á því skal ráðherra afturkalla eldra leyfi og gefa út nýtt sem tekur til hins breytta svæðis. Ráðherra skal setja þau skilyrði fyrir veitingu leyfis sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar með talið jafnrétti notenda, skynsamleg og hagkvæm dreifing varma, hagkvæm stærð rekstrareiningar og umhverfisvernd.

Almenn ákvæði um orkudreifingu

14. gr.

Gjald fyrir raforku og varma frá rafveitu og hitaveitu sem hlotið hefur einkaleyfi samkvæmt lögum þessum skal ákveða í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

15. gr.

Ráðherra setur almenna reglugerð um rafveitur og hitaveitur, þar sem m. a. skal kveðið á um ábyrgð, réttindi og skyldur veitnanna og orkunotenda, frágang og viðhald mannvirkja og eftirlit með þeim, starfssvið hönnuða og iðnmeistara og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

Heimilt er að setja fyllri ákvæði um stjórn og rekstur rafveitna og hitaveitna í samþykktir sem stjórn þeirra ákveður og ráðherra staðfestir.

16. gr.

Öll gjöld rafveitna og hitaveitna má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva má afhendingu orku ef ekki er staðið í skilum á réttum eindaga og gjaldanda hefur sannanlega verið send greiðsluáskorun.

VII. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

17. gr.

Fyrirtæki og stofnanir sem starfa samkvæmt lögum þessum skulu veita orkunotendum eins góða þjónustu og með sanngirni má ætlast til. Einnig skulu orkufyrirtæki kosta kapps um að tryggja notendum sínum góða vöru og þjónustu og skulu leiðbeina orkunotendum um þá kosti í orkukaupum og orkunýtingu sem eru notendum hagstæðir.

18. gr.

Ráðherra getur heimilað eignarnám á landi, mannvirkjum og öðrum réttindum, vegna byggingar og starfrækslu mannvirkja til vinnslu, flutnings og dreifingar á orku skv. lögum þessum.

Um bætur fer skv. lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

19. gr.

Eigendum og umráðamönnum landareigna er skylt að þola óhindraðan aðgang að landareignum vegna rannsókna og framkvæmda samkvæmt lögum þessum, þ. á m. vegna mannvirkja til orkudreifingar um land. Þeim er einnig skylt að þola jarðefnatöku, svo og eignarkvaðir, óhagræði og truflanir á umferðarrétti sem nauðsynlegar eru í þágu fyrirtækja sem starfa samkvæmt lögum þessum. Fullar bætur komi fyrir eftir mati ef samkomulag næst ekki.

20. gr.

Hitaveitur og rafveitur sem starfa skv. lögum þessum eru undanþegnar tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækin taka og vegna eignarafsals til fyrirtækjanna, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skulu hitaveitur og rafveitur greiða fasteignagjöld af íbúðar-, skrifstofu- og geymsluhúsnæði í eigu fyrirtækjanna.

21. gr.

Breytingar á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

22. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði skv. öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

— II., IV. og V. kafli orkulaga nr. 58/1967.
— Lög nr. 35/1959 um viðauka við lög nr. 28/1946 um virkjun Sogsins.
— Lög nr. 73/1921 um heimild handa landstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.
— Lög nr. 45/1941 um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.
— Lög nr. 63/1950 um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.
— Lög nr. 98/1935 um virkjun Fljótaár.
— Lög nr. 92/1947 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.
— Lög nr. 34/1949 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.
— Lög nr. 12/1951 um ný orkuver og nýja orkuveitu Rafmagnsveitna ríkisins.
— Lög nr. 65/1956 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.
— Lög nr. 111/1970 um virkjun Lagarfoss.
— Lög nr. 28/1971 um virkjun Svartár í Skagafirði.
— Lög nr. 26/1977 um virkjun Hvítár í Borgarfirði.
— Lög nr. 105/1974 um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.
— Lög nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi orkufyrirtæki skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara sækja um leyfi skv. 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13. gr. Þeim skal veitt rekstrarleyfi innan árs frá gildistöku laga þessara og skulu öll núverandi réttindi þeirra haldast, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við lög þessi. Rekstrarheimildir þeirra skulu haldast óbreyttar fram að þeim tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Lagafrumvarp þetta, sem samið er á vegum iðnaðarráðuneytisins, felur í sér ákvæði um eignarhald á íslenskum orkulindum, yfirstjórn orkumála, stefnumótun í orkumálum, vinnslu og flutning orku og dreifingu hennar, auk almennra ákvæða. Sjálfstæð lagafrumvörp sem lögð eru fram samtímis eða í framhaldi af þessu fjalla um stofnanir og fyrirtæki á sviði orkumála, svo sem Orkustofnun, Orkusjóð, Jarðboranir ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun. Ennfremur tengist frumvarpi þessu þegar framlagt frumvarp um jarðhitaréttindi.

Sú breyting er gerð á gildandi orkulögum, að fjallað er um einstakar stofnanir og fyrirtæki á sviði orkumála hvert um sig í sérstökum lögum í stað þess að fella öll lagaákvæði inn í ein allsherjar orkulög eins nú er gert að mestu. Með þessu móti er á skipulegri hátt en nú greint á milli lagaákvæða um yfirstjórn og almenna skipan orkumála annarsvegar og einstök orkufyrirtæki og stofnanir hinsvegar.

Endurskoðun orkulaga.

Gildandi orkulög, nr. 58/1967 eru orðin meira en 15 ára. Miklar breytingar hafa átt sér stað í orkumálum á þeim tíma bæði hérlendis og erlendis.

Stjórnvöld láta sig þessi orkumál hvarvetna meira skipta en áður vegna mikilvægis þeirra fyrir þjóðarbúskapinn. Og stefnumótun í orkumálum er með þýðingarmestu viðfangsefnum ríkis og sveitarfélaga.

Stökkbreyting í olíuverði árið 1973 og síðar hefur átt drjúgan þátt í endurmati manna á orkumálum.

Hér á landi hefur hún ýtt undir þær stórstígu framfarir sem orðið hafa í nýtingu vatnsorku og jarðhita og lýsa sér best í því, að nú er séð fyrir um 90% af húshitunarþörf landsmanna með innlendum orkugjöfum, þar af um 77% með jarðhita og 13% með raforku. Samtengt raforkukerfi nær til allra landshluta og útrýmt hefur verið að heita má þörf á raforkuvinnslu með olíu nema í bilanatilvikum.

Allar þessar miklu breytingar gera það tímabært og nauðsynlegt að endurskoða löggjöf um orkumál. Stjórnvöldum hefur lengi verið þetta ljóst og hefur verið unnið að undirbúningi málsins með ýmsum hætti.

Í nóvember 1971 skipaði Magnús Kjartansson þáverandi iðnaðarráðherra nefnd „til þess að fjalla um skipulag orkuöflunar og orkudreifingar hérlendis og semja frumvarp til laga um þessi efni.“ Í nefndinni áttu sæti 7 menn undir forystu Jakobs Gíslasonar, orkumálastjóra.

Nefnd þessi lagði til „að fyrsta skrefið til endurskoðunar skipulagningu á raforkuöflun og raforkudreifingu hérlendis verði það, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um raforkumál.“

Í tillögu þessari til þingsályktunar sem lögð var fyrir Alþingi 19. apríl 1972 segir m. a. um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning:

„Stefnt skal að því, að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila, að því, að raforkukerfi einstakra landshluta verði tengd saman, og að því, að verð á raforku verði sem næst því að vera hið sama um land allt.“

Markmiðum þessum skyldi ná í áföngum með því að raforkuvinnslufyrirtæki í hverjum landshluta sameinuðust í landshlutaveitur sem hefðu með höndum raforkuvinnslu, raforkuflutning og heildsölu til dreifiveitna. Eignarhluti ríkissjóðs skyldi aldrei verða minni en 50% í slíkum fyrirtækjum.

Þingsályktunartillaga þessi náði ekki fram að ganga.

Í tíð Gunnars Thoroddsen sem iðnaðarráðherra 1974—1978 var unnið að athugun á stofnun landshlutaveitna, sem annast gætu í senn orkuvinnslu og orkudreifingu á viðkomandi svæði. Spratt m. a. af því starfi Orkubú Vestfjarða sem sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum, sbr. lög nr. 66/1967.

Hinn 7. janúar 1977 skipaði Gunnar Thoroddsen iðnaðarráðherra nefnd 8 manna undir forystu Þorvalds Garðars Kristjánssonar, alþingismanns, „til að endurskoða orkulög og gera tillögur um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála."

Nefnd þessi skilaði ítarlegu áliti í október 1978 og fylgdu því frumvörp til orkulaga, til laga um Rafmagnseftirlit ríkisins og til laga um Jarðboranir ríkisins.

Að því er varðaði þann kafla í frumvarpi til orkulaga, sem fjallaði um orkuvinnslu, klofnaði nefndin í afstöðu sinni, en varð sammála um alla aðra þætti málsins.

Á grundvelli frumvarps nefndarinnar voru samþykkt lög um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979.

Frumvarp það til orkulaga sem hér liggur fyrir hefur í ýmsum greinum tekið mið af tillögum nefndarinnar, t. d. ákvæðið um orkumálaáætlun, sem taki til 10 ára hið minnsta.

Einnig hefur verið höfð hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1978 í þeim frumvörpum til laga um Orkustofnun, Orkusjóð og Jarðboranir ríkisins, sem undirbúin hafa verið jafnhliða frumvarpi þessu til orkulaga.

Heildarskipan orkumála samkvæmt frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu fer ráðherra sá sem fer með orkumál með yfirstjórn allra þeirra mála sem frumvarpið tekur til. Gert er ráð fyrir að ráðherra leggi fyrir Alþingi orkumálaáætlun til a. m. k. 10 ára, er hafi að geyma stefnumörkun í orkumálum; áætlun um meginframkvæmdir á orkusviðinu og fjármagnsþörf til þeirra, rannsóknir, innflutning á orkugjöfum og verðlagsmál orku. Lagt er til að Alþingi taki afstöðu til þessarar áætlunar með þingsályktun. Slíka áætlun skal ráðherra leggja fyrir þingið eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og skal hann árlega gefa Alþingi skýrslu um framgang hennar.

Lagt er til að vinnslu raforku í landinu sem heild verði stýrt annarsvegar með orkumálaáætlun, sem myndar ramma um heildarvinnsluna á hverjum tíma, en hinsvegar af samrekstrarsamningum milli Landsvirkjunar og annarra eigenda raforkuvera til almenningsþarfa. Þeir samningar stýra skiptingu heildarvinnslunnar milli vinnsluaðila og byggingu orkuvera á þeirra vegum. Skylt er samkvæmt frumvarpinu að gera slíka samninga.

Landsvirkjun er ætlað lykilhlutverk í raforkuvinnslu og flutningi. Hún á og rekur meginstofnlínukerfið og reisir orkuver í samræmi við orkumálaáætlun; gerir orkusölusamninga við rafveitur og stórnotendur og samrekstrarsamninga við aðra aðila sem vinna raforku til almenningsþarfa. Áður en ráðherra veitir leyfi fyrir nýju orkuveri eða til að stækka eldra, verður fyrst að ganga úr skugga um að það samrýmist orkumálaáætlun og gildandi orkusölusamningum. Að öðrum kosti synjar ráðherra um leyfið til að tryggja eðlilega heildarstjórn raforkuvinnslunnar í landinu og kemur með því í veg fyrir að tveir vinnsluaðilar keppi um sama raforkumarkaðinn. Þótt Landsvirkjun sé ætlað lykilhlutverk er ekki lagt til að fyrirtækinu verði veittur einkaréttur til raforkuvinnslu samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið kveður á um að leyfi ráðherra þurfi til að vinna eldsneyti úr jörðu í því skyni að selja almenningi. Er þessi áskilnaður fyrst og fremst settur til að tryggja hagsmuni notenda slíks eldsneytis. Sama er áskilið um vinnslu eldsneytis í öðru skyni, t. d. vegna eigin atvinnurekstrar ef um vinnslu í allstórum stíl er að ræða, til að tryggja skynsamlega meðferð auðlindar og að umhverfi sé verndað.

Sú stefna er mörkuð í frumvarpinu varðandi leit að eldsneyti á íslenska hafsbotnssvæðinu að ráðherra geti veitt svæðis- og tímabundið leyfi til hennar með áskilnaði um eðlilegan aðgang stjórnvalda að upplýsingum og um verndun lífríkis í sjónum og annars umhverfis við slíka leit.

Mörkuð er sú stefna að íslenska ríkinu einu sé heimil vinnsla á eldsneyti úr hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu; að ráðherra geti með samningi heimilað öðrum slíka vinnslu, en áskilið er að Alþingi skuli staðfesta slíkan samning áður en vinnsla er hafin. Gert er ráð fyrir að nauðsynleg skilyrði, sem setja þarf handhafa vinnsluréttinda til að tryggja skynsamlega auðlindanýtingu og umhverfisvernd og aðra almannahagsmuni, verði nákvæmlega tilgreind í slíkum vinnslusamningi. Er hér aðeins um rammaákvæði að ræða en setja þarf mun fyllri reglur um þetta efni í reglugerð.

Um vinnslu jarðhita er sú stefna mörkuð að hitaveitur til almenningsþarfa þurfi ekki sérstakt leyfi ráðherra til vinnslunnar; það teljist innifalið í einkaleyfi hennar. Aðrir vinnsluaðilar skuli aftur á móti þurfa slíkt ef um vinnslu í stórum stíl (10 MW varmaafl eða meira) er að ræða. Er þessu ákvæði ætlað að tryggja almannahagsmuni svo sem skynsamlega nýtingu jarðhitasvæða og umhverfisvernd. Mörkin eru það rúm að nýting jarðhita á einstökum býlum til hitunar húsa, gróðurhúsa, minniháttar fiskræktar og þess háttar verður ekki háð leyfi til orkuvinnslu. Þótt slík nýting jarðhita sé ekki háð leyfi samkvæmt grein þessari er þó gert ráð fyrir að gætt sé skilyrða samkvæmt öðrum lögum og ber þar sérstaklega að benda á löggjöf um umhverfis- og náttúruvernd.

Varðandi dreifingu raforku til almenningsþarfa er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sveitarfélög og ríki eða fyrirtæki í sameign þeirra annist hana á afmörkuðum svæðum, svokölluðum orkuveitusvæðum, samkvæmt sérstöku einkaleyfi frá ráðherra fyrir hvert slíkt svæði. Utan slíkra einkaleyfissvæða annast Rafmagnsveitur ríkisins dreifinguna eftir því sem mannvirki þeirra ná til.

Rekstur hitaveitna til almenningsnota er samkvæmt frumvarpinu hlutverk sveitarfélaga, samtaka notenda eða ríkisins. Áskilið er einkaleyfi frá ráðherra til hverrar slíkrar hitaveitu er taki til orkuveitusvæðis hennar.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Eignarhald á íslenskum orkulindum.

Í frumvarpinu er mörkuð sú almenna stefna að hverskonar orkulindir á yfirráðasvæði íslenska ríkisins, hvort heldur er á landi, sjó eða hafsbotni, skuli vera eign íslenska ríkisins, með þeim takmörkunum einum sem leiðir af gildandi rétti. Með frumvarpinu er þannig ekki hróflað við gildandi ákvæðum vatnalaga um virkjunarrétt né heldur um jarðhita á landi sem háð er einkaeignarrétti. Tilgangurinn er að marka almenna stefnu, taka af öll tvímæli varðandi orkulindir sem nú eru ekki nýttar og orkulindir utan svæða í einkaeign, t. d. á hafi eða hafsbotni, afréttum og almenningum.

2. Stefnumörkun í orkumálum.

Skilgreina má markmið í orkumálum þjóðarinnar á eftirfarandi hátt:

a. Að sjá þjóðarbúinu fyrir orku til almennra þarfa við sem lægstu verði að uppfylltum viðunandi skilyrðum um:
   — öryggi gegn orkuskorti
   — áhrif á umhverfið
   — áhrif á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins.
b. Að nýta innlendar orkulindir þannig að þær gefi hámarksarð til þjóðarframleiðslunnar að uppfylltum viðunandi skilyrðum um áhrif á:
   — pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar
   — náttúrulegt umhverfi
   — hefðbundnar atvinnugreinar
   — byggð í landinu.

Gera má ráð fyrir að stefnumörkun í orkumálum verði fyrst og fremst fólgin í því að ákveða þau skilyrði sem talin eru í skilgreiningunni og vega þá þætti hvern gagnvart öðrum.

Veigamesta nýmæli frumvarpsins er greinin um stefnumörkun í orkumálum og orkumálaáætlun. Þar er í fyrsta sinn í íslenskri löggjöf kveðið á um að marka skuli stefnu af hálfu hins opinbera í þessum mikilvægu málum. Slík stefnumörkun þykir nú orðið sjálfsögð og óhjákvæmileg í flestum nálægum löndum, og raunar miklu víðar, og hún er vissulega orðin tímabær hér. Stórt skref í átt til slíkrar stefnumörkunar var stigið, að því er tekur til raforkunnar, með samþykkt laga nr. 60/1981 um raforku og með þingsályktun 6. maí 1982 um virkjanir og orkunýtingu sem byggð er á þeim lögum. Orkumál ná í heild sinni yfir víðara svið en raforku og stefnumörkun í orkumálum þarf að taka til allra þátta þeirra. Samþykkt laganna og þingsályktunarinnar var því aðeins áfangi.

3. Samrekstrar- og raforkusölusamningar.

Í frumvarpinu er lagt til að allir þeir sem vinna raforku til almenningsþarfa séu skyldaðir til að gera samrekstrarsamninga við Landsvirkjun og gert er ráð fyrir að raforkusala frá framleiðendum til almenningsrafveitna og stórnotenda fari fram samkvæmt sérstökum raforkusölusamningum. Samningar hafa hinsvegar ekki tíðkast um sölu raforku til rafveitna, gagnstætt því sem er í nágrannalöndunum. Tilgangurinn er að skapa meiri festu í raforkuviðskiptum hér á landi en verið hefur. Jafnframt og ekki síður er tilgangurinn sá að þessir samningar, ásamt orkumálaáætluninni, verði stjórntæki til að tryggja heildarhagkvæmni raforkuvinnslunnar.

4. Stefnumörkun um leit og vinnslu eldsneytis.

Í núgildandi orkulögum er engin ákvæði að finna um eldsneyti. Samt er málum svo háttað að þjóðin fær þriðjung þeirrar orku sem hún notar úr innfluttu eldsneyti og horfur eru á að það muni um langan aldur gegna veigamiklu hlutverki í orkuöflun þjóðarinnar, þar á meðal til sumra mjög mikilvægra þátta þjóðarbúsins, svo sem fiskveiða og samgangna. Eldsneytismál eru því óaðskiljanlegur hluti orkumála, hér sem annarsstaðar. Eldsneytisverð hefur 20-faldast á tíu árum og eldsneyti er því mun stærri kostnaðarþáttur í orkubúskap landsmanna en áður var, jafnvel þótt hlutdeild þess í heildarnotkun hafi minnkað. Auk þess hefur það svæði sem íslensk efnahagslögsaga nær til margfaldast á undanförnum árum, og hugsanlegt er að innan þess svæðis sé að finna eldsneyti í jörðu. Það er því fyllilega tímabært að marka stefnu varðandi leit að slíkum auðlindum og nýtingu þeirra ef þær finnast.

Í frumvarpinu er mörkuð sú stefna að vinnsla á hverskonar eldsneyti úr hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu sé ríkinu einu heimil, og að samþykki Alþingis þurfi til að heimila öðrum slíka vinnslu. Hinsvegar geti ráðherra heimilað leit að eldsneyti að því tilskildu að íslensk stjórnvöld hafi óhindraðan aðgang að þeim upplýsingum sem aflað er og tryggð sé vernd lífríkis í sjónum og annars umhverfis við leitina. Jafnframt er í frumvarpinu mörkuð stefna varðandi afskipti ríkisvaldsins af eldsneytisvinnslu á landi, þar sem þau takmarkast við að tryggja hagsmuni almennings, þar á meðal skynsamlega auðlindanýtingu og verndun umhverfis.

5. Vinnsla á jarðhita til annarra nota en hitaveitna.

Loks er það nýmæli í frumvarpinu að sett eru ákvæði um að leyfi ráðherra þurfi til vinnslu jarðhita í þágu annarra en hitaveitna, svo sem iðnaðar. Þessi leyfi eru takmörkuð við að tryggja almannahagsmuni, svo sem skynsamlega auðlindanýtingu og umhverfisvernd, svipað og áður er rakið varðandi eldsneytisvinnslu á landi. Minniháttar nýting er undanþegin leyfisveitingunni samkvæmt greininni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru skilgreind helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Hér er um nýmæli að ræða þar sem ótvírætt er kveðið á um eignarrétt íslenska ríkisins á orkulindum á yfirráðasvæði þess. Ekki er greininni ætlað að skerða eignarrétt einstakra aðila umfram það sem nú er. Hins vegar er greininni ætlað að kveða skýrt á um eignarrétt ríkisins á orkulindum sem einstakir aðilar eiga ekki beinar eignarheimildir að utan landareigna sem einkaeignarrétti eru háðar, t. d. á hafsbotni, afréttum og almenningum. Þannig er greininni ætlað að lögfesta þá meginreglu að ríkið sé eigandi orkulinda sem aðrir hafa ekki ótvíræðan eignarrétt yfir samkvæmt gildandi lögum. Greinin hefur því öðrum þræði þann tilgang að marka stefnu og taka af tvímæli.

Orðunum „náttúrugæði sem nýta má til orkuvinnslu“ er ætlað að taka til allra orkulinda, bæði hefðbundinna, sem nú eru nýttar og nefndar eru með nafni í greininni, og eins hinna sem enn eru lítt eða ekki nýttar en kunna að verða það síðar, svo og hverskonar eldsneytis.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða nýmæli í orkulögum, þar sem gert er ráð fyrir að meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar verði sett fram í sérstakri orkumálaáætlun til 10 ára. Með tilliti til reynslunnar má halda því fram að á fáum eða engum sviðum opinberra framkvæmda sé þörfin brýnni fyrir vandaðan undirbúning að ákvarðanatöku en í orkumálum, ekki síst í ljósi þess að einstakar orkuframkvæmdir eru oft mjög fjárfrekar. Löggjafinn hefur áður talið ástæðu til að ákveða slíka málsmeðferð um einstaka mikilvæga málaflokka, svo sem um vegamál, hafnamál og raunar einnig framkvæmdir á sviði heilbrigðismála. Þar sem einstakir áfangar orkumálaframkvæmda eru einatt mjög umfangsmiklir og tímafrekir þykir rétt að miða hér við 10 ára áætlunartímabil, en lagt er til að endurskoðuð áætlun sé lögð fram á fjögurra ára fresti eða oftar.

Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi forystu um gerð orkumálaáætlunar.

Í orkumálaáætluninni yrðu settar fram leiðir til að fullnægja orkunotkun þjóðarinnar á áætlunartímabilinu á sem hagkvæmastan hátt og gera í því sambandi grein fyrir nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi á orkugjöfum og verðlagningu á orku. Þá skal í áætluninni sett fram fjármagnsþörf á áætlunartímabilinu.

Til að Alþingi geti sem best fylgst með framgangi áætlunarinnar er lagt til að ráðherra leggi skýrslu um orkumál landsins og framkvæmd orkumálaáætlunarinnar fyrir Alþingi árlega.

Um 5. gr.

Greinin hefur að geyma almenn ákvæði um vinnslu raforku án tillits til orkugjafa. Það nýmæli er hér lagt til að ekki þurfi sérstakar lagaheimildir til að reisa og reka raforkuver, svo sem verið hefur. Þess í stað er lagt til að ráðherra verði fengin heimild til að gefa slík leyfi út í samræmi við orkumálaáætlun. Lagt er til að leyfi ráðherra þurfi til að reisa og reka raforkuver stærri en 1 MW. Er með þessu lagt til að rýmkaðar verði heimildir til að reisa og reka raforkuver frá því sem nú er, en núverandi leyfismörk eru 0,2 MW. Algeng stærð vararafstöðva hjá stofnunum og fyrirtækjum er á bilinu 0.2—0.8 MW. Þykir því eðlilegt að rýmka mörkin þannig að ekki þurfi að sækja um leyfi vegna slíkra vararafstöðva.

Í samræmi við það markmið frumvarpsins að vinnslu raforku í landinu verði stýrt með orkumálaáætlun og samrekstrarsamningum milli raforkuframleiðenda er lagt til að ekki verði veitt leyfi til vinnslu raforku nema gengið hafi verið úr skugga um að þau séu í samræmi við orkumálaáætlun og samrekstrarsamninga. Jafnframt verði leyfi til raforkuvinnslu háð því skilyrði að þau séu í samræmi við gildandi raforkusölusamninga.

Samkvæmt greininni er lagt til að þeim sem fyrir gildistöku laganna eiga og reka raforkuver stærri en 1 MW skuli heimilt að halda þeim rekstri áfram. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu starfandi orkufyrirtæki þó sækja um rekstrarleyfi innan 6 mánaða frá gildistöku laganna og skal þeim veitt leyfið með óbreyttum réttindum.

Í ákvæðinu er lagt til að eigendum raforkuvera verði gert skylt að gera samrekstrarsamninga við Landsvirkjun, þannig að tryggt verði að samrekstrarsamningar til að stýra heildarraforkuvinnslu í landinu nái til allra raforkuframleiðenda.

Lagt er til að um vatnsaflsstöðvar og leyfisveitingar vegna þeirra fari að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga.

Með grein þessari er ekki raskað í neinu gildi laga nr. 60/1981 sem eru sérlög um afmörkuð raforkuver, tilhögun þeirra og röð virkjanaframkvæmda.

Um 6. gr.

Með grein þessari er lagt til að fest verði í almennum orkulögum hlutverk Landsvirkjunar.

Samkvæmt greininni verður það hlutverk Landsvirkjunar að reisa og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins, en samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, yfirtók Landsvirkjun hinn 1. janúar 1983 meginstofnlínukerfið, hinar svokölluðu byggðalínur, til eignar og reksturs. Lagt er til að lögfest verði til áherslu að Landsvirkjun skuli rækja hlutverk sitt í samræmi við orkumálaáætlun. Með því er reynt að tryggja að Landsvirkjun falli sem best að almennri heildarskipan orkumála í landinu á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Með greininni er lagt til að leyfi ráðherra þurfi til vinnslu og flutnings jarðhita ef hámarksafköst nema 10 MW varmaafls eða meiru, reiknað frá + 40° C. Með vinnslu jarðhita er hér átt við breytingu jarðhita úr einu formi í annað eða færslu jarðhita í óbreyttu formi úr náttúrulegri jarðhitalind á stað á yfirborði jarðar, hvort tveggja í hagnýtingarskyni. Með flutningi á jarðhita er átt við að flytja jarðhita milli staða fremur en að dreifa jarðhita til einstakra notenda.

Þar eð hitaveitur þurfa sérstakt starfsleyfi þykir eðlilegt að þær þurfi ekki sérstakt leyfi til vinnslu og flutnings jarðhita skv. grein þessari.

Lagt er til að leyfismörkin verði 10 MW varmaafls miðað við 40 ° C þannig að ekki þurfi leyfi fyrir minniháttar vinnslu sem hefur lítil áhrif á heildarnot jarðhita, svo sem til heimilisnota, gróðurhúsaræktar og fiskræktar.

Gert er ráð fyrir að þessu frumvarpi fylgi frumvarp til jarðhitalaga sem hefur að geyma frekari ákvæði, m. a. um vinnslu á jarðhita.

Gert er ráð fyrir að leyfi skv. ákvæði þessu skuli bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja almannahagsmuni, þar á meðal skynsamlega heildarnýtingu jarðhitasvæða, en með jarðhitasvæði er átt við afmarkaðan hluta lands þar sem hiti er í jörðu umfram meðaltal.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að leyfi ráðherra þurfi til vinnslu eldsneytis úr jörðu í þeim tilgangi að selja það almenningi. Rétt þykir að setja nú almennar reglur um vinnslu eldsneytis úr jörðu,

m. a. með hliðsjón af þeim hugmyndum sem hafa verið til athugunar á þessu sviði, svo sem hagnýtingu mós og surtarbrands.

Þess skal getið að í gildi eru ákvæði um mótak, annars vegar lög nr. 23/1912 um samþykktir um mótak og hins vegar lög nr. 16/1940 um mótak. Ekki þykir ástæða til að fella ákvæði laga þessara úr gildi, enda verða þau greininni til fyllingar.

Vinnsla eldsneytis úr jörðu er hliðstæð námavinnslu. Því er lagt til að um vinnslu eldsneytis úr jörðu fari skv. námulögum að svo miklu leyti sem ekki eru ákvæði þar um í frumvarpi þessu.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að til rannsóknar og leitar að eldsneyti á hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu þurfi leyfi ráðherra.

Lagt er til að slík leyfi skuli bundin við afmarkað svæði og gildi til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 30 ár.

Til að tryggja að rannsóknir og leit að eldsneyti nýtist íslenska ríkinu í hvívetna er lagt til að lögfest verði það skilyrði fyrir leyfisveitingu samkvæmt greininni að íslenskum stjórnvöldum sé tryggður óhindraður aðgangur að upplýsingum sem fram koma við leitina.

Ekki er ákvæði þessu ætlað að breyta þeim ákvæðum í lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn er varða rannsóknir og leit að eldsneyti á hafsbotni. Auk þeirra laga þarf við framkvæmd greinar þessarar að taka mið af þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Í greininni er vikið að sérlögum sem sett kunna að verða. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um eignarrétt ríkisins að náttúruauðlindum hafsbotnsins, en frumvarpið kveður nánar á um leyfisveitingar samkvæmt greininni.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að ríkinu einu skuli heimiluð vinnsla eldsneytis úr hafsbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu. Hins vegar er lagt til að ráðherra geti með samningi heimilað öðrum aðila að vinna eldsneyti úr hafsbotni í umboði ríkisins. Með hliðsjón af mikilvægi samninga um vinnslu eldsneytis úr hafsbotni er lagt til að afla skuli staðfestingar Alþingis á slíkum samningum.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að það verði hlutverk sveitarfélaga og ríkis að reka rafveitur.

Lagt er til að leyfi ráðherra þurfi til að starfrækja rafveitu til almenningsþarfa og slíkt leyfi veiti leyfishafa einkarétt til dreifingar raforku á orkuveitusvæði rafveitunnar. Leyfi verði bundin skilyrðum, þar með talið nýmæli um að gætt skuli umhverfisverndarsjónarmiða. Að öðru leyti er greinin að stofni til efnislega óbreytt frá núgildandi ákvæðum.

Um 12. gr.

Lagt er til að orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins verði með hliðsjón af 11. gr. skilgreint sem svæði utan orkuveitusvæða starfandi rafveitna skv. 11. gr. eftir því sem mannvirki fyrirtækisins til vinnslu, flutnings og dreifingar raforku ná til.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að það verði hlutverk sveitarfélaga, samtaka orkunotenda og ríkisins að reisa og reka hitaveitur.

Lagt er til að leyfi ráðherra þurfi til að starfrækja hitaveitu og að slíkt leyfi veiti leyfishafa einkarétt til dreifingar jarðhita á orkuveitusvæði hitaveitunnar.

Lagt er til að leyfi verði bundið skilyrðum þar með talið nýmæli um umhverfisvernd.

Að öðru leyti er greinin að stofni til óbreytt frá núgildandi ákvæðum.

Um 14. gr.

Í greininni er það nýmæli að ekki er kveðið á um hverjir semji gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gert er ráð fyrir að eigendur hafi svigrúm til að ákveða í samþykktum orkufyrirtækjanna, eða á annan hátt, hvernig gjaldskrá er samin.

Ennfremur er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að gjaldskrá skuli endurskoða á fimm ára fresti enda hefur þetta ákvæði ekki haft raunhæft gildi þar sem gjaldskrár hafa í raun verið endurskoðaðar á þriggja mánaða fresti um árabil.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum, þó þannig að lagt er til að ekki megi beita vanefndarúrræðum skv. greininni, nema gjaldanda hafi sannanlega verið send greiðsluáskorun.

Um 17. gr.

Grein þessi er nýmæli og varðar neytendavernd. Í greininni er lagt til að lögfest verði skylda orkufyrirtækja til að kosta kapps um að tryggja notendum orkunnar góða vöru og þjónustu. Þau atriði sem ákvæði þessu er helst ætlað að taka til eru hitastig og þrýstingur á heitu vatni og gufu, tíðni og spenna raforku og afhendingaröryggi orkunnar.

Þá er lagt til að lögfest verði leiðbeiningarskylda orkufyrirtækja gagnvart neytendum, en með því er leitast við að tryggja að neytendur geti nýtt orkuna á sem hagkvæmastan hátt.

Um 18. gr.

Lagt er til að veitt verði almenn heimild til eignarnáms vegna byggingar og starfrækslu mannvirkja til vinnslu, flutnings og dreifingar á orku samkvæmt frumvarpinu. Ákvæðinu er þannig ætlað að ná til framkvæmda allra þeirra fyrirtækja sem starfa samkvæmt lögunum.

Um 19. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum um hitaveitur. Lagt er til að heimildin verði látin gilda almennt um framkvæmdir samkvæmt frumvarpinu.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Lagt er til að verðhækkanir á raforku og heitu vatni til almenningsveitna og almennra notenda sem kaupa orku samkvæmt gjaldskrá verði háðar samþykki ráðherra orkumála. Ákvæðinu er ætlað að ná til allra orkufyrirtækja, þar með talin Landsvirkjun. Ákvæðinu er hins vegar ekki ætlað að taka til sölu á orku til einstakra stórnotenda samkvæmt sérstökum samningum.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Lagt er til að felld verði niður eldri heimildarákvæði um orkufyrirtæki og orkuframkvæmdir, þannig að um starfsemi og heimildir til að reisa og reka orkufyrirtæki, t. d. er varða skilyrði fyrir leyfi, leyfismörk, auglýsingar og önnur atriði, fari eftir orkulögum. Með þessu er ætlunin að samræma starfsemi orkufyrirtækjanna. Jafnframt er lagt til í ákvæði til bráðabirgða, að öll starfandi orkufyrirtæki sæki innan sex mánaða frá gildistöku laganna

um starfsleyfi. Nær það til leyfis: (1) til að reisa og reka raforkuver stærra en 1 MW, (2) til vinnslu og flutnings jarðhita ef hámarksafköst nema 10 MW varmaafls eða meira, (3) til vinnslu eldsneytis úr jörðu, (4) til að reisa og reka rafveitur og (5) til að reisa og reka hitaveitur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að ný leyfi verði gefin út til starfandi rafveitna og hitaveitna. Er þetta gert til samræmingar og til að sambærilegar reglur gildi um leyfisveitingar samkvæmt lögunum.

Er sérstaklega tekið fram að núverandi réttindi skuli haldast að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði frumvarpsins.

Ed. 617. Frumvarp til laga [256. mál]

um jarðhitaréttindi

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita, skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum skv. ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1983 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrirfram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m. a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita samkv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur ennfremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám skv. þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta skv. sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess, að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 3. og 7. kafli orkulaga nr. 58/1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið í undirbúningi á vegum iðnaðarráðuneytisins frá því árið 1979 og er nú flutt sem stjórnarfrumvarp. Aðilar að ríkisstjórninni hafa þó fyrirvara um afstöðu sína til einstakra greina frumvarpsins og ráðherrar sjálfstæðismanna í ríkisstjórninni tilgreina sérstaklega fyrirvara við þau ákvæði frumvarpsins, sem fela í sér skerðingu eignarréttar. Í stjórnarsáttmála frá 8. febrúar 1980 er gert ráð fyrir, að sett verði lög um

eignar- og umráðarétt jarðhita, og ríkisstjórnin telur mikilvægt, m. a. vegna nauðsynlegra rannsókna á háhitasvæðum, að hið fyrsta verði kveðið á um þessi efni með löggjöf.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ. e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknarleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga nr. 58/1967 um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða ásamt smávægilegum breytingum.

I

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og III., V. og VII. kafla orkulaga nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina."

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita" er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn

eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þ. á m. um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega, að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítilsháttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara, auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita má nefna 4. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 29. gr. 3. mgr. jarðalaga nr. 65/1976 er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m. a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.“ (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A öls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B 553–572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meir og meir af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t. d. Ólafur Lárusson: Eignarréttur bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita, á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu Eignarréttur. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr.

frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.“ Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ýtarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Ennfremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörku.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja-Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956 bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðanjarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðanjarðar undir norsku landssvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins til olíu innan yfirráða-

svæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta skv. eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðanjarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land."

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum þar sem löggjafar nýtur hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist og benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki sem búa við mjög svipaða löggjöf og við, sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkru ýtarlegri, mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita, sem finnst djúpt í jörðu niðri, að varðað geti bótum skv. stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu,

verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum, má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981 um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981 um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrum. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessarra uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga nr. 58/1967, þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin sem upp geta komið eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir sem vitnað er til skuli vera hinir sömu og starfa skv. ábúðarlögum nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga nr. 58/1967, með lítilsháttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við 5 ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda er sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti sem finnst utan fullkominna eignarlanda skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1983 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til skv. frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum sem nota jarðhita verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknarleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitafélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14. – 16. gr. orkulaga nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmda ákvarðanatöku um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna skv. greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 618. Breytingartillaga [191. mál]

við brtt. á þskj. 594 [Vegáætlun 1983—1986].

Frá Karvel Pálmasyni, Matthíasi Bjarnasyni, Sighvati Björgvinssyni og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Við 2. tölul. Sundurliðun 1.4 Ó-vegir 61 25 Óshlíð.
Fyrir „3.5 m. kr.“ kemur: 7.0 m. kr.

Ed. 619. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., með fyrirvara.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Davíð Aðalsteinsson.	Karl Steinar Guðnason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 620. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Jón Helgason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 621. Breytingartillögur [158. mál]

við frv. til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá menntamálanefnd.

1. 2. gr. hljóði svo:
   Skoðunarmenn kvikmynda, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, leggja mat á sýningarhæfni kvikmynda. Skulu innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þær eru teknar til sýningar og greiða kostnað við skoðun þeirra, skv. reglum sem ráðherra setur.
2. Ný grein sem verði 3. gr.
   Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa eftirlit með því, að aðeins séu sýndar kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlit hefur leyft, eða slíkt efni selt eða leigt á myndböndum eða myndplötum.

Sþ. 622. Nefndarálit [191. mál]

um till. til þál. um vegáætlun árin 1983—1986.

Frá minni hl. fjáveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur unnið að athugun á tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1983—1986. Nefndin hefur að venju fjallað um skiptingu fjármagns milli einstakra þátta vegamálanna svo og milli kjördæma. Undirritaðir nefndarmenn hafa að þessu sinni sérstakan fyrirvara um þessa skiptingu og áætlun um fjáröflun á áætlunartímabilinu og áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur. Sú afstaða er rökstudd í þessu nefndaráliti og ríkjandi stefna í vegamálum gagnrýnd.

Tillaga að langtímaáætlun í vegamálum hefur verið lögð fram á Alþingi í kjölfar þingsályktunar frá 25. maí 1981, sem samstaða náðist um fyrir forgöngu fjárveitinganefndar. Þessi áætlun gerir ráð fyrir að varið verði 2.2% af þjóðarframleiðslu til vegamála árið 1981, 2.3% árið 1984 og frá og með 1985 2.4%. Nú þegar framkvæma á þessa stefnu í fyrsta sinn er ljóst, að ekki verður við hana staðið. Sé miðað við raunsæjar verðlagsforsendur verða heildarframlög til vegamála einungis 2.1% af þjóðarframleiðslu og hefur þó nýr skattur verið lagður á landsmenn til fjáröflunar vegna vegagerðar. Þessi skattur er áætlaður 109 millj. kr. á yfirstandandi ári. Þótt hann verði lagður á verður samdráttur í nýframkvæmdum vega og brúa frá fyrra ári. Ástæðan er sú, að önnur framlög eru skorin niður. Í gildandi vegáætlun fyrir árið 1983 var gert ráð fyrir 106 millj. kr. framlagi ríkissjóðs á verðlagi vegáætlunar. Skv. tillögunni er gert ráð fyrir einungis 20 millj. kr. framlagi. Niðurskurður er 86 millj. kr. eða nálægt því, sem nýr bifreiðaskattur er talinn gefa í tekjur.

Ráðherrar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins hafa haft á hendi æðstu stjórn vegamála og ríkisfjármála frá hausti 1978. Vart er ágreiningur um að á sviði vegamála bíði úrlausnar einar arðbærustu opinberar framkvæmdir og jafnframt mestu félagslegu umbóta- og byggðamál sem völ er á. Stefna sú, sem þessir flokkar hafa í raun fylgt í vegamálum, er því athyglisverð. Hún er fólgin í gífurlegum skattahækkunum á bifreiðar og rekstur þeirra umfram verðlagshækkanir, tvöföldun á lántökum til vegagerðar, en sáralitlum auknum framlögum til þessara arðbæru og brýnu framkvæmda. Skattahækkanir og auknar lántökur hafa fyrst og fremst runnið í eyðsluhít ríkissjóðs. Þetta er í raun spegilmynd af almennri stefnu þessara flokka í ríkisfjármálum og efnahagsmálum á undanförnum árum, og er ekki von að vel fari.

Undirritaðir fulltrúar í fjárveitinganefnd telja þessa stefnu í vegamálum beinlínis andstæða þjóðarhagsmunum, þegar fyrir liggur, að arðsemi fjárfestingar á uppbyggingu nálægt 700 km af þjóðvegakerfinu er yfir 20% og þar af 400 km yfir 30%.

I. ÞRÓUN VEGAMÁLA Á VALDATÍMA FRAMSÓKNAR OG ALÞÝÐUBANDALAGS 1978—1983.

Hér skulu rifjuð upp nokkur höfuðatriði stefnunnar í skattlagningu á bifreiðar og rekstur þeirra og vegamála á valdatíma Framsóknar og Alþýðubandalags síðan 1978, en þá réðu sjálfstæðismenn síðast ríkisfjármálum.

1. **Skattar á bensín** hafa hækkað milli áranna 1978—83 um 438 millj. króna á föstu verðlagi vegáætlunar, eða 54% (sjá mynd I).
2. **Skattahækkunin var ekki notuð til vegaframkvæmda,** heldur nánast öll til að auka eyðsluútgjöld ríkissjóðs (sjá mynd I, skyggða hluta súlnanna).
3. **Skattahækkunin (438 millj.) jafngildir tvöföldun á nýbyggingafé vega skv. vegáætlun í ár** og hefði nægt ríflega til að framkvæma stefnu sjálfstæðismanna í vegamálum skv. sérstakri tillögu þeirra (sjá kafla um langtímaáætlanir).
4. **Lántökur hafa verið tvöfaldaðar** til vegamála mörg árin frá 1978. Þessir víxlar falla síðar á skattgreiðendur (sjá súlurit II).
5. **Heildarframlög hafa sáralítið aukist** til vegamála árin 1979—83, þrátt fyrir skattahækkanir og auknar lántökur.
6. **Á fyrsta framkvæmdaári langtímaáætlunar í vegamálum** í samræmi við samhljóða fyrirmæli Alþingis er hún vanefnd, svo sem fyrr segir, og samdráttur verður í nýframkvæmdum fremur en hitt miðað við raunsæjar verðlagsforsendur (sjá súlurit III).
7. **Vegáætlanir undanfarinna ára hafa allar verið skornar meira eða minna niður.** Nýframkvæmdir eru skornar niður um 10—12% 1983 skv. gildandi vegáætlun.
8. **Arðsemi uppbyggingar** 700 km af þjóðvegakerfinu er yfir 20%, þar af 400 km yfir 30%. Þeirri staðreynd er rétt að gefa gaum í ljósi framangreindrar stefnu framsóknar- og Alþýðubandalagsmanna á undanförnum árum.

TEKJUR RÍKISINS AF BENSÍNSSKÖTTUM

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar
(Verðlag 1983 vísit. vegag. 885)



Mynd I.

II. ÞRÓUN SKATTHEIMTU Á BIFREIÐAR OG REKSTUR ÞEIRRA OG LÁNTÖKUR TIL VEGAGERÐAR Á VALDATÍMA FRAMSÓKNAR- OG ALÞÝÐUBANDALAGSMANNA FRÁ 1978.

1. Skattheimta.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. um nýjan skatt á bifreiðaeigendur. Í greinargerð með þessu frumvarpi er í veðri látið vaka, að þessi skattur eigi að koma í stað lækkunar á aðflutningsgjöldum undanfarið. Aðflutningsgjöld þessi hafa að vísu lækkað á hverja bifreið, en heildartekjur ríkissjóðs af þeim hafa lækkað mun minna vegna aukins innflutnings.

Þessi skattheimta hefur verið sem hér segir síðan 1978:

	M. kr.	Fjöldi bíla
1978	39,4	
1979	49,2	7 500
1980	71,2	8 900
1981	132,8	10 400
1982	106,0	11 500
1983 (áæ. fjárl.)	110,0	8 000

Á hinn bóginn hafa skattar á bensín hækkað gífurlega á þessu tímabili. **Þeir hafa hækkað milli áranna 1978—83 um 438 millj. króna** á föstu verðlagi (vegáætlunar 1983). Þessi skattahækkun, sem er svo til jafnvirði alls nýbyggingarfjár vega og brúa skv. vegáætlun 1983, hefur nær eingöngu runnið í eyðsluhít ríkissjóðs, en **ekki í vegagerð,** sbr. myndrit, sem unnið hefur verið fyrir fjárveitinganefnd af Vegagerð ríkisins.

Bensínskattar hafa hækkað sem hér segir á **föstu verðlagi** (vegáætlunar 1983) frá 1978 (upplýsingar: Þjóðhagsstofnun, Vegagerð ríkisins).

	Í ríkissjóð m. kr.	Til vegagerðar m. kr.	Samtals m. kr.
1978	400,9	409,8	810,7
1979	674,4	443,1	1 117,5
1980	683,3	403,5	1 086,8
1981	825,5	439,8	1 265,3
1982	800,7	455,8	1 246,5
1983	768,0	480,0	1 248,0
hækkun 78/83 raungildi	368,1	70,2	438,3

Þetta yfirlit sýnir að bensíngjaldið, þ. e. a. s. sá hluti bensínskatta sem rennur í ríkissjóð, hefur rúmlega haldið raungildi sínu miðað við vísitölu vegagerðar, á sama tíma sem skattar af bensíni, sem renna í ríkissjóð, hafa hækkað um 368,1 millj. króna að raungildi eða 91,8%. Til samanburðar er gert ráð fyrir að til ráðstöfunar verði til almennra stofn- og þjóðbrauta á sama verðlagi skv. vegáætlun 1983 385 millj. kr. eða álíka upphæð og hrein hækkun bensínskatta, sem fara í eyðsluhít ríkissjóðs í ár, frá því sem var 1978.

Þungaskattur skv. mæli hefur auk þess hækkað svo mjög, að hann er nú 2,97 nýkrónur, en var í des. 1978 15.6 gkr. Hækkunin nemur 1804%, á sama tíma sem vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað úr 240 stigum í 1482 stig eða 518%.

Það er því meira en lítil blekking þegar látið er í veðri vaka að þessi nýi skattur, sem miðast við þunga allra bifreiða í landinu, komi í stað einhverra skattalækkana á bifreiðaeigendur undanfarin ár.

2. Lántökur.

Lántökur til vegagerðar hafa farið svo ört vaxandi að þær tvöfölduðust miðað við 1978 á árunum 1980—82 að báðum meðtöldum.

Löng lán til fjármögnunar vegáætlana hafa numið eftirfarandi fjárhæðum á föstu verðlagi (vegáætlun 1983).

	M. kr.	Raungildishækkun frá 1978 m.kr.
1978	194.7	
1979	227.7	33.0
1980	378.9	184.2
1981	351.3	156.6
1982	369.7	175.0
1983	244.6	49.9
		598.6 m.kr.

Lántökur árin 1978—83 hafa því samtals numið tæpum 600 m.kr. að raungildi fram yfir lántökur á árinu 1978.

Þessi lán verður að greiða síðar af sköttunum í einni eða annarri mynd. Því má búast við stóraukinni greiðslubyrði ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta af þessum lánum næstu árin.

VEGAGERÐ RÍKISINS



III. NÝBYGGINGAR VEGA, BRÚA OG FJALLVEGA 1978—83

Skv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins hefur fjármagni verið varið til nýbygginga vega, brúa og fjallvega m. v. fast verðlag (vegáætlun 1983) sem hér segir (1982 og 1983 skv. vegáætlun):

	M.kr.	Raungildi umfram 1978
1978	400.9	
1979	346.3	−54.6
1980	524.8	123.9
1981	556.9	156.0
1982	487.5	86.6
1983	483.7	82.8
		394.7 m.kr.

NÝBYGGING VEGA BRÚA OG FJALLVEGA 1978-1983

Áætlað verðlag 1983. Vísit vegag 885

Mynd III.



Hér að framan hefur grein verið gerð fyrir síauknum lántökum til vegagerðar á þessu tímabili. Þessar lántökur fara verulega fram úr auknum nýframkvæmdum. Ein skýringin á því er sú, að bein framlög úr ríkissjóði hafa verið skorin niður, en lán tekin í staðinn. Þau lán þarf að greiða síðar. Ekki er nóg að stórauknir skattar hafi ekki skilað sér í auknum arðbærum vegaframkvæmdum á þessu tímabili, heldur hefur fé verið tekið að láni til þess að mæta niðurskurði framlaga ríkissjóðs af samtíma skatttekjum.

IV. VEGÁÆTLUN 1983—86

Í greinargerð með þessari þáltill. segir svo orðrétt: „Árið 1983 eru útgjöld þannig 2.1% af þjóðarframleiðslu að viðbættu framlagi til Ó-vega, 51 millj. kr., eða alls 2.2%". Á það er bent, að þetta sé í samræmi við framlagða tillögu að langtímaáætlun.

Þessi fullyrðing er miðuð við að kostnaður við vegagerð hækki um 58% frá miðju ári 1982 fram á mitt ár 1983. Föst krónutala, sem er til ráðstöfunar til vegagerðar, rýrnar að raungildi og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu í meiri verðbólgu en þessar forsendur gera ráð fyrir. Upplýst er nú að vísitala vegagerðar muni hækka úr 536 í 911 eða um 70% milli áranna. Skv. útreikningi Vegagerðar ríkisins yrðu því heildarframlög til vegamála 2.1% af þjóðarframleiðslu á þessu ári séu þær raunsæju forsendur lagðar til grundvallar.

Athyglisvert er að áætlun um beint framlag ríkissjóðs er sem hér segir á **föstu verði** (vegáætlun 1983):

1983	1984	1985	1986
M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.
20.4	104	104	104

Hér er gert ráð fyrir fimmföldun á framlagi ríkissjóðs. Um þetta segir í greinargerð orðrétt: „Ríkisframlag er 20.4 m.kr. 1983 **og er það í samræmi við fjárlagatillögu** (leturbr. hér). **Seinni árin er ríkisframlagið hækkað í þá upphæð sem stefnt var að í gildandi vegáætlun fyrir árin 1983—'84"** (leturbr. hér).

Auðsætt er að ríkisstjórnin ætlast til annars af þeim, sem við eiga að taka, en sjálfri sér.

Bein framlög ríkissjóðs til vegamála hafa verið sem hér segir á sama verðlagi:

1978	118.5 m.kr.
1979	35.9 m.kr.
1980	47.9 m.kr.
1981	89.7 m.kr.
1982	16.2 m.kr.
1983	20.4 m.kr. (átti að vera 106 millj. skv. gildandi vegáætlun).

Þessi niðurskurður hefur oftast verið réttlættur með því, að ríkisstjórnin hafi tekið á sig hækkandi afborganir og vexti á lánum til vegagerðar. Nú liggur fyrir að þessi lán hafa mörg þessi ár verið tvöföld upphæð að raungildi miðað við það sem áður var (sjá súlurit).

Það má því með sanni segja, að víxlar eru slegnir á báða bóga til þess að koma saman þessu plaggi að því er varðar næstu ár.

Vegáætlun fyrir árið 1983, sem ein er raunar marktæk svo sem reynslan sýnir, er skorin verulega niður frá gildandi vegáætlun. Þetta er ekki ný saga. Allar vegáætlanir síðustu ára hafa verið meira eða minna skornar niður.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er samanburður á gildandi vegáætlun og þessari tillögu nú sem hér segir:

Samanburður á gildandi vegáætlun 1983 og tillögu að nýrri. Upphæðir á vísitölu 885 (1982+65%).

	Endanleg tillaga að nýrri vegáætlun	Gildandi vegáætlun
Útgjöld		
Stjórn og undirbúningur	52.2	54.5
Sumarviðhald	302.0	327.0
Vetrarviðhald	76.1+29.0	79.2
Nýjar framkvæmdir	483.7	540.5
Heildarupphæð	1 049.0	1 134.4
Tekjur		
Markaðar tekjur	784.0	663.7
Ríkisframlag	20.4	106.3
Lánsfé	244.6	364.3

Hér vantar rúmar 85 millj. króna á heildarfjáröflun og hefur þá verið reiknað með nýjum skatti sem ekki var ráð fyrir gert í gildandi vegáætlun. Þessi skattur er talinn gefa 109 millj. kr. í tekjur. Önnur fyrirhuguð fjáröflun er því 194 millj. króna minni en ráð var fyrir gert í gildandi vegáætlun. Hér munar 18.5% eða nálægt fimmtungi.

Þessi niðurskurður kemur að sjálfsögðu mest niður á nýframkvæmdum eða 10—12% að raungildi, enda verður samdráttur í nýframkvæmdum á þessu ári frá því í fyrra, þrátt fyrir nýja langtímaáætlun sem gerði ráð fyrir auknum vegaframkvæmdum.

Sumarviðhald dregst einnig saman og verður sennilega nálægt 75% af þörf (skv. mati Vegagerðar ríkisins) í stað 83% eins og stefnt var að.

Hér verður ekki fjallað frekar um áætlun þessa fyrir árin 1984—86, þar sem reynslan hefur sýnt að slíkar tölur á blaði hafa oft reynst marklitlar.

V. LANGTÍMAÁÆTLUN SJÁLFSTÆÐISMANNA OG STEFNUMÓTUN ALÞINGIS Í VEGAMÁLUM

Á árinu 1978 fluttu þingmenn Sjálfstæðisflokksins áætlun til 12 ára um sérstakt átak í vegamálum. Sú tillaga var flutt á mörgum þingum og fylgir sú, sem flutt var á þinginu 1980—81, í sérstöku fylgiskjali (fskj. I).

Í umsögn um þessa tillögu frá Vegagerð ríkisins segir svo: „Ætla má að heildarútgjöld til vegamála skv. henni yrðu 2.5—2.6% af vergri þjóðarframleiðslu."

Núverandi ríkisstjórn lagði fram till. til þál. á þessu þingi um gerð langtímaáætlunar í vegamálum. Í þeirri tillögu var það markmið sett, að 2% þjóðarframleiðslu skuli varið til vegamála, en fyrstu átta árin sé þetta hlutfall þó 2.1%.

Í framangreindri umsögn frá Vegagerð ríkisins segir svo orðrétt: „Tillaga Sverris Hermannssonar o. fl. gengur mun lengra (en till. ríkisstjórnarinnar) í þessu tilliti, þar sem hún gerir ráð fyrir fjórðungi meira fjármagni en tillaga ríkisstjórnarinnar. **Sú aukning kæmi til nýrra framkvæmda og mundi auka þær um 40—50% frá því sem reiknað er með í till. ríkisstjórnarinnar"** (leturbr. hér).

Fram skal tekið að einungis hluta af þeirri skattahækkun á bensín, sem átt hefur sér stað frá 1978 að raungildi, hefði þurft til þess að fjármagna þær auknu og arðbæru framkvæmdir sem stefnt var að skv. þessari tillögu, eða 250—300 m.kr.

Fjárveitinganefnd fékk báðar þessar tillögur til athugunar. Hún beitti sér fyrir samkomulagi um eina málamiðlunartillögu sem samþykkt var 25. maí 1981 (sbr. fskj. II). Tillaga að slíkri langtímaáætlun hefur tvívegis verið lögð fyrir Alþingi en ekki hlotið afgreiðslu. Þar er sett það markmið að 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu skuli varið til vegagerðar, 2.3% 1984 og 2.4% 1985 og síðar.

Nú á yfirstandandi ári ætti þessi stefnumótun að koma til framkvæmda í fyrsta sinn. Þrátt fyrir samdrátt þjóðarframleiðslu verður því markmiði ekki náð með þeirri tillögu sem nú er fjallað um til vegáætlunar fyrir árin 1983—86, eins og fyrr er bent á í þessu nefndaráliti.

Það er mikil ógæfa og ber vott um það stjórnleysi og rótleysi, sem nú ríkir, að sérstaklega er skorið niður fjármagn til vegamála sem sannanlega eru ein arðbærustu og brýnustu félagslegu verkefni sem bíða úrlausnar, einkum þegar fyrir liggur skýr stefnumótun Alþingis um hið gagnstæða. Eitt af þýðingarmestu viðfangsefnum stjórnvalda á næstu árum er að fylgja sem fastast fram framsýnni stefnu í vegamálum.

Alþingi, 10. mars 1983.

Lárus Jónsson, frsm. | Friðrik Sophusson. | Egill Jónsson.

Fylgiskjal I.

1980 (103. löggjafarþing) — 96. mál.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar

um vegagerð.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Albert Guðmundsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðrik Sophusson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Karlsson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Steinþór Gestsson, Vigfús B. Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fella að nýrri vegáætlun sérstaka 12 ára áætlun um lagningu hringvegar og vega til allra þéttbýlisstaða í landinu með bundnu slitlagi, svo og fjölförnustu dreifbýlisvega.

Framkvæmdum skal hagað þannig (ekki forgangsröðun innan áfanga):

1. áfangi — árin 1981—1984:

a)	Reykjavík — Akureyri — Húsavík (um Víkurskarð og Leirur)	438 km
b)	Mosfellsdalur — Þingvellir	25 —
c)	Stykkishólmur — Ólafsvík — Hellissandur	80 —
d)	Patreksfjörður — flugvöllur — Tálknafjörður — Bíldudalur — Flókalundur	159 —
e)	Ísafjörður — Þingeyri	58 —
f)	Súðavík — Ísafjörður — Bolungarvík	26 —
g)	Egilsstaðir — Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður	93 —
h)	Egilsstaðir — Seyðisfjörður	25 —
i)	Höfn í Hornafirði — Mánagarður — Almannaskarð	12 —
j)	Vík í Mýrdal — Hella	94 —
k)	Fljótshlíðarvegur	12 —
l)	Skeiðavegur frá Suðurlandsvegi að Þjórsárdalsvegi	16 —
m)	Biskupstungnabraut frá Suðurlandsvegi að Laugarvatnsvegi	23 —
n)	Þykkvabæjarvegur	14 —
o)	Tenging við Akranes, Flateyri, Suðureyri, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkrók, Dalvík, Ólafsfjörð, Hauganes, Litla-Árskógssand og Þorlákshöfn (bæði um Ölfus og Þrengsli)	126 —
	Alls	**1 201 km**

2. áfangi — árin 1985—1988:

a)	Borgarnes — Stykkishólmur (um Heydal) — Búðardalur — Þorskafjörður	231 km
b)	Hringur af Vesturlandsvegi við Hvítárvelli um Uxahryggjaveg og Borgarfjarðarbraut á Vesturlandsveg hjá Stafholti ásamt tengingu við Reykholt um Reykdælaveg	48 —
c)	Ólafsvíkurvegur frá Heydalsvegi að Fróðárheiði	63 —
d)	Þingeyri — Bíldudalsvegur	61 —
e)	Sauðárkrókur — Siglufjörður	91 —
f)	Egilsstaðir — Jökulsá á Brú	23 —
g)	Egilsstaðir — Eiðar	16 —
h)	Eskifjörður — Neskaupstaður	20 —
i)	Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur — Höfn í Hornafirði — Vík í Mýrdal	495 —

j)	Laugarvatnsvegur	37 km
k)	Biskupstungnabraut frá Laugarvatnsvegi	47 —
l)	Landvegur	20 —
	Alls	1 150 km

3. áfangi — árin 1989—1992:

a)	Fróðárheiði	13 km
b)	Kerlingarskarð	23 —
c)	Laxárdalsheiði	37 —
d)	Vestfjarðavegur úr Þorskafirði að Flókalundi	122 —
e)	Hólmavík — Norðurlandsvegur	117 —
f)	Siglufjarðarvegur frá Norðurlandsvegi að vegamótum Sauðárkróksbrautar	20 —
g)	Hringvegur um Eyjafjörð um Saurbæ og Möðruvelli í Eyjafirði	50 —
h)	Akureyri — Grenivík	23 —
i)	Norðurlandsvegur frá vegamótum Norðausturvegar um Mývatnssveit og Hólsfjöll og Austurlandsvegur að Jökulsá á Brú	203 —
j)	Mývatnsvegur	42 —
k)	Frá Húsavík um Kópasker og Raufarhöfn til Þórshafnar	217 —
l)	Vopnafjörður — Möðrudalsöræfi	70 —
m)	Vopnafjörður — Bakkafjörður	43 —
n)	Skeiðavegur frá Þjórsárdalsvegi að Flúðum	13 —
o)	Þjórsárdalsvegur að Búrfellsvirkjun	32 —
p)	Skálholtsvegur	15 —
q)	Þingvallavegur frá Biskupstungnabraut að Þingvöllum	35 —
	Alls	1 075 km

Alls er hér um að ræða um 3 426 km.

Kostnaður:

Á áætluðu verðlagi 1. ágúst 1981 er kostnaður áætlaður þannig, miðað er við 6.5 m breiðan veg með 1 m vegöxlum og jöfnunarlagi:

Olíumöl	38	m.kr./km
Klæðning (tvöföld)	24	— —
Undirbygging og brýr	50	— —

Reiknað er með að í fyrsta áfanga verði 50% slitlags olíumöl og 50% klæðning, öðrum áfanga 40% olíumöl og 60% klæðning og í þriðja áfanga 30% olíumöl og 70% klæðning.

Áætlaður heildarkostnaður verður þá:

1. áfangi:

Slitlag — olíumöl 50%	22 819	m.kr.
Slitlag — klæðning 50%	14 412	—
Undirbygging og brýr	60 050	—
		97 281 m.kr.

(Kostnaður á ári 24 320 m.kr)

2. áfangi:

Slitlag — olíumöl 40%	17 480	m.kr.
Slitlag — klæðning 60%	16 560	—
Undirbygging og brýr	57 500	—
		91 540 m.kr.

(Kostnaður á ári 22 885 m.kr.)

3. áfangi:

Slitlag — olíumöl 30%	12 255 m.kr.	
Slitlag — klæðning 70%	18 060 —	
Undirbygging og brýr	53 750 —	
		84 065 m.kr.

(Kostnaður á ári 21 016 m.kr.)

Samtals 272 886 m.kr.

Kostnaður að meðaltali á ári 22 741 m.kr.

Fjármögnun:

Árlegar framkvæmdir verði fjármagnaðar þannig:

Úr Vegasjóði	10 000 m.kr.
Úr Byggðasjóði	3 000 —
Happdrættislán	5 000 —
Af innflutningsgjaldi af bifreiðum	5 000 —
	23 000 m.kr. á ári

Allar framangreindar fjárhæðir haldi raungildi sínu ár frá ári.

Ef þörf krefur verði tekin erlend lán til sérstakra verkefna í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni.

Vegáætlun og sérstök verkefni:

Með fjármagni á vegáætlun, og ef þörf krefur með erlendri lántöku í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni, skal leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi sérverkefni ásamt byggingu vega upp úr snjó og lélegra vegarkafla, þótt síðar á tímabilinu yrðu lagðir bundnu slitlagi (verkefnum er ekki raðað í forgangsröð):

1. Garður og brú yfir Botnsvog.
2. Vesturlandsvegur (efri hluti Norðurárdals).
3. Brú yfir Dýrafjörð.
4. Göng í gegnum Breiðadalsheiði.
5. Djúpvegur og tenging Inn-Djúps við Hólmavík.
6. Vegsvalir á hættulegum stöðum, svo sem Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla.
7. Garður og brýr yfir Leirur í Eyjafirði.
8. Víkurskarð.
9. Melrakkaslétta.
10. Hvalnes — Hofsá.
11. Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes.
12. Reykjanesbraut (Reykjavík — Kópavogur — Garðabær — Hafnarfjörður).

Greinargerð.

Þegar þingsályktunartillaga sama eðlis var flutt á 100. löggjafarþingi fylgdi henni stutt greinargerð svohljóðandi:

„Brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar nú er gerð vega með bundnu slitlagi til allra þéttbýliskjarna í landinu og lagning vega upp úr snjó. Samhliða beislun orku fallvatna og í iðrum jarðar er þetta einnig arðgæfasta framkvæmdin. Því ber nauðsyn til að Alþingi taki þegar í stað ákvörðun í máli þessu.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu."

Fylgiskjal II.

Þingsályktun

um gerð langtímaáætlunar um vegagerð.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2.4% innan 3 ára, og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m. a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.

Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður í 3 tímabil, 4 ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni, hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár, og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 t.) allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á vegi, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið, þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Enn fremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því, að bundið slitlag verði lagt á a. m. k. ¼ hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar í vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982.

Samþykkt á Alþingi 25. maí 1981.

Nd. 623. Frumvarp til laga [257. mál]

um skólakostnað.

Flm.: Ingvar Gíslason menntamálaráðherra.

I. KAFLI
Gildissvið

1. gr.

Lög þessi taka til grunnskóla og forskóla við þá, svo og framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Ákvæði þeirra taka einnig, eftir því sem við á, til framhaldsskóla sem reknir eru af ríkinu einu, sbr. og 37. gr.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

II. KAFLI
Stofnkostnaður

3. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar og endurskoðar hana svo oft er ástæða þykir til.

Árleg framkvæmdaáætlun, er ráðuneytið gerir í sambandi við tillögur til fjárlaga hverju sinni, skal við það miðuð hvar fjárfestingarþörf er brýnust hverju sinni að mati ráðuneytisins.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fylgist með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoðar teikningar og staðfestir þær og lítur eftir að framkvæmd verks sé í samræmi við staðfesta uppdrætti og verklýsingu.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um stærð skólahúsnæðis, frágang þess og búnað og viðmiðunartölur sem fjárframlög ríkisins til bygginga miðast við.

Áður en hönnun er hafin skal gerð áætlun um húsnæðisþörf viðkomandi stofnunar. Skal hún miðuð við framangreindar reglur um stærð húsnæðis og áætlun um nemendafjölda skólans og verksvið. Áætlanir skal miða við væntanlegan nemendafjölda í grunnskóla viðkomandi skólahverfis þegar íbúafjöldi og aldursskipting hans er komin í það horf sem gera má ráð fyrir að haldist til frambúðar.

Áætlun um byggingu framhaldsskóla skal með sama hætti miða við fyrirsjáanlegan fjölda nemenda á því svæði sem skólanum er ætlað að þjóna.

Áætlanir þessar skulu staðfestar af menntamálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélagi áður en hönnun hefst.

5. gr.

Sveitarstjórnir ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum og annast annan undirbúning að framkvæmdum eftir því sem nánar skal ákveðið í samningi við hönnuði. Samningur þessi kveði einnig á um verktíma og greiðslur.

Ráðuneytinu skal senda, áður en hönnunarstörf hefjast, afrit af samningi við hönnuði ásamt forsendum fyrir stærð hins fyrirhugaða mannvirkis og gerð, sbr. 4. gr., svo og kostnaðaráætlun.

Óheimilt er að hefja hönnunarstörf fyrr en samþykki ráðuneytis á hönnunarforsendum liggur fyrir.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til hönnunarforsendna skal liggja fyrir samningur eða staðfest skilríki fyrir því að afmörkuð lóð eða landrými sé fyrir hendi kvaðalaust, vatnsréttindi tryggð og samningur gerður um afnot af jarðhita ef fyrir hendi er.

6. gr.

Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir fyrir skólamannvirki, sem lög þessi taka til, og greiða byggingaleyfisgjöld og önnur gjöld til sveitarsjóða sem á eru lögð vegna framkvæmdanna.

Sveitarstjórnir annast og bera kostnað af öflun á heitu og köldu vatni, þar á meðal af réttindakaupum vegna jarðvarma og tengingum við fjarvarmaveitur.

Þar sem æskilegt er talið að bora eftir heitu eða köldu vatni, fyrst og fremst til nota fyrir skóla, er heimilt að kosta þá framkvæmd allt að 50% úr ríkissjóði skv. sérsamningi við sveitarfélag sem í hlut á, þ. e. handhafa vatnsréttinda. Verði vatn, sem fæst með slíkri borun, meira en þörf skólans nemur og sé ákveðið að nýta það fyrir aðra en skólann skal ríkissjóði endurgreiddur borunarkostnaður hans með verðbótum í samræmi við lokamálsgrein 8. greinar.

Sé ríkissjóði ekki endurgoldinn borunarkostnaður, sbr. framangreint, skulu reiknaðar tekjur af allri vatnsnotkun og renna þær í ríkissjóð í sama hlutfalli og kostnaðarþátttaka hans var í vatnsöflunarkostnaði. Menntamálaráðuneytið setur reglur um ákvörðun tekna af vatnsnotkun. Ákvæði þessarar málsgreinar taka til skóla þar sem ríkissjóður hefur borið kostnað af borun eftir vatni fyrir gildistöku þessara laga.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofnkostnaði húsrýmis, búnaðar og lóðar skóla í samrekstri ríkis og sveitarfélaga.

Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar húsrýmis skal miða við kostnaðaráætlun sem gerð er á grundvelli viðmiðunartalna sem ákveðnar skulu í reglugerð, sbr. 4. gr. Kostnaður við búnað og lóð greiðist skv. áætlun sem fylgir samningi um framkvæmdina og reikningum í samræmi við hana.

Framlag ríkissjóðs skal vera 50% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja heimangöngu- og heimanakstursskóla á grunnskólastigi og samsvarandi húsnæðis heimavistarskóla, en 85% af stofnkostnaði heimavistarhúsnæðis, þ. á m. íbúða fyrir skólastjóra og kennara heimavistarskóla á grunnskólastigi þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um skólarekstur.

Þar sem svo hagar til í dreifbýli, að dómi menntamálaráðuneytisins, að nauðsynlegt sé að sjá kennurum við grunnskóla fyrir húsnæði er ráðuneytinu heimilt að samþykkja kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði er nemi 50%—75%.

Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar skólahúsnæðis fyrir framhaldsskólastig skal vera 60% af áætluðum stofnkostnaði húsnæðis fyrir nemendur á 1. og 2. námsári, en skólahúsnæði fyrir nemendur á 3. og 4. námsári greiðir ríkissjóður að fullu.

Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar verknámsaðstöðu iðngreina og námsbrauta með

sambærilegu verknámi skal vera 80% ef aðstaðan er ætluð fyrir heil fræðsluumdæmi eða hluta þeirra þar sem nemendafjöldi krefst þess.

Í sveitarfélögum, þar sem framhaldsskóli tekur til allra aldursflokka á framhaldsskólastigi, er heimilt að miða hluta ríkissjóðs í stofnkostnaði við ákveðinn hundraðshluta í stað sundurgreiningar eftir aldursflokkum. Í því tilfelli skal miða við 70% af öllum stofnkostnaði.

Séu nemendur framhaldsskóla að minna en 3/5 hlutum úr því eða þeim sveitarfélögum, sem standa að skólarekstrinum og hafi menntamálaráðuneytið staðfest áætlanir um byggingu eða stækkun skóla á þeim forsendum, sbr. 4. gr., skal framlag ríkissjóðs vera hærra en að framan greinir sem nemur 0,5% fyrir hvern hundraðshluta sem vantar á að nemendur úr rekstrarsveitarfélögunum séu 60% af áætluðum nemendafjölda. Séu framhaldsskólar á vegum sama aðila fleiri en einn skal þetta ákveðið í einu lagi fyrir þá alla.

8. gr.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt 7. gr. miðast við allan stofnkostnað húsnæðis, búnaðar og lóðar. Auk beins byggingarkostnaðar telst til stofnkostnaðar húsnæðis allur hönnunar- og undirbúningskostnaður, kostnaður við eftirlit með framkvæmdum, kostnaður við tengingu við almenningsveitur og vegakerfi. Til kostnaðar við búnað teljast kaup á lausum innanstokksmunum og kennslutækjum með hliðsjón af viðmiðunarskrá sem menntamálaráðuneytið gefur út.

Til kostnaðar við lóðargerð telst girðing lóðar og frágangur hennar, gerð leikvalla og annarra lóðarmannvirkja.

Til stofnkostnaðarframkvæmda skv. lögum þessum teljast viðbætur og meiri háttar endurbætur á eldra skólahúsnæði í samrekstri ríkis og sveitarfélaga. Kostnaður af framkvæmdum þessum skiptist skv. ákvæðum 7. gr. og skal undirbúningi þeirra hagað með sama hætti og um nýbyggingu væri að ræða.

Kostnaðaráætlun skólamannvirkja, sem framlag ríkissjóðs skv. 7. gr. byggist á, skal miðuð við byggingarkostnað á þeim tíma sem áætlunin er gerð.

Greiðslur ríkissjóðs breytast í hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er reiknuð af Hagstofu Íslands og gildir það einnig um kostnað við lóðargerð og stofnbúnað.

9. gr.

Óski sveitarfélag að reisa eða stækka skólamannvirki skal það sækja um það til menntamálaráðuneytisins og láta fylgja umsókn frumathugun á forsendum og byggingarþörf. Samþykki menntamálaráðuneytið umsóknina mælir það með fjárveitingu til framkvæmda við gerð fjárlaga.

Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en veitt hefur verið nægileg framkvæmdafjárveiting í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

10. gr.

Framlög til skólamannvirkja skiptast á tveggja til fjögurra ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar eða framkvæmdaáfanga.

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs er hverju sinni háð því að framlag viðkomandi sveitarsjóðs sé greitt og að framvinda byggingarinnar sé með eðlilegum hætti.

Útborgun á greiðsluhluta ríkissjóðs til byggingar á hverjum tíma skal ekki vera hærri en hér greinir miðað við byggingarstig: 10% þegar botnplata er steypt, 40% þegar bygging er fokheld, 75% þegar bygging er tilbúin undir tréverk, 95% þegar bygging er tilbúin til úttektar, 100% þegar skóli er fullbúinn til notkunar.

Hafi sveitarfélag samtímis í smíðum tvö eða fleiri skólamannvirki, er falla undir ákvæði

laga þessara, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt skal árlegu framlagi skipt í fimm jafnar greiðslur sem greiðast 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

Menntamálaráðuneytið getur ákveðið að framlög ríkissjóðs og framlög sveitarfélaga verði greidd á sérstakan byggingarreikning í banka eða sparisjóði og að allur kostnaður við byggingarframkvæmdir greiðist af þeim reikningi.

11. gr.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til framkvæmda, sem af einhverjum ástæðum seinkar, er menntamálaráðuneytinu heimilt að lána til að hraða öðrum skólamannvirkjum þannig að nothæfur byggingaráfangi náist. Þá er menntamálaráðuneytinu heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga til þeirra mannvirkja sem fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að ljúka að fullu né ná nothæfum áfanga með þeim fjárveitingum ríkis og sveitarfélags sem fyrir liggja. Heimilt er ráðuneytinu að lána þessar fjárveitingar með sama hætti og fyrr greinir.

12. gr.

Ef henta þykir að kaupa húsnæði til skólahalds og menntamálaráðuneytið samþykkir það tekur ríkissjóður þátt í kaupunum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nýbyggingar yrði greiddur. Áður en kaup fara fram skal viðkomandi fasteign skoðuð og metin sameiginlega af fulltrúum menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórnar.

13. gr.

Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, sem sveitarfélög reisa ein eða í samvinnu við íþrótta- og ungmennafélög, á sama hátt og um stofnkostnað skólahúsnæðis væri að ræða, miðað við nýtingu vegna skólahalds.

Áður en framkvæmdir hefjast skal gerður samningur við eigendur þessara mannvirkja um afnot skólans af mannvirkjunum, stjórn þeirra og framlag ríkissjóðs. Greiðsla á framlagi ríkissjóðs til stofnkostnaðar þessara mannvirkja er háð því að fylgt hafi verið ákvæðum þessara laga um undirbúning og framkvæmdir.

Sá hluti mannvirkja, sem ríkissjóður greiðir framlag til samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði.

III. KAFLI

Rekstrarkostnaður

14. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þ. m. t. allan kostnað vegna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu við það miðaðar að unnt sé að veita þá þjónustu sem lög og reglugerðir samkvæmt þeim ákveða. Menntamálaráðuneytið ræður starfsfólk fræðsluskrifstofu.

Ríkissjóður greiðir, í þeim skólum sem lög þessi taka til, allan launakostnað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, yfirkennara, kennara og annarra þeirra starfsmanna er ríkið ræður til starfa í skólum til kennslu eða undirbúnings hennar, stjórnunar, námsráðgjafar í skólum og til starfa í skólasafni.

Sama gildir um launakostnað starfsmanna er ríkið ræður til starfa við námsmat. Til launakostnaðar telst í þessu sambandi, auk beinna launagreiðslna, allur kostnaður er rekja má til kjarasamninga ríkisins og sérsamninga þess við stéttarfélög eða einstaklinga.

15. gr.

Greiðslur ríkissjóðs á launakostnaði vegna kennslu á grunnskólastigi og ráðningar kennara í hverju skólakerfi skulu að hámarki miðast við eftirfarandi, sbr. þó 17. og 18. grein.

A. Á hverja bekkjardeild skal koma sá stundafjöldi sem viðmiðunarstundaskrá ákveður hverju sinni, enda sé fjöldi nemenda í bekkjardeildum eða námshópum þessi, sbr. lög nr. 63/1974 47. gr.:
Allt að 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir.
Allt að 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír.
Allt að 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.
Að jafnaði 24 nemendur ef aðeins einn aldursflokkur er í bekkjardeild.

Heimilt er að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að víkja frá þessari meginreglu þar sem fleiri en einn grunnskóli er í sama skólahverfi. Skal þá tekið mið af eðlilegri skólasókn eftir búsetu nemenda og staðsetningu skóla innan skólahverfis.

Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, aukið nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum sem svarar allt að 2 stundum fyrir hvern nemanda sem umfram er þegar aldursflokkar eru tveir eða fleiri en 1 stund þegar einn aldursflokkur er í bekkjardeild. Þó skal meðaltal í bekkjardeildum hvers einstaks grunnskóla í hverjum aldursflokki fyrir sig ekki fara yfir 28 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30. Verði gerð breyting á ákvæðum um hámarksfjölda skulu ákvæði um meðaltöl breytast til samræmis.

B. Á hverja bekkjardeild í 3. til 9. bekk, sem skipuð er minnst 15 nemendum, sbr. A-lið, komi að jafnaði þrjár kennslustundir vegna skiptingar bekkja í verklegri kennslu og 1,4 kennslustundir á hverja 17 nemendur í 9. bekk vegna skiptingar í valgreinum.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ákveða stundir til skiptingar bekkjardeilda umfram það sem að framan greinir.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð.

16. gr.

Á framhaldsskólastigi greiðir ríkissjóður allan launakostnað vegna kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við samþykkta kennsluáætlun sem send skal menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júní árlega.

Sem meginreglu skal miða við að meðalfjöldi í bekkjum og námshópum sé eigi lægri en 22 í bóklegri kennslu og eigi lægri en 11 í verklegri kennslu. Þó skal tryggt að unnt sé að halda uppi a. m. k. á einum stað á landinu kennslu í löggiltum iðngreinum þrátt fyrir fámenni í námshópum.

Þeir skólar, sem víkja frá meðaltali í námshópum skv. þessari grein, þannig að ekki er unnt að halda uppi eðlilegri kennslu með þeim stundafjölda sem til ráðstöfunar er skv. almennri viðmiðun, skulu í framangreindri áætlun gera sérstaka grein fyrir þörf sinni á auknu kennslumagni.

Úrskurður ráðuneytisins um áætlanir skal liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst og skólahald næsta skólaárs við hann miðað.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um ákvörðun kennslumagns, þar á meðal frávik frá almennum reglum fyrir litla skóla, hvernig staðið skuli að gerð kennsluáætlana og staðfestingu þeirra.

17. gr.

Auk kennslukostnaðar skv. 15 og 16. gr. greiðir ríkissjóður viðurkennda sjúkrakennslu, forfallakennslu og sérkennslu nemenda, sbr. 50. gr. og 51. gr. laga nr. 63/1974, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Fræðslustjóri skipuleggur í samráði við skólastjóra stuðnings- og hjálparkennslu í hverju fræðsluumdæmi og hefur til ráðstöfunar í því skyni sem svarar allt að 1 kennslustund á viku á hverja 12 nemendur í grunnskólum umdæmisins.

Um rekstur skólaathvarfa, athvarfsiðju og annarrar áþekkrar starfsemi innan grunnskólans fer skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

18. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað vegna starfa í skólasafni og ræður menntamálaráðuneytið starfsfólk til þeirra.

Árlegt framlag ríkissjóðs til þessara starfa í grunnskóla, sem starfar í 9 mánuði, skal reiknast 3,4 klst. á nemanda til starfa í skólasafni, að viðbættum 40 klst. á hvern skóla á ári.

Um skiptingu milli leiðsagnar og annarra starfa í skólasafni fer eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins og ákvæðum kjarasamninga.

Í framhaldsskólum skal miða ráðningu safnvarðar og aðstoðarfólks við allt að 3 klukkustundir á nemanda á ári að viðbættum 300 klukkustundum þar sem framhaldsskólinn er ekki í tengslum við grunnskóla en nemendur eru minnst 150.

19. gr.

Launakostnað vegna gæslu nemenda í heimavistum greiðir ríkissjóður í samræmi við kjarasamninga eða sérstakt samkomulag hverju sinni.

20. gr.

Sveitarfélög greiða launakostnað starfsfólks í mötuneytum grunnskóla. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum þennan launakostnað vegna grunnskólanema sem eru í heimavist eða daglegum skólaakstri skv. samningum og þeim reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

21. gr.

Kostnaður af fullorðinsfræðslu við framhaldsskóla skv. ákvæðum laga um framhaldsskóla skiptist þannig að rekstraraðilar skólans leggja til húsnæði og bera kostnað af rekstri þess skv. almennum ákvæðum laganna. Kostnaður vegna kennslulauna skiptist að jöfnu milli ríkis, viðkomandi sveitarfélaga og nemenda er greiði sinn hlut sem námskeiðsgjöld.

22. gr.

Um endurgreiðslu ríkissjóðs og framlög hans til annars rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsdeilda, sem tengdar eru grunnskóla, skal fara sem hér segir:

Ríkissjóður greiðir:

a) Rekstrarframlag vegna nemenda grunnskóla, kr. 6000 á skóla sem grunnframlag að viðbættum kr. 100 á hvern nemanda í 1.—9. bekk og framhaldsdeildum og að auki kr. 1300 á hvern nemanda sem dvelur í heimavist. Framlagi þessu skal m. a. varið til greiðslu á kostnaði vegna félagsstarfa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
b) Hluta í aksturskostnaði grunnskólanema eða í öðrum kostnaði, sem getur komið í hans stað, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað að þátttaka ríkissjóðs sé allt að 40% í þéttbýli en 80% í dreifbýli.
c) Leigukostnað vegna kennsluhúsnæðis að hálfu, enda séu húsaleigusamningar staðfestir af menntamálaráðuneytinu ef um leigu til lengri tíma en eins skólaárs er að ræða.
d) Kostnað af viðhaldi og endurnýjun skólahúsnæðis, heimavista, tækja og búnaðar að hálfu samkvæmt samþykktum reikningum. Viðhaldskostnaður skólastjóra- og kennarabústaða greiðist af sveitarfélögum.
e) Sú heilsugæsla í skólum, sem ekki er greidd sem hluti almennrar heilsugæslu, endurgreiðist að hálfu.

23. gr.

Árleg framlög og endurgreiðslur ríkissjóðs vegna rekstrarkostnaðar framhaldsskóla skulu vera sem hér segir:

a) Rekstrarframlag vegna nemenda á 1. og 2. námsári framhaldsskóla kr. 100 á hvern nemanda.
b) Framlag vegna nemenda á þriðja og síðari námsárum kr. 2400 á hvern nemanda.
c) Framlag vegna nemenda í heimavist kr. 1300 á hvern nemanda.
d) Framlag kr. 1300 vegna hvers nemanda í verknámi á skólaverkstæði, enda sé nemandi a. m. k. 20 kennslustundir í verklegu námi á viku.
e) Heimilt er að ákveða í reglugerð sérstakt rekstrarframlag til skóla utan jarðhitasvæða. Skal það miðað við að hitunarkostnaður á nemanda þar verði eigi hærri en hann er að jafnaði annars staðar.
f) Endurgreiðsla vegna leigu á kennsluhúsnæði, án ljóss og hita, nemi 70% leigugjalds. Húsaleigusamningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu sé um að ræða leigu til lengri tíma en eins skólaárs.
g) Endurgreiðsla vegna viðhalds og endurnýjunar skólahúsnæðis og búnaðar nemi 70% kostnaðar samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum.
h) Heimilt er að endurgreiða að hluta kostnað við skipulagðan akstur framhaldsskólanema utan þéttbýlissvæðis þar sem skólinn er samkv. nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað að endurgreiðsla ríkissjóðs nemi allt að 70% kostnaðar þegar frá hefur verið dregin fjárhæð sem svarar til almennra strætisvagnafargjalda.

24. gr.

Með nemanda er í 22. og 23. gr. átt við þann sem stundar fullt nám í heilt skólaár, minnst 9 mánuði. Sé námstíminn skemmri en 9 mánuðir eða nám ekki fullt skerðast framlögin hlutfallslega. Fullt nám telst að jafnaði 36 vikustundir í framhaldsskóla og í grunnskóla sá stundafjöldi sem í námskrá er ákveðinn fyrir viðkomandi aldursárgang.

25. gr.

Eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti skal samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 34. gr., endurskoða upphæð framlaga ríkissjóðs með tilliti til þess að þau haldi verðgildi miðað við verðþróun í landinu.

Milli þess sem endurskoðun skv. fyrstu málsgrein fer fram skal rekstrarframlag vegna nemenda í grunnskóla og vegna nemenda á 1. og 2. ári framhaldsskóla, sbr. a-lið 22. og 23. gr., breytast í hlutfalli við almennar launabreytingar en önnur framlög í hlutfalli við vísitölu neysluvöruverðs.

Fjárhæðir, sem tilgreindar eru í 22. gr. og 23. gr., eru miðaðar við verðlag og kaupgjald 1. janúar 1981.

26. gr.

Framlög ríkissjóðs skv. a-lið í 22. gr. og stafliðum a - e í 23. gr. skulu greidd rekstraraðila mánaðarlega skv. greiðsluáætlun sem gerð skal í upphafi árs og leiðrétt m. t. t. verðlagsbreytinga, sbr. 25. gr.

Endurgreiðsla ríkissjóðs á launakostnaði í mötuneytum grunnskóla og aksturskostnaði grunnskólanema fer fram mánaðarlega skv. samþykktri áætlun.

Endanlegt uppgjör fer fram að loknu reikningsári.

27. gr.

Sæki nemandi á 1. eða 2. námsári framhaldsskólastigs skóla þar sem lögheimilissveitarfélag hans er ekki rekstraraðili skal rekstraraðila skólans greitt jöfnunarframlag sem nemur mismun á framlögum skv. a- og b-liðum 23. gr. með þeim verðlagsbreytingum sem á þeim verða, sbr. 25. gr.

Jöfnunarframlag þetta greiðist úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi hans til lögheimilissveitarfélags nemandans skv. reikningi sem rekstraraðili framvísar í nóvember ár hvert og staðfestur er af menntamálaráðuneytinu. Framlagið skal að fullu greitt fyrir árslok.

28. gr.

Leigutekjur af húsnæði og eignum skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum, renna til þeirra.

Þegar skólahúsnæði er lánað utan skólatíma til íþrótta-, æskulýðs- og félagsstarfsemi skulu gjöld fyrir afnot að lágmarki miðuð við að með þeim verði greiddur rekstrarkostnaður húsnæðisins þann tíma sem afnotin vara.

Sveitarstjórnir ákveða leigumála fyrir önnur afnot af skólahúsnæði. Ef um afnot sumarlangt eða til lengri tíma er að ræða skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

29. gr.

Rekstraraðilar skóla gera sundurliðaða áætlun um fyrirhugað viðhald hverrar fasteignar um sig, svo og áætlun um kostnað við endurnýjun og viðhald tækja og búnaðar þeirra skóla er lög þessi taka til, og senda menntamálaráðuneytinu til samþykktar við undirbúning fjárlaga ár hvert. Fallist ráðuneytið ekki á áætlanir þessar eða hluta þeirra skal það senda rekstraraðila (sveitarfélagi) athugasemdir sínar án tafar. Fari kostnaður fram úr samþykktri áætlun án þess að um eðlilegar verðbreytingar sé að ræða getur ráðuneytið neitað eða frestað greiðslu á hluta ríkissjóðs í því sem er umfram áætlunina.

Þar sem því verður við komið skal leita tilboða í viðhaldsverk og getur menntamálaráðuneytið sett það að skilyrði fyrir þátttöku sinni í kostnaði.

IV. KAFLI

Fjármálastjórn og reikningshald

30. gr.

Skólamannvirki þau, er þessi lög taka til, eru eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður var greiddur. Þetta gildir þó ekki um byggingar skv. 13. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum skólanefnda og skólastjóra sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu byggðarlagsins. Slíkt er þó því aðeins heimilt að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðisins í þágu skóla og nemenda.

Heimilt er að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins að nota skólahúsnæði utan venjulegs skólatíma til gistingar og veitingareksturs.

31. gr.

Sveitarfélög annast reikningshald og fjármál þeirra grunnskóla er lög þessi taka til en geta falið skólanefnd eða sérstökum aðila með samþykki fræðslustjóra að annast þau mál í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar viðkomandi sveitarfélags nema sérstaklega sé um annað samið.

Menntamálaráðuneytið eða aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku bókhaldi og upplýsingum um skólakostnað.

32. gr.

Sveitarstjórnir annast fjármál og rekstur framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af

ríki og sveitarfélögum, sbr. 35. gr., og annast greiðslur aðrar en laun skv. 16. gr. sem greiðast úr ríkissjóði.

Í bókhaldi skal halda rekstri framhaldsskóla að fullu aðgreindum frá öðrum rekstri sveitarfélags.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa sameiginlega að rekstri framhaldsskóla skulu þessir aðilar ákveða og kosta sameiginlega rekstrar- og fjármálastjórn þessara stofnana, bókhald þeirra og endurskoðun.

Starfi í sama fræðsluumdæmi skólar sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélagi og skólar reknir af ríkinu einu er heimilt með samningi milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélaga að setja sameiginlega rekstrarstjórn er annist í umboði rekstraraðila fjármálastjórn skólanna og hafi umsjón með rekstri þeirra, viðhaldi fasteigna og búnaðar og nýframkvæmdum eftir því sem nánar verður kveðið á um í samningi. Skal þar einnig kveðið á um skiptingu á kostnaði af fjármálastjórninni m. t. t. hvaða skólar falla undir verksvið hennar.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið úrskurðar um hluta ríkissjóðs í rekstri grunnskóla og framhaldsskóla skv. lögum þessum.

Skilagrein með úrskurði ráðuneytisins um kennslulaun og önnur laun sem ríkissjóður greiðir, sbr. 14.—21. gr., svo og framlög og hlut ríkis í rekstrar- og viðhaldsliðum, sbr. 22. og 23. gr., skal send ríkisendurskoðun árlega til staðfestingar. Rekstraraðilar skólanna leggja fram þau gögn sem nauðsynleg eru í þessu sambandi fyrir þann tíma sem ráðuneytið ákveður. Verði vanhöld þar á er heimilt að stöðva greiðslur ríkissjóðs á framlögum og öðrum kostnaðarhluta hans skv. 22. og 23. gr. uns úr hefur verið bætt.

34. gr.

Samstarfsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr. laga nr. 63/1974, skal vera til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir sem gefnar eru út skv. lögum þessum áður en þær eru staðfestar. Ennfremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði sem upp kunna að koma varðandi framkvæmd laganna og reglugerða skv. þeim áður en þau koma til endanlegs úrskurðar.

35. gr.

Sveitarfélög ein sér eða fleiri saman annast rekstur grunnskóla og þeirra framhaldsskóla sem taka til náms á fyrsta og öðru ári að loknum grunnskóla og náms í sömu stofnunum í beinu framhaldi af því. Skv. þessu annast sveitarfélög rekstur þeirra skólastofnana sem starfað hafa á grundvelli laga um iðnfræðslu, svo og skólastofnana sem starfað hafa á grundvelli laga nr. 14/1973 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Verði svo um samið milli ríkis og sveitarfélags tekur það við rekstri almennra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú, þ. e. menntaskóla, héraðsskóla og húsmæðraskóla.

Stofn- og rekstrarkostnaður þessara skóla skiptist milli ríkis og sveitarfélaga skv. lögum þessum.

Heimilt skal með samningum að sameina tvær eða fleiri af framangreindum stofnunum.

36. gr.

Ríkið annast rekstur annarra framhaldsskóla en um getur í 35. gr., þ. e. framhaldsskóla sem einkum eru fyrir sérhæft nám á þriðja og fjórða ári eftir grunnskóla, eins þótt þá skóla sæki að hluta nemendur á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans.

Ríkissjóður ber stofnkostnað og rekstrarkostnað þessara skóla að frátöldu jöfnunargjaldi vegna nemenda á fyrsta og öðru námsári, sbr. 26. gr.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf sem þeir hingað til hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra fjárveitinga er að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum sem settar verða.

Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra, svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.

38. gr.

Verði ekki samið við sveitarfélög um að þau taki við rekstri framhaldsskóla sem ríkið rekur nú og nefndir eru í 35. gr. skal rekstur þeirra vera áfram í umsjá ríkisins. Það sveitarfélag, sem skólinn er í, skal í því tilfelli taka þátt í kostnaði af viðhaldi og endurnýjun tækja og búnaðar með sama hætti og væri það rekstraraðili.

Séu nemendur á 1. og 2. námsári skóla, sem um ræðir í þessari grein, að minna en $^3/_5$ úr því sveitarfélagi þar sem skólinn er skal hluti þess í viðhaldi og endurnýjun ákveðinn með sama hætti og kveðið er á um í síðustu málsgrein 7. gr.

Verði gert samkomulag við sveitarfélag um stækkun skóla eða meiri háttar stofnkostnaðarframkvæmdir fer um þær eftir ákvæðum 7. gr.

39. gr.

Ef húsnæði, sem ríki og sveitarfélag hafa byggt sameiginlega til skólahalds fyrir nemendur á grunnskólaaldri, er tekið til reksturs framhaldsskóla skal eignaraðild breytt með samkomulagi aðila til samræmis við það er verða myndi ef húsnæði væri byggt af aðilum sameiginlega fyrir framhaldsskóla.

Húsnæði, sem byggt hefur verið til skólahalds fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri, verður áfram í eigu þess eða þeirra aðila er greiddu stofnkostnað meðan það er nýtt til framhaldsskóla.

40. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda frá 1. janúar 1984 að telja. Ákvæði 15.—18. gr. koma til framkvæmda frá upphafi skólaárs 1983/1984 en að öðru leyti fer um uppgjör skólakostnaðar á árinu 1983 eftir fyrri lagaákvæðum, sbr. þó næstu mgr.

Ákvæði laganna um skiptingu stofnkostnaðar koma þegar til framkvæmda. Stofnkostnaður, sem fallið hefur á fram að gildistökudegi, skal gerður upp eftir eldri lögum.

42. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 49/1974 um skólakostnað, XIV. kafli (76.—86. gr.) laga nr. 63/1974 með áorðnum breytingum um grunnskóla, svo og önnur lagaákvæði sem ekki samrýmast ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Ekki hefur náðst samkomulag um að flytja þetta frumvarp sem stjórnarfrumvarp, en ég tel rétt að bera það fram til kynningar.

Um skólarekstur í samvinnu ríkis og sveitarfélaga gilda nú hin margvíslegustu lagaákvæði, lög nr. 41/1955, 49/1967, 14/1973, 63/1974, auk einstakra ákvæða í öðrum lögum, svo sem í lögum um iðnfræðslu. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að öll lagaákvæði, sem varða fjármálahlið skóla, sem reknir eru af ríki og sveitarfélögum, verði nú sameinuð í einni löggjöf. Ekki er að efa að ein heildarlöggjöf um skólakostnað mun gera stjórnun og meðferð fjármála skóla til muna einfaldari en verið hefur og væntanlega einnig eyða ýmsu misræmi sem verið hefur á því sviði milli sveitarfélaga og milli skólategunda. Löggjöf sú, sem frumvarp þetta fjallar um, tekur fyrst og fremst til hins almenna skólakerfis, þ. e. reglulegrar skólastarfsemi sem rekin er af ríki og sveitarfélögum. Utan hennar liggur ýmis starfsemi sem ekki fer fram innan þeirra stofnana sem almennt eru kallaðar grunnskólar eða framhaldsskólar. Er þar um að ræða skólastarfsemi svo sem tónlistarskóla og ýmsa fullorðinsfræðslu, námskeiðshald af ýmsu tagi o. s. frv. Löggjöf samkvæmt frumvarpi þessu tekur ekki til slíkra þátta og er gert ráð fyrir að löggjöf um þau atriði haldist óbreytt eða um þau verði sett ný og sérstök lagaákvæði.

Áður en vikið er að einstökum greinum í þessu frumvarpi skal hér gerð grein fyrir þeim meginatriðum sem einkenna frumvarpið. Að því er grunnskóla varðar er leitast við að hreyfa sem minnst við meginatriðum en þó eru gerðar nokkrar breytingar er til einföldunar þóttu horfa og nauðsynlegar, m. a. til að breyta skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Varðandi grunnskóla er gert ráð fyrir eftirfarandi:

1. Stofnkostnaðarákvæði laga nr. 49/1967 um skólakostnað haldast óbreytt að mestu. Þó er gerð lítils háttar breyting á hlutdeild ríkis í byggingu heimavista og kennaraíbúða.
2. Gert er ráð fyrir að ríkið greiði kennslulaun en felld eru niður hámarksákvæði um kenndar stundir á nemanda. Í stað þeirra koma ákvæði um stundafjölda sem er miðaður við námskrá og þá skipun í bekkjardeildir sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla.
3. Ríkið greiði laun skólastjóra og annarra stjórnenda sem það ræður að skólunum og ákveður það kennsluskyldu þeirra.
4. Ríkið greiði allan kostnað við fræðsluskrifstofur og sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Er hér um þá breytingu að ræða að hingað til hefur verið gert ráð fyrir því að sveitarfélög greiddu helming kostnaðar við mestan hluta þessarar starfsemi.
5. Gert er ráð fyrir að ríkið ráði starfsfólk að skólasöfnum og greiði laun þeirra.
6. Ríkið greiði ákveðið framlag á nemanda í grunnskóla er komi m. a. í stað þess framlags sem ríkið hafði áður greitt til starfa á skrifstofu og vegna félagsstarfa.

7. Ríkið greiði eins og áður umsjón með nemendum í heimavist og launakostnað í mötuneytum skyldunámsnemenda í heimavistum og heimanakstri.
8. Þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði nemenda lækki úr 85% í 80% í dreifbýli og úr 50% í 40% í þéttbýli.
9. Ríkið greiði hluta viðhaldskostnaðar, sem það greiðir ekki nú, og húsaleigu.
10. Annan rekstrarkostnað en þann sem sérstaklega er tilgreindur greiða sveitarfélög án þátttöku ríkissjóðs.
11. Veigamestu breytingarnar varðandi grunnskólann eru þær að aftur er tekin upp þátttaka ríkis í viðhaldskostnaði og að rekstur fræðsluskrifstofa og sálfræði- og ráðgjafarþjónustu er alveg tekinn á ríkið. Á móti er þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði lækkuð lítið eitt. Aðrar breytingar skipta litlu eða engu fjárhagslega en eru til einföldunar og hagræðingar.

Að því er framhaldsskóla varðar er meira um nýmæli, enda hefur þar ekki verið til að dreifa neinni heildarlöggjöf um fjármál framhaldsskólanna. Í meginatriðum er gert ráð fyrir því að sveitarfélög annist rekstur framhaldsskóla sem taka til almenns náms á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans og eins náms í sömu stofnunum þótt það sé á þriðja og fjórða ári. Ríkissjóður greiði hins vegar í formi fjárframlaga á nemanda og með þátttöku í ákveðnum kostnaðarliðum verulegan hluta af rekstrarkostnaði þessara skóla og er þá miðað við að hluti ríkisins í kostnaði við fyrsta og annað námsárið verði svipaður því sem gerist í grunnskólanum en hins vegar miðað við að ríkissjóður greiði allan kostnað vegna síðari námsáranna. Þetta fyrirkomulag taki til framhaldsdeilda við grunnskóla, iðnskóla, menntaskóla og fjölbrautaskóla. Ekki er þó gert ráð fyrir að sveitarfélög taki við rekstri allra þeirra skóla sem nú starfa og falla undir þessa upptalningu því að í frumvarpinu eru ákvæði þess efnis að skólar þessir geti haldist áfram í rekstri ríkisins ef ekki er af hálfu viðkomandi sveitarfélaga óskað eftir að taka við rekstri þeirra.

Aðra skóla en að framan hefur verið fjallað um mun ríkissjóður reka áfram og það eins þó að í þeim séu í sumum tilvikum nemendur á fyrsta og öðru námsári framhaldsskólans.

Til þess að jafna að nokkru greiðslubyrði milli sveitarfélaga innbyrðis, þ. e. þeirra sem reka framhaldsskóla samkvæmt framanskráðu og hinna sem ekki gera það, er gert ráð fyrir að sérstakt jöfnunarframlag verði greitt úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er gert ráð fyrir að framlag þetta greiðist vegna allra nemenda á fyrsta og öðru ári svo fremi að þeir sæki ekki framhaldsskóla á vegum eða í rekstrarumsjá síns lögheimilissveitarfélags. Jöfnunarframlagið yrði tekið af framlagi jöfnunarsjóðs til þessara sveitarfélaga og greitt þeim aðila sem rekur þann skóla sem nemandinn sækir á fyrsta og öðru ári.

Meginatriði varðandi hlutdeild ríkis í rekstrarkostnaði framhaldsskóla, sem sveitarfélög eru aðilar að, eru þessi:

1. Af stofnkostnaði vegna nemenda á fyrsta og öðru ári greiði ríkissjóður 60% nema þegar um er að ræða kennsluverkstæði fyrir verknámsskóla iðngreina þar sem gert er ráð fyrir að hluti ríkissjóðs verði 80% af stofnkostnaði. Vegna þriðja og fjórða námsárs er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan stofnkostnað. Þar sem rekinn er framhaldsskóli sem er fyrir allt skólastigið, þ. e. 1.—4. námsár, er gert ráð fyrir jafnaðarprósentu í stofnkostnaði, 70%, sem gildir þá fyrir allan stofnkostnað slíks skóla.
2. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði öll kennslulaun, laun skólastjórnenda og laun bókavarða með sama hætti og í grunnskólum.
3. Gert er ráð fyrir að viðhald og húsaleiga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.
4. Hluti ríkis í öðrum rekstrarkostnaði þeirra skóla, sem sveitarfélög veita forstöðu, verði með þeim hætti að ríkið greiði ákveðin framlög á hvern nemanda, mishá eftir því hvort um væri að ræða nemanda á fyrsta og öðru ári eða á síðari árum.

Um nemendur á fyrsta og öðru ári mundu gilda hliðstæð ákvæði og um nemendur í

grunnskóla en framlög vegna nemenda á síðari námsárum yrðu miðuð við að þau stæðu að fullu undir rekstrarkostnaði vegna þessara nemenda.

5. Þá er gert ráð fyrir að með sérstökum framlögum jafni ríkissjóður kostnað sveitarfélaga vegna nemenda sem dvelja í heimavistum og nemenda sem eru á skólaverkstæðum. Gert er ráð fyrir heimild til að ákveða í reglugerð jöfnunarframlag vegna mjög mismunandi orkukostnaðar eftir því hvort um er að ræða jarðhitasvæði eða ekki.

Breytingar þessar varðandi framhaldsskólann eru ekki eins miklar og ætla mætti við fyrstu sýn. Kemur þar til að sveitarfélög eru nú þegar þátttakendur í rekstri nær allra framhaldsskóla sem undir samrekstrarákvæðin falla, þ. e. framhaldsdeilda, iðnskóla og fjölbrautaskóla. Eina viðbótin er rekstur menntaskólanna sem þau tækju þátt í með sama hætti og í rekstri fyrrnefndu skólanna. Er hér um að ræða fáar stofnanir og þær tiltölulega einfaldar í rekstri og hlutfallslega ódýrar. Meginbreytingin er fólgin í einfaldari og skýrari ákvæðum um hluta ríkisins, færri kostnaðarliðum en áður er skipt milli ríkis og sveitarfélaga en reynt að fylgja þeirri meginreglu að ákvörðun og kostnaðarbyrði fylgist að. Samkvæmt því ákveður menntamálaráðuneytið og ræður í störf við stjórnun, kennslu og við bókasöfn og greiðir þann kostnað að fullu. Til almenns rekstrar leggur ríkið fram ákveðna fjárhæð á nemanda en sveitarfélögin sem rekstraraðili stjórna þessum þáttum starfseminnar og bera kostnað sem er umfram ríkisframlagið. Viðhald og húsaleiga lýtur sameiginlegri ákvörðun og sömu ákvæðum um kostnaðarskiptingu og gilda um stofnkostnað.

Með greinargerðinni eru töflur og yfirlit yfir nemendafjölda í framhaldsskólum og þau áhrif sem frumvarp þetta mun hafa á greiðslubyrði og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga ef það nær fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi kveður á um gildissvið laganna, þ. e. fjármál grunnskóla og framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði laganna taki til framhaldsskóla sem reknir eru af ríkinu einu. Er hér meðal annars átt við ákvæði um kennslustundafjölda og ákvæði um jöfnunargjald sem samkvæmt þessu greiðist einnig vegna nemenda á fyrsta og öðru námsári sem stunda nám í skólum sem ríkið rekur eitt eða kostar að mestu leyti svo sem Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, en um þá er fjallað í 37. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði í grunnskólalögum og ákvæði sem var í lögum um skólakostnað en þau lög eru að mjög verulegu leyti lögð til grundvallar þessu lagafrumvarpi.

Um 4. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða gildandi ákvæðum laga um skólakostnað en aðeins ítarlegri að því er tekur til áætlanagerðar um forsendur fyrir skólabyggingum. Er það gert m. a. með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af ákvæði þessu varðandi grunnskóla, en það hefur sýnt sig að of lítið hefur verið hugað að áætlunum til lengri tíma um skólabyggingarþörf í einstökum skólahverfum sem leitt hefur til óþarfrar fjárfestingar á einum stað meðan skortur hefur verið á öðrum stöðum. Einnig er nauðsynlegt að ákvæði þessi séu ítarlegri fyrir framhaldsskólann en verið hefur þar sem ekki liggur eins ljóst fyrir um framtíðarþörf hans og að því er grunnskóla varðar.

Um 5. gr.

Eins og í lögum um skólakostnað og grunnskólalögum er hér gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ráði sérfræðinga til hönnunar skólamannvirkja. Nýmæli er að kveðið er á um að gerðir verði samningar við hönnuði. Er það gert í ljósi þess að á undanförnum árum hefur nokkuð oft komið til ágreinings um þessi mál og ljóst virðist að sveitarstjórnarmönnum er ekki ætíð kunnugt um þá skilmála sem hönnuðir ganga út frá þegar þeir taka að sér verk.

Um 6. gr.

Efni tveggja fyrstu málsgreina er óbreytt frá gildandi ákvæðum og svo er einnig um heimild til þess að kosta úr ríkissjóði að hluta borun eftir vatni þar sem sérstaklega stendur á. Nýmæli er hins vegar ákvæði um hvernig með skuli fara sé árangur af borun meiri en þörf er á fyrir skólann einan og möguleiki að virkja vatn til afnota fyrir aðra. Er þá gert ráð fyrir að um tvo kosti sé að velja. Annars vegar að sveitarsjóður kaupi ríkið út úr framkvæmdunum með því að endurgreiða með fullri verðtryggingu kostnað ríkissjóðs af boruninni eða hins vegar að tekjur af vatnssölu til annarra renni í ríkissjóð í hlutfalli við þátt hans í borunarkostnaði.

Um 7. gr.

Í grein þessari er kveðið á um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Gert er ráð fyrir að um greiðslur úr ríkissjóði gildi í meginatriðum sömu reglur og verið hafa frá 1967, það er að hluti ríkissjóðs verði fast verðtryggt framlag á hvern fermetra í húsnæði og miðist framlagið við ákveðinn hundraðshluta af áætluðum byggingarkostnaði. Gert er ráð fyrir að viðmiðunartölur fyrir kostnaðaráætlanir verði ákveðnar í reglugerð eins og verið hefur, sbr. 4. grein.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á hlutdeild ríkissjóðs í byggingum fyrir grunnskóla að öðru leyti en því að hlutdeild ríkis í heimavistarhúsnæði verði 85% í staðinn fyrir allt að 100% áður og í íbúðarhúsnæði fyrir kennara 50% til 75% í stað 75% eingöngu áður.

Rök fyrir því að lækka þetta hlutfall nú eru þau að hið háa hlutfall í heimavistarhúsnæði og kennarabústöðum hefur leitt til þess að mikil ásókn hefur verið í að byggja húsnæði af þessari tegund, jafnvel þó að þörf fyrir það hafi ekki verið brýn, og hefur það leitt til þess að bygging kennsluhúsnæðis hefur verið látin sitja á hakanum. Áhrif af þessari breytingu verða þó væntanlega óveruleg þar sem ekki er fyrirsjáanleg þörf á byggingu heimavistarhúsnæðis við grunnskóla svo neinu nemi.

Að því er framhaldsskóla varðar er gert ráð fyrir að vegna fyrsta og annars árs framhaldsskólans verði hluti ríkisins 60% af áætluðum stofnkostnaði. Vegna nemenda á þriðja og síðari námsárum verði hluti ríkissjóðs hins vegar 100%. Frávik frá framangreindri reglu er verknámsaðstaða iðngreina, þ. e. skólaverkstæði þar sem fram fer helmingur eða meira af kennslu nemenda í verknámsskólum. Ástæðan til þess að sérákvæði er haft um verknámsaðstöðu iðngreina er sú að í húsnæði þessu þarf til muna meira rými á hvern nemanda en í venjulegu kennsluhúsnæði. Að jafnaði má gera ráð fyrir að húsnæðisþörf á nemanda í þessu námi sé helmingi meiri en í bóklegu námi. Sama gildir um aðrar námsbrautir sem sambærilegar eru að þessu leyti.

Í stað þess að ákveða hluta ríkisins í stofnkostnaði eftir aldursflokkum, sbr. framangreint, er einnig heimilt að miða við ákveðinn hundraðshluta af öllum stofnkostnaði þegar um er að ræða skóla sem taka til allra aldursflokka framhaldsskólans. Það hlutfall, sem hér er miðað við, 70%, er nokkru hærra en gera má ráð fyrir að náist að jafnaði með skiptingu milli fyrsta og annars árs annars vegar og þriðja og fjórða árs hins vegar. Er því líklegt að í flestum tilvikum verði þessi leið valin.

Ákvæði þessarar greinar um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði framhaldsskóla taka til alls þess húsnæðis sem viðurkennt er sem hluti viðkomandi skóla.

Um 8. gr.

Í greininni er nánari skilgreining á því sem telst til stofnkostnaðar og ákvæði um að meiri háttar breytingar og viðbætur á eldra húsnæði skuli teljast til stofnkostnaðar og greiðast samkvæmt þeim ákvæðum. Einnig er hér að finna ákvæði um verðtryggingu á stofnkostnaðarframlögum ríkissjóðs.

Öll ákvæði þessarar greinar eiga sér hliðstæðu í núgildandi lögum.

Um 9.—13. grein

Ákvæði þessara greina eru öll efnislega hin sömu og nú eru í lögum um skólakostnað. Lítils háttar breyting er gerð á ákvæðum 11. greinar um greiðslu á framlagi ríkissjóðs með hliðsjón af fenginni reynslu.

Um 14. gr.

Grein þessi er stefnumarkandi að því leyti að hún kveður á um greiðsluskyldu ríkissjóðs á launum allra þeirra starfsmanna, þ. e. stjórnenda, kennara, bókavarða og starfsmanna við sálfræðiþjónustu og námsráðgjöf, sem ríkið ræður til kennslu og uppeldislegra starfa. Þær breytingar felast í þessu frá núgildandi ákvæðum að samkvæmt þessu greiðir ríkissjóður að fullu laun starfsmanna fræðsluskrifstofa þ. m. t. störf við sálfræðiþjónustu og námsráðgjöf, en í grunnskólalögunum var gert ráð fyrir að þessi kostnaður skiptist til helminga milli ríkis og sveitarfélaga. Þá er sú breyting að gert er ráð fyrir að ríkið ráði fólk til starfa í bókasafni og greiði laun þess en áður var sá háttur á að ríkið greiddi framlag til sveitarfélaga sem réðu starfsfólk til þessara starfa. Þá er kveðið á um að ríkið greiði allan kostnað af störfum fræðslustjóra, svo og annan rekstrarkostnað fræðsluskrifstofa.

Um 15. gr.

Í þessari grein er nánar kveðið á um kennslukostnað á grunnskólastigi. Í stað ákvæða grunnskólalaga um kennslustundafjölda á hvern nemanda, sem voru hámarksákvæði um framlag ríkissjóðs, er hér farið inn á þá braut að ákveða hverju skólahverfi um sig þann stundafjölda til almennrar kennslu sem námskrá kveður á um fyrir hvern bekk grunnskóla. Er hér gengið út frá því að við skipun nemenda í bekkjardeildir sé miðað við 47. gr. laga um grunnskóla þegar um er að ræða samkennslu árganga en að jafnaði 24 nemendur í bekkjardeild ef einn árgangur er í deildinni. Sem meginreglu er gengið út frá því að hvert skólahverfi, sbr. 16. gr. grunnskólalaga, sé skipulagt sem ein heild. Verði hins vegar ekki unnt að koma því við að fjöldi nemenda í bekkjardeild innan sama skólahverfis sé til jafnaðar 24 vegna búsetu nemenda og staðsetningar skólahúsnæðis þegar um fleiri en einn grunnskóla er að ræða í sama skólahverfi er menntamálaráðuneytinu heimilt að miða greiðslu kennslukostnaðar við færri nemendur samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, enda sé fyllstu hagkvæmni gætt við skipulag skólahaldsins. Þurfi skóli af einhverjum ástæðum að hafa nemendafjölda í bekkjardeild yfir þeim mörkum, sem fram eru sett í greininni, er gert ráð fyrir að skólinn fái fleiri kennslustundir til umráða sem hann getur notað til þess að skipta bekknum niður í smærri hópa í kennslu eða nýtt með öðrum hætti sem betur er talinn henta. Ákvæði um hámarksfjölda í bekkjardeildum eru hin sömu og í 46. gr. grunnskólalaga. Verði gerð breyting á því ákvæði verða ákvæði um nemendafjölda þessarar greinar að breytast til samræmis.

Talið er að með þessum breytingum verði ákvörðun stundafjölda til muna einfaldari en nú er og niðurstaðan réttlátari þar sem tryggt er að í öllum tilvikum fái skólarnir til ráðstöfunar kennslustundafjölda í samræmi við ákvæði grunnskólalaga um bekkjarskipan í skólum og um fjölda kennslustunda í einstökum bekkjum. Svokallaður kennslukvóti hefur undanfarin ár þjónað litlum tilgangi öðrum en að byggja á honum ákvörðun um stundafjölda til stjórnunarstarfa, bókasafna og félagsstarfa en þar sem nú er gert ráð fyrir annarri tilhögun um þá þætti er ekki ástæða til að viðhalda honum lengur.

Í B-lið greinarinnar eru ákvæði um viðbótarstundafjölda vegna verklegrar kennslu og vegna valgreina í 9. bekk grunnskóla. Ekki er hér um að ræða breytingu frá því sem nú er varðandi skiptingu í verklegri kennslu og þeim reglum sem menntamálaráðuneytið hefur gefið út um valgreinar í 9. bekk grunnskóla. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið geti heimilað frekari skiptistundir skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð um ákvæði þessarar greinar er kveði nánar á um framkvæmd.

Um 16. gr.

Á 30. þingi Norðurlandaráðs lágu fyrir 34 nýjar tillögur. Af þeim voru 26 tillögur frá þingmönnum sem sæti eiga í ráðinu og 8 voru ríkisstjórnatillögur. Af tillögum leiddu um 60% eða 21 þeirra til þess, að ráðið samþykkti tilmæli um aðgerðir til ráðherranefndar eða ríkisstjórna landanna. Ráðið afskrifaði 8 tillögur, en ein ríkisstjórnatillaga var afturkölluð. Tvær þingmannatillögur og tvær ríkisstjórnatillögur fengu ekki fullnaðarafgreiðslu og var vísað aftur til nefndar að þingi loknu.

Við upphaf 31. þings Norðurlandaráðs lágu fyrir ráðinu 43 tillögur og voru 37 þeirra þingmannatillögur og 6 frá norrænu ráðherranefndinni eða ríkisstjórnunum. Af þessum tillögum hafa 12 verið til meðferðar hjá tveimur eða fleiri nefndum ráðsins.

2. 4. Málefni fastanefnda Norðurlandaráðs.

2. 4. 1. Laganefnd.

Síðan á 30. þingi Norðurlandaráðs hafa tvö mál verið í brennidepli hjá laganefnd. Þau eru annars vegar þingmannatillaga og ríkisstjórnatillaga um aðild Álandseyja, Færeyja og Grænlands að Norðurlandaráði, en þeim var vísað til laganefndar ásamt nefndaráliti Petrinefndarinnar, eins og fram kemur í kafla 2. 2. 2. hér að framan, og hins vegar ráðstefna sú, er Norðurlandaráð hélt vorið 1982 um sifjarétt á Norðurlöndum. Lögð var rík áhersla á það í laganefnd að samstaða næðist um afstöðu til aðildar Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Þrátt fyrir það að samstaða hefði ekki náðst í Petrinefndinni, eins og áður getur, tókst laganefnd að ná samstöðu um nefndarálit sitt um aðild sjálfstjórnarsvæðanna þriggja að Norðurlandaráði.

Til ráðstefnunnar um sifjarétt á Norðurlöndum komu vísindamenn, embættismenn, forsvarsmenn félagasamtaka á sviði sifjaréttar, ásamt stjórnmálamönnum frá öllum Norðurlöndum. Talið er, að ráðstefnan hafi varpað nokkru ljósi á þá þróun, sem orðið hefur á sviði sifjaréttar á Norðurlöndum, og á það, hverjir möguleikar eru á nánari norrænni samvinnu og lagasamræmingu á sviði sifjaréttar á næstu árum. Skýrsla frá ráðstefnunni var gefin út í tímaritaflokki Norðurlandaráðs (NU 1982:5) og nefnist hún „Famelieret i Norden".

2. 4. 2. Menningarmálanefnd.

Það mál, sem á árinu 1982 hefur borið einna hæst hjá menningarmálanefnd, er þingmannatillaga um menningarmálasamstarfið næsta áratug (A611/k) og ríkisstjórnatillaga um sama efni (B 37/k). Markmið þingmannatillögunnar var að veita norrænum félagasamtökum og almenningssamtökum aukinn stuðning.

Af öðrum tillögum, sem menningarmálanefnd fjallaði um á árinu 1982, ber að nefna þingmannatillögu um samnorrænar heimskautarannsóknir (A619/k), þingmannatillögu um norrænar kvikmyndir og sjónvarpsefni á myndböndum (A625/k) og þingmannatillögu um samvinnu um móttöku á sjónvarpssendingum (A635/k).

Menningarmálanefnd hélt tvo fundi með norrænu ráðherranefndinni á árinu 1982.

Á fyrra fundinum voru rædd menningarmálafjárlög ársins 1983. Menningarmálanefnd benti þar meðal annars á þau vandamál, sem skapast vegna þess að stærstum hluta fjárlaganna er varið til að kosta starfsemi norrænna stofnana á menningar- og menntamálasviðinu. Því er einungis unnt að verja litlum hluta fjárlaganna til verkefna sem til falla með stuttum fyrirvara, t. d. vegna tilmæla frá Norðurlandaráði.

Á síðari fundinum var fyrirhugað menningarmálasamstarf árið 1984 rætt ásamt fjárlögum þess árs.

2. 4. 3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd fjallaði á árinu 1982 meðal annars um þingmannatillögu um samvinnu um sólarlandaferðir í lækningaskyni fyrir psoriasissjúklinga (A 618/s) og um þingmannatillögu um samstarf á sviði orkumála og umhverfisrannsókna (A 626/s).

Félags- og umhverfismálanefnd hélt einn fund með norrænu ráðherranefndinni — umhverfismálaráðherrum — á árinu og var hann haldinn á Álandseyjum í nóvember. Á þeim fundi var fjallað um ráðherranefndartillögu um samstarf á sviði umhverfisverndar.

Sérfræðingar í jafnréttismálum, umhverfisverndarmálum ásamt sérfræðingum, sem fjalla um bætt starfsskilyrði á vinnustöðum, hafa verið nefndinni til ráðuneytis á nefndarfundum á árinu 1982.

Á vegum nefndarinnar hafa starfað á árinu 1982 þrír vinnuhópar, einn um umhverfismál, annar um vinnutíma og aðbúnað á vinnustöðum og sá þriðji um mál það, er nefnt hefur verið norrænn borgararéttur (Nordiskt medborgarskap). Það, sem liggur að baki hins svokallaða norræna borgararéttar, er ósk um að Norðurlandabúar geti, að svo miklu leyti sem mögulegt er, notið sömu lýðréttinda um öll Norðurlönd. Jafnframt liggur að baki ósk um að auðvelda þeim, sem vilja flytja milli landanna, þann flutning eftir því sem kostur er.

2. 4. 4. Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd lagði á árinu 1982 mikla rækt við undirbúning norræna umferðaröryggisársins 1983. Forsætisnefnd ráðsins kaus fimm nefndarmenn úr samgöngumálanefnd, einn frá hverju landi, til setu í undirbúningsnefnd umferðaröryggisársins, fyrir hönd Norðurlandaráðs. Gerðar hafa verið áætlanir um ráðstefnuhald í tilefni af umferðaröryggisárinu víðs vegar um Norðurlönd. Þar verður m. a. fjallað um öryggi hjólreiðarmanna, áfengi í umferðinni og börn í umferðinni. Framleitt hefur verið sameiginlegt sjónvarpsefni um umferðarmál, og tekist hafa samningar við sjónvarpsstöðvar um flutning þess á árinu 1983. Einnig hafa verið gefnir út kynningarbæklingar og samvinnu komið á við stofnanir og samtök áhugafólks um umferðarmál um aukið öryggi í umferðinni.

Á vegum nefndarinnar starfar vinnuhópur, sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu um starfsvettvang nefndarinnar næsta áratug. Er búist við, að mun meiri áhersla verði lögð á fjarskipti en hingað til.

Af þeim fulltrúatillögum, sem nefndin fjallaði um á árinu 1982, má nefna þingmannatillögu (A 621/t) um samræmingu á skilyrðum fyrir afslætti á fargjaldi almenningsfarartækja, þingmannatillögu (A 623/t) um samnorræna reiknistofnun fyrir veðurspár, þingmannatillögu um aðgerðir til að auka notkun bílbelta í aftursæti bifreiða (A 636/t) og um orkusparnað á samgöngusviðinu (A 648/t).

Nefndin hefur á árinu 1982 eins og undanfarin ár lagt ríka áherslu á þörfina á bættum samgöngum bæði í lofti og á legi milli Grænlands, Færeyja, Íslands og annarra Norðurlanda og ræddi þau mál á fundi sínum með Norrænu ráðherranefndinni — samgönguráðherrum — á Álandseyjum í nóvember 1982.

2.4.5. Efnahagsmálanefnd.

Ríkt áhersla var á árinu 1982 lögð á að styrkja samvinnu á sviði gjaldeyrismála, viðskiptamála, iðnaðar- og orkumála. Kom þetta m. a. fram í þingmannatillögu (A 629/e) um stefnumótun í iðnaðar- og byggðamálum, þar sem tekið væri tillit til orkumála- og umhverfisvarnarsjónarmiða. Hæst ber þó atvinnumálin og umræður um það, hvernig minnka mætti atvinnuleysi og þá fyrst og fremst hjá ungu kynslóðinni. Nefndin ræddi þessi vandamál á fundi sínum með norrænu ráðherranefndinni — fjármálaráðherrunum — í nóvember á Álandseyjum.

Á árinu 1982 fjallaði nefndin um níu þingmannatillögur og þrjár ráðherranefndartillögur. Í þremur þingmannatillögum (nr. A 645/e, A 651/e og A 653/e) er fjallað um efnahagsástandið í heiminum og á Norðurlöndum. Efnahagsmálanefndin samþykkti sameiginlegt nefndarálit um þessar þrjár tillögur. Tillögurnar voru lagðar fram sín frá hverjum hópi stjórnmálaflokka, hægri flokkum, miðflokkum og jafnaðarmannaflokkum. Þessar tillögur — og meðferð þeirra — eru taldar verða í mörgu stefnumótandi fyrir efnahagssamstarf Norðurlanda á næstu árum. Nefndin fjallaði um tvær tillögur um norræna samvinnu á tölvutæknisviði. Önnur var þingmannatillaga (A 649/e) og hin ríkisstjórnatillaga (B 44/e).

Efnahagsmálanefndin er sú nefnd ráðsins, sem fylgist með starfsemi Norræna fjárfestingarbankans. Fyrir nefndina var á árinu 1982 lögð fram til umsagnar ríkisstjórnartillaga um aukningu stofnfjár bankans (B 43/e) úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR. Nefndin studdi tillögu þessa.

Nd. 631. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyt. á þeim lögum, og um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein er hljóði svo:

Veggjald þetta nær þó ekki til þeirra bifreiðaeigenda, sem fengið hafa gjaldalækkun vegna örorku skv. 3. málsgrein 27. tl. 3. gr. laga um tollskrá o. fl.

Nd. 632. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyt. á þeim lögum, og um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá Magnúsi H. Magnússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Aftan við 1. gr. komi ný grein er hljóði svo:

Undanþegin gjaldinu eru ökutæki, sem skráð eru fyrir upphaf gjaldárs, í eigu þeirra sem njóta elli- og örorkulífeyris með tekjutryggingu skv. lögum um almannatryggingar.

Nd. 633. Frumvarp til laga [259. mál]

um breyting á lögum nr. 42 23. maí 1969, sbr. l. nr. 43/1976, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

IX. kafli Um mörk og markaskrár orðist svo:

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Fjármörk eru: Eyrnamörk, hornamörk, brennimörk og plötur í eyra með númeri hrepps, heimilis eða brennimarki markeiganda. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á fé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé ella plötu í eyra með heimilisnúmeri og á eftir því sömu stafi og í hreppsbrennimarki. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á geitum og sauðfé. Ráðherra er heimilt að löggilda frostmerkingar sem mark á hrossum og nautgripum og setja reglugerð þar um.

2. gr.

64. gr. orðist svo:

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á kind er brennimark rétthæst, næst löggilt plötumerki, þá hornamark og síðast eyrnamark. Sé þess krafist af eiganda réttlægra marks á kind, skal eigandi rétthærra marks gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Um hrossa- og nautamörk og skil á stórgripum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sérákvæði í fjallskilasamþykkt.

3. gr.

65. gr. orðist svo:

Mörk ganga að erfðum og gefa má mark svo og selja, enda sé gerð marksins í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda sé það hvergi til á því svæði, þar sem sammerkingar eru bannaðar, eða ekki svo líkt öðru marki á viðkomandi samgöngusvæði að hætt sé við misdrætti að dómi markavarðar.

Í fjallskilasamþykkt skal tekið fram hvers konar mörk megi taka upp, og jafnframt hvaða mörk er bannað að nota.

4. gr.

66. gr. orðist svo:

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal slík

prentun næst fara fram 1987. Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og prentun markaskrár. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar, sem landbúnaðarráðuneytið setur um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

Skylt er markeiganda að tilkynna markaverði mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og greiða gjald fyrir, sem stjórn þess ákveður.

Heimilt er að taka hærra gjald fyrir fleiri en tvö fjármörk sama eiganda, einnig fyrir mörk, sem markeigandi notar ekki í 8 ár eða lengur. Mark sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 68. gr., skal talið niðurfallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti markið, hafa forgangsrétt til þess, ef hann tekur það upp innan 8 ára, og heldur það þá aldursrétti.

Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til prentunar í markaskrá, með því að prenta það í skrána og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar 8 ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en 8 ár, fellur aldursréttur þess niður.

5. gr.

67. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið ákveður í reglugerð í samráði við Sauðfjársjúkdómanefnd á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar, en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé. Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma ber að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga á sauðfé, sem nú fyrirfinnast og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma. Markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma, tveir eða fleiri, mynda markadóm fyrir viðkomandi svæði og er skylt að fylgja eftirfarandi reglum:

Þar sem óleyfilegar sammerkingar eru fyrir hendi, eða tveir eða fleiri fjáreigendur, á svæði þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til prentunar í markaskrá á viðkomandi svæði, skal erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði. Sé um sama flokk marks að ræða, sem ágreiningur er um, t. d. kaupamark, þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark, sem lengur hefur verið samfellt í markaskrá umdæmisins.

Nú eru mörk af sama flokki, t. d. erfðamörk, jafngömul eða ógerningur að sanna aldursmun þeirra og markadómur fær hvorugan hlutaðeiganda til að bregða út af marki (taka upp nýtt mark), skal landsmarkadómur fella endanlegan úrskurð um hvor halda skuli markinu.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í landsmarkadóm: Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar tilnefndur af Stéttarsambandi bænda og sá þriðji skipaður af ráðherra, að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, og skal hann vera formaður.

Landsmarkadómur skal endurskipaður á átta ára fresti að lokinni prentun markaskráa.

Kostnaður við störf landsmarkadóms greiðist að ⅓ hluta af þeim sem markinu fær að halda, að ⅓ úr sýslusjóði þess umdæmis sem sá á heima í sem markinu heldur og að ⅓ af landbúnaðarráðuneytinu. Landbúnaðarráðherra ákveður gjaldskrá.

Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinast um útgáfu markaskrár þar sem það þykir henta.

6. gr.

68. gr. orðist svo:

Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði, sem birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaðinu á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir ef

markeigandi flyst milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið að höfðu samráði við hlutaðeigandi markaverði, skal hann þegar birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaðinu. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma núgildandi IX. kafli laganna.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum laga nr. 42/1969, inn í meginmál þeirra og gefa lögin út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af markanefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði 5. ágúst 1980 til að endurskoða reglugerð nr. 421/1978 um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár. Í markanefnd áttu sæti: Halldór Pálsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, formaður, Haukur Jörundarson, skrifstofustjóri og Gísli Andrésson, bóndi, Hálsi. Gísli tók sæti Jóns Kristjánssonar, rannsóknarmanns, í nefndinni við andlát hans 1981.

Er markanefnd hafði athugað vandlega hvernig útgáfa markaskráa 1979 hafði tekist, kom í ljós að ennþá var við lýði ótrúlegur fjöldi óleyfilegra sammerkinga. Í lögum nr. 42/1969, sbr. l. nr. 43/1976 um afréttamálefni, fjallskil o. fl., er ekkert ákvæði, sem bannar eldri sammerkingar, heldur aðeins ákvæði um að ekki megi taka upp nýtt mark, sem annar á í sama eða nærliggjandi héraði, svo að misdrætti geti valdið. Nefndin telur því nauðsyn að fá sett í lög ákvæði er banna hættulegar sammerkingar, sem eru til þess fallnar að valda misdrætti eða hættu á útbreiðslu sjúkdóma, og sú skylda verði lögð á markaverði landsins að útrýma slíkum sammerkingum við útgáfu næstu markaskráa, sem eiga allar að koma út 1987. Til þess að gera það mögulegt, yrðu markaverðir fjallskilaumdæma, þar sem sammerkingar eru bannaðar, að vinna saman og mynda á þann hátt markadóma, til þess að rannsaka hver hafi meiri eða mestan rétt til að halda marki sínu, en auk þess yrði skipaður landsmarkadómur, sem felldi úrskurð um þau mörk, sem samkomulag næst ekki um milli markavarða og markeiganda. Nokkrum fleiri atriðum taldi nefndin nauðsyn að breyta. Markanefnd felldi breytingartillögur sínar inn í IX. kafla l. nr. 42/1969, sbr. l. nr. 43/1976.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.:

Bætt er við fyrstu setningu 63. gr.: „. . .og plötur í eyra með númeri hrepps, heimilis eða brennimarki markeiganda."

Þetta er nauðsynlegt vegna þess, hve fé er víða kollótt og því er ekki hægt að brennimerkja það, auk þess sem hvert býli margra hreppa hefur sérstakt bæjarnúmer, sem bændur nota jafnhliða raðtölunúmeri í lömb sín.

Í niðurlagi þessarar greinar er bætt við tveimur ákvæðum, þ. e. að sömu reglur gildi um mörk á geitum og sauðfé, og ráðherra sé heimilt að löggilda frostmerkingar sem mark á hrossum og nautgripum. Þessi ákvæði eru nauðsynleg, en þurfa ekki skýringar nema að því leyti, að frostmerkingar hafa enn ekki verið reyndar nægilega hér á landi til þess að ákvæði um þær geti verið annað en heimild fyrir ráðherra.

Um 2. gr.:

Í niðurlagi 64. gr. er skotið inn orðinu „nautamörk“, sem er tvímælalaust nauðsyn sumsstaðar landinu.

Um 3. gr.:

Í 65. gr. er bætt við aðra setningu orðunum: „... enda sé gerð marksins í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins.“

Þetta er nauðsyn af því að gengið er út frá að í hverri fjallskilasamþykkt verði ákvæði um, hvaða mörk (benjar) megi taka upp á viðkomandi svæði, sjá síðustu málsgrein þessarar greinar. Talið er réttmætast að sýslunefndir og markaverðir ráði hvaða mörk eru notuð, nema þegar nauðsyn krefst að mark sé bannað um land allt eind og t. d. gat og netnál á sauðfé, vegna þess að slíkar benjar eru oft eftir merki í eyra og því óréttlætanlegt að leyfa slík mörk til helgunar eignarréttar í kindum.

Þá er orðalagsbreyting á síðari hluta þriðju setningar 65. gr. til áhersluauka, sem er nauðsyn.

Um 4.gr.:

Þessi grein kemur í stað 68. gr. í gildandi lögum með nokkrum breytingum. Auk orðalagsbreytinga er skotið inn ákvæði um að fylgt skuli ákvæðum reglugerðar, sem landbúnaðarráðuneytið setur um mörk og markaskrár og takmarkanir á sammerkingum búfjár og að sem mest samræmi verði í gerð markaskráa um land allt. Þá er í þessari grein skotið inn, að markavarsla umdæmis geti geymt mark, en sé markið geymt lengur en 8 ár, falli þó aldursréttur þess niður.

Um 5. gr.:

Í 67. gr. er í fyrsta lagi landbúnaðarráðuneytinu ætlað með reglugerð, í samráði við Sauðfjársjúkdómanefnd, að ákveða á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar, en stjórnir fjallskilaumdæma ákveði slíkt varðandi annað búfé. Þetta er tvímælalaust nauðsyn ef sauðfjársjúkdómavarnir eiga að þjóna tilgangi sínum. Til þessa hefur skort ákvæði í lögin um þetta efni.

Í öðru lagi eru sett ákvæði um hvernig markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma skuli vinna saman og mynda markadóm til að útrýma óleyfilegum sammerkingum og fyrirbyggja að nýjar bætist við.

Í þriðja lagi eru ákvæði um landsmarkadóm, sem er nauðsynlegur til að leysa úr ágreiningi, sem koma kann upp milli markeigenda og markadómara viðkomandi byggðarlags, er þeir ná ekki sættum. Slík ákvæði hafa eigi verið í lögum, en án úrskurðaraðila verður ekki unnt að útrýma öllum óleyfilegum sammerkingum. Athygli skal vakin á því að ekki er gert ráð fyrir að bæta fébótum fyrir mörk, sem leggja þarf niður til útrýmingar sammerkinga, þótt mörk séu viðurkennd eign, sem geti gengið að erfðum. Skoðun markavarða var einróma fylgjandi því að láta fébætur ekki koma til greina í þessum tilvikum, heldur aðstoði þeir hlutaðeigandi markeiganda við að taka upp nýtt leyfilegt mark, sem líkast því sem hann þarf að fella niður. Þessi skoðun byggist á því að upptaka nýrra marka sé náma, sem öllum fjáreigendum sé leyfilegt að ganga í, að vísu með vissum takmörkunum. Væri farið að bæta fébótum mörk, sem leggja þarf niður, t. d. að úrskurði landsmarkadóms, myndu skapast deilur um hver skyldi bæta og hve háar bætur skyldu vera hverju sinni. Er tvímælalaust að best væri fyrir bændur að til slíkra deilna þurfi ekki að koma.

Um 6. gr.:

Breytingar við þessa grein þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 634. Nefndarálit [60. mál]

um till. til þál. um rafvæðingu dreifbýlis.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er tillaga um á þskj. 635.

Alþingi, 10. mars 1983.

Geir Gunnarsson, form. | Guðmundur Bjarnason, fundaskr., frsm. | Egill Jónsson.

Þórarinn Sigurjónsson. | Lárus Jónsson. | Alexander Stefánsson.

Friðjón Þórðarson. | Karvel Pálmason.

Sþ. 635. Breytingartillaga [60. mál]

við till. til þál. um rafvæðingu dreifbýlis.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að á árinu 1984 verði lokið rafvæðingu í sveitum og verði miðað við jarðir með allt að 6 km meðalfjarlægð frá samveitu.

Jafnframt verði gerð áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla, sem samkvæmt framangreindri áætlun verða ekki tengd samveitu.

Ed. 636. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Það felur í sér þá einu breytingu á gildandi lögum, að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilað að veita starfsmönnum fræðsluskrifstofu aðild að sjóðnum, en starfsmenn þessir eru ótvírætt opinberir starfsmenn þótt þeir séu vegna fyrirkomulags á ráðningu skv. grunnskólalögum hvorki ráðnir af ríkinu né sveitarfélögum.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Lárus Jónsson.

Gunnar Thoroddsen. | Davíð Aðalsteinsson. | Ey. Kon. Jónsson.

Guðmundur Bjarnason.

Ed. 637. Lög [5. mál]

um breyting á lögum um Útvegsbanka Íslands, nr. 12/1961.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 5.

Ed. 638. Lög [6. mál]

um breyting á lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 28/1976.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 6.

Ed. 639. Lög [7. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10/1961.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 7.

Ed. 640. Lög [8. mál]

um breyting á lögum um Landsbanka Íslands, nr. 11/1961.

(Afgreidd frá Ed. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 8.

Ed. 641. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til lánsfjárlaga árið 1983.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðmundur Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Gunnar Thoroddsen.

Nd. 642. Lög [218. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 402.

Nd. 643. Lög [209. mál]

um breyting á lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. lög nr. 27 23. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 370.

Nd. 644. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 14. mars 1983.

Jósef H. Þorgeirsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Garðar Sigurðsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Eggert Haukdal.	Friðrik Sophusson.
	Magnús H. Magnússon.	

Sþ. 645. Tillaga til þingsályktunar [260. mál]

um skipulega rannsókn háhitasvæða landsins og nýtingu þeirra til iðnaðar og orkuvinnslu.

(Lögð fram á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

Með vísun til þingsályktunar frá 19. maí 1981 og skýrslu Orkustofnunar frá október 1982 um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum ályktar Alþingi eftirfarandi:

1. Aukin áhersla verði lögð á rannsókn háhitasvæða landsins á næstu tíu árum með það að markmiði að velja megi með viðunandi öryggi milli virkjunarstaða. Jafnframt verði könnuð með skipulegum hætti hagkvæmni þess að nýta jarðhitann til iðnaðar, hitaveitna og orkuvinnslu. Við rannsóknir og framkvæmdir verði jafnan höfð hliðsjón af umhverfissjónarmiðum.
   Áhersla verði lögð á rannsókn þeirra háhitasvæða, sem liggja nærri byggð og hafnaraðstöðu.
2. Á umræddu 10 ára tímabili er áætlað að verja allt að 500 millj. kr. á verðlagi í september 1982 til rannsókna og framkvæmda samkvæmt þingsályktun þessari.
   Miðað skal í upphafi við að rannsókn tveggja virkjunarstaða verði komin á verkhönnunarstig að sex árum liðnum og tveir virkjunarstaðir til viðbótar geti verið komnir á sama stig að tíu árum liðnum. Áætlunina skal endurskoða með hæfilegu bili með hliðsjón af athugunum á nýtingarmöguleikum. Stefnt verði að því að koma á samstarfi milli ríkisins og orkuvinnsluaðila um framkvæmd áætlunarinnar og skiptingu kostnaðar.
3. Unnið verði að þróun og endurbótum á bortækni til að draga úr kostnaði við rannsókn háhitasvæða.
4. Sérstök ráðgjafanefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins hafi eftirlit með áætlunargerð og framkvæmdum og undirbúi tillögur þar að lútandi, m. a. um fjárveitingar. Nefndin leitist við að tryggja sem best hagnýt not af rannsóknum í samvinnu við þá aðila sem fjalla um orkuvinnslu og orkunýtingu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Hinn 19. maí 1981 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar, þar sem segir m. a.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera heildaráætlun um og framkvæma rannsóknir á háhitasvæðum landsins, þannig að virkjunarstaðir á tveim háhitasvæðum verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum og fimm háhitasvæðum að tíu árum liðnum.

Tillagan miðast við það meginmarkmið að Íslendingar eigi nokkra álitlegustu virkjunarstaðina frumhannaða þegar tækifæri bjóðast til hagkvæmrar nýtingar."

Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis fól iðnaðarráðuneytið Orkustofnun að gera áætlun um rannsókn háhitasvæða, í samræmi við ályktunina. Skýrsla um það barst ráðuneytinu í lok októbermánaðar 1982[1]). Hefur hún síðan verið til nánari athugunar innan Orkustofnunar og hjá ráðuneytinu. Þingsályktunartillaga þessi er m. a. byggð á niðurstöðum þeirra athugana.

Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir heldur minni hraða í rannsóknum á sjálfum háhitasvæðunum en samþykkt Alþingis frá 1981 gerði ráð fyrir. Hins vegar felur þessi tillaga í sér rannsóknir á nýtingarmöguleikum háhitans og þróun bortækni til að draga úr rannsóknarkostnaði á háhitasvæðum.

2. Orka íslenskra háhitasvæða og nýting hennar.

2.1 Háhitasvæði á Íslandi.

Á Íslandi eru nú þekkt 28 háhitasvæði, en svo eru þau jarðhitasvæði nefnd þar sem hitastig á 1000 m dýpi er 150°C eða hærra. Mynd 1 sýnir legu háhitasvæðanna. Ljóst er að orka háhitasvæðanna er mjög stór auðlind ef unnt er að finna markað fyrir varmann sem getur greitt nokkru hærra verð fyrir hann en sem nemur vinnslu- og flutningskostnaði.

Ekki eru öll háhitasvæðin jafnáhugaverð til nýtingar. Þannig liggur annað stærsta háhitasvæði landsins að því er tekur til varmaforða berggrunnsins, Grímsvötn, undir mörg hundruð metra þykkum jökli. Mörg þeirra eru í óbyggðum, fjarri mannabyggð, og eru naumast nýtanleg til annars en raforkuvinnslu vegna þess að mun dýrara er að flytja varma um langan veg en t. d. rafmagn, olíu og kol, og jarðhita er því ekki hagkvæmt að nýta lengra frá uppsprettu en fáa tugi kílómetra, nema vinna raforku úr honum fyrst. En raforkuvinnsla með jarðhita er þeim annmarka háð að ekki er unnt að breyta nema svo sem tíunda hluta varmans í raforku.

Áhugaverðust eru að öðru jöfnu háhitasvæði í grennd við þéttbýli og höfn. Af íslenskum háhitasvæðum eru það svæðin á Reykjanesskaganum ásamt Hengli og Þeistareykjum sem svo er ástatt um. Svæðið í Öxarfirði er nærri sjó, en nokkuð langt er þaðan í þéttbýli og höfn.

Með hliðsjón af þessu er lagt til í skýrslu Orkustofnunar, fskj. 2, að höfuðáherslan í háhitarannsóknum næstu sex árin verði á þeim háhitasvæðum sem talin voru, þ. e. á Reykjanesskaganum og Þeistareykjum. Í ályktun Alþingis frá 1981 er einnig gert ráð fyrir að þessi svæði hafi forgang.

2.2 Markaður fyrir háhitaorku.

Í ályktun Alþingis frá 19. maí 1981 er ekki fjallað um nýtingu orkunnar frá háhitasvæðunum. Í samræmi við það tekur skýrsla Orkustofnunar frá október 1982 fyrst og fremst til nauðsynlegra rannsókna á háhitasvæðunum sjálfum, en lítið er fjallað um rannsóknir varðandi nýtingu orkunnar, enda hafa þær verið fyrst og fremst í höndum annarra stofnana svo sem Iðntæknistofnunar. Í einum kafla skýrslunnar er þó fjallað sérstaklega um möguleika á nýtingu háhitasvæðanna.

Árið 1981 notuðu Íslendingar jarðhita sem svarar til 470 000 tonna af olíu. Langmest fór til húshitunar. Sá varmi var að mestu unninn á lághitasvæðum. Þrjár hitaveitur, Hitaveita Suðurnesja, Hitaveita Reykjahlíðar og Hitaveita Hveragerðis, nota háhitavarma, allar aðrar lághitavarma. Á því ári var háhitavarmi auk þess notaður til iðnaðar í Kísiliðjunni við Mývatn (jafngildi um 16 000 tonna af olíu) og til raforkuvinnslu í Kröflu og Svartsengi (123 GWh af raforku).

[1]) Áætlun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins. OS 82093/JHD13. Okt. 1982 og fylgir úrdráttur úr henni með tillögunni, fskj. 2.



Mynd 1 Orka íslenskra háhitasvæða sýnd í joules.

Íslendingar hafa verið í fararbroddi í notkun jarðhita til húshitunar og iðnaðar. Víðast hvar erlendis þar sem jarðhiti hefur verið virkjaður er unnin úr honum raforka og sú leit að jarðhita sem fram fer nú víða um lönd beinist með fáum undantekningum að því að finna gufu er nota megi til raforkuvinnslu. Hér á landi eigum við gnægð hagkvæmrar vatnsorku til að framleiða rafmagn úr, og nýlegar athuganir sem Orkustofnun hefur gert benda ekki til að jarðgufustöðvar sem reistar eru í þeim tilgangi einum að vinna raforku (eins og t. d. Krafla) verði samkeppnishæfar við vatnsaflsstöðvar. Þó fer þetta nokkuð eftir hitastigi og vinnslueiginleikum jarðhitasvæðanna ásamt fleiru, þannig að varasamt er að alhæfa nokkuð í þessu efni. Allt öðru máli gegnir þar sem raforkuvinnslan fer fram í tengslum við annarskonar nýtingu jarðhitans, svo sem til húshitunar (Svartsengi). Slík samvinnsla á raforku og varma getur verið mjög hagkvæm. Samskonar samvinnsla í tengslum við iðnaðarnotkun jarðhitans er vel hugsanleg, t. d. í saltverksmiðjunni á Reykjanesi.

Húshitun er hinn hefðbundni markaður fyrir jarðhita hér á landi, og því eðlilegt að hugað sé að honum fyrst þegar rætt er um nýtingu á varma háhitasvæðanna. Í grennd við háhitasvæðin á Reykjanesskaganum er slíkan markað fyrst og fremst að finna á höfuðborgarsvæðinu (Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Seltjarnarness); á Suðurnesjum (Hitaveita Suðurnesja) og í litlum mæli austan fjalls (Hverageröi, Selfoss, Þorlákshöfn, þar sem þó líklega er nóg af lághita). Hitaveita Reykjavíkur hefur einnig haft áhuga á nýtingu háhitans á Nesjavöllum og látið rannsaka það svæði nú í langan tíma. Nesjavellir eru hluti af háhitasvæðinu í Henglinum. Annar hluti Hengilsins sem áhugaverður er fyrir Reykjavík er svæðið umhverfis Kolviðarhól, og mun Hitaveita Reykjavíkur einnig hafa haft augastað á því, þótt litlar rannsóknir hafi enn farið þar fram. Bæði Nesjavellir og Kolviðarhóll eru eign Reykjavíkurborgar.

Á Suðurnesjum er allur varmi til húshitunar unninn úr háhitasvæðinu við Svartsengi, sem kunnugt er, og nú eru rannsóknir hafnar á vegum Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar á öðru háhitasvæði, Eldvörpum.

Möguleikar til að nýta háhitavarma til húshitunar á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum eru því nokkrir. Með hliðsjón af því telur ráðuneytið eðlilegt að samvinna verði höfð við hitaveiturnar í Reykjavík og á Suðurnesjum um þær rannsóknir sem tillaga þessi fjallar um.

Á Reykjanesi fer nú fram tilraunavinnsla á salti, og ákveðið er að reisa þar saltverksmiðju, sem framleiði 8 000 tonn á ári í fyrstu, með stækkun síðar í huga. Þar er því um það bil að hefjast nýting háhitaorku til iðnaðar í stórum stíl á okkar mælikvarða, og er saltverksmiðjan annað fyrirtækið af því tagi sem reist er hér á landi. Hitt er Kísiliðjan við Mývatn.

Margir iðnaðarkostir hafa verið til athugunar undanfarin ár á vegum iðnaðarráðuneytisins, þar sem gert er ráð fyrir nýtingu háhitaorku. Þar sem nauðsynlegt er að slíkur iðnaður sé nærri góðri höfn og vegna þess að nálægð við þéttbýli getur ráðið úrslitum um hagkvæmni hans, koma varla önnur háhitasvæði til greina í því sambandi en svæðin á Reykjanesi, í Hengli og á Þeistareykjum. Ekki hefur sérstaklega verið hugað að vinnslu raforku í tengslum við þessa iðnaðarkosti, en sjálfsagt virðist að gera það þegar athugun þeirra er lengra komin.

Sem fyrr segir benda athuganir til að jarðgufurafstöðvar muni eiga erfitt með að standast samkeppni við vatnsaflsstöðvar hér á landi. Ástæða er til að kanna nánar hagkvæmni jarðgufurafstöðva til raforkuframleiðslu. Af þeim sökum og vegna hugsanlegrar samvinnslu á raforku og varma til húshitunar eða iðnaðar telur ráðuneytið eðlilegt að samvinna verði höfð við Landsvirkjun um framkvæmd þessarar áætlunar.

Niðurstaða er því sú, að um þrennskonar markað geti verið að ræða fyrir orku íslenskra háhitasvæða á næstu árum:

1. Til hitaveitna, eftir atvikum með samvinnslu á raforku.
2. Til iðnaðarnota, eftir atvikum með samvinnslu á raforku.
3. Til raforkuvinnslu einnar sér.

Markað skv. lið 1 og 3 er fyrst og fremst að finna á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, en skv. lið 2 á sömu slóðum svo og á Húsavík.

Nýting háhitavarma undir liðnum 1 og 3 styðst við meira eða minna þróaða tækni. Íslendingar hafa átt umtalsverðan þátt í að þróa tækni til að nýta háhita til hitaveitna, með tilraunum Orkustofnunar í Svartsengi og í framhaldi af þeim hönnun og smíði varmaorkuvers þar á vegum Hitaveitu Suðurnesja.

Tilraunir hafa einnig farið fram á Nesjavöllum á vegum Hitaveitu Reykjavíkur.

Nýting varma skv. lið 2, til iðnaðar, styðst oft við hefðbundna tækni og iðnferli, t. d. gufuþurrkun á fiskimjöli eða skreið, en að öðru leyti verða að koma til ferli sem eru sérstaklega gerð með tilliti til jarðgufu. Dæmi um slíkt eru Kísiliðjan við Mývatn, og Sjóefnavinnslan á Reykjanesi. Í báðum tilvikum hafa íslenskir hönnuðir átt mikinn hlut að máli. Margir fleiri iðnaðarkostir hafa einnig verið kannaðir meira og minna á undanförnum árum, en ráðuneytið telur að þar sé þörf á samstilltu átaki í framtíðinni.

2. 3 Þróun bortækni.

Boranir eru langstærsti kostnaðarþáttur undirbúningsrannsókna á háhitasvæðum. Rannsóknaboranir nema um 36% og reynsluboranir 56% af kostnaði við forathugun og frumhönnun á virkjunarstað skv. skýrslu Orkustofnunar fskj. 2. Til allra annarra þátta fara innan við 10% kostnaðar.

Með skipulegum rannsóknum er eðlilega að því stefnt að auka árangur þeirra með lægri tilkostnaði. Þar sem boranir eru stærsti kostnaðarþáttur rannsóknanna og stór hluti virkjunarkostnaðar, væri mestur ávinningur að ódýrari boraðferðum til að ná jafngildum rannsóknarniðurstöðum eða framförum í mælingum, sem gætu sparað boranir, og gera þær markvissari. Verulegar framfarir hafa orðið á sviði borholumælinga.

Minna hefur verið gert til að þróa bortækni og yfirleitt eru boraðar venjulegar vinnsluholur í rannsóknaskyni. Þarna er mikilvægt verkefni að vinna. Margt má læra af erlendum aðilum en stærsta hluta vandans verða Íslendingar að leysa sjálfir með aðlögun nýrrar tækni að íslenskum aðstæðum og tilraunum. Að ýmsu leyti eru skilyrði hér á landi hagstæð til að hagnýta tækninýjungar og má þar sem dæmi nefna langa reynslu í jarðhitaborunum við margvíslegar aðstæður. Framfarir í bortækni, sem lækkuðu borkostnað um aðeins 10%, gætu sparað álíka kostnað og falinn er í allri vinnu sérfræðinga Orkustofnunar við rannsókn háhitasvæða.

Með tillögunni fylgja hér á eftir 2 fylgiskjöl:

1) Samanburður á varmaafli og rafafli háhitaholu.
2) Úrdráttur úr skýrslu Orkustofnunar. Áætlun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Fylgiskjal 1

Samanburður á varmaafli og rafafli háhitaholu

Vatn með hita t kemur inn í holu. Varmaafl miðast við að nýta varma innrennslis niður að 40 °C. Rafafl miðast við að gufa sé skilin frá vatni við 160 °C og varma í vatni hent.

$h_{f\ 160}$ = 675,6 kJ/kg ; $h_{g\ 160}$ = 2758,1 kJ/kg ; $h_{f\ 40}$ = 167,6 kJ/kg

Varmaafl (t>40° C) = $h_f - h_{f\ 40}\ 10^{-3}$ MW/(kg/s)

Rafafl (t>160 °C) = $\frac{(h_f - h_{f\ 160})}{(h_{g\ 160} - h_{f\ 160})} \frac{1}{2,22}$ MW/(kg/s)

t °C	h_f kJ/kg	Varmaafl (t>40 °C) MW/(kg/s)	Rafafl (t>160 °C) MW/(kg/s)	V/R
240	1037	0,87	0,0782	11,1
270	1185	1,02	0,1102	9,3
300	1344	1,18	0,1446	8,2
330	1525	1,36	0,1837	7,4
360	1761	1,59	0,2348	6,8

Dæmi:	Magn	Varmaafl	Rafafl	V/R
t=300 °C	kg/s	MW	MW	
h_f=1344 kJ/kg	10	11,8	1,45	8,2
	20	23,6	2,89	8,2
	30	35,4	4,34	8,2
	40	47,2	5,78	8,2
	50	59,0	7,23	8,2

ORKUSTOFNUN

F y l g i s k j a l 2

Úrdráttur úr skýrslu ORKUSTOFNUNAR
"Áætlun um skipulegar rannsóknir
á háhitasvæðum landsins"

OS82093 / JHD13
Október 1982

ORKUSTOFNUN

Dags. 1982.10.29.
Tilv. vor JB/GP/sv
Dags.
Tilv. yðar

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Með bréfi dags. 14. september 1981 fól iðnaðarráðuneytið Orkustofnun að láta gera heildaráætlun um rannsóknir á háhitasvæðum landsins í samræmi við "Þingsályktun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins", er samþykkt var á Alþingi 19. maí 1981. Áætlun þessari er nú lokið og sendist hún ráðuneytinu hér með.

Áætlunin er unnin á jarðhitadeild Orkustofnunar, þar sem settur var á fót vinnuhópur í þessu skyni. Í honum voru dr. Valgarður Stefánsson deildarstjóri (formaður), Gestur Gíslason jarðfræðingur, dr. Helgi Torfason jarðfræðingur, Lúðvík S. Georgsson jarðeðlisfræðingur, Stefán G. Sigurmundsson rekstrarstjóri og Sverrir Þórhallsson verkfræðingur.

Athugaðar voru tvær leiðir til að ná settum markmiðum. Annars vegar leið sem gerir ráð fyrir, að tveir virkjunarstaðir verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum í samræmi við markmið þingsályktunarinnar; hins vegar nokkru hægari leið, sem hefur í för með sér jafnari nýtingu á mannafla og fjármagni frá ári til árs. Síðari leiðin er talin heppilegri til lengri tíma litið, og samkvæmt henni verða tveir virkjunarstaðir á verkhönnunarstigi að sex árum liðnum, og síðan tveir nýir virkjunarstaðir á þriggja ára fresti. Þessi síðari leið er sú, sem Orkustofnun hefur gert ráð fyrir í nýlegri langtímaáætlun sinni um orkurannsóknir.

Kostnaður og mannaflaþörf eru áætluð sem hér segir; kostnaðurinn annarsvegar á verðlagi 1. mars 1982 (byggingarvísitala 909) og hinsvegar á núverandi verðlagi (byggingarvísitala 1331). Allar kostnaðartölur í sjálfri skýrslunni miðast við fyrrnefnda verðlagið (bv 909).

Heimilisfang	Natnnúmer	Sími	Símnefni	Banki	Hlaupar.
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík	6901-3058	83600	Orkustofnun	L.Í. Austurbæjarútibú	4669

ORKUSTOFNUN

Kostnaður:	Hægari leið		Hraðari leið	
Byggingarvísitala	909	1331	909	1331
Heildarkostnaður, Mkr.	326	477	344	504
Árlegur kostnaður að meðaltali, Mkr.	54	80	69	101

Mannaflaþörf:

Ársverk í heild	101	125
Ársverk á ári, að meðaltali	17	25

Lagt er til að hægari leiðin verði valin, og þá stefnt að því að tveir virkjunarstaðir verði komnir á verkhönnunarstig að sex árum liðnum.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Björnsson
orkumálastjóri

Guðmundur Pálmason
forstjóri jarðhitadeildar

ÁGRIP

Nýtingarmöguleikar háhitasvæða eru margvíslegir, og talið er að vænlegustu möguleikarnir séu í iðnaði. Þegar jarðhiti er notaður sem varmi getur hann orðið 5-10 sinnum ódýrari en olía eða raforka. Orkunýtni til raforkuframleiðslu er lág á háhitasvæðum, og hverfur þá hið mikla forskot sem jarðhiti hefur fram yfir önnur orkuform. Það þarf t.d. 600 MW varmavinnslu (sambærilegt við Hitaveitu Reykjavíkur) til að skila 60 MW raforkuframleiðslu (Krafla í fullum afköstum). Þar sem vatnsafl á Íslandi er talið tiltölulega ódýrt er raforkuframleiðsla á háhitasvæðum strangasta fjárhagslega viðmiðun sem hægt er að setja á nýtingu háhitasvæða, og því ekki þess að vænta að neinn verulegur ávinningur sé í þess konar nýtingu í samkeppni við vatnsafl.

Rannsókn háhitasvæða má skipta í þrjá megináfanga: forathugun, forhönnun og verkhönnun. Tveim fyrri áföngunum má skipta í 15 verkþætti. Áætlun um rannsókn háhitasvæða nær til þessara verkþátta, þ.e. til rannsókna á forathugana- og forhönnunarstigi.

Kostnaður við rannsóknir fer stighækkandi eftir því sem rannsókn miðar áfram þannig að í stórum dráttum tífaldast kostnaður frá einum áfanga til annars. Það er því hagkvæmt að rannsaka allmarga kosti á fyrri stigum rannsókna til þess að hægt sé að velja þá heppilegustu til áframhaldandi rannsókna. Í áætlun um rannsókn háhitasvæða er gert ráð fyrir að við hverja ákvarðanatöku um framhald rannsókna séu 1,5 sinnum fleiri möguleikar að velja úr en þeir sem rannsókn er haldið áfram á. Þessi aðferð er talin skynsamlegur meðalvegur þegar metin er saman áhætta og kostnaður við rannsóknir.

Þegar sett er upp forgangsröð um rannsókn íslenskra háhitasvæða er eðlilegt að taka fyrst og fremst tillit til legu svæðanna með tilliti til byggðar og fyrirsjáanlegra nýtingarmöguleika. Eru háhitasvæðin á Reykjanesskaga og Norðausturlandi auk Torfajökuls látin hafa forgang fram yfir önnur háhitasvæði. Til þess að halda samfellu í rannsókn háhitasvæða er einnig gert ráð fyrir að fyrsta stig í jarðhitarannsóknum verði gert á nokkrum öðrum svæðum. Er það nauðsynlegt vegna ákvarðanatöku um frekari rannsóknir á árunum 1990-2000.

Nú þegar er hægt að taka ákvörðun um verkhönnun í Hveragerði. Ákvörðun um forhönnun er hægt að taka á Nesjavöllum og á Reykjanesi. Árið 1983 er hægt að hefja rannsóknarboranir í Eldvörpum, Tröllladyngju, við Sveifluháls, í Vestur-Hengli, í Hveradölum, við Ölkelduháls, við Hverarönd og á Þeistareykjum. Jarðhitasvæðin við Torfajökul og í Öxarfirði eru ennþá á stigi yfirborðsrannsókna. Svo til engar

rannsóknir hafa verið gerðar við Sandfell, í Brennisteinsfjöllum, í Kerlingarfjöllum, við Blautukvísl, í Köldukvíslarbotnum, við Hrúthálsa og Fremrináma.

Í áætlun um rannsókn háhitasvæða eru tvær leiðir athugaðar. Annars vegar er rannsóknarhraði miðaður við að tveir virkjunarstaðir verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum. Hins vegar er athuguð heldur hægari leið, þ.e. að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig að sex árum liðnum, en síðan komist tveir virkjunarstaðir á verkhönnunarstig á þriggja ára fresti. Í nýlegri langtímaáætlun Orkustofnunar er gert ráð fyrir, að síðari leiðin verði valin. Eftirfarandi tafla sýnir kostnað og mannaflaþörf við þessar tvær leiðir.

	Jafn rannsóknahr.	
	Tveir virkj.st. á 5 árum Hraðari leið	Tveir virkj.st. eftir 6 ár Hægari leið
Áætlaður heildarkostnaður, Mkr.	343.686	326.163
Áætlaður árlegur kostnaður, Mkr.	69	54
Mannaflaþörf í heild - ársverk	125	101
Mannaflaþörf - ársverk á ári	25	17

Kostnaður er miðaður við verðlag í mars 1982, en þá var byggingarvísitala 909 stig.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP .....

1 INNGANGUR .....

2 NÝTINGARMÖGULEIKAR HÁHITASVÆÐA .....

3 ÁFANGASKIPTING OG RANNSÓKNARÞÆTTIR .....
3.1 Áfangaskipting .....
3.2 Rannsóknarþættir .....

4 RANNSÓKNARHRAÐI - SAMANBURÐUR SVÆÐA VIÐ ÁKVARÐANATÖKU .....

5 FORGANGSRÖÐ SVÆÐA .....

6 STAÐA RANNSÓKNA .....
6.1 Háhitasvæði landsins .....

7 MEÐALKOSTNAÐUR VIÐ RANNSÓKN Á EINUM VIRKJUNARSTAÐ

8 ÁÆTLUN UM KOSTNAÐ OG MANNAFLA .....
8.1 Tveir virkjunarstaðir eftir fimm ár .....
8.2 Tveir vikjunarmöguleikar eftir sex ár. Jafnvægi í mannafla og fjárþörf .....

9 HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....

HEIMILDASKRÁ .....

VIÐAUKI EININGARVERÐ NOTUÐ Í ÁÆTLUN .....

TÖFLUSKRÁ

6 Kostnaðaráætlun fyrir forathugun og forhönnun einstakra virkjunarstaða.....

7 Yfirlit um rannsókn háhitasvæða miðað við að tveir virkjunarstaðir komast á verkhönnunarstig í árslok 1987.....

8 Kostnaður og mannaflaskipting miðað við að tveir virkjunarstaðir komast á verkhönnunarstig í árslok 1987.....

9 Skipting mannafla í mánaðarverk miðað við að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1987.....

10 Áætlun um rannsóknir á háhitasvæðum 1983-1987 - Yfirlit, ef tveir virkjunarstaðir komast á verkhönnunarstig í árslok 1988.....

11 Kostnaður og mannaflaskipting 1983-1989 miðað við að tveir 3 virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1988.....

12 Skipting mannafla í mánaðarverk 1983-1989 miðað við að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1988.....

MYNDASKRÁ

1 Orka íslenskra háhitasvæða.....

2 Gasolíunotkun til húshitunar 1972-1981.....

3a) Notkunarhitastig - Hlutföll notkunar og hitastigs í iðnaði og húshitun í Bandaríkjunum.....

3b) Notkunarhitastig jarðvarma - Nokkur dæmi.....

4 Vinnsluferlar nokkurra borhola á íslenskum háhitasvæðum.....

5 Áfangaskipting og rannsóknarþættir í virkjunarundirbúningi á háhitasvæðum.....

6 Samanburður virkjunarstaða við ákvarðanatöku um framhald rannsókna.....

7 Staða rannsókna á háhitasvæðum á Íslandi í mars 1981.....

8 Háhitasvæði á Íslandi.....

10 Jarðhitasvæðið á Reykjanesi.....

12 Jarðhitasvæðin í Svartsengi og Eldvörpum.....

14 Jarðhitasvæðin í Krísuvík.....

16 Jarðhitasvæðin í Hengli.....

18 Ljósmynd frá Torfajökulssvæðinu.....

19 Jarðhitasvæðin við Torfajökul.....

21 Ljósmynd frá Námafjallssvæðinu.....

22 Jarðhitasvæðin við Námafjall.....

24 Þeistareykjasvæði.....

26 Jarðhiti í Öxarfirði.....

30 Staða rannsókna á 20 virkjunarstöðum og háhitasvæðum.....

31 Ljósmynd frá Leirhnúk.....

32 Skipting kostnaðar við forathugun og forhönnun á einum virkjunarstað .....

33 Skipting mannafla við forathugun og forhönnun á einum virkjunarstað.....

34 Áætlaður árlegur kostnaður og heildarkostnaður við forathugun og forhönnun á einum virkunarstað

35 Skipting kostnaðar við forathugun og forhönnun á tveim virkjunarstöðum þegar gert er ráð fyrir að 1,5 fleiri möguleikar séu ávallt rannsakaðir á fyrri rannsóknarstigum.....

36 Skipting mannafla við forathugun og forhönnun á tveimur virkjunarstöðum þegar gert er ráð fyrir að ávallt séu 1,5 fleiri möguleikar rannsakaðir á fyrri rannsóknarstigum.....

37 Áætlaður árlegur kostnaður og heildarkostnaður við forathugun og forhönnun á tveimur virkjunarstöðum þegar gert er ráð fyrir að 1,5 fleiri möguleikar séu ávallt rannsakaðir á fyrri rannsóknarstigum.....

38 Rannsókn á 17 virkjunarstöðum og háhitasvæðum..

39 Ársverk og kostnaður við rannsóknir á háhitasvæðum miðað við að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1987.....

40 Ársverk og kostnaður við rannsóknir á háhitasvæðum miðað við að tveir virkjunarsvæði komist á verkönnunarstig í árslok 1987.....

1 INNGANGUR

Helstu auðlindir Íslands eru orka, gróðurlendi landsins og fiskistofnar í hafinu umhverfis landið. Það skiptir sköpum fyrir þjóðarbúið hvernig þessar auðlindir eru nýttar. Nú er svo komið að framleiðsla í íslenskum landbúnaði er meiri en markaðsþörf, og fiskistofnarnir eru nýttir eins mikið og hægt er, og e.t.v. meira en hollt er. Hins vegar er nýting innlendrar orku innan við tíunda hluta þess sem hagkvæmt er talið að nýta. Það er því nokkuð ljóst að aðalaukningin í verðmætasköpun þjóðarinnar á næstu áratugum byggist á frekari nýtingu innlendra orkugjafa. Rannsóknir á íslenskum orkuauðlindum og nýtingarmöguleikum þeirra hljóta því að verða forgangsverkefni í náinni framtíð.

Innlendar orkulindir eru vatnsorka og jarðhiti. Nýtanleg vatnsorka landsins er talin vera 0,23 x 10^{18} Joule á ári (64 Twh/ári; Haukur Tómasson 1981), en tæknilega vinnanlegur jarðvarmi er talinn vera 3500 x 10^{18} Joule (Guðmundur Pálmason 1981, Guðmundur Pálmason og fleiri 1982). Í háhitasvæðum landsins er orkan talin vera 100 x 10^{18} Joule í heild, og sýnir mynd 1 hvernig þessi orka er talin skiptast á milli svæða. Samsvarandi afl til raforkuframleiðslu er 7300 MW úr vatnsorku en 3500 MW úr háhitasvæðum.

Til þess að hægt sé að hefja skynsamlega nýtingu á háhitasvæðum þarf að liggja fyrir einhver vitneskja um auðlindina, t.d. hversu mikil orka er fyrir hendi, hverjir eru eiginleikar jarðhitakerfanna, hvaða hitastig er nýtanlegt, hverjir eru efnafræðilegir eiginleikar jarðhitavökvans o.s.frv. Hér greinir nokkuð á í jarðhitarannsóknum og vatnsorkurannsóknum vegna þess að jarðhitarannsóknir gera ráð fyrir fleiri nýtingarmöguleikum en vatnsorkurannsóknir. Þess vegna er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvaða nýting á jarðhitasvæði er heppileg fyrr en vissar rannsóknir hafa farið fram, meðan vatnsorkurannsóknir miða eingöngu við raforkuframleiðslu.

Þessar aðstæður gera það að verkum að mun nauðsynlegra er í jarðhitarannsóknum en í vatnsorkurannsóknum að hafa marga kosti rannsakaða svo að hægt sé að velja skynsamlegan kost hverju sinni.

Nauðsyn þess að hafa nokkra virkjunarkosti rannsakaða hverju sinni hefur að vissu marki fengið hljómgrunn í vatnsorkurannsóknum en síður í jarðhitarannsóknum, þótt þörfin sé þar e.t.v. enn brýnni.

Eðli sínu samkvæmt taka jarðhitarannsóknir langan tíma, og í mörgum tilvikum er ekki hægt að meta nýtingarmöguleika fyrr en viss vitneskja er fyrir hendi um eiginleika viðkomandi jarðhitasvæðis. Á hinn bóginn vilja menn síður leggja fjármuni í rannsóknir þar sem ekki er fyrirsjáanleg nýting í náinni framtíð. Til þess að samræma þessi tvö



Mynd 1 Orka íslenskra háhitasvæða sýnd í joules.

sjónarmið verður að fara einhverja millileið, þar sem rannsóknarkostnaði er haldið innan vissra marka, en að nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir hverju sinni til þess að nýting tefjist ekki vegna skorts á upplýsingum.

Alþingi hefur ályktað um stefnu í þessum málum. Með þingsályktun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins, sem samþykkt var 19. maí 1981, var ríkisstjórninni falið að láta gera heildaráætlun og framkvæma rannsóknir á háhitasvæðum landsins þannig, að á tveim háhitasvæðum landsins verið virkjunarstaðir á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum og á fimm háhitasvæðum að tíu árum liðnum.

Iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun með bréfi dags. 14. september 1981 að gera heildaráætlun um rannsóknir á háhitasvæða í samræmi við þingsályktun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins

Fyrirliggjandi áætlun um rannsókn háhitasvæða er gerð af vinnuhópi er forstjóri Jarðhitadeildar Orkustofnunar skipaði til þessa verks þann 8. janúar 1982. Í vinnuhópnum voru: Valgarður Stefánsson formaður, Gestur Gíslason, Helgi Torfason, Lúðvík S. Georgsson, Stefán G. Sigurmundsson og Sverrir Þórhallsson.

Í áætluninni er sundurliðaður kostnaður og mannaflaþörf fyrir árin 1983-1987 þannig að markmiði þingsályktunarinnar verði náð. Í ljós kemur að til þess að ná því markmiði að tveir virkjunarstaðirnir verði á verkhönnunarstigi í árslok 1987 er þörf svo skjótrar aukningar í mannafla að erfitt verður að framfylgja slíkri áætlun.

Af þessum sökum er einnig gerð áætlun um nokkuð jafnari leið þar sem fyrstu tveir virkjunarstaðir komast á verkhönnunarstig í árslok 1988, en að síðan komist ávallt tveir vikjunarstaðir á verkhönnunarstig þriðja hvert ár. Þessi lausn hefur þá kosti að árleg mannafla- og fjárþörf er hin sama frá ári til árs næstu 10-15 árin, en áætlaður árangur er svipaður markmiði því sem sett er í þingsályktun ef til langs tíma er litið.

Áætlunin gerir ráð fyrir að rannsóknarniðurstöður hverju sinni séu ákvarðandi um framhald rannsóknar á þann hátt að við hverja ákvörðun sé ávallt valið á milli tveggja eða fleiri kosta. Af þessu leiðir meðal annars að ástæða er til að áætlun um rannsóknir á háhitasvæðum landsins sé endurskoðuð á 2-3 ára fresti eftir að hún kemst til framkvæmda.

Í viðauka aftan við skýrsluna er ritaskrá yfir helstu rit og greinar er fjalla um háhita á Íslandi (Viðauki I), eignarréttarmál og landamerkjalýsingar á þeim háhitasvæðum sem talið er eðlilegt að beina rannsókmun að á næstu 5-10 árum (Viðauki II) og einingaverð notuð í áætluninni (Viðauki III).

2 NÝTINGARMÖGULEIKAR HÁHITASVÆÐA

Nýting jarðhita á Íslandi er nú nær eingöngu til húshitunar. Mikið átak hefur verið gert á síðasta áratug til þess að nota jarðhita í stað innfluttrar orku á þessu sviði. Mynd 2 sýnir að notkun gasolíu til húshitunar var 100 þúsund tonnum minni árið 1981 en hún var árið 1973. Verðmæti þessa sparnaðar eru rúmar 200 milljónir króna á verðlagi ársins 1981. Heildarkostnaður við húshitun á Íslandi var árið 1981 rúmar 300 milljónir króna, svo það eru verulegir fjármunir sem hægt er að spara með því að nota innlenda orkugjafa í stað innfluttra.



Mynd 2 Gasolíunotkun til húshitunar 1972-1973 (Nafnlaus 1981, bls 23)

Helsti kostur jarðhita fram yfir olíu og vatnsorku er sá að þegar orka er nýtt sem varmi er vinnslukostnaður jarðhitans 5-10 sinnum minni en kostnaður við að nota olíu eða raforku. Þetta gildir bæði um háhita og lághita og er vel þekkt í húshitun og þurrkun í inaði. Nýtingarmöguleikar stjórnast því verulega af því hve mikill hluti varmans er nýttur. Nýtingarmöguleika má flokka í eftirfarandi meginþætti, og í því sambandi má benda á að varmanýtni þeirra er mjög misjöfn.

Tegund nýtingar	Varmanýtni
1. Húshitun, ylrækt	80%
2. Iðnaðarnotkun (gufa eingöngu)	40%
3. Raforkuvinnsla	
a) í vél með eimsvala (Krafla)	10%
b) í mótþrýstihverfli (Svartsengi)	4%

Æskilegt er að keppa að sem bestri nýtingu orkunnar og til að nálgast það mark er samnýting raforku og varma besti kosturinn (sbr. Svartsengi). Til að útskýra þennan mun á nýtni má benda á að varmaafl Kröfluvirkjunar (60 MW rafm.), eins og hún er hugsuð, hefði nægt Hitaveitu Reykjavíkur (600 MW varma). Til gufuframleiðslu í iðnaði er verð jarðhita nálægt því að vera tíundi hluti af verði olíu eða rafmagns, en við vinnslu raforku einnar sér úr jarðgufu er varmanýtnin 10% eða minni. Hverfur þá hið mikla forskot sem jarðhitinn hefur sem varmi. Kostnaður við slíka raforkuvinnslu úr jarðvarma er því svipaður og við raforkuvinnslu úr vatnsorku. Þess er þó varla að vænta að í náinni framtíð verði umtalsverður hagnaður af raforkuframleiðslu úr jarðhita í samkeppni við vatnsorku hér á landi.

Forgangsröð á nýtingu háhitasvæða er því eðlilega þessi:

1. Til hitaveitna. Eftir atvikum einnig með samvinnslu raforku.
2. Til iðnaðar. Eftir atvikum einnig með samvinnslu raforku.
3. Til raforkuvinnslu eingöngu.

Samvinnsla varma til hitaveitna og iðnaðar er einnig möguleg.

Dæmi um fjölbreytilega notkun jarðgufu á Íslandi eru hitaveitur, gróðurhús, raforkuvinnsla, kísilgúrþurrkun, ullarþvottur, fiskþurrkun, hersla á steypu og saltvinnsla. Nýtingarmöguleikar jarðgufu eru nánast ótæmandi, því í iðnaði getur hún komið í stað ketilgufu í flestum tilfellum. Reynslan hefur einnig sýnt að nýtingarvandamál jarðgufu eru hverfandi, þannig að unnt er að nota tæki og framleiðsluferla

óbreytta.

Jarðgufu er hægt að vinna allt að 200°C heita, en meginvarmanotkun iðnríkja er innan þess hitastigs eins og fram kemur á mynd 3 a og b. Suða, þurrkun, eiming og kæling eru varmafrekustu notkunarsviðin í iðnaði, en húshitun gnæfir yfir sem stærsti varmanotandinn. Að þessu leiti fellur notkunin vel að þeim hitastigum og varma sem háhitasvæðin geta gefið af sér.

Hitastig jarðgufu við nýtingu fer eftir þrýstingi hennar. Rennsli úr gufuholum er háð mótþrýstingi við holutopp þannig að hár mótþrýstingur gefur minna rennsli en lágur mótþrýstingur. Þetta samband mótþrýstings og rennslis er nefnt vinnsluferill borholunnar. Vinnsluferillinn ræðst aðallega af hitastigi jarðhitasvæðisins hvað þrýstigetu snertir, en af vatnsleiðni bergsins og vídd borholu hvað afköst snertir. Ef hitastig jarðvökvans er of lágt getur það útilokað ákveðinn iðnað, en það dregur einnig úr mögulegri raforkuvinnslu. Jarðgufa af háhitasvæðum er nú nýtt við 180°C í Kísiliðjunni og í Kröfluvirkjun, 155°C í Svartsengi og um 120°C í gróðurhúsum í Hverageröi.

Á mynd 4 eru sýnd afköst háþrýstigufu við þann þrýsting sem hentar vel til raforkuframleiðslu og iðnaðar á nokkrum jarðhitasvæðum. Koma þar fram mismunandi vinnsluferlar eftir svæðum. Þar sem hitastig er lágt eins og í Hverageröi (180°C) er litla sem enga háþrýstigufu að fá en mikið af yfirheitu vatni. Aðra gerð svæða má sjá þar sem hitastig er 240-280°C eins og á Reykjanesi þar sem mikið magn gufu og vatns fæst. Þriðja gerðin er þar sem hitastig er yfir 300°C og jarðhitakerfið í suðu eins og í Kröflu og Bjarnarflagi. Þar er hlutfallslega mikið af gufu en lítið af vatni. Þessi atriði hafa að sjálfsögðu mikil áhrif á nýtingu jarðgufu af háhitasvæðum landsins og vitneskja um þetta fæst ekki nema með reynsluborunum.

Á síðastliðnum áratug hefur megináherslan í rannsóknum háhitasvæða beinst að Svartsengi og Kröflu. Rannsóknir á öðrum virkjunarstöðum hafa dregist verulega aftur úr, og fyrirsjáanlegt er að allmörg ár líða þar til aðrir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig. Á næsta áratug er þó talið líklegt að eftirfarandi nýting komi til framkvæmda eða a.m.k. að rannsóknum hennar vegna verði haldið áfram að verkhönnunarstigi.





Mynd 3 Notkunarhitastig varma. a) Hlutföll notkunar og hitastigs þess varma sem notaður er í iðnaði og til húshitunar í Bandaríkjunum. b) Notkunarhitastig jarðvarma, nokkur dæmi - byggt á Linneau & Líndal (1974).



Mynd 4 Vinnsluferlar nokkurra borhola á íslenskum háhitasvæðum.

- Varmanýting til húshitunar og/eða iðnaðar fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Samvinnsla raforku einnig möguleg.
- Varmanýting til húshitunar og/eða iðnaðar fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Samvinna raforku einnig möguleg.
- Varmanýting til iðnaðar á SV-landi. Má þar nefna saltvinnslu eða annan iðnað á Reykjanesskaga.
- Varmanýting til iðnaðar á NA-landi.

Það er því augljóst að efla þarf rannsóknir háhitasvæða, ef koma á upp verulegri nýtingu þeirra á þessari öld.

Svo sem að framan er rakið eru heppilegustu möguleikar í nýtingu háhita í iðnaði. Til þess að notkun gufu í iðnaði geti orðið útbreidd þarf að setja upp gufuveitu og skapa aðstöðu til iðnrekstrar. Spurningin er hvort gufuveita til margþættra iðnaðarnota er ekki jafn sjálfsögð og hitaveita til húshitunar. Í báðum tilvikum getur jarðhitinn orðið verulega ódýrari en rafmagn og olía.

Með hliðsjón af því að á hverju háhitasvæði geta verið margir nýtingaraðilar og að hægt er að auka við gufuöflun í smáum áföngum, er ekki nauðsynlegt að ákveða nýtingu jarðgufunnar áður en rannsókn svæðanna hefst, enda ósennilegt að iðnaður geti beðið eftir svari um nýtingu í 5 til 10 ár.

3 ÁFANGASKIPTING OG RANNSÓKNARÞÆTTIR

3.1 Áfangaskipting

Rannsóknum til undirbúnings ákvarðanatöku um virkjun háhitasvæða er skipt í áfanga. Við þá skiptingu er höfð hliðsjón af áfangaskiptingu á sviði vatnsaflsvirkjana til samræmingar, þar sem það á við, en auk þess tekið mið af séreinkennum jarðhitarannsókna. Rannsóknum á háhitasvæðum er skipt í þrjá áfanga, forathugun, forhönnun og verkhönnun. Að því loknu kemur að gerð útboðsgagna og virkjunarframkvæmdum.

Orkustofnun annast tvo fyrstu áfangana, forathugun og forhönnun, en gert er ráð fyrir að virkjunar- eða nýtingaraðili hafi umsjón með seinni áföngum í virkjunarundirbúningi (verkhönnun, gerð útboðsgagna og virkjunarframkvæmdum) þó Orkustofnun komi einnig til með að vinna að ýmsum rannsóknarþáttum í þessum áföngum.

Á forathugunarstigi er markvisst leitað að heppilegum virkjunarstað og möguleikar hans athugaðir með rannsóknarborunum. Greina má forathugun í þrjá hluta. Byrjað er á fyrstu leit að virkjunarstað til þess að athuga hvort fýsilegt er að hefja yfirborðsrannsóknir á viðkomandi svæði. Næsta stig er yfirborðsrannsókn, þar sem beitt er öllum tiltækum aðferðum, jarðfræði, jarðeðlisfræði og jarðefnafræði til þess að afmarka og skilgreina mögulega virkjunarstaði. Síðasti hluti forathugunar eru rannsóknaboranir. Með þeim fást upplýsingar um hitastig jarðhitakerfisins og efnasamsetningu. Nokkrar upplýsingar má fá um rennsliseiginleika á þessu stigi, en almennt er það ekki fyrr en með reynsluborunum á forhönnunarstigi, sem slíkar upplýsingar fást.

Á Forhönnunarstigi hefur verið valinn einn eða fleiri virkjunarstaður á grundvelli rannsóknaborana. Á þessu stigi eru reynsluboranir gerðar og athuganir á rennsli úr borholum og vinnslueiginleikum jarðhitakerfisins. Í lok þessa áfanga er gerð frumáætlun þar sem hagkvæmni áætlaðrar nýtingar er metin. Á þar að koma fram hvort fýsilegt er að fara í virkjun á tilteknum virkjunarstað.

3.2 Rannsóknarþættir

Á mynd 5 eru sýndir helstu áfangar í rannsókn háhitasvæðis og þeir síðan klofnir niður í 15 rannsóknarþætti. Tímalengd hvers rannsóknaráfanga á mynd 5 er miðuð við skemmsta mögulega tíma til að framkvæma þessa þætti eða áfanga. Það þýðir til dæmis að ef niðurstöður rannsókna gefa ekki tilefni til ákvörðunar um framhald, er rannsókn hætt eða að frekari athuganir eru gerðar á þessu sama rannsóknarstigi. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hverjum rannsóknarþætti í sömu röð og sýnt er á mynd 5. Eftir hvern rannsóknaráfanga er tekin ákvörðun um framhald rannsókna. Þessir ákvörðunarstaðir eru markaðir með tiglum á mynd 5.

Tímalengd verkkönnunar og virkjunarframkvæmdir fara auðvitað mjög eftir því hvers konar orkuvinnsla er fyrirhuguð, og rétt er að benda á að í mjög fáum tilvikum er raunhæft að reikna með að báðum þessum áföngum verði lokið á fjórum árum.

Svo sem greint hefur verið frá áður er gert ráð fyrir að virkjunar- eða nýtingaraðili hafi umsjón með seinni áföngum í virkjunarundirbúningi (verkhönnun, gerð útboðsgagna og virkjunarframkvæmdum), þó Orkustofnun komi eflaust einnig til með að vinna að ýmsum rannsóknarþáttum í þessum áföngum. Það er því ekki ástæða til að láta þessa áætlun ná lengra en að ákvörðun um verkhönnun. Hins vegar er rétt að geta þess að meginkostnaðurinn við virkjun er á þessum seinni stigum undirbúnings eins og kemur skýrt fram neðst á mynd 5.



Mynd 5 Áfangaskipting og rannsóknarþættir í virkjunarundirbúningi á háhitasvæðum.

4 RANNSÓKNARHRAÐI - SAMANBURÐUR SVÆÐA VIÐ ÁKVARÐANATÖKU

Í kaflanum um áfangaskiptingu og rannsóknarþætti var farið gegnum þau stig og áfanga sem nauðsynleg eru talin við rannsókn á hverjum virkjunarstað, og einnig í hvaða röð þessir áfangar koma inn í rannsóknina.

Gert er ráð fyrir að þegar vissum áfanga er náð sé tekin ákvörðun um hvort rannsókn skuli haldið áfram eða ekki. Við slíka ákvarðanatöku má hugsa sér tvær aðstæður:

A) Ákvörðunin miðast eingöngu við þekkingu á einu svæði og metið er hvort fýsilegt sé að halda áfram þar eða hætta.

B) Sambærileg þekking er fyrir hendi á nokkrum svæðum, og ákvörðunin miðast við að velja hvert þessarra svæða sé fýsilegast til frekari rannsókna.

Það gefur auga leið að kostur A er mun þrengri en kostur B, og að mikil hætta er á að menn lendi þar í blindgötu, þ.e.a.s. komist að því eftir vissan tíma að tiltekið svæði er illa fallið til vinnslu. Ef þá eru ekki fyrir hendi svæði á svipuðu rannsóknarstigi þarf e.t.v. að byrja frá grunni á öðru svæði og mikill tími fer forgörðum.

Svo sem fram kemur í kostnaðaráætlunum í þessari skýrslu eykst kostnaður mjög ört eftir því sem rannsókn miðar áfram, og í stórum dráttum má segja að verðmunur aukist tífalt við hvern áfanga. Það er því hverfandi kostnaðarauki að taka fyrir allmörg svæði í byrjun til þess að hægt sé að vinsa úr þau heppilegustu á seinni stigum rannsókna. Hins vegar aukast líkur á því að settu marki verði náð ef hægt er að velja milli margra svæða við hverja ákvarðanatöku um næsta áfanga í rannsókn.

Alþingi hefur ályktað að rannsóknarhraði skuli miðast við að tvö svæði verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum. Til þess að því markmiði verði náð er auðsjáanlega of mikil áhætta því samfara að einskorða rannsóknir við tvö svæði. Hins vegar er það líka of mikil svartsýni að hefja strax rannsóknir á öllum háhitasvæðum landsins. Hér verður að velja einhvern skynsamlegan meðalveg. Sú leið sem hér hefur verið valin er sýnd á mynd 6. Grunnhugmyndin er sú að við hverja ákvarðanatöku eru tvö svæði af þremur valin til frekari rannsókna, eða með öðrum orðum að það séu fyrir hendi 1,5 sinnum fleiri möguleikar á fyrri rannsóknastigum.

Mynd 6 er fræðilegt ákvörðunartré sem byggir á þeirri forsendu að þekking á öllum svæðum sé jöfn, og að einungis ein ákvörðun sé tekin um hvert rannsóknastig. Þess vegna má

ekki skilja myndina svo að rannsaka þurfi alla þá möguleika sem sýndir eru á myndinni. En fræðilega sýnir myndin að til þess að hægt sé að velja tvo virkjunarstaði til verkhönnunar þurfa að liggja fyrir upplýsingar frá þrem svæðum þar sem reynsluboranir hafa farið fram (forhönnun). Til þess að velja þessi þrjú svæði til forhönnunar þarf rannsóknarborunum að vera lokið á fimm svæðum, en þau svæði aftur valin úr átta svæðum þar sem yfirborðsrannsóknir hafa verið gerðar. Til þess að velja átta svæði til yfirborðsrannsókna þarf fyrsta leit að virkjunarstað að hafa farið fram á 12 svæðum.



Mynd 6 Samanburður virkjunarstaða við ákvarðanatöku um framhald rannsókna.

Þó margir möguleikar komi fram í fræðilegri uppsetningu á þessari aðferð er ljóst að möguleikarnir verða mun færri ef unnið er samhliða á mörgum rannsóknastigum. Við ákvarðanatöku á hverju stigi er nægjanlegt að tveir kostir séu fyrir hendi til þess að taka ákvörðun um framhald á einu svæði.

Í fyrirliggjandi áætlun hefur verið metið á hvaða stigi hvert háhitasvæði er statt rannsóknarlega, og áætlunin miðuð við þá stöðu. Fjárhagslega skiptir það þó litlu máli vegna þess að yfirgnæfandi kostnaður er tengdur borunum. Hins vegar skiptir það miklu máli fyrir tímaáætlun verksins, og möguleika á að koma tveim virkjunarstöum á verkhönnunarstig að fimm árum liðnum.

Ef byrja þyrfti frá grunni er stysti tími frá því forathugun hefst þar til kemur að ákvörðun um verkhönnun 7 ár eins og fram kemur á mynd 5.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að valið sé á milli virkjunarstaða þegar ákvörðun um framhald rannsókna er gerð. Það er því ekki hægt að nafngreina hvaða svæði það verða sem lagt er til að forhönnun verði gerð á.

5 FORGANGSRÖÐ SVÆÐA

Við val á háhitasvæðum til rannsókna geta komið til mörg sjónarmið, og er vægi þeirra yfirleitt metið misjafnt. Hér má nefna:

1. Lega svæðis miðað við markað og aðrar landfræðilegar aðstæður. Nálægð jarðhitasvæðis við þéttbýli skiptir meginmáli fyrir nýtingu til hitaveitu, en nálægð við þéttbýli og góða höfn er aðalatriði í iðnaðarnýtingu. Samgöngur og nálægð við raforkuver og raforkulínur getur einnig skipt sköpum fyrir nýtingarmöguleika háhitasvæðis.
2. Vinnslugeta og vinnslueiginleikar virkjunarstaðar. Þessir eiginleikar koma að vísu sjaldan fram fyrr en langt er liðið á rannsókn virkjunarstaðar, og verða því fremur til þess að ákvarða framhald rannsókna en að hefja rannsóknir á óþekktum svæðum. Að öðru jöfnu eru svæði með mikla vinnslugetu tekin fram yfir virkjunarstaði með litla vinnslugetu. Vinnslueiginleikar virkjunarstaðar eru hins vegar afgerandi um það hvers konar nýting er heppileg og hagkvæm á viðkomandi virkjunarstað.

3. Fyrirliggjandi þekking á svæðinu. Með hliðsjón af mikilvægi liðs 2 hér að ofan er það eðlilegt að þau svæði sem eru betur þekkt en önnur njóti góðs af því þegar svæðum er raðað í forgangsröð.

4. Orka svæðanna. Fræðileg orka allra háhitasvæða landsins hefur verið metin (Guðmundur Pálmason 1981, Guðmundur Pálmason o.fl. 1982). Ef önnur þekking er ekki fyrir hendi má nota þetta mat til að gera upp á milli svæða.

5. Umhverfissjónarmið. Nokkur háhitasvæði eru friðuð (t.d Geysir, Hveravellir og Askja), eða eru á landssvæðum með strangri náttúruverndarlöggjöf (Mývatn). *Rannsóknir og nýting þarf að taka tillit til* náttúruverndar og umhverfissjónarmiða. Rannsóknir á háhitasvæðunum geta einnig verið áhugaverðar vegna náttúrverndar (Geysir).

6. Gosvirkni. Öll háhitasvæði landsins eru tengd virkum megineldstöðvum, en varmagjafi háhitasvæðanna er kólnandi kvika eða innskot frá þessum eldstöðvum. Eðlilegt er að öðru jöfnu að forðast virkustu eldstöðvarnar vegna gosvirkni, en einnig vegna þeirra óheppilegu efnaáhrifa sem kvikuvirkni getur haft á jarðhitavökvann.

7. Skjálftahætta. Á öllum háhitasvæðum landsins má búast við verulegum jarðskjálftum (M5), en sums staðar má búast við enn stærri skjálftum (M6 - M7).

8. Eignarréttur. Þar sem háhiti er á landssvæðum í einkaeign setur það ríki og sveitarfélögum vissar skorður í rannsókn háhitasvæða. Fram að þessu hafa virkjunaraðilar háhitasvæða einungis verið ríki og sveitarfélög, og í

þessari áætlun er gert ráð fyrir að svo verði í náinni framtíð. Svæði í einkaeign eru því að öðru jöfnu látin hafa minni forgang en svæði í umsjá ríkis og sveitarfélaga.

Þó öll þessi átta atriði hafi verið athuguð í því vali á háhitasvæðum sem hér er gert, reyndist langveigamesta atriðið í flestum tilvikum vera liður 1, - landfræðileg lega svæðis. Þau svæði sem talið er eðlilegt að beina rannsóknum næstu 5-10 ára á eru svæðin á Reykjanesskaga (Reykjanes, Eldvörp, Krísuvík, Hengill), Torfajökull og svæði á Norðausturlandi (Námafjall Þeistareykir, Öxarfjörður). Virkjunarstaðirnir Svartsengi, Bjarnarflag á Námafjallssvæði og Hveragil (Leirbotnar) á Kröflusvæði eru þegar virkjaðir (mynd 7).

Ástæða er til að minna á það hér að þegar gerð er áætlun um rannsóknir á sérstakri auðlind (jarðhita) eins og hér er gert er reiknað með að rannsókn á allri auðlindinni sé gerð og að nýting auðlindarinnar sé það mikil að nýtingin standi undir rannsóknarkostnaið.

Í sumum tilfellum væri eðlilegt að nýting auðlindar væri minni en t.d. 50% en í þeim tilfellum er ekki hægt að gera ráð fyrir að rannsókn spanni yfir nema vissan hluta af heildarrannsókn auðlindar.

Reykjanes. Svæðið er allvel þekkt, og er landið í eigu ríkis og sveitarfélaga. Boraðar hafa verið 8 holur, og er ein þeirra notuð í tilraunasaltverksmiðju þar. Samgöngur eru greiðar og fjarlægð til Keflavíkur er 18 km. Eldvirkni hefur verið lítil á sögulegum tíma. Skjálftar eru tíðir en yfirleitt litlir. Jarðhitavökvi er saltur, og hitastig um 290° C.

Eldvörp. Svæðið er sennilega lítið, en boranir hafa ekki farið fram ennþá. Land er í eigu ríkisins, en Hitaveita Suðurnesja hefur rétt til rannsókna á svæðinu. Fjarlægð til Svartsengis er 6 km. Rannsóknarborun er fyrirhuguð veturinn 1982-1983. Nýtingarmöguleikar til hitaveitu og til iðnaðar. Eldvirkni hefur ekki verið á sögulegum tíma. Skjálftavirkni mikil en skjálftar yfirleitt smáir.

Krísuvík (Sveifluháls - Trölladyngja). Svæðið er stórt að flatarmáli, en jarðhita og ummyndun er dreift á um 45^2 km svæði. Virkjunarstaðir eru tveir, Sveifluháls og Trölladyngja. Fjarlægð til höfuðborgarsvæðis er um 30 km. Trölladyngja liggur mjög vel við höfn í Straumsvík (11 km). Mikill hluti Krísuvíkursvæðisins er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Alls hafa verið boraðar 8 holur á Krísuvíkursvæði. Hitastig jarðhitavökva er um 200°C við Seltún en 260°C við Trölladyngju. Nýtingarmöguleikar eru til

hitaveitu og til iðnaðar. Tvö hraun a.m.k. hafa runnið eftir landnám. Skjálftavirkni er mikil en skjálftar yfirleitt litlir.

Hengill. Talinn eitt af stærstu háhitasvæðum landsins. Fjarlægð til Höfuðborgarsvæðisins um 30 km og samgöngur góðar. Fimm virkjunarstaðir eru taldir vera á svæðinu (Nesjavellir, Hveragerði, Ölkelduháls, Vestur-Hengill og Hengladalir). Mikill hluti svæðisins er í eigu sveitarfélaga eða ríkis, en nokkur hluti í einkaeign. Boraðar hafa verið fimm holur á Nesjavöllum og átta holur norður af Hveragerði. Hitastig er um 220°C í Hveragerði en yfir 300°C á Nesjavöllum. Eldvirkni hefur verið lítil á sögulegum tíma, en skjálftavirkni töluverð, og hafa mælst þar öflugir skjálftar.

Torfajökull. Talið öflugasta háhitasvæði landsins sem er aðgengilegt til virkjunar. Landið er afréttarsvæði í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum, að mestu á Landmannaafrétti. Rannsóknir á byrjunarstigi. Svæðið er fjarri byggð en nálægt vatnsorkuverum á Tungnáröræfum. Nokkur hraun hafa runnið á sögulegum tíma, og gjóskugos varð á norðanverðu svæðinu á 15. öld. Jarðhiti og ummyndun er á mjög stóru svæði (130 km^2), og er búist við að á svæðinu séu margir virkjunarstaðir. Smáskjálftar eru tíðir, en einnig má vænta þar stærri skjálfta. Torfajökull er á svæðinu "Friðland að Fjallabaki".

Námafjall (Hverarönd). Í Námafjalli eru taldir tveir virkjunarstaðir, Bjarnarflag og Hverarönd. Ríkissjóður hefur umráðarétt yfir jarðhitanum. Bjarnarflag er virkjað en Hverarönd ekki. Vinnslugeta og vinnslueiginleikar í Bjarnarflagi eru hagstæðir, og má því e.t.v. vænta svipaðra aðstæðna í Hverarönd. Lítill þéttbýliskjarni er í Reynihlíð. Lög um verndun Mývatns og Laxár ná til Námafjallssvæðisins. Hraun hafa runnið á sögulegum tíma í nágrenni Námafjalls og áhrifa kvikuumbrota (1975-1982?) í Kröflu hefur gætt í Bjarnarflagi en ekki í Hverarönd. Skjálftavirkni er talin lítil að undanskildum umbrotum síðustu ára í Kröflu.

Þeistareykir. Svæðið er fremur lítið, en er nú allvel þekkt. Svæðið er aðgengilegt til vinnslu. Jarðhitaréttindin eru eign ríkissjóðs. Fjarlægð til Húsavíkur er 20 km, en vegasamband ekki gott. Nýtingarmöguleikar eru einkum til iðnaðar. Ekki er vitað um eldvirkni á svæðinu síðastliðin 2000 ár, og skjálftavirkni hefur ekki mælst á svæðinu. Vegna nálægðar við Húsavíkurmisgengi má þó búast við verulegum skjálftum á svæðinu.

Öxarfjörður. Háhitasvæði er talið vera undir söndunum í Öxarfirði. Stærð svæðisins gæti verið um 20 km^2 samkvæmt viðnámsmælingum. Næsta þéttbýli er Kópasker, en háhitasvæðið er í byggð í Öxarfirði. Nýtingarmöguleikar til hitaveitu og

til iðnaðar. Engar nútímaeldstöðvar eru á svæðinu, en stórir skjálftar virðast dynja tiltölulega oft yfir þetta svæði. Sprungumyndanir og landssig urðu 1976 í tengslum við umbrot í Kröflu, enda er háhitasvæðið í Öxarfirði í sama sprungusveim og gengur gegnum Kröflu. Land er allt í einkaeign.

Þó ekki sé gert ráð fyrir að önnur háhitasvæði en hér voru talin verði rannsökuð á næstu 10 árum er þó ljóst að athuga verður hvaða háhitasvæði gætu komið til rannsóknar á árunum 1990-2000. Til þess að svo megi verða, og til þess að halda nokkurri samfellu í rannsókn háhitasvæða er í þessari áætlun lagt til að fyrsta leit að virkjunarstað verði gerð á nokkrum svo til óþekktum svæðum á næstu 15 árum. Þessi svæði eru:

Sandfell. Lítið svæði sem er hluti af Krísuvíkursvæðinu.
Brennisteinsfjöll. Lítið svæði skammt vestur af Bláfjöllum. Fýsilegt vegna nálægðar við Höfuðborgarsvæðið.
Fremrinámar. Lítið svæði skammt suðaustur af Mývatni.
Hrúthálsar. Nokkru suðaustan við Fremrináma í norður-gosbeltinu.
Kerlingarfjöll. Stórt svæði suðvestan við Hofsjökul.
Blautakvísl. Lítið svæði skammt sunnan við Þórisvatn.
Kaldakvísl. Lítið svæði skammt vestan Vatnajökuls.

6 STAÐA RANNSÓKNA

Háhitasvæði á Íslandi eru mjög mismunandi vel þekkt. Sum svæði eru alveg óþekkt, og jafnvel er ekki vitað hvort fyrir hendi er háhitasvæði eða ekki. Í öðrum tilvikum er þekking mikil, einkum á þeim svæðum þar sem vinnsla fer fram. Í þessum kafla er fjallað um háhitasvæðin almennt og rakin staða rannsókna á þeim átta háhitasvæðum, sem eru til umfjöllunar í þessari áætlun (sjá kafla 5). Í þessum lýsingum er m.a. stuðst við birt og óbirt gögn Jarðhitadeildar Orkustofnunar. Til samanburðar er mynd 5 notuð til að sýna stöðu rannsókna á hverjum virkjunarstað.

6.1 Háhitasvæði landsins

Skipting íslenskra jarðhitasvæða í háhitasvæði og lághitasvæði byggir á skilgreiningu Gunnars Böðvarssonar (1961). Sú skilgreining er fræðilegs eðlis þar sem mörkin eru dregin við grunnhitann (base temperature) 150-200°C. Sem einföldun á hugtakinu grunnhiti má segja að það sé hæsta hitastig sem jarðhitavökvi í tilteknu jarðhitakerfi nær í hringrás sinni um bergið. Önnur skilgreining, sem tengist betur mældum hita í borholum, er sú að háhitasvæði sé jarðhitasvæði þar sem hiti er yfir 200°C á minna en 1000 m dýpi (Sjá t.d Guðmundur Pálmason 1980).

Stundum getur verið erfitt að draga nákvæm mörk milli lághita og háhita en í flestum tilfellum má notast við ýmsar óbeinar athuganir til að greina milli þessarra tveggja tegunda jarðhitasvæða. Fjöldi íslenskra háhitasvæða er ekki vel skilgreint hugtak, heldur fer hann eftir þekkingu manna á hverjum tíma. Við fyrsta mat á orku íslenskra háhitasvæða (Gunnar Böðvarsson 1956) var talið að þessi fjöldi væri 12 svæði. Í nýlegu mati á jarðhitaorku landsins (Guðmundur Pálmason 1981, Guðmundur Pálmason o.fl. 1982) er talið að fjöldi íslenskra háhitasvæða sé allt að 27. Almenn staða rannsókna á íslenskum háhitasvæðum er sýnd á mynd 7. Skilgreining rannsóknarstigs er ekki í smáatriðum samhljóða þeirri skilgreiningu sem notuð er í þessari skýrslu (sjá mynd 5) en í stórum dráttum má sjá að rannsókn háhitasvæða er skammt á veg komin.

Öll íslensk háhitasvæði eru talin vera á gliðnunarbeltum landsins (sjá mynd 8). Þar að auki virðast þau einkum staðsett innan sprungu- og misgengiskerfa þar sem eldvirkni er mest í svokölluðum megineldstöðvum. Undantekningar frá þessari reglu eru t.d. megineldstöðvarnar, Hekla, Öræfajökull og Snæfellsjökull þar sem ekki er vitað um háhitasvæði. Ein skýring á þessu gæti verið að þessar megineldstöðvar eru ekki á virku gliðnunarbelti landsins.



Mynd 7 Staða rannsókna á háhitasvæðum á Íslandi í mars 1981. Aðgengileiki svæðis til vinnslu er skilgreindur sem nýtanlegt flatarmál jarðhitasvæðis (sjá nánar í Guðmundur Pálmason o.fl. 1981).



Mynd 8 Háhitasvæði á Íslandi, viss og óviss.



Mynd 10 Jarðhitasvæðið á Reykjanesi, borholur og dreifing jarðhita og ummyndunar á yfirborði (skv. Sveinbjörn Björnsson o.fl. 1971).



Mynd 12 Jarðhitasvæðin í Svartsengi og Eldvörpum, borholur og dreifing jarðhita og ummyndunar á yfirborði (skv. Jón Jónsson 1978).



Mynd 14 Jarðhitasvæðin við Krísuvík, Sveifluháls, Trölladyngju og Sandfell. Borholur, og dreifing jarðhita og ummyndunar á yfirborði (skv. Jón Jónsson í Stefán Arnórsson o.fl.1975 og Jón Jónsson 1978)


HENGILL
N
ÞINGVALLAVATN
Nesjahraun
Mosfellsheiði
NESJAVELLIR
HENGLADALIR
ÖLKELDUHÁLS
Hrafnabjargafell
Hengill
Innstidalur
Sleggjubeinsskarðshnjúkur
Skeggjadalur
Hrómundartindur
Grafningur
Hrafnagjá
Grafningsvegur
Hrafnagjárhnúkur
Hrafnagjárdalur
Hrafnagjárhraun
Hrafnagjárfell
Hrafnagjárskarð
Hrafnagjárhæð
Hrafnagjárhæðir
Hrafnagjárhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarfell
Hrafnagjárhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðir
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðir
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðir
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðir
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðir
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðir
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðir
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkur
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhraun
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurfell
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurskarð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæð
Hrafnagjárhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðarhnúkurhæðir



Mynd 19 Jarðhitasvæðin Torfajökull I, II og III, dreifing jarðhita eftir upplýsingum frá Kristjáni Sæmundssyni.

Mynd 18. Torfajökulssvæðið, horft frá Bláhnúk til vesturs yfir Laugahraun, sem er súrt nútímahraun. Fyrir miðri mynd er Brennisteinsalda og má sjá gufur við norðanverðar rætur hennar. Mógilshöfða ber við himin (ljósm. Kristján Sæmundsson).

Mynd 21. Horft til suðausturs yfir Bjarnarflag sem er annað tveggja virkjunarsvæða á Námafjallssvæðinu. Hitt virkjunarsvæðið, Hverarönd er til vinstri (austan) við myndina. Kísiliðjan er til hægri við miðja mynd og sjást gufur m.a. stíga upp frá borholum gufuveitunnar (ljósm. Oddur Sigurðsson).



Mynd 22

Jarðhitasvæðin við Námafjall, Bjarnarflag og Hverarönd. Borholur og dreifing jarðhita á yfirborði (Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971).



Mynd 24 Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum, dreifing jarðhita og ummyndunar.



Mynd 26 Dreifing jarðhita á yfirborði í Öxarfirði skv. gögnum Orkustofnunar. Ekki hefur verið reynt að draga útlínur jarðhitasvæðisins þar sem um það ríkir mikil óvissa.



Mynd 31. Mynd tekin í austurhlíð Leirhnúks, dæmigerð fyrir hvernig umhorfs er á háhitasvæðum þar sem hitinn hefur soðið sundur bergið og gufu- og leirhverir bulla og sjóða. Leirhverir færa sig oft úr stað og eftir standa holur og pyttir. Þessi svæði eru því varasöm yfirferðar (ljósm. Helgi Torfason).

Á mynd 30 er samanburður á stöðu rannsókna á 20 virkjunarstöðum eða háhitasvæðum. Þar kemur fram, að þekkingarlega væri hægt að hefja rannsóknarboranir á 8 virkjunarstöðum á árinu 1983, en einungis þrír virkjunarstaðir eru lengra komnir í rannsóknum (ef frá eru taldir þeir staðir sem eru í vinnslu). Það gefur því auga leið að rannsóknarboranir verða mesti flöskuhálsinn í náinni framtíð í því að þoka virkjunarstöðum á verkhönnunarstig.



MYND 30 Staða rannsókna á 20 virkjunarstöðum og háhitasvæðum.

Strangt tekið er ekki nauðsynlegt að gera yfirborðsrannsóknir eða fyrstu leit að nýjum virkjunarstöðum til þess að koma 2-3 virkjunarstöðum á verkhönnunarstig. Hins vegar er það talið æskilegt að samfella sé á öllum stigum jarðhitarannsókna, og það er nauðsynlegt að gæta þess að ávallt séu margir kostir fyrir hendi á fyrstu þrepum jarðhitarannsókna til þess að hægt sé að velja á milli nokkurra kosta hverju sinni.

Kostnaður við yfirborðsrannsóknir og fyrstu leit að virkjunarstað er hverfandi miðað við seinni þætti rannsókna, en skiptir hins vegar miklu máli fyrir tímalengd og mannafla. Einnig er nauðsynlegt að unnið sé samhliða á mörgum rannsóknarstigum til þess að mannafli nýtist sem best.

7 MEÐALKOSTNAÐUR VIÐ RANNSÓKN Á EINUM VIRKJUNARSTAÐ

Í áætlunargerð sem þessari er gert ráð fyrir að meginhluti auðlindar komi til nýtingar, og að fyrirhuguð nýting muni standa undir þeim rannsóknarkostnaði sem er nauðsynlegur vegna nýtingar á meginhluta auðlindar. Það þýðir í raun, að gert er ráð fyrir að a.m.k. 50% af auðlind komi til nýtingar til þess að réttlæta þann rannsóknarkostnað sem hér er settur fram.

Í kafla 3 var rannsóknum á háhitasvæðum skipt niður í áfanga og verkþætti. Þar kemur fram að það tekur skemmst sjö ár frá því að rannsóknir hefjast þar til virkjunarstaður kemst á verkhönnunarstig. Í eftirfarandi kafla verður fyrst og fremst fjallað um fræðilega skiptingu kostnaðar og mannafla við rannsókn háhitasvæða, þ.e. við að koma einum virkjunarstað á verkhönnunarstig. Hér er fyrst og fremst verið að sýna hvernig kostnaður og mannafli skiptist milli ára miðað við mismunandi forsendur í rannsóknum háhitasvæða. Tillögur um raunverulega skiptingu milli ára, og raunveruleg markmið eru hins vegar sett fram í kafla 8. Í viðauka er að finna þau einingarverð sem notuð eru í þessari áætlun, og forsendur fyrir þeim, en öll einingarverð eru miðuð við verðlag í mars 1982.

Eins og fram kemur í kafla 6 eru jarðhitarannsóknir á einstökum háhitasvæðum mislangt á veg komnar. Þannig eru yfirborðsrannsóknir allvel á veg komnar á nokkrum svæðum og önnur eru komin á forhönnunarstig. Af þessu leiðir, að kostnaður við að koma einstökum háhitasvæðum á verkhönnunarstig er nokkuð mismunandi. Þá má einnig gera ráð fyrir misumfangsmiklum rannsóknum eftir stærð svæða. Á víðáttumiklum háhitasvæðum þar sem búast má við fleirum en einum virkjunarstað er gert ráð fyrir að sá hluti rannsókna sem unninn er áður en rannsóknarboranir hefjast taki yfir háhitasvæðið allt, en seinni verkþættir takmarkist við einstaka virkjunarstaði.

Í töflu 6 er áætlaður sá mannafli og fjárþörf sem þarf til þess að koma 14 virkjunarstöðum á níu háhitasvæðum á verkhönnunarstig. Þar er gengið út frá þeirri áfangaskiptingu sem sett er fram í kafla 3, og stöðu rannsókna, eins og hún er rakin í kafla 6. Í töflunni er yfirborðsrannsóknum skipt í tvo hluta, annars vegar eru þær rannsóknir sem gerðar eru á háhitasvæðinu í heild en hins vegar þær sem takmarkast við ákveðinn virkjunarstað. Þar kemur fram að það vantar minnst uppá til þess að koma Nesjavallasvæðinu á verkhönnunarstig eða um 47 millj. kr. Auk þess sýnir taflan, að þó að önnur svæði séu mismunandi á vegi stödd hvað varðar yfirborðsrannsóknir, þá er áætlaður viðbótarkostnaður til þess að ná verkhönnunarstigi tiltölulega svipaður, eða á bilinu 75-79 millj. kr., sem stafar af því að tiltölulega lítill hluti af heildarkostnaði liggur í yfirborðsrannsóknum en þær taka hins vegar

TAFLA 6 KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR FORATHUGUN OG FORHÖNNUN EINSTAKRA VIRKJUNARSTAÐA

(Kostnaður í þúsundum króna miðað við verðlag í mars 1982).

	Reykjanes		Eldvörp		Krísuvík		Hengill				Torfajökull				Námafjall		Þeistar.		Öxarfj.		Önnur svæði	
	mán.-verk	kostn.	mán.-verk	kostn.	mán.-verk	kostn.	mán.-verk	kostn.			mán.-verk	kostn.			mán.-verk	kostn	mán.-verk	kostn	mán.-verk	kostn	mán.-verk	kostn
1-2 Leit að virkjunarstað	-	-	-	-	-	-	-	-			-	-			-	-	-	-	-	-	12+3	726
3-4 Yfirborðs-rannsókn og skýrsla	-	-	4	176	35+3	1720	53+3	2530			135+42	8712			23+2	1144	-	-	31+4	1628	46+10	2684
VIRKJUNARSTAÐUR	"		"		Tröllad.		Sveifluh.		V-Hengill		Henglad.		Nesjavell.		Torfi I		Torfi II		Torfi III		Hverarönd	
					mv	kos.	mv	kos.	mv	kos	mv	kos	mv	kos	mv	kos	mv	kos	mv	kos		
Yfirborðsrann-sókn			7+6	704	29+11	2276	8+6	748	7+6	704	7+6	704	-	-	18+10	1540	18+10	1540	18+10	1540	7+6	704
5 Rannsóknar-boranir			45	27281	45	27281	45	27281	45	27281	45	27281	-	-	45	27281	45	27281	45	27281	45	27281
6 Ath. á við-brögðum geymis			30	2100	30	2100	30	2100	30	2100	30	2100	18	1280	30	2100	30	2100	30	2100	30	2100
7 Rannsókn virkjunarst.			12	1140	12	1140	12	1140	12	1140	12	1140	12	1140	12	1140	12	1140	12	1140	12	1140
8 Skýrsla um forathugun			12	360	12	360	12	360	12	360	12	360	12	360	12	360	12	360	12	360	12	360
9 Drög að nýt-ingaráætlun			6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180
10 Reynsluboranir			45	42381	45	42381	45	42381	45	42381	45	42381	45	42381	45	42381	45	42381	45	42381	45	42381
11 Fyrsta mat á vinnslueiginl.			6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180
12 Fyrsta mat á hagkvæmni			6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180	6	180
13 Forætlun			18	540	18	540	18	540	18	540	18	540	18	540	18	540	18	540	18	540	18	540
Samtals þús. kr.				75222		77478		75950		75886		75896		47071		78786		78786		78786		76190		75618		77938		79292
Mánaðarverk		155		239		239		212		212		142		267		267		267		218		228		248		279
Ársverk		14		22		22		19		19		13		24		24		24		20		21		23		25

umtalsverðan tíma.

Kostnaður við boranir, bæði rannsóknarboranir og reynsluboranir, er yfirgnæfandi í rannsókn háhitasvæða. Mannaflinn hefur hins vegar nokkuð aðra dreifingu. Til að sýna þennan mun eru myndir 32 og 33 gerðar.

Á mynd 32 er sýnt hvernig meðalkostnaður við forathugumn og forhönnun við rannsókn á einum virkjunarstað skiptist milli einstakra verkþátta. Er þá reiknað með háhitasvæði þar sem er einn virkjunarstaður og allur kostnaður við yfirborðsrannsókn komi óskiptur inn í dæmið. Þar kemur fram að um 92% af áætluðum heildarkostnaði fara í boranir rannsókna- og reynsluborhola. Mynd 33 sýnir skiptingu mannafla (þ.e. sérfræðinga á Jarðhitadeild Orkustofnunar) milli einstakra verkþátta fyrir ímyndað meðalsvæði. Þar kemur fram, að leit að virkjunarstað og yfirborðsrannsóknir taka um 19% af áætlaðri mannaflaþörf Jarðhitadeildar við að koma virkjunarstað á verkhönnunarstig, en þessir verkþættir taka eingöngu um 3% af áætluðum heildarkostnaði eins og fram kom hér að framan. Annar mannfrekur þáttur er athugun á viðbrögðum geymis sem tekur 14% af áætlaðri mannaflaþörf, en rannsóknaboranir og reynsluboranir krefjast eingöngu 41% af mannafla miðað við 92% af áætluðum kostnaði.

Þar sem kostnaður við boranir er svo yfirgnæfandi er skipting kostnaðar eftir árum mjög breytileg eftir því hvað rannsókn miðar.

Mynd 34 sýnir árlegan kostnað við rannsókn á einum ímynduðum virkjunarstað. Þar kemur fram, að fyrstur tvö árin, þegar leitað er að líklegum virkjunarstað og unnið er að yfirborðsrannsóknum, er varið innan við 3% af áætluðu heildarfjármagni eða um 2,3 millj. króna samtals. Eftir að boranir hefjast er áætlaður árlegur kostnaður á bilinu 13-17 millj. króna, en ívið lægri síðasta árið eða um 10 millj. króna. Í töflu 6 sést einnig áætlaður sá mannafli, sem þarf til þess að framfylgja áætluninni, en eingöngu er metið starf sérfræðinga hjá Jarðhitadeild Orkustofnunar. Fram kemur í töflu 6 að af öllum virkjunarstöðunum eru Nesjavellir komnir lengst áleiðis í rannsóknum og lítið vantar til að ljúka forhönnunarstigi, eða 141 mánaðarverk. Önnur þau svæði sem taflan tekur til liggja á bilinu 191-243 mánaðarverk, sem jafngildir því, að ef áætluðum rannsóknum við einn virkjunarstað er lokið á 6 árum þarf 3-4 sérfræðing á ári fyrir hvern stað.

Svo sem rakið er í kafla 4 er það talin skynsamleg leið að leggja undir nokkur háhitasvæði á fyrstu stigum rannsókna, en velja síðan úr þau svæði eða virkjunarstaði, sem best þykja fallin til áframhaldandi rannsókna. Með þeirri aðferð er talið að dregið sé verulega úr áhættu, en þar sem fyrstu stig



Mynd 32 Skipting kostnaðar við forathugun og forhönnun á einum virkjunarstað, í prósentum.



Mynd 33 Skipting mannafla við forathugun o forhönnun á einum virkjunarstað, í prósentum.



Mynd 34 Áætlaður árlegur kostnaður og heildarkostnaður við forathugun og forhönnun á einum virkjunarstað.



Mynd 35 Skipting kostnaðar við forathugun og forhönnun á tveim virkjunarstöðum þegar gert er ráð fyrir að 1,5 fleiri möguleikar séu ávallt rannsakaðir á fyrri rannsóknarstigum.



Mynd 36 Skipting mannafla við forathugun og forhönnun á tveim virkjunarstöðum þegar gert er ráð fyrir að ávallt séu 1,5 fleiri möguleikar rannsakaðir á fyrri rannsóknarstigum.

rannsókna eru svo ódýr miðað við boranir þá er kostnaðarauki hverfandi. Ef miðað er við útsláttarreglu 3:2 eins og lýst er í kafla 4 má fræðilega reikna dreifingu á kostnaði og mannafla við að koma tveimur ímynduðum virkjunarstöðum á verkhönnunarstig. Myndir 35 og 36 sýna hvernig skipting í kostnað og mannafla verður ef þessar aðferðir eru notaðar. Gert er ráð fyrir að engar rannsóknir hafi verið gerðar, þannig að fyrsta árið er eingöngu unnið við leit að virkjunarstað á 12 svæðum eins og mynd 6 sýnir og síðan áætluninni fylgt þannig að tvö svæði verði komin á verkhönnunarstig að 7 árum liðnum. Á sama hátt og áður kemur mjög glögglega fram að skipting mannaflaa og fjármagns er mjög mismunandi. Kostnaður vegna borana er nálægt 90% af heildarkostnaði, en mannaflaþörf vegnaa borana er einungis 35% af heildarmannaflaþörf.

Mynd 37 sýnir síðan hvernig kostnaður skiptist milli ára ef unnið er samkvæmt þeirri rannsóknaleið sem lýst var hér að framan (sjá mynd 6). Heildarkostnaður við að koma tveim virkjunarstöðum á verkhönnunarstig er talin vera um 300 Mkr., en kostnaður við rannsóknir fyrstu tvö árin er lítill eða um 5% af heildarkostnaði.



Mynd 37 Áætlaður árlegur kostnaður og heildarkostnaður við forathugun og forhönnun á tveimur virkjunarstöðum þegar gert er ráð fyrir að 1,5 fleiri möguleikar séu ávallt rannsakaðir á fyrri rannsóknarstigum.

8 ÁÆTLUN UM KOSTNAÐ OG MANNAFLA

Í þessum kafla eru metin árlegur kostnaður og mannaflaþörf við rannsóknir á háhitasvæðum landsins. Tvær leiðir eru athugaðar. Annars vegar að tveir nýir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1987. Hins vegar leið sem felur í sér nokkru minna átak í byrjun en leiðir til þess að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1988, en að síðan komist ávallt tveir virkjunarstaðir á verkhönnunarstig á þriggja ára fresti.

Fyrri leiðin, sem fjallað er um í kafla 8.1, er í samræmi við þingsályktun frá 19. maí 1981. Síðari leiðin sem er heldur hægari í byrjun, er lýst í kafla 8.2. Í báðum tilvikum er notuð sú aðferð að velja aðeins hluta af mögulegum virkjunarstöðum til áframhaldandi rannsókna (sjá kafla 4). Notað er hlutfallið 2:3 þannig að af þrem mögulegum virkjunarstöðum haldi rannsókn áfram á tveim. Þá er einnig reynt að dreifa borunum sem jafnast á ár, í samræmi við áðurnefnda þingsályktun.

Til þess að mannafli nýtist vel er æskilegt að rannsóknir á mismunandi rannsóknarstigum fari fram samhliða. Tekið er tillit til þessa í báðum tilvikum. Svo sem fram kemur í kafla 6 er skortur á rannsóknarborholum mikill annmarki á núverandi þekkingu háhitasvæða. Hvort sem valin er fljótari eða hægari leið verða rannsóknarboranir á allra næstu árum sá flöskuháls sem ákvarðar hvernær markmiði er náð.

8.1 Tveir virkjunarstaðir eftir fimm ár

Yfirlit um niðurröðun framkvæmda er sýnt í töflu 7. Gert er ráð fyrir að rannsóknaboranir verði gerðar í Eldvörpum, Tröllladyngju, Vestur-Hengli, á Þeistareykjum og í Krísuvík. Eldvörp eru fyrst og fremst hugsuð sem stækkunarmöguleiki fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Fyrir svo stórt fyrirtæki er nauðsynlegt að gera vissar öryggisaðgerðir, eins og þær að hafa vísan jarðhita til reiðu ef eitthvað óvænt kæmi fyrir jarðhitakerfið við Svartsengi. Auk þess gæti jarðhiti í Eldvörpum opnað möguleika á iðnaðarnýtingu (fiskiðnaður), t.d. í Grindavík.

Nýtingarmöguleikar á svæðunum á Nesjavöllum, Vestur-Hengli, Krísuvík og Tröllladyngju eru annars vegar tengdir framtíð Hitaveitu Reykjavíkur, en hins vegar gufuöflun til iðnaðarnota. Nokkuð augljóst er að Hitaveita Reykjavíkur þarf að taka ákvkvörðun nálægt 1985 um það hvernig viðbótarvatnsöflun fyrir næstu áratugi verður háttað. Ein leið í þessum efnum er vinnsla háhita. Þau svæði, sem þá koma til álita eru Nesjavellir, Vestur-Hengill, Hengladalir, Sveifluháls og Tröllladyngja. Til þess að hægt sé að velja á

TAFLA 7 Yfirlit um rannsókn háhitasvæða ef tveir virkjunarstaðir komast á verkhönnunarstig í árslok 1987

	1983	1984	1985	1986	1987
LEIT	Sandfell	Brennisteinsfjöll	Fremrinámar	Kerlingarfjöll	Hrúthálsar
YFIRBORÐSRANNSÓKNIR	Torfajökull I	Torfajökull I	Torfajökull II	Torfajökull III	XXX
	Krísuvík	Torfajökull II	Torfajökull III	Öxarfjörður	XXX
	Hengill	Námafjall			
RANNSÓKNARBORANIR	Eldvörp	Eldvörp	Eldvörp	Krísuvík	CCC
	Trölladyngja	Trölladyngja	Trölladyngja	AAA	BBB
	V-Hengill	V-Hengill	V-Hengill	BBB	AAA
	Þeistareykir	Þeistareykir	Þeistareykir	CCC	
		Krísuvík	Krísuvík		
REYNSLUBORANIR	Nesjavellir	Nesjavellir	Nesjavellir	MM	MM
			MM	NN	NN
					NN
HOLUFJÖLDI					
rannsóknarholur	4	5	5	4	3
reynsluholur	1	1	2	2	3
samtals	5	6	7	6	6

Svæði eftir: Hengladalir, Hverarönd o.fl.

milli þessara staða á raunhæfum grundvelli, og til þess að hægt sé að bera saman háhitanýtingu við lághitanýtingu, þarf að þoka þessum virkjunarstöðum lengra áleiðis í rannsóknum, helst á verkhönnunarstig. Auk þessarar nýtingar liggja öll þessi svæði mjög vel við nýtingu til iðnaðar. Nú þegar liggja fyrir drög að nýtingaráætlun til magnesíumframleiðslu sem gæti gilt fyrir öll þessi svæði. Aðrir nýtingarmöguleikar eru gufuveita til höfuðborgarsvæðisins til ýmiss smáiðnaðar og til notkunar í fiskiðnaði (fiskimjölsverksmiðjur) í þessum landshluta.

Á Norðausturlandi er Þeistareykjasvæðið valið til áframhaldandi rannsókna með rannsóknaborunum. Vegur þar þyngst nálægð við byggð á Húsavík og möguleikar til iðnaðarnota fyrst og fremst í fiskiðnaði. Háhitasvæðið sem talið er vera í Öxarfirði er eitt af fáum háhitasvæðum landsins sem er í byggð. Hins vegar er rannsókn tiltölulega skammt á veg komin, og þykk setlög nálægt yfirborði gætu gert vinnslu þar erfiða. Auk þess eru eignarréttindasjónarmið Þrándur í Götu.

Í yfirborðsrannsóknum er gert ráð fyrir að koma jarðhitasvæðunum við Torfajökul og í Öxarfirði á það stig að hægt sé að taka ákvörðun um rannsóknarboranir. Auk þess verður nokkuð bætt við yfirborðsrannsóknir í Krísuvík, Hengli og við Hverarönd.

Til þess að ná því markmiði að tveir virkjunarstaðir verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum er strangt tekið ekki nauðsynlegt að fara í fyrstu leit að nýjum virkjunarstað á næstu fimm ára tímabili. Hér er þó reiknað með að þessum mjög svo ódýru frumrannsóknum verði haldið áfram samhliða öðrum áföngum rannsókna. Er því reiknað með að fyrsta leit fari fram árlega á einu af svæðunum í Sandfelli, Brennisteinsfjöllum, við Fremrináma, í Kerlingarfjöllum og við Hrúthálsa. Þessar athuganir eru forsenda þess að unnt verði að taka ákvarðanir um hvar heppilegt er að gera yfirborðsrannsóknir á árunum 1987-1991.

Í töflu 7 eru framkvæmdaþættir hvers árs einungis nafngreindir fyrstu þrjú árin, en gert ráð fyrir að umfang rannsókna verði svipað seinni tvö árin. Reiknað er með að fyrstu tvö árin verði reynsluboranir einungis á Nesjavöllum. Næstu tvö árin aukist sá fjöldi í tvær holur á ári en þrjár reynsluholur verði boraðar 1987. Fjöldi borhola á ári er að meðaltali sex holur.

Mynd 38 sýnir yfirlit um hvaða rannsóknir er reiknað með að gerðar verði á tímabilinu 1983-1987 og hvaða virkjunarstaðir koma inn í hverjum áfanga.

Tafla 8 sýnir árlegan kostnað og þörf mannafla fyrir árin



Mynd 38 Rannsóknarþættir á 17 virkjunarstöðum og háhitasvæðum miðað við að tveir virkjunarstaðir verði komnir á verkhönnunarstig eftir 5 ár.

TAFLA 8 Kostnaður og mannaflaskipting miðað við að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1987

		1983			1984			1985			1986			1987		
		M	F	kostn.	M	F	kostn.	M	F	kostn.	M	F	kostn.	M	F	kostn.
1-2 Fyrsta leit	JF	6			6			6			6			6		
að virkjunarstað	JE	2	2	624	2	2	624	2	2	624	2	2	624	4	4	960
	EF	2			2			2			2			4		
3-4 Yfirborðsrann-	JF	35			14			10			13			16		
sóknir og skýrsla	JE	49	13	5764	37	16	4724	26	14	2970	29	11	2770	50	11	4626
	EF	26			28			10			4			16		
4 Rannsóknar-	JF	4			4			8			6			6		
boranir	JE	16	11		29	21		16	7		12	9		18	12	
	EF	16			20			20			16			12		
	BM	16		21364	16		40456	20		65554	16		30118	12		26202
	BJ	16			16			20			16			12		
	RE	12			12			15			12			9		
6 Viðbrögð	EF	-			4			6			4			6		
geymis	BM	2		420	10		2380	14		3192	6		1428	12		2860
	RE	4			20			28			12			24		
7 Rannsókn	JF	-			4			5			1			3		
virkjunarstaðar	VF	8		760	6		1330	-		950	16		1710	2		760
	AN	-			4			5			1			3		
8 Skýrsla um	JF	-			-			8			2			-		
forathugun	JE	-			-			8			2			-		
	EF	-			-			8			2			-		
	BM	-		-	-		-	8		1440	2		360	-		-
	BJ	-			-			8			2			-		
	RE	-			-			8			2			-		
9 Nýtingaráform	VF	-		-	-		-	24		720	6		180	-		-
10 Rannslu-	JF	-			-			2			-			4		
boranir	JE	-			-			2			-			4		
	EF	4		14127	4		14127	8		28254	8		28254	8		28254
	BM	4			4			8			8			8		
	BJ	4			4			8			8			8		
	RE	3			3			6			6			6		
11 Fyrsta mat á	EF	-			1			1			1			3		
vinnslueiginleikum	BM	-			-			1			-			2		
	BJ	-		-	-		60	1		120	-		60	2		300
	RE	-			1			1			1			3		
12 Mat á hagkvæmni	VF	-		-	-		-	6		180	-		-	12		360
13 Foráætlun	VF	-		-	-		-				18		540	36		1080
SUMMA		229	26	43059	253	39	63701	329	23	104004	242	22	66044	311	27	65402
ÁRSVERK		20.8			23.0			29.9			22.0			28.3		

M = Mánaðarverk F = flokksvikur kostn = kostnaður í þús.kr. miðað við verðlag í mars 1982.

JF = jarðfræði
JE = jarðeðlisfræði
EF = efnafræði
BM = borholumælingar
BJ = borholujarðfræði
RE = straumfræði (reservoir eng.)
VF = verkfræði
AN = annað, umhverfisath. o.þ.h.

1983-1987. Árlegur kostnaður og umsvif rannsókna fara stigvaxandi fyrstu þrjú árin og ná hámarki árið 1985 þar sem heildarkostnaður það árið er áætlaður 105 Mkr og mannaflaþörf samsvarar 30 ársverkum. Síðan dregur úr umsvifum og kostnaði þannig að tvö síðustu árin er kostnaður um 65 Mkr og mannaflaþörf samsvarar um 25 ársverkum (sjá töflu 9).

Heildarkostnaður yfir fimm ára tímabil er áætlaður 343.686.000 krónur og heildarmannaflaþörf 125 ársverk. Að meðaltali er kostnaður því nálægt 69 Mkr á ári og mannaflaþörf 25 ársverk á ári. Mynd 39 sýnir árlega mannaflaþörf og kostnað áranna 1983-1987.

Á árinu 1985 er bæði kostnaður og mannaflaþörf mun meiri en hin árin. Slíkar aðstæður eru óheppilegar bæði frá sjónarhorni rannsókna og fjármögnunar. Hins vegar er mjög erfitt að losna við þennan topp ef uppfylla á kröfuna um tvo virkjunarstaði á verkhönnunarstigi í árslok 1987. Meðal annars af þessum sökum var athuguð sú leið sem lýst er í kafla 8.2, þ.e.a.s. að tveir virkjunarstaðir komist ekki á verkhönnunarstig fyrr en í árslok 1988.

Annar galli á þeirri lausn sem hér hefur verið rakin er sá að mannaflaþörfin er mjög veruleg eða 20-30 ársverk á ári. Þetta þýðir að nauðsynlegt væri að bæta við um 5 starfsmönnum á ári næstu 3 árin til rannsókna á háhitasvæðum - eða alls um 15 starfsmönnum á þriggja ára tímabili. Slík aukning í mannafla er erfið í framkvæmd af þrem ástæðum:

1) Erfitt verður að finna svo marga hæfa menn til jarðhitarannsókna á svo skömmum tíma. Framboð er takmarkað.

2) Starfsþjálfun í jarðhitarannsóknum tekur langan tíma.

3) Mjög mikill tími hjá núverandi starfsliði mundi fara í þjálfun á nýju fólki.

Miðað við þann fjölda starfsmanna sem nú eru við jarðhitarannsóknir má ætla að aukning um 2-3 menn á ári sé viðráðanleg. Í þeirri lausn sem rakin er í kafla 8.2 er eitt af skillyrðunum sem sett eru að starfsmannaaukning sé innan viðráðanlegra marka.

Af framansögðu er ljóst að trúlega er hægt að ná með sæmilegu öryggi því markmiði að tveir virkjunarstaðir verði á verkhönnunarstigi í árslok 1987. Hins vegar verður að spenna bogann nokkuð hátt bæði hvað varðar mannafla og fjármagn.

TAFLA 9. Skipting mannafla í mánaðarverk miðað við að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1987

	1983	1984	1985	1986	1987	Mán.-verk alls	Árs-verk alls	Meðaltal mannár á ári
Jarðfræði	45	30	39	28	35	177	16,1	3,2
Jarðeðlisfræði	67	68	54	45	76	310	28,2	5,6
Jarðefnafræði	48	59	55	37	49	248	22,5	4,5
Borholumælingar	22	30	51	32	34	169	15,4	3,1
Borholujarðfr.	20	20	37	26	22	125	11,4	2,3
Geymisverkfr.	19	36	58	33	42	188	17,1	3,4
Verkfræði	8	6	30	40	50	134	12,2	2,4
Annað	-	4	5	1	3	13	1,2	0,2
Summa	229	253	329	242	311	1364	124	24,8
Ársverk	20,8	23,0	29,9	22,0	28,3			



Mynd 39 Ársverk og kostnaður við rannsóknir á háhitasvæðum miðað við að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1987. Hraðari leiðin.

8.2 Tveir virkjunarmöguleikar eftir sex ár. Jafnvægi í mannafla og fjárþörf

Í kafla 8.1 hér að framan er minnst á tvo galla sem eru því samfara að koma tveim virkjunarstöðum á verkhönnunarstig í árslok 1987. Annars vegar verður fjárþörf mjög breytileg frá ári til árs. Hins vegar verður þörf mjög skjótrar aukningar í mannafla.

Eðlilegur tímastuðull í jarðhitarannsóknum er langur (5 ár) og í flestum tilfellum líða 5-10 ár frá því að jarðhitarannsóknir eru gerðar þar til nýting hefst. Skyndilegar breytingar, til aukningar eða minnkunar, falla því illa að eðli jarðhitarannsókna. Heppilegasta fyrirkomulegið er að umfang og fjármagn breytist lítið frá ári til árs. Hins vegar mega breytingarnar vera merkjanlegar ef litið er til 5-10 ára.

Í þessum kafla er lýst lausn sem gæti verið heppilegt umfang háhitarannsókna fram að aldamótum. Þau skilyrði sem gengið er út frá eru þessi:

1) Jafnvægi í fjárþörf og mannaflaþörf ef litið er til 10-15 ára tímabils.

2) Ávallt komist tveir virkjunarstaðir á verkhönnunarstig á þriggja ára fresti þegar litið er til langs tíma.

Það er hins vegar látið ráðast hvenær fyrstu virkjunarstaðirnir komast á verkhönnunarstig - þ.e. hvenær jafnvægi næst.

Til þess að ná fram langtímajafnvægi er ekki nóg að athuga fimm ára tímabil, heldur verður að athuga 15-20 ár. Tafla 10 er yfirlit um helstu framkvæmdaþætti 1983-1997. Til þess að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig á þriggja ára fresti þýðir jafnvægislausnin að bora þarf fjórar holur á ári, tvær rannsóknarholur og tvær reynsluholur. Í töflu 10 sést að jafnvægi kemst á strax árið 1986 og helst eftir það. fyrstu tveir virkjunarstaðirnir komast á verkhönnunarstig í árslok 1988 eða aðeins ári seinna en gert var ráð fyrir í kafla 8.1. Í yfirborðsrannsóknum er gert ráð fyrir að rannsókn á einum virkjunarstað spanni tvö ár, en að fyrsta leit að virkjunarstað sé gerð annað hvert ár. Þó umfang þessara rannsóknarþátta sé hlutfallslega minna en á sviði rannsóknar- og reynsluborana verða þessir þættir ekki takmarkandi á því 15 ára tímabili sem tafla 10 sýnir. Stafar það af því að í reynd er verið að ganga á þann sjóð sem safnað hefur verið í á sviði yfirborðsrannsókna. Það er því nokkuð ljóst að ef ekki á að koma til vandræða strax upp úr aldamótum er nauðsynlegt að tvöfalda umfang yfirborðsrannsókna miðað við það sem sýnt er í töflu 10. Sú

TAFLA 10. Áætlun um rannsóknir á háhitasvæðum 1983-1997. - Yfirlit, ef tveir virkjunarstaðir verða komnir á verkhönnunarstig í árslok 1988

	1983	84	85	86	87	88	89	1990	91	92	93	94	95	96	97
Fyrsta leit að virkjunarstað			Sand-fell		Brenni-steins-fjöll		Fremri-námar		Kerling-arfjöll		Hrút-hálsar		Blauta-kvísl		Köldu-kvíslar-botnar
Yfirborðs-rannsóknir	Krísuvík	Öxar-fjörður	Náma-fjall	Torfa-jökull I	Torfa-jökull I	Torfa-jökull II	Torfa-jökull II	Torfa-jökull III	Torfa-jökull III	KKK	KKK	LLL	LLL	MMM	MMM
Rannsóknar-boranir	Eldvörp 600 m	Eldvörp 1200 m	Eldvörp 1800 m	Krísuvík 1200 m	Krísuvík 1800 m	Öxar-fjörður 600 m	Öxar-fjörður 1200 m	Öxar-fjörður 1800 m	Torfa-jökull X 600 m	Torfa-jökull X 1200 m	Torfa-jökull X 1800 m	Torfa jökull Y 600 m	Torfa-jökull Y 1200 m	Torfa-jökull Y 1800 m	
	Trölla-dyngja 1200 m	Trölla-dyngja 1800 m	Vestur Hengill 1800 m	Hvera-rönd 600 m	Hvera-rönd 1200 m	Hvera-rönd 1800 m	Hengla-dalir 600 m	Hengla-dalir 1200 m	Hengla-dalir 1800 m	Ölkeldu-háls 600 m	Ölkeldu-háls 1200 m	Ölkeldu-háls 1800 m	ZZZ 600 m	ZZZ 1200 m	ZZZ 1800 m
	Vestur Hengill 600 m	Vestur Hengill 1200 m	Þeista-reykir 1800 m												
	Þeista-reykir 600 m	Þeista-reykir 1200 m													
Reynslu-boranir	Nesja-vellir	Nesja-vellir	Nesja-vellir	AAA BBB	AAA BBB	AAA BBB	CCC DDD	CCC DDD	CCC DDD	EEE FFF	EEE FFF	EEE FFF	- -	- -	- -
Holufjöldi bor - km	5 4,8	5 7,2	4 7,2	4 5,4	4 6,6	4 6,0	4 5,4	4 6,6	4 6,0	4 5,4	4 6,6	4 6,0	4 5,4	4 6,6	4 6,0
Virkjunarstaðir á verkhönnunar-stigi						Tveir			Fjórir			Sex			Átta

aukning þarf að koma til framkvæmda um 1990.

Þar sem lausnin sem sýnd er í töflu 10 er í langtímajafnvægi þarf ekki að sýna kostnaðaráætlun nema fyrir fyrstu árin. Tafla 11 sýnir mannaflaþörf og fjárþörf á ári á tímabilinu 1983-1989. Vegna þess skilyrðis að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig á þriggja ára fresti kemur fram minniháttar sveifla með þriggja ára períóðu í áætluninni. Ekki hefur þótt ástæða að jafna út þessa sveiflu. Mynd 40 er stólparit sem sýnir hvernig kostnaður og mannaflaþörf er á árunum 1983-1996. Þriggja ára períóða kemur vel fram.

Á þessu 15 ára tímabili er meðalkostnaður á ári um 53 Mkr og meðal mannaflaþörf 17,7 ársverk. Breytingar frá ári til árs í fjármagni og mannafla eru ekki það miklar að til trafala ætti að vera við framkvæmd áætlunarinnar. Heildaraukning í mannafla til háhitarannsókna ætti ekki að vera meira en sex til átta starfsmenn. Ef sú aukning fer fram á þriggja ára tímabili þýðir það 2-3 nýja starfsmenn á ári, sem er talið yfirstíganlegt (sjá töflu 12).

Þó að sérstakir virkjunarstaðir séu nafngreindir til rannsóknaborana í töflu 10 allt fram til 1996, gefur það auga leið að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir slíkri nákvæmni svo langt fram í tímann. Þessir virkjunarstaðir eru einungis nafngreindir til þess að sýna hvernig lausnin er byggð upp en vitaskuld er í seinni hluta töflunnar ekki nákvæmt í hvaða röð virkjunarstaðirnir koma. Fyrstu þrjú árin er gert ráð fyrir borunum í Eldvörpum, Trölladyngju, Vestur-Hengli, á Þeistareykjum og á Nesjavöllum. Eru þetta sömu virkjunarstaðir og taldir eru í töflu 7 og gilda því sömu rök fyrir vali þeirra og rakin voru í kafla 8.1.

Svo sem hér hefur verið rakið eru meginkostir þessarar leiðar þeir að mannaflaaukning til háhitarannsókna er mjög viðráðanleg. Árlegur kostnaður er nokkuð jafn og árangur rannsókna er talinn vera í samræmi við óskir þjóðfélagsins, að svo miklu leyti sem hægt er að skilgreina þær óskir á þeim tíma sem þessi áætlun er gerð. Auk þessa er áætlunin byggð upp þannig að áhætta er minnkuð verulega fram yfir þann kost að rannsókn sé einskorður við fyrirfram ákveðna virkjunarstaði.

Það eru því mörg rök sem styðja það að rannsókn íslenskra háhitasvæða fram til aldamóta verði einna best háttað með því að fylgja þeirri leið sem lýst er hér í kafla 8.2.

JHD - BM - 9000 - VS
82 09 1024 AA

Mynd 40

ÁRSVERK OG KOSTNAÐUR VIÐ RANNSÓKNIR Á HÁHITASVÆÐUM MIÐAÐ VIÐ AÐ TVEIR VIRKJUNARSTAÐIR KOMIST Á VERKHÖNNUNARSTIG Í ÁRSLOK 1988



TAFLA 11. Kostnaður og mannaflaskipting 1983-1989 miðað við að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1988

			1983			1984			1985			1986			1987			1988			1989		
			M	F	Kostn.	M	F	Kostn.	M	F	Kostn.	M	F	Kostn.	M	F	Kostn.	M	F	Kostn.	M	F	Kostn.
1-2	Fyrsta leit	JF	-			-			4			2			4			2			4		
	að virkjunarstað	JE	-		-	-		-	-		216	2	2	361	-		216	2	2	361	-		216
		EF	-			-			1			1			1			1			1		
3-4	Yfirborðs-	JF	12			4			4			6			6			6			6		
	rannsóknir	JE	6	2	1184	11	4	1289	16	4	1328	12	6	1473	12	6	1473	12	6	1473	12	6	1473
	og skýrsla	EF	6			8			4			6			6			6			6		
5		JF	6			6			4			4			4			4			4		
	Rannsókna-	JE	14	4		16	9		12	6		9	6		9	6		9	6		9	6	
	boranir	EF	22		24013	22		40261	22		44308	8		13896	8		23296	8		20096	8		13896
		BM	16			16			12			8			8			8			8		
		BJ	16			16			12			8			8			8			8		
		RE	12			12			9			6			6			6			6		
6	Viðbrögð	EF	-			-			-			6			6			6			6		
	geymis	BN	2		260	6		606	6		779	6		1039	6		1039	6		1039	6		1039
		RE	4			8			12			12			12			12			12		
7	Rannsókn	JF	-			4			4			4			2			2			2		
	virkjunarstaðar	VF	8		346	6		606	6		606	6		606	3		303	3		303	3		303
		AN	-			4			4			4			2			2			2		
8		JF	-			2			6			-			2			2			-		
	Skýrsla um	JE	-			2			6			-			2			2			-		
	forathugun	EF	-			2			6			-			2			2			-		
		BM	-		-	2		520	6		1560	-		-	2		520	2		520	-		-
		BJ	-			2			6			-			2			2			-		
		RE	-			2			6			-			2			2			-		
9	Nýtingaráform	VF	-			8		346	24		1040	-		-	8		346	8		346	-		-
10		JF	-			2			-			3			3			3			3		
	Reynslu-	JE	3			3			3			6			6			6			6		
	boranir	EF	4		14380	4		14466	4		14380	8		28888	8		28888	8		28888	8		28888
		BM	4			4			4			8			8			8			8		
		BJ	4			4			4			8			8			8			8		
11	Fyrsta mat	EF	1			2			1			2			2			2			-		
	á vinnslu-	BM	1			2			1			2			3			3			-		
	eiginleikum	BJ	1		173	1		303	1		173	2		346	2		650	2		650	-		-
		RE	1			2			1			2			8			8			-		
12	Hagkvæmni	VF	-		-	-		-	6		260	-		-	6		260	12		520	-		-
13	Forætlun	VF	-		-	-		-	-		-	-		-	18		780	36		1560	-		-
	Summa		146		40356	186		58397	220		64650	157		46609	201		57771	225		55756	142		45815
	Ársverk		13,3			16,9			20,0			14,3			18,3			20,4			12,9		

JF = jarðfræði
JE = jarðeðlisfræði
EF = efnafræði
BM = borholumælingar
BJ = borholujarðfræði
RE = straumfræði (reservoir eng.)
VF = verkfræði
AN = annað, umhverfisath. o.þ.h.
M = mánaðarverk
F = flokksvika (4 manna fl. sumarfólks)
Kostn. = kostnaður í þúsundum króna

TAFLA 12. Skipting mannafla í mánaðarverkum 1983-1989 ef gert er ráð fyrir að tveir virkjunarstaðir komist á verkhönnunarstig í árslok 1988

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Mán.-verk alls	Árs-verk alls	Meðaltal Ma á ári
Jarðfræði	18	18	22	19	21	19	19	136	12,4	1,8
Jarðeðlisfræði	23	32	37	29	29	31	27	208	18,9	2,7
Jarðefnafræði	33	38	38	31	33	33	29	227	20,6	2,9
Borholumælingar	23	30	29	24	27	27	22	182	16,5	2,4
Borholujarðfr.	21	23	23	18	20	20	16	141	12,8	1,8
Geymis verkfr.	20	27	31	26	34	34	24	196	17,8	2,5
Verkfræði	8	14	36	6	35	59	3	161	14,6	2,1
Annað	-	4	4	4	2	2	2	18	1,6	0,2
Summa	146	186	220	157	201	225	142	1269	115	16,5
Ársverk	13,3	16,9	20,0	14,3	18,3	20,4	12,9			

9 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1. Sem varmi er jarðhiti 5-10 sinnum ódýrari í vinnslu en önnur orkuform hér á landi. Hagkvæmasta nýting háhita er því varmanotkun til dæmis í iðnaði eða til annarrar upphitunar.

2. Gufuveita til iðnaðarnota er jafn sjálfsögð og hitaveita til húshitunar.

3. Rannsóknum á háhitasvæðum er skipt í þrjá áfanga, forathugun, forhönnun og verkhönnun. forathugun tekur minnst 4 ár, forhönnun minnst 3 ár og verkhönnun a.m.k. 1 1/2 ár. Skemmsti tími frá því að rannsókn byrjar þar til orkuvinnsla hefst er 11 ár.

4. Jarðhitarannsóknum fylgir nokkur fjárhagsleg áhætta. Til þess að minnka hana má nota þá aðferð að velja aðeins þá álitlegustu af fyrirliggjandi kostum til áframhaldandi rannsókna hverju sinni. Vinnuhópurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að við hverja ákvarðanatöku sé nauðsynlegt að geta valið tvö af þrem svæðum (hlutfallið 2:3) til áframhaldandi rannsóknar. Sé það heppilegur meðalvegur þegar kostnaður er borinn saman við fjárhagslega áhættu.

5. Kostnaður vegna borframkvæmda er 90% af heildarkostnaði við rannsóknir háhitasvæða.

6. Fjarlægð virkjunarstaðar til markaðs skiptir mestu máli þegar forgangsröð háhitasvæða til rannsókna er valin. Í náinni framtíð eru rannsóknir á háhitasvæðunum á Reykjanesi, í Eldvörpum, Krísuvík, Hengli, við Torfajökul, í Námafjalli, á Þeistareykjum og í Öxarfirði taldar hafa forgang fram yfir rannsóknir á öðrum háhitasvæðum.

7. Krafla (Hveragil), Námafjall (Bjarnarflag) og Svartsengi eru þegar virkjuð. Forhönnun er lokið í Hveragerði. Reykjanes og Nesjavellir eru á forhönnunarstigi. Hægt er að taka ákvörðun um rannsóknarboranir í Eldvörpum, Tröllladyngju, við Sveifluháls, Ölkelduháls í Hengladölum, Vestur-Hengli, við Hverarönd og á Þeistareykjum. Öxarfjörður og Torfajökulssvæðið eru á stigi yfirborðsrannsókna. Önnur svæði eru skemmra á veg komin í rannsókn.

8. Í þessarri áætlun voru athugaðar tvær leiðir í rannsókn háhitasvæða. Annars vegar leið, þar sem tveir virkjunarstaðir verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum og hins vegar að sex árum liðnum. Kostnaður og mannaflaþörf er eftirfarandi miðað við verðlag í mars 1982.

	Hraðari leið (5 ár)	Hægari leið (6 ár)
Áætlaður heildarkostnaður Mkr.	343.686	326.163
Áætlaður árlegur kostnaðu Mkr.	69	54
Mannaflaþörf heildarársverk	125	101
Mannaflaþörf ársverk á ári	25	17

9. Sú leið að hafa tvo virkjunarstaði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum krefst verulegrar aukningar á umsvifum og mannafla jarðhitadeildar Orkustofnunar fyrstu árin. Hægari leiðin, að hafa tvo virkjunarstaði á verkhönnunarstigi að sex árum liðnum, krefst nokkurrar aukningar í starfsliði Jarðhitadeildar en kostnaður og mannaflaþörf er mun jafnari frá ári til árs.

10. Miðað við núverandi stöðu rannsókna á þeim virkjunarstöðum sem áætlunin nær til er áætlaður kostnaður við að koma hverjum þeirra á verkhönnunarstig á bilinu 75-80 millj. króna.

Þakkir

Meðan á samningu þessarrar skýrslu stóð, naut vinnuhópurinn þarflegra ábendinga þeirra Guðmundar Pálmasonar og Sveinbjörns Björnssonar. Axel Björnsson, Guðmundur Pálmason, Hrefna Kristmannsdóttir, Ingvar Birgir Friðleifsson, Jakob Björnsson, Jens Tómasson, Karl Ragnars og Kristján Sæmundsson lásu yfir handrit skýrslunnar og bentu á margt til bóta. Vinnuhópurinn þakkar öllum þessum aðilum þarfar ábendingar og sýndan áhuga á þessu verki.

Heimildaskrá

Árnason, Bragi, Theodorsson, Páll, Björnsson, Sveinbjörn & Sæmundsson Kristján 1969: Hengill, a high temperature thermal area in Iceland. Bull. Volcanol.,33, 1:245-259.

Arnórsson, Stefán 1977: Changes in the chemistry of water and steam discharged from wells in the Námafjall Geothermal Field, Iceland, during the period 1970-76. Jökull, 27, : 47-59.

Barth, Tom. F. W. 1950: Volcanic geology, hot springs and geysers of Iceland. Carnegie Inst., Wasington, Pub. 587: 174 s.

Benedikt Steingrímsson & Valgarður Stefánsson 1979: Nesjavellir. Hitastig og þrýstingur á jarðhitasvæðinu. Orkustofnun, OS79032/JHD15: 31 s.

Bragi Árnason o.fl. 1969: Sjá Árnason, Bragi o.fl. 1969

Böðvarsson, Gunnar 1956: Natural Heat in Iceland. Funfte Weltkraftkonferenz Wien 1956, Paper 197 K/8: 7.

Böðvarsson, Gunnar 1961: Physical characteristics of natural heat sources in Iceland. Jökull, 11:29-38

Chaturvedi, Lokesh & Guðmundur Pálmason 1967: Interpretation of an infrared imagery of Mývatn area. Orkustofnun, Jarðhitadeild: 16 s.

Einarsson, Páll & Sveinbjörn Björnsson 1979: Earthquakes in Iceland. Jökull, 29: 37-43.

Eysteinn Tryggvason 1973: sjá Tryggvason, Eysteinn 1973.

Foulger, G. & Páll Einarsson 1979: Recent Earthquakes in the Hengill-Hellisheiði area in SW-Iceland. Raunvísindastofnun Háskólans, RH-79-7: 17 s.

Gestur Gíslason & Halldór Ármannsson 1981: Sýnataka á Þeistareykjum í september og október. Orkustofnun, Greinargerð GG-HÁ-81/07: 2 s.

Grönvold, Karl 1972: Structural and geochemical studies in the Kerlingarfjöll region, central Iceland. Doktorsritgerð við Oxford Háskóla :237 s.

Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur Pálmason, Karl Grönvold, Karl Ragnars, Kristján Sæmundsson & Stefán Arnórsson 1971: Námafjall-Krafla. Áfangaskýrsla um rannsókn jarðhitasvæðanna. Orkustofnun, Jarðhitadeild: 81 s.

Guðmundur KJartansson 1962: Jarðfræðikort af Íslandi. Kort 6, Mið-suðurland. Menningarsjóður, Reykjavík.

Guðmundur Pálmason 1962: Hiti í borholum á Íslandi. Náttúrufræðingurinn, 32: 102-112.

Guðmundur Pálmason 1980: Jarðhitinn sem orkulind. Náttúrufræðingurinn, 50: 147-156.

Guðmundur Pálmason o.fl. 1970: Sjá Pálmason, Guðmundur o.fl. 1970.

Guðmundur Pálmason, Gunnar V. Johnsen, Helgi Torfason, Kristján Sæmundsson, Gísli Karel Halldórsson & Karl Ragnars 1982: Mat á jarðvarma Íslands. Orkustofnun, Jarðhitadeild, í undirbúningi.

Guðrún Larsen 1982: Basaltiske spalte udbrud af explosiv karacter fra Torfajökull-Veiðivötn spalte sværmen i Sydisland. Í "Abstracts. 15, Nirdusje Geologiske Vintermöde, Reykjavík 5.-8. janúar 1982: 2-3.

Guðrún Larsen o.fl. 1979: Sjá Larsen, Guðrún o.fl. 1979.

Gunnar Böðvarsson 1956 og 1961: Sjá Böðvarsson, Gunnar 1956 og 1961.

Haukur Tómasson 1981: Vatnsafl á Íslandi. Mat á stærð orkulindar. Erindi flutt á orkuþingi í júní 1981: 14 s.

Johnstrup, F. 1886: Om de vulkanske Udbrud og Solfatarerne i den nordöstlige Del af Island. Naturhistoriske Foren. Festskrift: 149-198.

Jón Jónsson 1977: Tvíbollar og Tvíbollahraun. Náttúrufræðingurinn, 47: 103-109.

Jón Jónsson 1978: Jarðfræðikort af Reykjanesskaga. I. Skýringar við jarðfræðikort. II.Jarðfræðikort. Orkustofnun, OS-JHD-7831, Textahefti: 303 s. 12 m. 21 kortablað í sér kassa. :PM Jón Jónsson 1979: Kristnit'kuhraunið. Náttúrufræðingurinn, 49: 46-50.

Jón Jónsson 1982: Um Ögmundarhraun og aldur þess. Í "Eldur er í Norðri". Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum, 8. janúar 1982. Sögufélagið, Reykjavík: 193-198.

Karl Grönvold 1972: Sjá Grönvold, Karl 1972.

Karl Grönvold & Ragna Karlsdóttir 1975: Þeistareykir - Áfangaskýrsla um yfirborðsrannsóknir jarðhitasvæðisins. Orkustofnun, OS-JHD 7501: 26 s.

Karl Ragnars, Halldór Ármannsson & Benedikt Steingrímsson 1979: ÖLFUSDALUR - Mælingar í borholum G-3, G-6, og G-7, framvinduskýrsla. Orkustofnun, OS79053/JHD25: 51 s.

Kristján Sæmundsson 1972: Jarðfræðiglefsur frá Torfajökulssvæði. Náttúrufræðingurinn, 42: 81-99.

Kristján Sæmundsson 1967 og 1974: Sjá Sæmundsson, Kristján 1967 og 1974.

Kristján Sæmundsson & Ingvar Birgir Friðleifsson 1980: Jarðhiti og jarðfræðirannsóknir. Náttúrufræðingurinn, 50: 157-188.

Larsen, Guðrún, Grönvold, Karl, & Thorarinsson, Sigurður 1979: Volcanic eruption through a geothermal borehole at Námafjall, Iceland. Nature, 278, no. 5706, 707-710.

Nafnlaus 1981: Orka á Íslandi 1981. Fylgirit með Orkumálum nr.33. Orkustofnun, 24 s.

Layugan,D.B. 1981: Geoelectrical sounding and its application in the Theistareykir high-temperature area, NE-Iceland. Orkustofnun/UNU Geothermal Training Programme, Iceland, Report 1981-5: 101 s.

Linneau,P & Baldur Líndal 1974: mynd 1 byggð á gögnum frá þeim í D.N. Anderson J.W. Lund (ritstj). Direc utilization of geothermal energy: a technical handbook. Geoth. Res. Council Spes. Report no. 7, Fig. 1,4-6.

Lúðvík S. Georgsson 1979: Svartsengi. Viðnámsmælingar á utanverðum Reykjanesskaga. Orkustofnun, OS79042/JHD20: 100 s.

Páll Einarsson & Sveinbjörn Björnsson 1979: Sjá Einarsson & Sveinbjörn Björnsson 1979.

Pálmason, Gudmundur, Friedman,J.D., Williams,R.s.,Jr., Jónsson, Jón & Sæmundsson, Kristján 1971: Aerial infrared surveys of Reykjanes and Torfajökull thermal areas, Iceland, with a section on cost of exploration surveys. Geothermics (1970), Special Issue 2, 1: 399-412.

Piper, J.D.A. 1979: Outline volcanic history of the west of Vatnajökull, central Iceland. Journ. Volcanol. and Geoth. Res.,5: 87-98.

Sigurður Skúlason 1933: Saga Hafnarfjarðar. Um Brennisteinsfjöll, bls 348-350. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar.

Stefán Arnórsson 1977: Sjá Arnórsson, Stefán 1977.

Stefán Arnórsson, Guðmundur Guðmundsson, Axel Björnsson, Stefán G. Sigurmundsson, Jón Jónsson, Sveinbjörn Björnsson, Gestur Gíslason, Einar Gunnlaugsson & Páll Einarsson 1975: Krísuvíkursvæði. Heildarskýrsla um rannsókn jarðhitans. Orkustofnun, OS-JHD-7554: 71 s.

Stefánsson, Valgarður 1978: Geothermal activity in the Axarfjörður area. Abstract from a conference dedicated to professor Trausti Einarsson. Jökull, 28: 110.

Sveinbjörn Björnsson 1969: Áætlun um rannsókn háhitasvæða. Orkustofnun, Jarðhitadeild: 18 s.

Sveinbjörn Björnsson 1974: Afl og ending Hengilssvæðisins. Orkustofnun, Jarðhitadeild: OS-JHD-7514: 3 s.

Sveinbjörn Björnsson, Birna Ólafsdóttir, Jens Tómasson, Jón Jónsson, Stefán Arnórsson & Stefán G. Sigurmundsson 1971: Reykjanes. Heildarskýrsla um rannsókn jarðhitasvæðisins. Orkustofnun, Jarðhitadeild: 122 s.

Sæmundsson, Kristján 1967: Vulkanismus und Tektonik des Hengill-Gebietes in Sudvest-Island. Acta Nat.Isl., 2, 7: 105 s.

Sæmundsson, Kristján 1974: Evolution of the axial rifting zone in northern Iceland and the Tjörnes Fracture Zone. Geol. Soc. Am. Bull.,85: 495-504.

Trausti Hauksson 1980: Svartsengi. Efnasamsetning heits grunnvatns og hitaveituvatns. Orkustofnun, OS80023/JHD12: 38 s.

Trausti Hauksson 1981: Reykjanes. Styrkur efna í jarðsjó. Orkustofnun, OS81015/JHD10: 53 s.

Tryggvason, Eysteinn 1973: Seismicity, earthquake swarms and plate boundaries in the Iceland region. Bull. Seismol. Soc. Am., 63, 3:1327-1358.

Valgarður Stefánsson 1978: Sjá Stefánsson, Valgarður 1978

Stefánsson, Valgarður 1978: Geothermal activity in the Axarfjörður area . Abstract from a conference dedicated to professor Trausti Einarsson.. Jökull 28: 110.

Valgarður Stefánsson 1980: Jarðhitakerfið í Krísuvík. Dagskrá og ágrip, Ráðstefna um jarðhita að Hótel Loftleiðum, Jarðfræðafélag Ísl.: 41-43-

Ward P.L.and Björnsson, Sveinbjörn 1971: Microearthquakes, swarms and the geothermal areas of Iceland. J.Geophys.Res.,76: 3953-3982.

Þorvaldur Thoroddsen 1899-1905: Landskjálftar á Íslandi. Hið Íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn: 269 s.

VIÐAUKI . EININGARVERÐ NOTUÐ Í ÁÆTLUN

Til að áætla kostnað var gengið út frá eftirfarandi einingarverðum.

1. Mannmánuður - útivinna (rannsóknir og gagnasöfnun í felti)
2. Mannmánuður - innivinna (úrvinnsla)
3. Flokksmánuður - útivinna (mælingaflokkur í felti)
4. 600 m djúp rannsóknahola
5. 1200 m djúp rannsóknarhola
6. 2000 m djúp reynsluhola
7. Jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir og mælingar tengdar hverri holu

Við þá útreikninga er fylgja hér á eftir er stuðst við eftirfarandi forsendur.

1. Launakerfi BHM
2. Gjaldskrá jarðhitadeildar OS og reynslutölur undanfarinna ára hvað varðar magn mælinga o.fl.
3. Gjaldskrá Jarðborana ríkisins og þekktar forsendur um magn (sement, gel o.fl.)
4. Efniskaup eru áætluð fyrir hverja gerð borholu og 100% lagt á innkaupsverð (cif) en það er reynslutala hvað varðar opinber gjöld o.fl.
5. Aðkeypt þjónusta við boranir er ekki nákvæmt áætluð
6. 1 US $ = 10,44 kr., 1 DM = 4,45 kr
7. Allt verðlag er frá 1. mars 1982
8. Byggingarvísitala í mars 1982 var 909 stig

1. Mannmánuður - útivinna 70.000 kr.

Föst laun	1,0	
Yfirtíð	1,2	
Launat. gj., orlof, veikindi, yfirstjórn o.fl.	0,7	
	2,9	
Lf. BHM 110, 11.175x2,9 =		32.407
Bifreiðakostn. 1200x23x0,8		22.080
Uppihald - ferðakostn. o.fl.		15.000
		69.487 kr.

2. Mannmánuður - innivinna 30.000 kr.

Föst laun	1,0	
Yfirtíð	0,4	
Launat. gj., orlof, veikindi, yfirstjórn o.fl.	0,7	
Teiknistofa, tölvuvinnsla o.fl.	0,6	
	2,7	
Lf. BHM 110, 11,175x2,7 =		30.172 kr.

3. Flokksmánuður - útivinna 290.000 kr.

Forsendur: 4 menn, 11 d. úthald, 14 tíma á dag, BHM 105

Laun:(72 t x 56 kr + 82 t x 85 kr)x4x1,2	52.800
Tækjaleiga 11 d x 1.500 kr/d	16.500
Bifreiðakostn. 11 d x 1200 kr/d	13.000
Uppihald og ferðakostn. 500 kr x4 x11 d + 5000	27.000
Ófyrirséð 20%	21.900
Flokksmánuður, 131.400 x 2,2	289.080 kr.

4. 600 m rannsóknahola 4,2 Mkr.

Forsendur:

Fóðringar:	10 3/4" 60 m, 8 5/8" 250 m, 6 5/8" 600 m. alls 28,264 kg: 25,7 kr/kg =726,384 kr
Sement:	v/10 3/4" 700 l, v/8 5/8" 2000 l
Vinna:	7 menn, 110 t/d = 13.200 kr/d
Olía:	1000 l/d x 3,65 kr/l x 1,1 = 4.015 kr/d
Borkrónur:	12 1/4", 190.000 x 0,5 = 95.000 kr
	9 7/8", 110.000 x 0,5 = 55.000 kr
	7 3/8", 85.000 x 1,0 = 85.000 kr
Borleðja:	250 m x 27,56 l/m x 2 = 13.780 l
	60 m x 76,04 l/m x 2 = 9.124 l
	22,904 l x 5% = 1,1 t gel
Steypustykki:	9 5/8 Float Collar, 38.000 kr
	" " Shoe, 15.200 kr
	Miðjustillar 12 stk, 17.000 kr

Holutoppur: Flans á 9 5/8" fóðringu og
kæfingarloki, 150.000 kr
Holuloki, 300.000 kr
Upphengja v/leiðara, 90.000 kr

Uppihald 7 menn x 460 kr/d = 3.220 kr/d

Bílar 1.200 kr/d

Kostnaðaráætlun

Borplan, vegagerð	150.000
Tímakostn. bors 40.000 x 23 d	920.000
Efni	2.110.000
Aðkeypt þjónusta	330.000
Ófyrirséð 20%	700.000
	4.210.000 kr.

5. 1200 m rannsóknahola 7,4 Mkr

Forsendur:

Fóðringar: 18 5/8" 40 m, 9 5/8" 300 m, 7 5/8" 900 m
alls 60.328 kg; 25,7 kr/kg = 1.550.429 kr
Sement: v/18 5/8" 4,628 l, v/9 5/8" = 12.029 l
Vinna: 7 menn, 110 t/d = 13.200 kr/d
Olía: 1100 l/d x 3,65 kr/l x 1,1 = 4.416 kr/d
Borkrónur: 12 1/4"; 190.000 x 1,0 = 190.000 kr
8 1/2"; 97.000 x 1,0 = 97.000 kr

Borleðja: 300 m x 76,04 l/m x 2 = 45.624 l
45.624 l x 5% = 2,3 t gel
Steypustykki: 9 5/8" Float Collar, 38.000 kr
" " Shoe, 15.200 kr
Miðjustillar 15 stk, 21.200

Holutoppur: Flans á 9 5/8" fóðringu og
kæfingaloki, 150.000 kr
Holuloki, 300.000 kr
Upphengja v/leiðara, 90.000 kr

Uppihald: 7 menn x 460 kr/d = 3.220 kr/d

Bílar 1.200 kr/d

Kostnaðaráætlun

Borplan forborun og vegagerð	500.000
Tímakostnaður bors 44.100 x 30 d	1.323.000
Efni	3.918.000
Aðkeypt þjónusta	455. 00
Ófyrirséð 20%	1.239.000
	7.435.000 kr.

6. 2000 m reynsluhola 13,6 Mkr.

Forsendur:

Fóðringar: 18 5/8" 40 m; 13 3/8" 300 m; 9 5/8" 700 m; 7 5/8 1300 m. alls 130.000 kg; 25,7 kr/kg = 3.341.000 kr
Sement: v/8 5/8" 4.628 l; v/13 3/8" 19.320 l; v/9 5/8" 20.861 l
Vinna: 16 menn 200 t/d = 24.000 kr/d
Olía: 2000 l/d x 3,65 kr/l x 1,1 = 8.030 kr/d
Borkrónur: 17 1/2"; 330.000 x 0,5 = 165.000 kr
12 1/4"; 190.000 x 0,5 = 95.000 kr
8 1/2"; 97.000 x 1,0 = 97.000 kr

Borleðja: 300 m x 155,2 l/m x 4 = 46.560 l
400 m x 76,04 l/m x 4 = 30.416 l
76,976 l x 5% = 3,8 t gel
Steypustykki: 13 3/8" Float Collar, 47.500 kr
" " Shoe, 17.100 kr
Miðjustillar 10 stk., 32.300 kr

Holutoppur: Flans á fóðringu, þenslustykki og kæfingaloki, 300.000 kr
2 holulokar, 600.000 kr
Upphengja v/leiðara, 90.000 kr

Uppihald: 16 menn x 460 kr/d = 7.360 kr/d

Bílar: 1.200 kr/d

Kostnaðaráætlun

Borplan, vegagerð forborun	700.000
Tímakostn. bors 100.000 x 35 d	3.500.000
Efni	5.950.000
Aðkeypt þjónusta	1.150.000
Ófyrirséð 20 %	2.260.000
	13.560.000 kr.

7. Jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir og mælingar tengdar borun hverrar holu (2000 m reynsluhola)

Jarðfræðingar útivinna	1,5 mannmán.	
Mælingamenn útivinna	3,0 "	
Jarðefnafræðingur útivinna	1,0 "	
Hydrolog útivinna	0,5 "	
	6,0 mannmán.	420.000
Jarðfræð. úrvinnsla	1,5 mannmán	
Mælingamenn úrvinnsla	1,0 "	
Jarðefnafræð. úrvinnsla	1,0 "	
Hydrolog úrvinnsla	0,5 "	
	4,0 mannmán	120.000
Mælingabílar, sýnatökubílar og önnur tæki og mælingar í felti		360.000
		900.000 kr

Ed. 646. Frumvarp til laga [158. mál]

um bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. mars.)

1. gr.

Bannað er að framleiða í landinu eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir, sbr. 2. mgr. Sala, dreifing og sýning mynda af þessu tagi er bönnuð í íslenskri lögsögu frá gildistöku laganna.

„Ofbeldiskvikmynd" merkir í lögum þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Bannið tekur ekki til kvikmynda, þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda, sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966. Ef ástæða þykir til, er skoðunarmönnum þó heimilt að meta að nýju sýningarhæfni kvikmynda, sem áður hafa verið metnar.

„Kvikmynd" merkir í lögum þessum myndefni af hvaða tæknibúnaði sem er, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

2. gr.

Skoðunarmenn kvikmynda, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, leggja mat á sýningarhæfni kvikmynda. Skulu innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þær eru teknar til sýningar og greiða kostnað við skoðun þeirra, skv. reglum, sem ráðherra setur.

3. gr.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa eftirlit með því, að aðeins séu sýndar kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlit hefur leyft, eða slíkt efni selt eða leigt á myndböndum eða myndplötum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varðar sektum eða varðhaldi allt að 12 mánuðum. Gera skal upptækar ólöglegar kvikmyndir samkv. lögum þessum.

5. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1987.

Ed. 647. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983 til athugunar. Það hefur verið rætt á nokkrum sameiginlegum nefndarfundum beggja deilda. Þar komu m. a. fulltrúar Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Þessir aðilar bentu á margvíslega ágalla frv. og grg. þess, enda engin fjárfestingar- og lánsfjáráætlun til staðar, sem þó er skylt að lögð sé fram með fjárlagafrv. skv. lögum um stjórn efnahagsmála, nr. 13 frá 10. apríl 1979. Ljóst er, að frumvarpið er algjörlega ófullburða frá hendi ríkisstjórnarinnar.

Þetta er því meira alvörumál sem lánsfjárlög eru mikilvægt stjórntæki í efnahagsmálum. Sagt hefur verið að lánsfjárlög séu jafnvel meira stefnumarkandi að þessu leyti en fjárlög og má það vissulega til sanns vegar færa. Ekki væri vanþörf á því við þær upplausnaraðstæður, sem nú blasa við í efnahagslífi landsmanna, að vanda til lánsfjárlagagerðar. Á þessu sviði sem öðrum hefur ríkisstjórnin gefist upp og því hefur fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. brugðið á það ráð að klæða þetta frv. í eins konar bráðabirgðabúning, sem er hreinn neyðarkostur við þær efnahagsaðstæður sem nú eru.

I. Nokkur aðalatriði stefnu frv. til lánsfjárlaga og forsendur þess.

1. Forsendur frv. algjörlega brostnar:

Forsendur frv. eru að verðbreytingar milli áranna 1982 og 1983 verði 42% („reiknitala" fjárlaga). Þetta þýddi um 30—32% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka 1983. Nú er spáð 65—70% meðalhækkun verðlags milli áranna og 70—80% verðbólgu á árinu 1983. Þeir fjármunir, sem ákveðnir eru til tiltekinna verkáfanga á slíkum forsendum í fastri krónutölu, verða stórlega vanáætlaðir eða gera verður ráð fyrir stórfelldum niðurskurði á framkvæmdamagni.

2. Innlend fjáröflun:

Innlend fjáröflun er sem fyrr hin síðari ár augljóslega ofmetin. Hún er talin 821 millj. kr., en Seðlabankinn hefur endurmetið þessa áætlun og telur að 623 millj. séu nær sanni. Úr lífeyrissjóðum er ætlað að afla 860 millj. kr. en 40% af ráðstöfunarfé þeirra er áætlað 770 millj. kr.

3. Erlendar lántökur og greiðslubyrði:

Í yfirliti Seðlabankans um stöðu efnahagsmála frá 1. febr. s. l. segir svo orðrétt: „Skuldasöfnun Íslendinga gagnvart umheiminum er nú hins vegar orðin svo mikil að háskalegt væri að halda lengra áfram á þeirri braut. Háu atvinnustigi verður því ekki enn haldið uppi með þessum ráðum nema um skamman tíma."

3. 1. Viðskiptahalli:

Þótt ný greiðslujafnaðaráætlun liggi ekki fyrir er ljóst að viðskiptahalli verður miklu meiri en gert hefur verið ráð fyrir á yfirstandandi ári. Spáð var 6% viðskiptahalla en 8—10% gæti orðið nær sanni. Þetta kæmi í kjölfar viðskiptahalla undanfarin ár sem hér segir:

	Viðskipta-halli verðl. hvers árs	% af þjóðar-framl.	
1978	+ 79	+ 1.4%	
1979	÷ 65	÷ 0.8%	
1980	÷ 313	÷ 2.4	
1981	÷ 1008	÷ 4.9	
1982	÷ 3500[1])	÷ 11.1%	(brb.tölur)
1983	—	÷ 8—10%	(spá)

1) M.v. meðalgengi 1982.

Framangreind ár, 1980—81, voru sem kunnugt er mestu metaflaár í sögu þjóðarinnar. Samt varð viðskiptahallinn slíkur á þessum árum. Nú kastar tólfunum þegar afli minnkar frá fyrra hámarki og söluerfiðleikar gera vart við sig á erlendum mörkuðum.

3. 2. Eyðslulán. — Fjárfesting dregst stórlega saman.

Viðskiptahallinn stafar fyrst og fremst af aukinni eyðslu umfram gjaldeyristekjur. Þetta sést gleggst á því, að erlend lán aukast mjög og voru nú um áramót yfir 50% af vergri þjóðarframleiðslu. Á sama tíma hefur fjárfesting í landinu staðið í stað eða dregist saman.

	Löng erlend lán á föstu verði (des.1982) m. kr.	% af þjóðar-framl.	Fjárfesting % af þjóðar-framl.
1978	10 503	33.7	26.1
1979	11 757	34.4	25.3
1980	13 743	34.7	27.2
1981	16 311	37.2	27.3
1982	19 600	47.5	27.1
1983		50.7	26.0

Þennan viðskiptahalla hefur þurft að jafna með eyðslulántökum, en þau lán minnka svigrúm til þess að afla lánsfjár erlendis til arðbærra verkefna.

3. 3. Greiðslubyrði erlendra lána:

Framangreind þróun hefur auðvitað valdið stóraukinni greiðslubyrði erlendra lána. Fyrir nokkrum árum var þessi greiðslubyrði um 13% af útflutningstekjum en verður í ár milli 25 og 26%. Í stjórnarsáttmálanum segir að stefnt skuli að því, að þessi greiðslubyrði fari ekki yfir 15%.

Greiðslubyrði erlendra lána var sem hér segir í % af vergri þjóðarframleiðslu:

1966	8.7%
1967	11.5%
1968	15.1%
1969	16.7%
1970	11.2%
1971	10.0%
1972	11.3%
1973	9.1%
1974	11.2%
1975	14.2%
1976	13.8%
1977	13.7%
1978	13.1%
1979	12.8%
1980	14.1%
1981	16.7%
1982	24.5%
1983	25—26%.

Það er athyglisvert að á mestu erfiðleikaárum á seinustu áratugum, 1968—69 og 74—75, varð greiðslubyrði erlendra lána hæst 16,7% af útflutningstekjum (þær minnkuðu um 27.6% á tveimur árum) og 14.2% árið 1975 (þá drógust útflutningstekjur saman um 12.9% á tveimur árum), en nú er greiðslubyrðin komin yfir 25%. — Fjórða hver króna — fjórði hver fiskur — sem aflað er fer til greiðslu erlendra lána. Hér er augljóslega komið fram á ystu nöf og stórfelld hætta á fjöldaatvinnuleysi ef ekki verður breytt um efnahagsstefnu.

Íslenskt efnahagslíf er mjög sveiflukennt. Afli, viðskiptakjör o. s. frv. geta verið mjög misjöfn milli ára. Þess vegna er enn þá meiri ástæða til varkárni á þessu sviði ef varðveita á lánstraust og fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

3. 4. Erlendar lántökur 1983:

Í þessu frv. til lánsfjárlaga segir svo orðrétt í grg.: **„Erlendar lántökur miðist við að skuldir aukist ekki að raungildi á árinu 1983."**

Þetta stefnumark er algerlega út í bláinn, ef horfst er í augu við raunveruleikann. Í frv. er áformað að taka tæplega 3 400 millj. kr. erlend lán. Skv. athugasemdum Seðlabankans hafa þegar verið teknar ákvarðanir sem hækkað geta þessa tölu um 600 millj. kr. Þegar af þeirri ástæðu er þetta markleysa. **Erlendar lántökur í fyrra fóru 26% fram úr lánsfjáráætlun að**

raungildi. Ef marka má þá reynslu ber einnig nú að sama brunni. Skv. upplýsingum Seðlabankans er staða langra erlendra lána talin hækka úr 47.5% af vergri þjóðarframleiðslu í des. 1982 í 50.7% árið 1983.

Þessar upplýsingar stangast á við framangreint markmið.

Greiðslujafnaðarspá fyrir árið 1983 var gerð seint á árinu 1982. Hún hefur ekki verið endurskoðuð. Í henni kemur eftirfarandi fram:

	Verðlag 1982 m. kr.	39.3% hækkun frá 1982 m. kr.
Löng lán, nettó	860	1200
Innkomin löng lán	2510	3500
Afborganir	÷ 1650	÷ 2300
Gjaldeyrisstaða	÷ 575	÷ 800

Þetta yfirlit sýnir að löng lán nettó hækka að raungildi um 860 millj. kr. milli áranna 1982 og 1983 og staða þjóðarbúsins um 2 milljarða kr. á áætluðu verðlagi ársins 1983 og hefur þá ekki verið tekið tillit til vanáætlunar skv. upplýsingum Seðlabankans á erlendum lántökum skv. þessu frv. Þessi greiðslujafnaðarspá er þannig í heild (uppl.: Seðlabanki Íslands).

Í m. kr. [1])	1982	Drög að spá 1983
Vöruskiptajöfnuður	÷1 583	÷157
Innfluttar vörur f. o. b.	÷10 406	÷13 507
Útfluttar vörur f. o. b.	8 823	13 350
Þjónustujöfnuður	÷1 553	÷2 357
Innflutt þjónusta	÷5 339	÷7 733
Útflutt þjónusta	3 786	5 376
Viðskiptajöfnuður	÷3 136	÷2 514
Í % af VÞF	÷10 4	÷6 0
Framlög án endurgjalds	÷50	÷70
Fjármagnsjöfnuður	2 180	1 784
Löng lán, nettó	1 750	1 200
Innkomin löng lán	3 000	3 500
Afborganir	÷1 250	÷2 300
Aðrar fjármagnshreyfingar	436	584
Heildargreiðslujöfnuður (breyting gjaldeyrisstöðu)	÷1 000	÷800

1) Gengi: Miðað við hækkun vísitölu meðalgengis um 57.8% á árinu 1982 miðað við árið áður og 39.3% á árinu 1983 miðað við árið 1982.

II. Þróun einstakra þátta fjármunamyndunar.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þróun fjármunamyndunar í heild undanfarin ár. Hér verður minnst á nokkra þætti fjármunamyndunarinnar.

Í fyrra dróst fjármunamyndun saman í atvinnuvegunum, stóriðju og orkuframkvæmdum. Þessi samdráttur helst enn í atvinnuvegunum og á sviði hitaveituframkvæmda. Nokkur magnaukning á sér stað frá miklu meiri samdrætti í fyrra í stóriðju og stórvirkjunum, en stöðnun er vart í íbúðabyggingum eftir stórfelldan samdrátt undanfarin ár, eða 10,5% á árinu 1981, 3% 1980 og 5% 1979.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir breytingar á magni fjármunamyndunar milli ára skv. skýrslum um fjárfestingar:

Magnbreytingar fjármunamyndunar % frá fyrra ári:

	1978 %	1979 %	1980 %	1981 %	1982 %	1983 %
Opinb. byggingar	÷10.9	÷10.1	+ 6.1	+13.5	+ 3.8	− 9.2
Íbúðarhús	÷ 0.8	÷ 5.0	÷ 3.0	÷10.5	2.0	0
Stóriðja og stórvirkjanir	+ 2.4	+12.9	+20.0	+ 5.2	÷38.7	+19.9
Hitaveitur		+ 2.6	+17.7	÷ 8.2	÷43.0	÷13.3
Atvinnuvegir	÷ 4.3	0	+ 5.8	+5.7	÷ 7.5	÷ 7.5
Fjármunamyndun alls ...				+ 2.1%	÷ 6.3%	÷ 6.7

III. Framkvæmd lánsfjárlaga 1982.

Í nefndaráliti frá undirrituðum með frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982 koma fram eftirfarandi gagnrýnispunktar:

I. Nokkur aðalatriði frv. að lánsfjárlögum 1982 og forsendur þess:

1. **Forsendur frv.** eru að 33% verðbreyting verði milli áranna 1981 og 1982, en það þýðir 25—27% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala" fjárlagafrv. Frá því hún var ákveðin hefur orðið 4,25% meiri launahækkun flestra launþega en þá var reiknað með. Augljóst er að verðbólga umfram þessa forsendu hefur miklu meiri röskun í för með sér en gerist um fjárlög. Í lánsfjárlögum er kveðið á um ákveðna krónutölu til tiltekinna verkáfanga. Verði verðbólga umfram forsendur þarf því annað tveggja að koma til, niðurskurður framkvæmda eða meiri lántaka. Seðlabanki Íslands segir í bréfi til nefndarinnar að verðbólgustig nú sé 50% og Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári.
2. **Innlend fjáröflun** er augljóslega í lausu lofti og stórlega ofmetin skv. frv. T. d. er ætlunin að selja spariskírteini á næsta ári fyrir 150 millj. kr. en salan í ár er 43 millj. kr. Úr lífeyrissjóðum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í ár var þessi fjáröflun 1. nóv. 227 millj. kr. Þá hafa engar upplýsingar komið fram um álagningu byggðalínugjalds sem afla átti 40 millj. kr.
3. **Erlend fjáröflun** er aukin um 176,7 millj. kr. frá frv., en hún var ærin fyrir þegar haft er í huga, að orkuframkvæmdir dragast saman milli 40 og 50% að magni til á árinu. Skuldastaða erlendra lána í árslok er áætluð af Seðlabankanum 39% og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar.
4. **Algjör óvissa er um fjármögnun Framkvæmdasjóðs** á næsta ári í kjölfar þess, að hann skorti í ár helming þess fjármagns úr lífeyrissjóðum, sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir, eða 63 millj. kr. af 123. Þetta hefur í för með sér fyrirsjáanlegan fjárskort atvinnuvegasjóðanna og áframhaldandi samdrátt í fjármunamyndun í atvinnulífinu.
5. **Fjármögnun húsnæðismálasjóðanna er vonlaus** skv. lánsfjáráætluninni. Þeim er ætlað að afla frá lífeyrissjóðakerfinu 297 millj. kr. á næsta ári, en höfðu fengið þaðan 110 millj. kr. á yfirstandandi ári hinn 1. nóv. s. l. Skyldusparnaðurinn er auk þess ofáætlaður ef marka má reynsluna í ár, en hún er sú, að nær ekkert fæst nettó inn af skyldusparnaðarfé. Lausaskuld Byggingarsjóðsins við Seðlabankann um áramót verður 40 millj. kr. í fyrsta sinn í sögu húsnæðismálastjórnar, sem kemur til frádráttar því fé sem er til ráðstöfunar á næsta ári.
6. **Íbúðum byggðum á vegum einstaklinga hlýtur að fækka enn** á næsta ári, fjórða árið í röð, vegna fjárskorts sjóðsins, ef þessar ráðagerðir ná fram að ganga, en stjórn hans gerði ráð fyrir nálægt 50 millj. kr. meira ráðstöfunarfé skv. áætlun sinni en gert er ráð

fyrir í lánsfjáráætlun. Áætlun húsnæðismálastjórnar hefði tryggt 1175 frumlán til íbúðabygginga. Þessi lán voru 1883 árið 1978 og 1665 árið 1980. Ekki liggur fyrir hvernig stofnunin hyggst haga niðurskurði lána í samræmi við þetta.

7. **Fjölmargir lausir endar eru í áætluninni** um ýmsa opinbera fjármögnun, t. d. vegna Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Járnblendiverksmiðju, Skipaútgerðar ríkisins, svo nokkuð sé nefnt.
8. **Erlend lántaka til þess að fjármagna rekstrartap ríkisfyrirtækja og undirstöðuatvinnugreina** setur vægast sagt óyndislegan svip á þetta frv. til lánsfjárlaga og þá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar sem því fylgir.

Engar forsendur eru fyrir því, að afgreiða lánsfjárfrumvarp með þeim annmörkum sem hér hafa verið taldir. Frumvarpið til lánsfjárlaga og sú áætlun, sem því fylgir, einkennast af óraunsæi í innlendri fjáröflun, mikilli erlendri skuldasöfnun og mörgum óleystum vandamálum, sem eru einfaldlega skilin eftir vitandi vits af hálfu stjórnarsinna. Með afgreiðslu frumvarpsins er því hvorki verið að marka stefnu né taka ákvarðanir um hvernig staðið skuli að málum, heldur einungis verið að reyna að fullnægja misskildum sjálfsmetnaði. Þessari frumvarpsmynd er greinilega ekki ætlunin að framfylgja. Ber hún því sama bráðabirgðabragð og aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Minni hluti nefndarinnar er andvígur þessum vinnubrögðum og þeim leikaraskap sem í þeim felst. Minni hluti nefndarinnar er andvígur þessu frumvarpi eins og það hér birtist.

Öll hefur þessi gagnrýni reynst á rökum byggð og má raunar segja að hún sé í fullu gildi um það frv. til lánsfjárlaga fyrir 1983 sem fyrir liggur.

Hér verður gerð grein fyrir framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1982 að því er varðar innlenda og erlenda lánsfjáröflun:

1. Innlend lánsfjáröflun:

Innlend lánsfjáröflun reyndist sem hér segir í samanburði við áætlun lánsfjárlaga 1982:

	Skv. lánsfjárlögum m. kr.	Bráðabirgðauppgjör m. kr.
Sala spariskírteina	150	131.9
Innheimt endurlán nettó	107	120.0
Frá lífeyrissjóðum	46	55.0
Skuldabréfakaup banka	97	70.4
Annað	40	55.0
	440	442.3

Fjármagn úr lífeyrissjóðum skilaði sér ekki til Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs svo sem áætlað var

	Skv. lánsfjárlögum m. kr.	Reynd m. kr.
Framkvæmdasjóður	170	90
Byggingarsjóður ríkisins	187	129
	357	219

2. Erlendar lántökur:

Erlendar lántökur í heild urðu á árinu 1982 3 581.7 millj. kr. reiknað á meðalgengi ársins. Lánsfjárlög gerðu ráð fyrir 2 255.8 millj. kr. lántökum m. v. meðalgengi 1981, eða 2 830 millj. kr. á meðalgengi ársins 1982. Þau fóru því 751.7 millj. kr. fram úr lánsfjárlagaáætlun eða 26.5%.

Hér fer á eftir samanburður á erlendum lántökum 1982 skv. lánsfjáráætlun og því sem þær urðu í reynd:

Fast verðlag meðalgengi ársins 1982.

	Lánsfjárlög 1982	Bráðabirgðatölur 1982	% umfram
Erlend lán alls	2 830	3 581	26.5
Opinberir aðilar	1 768	2 152	21.7
Sveitarfélög	174	426	144.8
Lánastofnanir	373	584	56.5
Atvinnufyrirtæki	666	854	28.2

IV. Lokaorð.

Á framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1982 má sjá svart á hvítu hvernig að gerð lánsfjárlaga er staðið. Þau eru jafnvel meira stefnumiðandi um efnahagsmál en fjárlög. Þetta frv. er miklum mun lausara í reipunum en fyrri frumvörp ríkisstjórnarinnar til lánsfjárlaga. Það segir sig sjálft, hversu hrapalleg afgreiðsla þessa máls er við þær upplausnar- og hættuaðstæður, sem nú hafa skapast í efnahagslífi þjóðarinnar, ekki síst að því er varðar erlendar lántökur.

Alþingi, 12. mars 1983.

Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 648. Breytingartillaga [221. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Við 29. gr. bætist:

Við ráðstöfun þessa fjár og í starfi langlánanefndar skal við það miðað, að erlendar lántökur í heild á árinu 1983 verði innan við 3 300 milljónir króna.

Ed. 649. Lög [30. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 586 (sbr. 447).

Ed. 650. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [206. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

(Afgreitt frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 521 (sbr. 367).

Ed. 651. Lög [216. mál]

um Landsvirkjun.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 387.

Ed. 652. Lög [201. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 557.

Ed. 653. Lög [246. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 540.

Ed. 654. Breytingartillaga [221. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Við 29. gr. bætist:

Við ráðstöfun þessa fjár og í starfi langlánanefndar skal við það miðað að erlendar lántökur í heild á árinu 1983 verði innan við 3 390 milljónir króna.

Ed. 655. Lög [244. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 538.

Ed. **656. Lög** [225. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 434.

Nd. **657. Lög** [238. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 571.

Nd. **658. Lög** [158. mál]

um bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 646.

Ed. **659. Lánsfjárlög** [221. mál]

fyrir árið 1983.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 605.

Ed. **660. Lög** [211. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 373.

Sþ. **661. Þingsályktun** [32. mál]

um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri.

(Afgreidd frá Sþ. 14. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yfirráð á Hatton-Rockall hafsbotnssvæðinu í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans.

Alþingi felur utanríkismálanefnd að starfa með ríkisstjórninni að framgangi málsins.

Sþ. 662. Þingsályktun [34. mál]

um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg.

(Afgreidd frá Sþ. 14. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja formlega þau ótvíræðu réttindi til hafsbotnsins á Reykjaneshrygg og út frá hlíðum hans sem Ísland á tilkall til samkvæmt 76. grein Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sþ. 663. Þingsályktun [140. mál]

um rannsókn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn.

(Afgreidd frá Sþ. 14. mars.)

